Ár 1905, laugardaginn 1. júlímán. var hið 19. löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust alþingismenn ásamt ráðherra Hannesi Hafstein saman í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugjörðar í dómkirkjunni.

Þingmaður N.-Þing. Árni Jónsson prófastur prjedikaði og hafði valið sjer fyrir texta 1. Cor. brjef, 13. kap., 12. og 13. v.

Að lokinni guðsþjónustugjörð gengu menn aptur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Las þá ráðherra upp skipun konungs til sín um að setja þingið, dags. 24. maí 1905, svo hljóðandi:

Christján hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láinborg og Aldinborg

Vora sjerlegu hylli!

Vjer veitum allramildilegast þjer sem ráðherra Vorum yfir Voru landi Íslandi vald til að setja í Voru nafni hið reglulega alþingi, sem saman kemur laugardaginn 1. júlímán. næstkomandi.

Þetta er vilji vor!

Felandi þig guði.

Ritað á Amaliuborg 24. maí 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Til Vors elskulega herra Hannesar Hafsteins, riddara af dannebrogsorðunni, Vors ráðherra fyrir Ísland.

Að því búnu kvaðst ráðherrann samkvæmt því valdi, sem honum þannig væri veitt, lýsa því yfir í nafni konungs, að *alþingi Íslendinga væri sett.*

Stóð þá upp 1. þingm. Rvk. Tryggvi Gunnarsson, og mælti:

»Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi«, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Þá stóð ráðherrann upp á ný og mælti svofeldum orðum:

»Hans Hátign konungurinn fól mjer að skilnaði, er jeg hafði borið upp fyrir honum frumvörp þau, sem í ráði er að leggja fyrir þetta þing af stjórnarinnar hálfu, að bera fram við þetta tækifæri kveðju hans til Íslendinga og alþingis, og skal jeg leyfa mjer að lesa upp ummæli hans hátignar, eins og þau voru bókuð í gjörðabók ríkisráðsins, í íslenzkri þýðingu.

Konungurinn mælti svo:

»Um leið og jeg óska yður heilla og gengis til þess að koma fram lagafrumvörpum þeim öllum, sem þjer hafið borið upp á þessum og síðasta ríkisráðsfundi, vil jeg biðja yður að bera Íslendingum hjartfólgna kveðju mína og heillaósk til hins fyrsta þings, er ráðherra Íslands mætir á alþingi.

Hin nýja skipun hefur í för með sjer mikla breyting á allri stöðu alþingis, og leggur því á herðar aukna ábyrgð, nú er málameðferð ríkisþingsins hefur eigi lengur nein áhrif á ákvörðun mína um það, hvort ráðherraskipti eigi að verða á Íslandi,

eins og þegar er fram komið við ráðaneytisskiptin í byrjun þessa árs.

Það er von mín, að alþingi skilji þessa nýju ábyrgð sína, og að það ásamt yður í eindrægni og gætni vinni að hagsæld Íslands«.

Gat ráðherrann þess, að frumritið af gjörðabókareptirritinu mundi verða lagt við þingskjölin.

Frumtextinn
af
kveðju konungs til Íslendinga og alþingis 1905.

»I Statsraadsmödet den 5te Mai 1905 udtalte Hans Maiestæt Kongen, da de af Islands Minister foredragne Sager vare behandlede, til denne Minister »det Haab, at Island gaar en stor Fremtid imöde«, og i Statsraadsmödet den 24de Mai s. A. henvendte Hans Maiestæt Kongen ved Mödets Slutning följgende Ord til Islands Minister:

»Idet jeg önsker Dem Lykke og Held »til Gjennemförelsen af alle de Lovfor»slag, De har forelagt i dette og for»rige Statsraadsmöde, vil jeg bede Dem »bringe Islænderne min hjertelige Hilsen »og Lykönskning til den förste Sam»ling, hvori Islands Minister möder »paa Althinget.

»Den nye Ordning vil medföre en »stor Forandring i Althingets hele »Stilling og lægge et föröget Ansvar »paa det nu, da Forhandlingerne paa »Rigsdagen — saaledes som ogsaa Mini»sterskiftet i dette Aars Begyndelse »viste — ikke længer ere medbestem»ende ved min Afgjörelse af, om et »Skifte af Islands Minister bör finde Sted.

»Det er mit Haab, at Althinget vil »forstaae dette sit nye Ansvar, og at »det sammen med Dem i Endrægtig»hed og Besindighed maa arbeide for »Islands Vel«.

Ovenstaaende allerhöieste Udtalelser ere afskrevne saaledes som de ere tilförte Statsraadsprotokollen.

Kjöbenhavn, den 24de Mai 1905.

J. Koefoed.
Statsraadssekretær.

Þessir þingmenn mættu við þingsetninguna.

A. Konungkjörnir:
Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.
Björn M. Ólsen, 3. kgk. þm.
Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.
Ágúst Flygenring, 5. kgk. þm.
Þórarinn Jónsson, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:
Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Björn Bjarnarson, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rv.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
Jón Jónsson, þm. Sfjk.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrjesson, þm. Mýram.
Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
Sigurður Stefánsson, þm. Ísfj.k.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Rv.

Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.
Þórhallur Bjarnason, þm. Borgf.

Ókominn til þings var 1. þm. S.-Múl., Ólafur Thorlacíus.

Ráðherra kvaddi þá hinn elzta þm. til að gangast fyrir prófun kjörbrjefa hinna nýkosnu þm. og kosning forseta hins sameinaða alþingis.

Gekk þá fyrri þm. Rvk. Tryggvi Gunnarsson til forsetasætis og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Guðm. Björnsson 2. þm. Rvk. og Hannes Þorsteinsson 1. þm. Árn.

Aldursforseti lýsti því yfir, að fyrst bæri að kjósa 3 manna nefnd til að rannsaka kjörbrjef hinna nýkosnu þm., og hlutu kosningu í hana:

Guðl. Guðmundsson með 24 atkv.
Jón Magnússon — 22 —
Lárus H. Bjarnason — 22 —

Hófust þá umræður um það, hvort slík málsmeðferð væri lögleg.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg leyfi mjer að mótmæla þeirri aðferð við prófun kjörbrjefa, sem hjer hefir verið ákveðið að beita.

Í 1. gr. þingskapanna er ákveðið, að í hvert sinn, er alþ. kemur saman eptir nýjar kosningar, skuli þm. ganga eptir hlutkesti í 3 deildir til þess að prófa kjörbrjefin. Eptir þessari grein á því prófunin að fara fram, en aðferð sú, sem um ræðir í 3. gr., á að eins við prófun þeirra kjörbrjefa, sem koma fram eptir að hinni almennu prófun er lokið (1. gr.) og við rannsókn á kosningum, sem þingið hefur frestað að viðurkenna gildar, eða kærur, sem snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar. Auk þess getur sú nefndarkosning samkvæmt þingsköpunum ekki farið fram fyr en eptir að búið er að kjósa embættismenn þingsins og kjósa menn til efri deildar. Í nefndinni eiga líka, auk þriggja kosinna manna, að sitja forsetar beggja deildanna, en þeir eru enn ókosnir og nefndin getur því með engu móti starfað að svo stöddu, þar sem í hana vantar 2 menn, sem enginn veit hverjir verða, máske einhverjir af þeim, sem þegar hafa verið kosnir í nefndina.

En að fresta allri rannsókn á prófun kjörbrjefa 11 þingmanna þangað til síðar á þinginu, er með öllu óaðgengilegt, þar sem enginn þeirra gæti þá hlotið kosningu í embættissæti á þinginu. Það er því auðsætt, að nefndarkosning sú, sem fram hefir farið, er með öllu ólögleg og að prófun kjörbrjefa hinna nýkosnu þingmanna á að fara fram eptir 1. gr.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Út af ummælum háttv. 2. þm. G.-K. skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að þessi aðferð, að kjósa þriggja manna nefnd til að rannsaka kjörbrjef, þegar ekki hafa farið fram almennar kosningar, er ekkert nýmæli. Jeg hef hjer í höndum alþt. frá 1899, sem sýna, að þá var umtölulaust kosin þriggja manna nefnd til að rannsaka kjörbrjef 7 nýrra þingmanna, 6 konungkjörinna og eins þjóðkjörins, og þetta fyrirdæmi er ekki einstakt, því að jeg man eptir með vissu, að þetta kom fyrir fleirum sinnum þau 10 ár, sem jeg áður hef verið þingmaður, þannig meðal annars bæði 1883 og 1885, sem þingtíðindi þessara ára munu votta, enda þótt jeg eigi hafi þau hjer við hendina.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þó menn kunni að hafa beitt rangri aðferð einhverntíma áður af eintómu gáleysi, er ekki sjálfsagt að endurtaka slíkt, heldur einmitt að fylgja því rjetta, þegar menn sjá það. Jeg vil biðja hinn háttv. þingmann að benda mjer á þá grein í þingsköpunum, sem heimili, að þriggja manna nefnd prófi

kjörbrjef nýkosinna þingmanna. Hún er sannarlega ekki til.

Var þá gengið til atkvæða um það, hvort við svo búið skyldi standa, og var það samþykkt með 18 atkv. móti 15 atkv., en með því að ekki fengust $^3/_4$ atkv. fyrir till. (sbr. 43. gr. þingskapanna), ákvað aldursforseti, að þm. skyldu samkvæmt 1. gr. þingskapanna ganga í 3 deildir eptir hlutkesti til að rannsaka kjörbrjefin. Þá var þingm. öllum skipt í 3 deildir, og urðu þessir þingmenn í

1. deild:
Eggert Pálsson,
Björn M. Ólsen,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Hannes Þorsteinsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Guðmundur Björnsson,
Hannes Hafstein,
Hermann Jónasson,
Einar Þórðarson,
Magnús Andrjesson,
Jón Jakobsson,
Þjetur Jónsson.

í 2. deild:
Jón Magnússon,
Jón Ólafsson,
Valtýr Guðmundsson,
Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.,
Þorgrímur Þórðarson,
Þórhallur Bjarnarson,
Jóhannes Ólafsson,
Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,
Björn Bjarnarson,

og í 3. deild:
Jóhannes Jóhannesson,
Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson,
Magnús Kristjánsson,
Lárus H. Bjarnason,
Magnús Stephensen,
Sigurður Jensson,
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf.,
Þórarinn Jónsson.

Síðan gengu deildirnar burt úr salnum að starfi sínu. Að nokkrum tíma liðnum komu þær aptur í salinn og skýrðu frá rannsókn kjörbrjefanna.

Frmsm 1. kjördeildar, er rannsakað hafði kjörbrjef nýrra þingmanna í 3. deild, var þm. V.-Sk.

Guðlaugur Guðmundsson: Sem frsm. 1. kjördeildar skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir, hvernig hún lítur á kjörbrjef þau 3, sem hún hafði til meðferðar, nfl. skipunarbréf 6. kgk. þm. (Þ. J.), kjörbrjef þm. Sfjk. (J. J.) og kjörbrjef þm. Ak. (M. Kr.). Deildin hafði ekkert við kjörbrjef þessi að athuga og leggur til, að þau verði samþykkt. Voru þau því næst samþykkt í einu hljóði.

Frmsm. 2. kjördeildar, er rannsakað hafði kjörbrjef nýrra þingmanna í 1. deild, var þm. Vestm.

Jón Magnússon: Sem frsm. 2. deildar skal jeg leyfa mér að láta þess getið, að þessi deild hafði 2 kjörbrjef til rannsóknar, nfl. skipunarbréf 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) — og fann hún ekkert að athuga við það — og kjörbrjef 2. þm. Rvk. (G. Bj.) ásamt kosningargjörð úr Reykjavík, sem kært hefir verið yfir. Aðalefni kærunnar er það, að bænum hafi verið skipt niður í kjördeildir eptir stafrófsröð kjósanda, en ekki eptir staðarmörkum. Það hefur þó ekki verið kært svo mjög yfir skiptingunni í sjálfri sjer, heldur afleiðingum hennar, og hefur deildin

einnig verið þeirrar skoðunar, að rjettast muni að skipta bænum eptir staðarmörkum. En fyrir það eitt telur deildin þó ekki, að ástæða sje til að hafna kosningunni, með því að þetta atriði virðist engin áhrif hafa haft á úrslit hennar. Af aðfinningum þeim öðrum, sem teknar eru fram í kærunni, áleit deildin rjett að athuga það, að það kom fyrir í einni kjördeildinni, að seðlar voru margbrotnir, og álítur deildin það ekki rjett, þar eð með því móti væri mögulegleiki fyrir því að þekkja seðlana. Með þessum ummælum leyfi jeg mjer að leggja það til, að báðar þessar kosningar verði samþykktar. Voru þær síðan samþykktar umræðulaust með miklum meiri hluta.

Framsögumaður 3. kjördeildar, er rannsakað hafði kjörbrjef nýrra þingmanna í 2. deild, var 1. þm. N.-Múl.

Jóhannes Jóhannesson: Deildinni hafa verið falin til prófunar kjörbrjef 6 þingmanna, nfl. skipunarbrjef 1. kgk. þm. (J. H.), 2. kgk. þm. (E. Br.), 4. kgkj. þm. (J. Ó.) og 5. kgkj. (Ág. Fl.). Enn fremur 2 þjóðkjörinna þm., þm. Ísfjk. (S. St.) og 2. þm. Eyf. (St. St.). Fann deildin ekkert við þau að athuga, og skal jeg því fyrir hennar hönd leyfa mér að leggja það til, að kosningar þessara 6 þm. verði samþykktar. Voru þær því næst samþykktar í einu hljóði.

Því næst lét aldursforseti hina nýju þingmenn, sem ekki höfðu áður unnið eið að stjórnarskránni sem þingmenn, vinna eið að henni.

Þá var gengið til kosningar á forseta sameinaðs þings og hlaut 2. kgk. þm.

Eiríkur Briem

kosningu með 24 atkvæðum. Næstur honum fekk 1. þm. Skgf. Ólafur Briem 11 atkv.

Gekk þá hinn nýkosni forseti til forsetasætis og bað hina sömu skrifara og áður að aðstoða sig, þar til er skrifarar væru kosnir.

Fór síðan fram kosning á varaforseta hins sameinaða þings og fór hún svo, að kosinn var með 22 atkv. Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf. Næstur honum fekk Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn., 11 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar í sameinuðu þingi og hlutu kosningu Hannes Þorsteinsson 1. þm. Árn., og Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk., hinn fyrri með 21 atkv. og hinn síðari með 17 atkv. Næstir þeim fengu atkvæði Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk., 13 og Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl., 11.

Þá var gengið til kosningar á 2 þjóðkjörnum þingmönnum til þess að taka sæti í efri deild, og voru til þess kjörnir Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk., með 24 atkv. og Jóhannes Jóhannesson 1. þm. N.-Múl., með 23 atkv. Næstir þeim fengu þeir Guðmundur Björnsson og Magnús Stephensen 11 atkvæði.

Forseti gat þess, að hann yrði sem allra fyrst að halda fund í sameinuðu þingi til þess að kjósa nefnd til rannsóknar kosninga þeirra, er kærðar kynnu að verða, og hefði sjer, meðan á kosningu skrifara stóð, borizt ein slík kæra, og hlyti hann því bráðlega að boða til fundar á ný.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mér að leggja það til, að svo framarlega sem þeir þrír menn, sem kosnir voru í upphafi fundarins til að rannsaka kjörbrjef, verða eigi fyrir forforsetakosningu, verði þeim falið að rannsaka kærur þessar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal leyfa mér að styðja

tillögu hv. 4. kgk. þm., að kosning þessara manna verði látin gilda til rannsóknar þeirrar, sem hér ræðir um. Færi svo, að einhver þeirra yrði kosinn forseti, verður að kjósa nýjan mann í hans stað.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk): Jeg skal leyfa mjer að skjóta til hæstvirts forseta, hvort eigi megi nota sömu nefnd sem í fyrra. (Raddir: nýir menn kosnir í þingið). En hinir nýju forsetar bætist við nefndina. Jeg sje ekki, að rjett sje, að nefnd sú, sem kosin var í dag, eigi að fjalla um þetta mál, þar sem kjörbrjefanefnd sú, sem kosin var í fyrra, var kosin fyrir allt kjörtímabilið.

Forseti: Jeg lít svo á sem umboði þeirrar nefndar sje lokið, er nýtt þing kemur saman, en með afbrigðum frá þingsköpunum, samkvæmt 43. gr. þeirra, get jeg vel fallizt á uppástungu hv. kgk. þm. (J. Ól.) og 2. þm. G.-K. (V. G.), svo framarlega sem enginn, er nefndina skipar, verður kosinn deildarforseti. Leyfi jeg mjer því að bera upp þá tillögu, að nefnd sú, er kosin var, ásamt forsetum dæmi um kærur þær, er fram kunna að koma.

Tillagan var samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða, og var ráðherrann þeirri ráðstöfun samþykkur.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Konungkjörnir þingmenn:

1. Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
2. Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.
3. Björn M. Ólsen, 3. kgk. þm.
4. Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.
5. Agúst Flygenring, 5. kgk. þm.
6. Þórarinn Jónsson, 6. kgk. þm.

Þjóðkjörnir þingmenn:

1. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
2. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
3. Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
4. Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv.
5. Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
6. Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk.
7. Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.
8. Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.

Eptir áskorun ráðherra stýrði elzti þingmaður deildarinnar, Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., forsetakosningu og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Jón Ólafsson, 4. kgk. þm. og Þorgrím Þórðarson, þm. A.-Sk.

Forseti var kosinn:

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm. með 8 atkv., Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K., hlaut 5 atkv. Síðan var kosinn varaforseti deildarinnar Jón Jakobsson, 2. þm. Húnv. með 7 atkv., Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk. hlaut 4 atkv., Valtýr Guðmundsson þm. G.-K. og Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand. fengu hvor um sig 1. atkv.

Þá voru kosnir sem skrifarar deildarinar þeir Björn M. Ólsen, 3. kgk. þm., og Jón Ólafsson, 4. kgk. þm., hvor um sig með 6 atkv., Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk. fjekk 5 atkv., Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl. og Sigurður Jensson, þm. Barðstr. hvor um sig 3 atkv. og Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand. 1 atkv.

Forseti skýrði því næst frá því, að hann í dag hefði meðtekið brjef frá ráðherranum, þar sem hann segist ætla að leggja fram í deildinni á næsta fundi ýms stjórnarfrumvörp.

ANNAR FUNDUR mánudaginn 3. júlí, kl. 1 e. h.

Allir á fundi.

Ráðherrann lagði fram til meðferð-

ar í deildinni frumvörp þau, er hjer segir:

1. Frv. til laga um hefð.
2. Frv. til laga um fyrning skulda og annara kröfurjettinda.
3. Frv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirrjettinn í Reykjavík.
4. Frv. til laga um fræðslu barna.
5. Frv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.
6. Frv. til laga um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.
7. Frv. til laga um landsdóm.
8. Frv. til laga um lögaldursleyfi handa konum.
9. Frv. til laga um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu.
10. Frv. til laga um viðauka við opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.
11. Frv. til fátækralaga.
12. Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seríu) bankavaxtabrjefa.
13. Frv. til laga um innköllun seðla landsbankans og útgáfu nýrra seðla.
14. Frv. til laga um rithöfundarjett.
15. Frv. til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum utan kaupstaða.
16. Frv. til laga um byggingarsamþykktir.
17. Frv. til laga um alidýrasjúkdóma.
18. Frv. til laga um gaddavírsgirðingar.
19. Frv. til laga um breyting á opnu brjefi 26. jan. 1866 um byggingarnefnd á Ísafirði.
20. Frv. til laga um lóðarsöluheimild fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Eptir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum samkvæmt fyrirmælum þingskapanna, settist neðri deild að í þingsal sínum og tók til starfa.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni:

Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Björn Bjarnarson, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv.
Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf,
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.
Jón Jónsson, þm. Seyðf.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrjesson, þm. Mýr.
Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
Magnús Stephensen, 2. þm. Rangv.
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.
Ólafur Thorlacíus, 1. þm. S.-Múl.
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Rvík.
Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.

Þingmenn deildarinnar voru allir viðstaddir nema Ólafur Thorlacíus, 1. þm. Sunnmýlinga, er eigi var kominn til þings, en hann kom á þing 4. júlí.

Elzti þingm. deildarinnar, Tryggvi Gunnarsson, 1 þm. Reykvíkinga, gekk þá til forsetasætis og stýrði kosningu forseta; kvaddi hann sjer til aðstoðar Jón Magnússon, þm. Vestmannaeyinga og Árna Jónsson þm. Norður-Þingeyinga sem skrifara.

Forseti var kosinn:

Magnús Stephensen, 2. þm. Rangæinga með 15. atkv.

Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptfellinga fjekk 7 atkv. og Ólafur Briem, 1. þm. Skagfirðinga 1 atkv.

Hinn nýkjörni forseti tók þá við fundarstjórn.

Varaforseti var kosinn Magnús Andrjesson, þm. Mýramanna, með 22 atkv., Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptfellinga fjekk 1. atkv.

Skrifarar voru kosnir: Jón Magnússon., þm. Vestmannaeyinga, með 16 atkv., og Árni Jónsson, þm. Norður-Þingeyinga, með 15 atkv. Einar Þórðarson, 2. þm. Norðmýlinga fjekk 3 atkv., Stefán Stefánsson 2. þm. Skagfirðinga 3 atkv., Guðlaugur Guðmundsson, þm. Vestur-Skaptfellinga, Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árnesinga og Pjetur Jónsson, þm. Suður-Þingeyinga 1 atkv. hver.

Forseti skýrði frá, að hann hefði í dag meðtekið brjef frá ráðherranum, þar sem hann segist ætla að leggja fram í deildinni á næsta fundi, ýms stjórnarfrumvörp.

Á 2. fundi þingdeildarinnar, mánudaginn 3. júlí lagði ráðherrann fram til meðferðar í deildinni, frumvörp þau er hjer segir:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.
2. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903.
3. Frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.
4. Frv. til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir árin 1902 og 1903.
5. Frv. til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.
6. Frv. til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör.
7. Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis.
9. Frv. til laga um breytingar á lögum 7. apríl 1876 um þingsköp handa alþingi ásamt lögum 22. maí 1890 um viðauka við og breyting á þingsköpum alþingis.
9. Frv. til laga um stofnun geðveikrahælis.
10. Frv. til laga um stefnufrest frá dómstólum á Íslandi til hæstarjettar í einkamálum fyrir þá, sem eru til heimilis á Íslandi.
11. Frv. til sveitarstjórnarlaga.
12. Frv. til laga um ritsíma, talsíma o. fl.
13. Frv. til laga um bændaskóla.
14. Frv. til laga um sölu þjóðjarða.
15. Frv. til laga um forkaupsrjett leiguliða.
16. Frv. til laga um gjald til landssjóðs frá sýslufjelögum.
17. Frv. til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.
18. Frv. til laga um samþykktir um kynbætur nautgripa.
19. Frv. til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands 2. marz 1900.
20. Frv. til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar á Vestmannaeyjum.

Öllum þessum frv. var útbýtt meðal deildarmanna og enn fremur landsreikningunum fyrir árin 1902 og 1903.

Gildi kosningar 2. þingmanns Sunnmýlinga.

Á 2. fundi sameinaðs þings 17. dag júlímán. kl. 5 e. h. kom til umræðu nefndarálit um þetta mál (A 93).

Lárus H. Bjarnason (framsögum.): Eins og háttv. þm. muna kom þegar

í þingbyrjun fram kæra frá Axel sýslumanni Tuliníus út af kosningu háttv. 2. þm. S.-Múl. 3. júní 1903. Út af málaleitan þessari ljet forseti sameinaðs alþingis kjósa nefnd samkvæmt 3. gr. þingskapanna, til að íhuga nefnt erindi sýslumanns, sem jafnframt var krafa um, að hann væri settur inn sem 2. þm. S.-Múl. í stað Guttorms Vigfússonar, er alþingi bæri að vísa heim sem ólöglega kosnum.

Nefndinni voru fengin í hendur öll þau skjöl, er sýslumaður byggir kæru sína og kröfu á. Nefndin hefur nú athugað málið eptir föngum, og er þess þá fyrst að geta, að kosning Guttorms Vigfússonar var úrskurðuð rjett í þingbyrjun 1903 (sjá Alþ.t. 1903 A. bls. 10), en nokkru seinna bárust þinginu 2 kærur, dags. 22., 23. og 24. júní 1903, frá nokkrum kjósendum Suður-Múlasýslu yfir því, að Guttormur Vigfússon væri ólöglega kosinn og Axel sýslumaður ólöglega settur hjá.

Þingið setti þá þegar nefnd í málið og komst hún að þeirri niðurstöðu, að engin ástæða væri til að ógilda kosningu Guttorms Vigfússonar, en rjeði jafnframt þinginu til, að senda hinar framkomnu kærur til landstjórnarinnar með áskorun um, að hún ljeti rannsaka kjörskrárnar í Suður-Múlasýslu, sem giltu frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903. og samningu þeirra af hendi hreppsnefndanna, og legði síðan árangurinn af þeim rannsóknum í síðasta lagi fyrir þingið 1905 (C. bls. 463).

Rannsókn þessari er nú lokið, og hefur hún leitt það í ljós, að frá *formlegu* sjónarmiði hefur engin mynd verið á kjörskránum í Suður-Múlasýslu, hvorki nefnt kosningatímabil nje kosningatímabilið 1903—'04, og skal jeg nú reyna að færa þessum orðum mínum stað.

Eins og kunnugt er, nær kosningaárið frá 1. júlí hins yfirstandandi árs til 30. júní árið eptir (sbr. 17. gr. kosningalaga $^{14}/_{9}$. 1877). Í bága við þessa reglu fara nálega allar kjörskrárnar. Sumstaðar er almanaksárið látið ráða, sumstaðar er byrjunar- og lokadegi sleppt og sumstaðar er kosningarárið talið frá 30. júní til 1. júlí árið eptir.

Það eiga að vera 5 dálkar á skránum, fyrir nöfn kjósenda, aldur, stöðu, heimili og atkvæðagreiðslu (8. gr. kosnl). Þessi regla hefur líka víðasthvar verið brotin. Dálkarnir eru sumstaðar 7, en sumstaðar ekki nema 3—4.

Það á að leiðrjetta skrárnar í marzmán. ár hvert (10. gr.), en það hefur hvergi nærri alstaðar verið gjört, Aðalskrárnar hafa verið tilbúnar í janúar, febr., marz og apríl 1902 og 1903, og aukaskrárnar í janúar, marz, maí og júní 1902 og 1903. Hreppsnefndin á að undirskrifa kjörskrána. Þess er nálega hvergi gætt. Sumstaðar er þess ekki einu sinni getið, hver maðurinn sje, sem undir þær ritar.

Kjörskrárnar eiga samkv. 11. gr. að liggja kjósendum til sýnis frá 1.—21. apríl ár hvert, að báðum dögum meðtöldum, og oddviti á að rita vottorð um þetta neðan á hverja skrá, en það hefur hvergi verið gjört. Þess er að eins getið um skrána úr Fáskrúðsfjarðarhr. 1903—1904, að hún hafi legið frammi »lögskipaðan tíma«. Þessir gallar eru jafnt á aðalskrám og aukaskrám.

Fleiri formreglur um tilbúning kjörskránna hafa ekki verið brotnar, en það eru heldur ekki fleiri reglur til þar að lútandi.

Auk þessara formlegu galla á kjörskránum er þess líka að geta, að kjörskrár þær, sem kosið hefur verið eptir, gilda, allar nema ein, sem sje skráin úr Berunesshreppi, fyrir tímabilið 1. júlí 1903 til 30. júní 1904, í stað þess

að kjósa hefði átt eptir kjörskránum, sem giltu fyrir tímabilið 1. júlí 1902 til 30. júní 1903. Þetta er því merkilegra sem þess er getið í kjörbókinni, að skrárnar fyrir 1902—'03 hafi verið framlagðar á fundinum.

Auk þessara formlegu galla hafa efnisákvæði einnig verið brotin. Þannig hafa 2 konur verið teknar upp á kjörskrána í einum hreppi, en það kemur ekki til skoðunar hjer, því að þær kusu ekki; þær vissu betur en hreppsnefndin.

Eins og þegar er sagt, eru *allir hinir sömu gallar á aðalskránum og aukaskránum*, hvort heldur litið er til skránna fyrir 1902—'03 eða til skránna fyrir 1903—'04, en af því leiðir, *að ekki er hægt að gjöra upp á milli skránna.* Munurinn er að eins sá, að sumar af aukaskránum eru seinna til orðnar, 2 (úr Skriðdalshr. og Reyðarfjhr.) enda sjálfan kosningardaginn. Hjer verður því ekki annað gjört en að láta hið sama yfir allar skrárnar ganga. En ef gengið er út frá því, *þá hefur Guttormur Vigfússon*, hvort sem farið er eptir kjörskránum fyrir 1902—'03 eða eptir skránum 1903—'04, *fengið meiri hluta allra greiddra atkvæða, og fleiri atkvæði en sýslumaður Axel Tulinius.*

Sje farið eptir kjörskránum og aukaskránum fyrir 1902—'03, mættu alls 187 kosningarbærir menn á kjörfundinum, og hjá þeim fjekk Gutt. Vigfússon 108 atkv., en Axel Tulinius ekki nema 102. Sje aptur á móti farið eptir aðalskránum einum, fjekk Axel Tulinius 98, en Gutt. Vigfússon 97 atkvæði. Sje farið eptir kjörskránum 1903—'04, aðalskrám og aukaskrám, mættu 225 kjósendur og hjá þeim fjekk Gutt. Vigfússon 119 atkv., en Axel Tulinius ekki nema 116. Sje aptur á mót farið eptir aðalskránum einum, fjekk Axel Tulinius 109, en Gutt. Vigfússon 108 atkv. — Nefndin leit svo á, að *annaðhvort* yrðu allar kjörskrárnar að teljast ógildar, *eða* láta yrði eptir atvikum við svo búið standa um þær allar.

Nefndin taldi ófært, að ónýta kosninguna alveg, þar sem *vilji kjósenda hefði komið svo ótvírœðlega fram* og hjer væri að eins um brot á formi að ræða, sem eingöngu væru að kenna hreppsnefndum og kjörstjórn, en öldungis ekki þingmönnunum. Þetta áleit nefndin því ómögulegra, sem ekki er hægt að hrófla við kosningu 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.), sem kosinn var eptir sömu skrám og á sama hátt. Hans kosning hefur ekki verið kærð, en eptir 3. gr. þingskapanna er ekki hægt að ónýta kosningu, sem búið er að samþykkja, nema kærð sje. Jeg sje nú að vísu að hjer er komin fram breyt.till. frá háttv. þm. Ísafjarðarkaupstaðar (S. St.) og fleirum, sem fer fram á að lýsa því yfir, að Guttormur Vigfússon sje löglega kosinn 2. þm. Sunnmýlinga til þingloka 1905, en jafnframt fer því fram, að gera kosningu beggja þm. Sunnmýlinga ógilda frá því að yfirstandandi þingi er lokið. En þessi breyt.till. er ómöguleg í alla staði, bæði að formi og efni til. Eptir dagskránni liggur ekki annað fyrir en að taka ákvörðun um kæruna út af kosningu 2. þm. Sunnmýlinga (G. V.), en um kosningu hins þm. kjördæmisins (Ó. Th.) er hjer alls ekki að ræða.

Jeg gjöri ráð fyrir að háttv. flutningsm. byggi þessa breyt.till. sína á þeim orðum nefndarálitsins, að ef farið væri í strangan reikningsskap, þá ætti að ónýta kosningu beggja þm., Ó. Th. ekki síður en G. V. En h. tillögumenn hafa ekki gætt að þeim orðum, sem á eptir koma í nefndarálitinu, nfl. þeim, *að það er lagalega ómögulegt að ónýta kosningu Ólafs Thorlaciusar*, samkv. 3. gr. þingskap-

anna, og að það skiptir hjer ekki máli, þó að nokkrir menn hafi verið teknir á skrárnar, sem ekki áttu að standa þar, og nokkrum mönnum sleppt, sem taka hefði átt upp, úr því að nefndin leggur til, að við svo búið skuli standa um allar kjörskrárnar eða lýsir þær eptir atvikum gildar. Það þarf dóm til að breyta gjörðum kjörskrám, samkv. 13. gr. kosningarlaganna, en *dómur hefur um hvorugt gengið*. Frá almennu sjónarmiði skoðað má líta svo á, sem ónýta mætti báðar kosningarnar, en þingsköpin banna það, og alþingi á ekki og má ekki fyrst verða til að ónýta þau lög, sem það sjálft hefur sett. Auk þess sem breyt.till. þannig brýtur lög, fer hún í bága við almennar hugsunarreglur, þar sem hún fer fram á, að kosning beggja þessara þm. skuli álítast gild það sem eptir er af þessu þingi, en skuli vera ógild eptir þing. Hvers vegna má kosningin ekki álítast gild til þingloka 1907, úr því að hún á að gilda til þingloka 1905? Það er eins og þegar er tekið fram, því minni ástæða til að hrófla við kosningu G. V. og Ó. Th., sem hjer er að eins um formgalla að ræða, sem hreppsnefndum og kjörstjórn er eingöngu um að kenna, en þm. að engu leyti. Ógilding kosninga þeirra kæmi alveg ómaklega niður á þm. og kjósendum þeirra. Það væri sem danski talsháttur inn segir: »For Smed at rette Bager«.

Nefndin hefir þess vegna að öllu athuguðu lagt það til, að við svo búið skuli standa um gildi kosningar G. V. Hins vegar er hjer um svo stórkostlega galla að ræða af hendi hreppsnefnda og kjörstjórnar og þó einkum af hendi kjörstjóra, að þingið getur með engu móti leitt þá alveg hjá sjer. Rjettast væri, að komið væri fram ábyrgð gegn hlutaðeigendum, en nefndin vildi þó ekki gjöra það að kappsmáli; vill heldur láta landsstjórnina ráða því, hvort koma skuli fram ábyrgð á hendur hreppsnefndunum og kjörstjórninni fyrir frammistöðuna eða veita þeim rækilega ofanígjöf. Nefndin leggur því til, að við svo búið sje látið standa um kosningu 2. þm. S.-Múl., G. V., og að stjórnarráðinu sje falið að gjöra þær ráðstafanir, sem því þykir við eiga, út af samningu kjörskránna í Suðurmúlasýslu fyrir kosningartímabilið 1902—03 og frammistöðu kjörstjórnar og sjerstaklega kjörstjóra við alþingiskosningarnar þar 3. júní 1903.

Sigurður Stefánsson, (þm. Ísfj.-kaupst.): Hinn háttv. framsm. nefndarinnar færði skýr og ljós rök fyrir ógildi kosningarinnar. Við það hefi jeg ekkert að athuga. Lesi maður nefndarálitið, getur maður ekki verið í nokkrum vafa um það, að kosningin hefur verið alsendis ómöguleg að öllu formi til. Mjer dettur ekki í hug að rengja það, sem stendur í nefndarálitinu. Kjörskrárnar bæði þær, sem fara átti eptir, og þær sem farið var eptir, hafa verið öldungis ómögulegar, og hlýtur því sú athöfn, sem fer fram á slíkum grundvelli, líka að vera ómöguleg, ógild. Þess vegna þótti mjer og víst allflestum, sú niðurstaða, sem nefndin komst að, mjög undarleg. Nefndin sannar að í engu atriði hafi lögunum verið fylgt við kosninguna, en samt lýkur hún máli sínu með því, að ráða til að taka kosninguna gilda. Hefði jeg sem dómari samið slíkar forsendur fyrir slíkum dómi, mundi jeg bera kinnroða fyrir.

Framsögumaður tók það fram, að nefnd hefði verið kosin í þetta sama mál á alþingi 1903, og er það rjett. En svo segir hann ennfremur, að sú nefnd hafi komizt að þessari sömu

niðurstöðu, en jeg leyfi mjer að lýsa það rangt.

Jeg skírskota til Þingtíðindanna frá 1903. Nefndin sagði í fyrra, að eptir þeim málsgögnum, sem þá voru fyrir hendi, væri ekki hægt að dæma kosninguna ógilda, en aptur á móti gæti það orðið sjálfsagt, þegar búið væri að rannsaka málið ítarlega, rannsaka kjörskrárnar, sem nefndin í fyrra hafði ekki með höndum.

Þannig farast nefndinni í fyrra orð og jeg er sannfærður um, að hún hefði ekki komizt að þeirri niðurstöðu, sem þessi nefnd hefur komizt að, ef hún hefði haft sömu skilríki fyrir hendi að því er snertir þessa kosningu 2. þm. S.-Múl.

En hvað viðvíkur kosningu 1. þm. S.-Múl., þá hlýtur hún einnig að vera ógild, þar sem hún er bygð á alveg sama grundvelli og kosning hins. En þingið á sökum sóma sjálfs sín og til þess að missa ekki virðingu þjóðarinnar, að dæma þær kosningar ógildar, sem eins skýrar sannanir eru fyrir að hafi farið fram á allsendis ólöglegan hátt. Þótt ekki sje kært yfir kosningu, þá geta við rannsókn hennar komið fram svo gífurlegar misfellur, að ekki eru nokkur tiltök til, að láta hana standa óhaggaða.

Viðvíkjandi breyt.till. þeirri, sem jeg ásamt fleiri háttv. þm. hefi komið fram með, þá sagði frams.m. (L. H. B.), að hann skildi ekki hugsunina í henni, og að sér þætti undarlegt bæði að vilja taka kosninguna gilda og ógilda. Það kann að vísu að vera ekki stranglógiskt rjett, jeg játa það, að lofa þessum þingmönnum, er þannig eru kosnir, að sitja þetta þing út, en ónýta svo kosninguna og láta stofna til nýrra kosninga fyrir næsta þing. Hið rjettasta er auðvitað, að ónýta alla kosninguna nú þegar. En maður verður að taka tillit til þess, að hjer stendur nokkuð sjerstaklega á, og það var það, sem gerði bæði mjer og öðrum, sem komið hafa fram með breyt.tillöguna. Þingm., sem um ræðir, eru allsendis saklausir, og eiga engan þátt í þeim misfellum, sem orðið hefur á kosningu þeirra. Kjósendur eiga heldur engan þátt í þeim. Þess vegna þótti okkur hart, að vísa þeim heim, og láta kjördæmið verða þingmannalaust það, sem eptir er af þingtímanum, þó það sjálfsagt væri rjettast lagalega skoðað. — En hinn strangasti rjettur getur á stundum verið hinn hróplegasti órjettur. Þess vegna vildum vjer reyna þenna miðlunarveg, að láta kosninguna standa þetta þing, en ónýta hana á síðan og stofna til nýrra kosninga, það sem eptir er af kjörtímabilinu.

Þetta er sú hliðin, sem að þinginu snýr.

Þá er sú hlið málsins, sem snýr að þjóð og kjósendum. Það eru ýmsar aðgerðir þingsins, einmitt í þessum kosningarmálum, sem hafa hneykslað þjóðina. Rjettartilfinning þjóðarinnar er ekki orðin svo sljóf, að menn hneykslist ekki á því, er löggjafarnir, svo að segja fótum troða þau lög, er þeir sjálfir setja og ætlast til að þjóðin hlýði. Ef þingið æ ofan í æ tekur gildar allsendis ólöglegar kosningar, og þingið gengur þannig á undan í því, að lítilsvirða þau lög, sem það sjálft setur, og ætlar þjóðinni að hlýða, þá sjer hver heilvita maður, að slíkt getur ekki orðið til að efla löghlýðni í landinu. Slíkt er og verður blettur á þinginu, sem alls ekki má vera. — Slíkt háttalag hjá þinginu miðar til þess, að draga niður virðingu þjóðarinnar fyrir lögum og rjetti. Það er þessi hlið málsins, sem er mjög athugaverð.

Í þessu máli hefur þingið góð, skýr

og gild rök fyrir hendi til að ónýta þessa kosningu, og jeg tel það mjög illa farið, ef þingið samt sem áður fer að tillögum nefndarinnar og samþykkir allar þessar lögleysur með því, að láta við svo búið standa.

Jeg tala hjer alveg fylgislaust við allt nema það, sem jeg tel rjett og löglegt, og þinginu samboðið og vildi óska þess, að þingið gerði hið sama.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg finn mjer skylt að gjöra dálitla athugasemd um afstöðu mína í þessu máli. Eins og háttv. þm. hafa sjeð, hef jeg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og það þýðir, að jeg er samdóma nefndinni um skýringar þær og röksemdaleiðslur, er í álitinu eru, en get ekki fallizt á tillögur hennar.

Jeg lít svo á, að 3. júní 1903 hafi í raun og veru engin kosning farið fram í Suður-Múlasýslu, þó að svo sje kallað að forminu til. Það er fullsannað, að þeir nafnalistar, sem farið var eptir þar, hafa alls ekki haft þau skilyrði, sem þeir áttu að hafa, til þess að geta heitið eða verið kjörskrár. Sú kosning, sem fer fram á slíkum grundvelli, er þess vegna engin kosning. Og það tjáir ekki móti því að mæla, að frá lagalegu sjónarmiði er þessi kosning blátt áfram »Nullitet« og ekkert annað.

Hvað af þessu leiðir, um það fer jeg engum orðum, því um það getur engum blandazt hugur.

Ef þær upplýsingar, sem nú eru fyrir hendi um þetta mál, hefðu legið fyrir þinginu í þingbyrjun 1903, þá er víst enginn vafi á, hvern úrskurð þingið hefði lagt á þetta mál. En síðan hefur margt skeð, sem ruglað hefur hugsun manna í þessu máli.

Á þinginu 1903 var kosning 1. þm. S.-Múl. skilyrðislaust metin gild; en kosning 2. þm. S.-Múl. var að vísu metin gild, en þingið gaf þó í skyn þá, að það mundi taka hana til nýrrar athugunar eptir rannsóknina og þá, ef svo horfði við, ónýta hana. — Nú er það upplýst, að þessar kosningar eru í raun og veru ekki gallaðar, heldur blátt áfram algjör lögleysa, engin kosning.

Jeg gjöri það ekki að neinu kappsmáli, að hvaða niðurstöðu þingið kemst um þetta mál. En jeg vil að eins gjöra grein fyrir því, að jeg lít þannig á það.

Hvort þingið hefur vald til að víkja þingmanni frá, þegar ekki hefur verið kært yfir kosningu hans, það er varla vafamál, þar sem það hefur fullkomið dómsvald um slíka hluti.

En hver gjörð þingsins í slíku máli liggur undir dóm þjóðarinnar og dregur eðlilega með sjer afleiðingar, sem í þessu máli geta orðið mjög varhugaverðar. Þess vegna vil jeg sjálfur að eins hafa frjálsar hendur.

Breyt.till. sú, sem fram hefur komið, reynir að fara meðalveg og vill sýna bæði þm. og kjördæmi hans mannúð. Hún vill ekki láta vísa þm. heim og ekki gjöra kjördæmið fulltrúalaust á þessu þingi. Þetta getur átt við gagnvart þm., en ekki hjeraðinu, því það á slíkt alls ekki skilið. Eða hverjum er það að kenna öðrum en hjeraðsbúum eða leiðtogum þeirra, að þetta mál hefur valdið vandræðum og gjört glundroða hjer á þinginu? Þetta mál er eitt hið allra versta, sem þingið hefur haft til meðferðar. Það er útlit fyrir að það geti orðið til að fjölga glappaskotum þess og gæti vel orðið til þess, að særa það því sári, er seint yrði bætt.

Það er, eitt með öðru, sem gjörði þetta mál svo örðugt til meðferðar, að kærurnar komu of seint til þingsins og kjörskrárnar fylgdu þeim ekki.

Hefði þetta alt komið í tæka tíð til þingsins 1903, þá hefði málið fengið alt aðrar viðtökur og niðurstaðan orðið önnur. Og hverjum er það að kenna öðrum en kærendunum sjálfum?

Breyt.till. bætir hjer ekki úr skák. Það er ómögulegt að samþykkja hana, því þingið getur ekki lýst mann ólöglega kosinn og þó leyft honum að sitja á þinginu til þingloka. Það væri »contradictio in adjecto«, það væri ber hugsunarvilla.

Hjer eru því að eins tveir kostir fyrir hendi: Annaðhvort hefir engin kosning farið fram, og þá ber að ónýta alla þessa gjörð, eða kosning hefur farið fram, og þá má meta hana gilda.

Jeg vildi óska, að þessari umr. yrði frestað, og dómur ekki upp kveðinn, fyr en síðar, því meðan úrskurðurinn frá 1903 er ekki úr gildi numinn, eiga þingmennirnir löglegt sæti á þinginu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, að hjeraðsbúar ættu ekki skilið neina hjálp eða sjerstaka mannúð frá þingsins hálfu, því að þessi glundroði væri þeim að kenna. Þetta get jeg ekki fallist á með háttv. þm. Þó að kjörskrárnar sjeu rangar, þá getur það ekki verið hjeraðshúum að kenna, heldur kjörstjórninni. Kjósendur sóttu kjörfund samkvæmt rjettu kjörskránum; þeir gátu ekki vitað fyrir fram, að á kjörfundi (þá, og ekki fyr) mundi kjörstjórnin úrskurða, að kosið skyldi eptir röngum kjörskrám. Ábyrgðin í þessu efni hvílir á kjörstjórninni *einni*, og þess vegna er það algjörlega rangt að refsa kjósendunum fyrir aðferð kjörstjórnarinnar.

Háttv. þm. Ísafj.k. (S. St.) sagði, að hvað eina sem væri óneitanlega formlega rangt, og þó látið standa óraskað af þinginu, mundi stórlega hneyksla þjóðina; en mjer finnst, að breyt.till. sú, sem fram er komin frá honum og nokkrum öðrum háttv. þm., muni ekki síður hneyksla þjóðina, því að með þessari breyt.till. brjóta þeir sjálfir lög og gjöra sig seka í miklum mótsögnum — lýsa kosning ógilda, en vilja þó taka hana gilda til þingloka, þ. e. gilda fyrir 2 þing, en ógilda fyrir eitt þing.

Kjörskrárnar úr Suður-Múlasýslu hafa verið ýtarlega rannsakaðar; og ef alþingi ætti að rannsaka allar kjörskrár og kosningar hjer á landi eins vel og hjer hefur verið gjört, þá efast jeg um, að nokkur þm. væri rjettilega kosinn, því að nær ávalt mundi auðið að finna fleiri eða færri *formgalla*.

Breyt.till. hefði alls ekki átt að komast að; jeg var því öldungis mótfallinn; en jeg mun greiða atkvæði mitt með tillögum nefndarinnar. Það hefur æfinlega verið regla, þegar kært hefur verið yfir *form*göllum við alþingiskosningar, þá að líta á, *hvort* þessir formgallar hafi haft *nokkur áhrif á úrslit* kosninganna. Ef menn rannsaka kosningaúrslitin í Suður-Múlasýslu 3. júní 1903 og ef lögð eru saman atkvæðin eptir aðalskrám, þá fær Guttormur Vigfússon fleiri atkvæði en Axel Tulinius, hvort heldur farið er eptir kjörskránum, sem notaðar voru, eða hinum rjettu kjörskrám. Þó nöfn þeirra, er ekki ættu að standa á kjörskrá, sjeu dregin frá, þá hefur Gutt. Vigfússon samt fleiri atkvæði. Það hefur verið ófrávíkjanleg regla frá því alþingi hófst, að hengja sig ekki of mikið í formgalla.

Þess ber einnig að gæta, að ekki er komin nein kæra frá einum einasta kjósanda í Suður-Múlasýslu yfir því, að nokkurs þeirra rjettur hafi verið fyrir borð borinn; það hefði vafalaust

komið fram kæra, ef ástæða hefði verið til þess. Svo mikið var kappið um kosningarnar. Jeg greiði atkvæði mitt *með* nefndarálitinu samkvæmt þeirri reglu, er áður hefur verið fylgt á þingi.

Ólafur Thorlacius: Jeg ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, af því að það snertir mig dálítið persónulega; en þegar jeg sá þessa breyt.till., sem hjer hefur komið fram, þá gat jeg ekki á mjer setið að fara um hana nokkrum orðum. Hún er satt að segja hvorki heilt nje hálft, hvorki fugl nje fiskur.

Hjer getur ekki verið nema um tvennt að gera: annaðhvort er kosningin gild eða hún er ógild; það sýnist mjer liggja í augum uppi. Og ef hún er gild, þá eigum við hjer löglega sæti yfir allt kjörtímabilið, en annars ekki; og þá heldur ekki þann tíma, sem eptir er af þessu þingi; og um það á þingið nú að gefa úrskurð. Jeg er þess vegna alveg hissa á þessari brtill. Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) telur kosninguna alveg ólöglega og segir að hjer sje verið að gera tilraun til að fótum troða lögin. Það eru einmitt háttv. tillögumenn sjálfir, sem hjer eru bersýnilega að reyna að traðka lögunum.

En svo að jeg víki fáum orðum að kosningunni sjálfri, þá hefur það verið sagt, að miklir gallar hafi verið á kjörskránum, bæði að formi og efni; og það er satt, að gallalausar eru þær ekki; en gaman hefði jeg af að vita það, hvort ekki reyndust fleiri kjörskrár gallaðar en þessar, ef þær væru jafn gjörskoðaðar og ættu að ganga gegnum slíkan hreinsunareld sem þessar, fyrst frá hreppsnefndum til sýslumanns, frá sýslumanni til amtmanns, frá amtmanni til ráðherra og frá ráðherranum til þings!

Háttv. framsm. gerði mikið úr þessum göllum, sem á kjörskránum eru; jeg fyrir mitt leyti get ekki gjört eins mikið úr þeim og hann. Hann sagði, að hreppsnefndir hefðu ekki skrifað undir skrárnar, heldur að eins oddvitarnir. En þess er ekki beinlínis þörf, því að sýslumaður hefur sjálfur skýrslu um það, hverjir eru í hreppsnefnd, og honum á að vera það kunnugt. Viðvíkjandi því, hve lengi kjörskrárnar hafi legið frammi, þá er það auðvitað, að ef ekki er annað tekið fram, hafa þær legið frammi lögboðinn tíma. Því þó að það sje tekið fram í lögunum, að kjörskrárnar eigi að liggja frammi frá 1. til 21. apríl, er það hvergi tekið fram, að það eigi að vera skrifað, að þær hafi legið frammi þennan tíma.

Ef kosning sú, sem hjer ræðir um, verður gjörð ógild af þinginu, kemur skellurinn niður þar sem sízt skyldi, á þingmönnum kjördæmisins og á kjósendunum. En þeir hafa hjer ekkert til saka unnið, hvað sem háttv. þm. V.-Sk. segir.

Einn þm. sagði við mig á dögunum út af þessu kosningamáli, að ástandið í Suður-Múlasýslu væri svo slæmt, að það mætti fara að kalla þá sýslu Stóra-Rússland, eða Austur-Rússland (*Lárus H. Bjarnason:* Það á víst að vera mótsetning við litla Rússland!) Já, en mjer er kunnugt um það, að sýslumaðurinn í S.-Múl. er svo heiðarlegur maður, og svo góður drengur, að það væri ekki honum að kenna, þó að svo væri, og það er jeg viss um, að hann hefur ekki vísvitandi eða af ásettu ráði gjört sig sekan í þeim göllum, sem á kosningarathöfn þessari kunna að vera. Jeg vil því skjóta því til háttv. stjórnar, að ábyrgð sú, er kjörstjórinn kann að verða látin sæta út af þessu, verði sem vægust, og finnst mjer hún

hæfilega ákveðin með því að gjöra hann að R. Dbr.

Guttormur Vigfússon: Jeg ætlaði mjer upphaflega ekki að blanda mjer inn í þetta mál, sem jeg hef látið með öllu afskiptalaust, síðan það kom fyrst á dagskrá þingsins. En þegar háttv. þm. V.-Sk. stendur upp með miklum krapti, og hreint og beint eys sjer út yfir íbúa S.-Múl., þá finnst mjer jeg vera knúður til að svara honum nokkrum orðum og sýna fram á, að hann hefur ekki rjett fyrir sjer í ásökunum sínum.

Hann segir, að 3. júní 1903 hafi alls engin kosning farið fram í S.-Múl. Hvers vegna fór þá engin kosning fram? Var það sýslubúum að kenna? Nei það er af því, að kjörstjórnin, sem átti að gæta kosninganna (*Guðl. Guðmundsson:* Hreppsnefndirnar!) notaði kjörskrá frá 1903 í stað hinna rjettu kjörskráa; en hvað geta kjósendur gjört að því, þó að kjörstjórnin taki þær kjörskrár, sem eru ógildar, en sleppi hinum rjettu. Hvað geta íbúar sýslunnar vitað um það? Nei, það er kjörstjórnin ein sem ber ábyrgðina. (*Guðl. Guðmundsson:* Hinar kjörskrárnar voru vitlausar). Hinar voru vitlausar, segir háttv. þm. V.-Sk. Það getur vel verið, að ýmsir smágallar hafi verið á þeim; að í sumum þeirra hafi t. d. verið einum dálki færra en átti að vera o. s. frv., um það skal jeg ekki þrátta. En því vildi jeg svara háttv. þm. V.-Sk., að ef allar kjörskrár landsins væru rannsakaðar jafn ýtarlega og óvægilega, eins og kjörskrár S.-Múl., þá kynni svo að fara, að kosningar æði margra þingmanna reyndust ógildar og ef til vill kosning háttv. þm. V.-Sk. sjálfs. (*Guðl. Guðmundsson:* Getur þm. staðið við orð sín?).

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.) Það er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að mönnum mun þykja nóg komið, en jeg verð þó að víkja nokkrum orðum að því, sem háttv. þm. Ísfjk. sagði. Hann fann mest að því, að tillögur nefndarálitsins og forsendur þess kæmu í bága hvort við annað, en það er ekki rjett. Forsendurnar játa því að vísu, að formið er brotið, en þær undirstrika það jafnframt, að vilji kjósenda hafi komið fram. þar sem G. V. hafi fengið fleiri atkv. en A. T., eptir hvaða kjörskrám sem farið er. Og það er aðalatriðið. Annars hefði þm. átt að spara sjer allt brigsl um, að við nefndarmenn værum að brjóta lögin, því að það gjörir hann einmitt sjálfur og miklu fremur. Við segjum, að ómögulegt sje að vísa Ó. Th. heim vegna laganna, og því sje óhæfilegt að vísa G. V. heim, en hann segir báða *ólöglega* kosna og vill *þó* láta báða sitja þetta þing út.

Hann bætir gráu ofan á svart. Hann gjörir sig sekan í þeirri hugsunarvillu, að lýsa kosninguna bæði gilda og ógilda. Það er rjett hugsað, að ógilda megi kosningu beggja, en það fer í bága við heilbrigða skynsemi, að sú ógilding byrji ekki fyr en eptir þingið 1905, kosningin verður annaðhvort að vera gild eða ógild. En móti öllu því, sem hjer hefir verið sagt, vil jeg taka það upp aptur og undirstrika, að eptir hvaða kjörskrám, sem farið er, þá hefir vilji kjósendanna komið fram. Þetta er sú »fundamentala« regla, sem þingið á að fylgja, og hefir allt af fylgt. Það hefur engin kosning verið ógild til þessa dags vegna formgalla, og hafa þó sumar verið ærið gallaðar.

Að því er snertir kosningu 1. þm. S.-Múl., þá er það, eins og margtekið hefir verið fram, samkvæmt 3. gr.

þingskapanna ekki hægt að ónýta hana, af því að engin kæra hefir komið fram, og það væri þess vegna, þó að ekkert annað kæmi til skoðunar, rangsleitni að ónýta kosningu 2. þm. S.-Múl.; það má forsvara það, að vera harður, en það er óhæfilegt að vera rangsleitinn. Annars blandaði þm. alveg saman lögum og sanngirni. Það má vel vera, að það væri sanni næst að ógilda kosningu beggja, en það er ómögulegt nema með því að brjóta lög á Ó. Th. Og þá er ekki nema eitt úrræði eptir, og það er að láta við svo búið standa um báða.

Fyndnistilraunum 1. þm. S.-Múl. ætla jeg ekki að svara í þetta sinn. Bendi honum að eins á, að þinginu, sem á að dæma um kosningarnar er það okki nóg, þó að sýslumaður kunni að vita, að kjörskrárnar sjeu samdar af rjettum aðilum. Það verður að sjást á skránum. Og af sömu ástæðum eiga skrárnar að bera það með sjer, að þær hafi legið frammi.

Háttv. þm. V.-Sk. hefir hreina afstöðu í málinu; hann gjörði sig ekki sekan í neinni hugsunarvillu, en hann getur ekki lögum samkvæmt ónýtt kosningu Ó. Th. Hann verður að virða 3. gr. þingskapanna. Það hefur komið fram uppástunga um að fresta úrskurði nm gildi kosningarinnar, en mjer finnst engin ástæða vera til þess. Mjer finnst að heimta megi af þinginu þrek til að segja af eða á um kosninguna strax.

Loks legg jeg það til í nafni nefndarinnar, og jeg vil vona í nafni miklu fleiri manna hjer á þingi, að breyt.till. verði feld.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk. Þessi breyttill. hefur fengið æði þungan dóm, og það hefur verið mikið talað um, að hún væri ekki hugsunarlega rjett, en það er óþarfi, því að jeg veit það og játa það sjálfur. En það, sem vakti fyrir okkur, sem komum fram með breyttill., var það að láta ekki þingmennina gjalda þess á þessu þingi, að kosningin hefur ekki farið löglega fram.

Nefndin vill láta kosninguna gilda, en játar þó, að hún sje ólögleg; hún segir, að skjölin, sem kosningin byggist á, sje röng, en kosningin gild. Er þetta hugsunarrjettara hjá nefndinni? Jeg held síður en svo. Munurinn milli mín og nefndarinnar er sá, að þar sem nefndin vill, að kosningin sje látin gilda allt kjörtímabilið, vil jeg, að hún standi að eins til hausts, af þeim ástæðum, sem jeg tók fullskýrt fram í fyrri ræðu minni.

Breyttill. fer fram á miðlun í málinu, fer fram á það, að þingið bæti sem fyrst úr þessum göllum, á þann hátt að leyfa þingmönnunum að sitja þetta þing út, en svo ekki lengur, og hvað sem líður hugsanaskekkju, þá held jeg, að enginn geti talið það annað en sanngjarnt; það er engri harðneskju beitt við þingmennina með þessari tillögu, þeir eru ekki reknir heim, þótt í raun rjettri ætti að gjöra það. En þetta mál er komið í svo óþægilegt horf, að það er góðra ráða vant, og þótt þessi aðferð, sem breyt. till. mín fer fram á, sje ekki stranglogisk, þá greiðir hún úr þessum vanda á sem sanngjarnastan og þinginu samboðnastan hátt.

Annars hrakti hinn háttv. framsögum. nefndarinnar ekki eitt einasta orð af því, sem jeg hefi sagt, og þótt það sje ólögiskt, að þingmennirnir sitji þetta þing út, þá er það þó að minnsta kosti nær lögum heldur en að láta þá sitja allt kjörtímabilið. og þar að auki mælir öll sanngirni með því. Kjósendurnir geta fengið að njóta kosningarrjettar sins fyrir næsta þing, þingmönnunum

ekkert óhagræði gjört og málinu þar með lokið á þann hátt, að allir mega vel við una.

Júlíus Havsteen (1. kgk. þm.): Það er viðurkennt yfir höfuð, að formgallar hafi verið á kosningunum í S.-Múl. 1903, en að því, er kosningu 1. þm. S.-Múl. snertir, þá er engin kæra komin fram yfir henni og þess vegna verður ekki við henni hróflað.

Kosningin á 2. þm. S.-Múl. var í þingbyrjun í hitt eð fyrra tekin gild; nokkru síðar kom fram kæra yfir þessari kosningu, sem þó eigi var tekin til greina, en jafnframt komu líkur fram fyrir því, að miklar misfellur væru á kjörskrám þeim, sem notaðar höfðu verið við kosningarnar, og leiddi þetta til þess, að rannsókn fór fram, sem liggur fyrir ásamt kæru frá sýslumanni A. Tulinius, sem þykist með rjettu eiga sæti það, sem Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.) nú situr í. Jeg skal samt ekki fara frekara út í þetta hjer, en læt mjer nægja að vísa til nefndarálitsins og útlistunar framsm.

Það er tvennt, sem jeg sjerstaklega vil athuga út af þessu kosningamáli. Í fyrsta lagi fjarstæðu þá, er felst í breyttill. þeirri, sem komin er fram frá háttv. þm. Ísfjk. o. fl. og fer fram á að láta kosningu 2. þm. S.-Múl. gilda til þingloka í ár, en telja hana ógilda fyrir þingið 1907. Það virðist þó liggja í augum uppi, að sje kosningin gild í sumar, þá hljóti hún líka að vera það á þingi 1907. Jeg get ekki annað, en verið hinum háttv. tillögumönnum þakklátur fyrir þetta. Tillagan hlýtur að nema burtu allan efa hjá efablöndnum þingmönnum, um hvort kosning 2. þm. S.-Múl. eigi að dæmast gild eða ekki.

Hitt, sem jeg hafði að athuga, var það, að hjer er að eins um gildi kjörskránna að ræða og formgalla á þeim, eða með öðrum orðum um undirstöðu kosningarinnar, en ekki um neinar misfellur, sem snerta þingmennina sjálfa og gæti gjört þá óhæfa til að sitja á þingi, til dæmis, að þeir hafi ekki náð hinum lögskipaða aldri, að þeir hafi gjört sig seka í einhverjum glæp eða því um líkt.

En formgallarnir, sem voru á kjörskránum, eru þar að auki kjörstjórninni einni að kenna og geta því ekki komið niður á þingmönnunum. Nú eru kosningarnar orðinn hlutur og sýna nægilega vilja kjósenda. Jeg er í engum efa um atkvæði mitt. Jeg mun fylgja tillögu þeirri í nefndarálitinu, sem jeg sjálfur hef undirskrifað.

Það er að vísu ekki lögboðið, að hreppsnefndir in pleno eigi að skrifa undir kjörskárnar, en þingið hefur einu sinni ákveðið, að svo skyldi vera, og látið það boð út ganga, að hreppsnefndarmenn allir skrifuðu undir. Þetta boð hefur verið birt öllum lögreglustjórum landsins.

Það er satt, að reglunum fyrir samningu kjörskránna hefur verið mjög illa fylgt opt og tíðum, en það hefur verið lagt mikið kapp á að laga þetta.

Jeg man, að þegar jeg kom fyrst til embættis hjer á landi, voru sumstaðar slæmar kjörskrár í ömtum þeim, sem jeg hafði yfir að ráða.

Sýslumenn hafa yfirleitt gjört sjer mikið far um að halda hreppsnefndum til að fylgja kosningarlögunum dyggilega í þessu tilliti, og mikið hefur lagazt í því. Jeg get t. d. nefnt tvo sýslumeun, sem hafa látið prenta eyðublöð fyrir kjörskrárnar. Annar þeirra er framsögumaður nefndarinnar í þessu máli (L. H. B.) og hinn var Páll sál. Briem. Þar með vil jeg þó ekki segja, að loku sje fyrir það skotið, að misfellur geti verið á kjörskrám, eins og menn nú hafa sjeð, að átt hef-

ur sjer stað í Suður-Múlasýslu, og staðhæfa, að allt sje með lagi, en það er ekki rjett að halda því fram, að ef farið væri í strangan reikningsskap út af göllum á kjörskrám, þá yrðu allir þingmenn ólöglega kosnir.

Forseti: Það hefir komið fram br.-till. á þgskj. 114.

Tillaga þessi lá ekki prentuð fyrir fundinum, og verður því að breyta frá þingsköpum, ef hún á að koma til greina, en til þess þarf $^3/_4$ atkvæða og leyfi hæstv. ráðherra.

Samþykkt var með nafnakalli með 31 atkv. gegn 6 að breyt.till. á þgskj. 114 væri tekin til greina.

Já sögðu:
Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,
Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,
Björn M. Ólsen,
Eggert Pálsson,
Guðj. Guðlaugsson,
Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,
Hermann Jónasson,
Jóh. Jóhannesson,
Jóhannes Ólafsson,
Jón Jakobsson,
Jón Jónsson,
Jón Magnússon,
Lárus H. Bjarnason,
Magnús Andrjesson,
Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Pétur Jónsson,
Sigurður Jensson,
Sigurður Stefánss.,
Skúli Thoroddsen,
St. Stef., þm. Eyf.,
St. Stef., þm. Skgf.,
Tryggvi Gunnarss.,
Valtýr Guðmundss.,

Nei sögðu:
Ágúst Flygenring,
Björn Kristjánss.,
Einar Þórðarson,
Jón Ólafsson,
Júlíus Havsteen,
Magn. Stephensen.

Já:
Þórarinn Jónsson,
Þorgr. Þórðarson,
Þórh. Bjarnarson.

Þm. Guttormur Vigfússon og Ólafur Thorlacíus greiddu ekki atkv.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Breyt.till þessi, sem jeg flyt við breyt.-tillöguna á þskj. 106, segir sjálf til sín. Hún stefnir að því, að breyt.till. á þskj. 106 verði samþykkt, þannig að ógilding þessara kosninga komi þegar í framkvæmd. Það hefði raunar mátt tvískipta till. á þskj. 106, en seinni partur hennar yrði þá óskiljanlegur, og það er hæpið, hvort rjett sje að skipta tillögu, þegar partar hennar eru þannig orðaðir, að þeir geta ekki staðizt hver án annars.

Í þessu vandamáli, sem hjer liggur fyrir, get jeg tekið í sama strenginn og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Þingið getur staðið sig jafnt við hvort tveggja, það getur annaðhvort samþykkzt því, sem nefndin hefir lagt til, eða úrskurðað, að kosningarnar sjeu ógildar. En mjer finnst það fjarstæða, sem felst í aðalbreyt.till., að ógilda kosninguna nú, en láta þingmennina samt sitja á þingi til þingloka. Auðvitað verður þingið fyrir ávítum, hvort sem það ónýtir kosninguna eða tekur hana gilda; en það megum vjer ekki láta oss fyrir brjósti brenna. Hitt aptur á móti álít jeg að sje fjarstæða, sem enginn þingmanna geti gengið inn á, að ónýta kosninguna nú þegar, en láta þingmennina samt sitja á þingi það, sem eptir er af þingtímanum í ár.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Úr því komin er fram áskorun um, að fresta umræðunum, skal jeg ekki lengja þær um of, en aðeins leyfa mjer að beina einni spurningu til hinna lögfróðu manna hjer í deildinni og þá sjerstaklega til háttv. sessunautar míns

1. kgk. þm. Hann sagði, að ómögulegt væri að ónýta ókærða kosningu, en í nefndarálitinu frá í hitt eð fyrra heldur hann því fram, eins og þingtíðindin sýna, að alþingi geti ónýtt »hverja kosningu sem er, svo framarlega að fullnægjandi sannanir kæmu fram um, að hún væri ógild«.

Jeg verð nú að líta svo á, þegar um 2 þm. úr sama kjördæmi er að ræða, að þá sje nóg að fram komi kæra yfir kosningunum yfir höfuð að tala, og að kæran þurfi ekki sjerstaklega að vera stýluð á hendur hvorum þingmanninum um sig. — Enda ber 3. gr. þingskapanna það með sjer, að taka beri til rannsóknar »Kærur er snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar«. Nú er ekki gott að neita því, að kærurnar yfir kosningu 2. þm. S.-Múl. snerti ekki kosningu 1. þm. þess kjördæmis, þar sem rannsókn á þeim hefur leitt það í ljós og bæði háttv. 1. kgk. þm. og framsm. hafa viðurkennt, að öll undirstaða kosningar beggja þm. sje röng — kjörskrárnar allar ógildar. Sje því kosning 2. þm. S.-Múl., sem kærð hefur verið, ógild, og á því er enginn vafi, þá hlýtur kosning 1. þm. að vera það einnig, þótt hún ekki hafi verið kærð beinlínis eða sjerstaklega.

Samþykkt var með nafnakalli með 20 atkv. gegn 19 að tresta umræðunni og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Björn Kristjánsson,	HannesÞorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Ágúst Flygenring,
Guðl. Guðmundss.,	Árni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn M. Ólsen,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Jón Jakobsson,	Guðj. Guðlaugss.,
Jón Jónsson,	Gutt. Vigfússon,
Magnús Andrjesson,	Hannes Hafstein,
Ólafur Briem,	Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson,	Jón Magnússon,
Pjetur Jónsson,	Jón Ólafsson,
Sigurður Jensson,	Júlíus Havsteen,
SigurðurStefánsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Skúli Thoroddsen,	MagnúsKristjánss.,
St. Stef., þm. Eyf.	Magn. Stephensen,
St. Stef., þm. Skgf.,	Ólafur Thorlacíus,
Valtýr Guðmundss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórarinn Jónsson,	Þórh. Bjarnason.
Þorgr. Þórðarson.	

Framhaldsumræða í sameinuðu þingi á 3. fundi þess 25. júlí kl. 5 e. h, (A. 93, 106, 114).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.): Vonandi hafa háttv. þm. nú haft svo langan umhugsunartíma, að ekki er þörf á nýjum fresti, enda væri ný frestun málsins lítt forsvaranleg, hvort heldur litið er á málið frá sjónarmiði háttv. þm. S.-Múl. (G. V.) eða Axels sýslumanns Tuliníusar, sem tjáist bíða úrskurðar þingsins.

Það hefur verið fundið að nefndarálitinu, að það hjeldi skuggahliðunum á kosningarundirbúningnum nokkuð mikið fram, en það er ekki rjettmæt aðfinning.

Þingið 1903 samþykkti í einu hljóði; sjá Alþt. 1903, C. bls. 463: »að senda hinar framkomnu kærur yfir kosningu háttv. 2. þm, S.-Múl. (G. V.) forsetaveginn til landsstjórnarinnar, með áskorun um, að hún láti rannsaka *kjörskrárnur* í Suður-Múlasýslu, sem giltu frá 1. júlí 1902 til 30. júní 1903, og samningu þeirra af hendi hreppsnefndanna, og *leggi árangurinn af þeim kjörskránum* í síðasta lagi fyrir næsta þing«.

Við þessari áskorun þingsins 1903 hefur hæstv. stjórn orðið á þann hátt, að hún hefur sent hæstv. forseta þingsins málið alveg ókarrað.

Nefndin gat því með engu móti komizt hjá því, að segja undandráttar-

laust frá göllunum á kjörskránum. — Það var skylda hennar að segja sáran sannleikann af skránum, og það hefur hún gjört, en heldur ekki meira. Það er ekkert óþarfa orð sagt um skrárnar.

Þá hefur það verið fundið að nefndarálitinu, að niðurlag þess kæmi ekki vel heim við forsendur þess, en það er heldur ekki rjett.

Nefndarálitið segir að vísu, að *allar* reglur fyrir tilbúning kjörskránna hafi verið brotnar, og auk þess kosið eptir röngum kjörskrám.

En nefndarálitið *undirstrikar* jafnframt, að hjer sje að eins um brot á »*forminu*« að ræða, og að brotin sjeu *eingöngu hreppsnefndunum og kjörstjórninni að kenna,* en öldungis ekki þingmönnunum.

Þá er og lögð aðaláherzla á það í nefndarálitinu, að háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) hafi fengið fleiri atkvæði, en keppinautur hans Axel sýslum. Tuliníus, hvort sem farið er eptir hinum rjettu kjörskrám eða þeim röngu. — Það er með öðrum orðum sterklega undirstrikað, *að vilji kjósenda hafi komið ótvírœðlega fram.* Og á það á að leggja aðal-áherzluna, og á það *hefur þiugið allt til þessa dags,* bæði sem ráðgefandi og löggefandi, *allt af lagt alla áherzluna,* eins og jeg nú skal sanna.

Árið 1869 varð rimma út af kosningu Jóns Sigurðssonar. Skrárnar höfðu ekki legið frammi lögskipaðan tíma, en kosningin var samt samþykkt í einu hljóði.

Árið 1881 var kjörfundur í 2 kjördæmum of seint boðaður, en kosningarnar samt samþykktar.

1886 var kært yfir því úr Reykjavík:

1., að 70 mönnum hefði ranglega verið sleppt af kjörskrá,

2., að skráin hefði eigi legið frammi lögskipaðan tíma,

3., að bæjarstjórnin hefði ekki undirskrifað skrána, og

4., að kosið hefði verið með prentuðum seðlum.

Þrátt fyrir þetta var kosningin samþykkt skoðunarlaust, eptir uppástungu Jóns háyfirdómara Pjeturssonar, með 21 atkv. (sjá Alþt. 1886 A. bls. 9—11). — Árið 1893 hafði Skúli Thóroddsen boðið sig fram í Eyjafirði, en bauð sig einnig fram í Ísafjarðarsýslu og var kosinn þar. Þáverandi bæjarfógeti á Akureyri, landritari Kl. Jónsson, kvað það nótóriskt, að Skúli Thóroddsen hefði ekki sent apturköllun á framboði sínu í Eyjafirði fyr en kosning var um garð gengin á Ísafirði. Samt var kosningin tekin gild; (sjá Alþt. 1893, A. bls. 10.).

1894 var í Suður-Múlasýslu kosið eptir rangri kjörskrá í 1 hreppi, Norðfjarðarhreppi, nefnilega eptir kjörskránum 1892—1893 og manni þar að auki bætt á kjörskrá á kjörfundi.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kallar þetta þá formgalla, enda var kosningin samþykkt í einu hljóði; (sjá Alþt. 1894, A. bls. 8).

Sama ár reyndist kosningin í Mýrasýslu mjög gölluð: Kjörfundur hafði ekki verið boðaður með nægum fyrirvara, og kjörfundarstaður auk þess fluttur leyfislaust. Og atkvæðin voru svo jöfn, að þingmaðurinn fjekk að eins 2 atkvæði fram yfir keppinaut sinn.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) varði lögmæti kosningarinnar með því, að þingið væri ekki júridiskur dómstóll, er væri rígbundinn við form, heldur pólitiskur dómstóll með miklu frjálsari hendur, dómstóll, er aðallega ætti að líta á, að vilji kjósenda hefði komið fram, enda var kosningin samþykkt með 20 atkv. gegn 13, og þeir, sem samþykktu kosninguna voru,

sannarlega ekki af lakari endanum. Á meðal þeirra voru: Hinir núverandi yfirdómarar allir, Hallgrímur Sveinsson biskup og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) og háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) o. fl. (sjá Alþt. 1894, A. bls. 26).

Árið 1901 var kjörfundur ekki nægilega auglýstur í Dalasýslu og kosningin þó samþykkt.

Til þess að taka allt með, má geta kosningarinnar úr Strandasýslu 1903. Þá var það fundið að kosningu þm. (Guðj. G.) þaðan, að framboðið var í privatbrjefi en ekki embættisbrjefi, og að meðmæli stuðningsmanna hans komu ekki til kjörstjóra fyrir náttmál kvöldið undan kjörfundinum. Seinni aðfinningin var rjettmæt, en kosningin samt samþykkt.

Þingið hefur með öðrum orðum **aldrei** ónýtt *nokkra kosningu vegna formgalla*, enda væri það hefnd á þm. og kjósendur fyrir yfirsjónir annara.

Og þingið hefur meira að segja samþykkt kosningu, sem vilji kjósenda ekki studdi, sem sje kosningu 2. þm. Árn. 1903. Eptir að kjörstjórnin hafði fært atkvæði sín inn í kjörbókina, eða með öðrum orðum, eptir að kosningarathöfninni var lokið, þá vantaði 2. þingm. Árn. (Ól. Ól.) 2 atkvæði. — Samkvæmt skýlausum ákvæðum kosningarlaganna átti strax að kjósa upp aptur en í þess stað var sent eptir mönnum til að kjósa, enda náðist 1 kjósandi, og þegar hann var kominn, kaus þingmaðurinn sig sjálfur og flaut þannig inn á þing, enda þótt fullyrt sje, að keppinautur hans hefði orðið kosinn, ef kosið hefði verið upp aptur.

Það væri því blátt áfram rangsleitni að ónýta kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.), og það því fremur, sem kosning hv. 1. þm. S.-Múl. verður ekki ónýtt. Það væri sem sje brot á gildandi lögum, að ónýta kosningu hv. 1. þm. S.-Múl. (Ól. Th.); brot á 3. gr. þingskapanna.

Að vísu hefur það heyrzt, að töluverður hluti kjósenda hans kunni ekki að nota þingmannshæfileika hans, og það er ekki ólíklegt, að landið stæði, þótt »litli læknirinn« væri sendur austur »til lítils þar« o. sv. frv. — En það hefur engin kæra komið yfir kosningu hans og fyrir lögunum eru allir jafnir. Þar ráða hæfileikar engu. Við honum verður því ekki hróflað.

Jeg þykist hafa hrakið breyt.till. hv. þm. Ísfjk. (S. St.) nægilega á síðasta fundi. Hún brýtur sjálf þau lög, sem hún kennir nefndinni um að hafa brotið, og fer þar að auki þvert ofan í heilbrigða skynsemi.

Það gjörir breyt.till. hv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) ekki; hún ríður í engu í bága við heilbrigða skynsemi, en hún er *brot á gildandi lögum, fer þvert ofan í undantekningarlausa praxis þingsins*, og hefnir sín á kjósendum og hv. þm. S.-Múl. (G. V. og Ól. Th.) fyrir afglöp annara.

Þess vegna verð jeg fyrir nefndarinnar hönd, að leggja til, að báðar breyt.till., bæði hv. þm. Ísfjk. (S. St.) og hv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) verði felldar.

Háttv. 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) hjelt því mjög fram, að skyssur kjörstjórnarinnar væru eflaust ekki að kenna illvilja sýslumanns. Það var óþörf afsökun; nefndin hefur ekki talað orð í þá átt. Þvert á móti sleppti jeg 2 atriðum, er kynnu að benda á, að kjörstjórnin eigi hefði verið jafn fákunnandi og háttv. þm. vildi gjöra hana. Það er sem sje bókað í kjörfundargjörðunum, að kjörskrár 1902—'03 hafi legið frammi, enda þótt sannað sje, að

svo var að eins um eina, og enn er það ritað neðan á aukaskrárnar, að kjörstjórnin ætli alþingi að dæma um gildi þeirra, en þó sleppti kjörstjórnin þeim ekki fyr en eptir valdboði 1904.

Annars vil jeg benda háttv. 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) á það, að eins og það þarf nokkra hæfileika til að vera nýtur þm., þar á meðal svo mikið fjárhagslegt sjálfstæði, að maðurinn þurfi ekki þessvegna að hafa pólítisk fataskipti, eins þarf t. d. nokkurn fróðleik og greind til að vera góður kjörstjóri, en úr þeim hæfileikum virtist mjer háttv. þm. ekki gjöra mikið hjá kjörstjórninni sinni. Mjer finnst því að háttv. þm. hefði átt að láta sjer nægja að leggja til að kjörstjóri hans yrði sæmdur heiðurspeningi fyrir björgun sjódrukknaðra; undir það hefði jeg getað tekið, því að kjörstjórnin í S.-Múlasýslu dró þó ómótmælanlega 3. júní 1903 einn »Labbakút« á land, sem eflaust hefði kafnað í höndum flestra annara.

Árni Jónsson (2. þm. N.-Þing.): Af því að þetta kosningamál, sem hjer er til umræðu, er einkennilegt mál, þá vil jeg leyfa mjer að fara um það fáum orðum.

Það er að visu ekkert sjerstaklegt eða einkennilegt, þótt kærur yfir kosningum komi til þingsins, en það er bæði einkennilegt og eins dæmi, að þingmenn gangi á miðju kjörtímabili í sameiginlegan sal hjer á þinginu til þess að setjast á rökstóla og dæma um, hvort þingmenn, sem þeir hafa unnið saman með, ekki að eins heilt þing áður, heldur einnig alllangt fram á annað þing, sjeu rjett kosnir eða ekki. Slíkar rannsóknir fara venjulega fram í þingbyrjun, og veit jeg ekki til, að það hafi nokkurn tíma dregizt að úrskurða kosningar, nema ef til vill þegar ræða var um kosningu þm. Mýr. 1894. — Þetta mál, sem hjer liggur nú fyrir, hefur verið rannsakað svo rækilega, að þessi kosningarkæra hefur fengið fyllri undirbúning, en nokkurt annað kærumál, sem komið hefir til þingsins. Þótt miklir gallar hafi verið á þessum kosningum frá formsins hlið, þá er líka á það að líta, að það er margt, sem getur afsakað þessa galla. Það hefur verið sýnt fram á, að kjörskrárnar væru gallaðar; en það er aðgætandi, að þessir gallar hafa ekki verið gjörðir vísvitandi eða í þeim tilgangi að rangfæra neitt, heldur stafa þeir af vanþekkingu eða þá ef til vill hirðuleysi hreppsnefndanna. Það hefur ekki komið fram í kærunni, að rjettur nokkurs kjósanda hafi verið fyrir borð borinn, eða að hreppsnefndirnar hafi beitt valdi sínu í þeim tilgangi að koma einum að fremur en öðrum. Kjörþingið hefur verið boðað reglulega; kjósendur hafa komið á kjörfundinn, og enginn, sem hafði rjett til að kjósa, hefur verið sviptur atkvæðisrjetti. Það hefur verið sýnt fram á, að kjörskrár þær, sem kosið var eptir, giltu ekki fyrir hið rjetta kjörtímabil. Þó er það tekið fram í gjörðabókinni, að lagðar hafi verið fram kjörskrár úr öllum hreppum fyrir kjörtímabilið 1. júlí 1902 til 30. júní 1903. Hið praktíska er látið sitja í fyrirrúmi fyrir því, sem lögin heimta. Hið praktíska væri að kjörtímabilið væri frá 31. maí til 1. júní árið eptir, miðað við fardaga og flutninga. En þegar kjörtímabilið er frá 1. júlí til 30. júní árið eptir, þá geta menn opt misst af kosningarrjetti sínum vegna brottflutninga, sem átt hafa sjer stað í fardögum um langar leiðir á milli kjördæma. Þess vegna er það hugsanleg afsökun, að kjörstjórnin tekur heldur þessar síðari

kjörskrár en hinar fyrri, sem samdar voru meira en ári á undan kosningu. Á kjörþinginu mæta 6 frambjóðendur og af þeim eru 2 í kjörstjórn, að jeg ætla. Það hefur ekki komið fram nein kæra yfir því og ekki heldur hefur það komið fram við rannsókn málsins, að kjörstjórarnir hafi gjört minnstu tilraun til að beita valdi sínu, til þess að koma sjálfum sjer að, eða að þeir hafi hallað rjetti nokkurs manns. En einmitt á það verður þó að leggja mesta áherzlu, að einskis kjósanda rjettur sje fyrir borð borinn, og að þingmaður sá, sem kosningu hlaut, hafi í raun og veru verið kosinn samkvæmt vilja kjósendanna. En í þessu tilfelli er keppinautur sjálfs kjörstjórans kosinn. Jeg veit ekki betur en að kæra sú, sem fram hefur komið, miði sig eingöngu við það, hvort 2. þm. S.-Múl. (G. V.) hafi verið rjettilega kosinn; en við allar þær rannsóknir, sem fram hafa farið í þessu máli, hefur verið sýnt og sannað, að þessi kæra er ástæðulaus, því að eptir öllum skjölum og gögnum málsins hefur það sannazt, að Guttormur Vigfússon hefur fengið fleiri atkvæði á kjörfundinum 3. júní 1903, en keppinautur hans.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að kærunni sje fullnægt með þeirri rannsókn, sem gjörð hefur verið, og þeirri niðurstöðu sem þar af leiðir, að 2. þm. S.-Múl. hafi fengið flest atkv. á umræddum kjörfundi næst 1. þm. þar. Og jeg vil bæta því við, að aldrei hefur kosning verið rakin svo út í yztu æsar sem þessi. Hitt er mjer óskiljanlegt, hvernig menn fara að draga kosningu 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) inn í þetta mál. Eins og kunnugt er, þá hefur ekki komið fram nein kæra yfir henni. Jeg verð að skilja 3. gr. þingskapanna svo, að þó að þar standi að sú grein eigi við kærur, sem snerta kosningar, sem þegar eru teknar gildar, þá hljóti það að eiga eingöngu við þær kosningar, sem kært er yfir. Það sýnist enginn vafi á því, að 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) sje rjett kjörinn, og að vilji kjósenda hafi þar fyllilega komið fram. Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) fór mörgum fögrum orðum um það um daginn, að þingmenn ættu fyrstir allra að gæta laga og rjettar. Hann sagði einnig, að ýmsar kosningar, sem þingið hefði samþykkt, hefðu hneykslað þjóðina. Hann má vita betur um þetta en jeg. En svo kemur sami háttv. þm. með þá tillögu (þskj. 106) og talar fyrir henni, að kosning þingmanna S.-Múl. sem sitja hjerna hjá okkur, »skuli úr gildi felld, þegar yfirstandandi alþingi er lokið«. Þetta finnst mjer hljóta að vekja hneyksli bæði innan þings og utan: að nota þessa menn, sem löglega þingmenn þingtímann út, og kasta þeim síðan frá sjer út úr þinginu sem ólöglegum. — Það getur mjer ekki fundizt vera, að ganga á undan í því, að gæta laga og rjettar. Eða mundi það ekki hneyksla þjóðina að sjá það, að þingmenn hefðu ekki kjark í sjer til að kannast nú þegar við það, hvað rjett er og hvaða skoðun þeir hafa á þessu máli.

Jeg er sannfærður um, að þessi kosning er fullt eins gild og sumar af kosningunum, sem teknar voru gildar af þinginu 1903. Og þótt öll þau skjöl og gögn í málinu, sem síðan hafa fengizt, hefðu legið fyrir í þingbyrjun 1903, þá er það mín skoðun, að þessi kosning 2. þm. S.-Múl. (G. V.) hefði átt að vera samþ. fyrst af öllum, með því að hjer hafa engar þær misfellur komið fram, sem gjörðar hafi verið af ásettu ráði, til þess að koma einum að fremur en öðrum. En þær 2 kærur, sem þá komu fram yfir kosningu þm.

Strand. (Guðj. G.) og 2. þm. Árn. (Ó. Ól.), gengu báðar í þá átt, og voru þó kosningarnar teknar gildar rannsóknarlaust af þinginu.

Að endingu vil jeg víkja að því, sem háttv. framsm. (L. H. Bj.) tók fram, að þingið hefur margsinnis fengizt við að dæma um kosningar, sem meiri og minni gallar þóttu á vera, en þó hefur enginn þm. verið gjörður rækur allt til þessa.

Hinn háttv. framsm. (L. H. B.) tók fram mörg dæmi þessa, og skal jeg að eins bæta einu eða tveimur við.

Á þinginu 1879, þegar kosning Björns Jónssonar, þm. Strand., var til umræðu, var farið um hana svo felldum orðum, sem jeg með leyfi háttv. forseta skal lesa upp: »Á kjörbrjefi Björns Jónssonar var sá galli, að þar var að eins sagt frá atkvæðafjölda, er hann hafði fengið, en ekki skýrt frá, hve margir hefðu mætt á kjörfundinum. En allt um það var kjörbrjefið samþykkt (Alþt. B. bls. 3. 1879).

Svo vil jeg enda ræðu mína með þeim orðum, sem mjög mætur maður talaði á þingi 1869, þegar Jón riddari Sigurðsson var kosinn til þings og kjörbrjef hans var til umræðu, en sumir vildu ógilda það af svipuðum ástæðum og hjer eru.

Þá sagði þessi þingmaður: »Verði ekkert með rjettu fundið að kjörgengi þingmannsins, og kjörbrjef hans sje gilt og gott, og komi engar sannanir fram, að annars manns rjettur hafi verið fyrir borð borinn eða skertur með kosningu þess þingmanns, sem um er rætt, þá álít jeg kosninguna gilda þó að einhverjir gallar kunni að finnast á kosningunni heima í hjeraði« (Alþt. 1869 I. bls. 13). Sá maður, sem talaði þessi orð, var sjera Guðmundur sál. Einarsson á Kvennabrekku, og jeg verð að halda því fram, að þessi orð hans eigi fyllilega við enn í dag.

Ólafur Thorlacíus (1. þm. S.-Múl.): Jeg stend upp til þess að gefa nokkrar skýringar í þessu máli. Eg skal strax taka það fram, að í aðalatriðunum er jeg samdóma háttv. framsm. (L. H. B) um rjett þann og sanngirni, sem mælir með því, að kosning sú, er hjer ræðir um, sje tekin gild. Þess var líka að vænta, að tilfinningin fyrir rjettvísi og sanngirni kæmi einmitt úr þeirri átt, þar sem það er þjóðkunnugt, hve mikinn þátt einmitt þessi háttv. þm. (L. H. B.) hefur átt í því að skerpa og glæða rjettlætis tilfinningu þjóðar vorrar. Öll hans opinberlega starfsemi má heita ein óslitin keðja af tilraunum í þessa átt.

En hvað sem þessu líður, þá verð jeg að halda því fast fram, að vilji kjósenda hafi komið fram á kjörfundinum á Reyðarfirði 3. júní 1903. Það eru aðeins formgallar á kosningunni, sem eigi geta hafa haft það að verkum, að önnur úrslit hefðu orðið, ef þeir hefðu eigi verið. Fundurinn var nægilega auglýstur, og kosningar fóru skýrt og greinilega fram. Kjósendur höfðu eigi hugmynd um, áður en þeir komu, að eigi yrðu notaðar hinar rjettu kjörskrár, svo að engin minnsta ástæða er til að ætla að nokkurir aðrir kjósendur hefðu komið á fundinn hvorki fleiri nje færri, þótt hinar rjettu kjörskrár hefðu verið við hafðar, og atkvæði kjósendanna hefðu fallið alveg á sama hátt. Og þar sem ennfremur engum kjósanda, er fundinn sótti, var meinað að neyta atkvæðisrjettar síns, þá verð jeg að halda því fast fram, að úrslitin mundu hafa orðið þau sömu, þótt formgallar hefðu engir verið á kjörskránum.

Loks beindi háttv. framsm. (L. H.

B.) nokkrum velvildarorðum að mjer persónulega, sem voru þannig löguð, að jeg get að mestu leitt hjá mjer að svara þeim. Mjer datt í hug, á meðan háttv. þm. var að ryðja þessu úr sjer, vísuhelmingurinn sá arna:

»Hafðu bóndi minn hægt um þig
hver hefur skapað þig í kross?
dýrðin vor þegar sýnir sig,
þjer sæmir bezt að lúta oss«.

Hugsunin sem kemur fram í þessari vísu er hin sama og lá á bak við orð háttv. þm. í ræðu hans, og sem liggur á bak við svo mörg orð hans og gjörðir — sú hugsun nefnil. að bæla allt undir sig og láta allt lúta sjer og sinni dýrð. Og meðölin, sem til þess eru brúkuð, eru meðal annars þau, að sverta og svívirða mótstöðumenn sína með ósönnum og jafnvel ærumeiðandi sakargiptum. Annars ætla jeg ekki að fara að koma hjer á samskonar deilum, sem þeim er áttu sjer stað í háttv. Ed. í gær. Slíkt tel jeg lítinn sóma fyrir þingið og með öllu ósamboðið fulltrúum þjóðarinnar. Jeg læt mjer aðeins nægja að mótmæla ærumeiðingum háttv. þm. og getsökum í minn garð sem ástæðulausum helberum uppspuna.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hjelt reyndar, að það mundi ekki verða mitt hlutskipti að þurfa að verja hina háttv. stjórn gegn áburði frá háttv. framsm. (L. H. B.), en nú er sú raunin á orðin, að jeg finn mig knúðan til þess, því að háttv. framsm. sagði, að stjórnin hefði látið skjölin í þessu máli óköruð fyrir þingið, en það er alls eigi rjett. Yfirstjórnin faldi amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu að rannsaka málið; amtmaður faldi svo sýslumanni að gjöra það og gjörði það jafnframt mjög ítarlega sjálfur og ef nefndin hefði notað upplýsingar amtmannsins (Páls sál. Briems), þá mundi annað uppi á teningnum hjá nefndinni, en nú er orðin raunin á. Með því að jeg hef ástæðu til að halda, að háttv. þm. ef til vill, hafi gleymt sumu af því, sem tekið var fram við fyrri hluta þessarar umr., þá vil jeg leyfa mjer að minna á sumt af því aptur. Nefndin varð vör við mikla formgalla. Í nefndarálitinu stendur, að engin mynd hafi verið á kjörskránum, allar hafi þær verið ótimabærar, nema kjörskráin úr Beruneshreppi, sem þó líka var stórgölluð. Og síðar í nefndarálitinu stendur, að allar skrárnar, bæði aðalskrár og aukaskrár hafi verið allar vitlausar; 2 konur voru settar á kjörskrá. Nefndin kemst svo að þeirri niðurstöðu, að allar formreglur, sem gefnar eru um alþingiskosningar, hafi verið brotnar. Þetta sýnir, að frá formlegri hlið eru kosningarnar svo varhugaverðar, að að eins vegna þeirra er varla hægt annað en ónýta þær, en hjer er einnig um efnisákvæði að ræða, sem jeg nú mun sýna fram á. Háttv. framsm. sagði, að hvernig sem á málið sje litið, hafi Guttormur Vigfússon fengið fleiri atkv, en Axel sýslum. Tulinius, en þetta er í undarlegu ósamræmi við skýrslu amtmanns. Þar stendur, að ef ólögleg atkvæði sje dregin frá, þá hafi Axel Tulinius fengið 115 en Guttormur Vigfússon 109, eða ef reiknað er á annan hátt, þá hafi Tulinius 112 atkv., en Gutt. Vigfússon 101. Þetta nefnir nefndin eigi á nafn, en hversvegna? Hún telur ólöglegu atkvæðin með, og þess vegna fær Guttormur Vigfússon fleiri atkv. hjá henni. Aukaskrárnar voru sumar búnar til kosningardaginn, þvert ofan í lögin. Ef þessi kosning verður tekin gild, þá er þjóðinni með því sýnt, að það þarf eigi að vanda kosningarnar til alþingis, það er nóg að koma saman og kjósa eptir ein-

hverjum skrám, sama hvort þær eru búnar til kosningardaginn eða margra ára gamlar. Þrátt fyrir allt þetta segir 4. kgk. þm. (J. Ól.), að ekkert það hafi komið fram, er hafi áhrif á kosninguna. Skjölin frá amtmanni og hin önnur skjöl í þessu máli sýna þetta bezt. Þau liggja hjer hjá mjer á borðinu og getur hver sjeð og lesið þau, sem vill, og hver getur dirfzt að halda því fram, að það hafi eigi áhrif á kosninguna, að ólögleg atkvæði eru talin með, menn greiða atkvæði, sem alls eigi hafa kosningarrjett. En því hefur nefndin eigi getið um þetta? Því hleypur hún yfir þetta mikilsverða atriði? Því segir hún, að að eins formgallar sjeu á kosningunum, þar sem það þó er fullsannað, að þeir hafa greitt atkvæði, er eigi höfðu atkvæðisrjett? Það hefur ekkert að þýða að rekja sögu kosningkæranna í þingtíðindunum, af þeirri einföldu ástæðu, að þessu líkt tilfelli hefur aldrei fyr átt sjer stað í sögu þingsins. Það hefur aldrei fyr verið þannig ástatt, að 1 ólöglegt atkv. hafi verið framyfir, og þótt þessu sje þannig varið, segir háttv. framsm. (L. H. B.), að Guttormur Vigfússon hafi meiri hluta atkv. *hvernig sem á málið sje litið. [Lárus H. Bjarnason:* Já, og stend við það). Nei, háttv. þm. getur eigi staðið við það, það er að eins ef litið er á málið frá *einni* hlið, að hann hefur meiri hluta atkv. sem sje frá þeirri hlið, að ólöglegu atkv. sjeu talin með. Hvað verður af amtmannsálitinu, ef svona er farið að? Nefndin talar eigi um annað en formgalla, þótt það sje bersýnilegt, eptir því sem jeg hef sagt, að hjer er um meira að ræða. Það er fullkomlega rjett, að brot þau, sem hjer ræðir um, mega með engu móti teljast framin af þm. sjálfum. En hvað verður af lögum og rjetti, ef þannig er litið á málið?

Framsögum. sagði, að 3. gr. þingskapanna bannaði það að hrófla nokkuð við kosningu 1, þm, S.-Múl (Ó. Th.), en sú gr. sýnir einmitt hið gagnstæða, því að greinin gjörir ráð fyrir kærum,, sem snerta kosningar, sem þegar hafa verið teknar gildar. Getur nú nokkur maður neitað því, að kæran út af kosningunum í Suður-Múlasýslu snerti líka kosningu 1. þm. þess kjördæmis (Ól. Th.)? Allir hljóta að játa það. Mjer finnst þetta svoddan dæmalaus brjóstgæði gagnvart þessum þm., sem hjer kemur fram, að það verði alls eigi tekið til greina og eigi ekki við, því að háttv. þm. sitja þó sannarlega eigi á þingi sín vegna eða dagpeninga sinna vegna, heldur sökum kjósenda sinna, og jeg fæ eigi sjeð með nokkru móti, að kjósendur þessa kjördæmis eigi það skilið, að þetta sje gjört fyrir þá. Allir helztu menn sýslunnar, nefnilega hreppsnefndarmennirnir eru í sökinni, og það er rjettlátt og sjálfsagt, að þeir líði fyrir það. Jeg álít því, að rjett sje, að breyt.till. á þskj. 114 nái fram að ganga, og jeg vona, að sú verði niðurstaðan hjá hinu háttv. alþingi, því að annars er það sýnilegt, að kosningar, sem eru algjörlega ógildar, eru teknar gildar, það er sýnilegt, að lög og rjettur er fótum troðinn, ef alþingi tekur allar kosningar gildar, einungis ef viðkomandi þm. fær kjörbrjef og nær að stiga fæti sínum í þingsalinn. Er það til að skapa virðingu fyrir löggjafarþingi landsins hjá þjóðinni, að hún sjer, að löggjafarnir sjálfir eru fyrstir til að fótum troða og virða að vettugi lög þau, er þeir sjálfir hafa sett. Ef þessi kosning verður samþykkt, verður það til stórminnkunar fyrir þingið, og

til þess að sljófga rjettlætistilfinningu þjóðarinnar; henni mun finnast, sem von er, að henni sje eigi vandgjört, þegar fulltrúarnir ganga á undan með þessu eptirdæmi. Jeg vona því, að hjer finnist nægilega margir þm. sem eigi vilji vinna að þessu, og hafi það hugfast, að þm. sitja eigi sjálfs sín vegna á þingi, og að það er nauðsynlegt að ónýta þessa kosningu til þess að halda í heiðri lögum lands og rjetti.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.): Það er undarlegt, að andstæðingaflokkurinn skuli eigi hafa sent neinn af lögfræðingum sínum út af örkinni, til þess að tala fyrir sig í þessu máli, því að, ef svo hefði verið, hefðu vafalaust komið fram færri vitleysur en komu fram í ræðu háttv. 2. þgm. G.-K. (V. G.).

Háttv. þm. vildi gjöra lítið úr gjörðum nefndarinar, og fannst hún enda hafa verið vilhöll, en hjelt mjög fram skýrslu og útreikningi Páls sál. Briems um málið. Jeg skal verða manna seinastur til að hallmæla Páli sál Briem amtmanni. Hann var heiðursmaður og merkismaður, en hefur þó skjátlast hjer. Það er ranghermt, að nefndin hafi ekki skoðað skýrslu amtmanns og útreikning. Nefndin rannsakaði hana alla mjög ítarlega, ekki jeg einn heldur nefndin öll. Vjer töldum atkvæðin saman allir 5 nefndarmenn og bárum þau saman, og urðum einmitt við þá rannsókn varir þess, að bæði amtmaður og kjörstjórn höfðu reiknað rangt. Amtmaður hefur sem sje sett dæmið alveg skakkt upp. Hann hefur gengið út frá því, að aukaskrárnar og þær einar væru alveg ólöglegar, en aukaskrárnar eru, eins og jeg hef sýnt, engu rangari en aðalskrárnar, enda hafa báðir, 2. þm. S.-Múl. og hr. sýslumaður Tulinius fengið atkv. þaðan. Þess vegna er ekkert byggjandi á tölum þeim, er standa í skýrslunum frá amtmanni, en þetta hefur háttv. 2. þm. K.-G. (V. G.) eigi athugað.

Hvað viðvíkur hinum ólöglegu atkv., sem háttv. sami þm. gjörði svo mikið veður út af, verð jeg að minna hann á, að allir þeir sem kusu stóðu á kjörskrá, og í 13. gr. kosningarlaganna stendur, að þeir, sem eru komnir á kjörskrá, eiga heimtingu á að fá að greiða atkvæði, svo lengi sem þeir eru eigi feldir burt með dómi, en hjer er enginn slíkur dómur fyrir hendi.

Það sem sami þáttv. þm. sagði um 3. gr. þingskapanna er líka markleysa ein. Kærurnar út af kosningu 2. þm. S.-Múl. (G. V.) snerta ekki í minsta máta kosningu 1. þgm. S.-Múl. (Ól. Th.); kosning hvors þm. í 2 manna kjördæmunum er í rauninni alveg sjálfstæð. Það er að eins gjört af praktískum ástæðum, að kjósa báða þm. í einu, en það er engin nauðsyn á því, það gæti liðið langur tími á milli, enda heimtar 3. gr. þingskapanna, að báðar kosningarnar sjeu kærðar, sbr. orðin: »kæ*rur*, sem snerta kosningar«.

Og hvað viðvíkur afleiðingunum, sem þessir háttv. þm. óttast svo mjög, þá vil jeg benda honum á þær afleiðingar, er kynnu að renna af því, að kosningar væru ónýttar fyrir afglöp kjörstjórna. Afleiðingarnar gætu orðið þær, að kjörstjórnir höguðu sjer líkt og kjörstjórnin í Suður-Múlasýslu, bara til þess að hættulegur mótstöðumaður yrði sendur heim. Og mjer er spurn: Væru þær afleiðingar betri en grýlur þingmannsins.

Jeg held því þess vegna fast fram, að Guttormur Vigfússon hafi fengið meiri hluta atkv. *hvernig sem á málið er litið*, og að vilji kjósenda hefur þannig komið í ljós, enda þótt allar formreglur fyrir undirbúningi kosningarinnar hafi verið brotnar, og legg það svo

öruggur á vald þingsins að gjöra upp milli mín og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.).

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 114, feld með 29 : 12, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk nokkurra þm., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jakobsson,	Ágúst Flygenring,
Jón Jónsson,	Árni Jónsson,
Magnús Andrjess.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Björn Kristjánsson,
Sigurður Jensson,	Björn M. Ólsen,
Sigurður Stefánss.,	Eggert Pálsson,
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	Guðjón Guðlaugss.,
Valtýr Guðmundss.,	Guttormur Vigfúss.,
Þorgr. Þórðarson,	Hannes Havstein,
Þórh. Bjarnarson.	Hermann Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Kristjánss.,
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef. 2. þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórarinn Jónsson.

Breyt.till. á þskj. 106 feld með 28 : 9, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk nokkurra þm., og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson,
Jóh. Jóhannesson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Ágúst Flygenring,
Ólafur Ólafsson,	Árni Jónsson
Sigurður Stefánss.,	Björn Bjarnarson,
Skúli Thoroddsen,	Björn M. Ólsen,
St. Stef. 2. þm. Skgf.,	Eggert Pálsson,
Valtýr Guðmundss.,	Guðjón Guðlaugss.,
Þorgr. Þórðarson,	Guðl. Guðmundss.,
	Hannes Hafstein,
	Hermann Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jakobsson,
	Jón Jónsson,
	Jón Magnússon,
	Jón Ólafsson,
	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Andrjesson,
	Magnús Kristjánss.,
	Magnús Stephensen,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Sigurður Jensson,
	St. Stef. 2. þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórarinn Jónsson,
	Þórhallur Bjarnas.

Tillaga nefndarinnar um að láta við svo búið standa með kosningu Guttorms Vigfússonar sþ. með 24 : 9.

Tillaga nefndarinnar um að fela stjórninni að gera þær ráðstafanir, sem henni þykir við eiga út af samning kjörskránna í Suður-Múlasýslu fyrir kosninga-tímabilið 1902—3 og frammistöðu kjörstjórnar og sjerstaklega kjörstjóra við alþingiskosningu þar 3. júní 1903, samþ. með 26. samhlj. atkv.

I. Stjórnarfrumvörp.

A. Samþykkt.

1. Fjárlög 1906 og 1907.

Á 2. fundi Nd., mánudaginn 3. júlímán., lagði ráðherrann fyrir þingið frv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907.

Ráðherrann: Þegar 20 frumv. eru framlögð í einu eins og nú, eru ekki tök á því að gjöra nákvæma grein fyrir hverju þeirra við framlagninguna, enda gjörist þess ekki þörf, því að þær athugasemdir, sem jeg við þau hef að gjöra, geta eins komið fram við 1. umr. þeirra, enda er grein gjörð fyrir þeim í hinum prentuðu athugasemdum aptan við frumv., og get jeg skýrskotað til þess, sem þar er sagt. Jeg ætla því í þetta skipti að eins að drepa lauslega á þau frv., er sjerstaklega varða fjárhaginn, og er það aðallega sjálft fjárlagafrumvarpið.

Það er ekki skemmtilegt að þurfa að byrja á því að leggja fram fjárlagafrumvarp með áætluðum tekjuhalla. En þeir, sem muna eptir fjárlögunum á síðasta þingi og vita, hversu ómögulegt þá reyndist að fá tekjurnar til þess að hrökkva fyrir útgjöldum þeim, er ekki þótti mega hjá komast, munu þó ekki kippa sjer svo mjög upp við það, þó söm hafi orðið raunin á við samningu þessa frumv., ekki sízt þegar þess er gætt, að í þessu frumv. er farið fram á stóra fjárveiting til talsímalagningar um endilangt land, sem ætlazt er til að verði fullborguð meðal gjalda fjárhagstímabilsins.

Áður en jeg vík að frumv. því, sem nú verður lagt fyrir þingið, vil jeg leiða athygli að landsreikningnum fyrir 1902 og 1903, sem nú hefir verið útbýtt. Reikningar þessir sýna, að þótt gjört væri ráð fyrir tekjuhalla að upphæð 133,000 kr. í fjárlögunum fyrir það fjárhagstímabil og jafnvel þótt borga þyrfti á fjárhagstímabilinu auk þess, er fjárlög greindu, 175,366 kr. eptir fjáraukalögum og nýjum lögum, varð samt tekjuafgangur, og hann eigi all-lítill: 230,304 kr. 02 au. Tekjurnar urðu sem sje meira en $^1/_2$ millión umfram áætlun. Þessi útkoma stafaði sumpart af höppum, svo sem sölu frímerkja, er gaf af sjer á 2. hundrað þúsundir kr. fram yfir það, sem venjulegt er. En mest stafaði hún af því, að tekjurnar voru óvanalega lágt áætlaðar í fjárlögunum. Þannig var í tekjuáætluninni ekkert tillit tekið til væntanlegs tekjuauka af hækkun á vínfangatolli um $33\,^1/_3\,\%$, sem kom í gildi rjett fyrir áramótin 1902. Ekki var heldur tekið tillit til væntanlegrar tekjuhækkunar, sem stafaði af hækkun á útflutningsgjaldi af hvalafurðum um $66^2/_3$, sem þó komu þegar í gildi árið 1900, og kaffi- og sykurtollurinn var áætlaður 118 þús. kr. lægri en raun varð á. Á síðasta alþingi var *áætlunin* á tekjunum hækkuð svo, að alls nam 168 þúsundir kr. uppfærslu á henni, án þess tekjustofnarnir væru hækkaðir að neinu verulegu. Það var því þegar fyrirsjáanlegt, að jafnvel þótt tekjur yrðu jafnmiklar og á síðasta fjárhagstímabili, þá hlyti skarðið, sem hjyggist í áætlaðan tekjuhalla að verða 168 þús. kr. minna, en með þeirri áætlun teknanna, sem áður var. Samt varð ekki hjá því komizt, að gjöldin í fjárlögunum færu á 500 þús. kr. fram

yfir tekjuáætlunina, auk alls þess, er greiða þurfti samkvæmt nýjum lögum, enda var heimild veitt til 500 þús. kr. lántöku til þess að standast gjöldin.

Þó að þannig væri ekki sem glæsilegast útlitið, þegar stjórnarskiptin urðu, litur út fyrir, að betur ætli að rætast úr en á horfðist. Lántökuleyfið hefur ekki þurft að nota, og árið, sem liðið er af yfirstandandi fjárhagstímabili, 1904, hafa tekjurnar farið fullar 202 þús. kr. fram úr hinni hækkuðu áætlun, svo að tekjuhallinn á árinu er ekki nema 115 þús. kr., jafnvel þótt ársútgjöldin hafi numið fullum 117 þús. krónum meira en helmingi þess, sem veitt er fyrir fjárhagstímabilið. Þannig er á árinu 1904 þegar búið að greiða yfir 74 þús. til útrýmingar fjárkláðans, yfir 40 þús. til Jökulsárbrúar, undir 30 þús. til Lagarfljótsbrúar; enn fremur yfir 40 þús. til gagnfræðaskóla á Akureyri, sem ekki stóð á fjárlögunum; 16—18 þús. til breytingar á stjórnarráðshúsinu og útbúnings þess, 10 þús. kr. fyrir mæling og merking báta o. sv. frv. — En þessi útgjöld koma ekki fyrir aptur eða verða að minnsta kosti ekki eins há síðara fjárhagsárið, og virðist því mega búast við, að tekjuhalli fjárlagatímabilsins fari í öllu falli ekki mikið fram úr 200 þús. króna, ef hann verður svo mikill.

Þessi tekjuauki stafar aðallega af því, hve tollar hafa greiðzt betur en á horfðist. Þannig hefur útflutningsgjald á árinu 1904 gefið 27 þús. kr. um fram áætlun, áfengistollur 44 þús. kr. um fram áætlun, tóbakstolluriun 16 þús. kr., og kaffi- og sykurtollurinn um 37 þús. kr. um fram áætlun. Enn fremur hefur nokkurt fje fengizt — jeg býst við 8—9 þús. kr. — með því að ávaxta landssjóðsfje á hlaupareikningi í bönkunum. Eign landssjóðs við árslokin 1904 var þannig:

1., í skuldabrjefum viðlagasjóðs	910,656 kr.
2., innritunarskírteini . .	215,200 —
3., veðdeildarbrjef . . .	100,000 —
4., í landsbanka á hlaupareikningi fyrir 2½ % .	290,000 —
5., í Íslandsbanka . . .	69,000 —
6., í sjóði	260,578 —
7., hjá lífsábyrgðarstofnunum	10,000 —
Það verða samtals .	1,855,434 —
Hjer frá dregst skuld til ríkissjóðsins . . .	150,000 —
Eru þá eptir . . .	1,705,434 kr.

og er þá talið að jöfnu tekjueptirstöðvar landssjóðs og innkomið en óútborgað póstávísanafje. Fjárhagur landssjóðs er þannig í raun og veru ekki ískyggilegur í bráðina, en þó er auðvitað nauðsyn á, að fara varlega í að auka útgjöldin, og er vonandi, að þingið fari hægt í sakirnar að auka gjöldin frá því, sem er í frumvarpi stjórnarinnar. Það mun þannig ráðlegra, að takmarka sig við það, sem þegar er byrjað á, en að brjóta upp á of mörgum nýjungum, svo hver framfaraviðleitnin drepi ekki aðra.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta fjárhagstímabil, sem jeg hef þann heiður að leggja hjer með fram fyrir þingið, er tekjuáætlunin enn hækkuð þannig, að hún er um 87 þúsund kr. hærri á fjárhagstímabilinu en í núgildandi fjárlögum, og er þar farið eptir því, sem þykir mega búast við í hæsta lagi eptir meðaltali 3 undanfarinna ára. Aðalupphæð teknanna er áætluð . . . . . 1,755,610 kr.
En gjöldin eru . . . 2,130,444 —
Tekjuhallinn verður þannig 374,834 —
En meðal frumvarpa þeirra, er jeg legg fram í dag, er frumv. til laga um

tollhækkun, sem á að bæta úr tekjuhalla þessum, að minnsta kosti í bráðina.

Viðvíkjandi þeirri meginstefnu, sem fylgt hefur verið í frumv. þessu, er það eitt að segja, að hún er lík og í núgildandi fjárlögum, og yfir höfuð hefur það verið vilji stjórnarinnar, að fylgja í öllum meginatriðum stefnu þess flokks, er hún styðst við. Og þar sem mig minnir, að stefnuskrá þess flokks væri ekki í verulegum atriðum frábrugðin stefnuskrá hins flokksins, að því er landsmál snertir, má ætla, að ekki beri mikið á milli um aðalstefnu frumvarpsins.

Jeg skal leyfa mjer að nefna einstöku aðalupphæðir gjaldamegin. — 1. Til hinnar æðstu stjórnar 48 þús. kr. á ári. Munurinn á því og hinu, er sparast við niðurlögð embætti, er hjer um bil 6 til 7 þúsund kr. á ári. 2. Til samgöngumála 795,232 kr. á fjárhagstímabilinu, sem er um 94 þús. kr. meira en á núgildandi fjárlögum. 3. Til alþýðufræðslu 119,900 kr. Mismunurinn á þessari áætlun og hinni síðustu, 22,200 kr., er ætlaður til umgangskennslu og barnaskóla. 4. Til verklegra fyrirtækja 247,100 kr., í fyrra 238,200. Hækkunin nemur þannig 8,900 kr.

Tölur þessar nægja til þess að sýna, að stjórnin hefur við samningu þessa frumvarps haft hugföst þau meginatriði, sem mest áherzla er lögð á í þeim flokki, er jeg fylli, efling atvinnuvega, samgangna og mennta, í einu orði: menning þessa lands.

Með þessum orðum leyfi jeg mjer að afhenda háttv. forseta frumvörpin til útbýtingar meðal þingmanna deildarinnar.

Forseti: Eins og opt hefur verið tekið fram, hefur alþingi með stjórnarskipunarlögunum frá 3. október 1903 fengið aukið vald. En eins og drepið er á í boðskap konungs til alþingis fylgir auknu valdi aukin ábyrgð. Eitt af því, sem alþingi mun þykjast eiga heimting á, er, að ráðherrann beri upp fyrir konungi til staðfestingar lög þau, sem það samþykkir, en til þess að alþingi geti átt heimting á því, verða lögin að vera frambærileg, svo að ráðherrann geti með góðri samvizku lagt með staðfesting þeirra. En þar af leiðir, að ekkert flaustur má verða á lagasmíðinni nje meðferð málanna í deildinni. Ekki er vert, eins og áður hefur tiðkazt, að keyra frumvörpin í flýti í gegnum þingið. Það verður því að íhuga málin vandlega og má ekki hrúga of mörgum frumv. á dagskrá í einu. Það hefur verið svo áður, að 10—12 mál hafa opt staðið á dagskrá; þm. hafa því engan tíma haft til þess að kynna sjer þau til hlítar og eins og bar, og hafa því opt komið svo á fundi, að þeir hafa ekki getað verið búnir að íhuga málin. Jeg ætla því að breyta í því efni frá því, sem fyrirrennarar mínir hafa gjört, og gjöra mjer það að reglu, að taka venjulega ekki meir en 4—5 mál á dagskrá í einu.

Á 3. fundi Nd. 4. júlímán. kom fjárlagafrv. til 1. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 7 manna nefnd, og að umræðunni verði frestað.

Forseti: Það er komin fram áskorun frá 9 þm. um hlutfallskosningu; greidd verða 25 atkv. og er því hlutfallstalan 3.

Kosnir voru í fjárlaganefnd:
Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.).
Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.).
Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.).
Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.).
Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.).

Jón Jónsson (þm. Sfjk.).
Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.).

Framh. 1. umr. í Nd. alþingis mánudaginn 7. ágúst (A. 243, 244, 278).

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræða nú, að eins minnast ögn á málið í heild sinni.

Hæstv. ráðh. skýrði við byrjun 1. umr. frá fjárhagsástandinu, og hann gjörði það svo ljóst og vel, að jeg álít þýðingarlaust að fara út í það aptur nú. Það mun láta nærri, að tekjuhallinn verði svipaður fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil, eins og tekjuafgangurinn fyrir fjárhagstímab. 1902—1903. Það má heita, að hann standi í stað á 2 næstliðnum fjárhagstímabilum.

En jeg ætla að minnast á stefnu þá, sem fjármálin taka eptir frumv. því, sem nú liggur fyrir. Það var rætt um hana við umræður fjárlaganna 1903, og þá var af framsm. bent á þá stefnu, sem alþingi hefir fylgt í fjármálum landsins undanfarin 20 ár, en hún hefur ávallt verið sú, að hækka stöðugt útgjöldin til hinna svo nefndu menningarmála þjóðarinnar, til samgangna, atvinnuvega, alþýðumenntunar, visinda, lista og heilbrigðismála. Fjárframlögunum var skipt í 10 flokka, en af þeim eru það þessir 5 flokkar, er jeg nefndi, sem aðalaukningin hefur orðið á. Stefna stjórnarfrumv. nú er sú sama sem að undanförnu, svo að ekki hefur þar orðið vart við neina stefnubreytingu frá því, sem þingið hefur fylgt fram. Að eins í einu tilliti verður sagt, að stjórnin hafi vikið nokkuð frá þessari stefnu, nefnilega í vegamálum. Stjórnin álítur, að ekki sje hægt að ætla eins mikið til vegagjörðar að þessu sinni eins og að undanförnu, af því svo mikið fje fari til hins væntanlega ritsímasambands, og einkum þó vegna þess vinnukrapts, sem tekst frá vegagjörðum til hennar; fellst fjárlaganefndin á það. En að öðru leyti er stefna stjórnarinnar hin sama og þingsins hefur verið, ekki ör nje óhófleg í neinum atriðum, heldur lýsir hún sjer í sigandi hækkun á þessum sjerstöku greinum fjárlaganna, sem jeg nefndi.

Þegar litið er á tillögur fjárlaganefndarinnar, kemur hið sama í ljós. Nefndin hefur ekki fundið ástæðu til að auka útgjöldin að neinum mun nje gjöra neitt nýtt skref fram á við. En hún hefur heldur ekki fundið ástæðu til hins, að draga úr neinu verulegu. Hún heldur í sömu átt og áður, að draga ekki úr, en fara þó hægt fram á við, og hún hefur í öllum aðalatriðum miðað við það, sem áður var.

Eptir lauslegu yfirliti nema hækkunartillögur nefndarinnar á útgjöldum framyfir stjórnarfrumv. . . 114 þús. kr.
en lækkunin á útgjöldum, að tillaginu til gufuskipafjelagsins undanteknu . . . 47 — —
Þannig ætlast nefndin til, að útgjöldin hækki um . . 67 þús. kr.
sem er helmingi minna en hjá fjárlaganefndinni 1903.

Hækkunin á útgjöldunum er aðallega falin í þessum útgjaldaliðum:
til póstmála allt að 19,000
— vísindastyrkja yfir 23,000
— verklegra fyrirtækja allt að 40,000

Til þess að sannfærast um nauðsynina á að hækka þessa útgjaldaliði, er gott að átta sig á tillögum þeim og bænarskrám, sem beint hefur verið til þingsins í fundargjörðum og umsóknum frá sýslufjelögum og einstökum mönnum. Þær liggja nú allar til sýnis á lestrarsalnum. En þær ganga allar í þá sömu átt, að sinna meira og í ríkulegri mæli öllum framfaramálum landsins. Jeg hefi ekki talið saman,

hve miklu allar þessar fjárbænir nema; þær nema sjálfsagt nokkrum 100 þús. En aðalstefnan, sem kemur í ljós í þeim öllum, er þó sú, að menn krefjast meira fjár til framfarafyrirtækja. Það hefur minna bólað á nú en opt áður, að menn sæktu mjög um launaviðbætur, eptirlaun, ellistyrk eða þess háttar. Í kröfum sínum til framfarafyrirtækja eru menn aptur á móti stórtækari. Má því heita, að nú stefni allir í sömu átt: undanfarin þing, stjórnin, hjeruðin og einstaklingarnir, þó hjeruðin og einstaklingarnir, eins og vant er, sjeu kröfuharðastir.

Að því er snertir fjárhaginn, hefur stjórnin gjört ráð fyrir, að tekjuhallinn á næsta fjárhagstímabili nemi nálægt . . . . . 375 þús. kr.
en eptir tillögum nefndarinnar minnkar hann um allt að . . . . . 90 — —
og verður hann þess vegna á að gizka með því, sem tekjuáætlunin er aukin, og því, er sparast við lækkunina á tillaginu til gufuskipaferða . . . . . 285 þús. kr.

Fyrir þessum tekjuhalla á tollhækkunin samkv. hinum nýsamþykktu lögum að hrökkva, en vitanlega er ósjeð enn, hvað samþykkt verður af öðrum lögum, er krefja aukinna fjárframlaga. Vonandi er þó, að þingið vilji virða nokkurs skorður þær, sem stjórnin og fjárlaganefndin hafa leitazt við að halda fjárhagnum í, sem sje þær, að einskorða fjárveitingarnar við það, sem tekjurnar hrökkva. Sú regla hefur líka orðið ofaná að undanförnu, regla, sem enginn mun hafa neitt á móti, og fjárlaganefndin einnig að þessu sinni hefur aðhyllzt í tillögum sínum. Hún hefur því engan gaum gefið mörgum fjárbænum, þó hún telji þær nauðsynlegar og hefði löngun til að uppfylla þær. Jeg hygg, að þetta sje regla, sem nauðsynlegt er að hafa hugfasta, og jeg vona, að háttv. þingdm., er þeir koma fram með breyt.till. sínar, hafi þessar skorður fyrir augum, eða bendi að öðrum kosti á, að spara megi á öðrum liðum eða á einhvern hátt auka tekjurnar að sama skapi. Deildin og hinir einstöku þm. verða að hafa það fyrir augum, að tekjur og útgjöld standist á. Það er sú meginregla, sem vjer verðum að fylgja í fjármálum vorum.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Eins og menn hafa sjeð af nefndarálitinu, hefur fjárlaganefndin ekki enn getað látið uppi álit sitt um eitt stórmál, — ritsímamálið, þar sem nefndin í hraðskeytamálinu hefur enn ekki getað lokið störfum sínum. En meðan svo stendur, er ekki hægt að gjöra sjer glöggva hugmynd um, hvernig fjárhagurinn muni verða. Allt veltur á því, hvernig það mál fer, og þessvegna er rjettast að geyma allar almennar hugleiðingar út af fjárlögunum, þangað til sjeð verður, hvernig það snýst, og skal jeg því ekki að sinni fara neitt út í fjárhagsástand landsins. En þar sem það er þingvenja, við framhald 1. umr. fjárlaganna að ryfja upp hjá sjer hið pólitiska ástand og hinar pólitisku horfur, þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um það efni.

Það er nú í 1. skipti við slíkt tækifæri, að vjer þm. erum svo heppnir, að hafa ráðherrann á meðal vor, og má oss öllum vera það gleðiefni, því að undanförnu höfum vjer fundið sárt til þess, opt og einatt, að ráðherrann var fjarverandi, svo að öll samvinna milli þings og stjórnar varð því miklu örðugri en ella, og mátti heita nær ómöguleg. En nú er bætt úr þessu, og þar sem fulltrúar þjóðarinnar standa augliti til auglitis við ráðherra Íslands, getur stjórnin gefið þinginu margar

bendingar, sem að gagni mega verða, og fulltrúarnir geta vikið að ýmsu, sem ábótavant þykir, og er því meiri von, að aðfinningar við stjórnina geti borið betri ávöxt, en að undanförnu, þegar ráðherrann var hvergi nálægur.

En þó að þetta sé oss öllum gleðiefni, og enginn vafi leiki á því, að þessi samvinna þings og stjórnar hljóti að leiða til góðs, þá er ekki þar með sagt, að hún hljóti að verða eintóm ánægja. Því er nú svo háttað í lífinu, að blitt og stritt skiptist á, og það er óefað bezt, að svo sje, því að ef allt lífið væri eintóm ánægja, þá er hætt við, að það leiddi til kyrrstöðu og framfaraleysis. Óánægjan er einmitt aðallyptiaflið, sem knýr einstaklinginn til betrunar og þjóðfjelögin til framfara. Jeg skal fúslega játa það, að sá sess, sem ráðherrann situr í, er vandsetinn, og er ekki svo hægur, sem sumir kynnu að ætla, og hlýtur því í þeim sessi opt að ásannast það, sem sagt er, að:

»ekki er hollt að hafa ból
heðar upp á jökultindi«.

Þangað er beint mörgum skeytum, og sumum þeirra ekki sem allra þægilegustum, svo að sá er því ekki öfundsverður, er þann sess skipar.

En áður en jeg vík nokkuð að aðgjörðum stjórnarinnar, er mjer virðast aðfinnsluverðar, ætla jeg fyrst að taka það fram, að þó að vjer, sem erum í mótflokkinum, finnum að hinu og þessu, þá má stjórnin ekki ímynda sjer, að þær aðfinnslur vorar sjeu sprottnar af persónulegri óvild og hatri. Jeg las það nýlega í »Norðurlandi«, að einhver ummæli í þá átt voru höfð eptir hæstv. ráðherra. En jeg vona, að þau ummæli hans hafi verið töluð í bráðræði, og að þau hafi ekki átt sjer dýpri rætur.

Það er að vísu skiljanlegt, þegar andstæðingar stjórnarinnar finna að gjörðum ráðherrans, að honum þyki þá ef til vill stundum kenna þar nokkurs kulda. En mjer dettur í hug vísa eptir eitt góðskáld vort, Stgr. Th.:

»Opt finnst oss vort land eins og hel-
farar hjarn,
en hart er það að eins sem móðir við
barn,
það agar oss strangt með sín ísköldu
jel,
en á samt til blíðu, — það meinar allt
vel!

Jeg get skilið, að ráðherrann, hver sem hann er, kunni að finna til kulda, og þykja jelin nöpur, uppi á heðartindinum, en hann verður að hafa það hugfast, að meiningin í öllu saman er þó góð. Hann verður að minnast þess, að þessi »ísköldu jel« í blöðum og í ræðum stjórnarandstæðinganna eru að eins í því skyni, að reyna að aga stjórnina, og gjöra hana landinu holla, og ef stjórnin fær þann skilning á starfi stjórnarandstæðinga, að það sje sprottið af sama þeli og sömu viðleitni, til þess að efla heill og heiður fósturjarðarinnar, eins og gjörðir stjórnar eiga að spretta af, og að einnig þeir leitast við að haga sjer, eins og þeim finnst rjett, þá er jeg viss um, að árangurinn af samvinnu þings og stjórnar, stjórnarinnar og stjórnarandstæðinganna, verður meiri og happasælli, en ella.

Þetta ætla jeg nú að biðja hæstv. ráðherra að hafa hugfast, þegar að jeg vík nokkrum orðum að þeim gjörðum hinnar nýju stjórnar, sem jeg og flokksbræður mínir hafa fellt sig miður vel við. Jeg skal taka það fram, að það, sem jeg nú segi, er á engan hátt af persónulegum hvötum sprottið, heldur borið fram í nafni þingflokks,

sem að visu er fámennur hjer á þingi, en hefur öflugt fylgi hjá þjóðinni, fylgi, sem fer sívaxandi.

Ráðherranum og háttv. þingdeildarmönnum mun eigi hafa dulizt, að í landinu er vöknuð töluverð óánægja, er beinist að ýmsum gjörðum stjórnarinnar, *einkum að framkomu hennar út á við*. Mönnum hefur virzt framkoma hæstv. ráðherra gagnvart dönsku stjórninni nokkuð á annan hátt, en æskilegt var; mönnum hefur fundizt, að hann ljeti sjer annara um það, að fara eptir vilja danskra valdhafa, en sönnum hagsmunum og sóma hinnar íslenzku þjóðar. Þykir þetta hafa komið einna átakanlegast í ljós í þrem málum: í hinu svonefnda undirskriptarmáli, í ritsímamálinu og sýningarmálinu.

Vjer, sem setið höfum á undanförnum þingum, munum það líklegast allir, hversu ríka áherzlu flokkur sá, sem ráðherrann styðst við, lagði á það, að íslenzk sjermál væru ekki borin fram í ríkisráði, og kæmu að engu leyti undir atkvæði dönsku stjórnarinnar, og það var einmitt þetta, sem aflaði flokknum mjög öflugs fylgis hjá þjóðinni. En þegar þingið, til þess að öðlast stjórnarbreytinguna, sá sig knúð til þess, að taka ríkisráðs ákvæðið upp í stjórnarskrána, sætti það sig þó einkum við þetta, vegna fullyrðinga núverandi ráðherra um það, að Íslands ráðgjafinn yrði skipaður með undirskript ráðherra Íslands, og eingöngu á hans ábyrgð, og að danskir ráðherrar ættu ekki atkvæði um íslenzk sjermál, enda fullyrti núverandi ráðherra, að svo framarlega, sem stjórnin ekki mótmælti þeim skilningi, hlyti þingið að skoða hann sem þegjandi samþykktan. Og engum kom annað til hugar, en að ráðherrann mundi láta sjer annt um, að framfylgja þessum skilningi sínum, sem jafnframt var vilji þings og þjóðar. En það hefur nú farið á annað veg. Jeg og þeir, sem á sama máli eru, lítum svo á, sem framkoma ráðherrans í þessu máli sje ekki einungis í ósamræmi við hans fyrri framkomu, heldur komi hún líka í bága við stjórnarskrána og yfirlýstan vilja alþingis.

Vjer lítum svo á, sem undirskriptarmálið sje afar þýðingarmikið mál, sem sjálfræði og sjálfsstjórn þjóðarinnar stafi mikil hætta af, því þegar forsætisráðherra Dana á að skrifa undir skipun ráðherra vors, finnst oss verða ærið lítið úr þingræðinu. Því þurfi konungur að fá undirskript forsætisráðherrans, getur hann ekki skipað neinn sem ráðherra Íslands, án þess danski forsætisráðherrann sje því samþykkur. En vjer höfum engin tök á honum, og það er engin trygging fyrir því, að hann taki nokkurt tillit til vilja þingsins.

En jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um mál þetta að sinni. Það stendur til, að það komi fram í öðru formi hjer á þinginu, og er þá þess að bíða. Að eins skal jeg geta þess nú, að kveðja konungs til alþingis hefur enga þýðingu í þessu efni, því að þar er þess að eins getið, að málameðferðin í ríkisþingi Dana hafi engin áhrif á, hver ráðherra verði á Íslandi; en þar stendur ekkert um það, að danskir *ráðherrar* geti ekki haft áhrif á skipun ráðherra vors, og þá sjerstaklega forsætisráðherra Dana, enda sýnir undirskript hans undir skipunarbrjef ráðherra Íslands, að slíkt vald telur hann sig hafa.

Menn kunna nú ef til vill að segja, að undirskript forsætisráðherrans geti ekki haft neina þýðingu í framkvæmdinni. En ef þingið vill fá ráðherra, sem dönsku stjórninni er lítið gefið um, af því að hann fylgir t. d. »sep-

aratistiskri« stefnu, dregur meira taum íslenzkra hagsmuna en alríkisins, þá er hætt við því, að rjettur forsætisráðherrans danska gæti orðið ærið tilfinnanlegur, og komið illa niður á Íslendingum.

Jeg tel sennilegast, að í raun og veru hafi það verið athugaleysi og gleymska hjá hæztv. ráðherra að kenna, hversu til tókst með ráðherraskipunina, svo að ekki sje vert að gefa honum mikla sök á því. En hitt er síður afsakanlegt, að hann hefur ekki enn þá viðurkennt, að þetta hafi verið rangt og heimildarlaust, þar sem bæði hann sjálfur og blöð hans halda því fram, að þetta hafi verið rjettmætt og löglegt þrátt fyrir öll þau mótmæli, sem fram hafa komið hjer á landi. Jeg lít því svo á, sem hæztv. ráðherra hafi í þessu máli fremur litið á hag og vilja danskra valdhafa, en á hag og vilja hinnar íslenzku þjóðar; en þetta kemur enn betur í ljós í ritsímamálinu. Samningurinn, sem hæztv. ráðherra gjörði í september 1904, er gjörður án heimildar í fjárlögum landsins. Allur ágreiningur um þessa heimild, eða heimildarleysi hlýtur að þagna, þegar menn lesa brjef, sem hæztv. ráðherra skrifar til danska ráðgjafans Hage 30. júní 1904; í því brjefi lýsir hann því yfir, að þar sem þingið 1903 hafi breytt fjárveitingunni til ritsíma, þá vanti formlega heimild til að gjöra samninginn. En þar sem svo stóð á, að hæztv. ráðherra hafði ekki þessa heimild, þá lá beinast við, að boða til aukaþings eða láta málið alveg bíða til næsta þings, og við þá bið hefði ekkert tapazt. Að ekkert hefði tapazt við biðina, má sjá af brjefi frá Hage 11. ágúst 1904, og á brjefi frá forstjóra norræna ritsímafjelagsins 15. sept. 1904, því þau brjef bera með sjer, að ef samningurinn hefði ekki verið gjörður, þá hefði afleiðingin ekki orðið önnur, en ekki hefði verið auðið að framkvæma verkið fyr en 1906 eða 1907, svo að ekki var þá hundrað í hættunni.

Það var því sjálfsögð skylda ráðherrans að boða til aukaþings; þá hefði málið að eins dregizt litið eitt, en fjelagið hefði verið jafnfúst til samninga eptir sem áður, og það því fremur sem það hefur tekizt nokkurskonar skuldbinding á herðar í þessu efni. Þetta bera brjef fjelagsins með sjer, því að þegar það sótti um framlengingu einkaleyfis til símalagningar milli Englands og Danmerkur, og milli Danmerkur og Svíþjóðar og Noregs, þá lofaði það, að koma á ritsímasambandi til Íslands.

Jeg lít svo á, sem fjárveitingarvald þingsins sje svo mikilsvert, að þingið geti ekki sætt sig við, að fjárveitingarvaldi þess sje traðkað, eins og ritsímasamningurinn gjörir.

Auk þessa eru ýms ákvæði í þessum samningi, sem engin lagaheimild er fyrir. Hvernig gat stjórnin veitt norræna ritsímafjelaginu einkarjett um 20 ár, án sjerstakrar lagaheimildar? Samkvæmt þessu einkaleyfi, sem fjelaginu er veitt, má enginn hafa loptskeytastöð í landareign sinni, til þess að senda loptskeyti út í heiminn, en til þess að leggja slíkar kvaðir á eignir í landinu hafði ráðherrann enga heimild, án sjerstakra laga. Enn fremur eru mörg ákvæði í þessum samningi, sem oss furðar á að hæztv. ráðherra skyldi undirskrifa. Einkaleyfið er veitt í 20 ár, og þó að sæsíminn sje slitinn í 4 mánuði, þá er oss fyrirmunað, að leita oss annarar bjargar; þá mega menn ekki hafa Marconi-stöð hjer í Reykjavík, nje nokkurt annað hraðskeytasamband til Evrópu-landanna.

Eptir samningnum hefur danska

stjórnin töglin og hagldirnar: ef henni sýndist svo, þá getur hún jafnvel umsvifalaust stöðvað allt samband, og þarf eigi að bera annað fyrir sig, en að almenningsöryggi heimti. Það er ekki síður viðsjárvert, að samgöngumálaráðherrann danski á að ákveða taxtana; hann hefur þegar ályktað, að 70 centimer, eða 50 aura, skuli borga fyrir hvert orð frá Íslandi til Hjaltlands; en frá Hjaltlandi til Kaupmannahafnar kostar orðið 25 aura, og verða það þá alls 75 aurar, sem eitt orð kostar hjeðan til Danmerkur. Hjer við bætist svo innanlandsgjald, sem er 7 aurar fyrir hvert orð; en auk þess þarf að borga 20 aura fyrir hvert skeyti, sem fer yfir England. Fyrir 10 orð, sem send eru frá Íslandi til Danmerkur, á því að borga um 8 kr. og 40 a., og er það geypiverð, þegar það er borið saman við taxta í öðrum löndum. Fyrir 10 orð, sem send eru frá Danmörku til Gibraltar, er borgunin 2 kr. 90 a., og fyrir 10 orð frá Danmörku til Grikklands 4 kr. 50 a. Af þessu sjest berlega, að oss er ætlað að lifa við harða einokun í 20 ár, og það verður ekki lítið fje, sem einokun þessi sópar úr vasa Íslendinga. Þetta eru nú að eins einstök atriði, og mætti telja ýms önnur, sem eru næsta varhugaverð; en jeg finn ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, því að seinna mun gefast ærið færi til þess. En jeg vildi að eins benda á þetta í dag, til að rökstyðja þá skoðun mína, að hæstv. ráðherra hafi í þessu máli fremur lítið á hag danskra valdhafa og erlends auðsfjelags, en á þarfir hinnar íslenzku þjóðar. Þegar hann skrifar brjef sitt til Hage ráðgjafa, dags. 30. júní 1904, þá heldur hann fram íslenzkum kröfum og hagsmunum, en þegar hann kemur seinna til Kaupmannahafnar, þá breytist allt í einu vetfangi.

Framkoma hins hæztv. ráðh. í sýningarmálinu hefur einnig vakið óánægju. Eptir að hæztv. ráðh. hafði sagt sig úr dönsku sýningarnefndinni, er hann sá, að þjóðin var henni móthverf, lætur hann litlu síðar í veðri vaka, er hann fréttir, að dönskum höfðingjalýð mislíkar þessi úrsögn hans, að hann hafi ekkert á móti henni, og lætur venzlafólk og vinafólk sitt styðja hana af mætti. Hjer kennir því hins sama, sem fyr; en þetta er auðvitað smávægilegt atriði, í samanburði við stórmálin.

En jafnframt því sem andstæðingum stjórnarinnar finnst hæztv. ráðh. vera fremur lítilsigldur gagnvart dönskum valdhöfum, þá finnst þeim einnig bera helzt til mikið á heimaríki hans hjer á landi. Það er sagt, að það sje einkenni þeirra búsbænda, sem eru lítilsigldir við sjer meiri menn utan heimilis, að þeir sjeu opt harðir og ráðríkir heima fyrir; en nú er það vitanlegt, að hæstv. ráðh. er bezti heimilisfaðir, og því finnst oss mjög óeðlilegt, að þjóðin skuli ekki fá að njóta hins sama frá hans hendi.

Þegar hæztv. ráðh. tók við stjórn, þá bjuggust menn við því, að hann mundi láta sjer annast um það, að koma á samkomulagi, og eyða flokkadrætti í landinu, enda voru þá allgóð skilyrði fyrir því, þar sem stefnuskrár flokkanna voru mjög svipaðar, og deilurnar fremur í rjenun. Ef hæztv. ráðh. hefði þá sett sjer það mark, að jafna ágreininginn og nota alla góða krapta, án tillits til flokkaskipunar, þá hefði betur farið. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að hæztv. ráðh. hafi í þess stað gjört sitt til þess, að halda ágreiningnum við.

Jeg hef litið svo á, sem hann geti ekki viðurkennt neitt gott utan síns eigins flokks. Um þetta finnst mjer embætta- og sýslanaveitingar hans bera mjög ljósan vottinn, þó að auðvitað sje »nulla regula sine exceptione« (þ. e. engin regla undantekningarlaus). Stjórnarráðið er, frá æzta embættismanni til dyravarðar, skipað eintómum flokksmönnum ráðherrans, að einum til tveimur undanteknum, sem litt hafa við pólitik fengizt. Bæði mjer, og öðrum finnst einnig óheppilegt, að stjórnarráðið skuli vera skipað eintómum lögfræðingum; það hefði verið miklu betra, að teknir hefðu verið færri lögfræðingar, en fleiri af þeim mönnum, sem betur eru kunnir lífi og högum manna; einkum hefði slíkra manna þurft við, sem hefðu t. d. haft vit á landbúnaðarmálum. Afleiðingin af þessum »konservativa« eða gamaldags skoðunarmáta — að ekki sje hægt að nota aðra, en lögfræðinga — er sú, að stjórnarráðið er miklu veikara, að því er snertir þekkingu á högum lands og þjóðar, en vera ætti, og þegar litið er á stjórnarfrumvörpin, sem nú hafa verið lögð fyrir þingið, að undanteknum milliþinganefndarfrumvörpunum, dylst það heldur ekki, að »resultatið« eða eptirtekjan, er ákaflega magurt.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fara að tala um veitingar einstakra embætta eða sýslana, t. d. skipun umboðsmanna í Norður-Múlasýslu og Húnavatnssýslu, skipun yfirfiskimatsmanna, póstafgreiðslumannsins á Seyðisfirði, bókarans við Landsbankann, skipanir í milliþinganefndirnar o. fl., en jeg vil að eins taka það fram, að mikill hluti þjóðarinnar álítur, að stjórnin hafi yfirleitt fylgt þeirri reglu, að gjöra flokksbræðrum sínum mat úr sem flestu. En það verða menn að játa, að það er þjóðfjelaginu hollast, að taka góða krapta, hvar sem þeir finnast. Ef þetta lag kemst á, að flokkur sá, sem að völdum situr, dregur allt til sín, og tekur sína menn allstaðar fram yfir aðra, þótt hæfari sjeu, er það mjög óviðfelldin og óheppileg stefna, sem haft getur mjög slæm og siðspillandi áhrif á upprennandi kynslóðina, og það er því miður hætt við, að stjórnin, sem síðar tekur við, geti ekki komizt hjá því, að feta að einhverju leyti í sömu sporin, þar sem byrjunin er svona.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hjelt, sem kunnugt er, allmerkilega veizluræðu 1. febr. 1904 í samsæti, er ráðherranum var haldið, og mælti þá ýmsum spámannlegum orðum. Hann minntist þá meðal annars á »innbyrðis lífsábyrgðarfjelög«, og nú er háttv. þm. sjálfur genginn inn í þetta »innbyrðis lífsábyrgðarfjelag«, sem sett var á laggirnar, þegar núverandi stjórn tók við völdum.

Þetta heimaríki stjórnarinnar, sem jeg þegar hef drepið á, hefur einnig komið fram í afskiptum stjórnarinnar af dómgæzlunni hjer á landi, þar sem stjórnin hefur látið eltast við menn með opinberum rannsóknum út af smávægilegum hjegóma, en eigi sinnt kærum yfir skoðanabræðrum sínum; en ekki vil jeg fara út í það að þessu sinni.

Jeg vona, að hæztv. ráðh. sje það nú ljóst, að óánægjan er mikil í landinu, og ef þessi orð mín gætu orðið til þess, að hæstv. ráðh. og stjórn liti hjer eptir öðrum augum á allt þetta, en hingað til, þá hafa andstæðingar stjórnarinnar ekki barizt til einskis. Það er og eitt, sem að mínu áliti spillir stórum fyrir stjórninni, og það eru blöðin, sem látast styðja málstað henn-

ar. Jeg las blaðið »Reykjavík« í gær, og eptir að jeg hafði lesið ummæli þess um bændafundinn, þá varð mjer að orði, að betra vopn gæti stjórnin ekki fengið andstæðingum sínum, en slíkar ritsmíðar; það er því mjög leiðinlegt og óheppilegt fyrir hæztv. stjórn, að verða að drattast með slík blöð.

Magnús berbeinn Noregskonungur sagði eitt sinn: »Til frægðar skal konung hafa, en ekki til langlífis«. Jeg vil enda orð mín með þeirri ósk, að ráðherrar Íslands, hvað sem þeir heita, hafi eitthvað líkt í huga, og láti sjer um það annast, að vinna þjóðinni sem mest gagn, auka frægð hennar og heiður, en láti sig hitt litlu skipta, hvort þeir sitja sjálfir lengur eða skemur í völdum.

Ráðherra: Það mun vera sjaldgæft, að tekjuhalli, áætlaður af stjórninni, hafi minnkað í höndum fjárlaganefndar hjer á þinginu; vanalega hefur verið gagnstætt því. En nú hefur það orðið uppi á teningnum. Eptir tillögum nefndarinnar hefur sá áætlaði tekjuhalli lækkað um 88 þús. kr. frá því, sem hann var áætlaður í frv. stjórnarinnar.

Þetta stafar þó ekki af því, að háttv. fjárlaganefnd hafi fellt burtu að neinum mun nje lækkað verulega upphæðir, sem stjórnin hefur farið fram á að veittar yrði, og get jeg ekki annað en verið nefndinni þakklátur fyrir það. En mismunurinn kemur aðallega af því, að nefndin hefur hækkað tekjuáætlunina um 64 þús. kr. fram yfir það, sem gjört er ráð fyrir í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, og hafði þó stjórnin gert tekjuáætlunina svo háa, sem frekast þótti unnt að treysta. Af þessu hlýtur að leiða, að tekjuhallinn eptir fjárhagstímabilið verður reikningslega 64 þús. kr. *meiri*, en hann hefði orðið, ef tekjuhalli stjórnarinnar hefði mátt halda sjer. Það má þó vel vera, að það sje forsvaranlegt að hækka *suma* tekjuliðina, en aptur er einn af liðum þeim, sem fjárlaganefndin hækkar, sem að mínu áliti væri miklu rjettara eða varlegra að *lækka* frá því, sem er í stjórnarfrumv., heldur en hækka hann, og á jeg þar við útflutningsgjaldið. Eins og kunnugt er, hefur útflutningsgjaldið að undanförnu fengizt mest af hvalveiðunum. Jafnvel síðastliðið ar 1904 nam útflutningsgjald af hvalafurðum meir en helming af öllu útflutningsgjaldi í landinu. En eins og menn vita eru hvalveiðarnar nú að hverfa og leggjast niður, og hver hvalveiðamaður eptir annan að flytjast hjeðan með stöðvar sínar, svo að viðbúið er, að tekjur af þessari atvinnugrein verði tiltölulega rírari á næsta fjárhagstímabili.

Þess er vert að geta, að lækkun tekjuhallans stafar einnig af sparnaði, sem nefndin hefur áunnið í einum verulegum gjaldlið, tillaginu til gufuskipafjelagsins, þar hefur nefndin verið mjög heppin og sýnt mjög mikla þolinmæði og þrautseigju, enda er það sannast að segja, að nefndin hefur hvorki sparað sjer óþægindi nje fyrirhöfn í þessu máli. Jeg er viss um, að það er ekki of mikið sagt, að nefndarmenn mundu *ekki* hafa lagt sig eins mikið í líma, ef um þeirra eigin hagsmuni hefði verið að ræða, eða þeir hefðu verið að vinna fyrir sjálfa sig, eins og þeir hafa gjört í þessu efni, þegar landið átti hlut að máli.

Nefndin hefur fært niður fáeina pósta í stjórnarfrumv., og hefur flest af því verið giört í samráði við mig. En þó eru nokkur atriði, er nefndin hefur breytt, sem jeg hefði óskað að hún hefði látið standa óhögguð, en það er flest lítilfjörlegt, og mun jeg ekki að þessu sinni fara nánar út í það.

Jeg er þakklátur háttv. framsm. fyrir það, að hann kannast við, að stefna frumv. sje í samræmi við framfaraviðleitni þingsins að undanförnu; það var meining stjórnarinnar, og þóttist hún þar með fylgja stefnu þess flokks, er styður hana. Ef mig minnir rjett um stefnuskrá hins flokksins, sem auglýst var 1902, *ætti* ekki að vera tiltakanlegur stefnumunur milli flokkanna í þeim greinum; en auðvitað er ekki svo gott að ætla á, hverjar leiðir háttv. andstæðingar stjórnarinnar nú velja sjer. Að svo mæltu skal jeg með fám orðum víkja að »eldhúsdagsræðu« háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og aðfinnslum hans í minn garð.

Hann gat þess, að þegar jeg tók við ráðherrastörfum, hafi verið mjög góð skilyrði til þess að koma á sátt og samlyndi milli flokkanna og skildist mjer að hann vildi segja, að jeg hafi átt að spilla því með ósáttfýsi eða hlutdrægni. Þessu verð jeg að mótmæla fastlega sem algjörlega ástæðulausri og ómaklegri getsök. Það kemur í þessu sambandi ekki málinu við, hvort mjer hefur verið »vel og sæmilega« tekið af öllum, eins og hann ljet sjer um munn fara. En að heyra **hann** fullyrða, að svo hafi verið, það út af fyrir sig varpar mjög einkennilegu ljósi yfir hugsunarhátt og sjálfsdóm háttv. þms., *hans*, sem er svo nákunnugur ritstjórn »*Þjóðviljans*«, sem hefur látið dæluna ganga eins og hann hefur gjört bæði fyr og síðar, og vitanlega yfirfjell mig óðara en hinn minnsti pati barst af því, að verið gæti að jeg yrði kvaddur til ráðherrasætis! Þykist *hann* hafa boðið til sátta og samvinnu milli flokkanna? Nei, mjer er óhætt að fullyrða, að jafnvel háttv. mótstöðumenn mínir flestir munu hljóta að viðurkenna, að það er ekki *jeg*, sem hef alið á úlfúð og flokksdeilum. Það eru þeir sjálfir eða rjettara sagt blöð þeirra, blöðin »Valtýinganna« og »Landvarnar«-manna, sem rækilega hafa framhaldið uppteknum hætti allt fram á þennan dag, hversu sem jeg hefi leitt hjá mjer skammir þeirra og ósannindi og þagað við þeim.

Sannleikurinn er sá, að það var þegar hverjum heilskyggnum manni bert, að þeir forkólfar mótflokksins voru ekki þess sinnis að leggja árar sínar í bát. Það þurfti ekki neinn spámann til að sjá það fyrirfram, að þeir mundu einskis ófreistað láta til þess að gjöra ónæðissama »hundavaktina«, ef svo mætti að orði kveða. En það hafði alls engin áhrif á ákvörðun mína um það, hvort jeg ætti að taka við stöðu þeirri, sem jeg var kallaður til, eða hvert stryk jeg tæki. Jeg var ekki alveg ókunnur vopnum þeim áður. Jeg hafði fengið minn hluta af góðgæti blaðanna þeirra, stöðugt síðan jeg fór utan eptir þing 1901, og jeg hafði þegar fengið næga reynzlu fyrir því, að slíkir dagdómar eru gjörsamlega máttlausir gagnvart þeim, sem af einlægum vilja framfylgja því, sem eptir þeirra sannfæring er rjett og satt.

Jeg vissi, að það er ógjörningur að ætla sjer að lifa svo öllum líki, og eins hitt, að þegar maður gjörir allt sitt til að segja og gjöra það eitt, sem maður eptir beztu vitund hyggur rjett og hentugt í hverju einstöku tilfelli, þá getur maður verið sáttur við sjálfan sig, sofið rólega og vaknað með heilbrigðum starfskrapti, þrátt fyrir skapillar árásir, rangfærslur og þref. Hvorttveggja er því jafn fjarri mjer, að vilja áreita mótpartana í nokkru, eins og hitt, að fara að eltast við að reyna að gjöra þeim til geðs, til þess að koma mjer í mjúkinn hjá þeim og firra mig illu umtali þeirra.

Að jeg hafi sýnt andstæðingaflokknum ójöfnuð eða ofstæki með skipun

embættismanna í stjórnarráðið, eins og háttv. þm. gaf í skyn, er gjörsamlega rangt. Þvert á móti var þar allrar varhygðar gætt, eptir því sem frekast varð til ætlazt.

Það er öllum óhlutdrægum mönnum bert, hvað sem háttv. þm. N.-Ísf. segir. Það er til of mikils mælzt af mótflokknum, að menn sjeu beinlínis látnir *gjalda* þess, að þeir hafi fyllt þann flokk, sem meiri hluti þjóðarinnar fylgdi. Jeg get ekki farið eptir því, hvað bezt kunni að »passa í kramið« hjá »Þjóðviljanum« eða öðrum slíkum blöðum, heldur verð jeg að fara eptir sannfæringu minni, og framfylgja því, sem jeg álít að landinu í heild sinni sje fyrir beztu.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hóf mál sitt með því, að *óánægjan* væri »*aðallyptiaflið*, sem knýr einstaklinga og þjóðfjelög til framfara«, og hvarf brátt að því, að í landinu væri vaknað töluvert af þessu »lyptiafli þjóðanna«, að mjer skildist fyrir ósleitilega leiðbeining hans og samliða hans, viðvíkjandi gjörðum stjórnarinnar.

Háttv. þm. sagði, að tvær væru uppsprettur að óánægjunni: *Að* stjórnin hefði sýnt sig óstyrka eða veika út á við gagnvart dönskum valdhöfum, *en* heimaríka eða hlutdræga inn á við. Til dæmis um hið fyrra, nefndi hann undirskriptarmálið og ritsímamálið, en hinu síðara leitaðist hann ekki við að finna neinn stað.

Jeg hefði, satt að segja, búizt við, að háttv. þm. mundi taka sjer önnur umræðuefni á sjálfan eldhúsdaginn, en þessi tvö mál, sem mestöll ræða hans hneig að. Jeg hjelt, að hann þættist hafa svo mikið til í »syndapokanum« eptir alla þessa mánuði, síðan stjórnin nýja settist á laggirnar, og eptir allt það, sem hann er búinn að skrifa um hana, að hann þyrfti ekki að grípa fram fyrir sig til þessara aðal-reiðprika sinna, til þess að geta látið það eitthvað heita.

Mjer datt ekki í hug, að hann áliti kominn tíma til þess að ræða um ritsímamálið í dag, þar sem hvorugt nefndarálitið í því máli, hvorki meira nje minna hlutans, er komið fram; jeg hjelt, að það mál mundi rjettast að láta bíða þangað til það væri komið á dagskrá, sem sje við 2. umr. fjárlaganna. Sama er að segja um undirskriptarmálið. Um það er fyrir löngu komin fram þingsályktunartillaga, sem bráðum mun koma til umræðu hjer á þingi. En úr því að hann hefir slegið sjer á þessi mál í dag, verð jeg að svara stuttlega sumu af því, sem hann sagði um þau.

Hinn háttv. þm. sagði, að þjóðin hefði sætt sig við ríkisráðsákvæðið í stjórnarskipunarlögunum einkum vegna fullyrðinga núverandi ráðherra á þinginu 1903, og gaf í skyn, að hvorki þing nje þjóð mundi hafa samþykkt stjórnarskrárbreytinguna 1902 og 1903, ef jeg hefði ekki fullyrt, að útnefningarskjal Íslandsráðherrans nýja mundi verða *kontrasignerað* af fráfarandi Íslandsráðgjafa! Hjer er nú fyrst og fremst það að athuga, að hann gjörir mjer allt of mikinn heiður að ætla mjer sjerstaklega svo mikil áhrif, að þjóðin hafi gjört það fyrir mín orð, að aðhyllast flutning stjórnarinnar inn í landið! Sú stefna og sú ósk á sjer vissulega miklu öflugri og dýpri rætur.

En þar næst er það kunnugra en frá þurfi að segja, að þingið 1902 samþykkti algjörlega í einu hljóði ríkisráðsákvæðið, án þess nokkrum manni dytti í hug, að setja það í nokkurt samband við undirskript forsætisráðherrans, sem engum kom til hugar að mótmæla. Enn fremur er það kunnugt, að í allri hinni hörðu kosningarbaráttu, sem gekk á undan kosning-

unum 1903, var samþykkt ríkisráðsákvæðisins aldrei blandað saman við útnefningarmáta hins nýja ráðherra; og eins hitt, að þjóðin í heild sinni kaus fulltrúa sína með því beina skilyrði, að þeir samþykktu stjórnarskrárbreytingar frumvarpsins frá 1902, að meðtöldu ríkisráðsákvæðinu, *óbreytt*, skilmálalaust, enda var það samþykkt með öllum atkvæðum gegn einu. Nú veit h. þm. N.-Ísf. vel, að enginn minntist á »undirskriptarspursmálið« á þingi 1903, og að um það kom ekkert fram nema þar að lútandi ummæli í nefndarálitinu. Hvernig getur hann þá sagt, að þjóðin og þingið hafi sætt sig við ríkisráðsákvæðið vegna fullyrðinga minna um þetta efni?

Það varðar nú litlu. Hitt er meira um vert, að athugasemdin um þetta í nefndarálitinu kemur alls ekki fram sem nein ástæða eða aðalatriði, er nefndin byggi á röksemdaleiðslu sína um sjerstöðu Íslandsráðherrans. Þetta kemur fram aðeins sem ósk í sambandi við það, sem tekið er fram, að ráðherrann verði laus við stjórnarskipti í Danmörku og standi og falli með því fylgi, sem hann hefir á alþingi Íslendinga; aptan við þau ummæli er bætt: »enda búumst vjer við, að skipunarbrjef ráðherrans verði undirskrifað af ráðgjafa Íslands«. Það var litið svo á, að þetta væri eðlilegt, en að öðru leyti ekki nákvæmlega athugað. En þegar menn fara að athuga þetta nánar eptir á, sjest, að það er *ekki* nauðsynleg afleiðing af stjórnarbreytingunni nje því, sem í nefndarálitinu er sagt um sjerstöðu ráðherrans. Staða Íslands í ríkinu er sú sama eptir stjórnarbreytinguna, sem áður; nýja stjórnarskráin byggir á stöðulögunum eins og hin fyrri stjórnarskrá, en eptir þeim er Ísland óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sjerstökum landsrjettindum. Af því að ríkið er eitt, þá er og eitt ríkisráð, en ráðherra Íslands er meðlimur þess að svo miklu leyti, sem hann á þar sæti, til að bera upp fyrir konungi lög og aðrar mikilsvarðandi íslenzkar stjórnarráðstafanir, eins og vjer höfum sjálfir samþykkt í hinni nýju stjórnarskrá; hann er að vísu meðlimur ríkisráðsins þó að hann hafi þar sjerstaka stöðu; hann hefur alveg sömu sjerstöðu í ríkisráðinu eins og Ísland hefur í ríkinu.

Ráðherrann verður því *formelt* að fullnægja tvennskonar skilyrðum, fyrst og fremst þeim sjerstöku skilyrðum, sem sett eru í stjórnarskipunarlögum Íslands, fyrir því að geta orðið ráðherra Íslands, sem sje, að hann tali íslenzku og gegni ekki öðrum ráðherrastörfum o. s. frv.; á því, að þeim skilyrðum sje fullnægt við útnefninguna, á alþingi sókn.

En jafnframt verður hann að fullnægja þeim almennu skilyrðum, sem útheimtast til þess að geta átt sæti í ráði ríkisins, þótt ekki sje nema við og við og í sjerstökum erindum, þar á meðal t. d. að hann sje ekki í þjónustu annars ríkis o. þvl. Að *það* atriði varði alríkið, því getur víst enginn í alvöru neitað. Á því verður alríkisvaldið að *geta átt* sókn, ef til kæmi, og alþingi ekki vildi neyta sóknarrjettar. Nú verður að álíta, að ríkisþingið geti ekki komið fram stjórnarfarslegri ábyrgð á hendur ráðherra Íslands. Hann svarar ekki til sakar fyrir ríkisrjetti, heldur fyrir landsdómi á Íslandi, og þar hefur að eins alþingi ákæruvald.

Hjer kemur til greina mikilsverður munur, sem er á grundvallarlögum ríkisins og stjórnarskipunarlögum Ís-

lands, að því er snertir nauðsynina á meðundirskript *(contrasignatúr)* ráðgjafa yfirleitt, til þess að gjöra stjórnarráðstöfun bindandi og ábyrgðarbundna. Í 13. gr. grundvallarlaganna dönsku er ákvæði um, að undirskript konungs undir ályktanir, er snerta löggjöf og stjórn, veiti þeim gildi, *ef* einn eða fleiri ráðgjafar undirskrifi ásamt honum, *og* að hver ráðgjafi, sem meðundirskrifar eitthvað með konungi, beri ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn. En í stjórnarskrá eða stjórnarskipunarlögum Íslands, er ekkert slíkt ákvæði um hvorugt þessara atriða. Þvert á móti er í ráðgjafaábyrgðarlögum vorum gjört ráð fyrir, að ráðh. Íslands geti orðið dreginn fyrir ábyrgð, þótt engin skrifleg gjörð nje undirskript liggi fyrir. Það verður því að álíta, að Íslandsráðgjafinn geti framkvæmt konungsráðstöfun í íslenzkum málum og borið ábyrgð á þeirri stjórnarathöfn, þótt hann hafi að eins munnlega samþykkt hana, og það er það, sem hjer hefir átt sjer stað. Konungur hefir útnefnt mig og jeg hef tekizt á hendur skipunina; jeg ber því stjórnarfarslega ábyrgð á henni gagnvart alþingi; það getur höfðað mál á móti mjer fyrir hana, ef því þykir ástæða til þess.

En til þess að alríkisvaldið geti komið fram ábyrgð af sinni hálfu, þarf danskur ráðgjafi að hafa skrifað nafn sitt, svo að það geti haldið sjer að honum. Þess vegna er það talið nauðsynlegt, að forsætisráðherrann meðundirskrifi útnefningarskjalið einnig fyrir Íslandsráðherrann. Því að hvernig gæti ríkisþing Dana öðruvísi fengið rjetting mála sinna, ef maður, sem ekki fullnægir almennum skilyrðum fyrir því að geta tekið sæti í ríkisráðinu, færi að venja þangað komur sínar sem Íslandsráðherra? Gegn Íslandsráðgjafanum hefur það ekki ákæruvald. Úr því Íslandsráðherrann framkvæmir þessa stjórnarathöfn með því að takast á hendur útnefning konungs, og ber ábyrgð á þeirri gjörð konungsins gagnvart Íslandi, þá getur það ekki skert sjerrjettindi Íslands á neinn hátt, þó að Íslandsráðherranum sje jafnframt sent útnefningarbrjef, afgreitt á skrifstofu forsætisráðherrans og meðundirskrifað af honum.

Það er ósannað mál og mjög ósennilegt, að það verði nokkurntíma sannað, að sjálfsagt sje að útnefna ráðherra eftir sömu reglum og aðra embættismenn. Þar er óneitanlega um sjerstaklega konungsgjörð að ræða; konungar velja sjálfir ráðgjafa sína. Það er föst venja í stjórnbundnum ríkjum, að enginn ráðgjafi *contrasignerar* útnefningarskjal fyrir sjálfan sig, nema forsætisráðherrann einn. Hann *contrasignerar* svo útnefningarskjal fyrir alla aðra ráðherra ríkisins; þó að segja mætti, að það væri t. d. hernaðarmálefni, að útnefna hermálaráðgjafa, eða innanríkismálefni, að útnefna innanríkisráðgjafa, o. s. frv., þá er slíkt fráskilið störfum þessara stjórnargreina, sem annars eru stranglega afmörkuð, og það er sjerstaklegt forsætisráðherrastarf, að gjöra slíkt. Þessu hefur verið fylgt við allar útnefningar á Íslandsráðgjöfum síðan 1874. Sje það orðið ólöglegt nú, þá hefur það eins verið það hingaðtil.

Háttv. þm. gat þess til, að það mundi upphaflega hafa verið gáleysi mitt, að halda ekki fram til streytu ósk nefndarálitsins í þessu tilliti, og jeg hefði ekki tekið eptir, að gengið var fram hjá þessu.

En þetta er ekki rjett, því jeg mundi vel eptir þessu atriði, og vissi bæði, að hverju jeg gekk og hvers vegna jeg gekk að því. Hinum háttv. þm. verður ekki kápa úr því klæðinu,

að jeg vilji skjótast undan siðferðislegri eða lagalegri ábyrgð gjörða minna. Jeg þori vel að standa við það, sem jeg gjörði, því jeg gjörði ekki annað í þessu efni en það, sem jeg eptir beztu vitund áleit rjettmætt, óhjákvæmilegt eptir atvikum, og algjörlega óskaðlegt og hættulaust fyrir lögmæltan sjálfstjórnarrjett Íslands.

Jeg vissi vel hvað stóð í nefndarálitinu, og jeg hjelt því fram eptir megni, að orðið væri við þessari ósk.

En hitt vissi jeg eins vel að aðalatriðið var þetta, að Íslandsráðherrann skyldi ekki vera meðlimur ráðaneytisins í þeim skilningi, að hann stæði og fjelli með hinum dönsku ráðherrum, eptir politiskum straumhvörfum í ríkisþingi Dana, ɔ: heldur væri óháður ráðaneytisskiptum í Danmörku, þannig að hann ætti frambúð sína undir því, hvernig honum semdi við konung og meirihluta Alþ. Þegar jeg þannig varð að viðurkenna, að undirskript forsætisráðherrans var ekkert aðalatriði fyrir Ísland, og þegar því var heitið, að hinu, sem ósk nefndarinnar átti að vera vegur til að vinna, skyldi framgengt engu að síður, eins og síðar er fram komið, þá sá jeg ekki nægа ástæðu til þess að láta þetta formatriði verða þess valdandi, að hin innlenda stjórn hjer í landi byrjaði með *minni hluta* stjórn. Taldi jeg óhætt að treysta því, að þessi skipunaraðferð breytti í engu sjerstöðu ráðherrans í ríkisráðinu, nje skerti að neinu þingræði þjóðarinnar. Það hefur þegar sannazt, meðal annars við stjórnarskiptin í vetur, að þetta var rjett álitið.

Þetta atriði hefur verið gjört um of að »agitationsnúmeri«, tilfinningamáli, og optast rætt meira af blindu kappi, en heilbrigðri skynsemi af heiðruðum andstæðingum stjórnarinnar. Mjer segir svo hugur um, að hefði það verið einhver úr hinum flokknum, sem til ráðherrastöðunnar hefði verið kvaddur, og útnefndur á sama hátt, þá hefði orðið annað hljóð í strokki svonefndra »Framsóknar«- og »Landvarnarblaða«, viðvíkjandi »undirskriptarmálinu« svonefnda, eða rjettara sagt, þá hefði aldrei neitt »undirskriptarmál« orðið til; þá hefði þetta allt verið gott og blessað.

En jeg álít ekki nauðsynlegt að tala um þetta frekar nú, því eins og jeg tók fram og háttv. þingdm. vita, kemur þetta mál sjerstaklega til umræðu í deildinni innan skamms. Jeg var því ekki viðbúinn að tala um þetta nú og hef því ekki getað sett eins skipulega fram það, sem jeg hef sagt, eins og jeg hefði viljað; en ef til vill má bæta úr því síðar. En annars er naumast til nokkurs að beita rökum og rólegri athugan gagnvart mönnum, sem alls ekki *vilja* sjá annað en það, sem þeir sjálfir hafa búið sjer til, og sem liggja á því lagi, að vekja og ala tortryggni þjóðarinnar í hvívetna, finnandi allstaðar og í öllu »vilja danskra valdhafa«.

Þessi myrkfælni, sönn eða uppgjörð, við »vilja danskra valdhafa« og þessar heiðarlegu og drengilegu aðdróttanir til mín um ístöðuleysi gagnvart »útlendu valdi«, eiga þó að minnsta kosti eitthvert hugsanlegt samanhengi við afleiðingar undangenginnar stjórnarskrárbaráttu, og er því mögulegt að gjöra sjer skiljanlegt, að miður velviljaðir mótstöðumenn reyni að finna slíkt út úr »undirskriptarmálinu«. En ritsímamálinu! Hvernig hægt er að misþyrma *svo* mjög heilbrigðri skynsemi og rjettum hugsunarreglum, að tala *þar* um ístöðuleysi gagnvart »vilja útlendra valdhafa«, það er mjer satt að segja alveg óskiljanlegt, nema ef svo er að

skilja, að *allt*, sem ekki passar í »kram« stækustu stjórnfjendanna hjer á landi, sje sprottið af slíku ístöðuleysi.

Jeg get naumast hugsað mjer ómaklegri getsök heldur en þá, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) kom með, er hann sagði, að ritsímamálið sýndi átakanlega, að jeg líti meira á hag og vilja útlendinga, heldur en á hag og vilja hinnar íslenzku þjóðar. Því einmitt í því máli hef jeg lagt mig sjerstaklega í líma til þess að fara al-eingöngu eptir því, sem jeg varð að álíta vilja meiri hluta þings og þjóðar, án alls tillits til þess, er mjer persónulega hefði verið þægilegast, bæði vegna áður úttalaðra skoðana og vegna erfiðismuna og ábyrgðar. Jeg get sagt hinum háttv. þm. með fullri djörfung, að þar hefur hann mig herfilega fyrir rangri sök.

Eins og mótstöðumenn mínir hafa svo rækilega tekið fram, var jeg á þinginu 1901 mótfallinn því, að tafið væri fyrir ritsímasambandi milli Reykjavíkur sem höfuðstaðar landsins og útlanda með því að leggja sæsímann upp að Austurlandinu, og var hræddur um, að landsíminn frá Austurlandinu til Reykjavíkur yrði ekki nægilega tryggur. Jeg áleit ritsímasamband höfuðstaðarins við umheiminn svo afaráríðandi, að ekkert mætti gjöra, er tefði fyrir því eða tefldi því í tvísýnu. Jeg var þá í fyrsta sinni á þingi, og var fremur ókunnur undirbúningi þeim, er málið hafði fengið. Þau skjöl, er það snerta, höfðu legið fyrir alþingi 1899, en á þinginu 1901 kom ekkert af þeim skilríkjum fram. Öll skjölin lágu þá í Kaupmannahöfn. En þegar er mjer gafst kostur á að kynna mjer málið nákvæmlega og fá upplýsingar hjá mönnum, sem gott vit hafa á slíku, komst jeg að raun um, að þetta var óþörf hræðsla. Reykjavík gat ekki verið vandara um en t. d. *Bergen* og öðrum stórum bæjum í Noregi, sem hafa allt ritsímasamband sitt við útlönd gegnum landsíma, sem víða liggur yfir fjöll, sem eru bæði hærri og erfiðari viðfangs, en þau, sem geta komið til greina hjer á landi, og opt um lengri óbyggðir, en hjer er um að ræða. Jeg fjekk að vita, að sambandsslit eru ekki svo tíð þar, að það komi að skaða, og að viðhaldskostnaður landsíma í Noregi er tiltölulega mjög lítill.

Við þetta o. fl. breyttist skoðun mín í þessu efni, og þegar til þess kom, að velja á milli síma til Þorlákshafnar og síma til Austurlandsins með 300 þúsund króna framlagi til landsíma, þá bar jeg ekki lengur þann kviðboga, sem jeg bar 1901 fyrir því, að Reykjavíkursambandið yrði ófullnægjandi. Auðvitað gat mjer ekki dulizt það, að það var að vissu leyti óþægilegt, og gaf óvinum vopn í hendur, að þurfa að ganga á móti því, sem jeg opinberlega hafði haldið fram á þingi áður. Það var einnig að öðru leyti margfalt auðveldara fyrir mig, að sleppa allri hugsun um landsímalagningu, og velja lendingarstað nálægt Reykjavík, því um það gat alls enginn vafi verið, að til þess var fullkomin formleg heimild; því þá þurfti ekkert meira fjárframlag en þær 35000 kr. á ári, sem skilyrðislaust voru veittar til þess í fjárlögunum. Enn fremur var það augljóst, að því mundi verða vel fagnað hjer syðra og af ýmsum, sem óttast landsímakostnaðinn, að taka þá ákvörðun, að síminn lægi upp hjer syðra. En þrátt fyrir allt þetta ákvarðaði jeg mig til þess að gjöra hinn margumtalaða samning um lagning símans til Austurlandsins, með skuldbinding til þess að sameina lendingarstað símans við Reykjavík með landsíma um endilangt

Ísland, af því að það hafði tvisvar sinnum komið fram sem yfirlýstur vilji mikils meiri hluta þingsins, að þessu yrði þannig hagað, og af því að jeg var persónulega sannfærður um, að það væri óforsvaranlegt að svipta landið 300,000 kr. framlagi til innanlandssambands, sem því er ef til vill ennþá miklu nauðsynlegra og meiri hagsvon af en utanlandssambandi. Hvernig háttv. þm. fer að bera sjer í munn, að jeg hafi í þessu þokað fyrir »*útlendum* valdhöfum«, er mjer gjörsamlega óskiljanlegt.

En þá er heimildin til samningsins. Síðan árið 1899 hefur verið í fjárlögunum heimild til þess að verja 35 þús. krónum á ári til ritsímasambands milli Íslands og útlanda. Tvisvar sinnum, árin 1899 og 1901, hefur stjórnin lagt þá spurningu fyrir þingið í aths. við fjárlagafrumv. sitt, hvort henni væri heimilt, ef til kæmi, að leggja símann á land á Austfjörðum gegn 300,000 kr. tillagi til landsíma, og var því bæði skiptin svarað með skýlausri yfirlýsing um, að stjórnin mætti það; þetta svar stendur enn óapturtekið af þingsins hálfu og verður því að álítast sem yfirlýstur vilji þingsins. Þetta álít jeg nóg til þess, að hrekja þá sakargipt andstæðinganna, að samningurinn sé gjörður í heimildarleysi.

H. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur meðal skjala þeirra, sem jeg afhenti ritsímanefndinni, fundið brjef frá mjer til Hages ráðherra, sem hann leggur svo út, að jeg hafi þar sjálfur kannazt við, að jeg hafi ekki haft heimild til að gjöra samninginn. Úr þessu gjörir hann mikið veður. En háttv. þm. skýrði ekki rjett frá brjefi þessu og því síður, hvernig þá stóð á, er jeg skrifaði það. Í brjefinu — sem er skrifað, þegar jeg var að grennslast eptir því, hvort ákvörðunin um lendingarstað sæsímans gæti ekki, að skaðlausu fyrir framgang málsins, beðið þessa þings, — stendur nfl., að í núgildandi fjárlögum sje ekki tekin upp sú formlega heimild, sem áður hafi verið í þeim, til þess að slá fastri landsímalagning, og að það vanti 75 þús. kr. til að undirbúa landsímann, sem heimilaðar hafi verið í undanfarandi fjárlögum; en í brjefinu er ekkert tekið fram um, hvort jeg álíti nægа heimild fyrir hendi að öðru leyti. Að skoðun mín um það, hvort jeg hefði nægilega pólitíska og lagalega heimild til þessarar ákvörðunar, hafi breyzt, þegar jeg kom til Kaupmannahafnar, svo sem fyrir fortölur »danskra valdhafa«, er svo lúaleg getsök, að það er ekki svaravert, enda vill svo til, að jeg gæti leitt nóg vitni að því, ef jeg vildi, að skoðun mín um þetta efni og ákvörðun um, hvað gjöra mætti, var fyllilega ákveðin áður en jeg fór hjeðan heiman að sumarið 1904.

Háttv. þm. fór ómjúkum orðum um, að samningurinn væri að mörgu leyti illur og ólögmætur, rjetti Íslands þjakað, og of mikið vald lagt í hendur samgöngumálaráðherrans danska. En það, sem hann fór með um þessi atriði, var allt byggt ýmist á misskilningi eða rangri frásögn, eins og sýnt mun verða þegar málið kemur til umræðu. En nú get jeg ekki verið að gjöra honum það til geðs, að ræða þessi atriði við hann, meðan nefndarálitið í málinu er ekki fram komið, og málið því ekki liggur fyrir. Að eins skal jeg benda á, að það er hrein fjarstæða, að ritsímasamningurinn banni mönnum að setja hraðskeytastöðvar í landi sínu. Svo lengi sem ekki er að ræða um annað en innanlands samband eða samband við skip á sjó úti, kemur

það á engan hátt í bága við samninginn. En hvað millilandasamband snertir, þá fer því fjærri, að það sje rjettur hvers privats manns, að koma slíku sambandi á stofn í landareign sinni, þótt engir samningar væru. Slíkt samband má ekki fremur hjer en annarsstaðar í heimi setja á stofn, nema með sjerstöku leyfi stjórnarinnar, og þótt stjórnin hjer vildi leyfa hraðskeytasamband hjeðan t. d. til Englands, þá væri það ekki nóg. Til þess þyrfti líka samþykki Englandsstjórnar. Allt þess háttar er mjög þýðingarmikið, og þarf »koncession« frá viðkomandi ríkjum. Þar sem þm. neitaði því, að jeg hefði haft heimild til að ganga inn á, að ritsímafjelaginu væri veitt einkarjettindi til hraðskeytasambands við Evrópu lönd í 20 ár, þá liggur til þess það svar, að hingað til hafa bæði alþingi og aðrir gengið út frá því, að slíkt einkaleyfi yrði veitt. Munurinn nú og áður er að eins sá, að hingað til hefur það verið álitið alríkismál, þannig að Danastjórn ein hafi getað veitt einkaleyfi til ritsímalagningar hingað, og er sú skoðun viðurkennd af Íslands hálfu síðast af fyrverandi Íslandsráðherra Alberti 1903.

Þegar »Consortiið« Warburg, Arntzen og Bing sóttu um einkaleyfi um 20 ár til alls hraðskeytasambands Íslands við umheiminn, og þóttist ætla að koma á þráðlausu sambandi 1903, þá sóttu þeir um einkaleyfið til danska samgöngumálaráðherrans, og hafði enginn neitt við það að athuga. En nú er þessu þannig breytt, að það er viðurkennt orðið, að samþykki Íslandsráðherrans þurfi til þessa. Því er slegið föstu með hluttöku minni í ritsímasamningnum. Það lýtur út fyrir, að jeg hafi fyrstur hreyft því, að Ísland ætti að eiga atkvæði um þetta. Hefði jeg viljað halda við hinar fyrri skoðanir, að þetta væri almennt mál ríkisins, þá hefði jeg sloppið við þessar ákúrur, sem jeg fæ nú fyrir »concessionina« og einkaleyfið að því, er Ísland snertir; því þá hefði einkaleyfið verið gefið af dönskum ráðherrum. En jeg vil gjarnan vinna það til, að sæta þessum ákúrum og taka ábyrgðina á þessari ráðstöfun, til þess að því sje slegið föstu, að slíkt leyfi verði ekki veitt nema með samþykki íslenzku stjórnarinnar; þar með er alls ekki sagt, að vjer getum veitt slíkt leyfi án samþykkis alríkisstjórnarinnar.

Háttv. þm. sagði, að jeg hefði átt að kalla saman aukaþing, til þess að vita, hvort þingið vildi hafa ritsímasamband eða ekki. En eptir því, sem á undan er farið, finnst mjer enginn efi geta leikið á, hver vilji þingsins væri í þessu efni. Þingið hefir svo opt svarað þessu, að það hefði verið næst því að vera móðgun við þingið, að ætla því að vera horfið frá óskum sínum í því efni. Það hefði því að eins orðið til að tefja tímann, að spyrja það enn á ný um það, sem það svo opt og ótvírætt hefur svarað. Og þar að auki er ómögulegt að kalla saman þing að vetri til hjer á landi, þar eð ekkert þinghús er til þannig útbúið, að í því sje verandi á fundum að vetrarlagi, því þetta þinghús er, eins og menn vita, bæði óupphitað og ólýst. Og þó að húsnæði hefði verið til, þá var ekki tími til slíks, því ákvörðun um aðalatriðið, síma eða ekki síma, þurfti að taka þegar í fyrra haust. Ef þeirri ákvörðun hefði verið skotið á frest fram yfir þetta þing, þá áttum við það á hættu, að missa algjörlega af tækifærinu, og verða af öllu ritsímasambandi. Þessi hætta var fyrirsjáanleg, og það er komið á daginn síðan, að hefði ekki tækifærið verið gripið í fyrra, þá hefði að öllum líkindum brugð-

izt sú tilhliðrun, sem var skilyrði fyrir því, að nokkurt ritsímasamband til Íslands yrði fáanlegt.

Jeg fer svo ekki fleiri orðum um þetta mál að sinni, en bið rólega átekta, þangað til þetta mál kemur til umræðu og ályktunar á þinginu. Að því er snertir mín afskipti af því, er þessu skotið til úrskurðar þingsins, og hef jeg lagt fyrir það öll skjöl og skilríki, er það snerta og jeg hef til. Jeg endurtek það, að ef háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur ekki ríkari rök en þau, er hann tilfærði fyrir þeirri ásökun sinni, að jeg hafi metið vilja útlendra valdhafa meir en heill og vilja íslenzku þjóðarinnar, þá hefði honum verið sæmra að halda þeim sleggjudómi fyrir sig og blaðið sitt, heldur en að dragast með hann hjer inn í þingsalinn.

Öðrum ummælum hans finn jeg enga ástæðu til að svara. Það er vel, ef það hefur allt verið sprottið af þeim blíða og góða hug, sem hann lýsti svo fagurlega í byrjun ræðu sinnar.

Inngangur háttv. þm. var yfir höfuð mjög svo ljúfur og hugðnæmur, eins og við mátti búast af honum, og vildi jeg sannarlega óska þess, að háttv. þm. hefði það jafnan hugfast, að ástunda gott eitt og hugsa um málefnin fremur en mennina. Jeg vildi óska, að þegar hann er að skrifa greinar sínar og segja mönnum til syndanna, þá væri það ríkast í huga hans að fara með rjett mál, og gjöra þjóðinni gagn með heiðarlegu móti. Jeg vildi óska þess, að hann minntist þess jafnan, að sannleikurinn sigrar þó alltaf að lokum, með hvaða vopnum sem móti honum er barizt.

Það er hægur vandi að þyrla upp ryki og villa mönnum sjónir í bráð; það er ljett verk og löðurmannlegt, að róa undir tortryggni og óánægju og vekja valta dagdóma. En það eitt er víst, að sannleikurinn hefur þann krapt í sjer, að hann verður ofan á á endanum, og þá er enginn heiður eða hagur að því að hafa varið kröptum sínum og tíma til að tefja sigur hans og hepta framgöngu hans.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vil að eins leyfa mjer að tala fáein orð, og skal jeg ekki lengi þreyta háttv. deild.

Þegar jeg leit á fjárlagafrumv. stjórnarinnar, þá varð mjer fyrst að líta á tekjuhallann, og verð jeg að segja það, að mjer sýndist hann ekki ægilegur, því á undanförandi þingum hefur hann verið æði mikill, og þó erum við komnir á þennan dag, án þess að verða gjaldþrota. En þegar jeg fór að athuga þetta betur, sá jeg strax, að ritsíminn mundi raska reikningnum ekki svo lítið, því ef kostnaðurinn við hann væri reiknaður rjett, mundi tekjuhallinn aukast að minnsta kosti um 200,000 kr. Vel getur verið, að þessi tekjuhalli verði enn meiri, og þó hann komi ekki fram á þessu þingi, þá mun hann sýna sig á næsta þingi.

Við höfum komizt yfir tekjuhallann á síðustu árum meðfram fyrir það, að ýmsar óvissar tekjur hafa orðið okkur næsta drjúgar í búi. Landið hefur t. d. haft miklar tekjur af frímerkjum, þegar breytingin varð á þeim o. fl., sem ekki hefur verið hægt að reikna út fyrir fram, en við þeim tekjum getum vjer ei búizt í bráð.

Það var venja áður, meðan landshöfðingjadæmið var, að stjórninni voru afhent öll gömul frímerki, sem úr gildi voru gengin, og hafði póststjórnin því að eins umráð yfir þeim frímerkjum, sem í gildi voru. Nú veit jeg ekki til, að þessu sje fylgt, og eru frímerkin því seld eitt og eitt bæði einstökum mönnum og fjelögum, sem vilja kaupa þau. Mjer er kunnugt um það, að

tveimur félögum voru seld frímerki fyrir 20,000 kr. með þeirri yfirlýsingu, að ekki væri til meira af þeim. Fjelagið glæptist á að kaupa öll þessi frímerki, en svo var haldið áfram að selja samskonar frímerki eptir sem áður, því nóg var til. Þessutan voru upprentaðar 50 arkir af hverri tegund af þessum frímerkjum, sem út seld voru, þau send svo til Íslands til yfirprentunar, sem auðvitað er beint brot við þau fjelög, sem keypt höfðu upp ákveðnar tegundir, og treystu því, að þeim hefði verið rjett skýrt frá, að þeir hefðu fengið allt, sem til var af þeim tegundum. Slík aðferð hlýtur að orsaka það, að engir menn hjer á landi þora að slá sjer saman um kaup á úr gildi gengnum frímerkjum, þegar þeir þá heldur ekki eiga víst, að pósthúsin ekki haldi áfram að verzla með þau, en slíkt getur verið hættulegt fyrir hag landssjóðs af slíkum frímerkjum, sem hefur reynzt afarmikill. Gott skipulag á slíkri frímerkjasölu tryggir þessutan mikinn hag hjá landsmönnum; nemur sá hagur til samans mörg hundruð þúsundum í hvert skipti, er frímerkjabreyting kemur fyrir.

Það hefur vakið eptirtekt í öðrum löndum, að frímerki hjeðan með allskonar prentvillum hafa verið seld og gengið gegnum pósthúsið. Þetta er mjög athugavert, og vona jeg, að stjórnin taki það til alvarlegrar athugunar. Jeg hef minnzt á þetta, af því frímerkjasalan hefur verið og getur verið töluverð tekjugrein fyrir landssjóðinn.

Það var líka annað atriði, sem jeg vildi vekja athygli á hjer, því jeg veit að ýmsa hefur furðað á því, og það ekki að ástæðulausu. Það er hvernig á því stendur, að laun starfsmanna bankans eru orðin 34,000 kr., þar sem ekki er gjört ráð fyrir öðrum launum í lögunum, en handa bankastjóra, gæzlustjórum, féhirði og bókara, og það eru samtals um 15,000 kr. Saman við þennan lið í reikningnum er slengt ábyrgðarfje, og er það mjög óljóst og óheppilegt að blanda saman svo óskildum upphæðum.

Þegar sjálfsögðu launin handa bankastjóra, gæzlustjórum, fjehirði og bókara eru dregin frá, þá eru eptir yfir 19,000 kr. sem útborguð laun án lagaheimildar. Jeg skil ekki í öðru en leita þurfi til þingsins um heimild til þessa, því annars væri engin meining í því, að þingið hefði upphaflega ákveðið neitt um launin.

Ennfremur vildi jeg spyrja um það, hvernig á því stóð, að ekki var farið eptir tillögum bankastjórnarinnar, þegar bókaraembættið var veitt.

Það er viðurkennt um allan heim, að æfing í hverju sem er — og ekki sízt í bankastörfum — sje afarnauðsynleg. En þegar þetta embætti var veitt, var alveg óvanur maður bankastörfum tekinn fram yfir vanan mann og vel kynntan, sem þó hafði meðmæli tveggja manna í bankastjórninni. Það getur vel verið, að þessi maður, sem hlaut embættið, sje í alla stað vel fær til að gegna verzlunarstjórastöðu, en þessu starfi var hann alveg óvanur; hlaut hann því að koma í bankann sem lærlingur keppinauts síns, sem um starfið sótti. En þetta er mjög óvanaleg aðferð, og væri full ástæða til að grennslast eptir ástæðum stjórnarinnar fyrir slíku tiltæki. Jeg sje ekki aðra sennilegri ástæðu en þá, að maður þessi, sem fjekk stöðuna, var mjög ákveðinn flokksmaður stjórnarinnar, sem hann og sýndi svo glögglega á því eina þingi er hann sat.

Jeg gjöri ráð fyrir, að mönnum þyki nú nóg komið af þessu, en vil svo að síðustu leyfa mjer að fara nokkrum orðum um nefndarálitið sjálft, og er þó

ekki vel hægt að dæma um það, meðan nefndin hefur ekki látið álit sitt í ljósi um eins alvarlegan póst og ritsímakostnaðinn. Um hann verður vafalaust allmikill ágreiningur.

Jeg vil að eins taka það fram, að við 12. gr. B. 4. hefur nefndinni að minu áliti mistekizt, þar sem hún vill ekki veita fje til vegagjörðar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, eins og seinasta þing gjörði. Þá voru nfl. veittar 5,600 kr. af landssjóði með því skilyrði, að jafnmikið fje kæmi annarsstaðar frá. Þessu fje var safnað saman bæði hjá einstökum mönnum og fjelögum, og vegurinn var lagður. En hann var lagður í aðra stefnu og annarsstaðar en gamli vegurinn, svo ómögulegt er að nota hann, nema við hann sje bætt, og verði ekki veittur styrkur til hans nú, þá er öllu þessu fje, sem til hans var kostað, eins og kastað í sjóinn, og væri það mjög óhyggilegt, því full þörf er á góðum vegi á þessu svæði.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild á lengri ræðum um þetta að sinni, enda gefst tækifæri síðar til að athuga þetta nokkru nánar.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl): Ein af þeim ráðstöfunum, sem mönnum kom mjög kynlega fyrir í fyrstu, er sú, að það skyldi vera gjört núverandi landritara að skyldu að leggja niður þingmennskustörf, og að hæztv. ráðherra setti það sem skilyrði við þessa embættisveitingu. Þetta þótti því kynlegra, sem hvorki lög nje yfirlýstur vilji þingsins knúði hann til þessa.

En við nánari íhugun þóttust menn sjá, að það sem lægi til grundvallar fyrir þessari ráðstöfun væri það, að landritarinn skyldi vera alveg hlutlaus og óháður gagnvart flokkapolitik landsins, nokkurs konar politiskur jafnvægispunktur í pólitik landsins. Þóttust menn skilja, að stjórninni gengi tvennt til þessa: Fyrst og fremst að auka traust sitt hjá hinum ýmsu pólitísku flokkum landsins, og í öðru lagi mundi samvinnan verða betri og viðfelldnari við landritarann, þegar annar flokkur tæki við völdum, ef hann væri hlutlaus og óháður gagnvart hinum ýmsu pólitísku flokkum. Og þegar menn hafa litið á þessa ráðstöfun frá þessari hlið, gazt mönnum vel að henni og fannst hún viturleg; að eins hefur marga furðað á því, að sama skilyrði var ekki sett öðrum embættismönnum stjórnarráðsins, t. d. skrifstofustjórunum; því allar sömu ástæður, sem mæla með hlutleysi landritarans, virðast og gilda um þá.

En mönnum hefur þótt þetta hlutleysi landritarans koma dálítið skrítilega fram í framkvæmdinni *(Forseti:* Mjer finnst ekki eiga við að tala um utanþingsmenn hjer í þingsalnum). Þetta er að eins fyrirspurn til hæztv. ráðherra. *(Forseti:* Jeg hefi ekki sjeð neina fyrirspurn). Það er ekki von, að hæztv. forseti hafi sjeð hana, því jeg ætla að bera hana upp. Hjer í bænum er gefið út blað eitt, sem heitir »Reykjavík«, og það er öllum vitanlegt, að þetta blað, hvað sem annars má um það segja, er harðsnúið og óhlífið flokksblað stjórnarflokksins. En nú hefur það staðið í flestum blöðum landsins í vetur, og því ekki verið mótmælt, að landritarinn hafi lagt mikið fje fram, ekki til þess að tryggja það, að blað þetta væri hlutlaust um pólitik, eins og það áður var, heldur til að gera það að því, sem það nú er orðið, að ákveðnu, einbeittu og svæsnu flokksblaði. Þetta finnst mjer vera í miklu ósamræmi við pólitíska hlutleysisstöðu landritarans; vil jeg því leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæztv. ráðherra, hvers vegna land-

ritaranum hafi verið sett það skilyrði og skylda, að segja af sjer þingmennsku. Og ef það er rjett, sem menn hafa ímyndað sjer, að sú ráðstöfun hafi þýtt sama sem það, að hann skyldi vera hlutlaus og óháður gagnvart hinum pólitísku flokkum landsins, þá vil jeg leyfa mjer að spyrja hæztv. ráðherra, hvers vegna hann haldi ekki þeirri ráðstöfun sinni í gildi?

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Eitt af því, sem menn gjörðu sjer miklar vonir um að bót mundi verða á þegar hið nýja stjórnarfyrirkomulag komst á, var samvinnan milli þings og stjórnar, en jeg ætla að þær fögru vonir hafi ekki ræzt nema að nokkru leyti. Það er auðvitað mikið í það varið, að ráðherrann á sæti á þinginu, og getur leiðbeint því í meðferð málanna. Einnig er það sýnilegt, að stjórnin hefur gjört sjer far um að búa málin sem bezt undir þingið, þó nú reyndar milliþinganefndirnar hafi átt mestan þátt í því. En það, að ráðherrann sitji á þingi, er ekki fullnægjandi trygging fyrir góðri samvinnu þings og stjórnar. Þjóðin þarf líka að fylgjast sem bezt með gjörðum stjórnarinnar. Nú vil jeg spyrja: Hefur stjórnin látið sjer annt um það, að þjóðin gæti gjört sjer sem ljósasta grein fyrir því, hvað stjórnin ætlaði fyrir sjer? Það hefur verið kvartað yfir því á þingmálafundum, að frumvörpum stjórnarinnar væri haldið leyndum, svo að þjóðin ekki vissi neytt um þau. En það er afaróheppilegt, sjerstaklega nú, þegar flest frv. koma frá stjórninni; það gerir undirbúning málanna svo erfiðan, þar sem tíminn til að íhuga frv. er svo stuttur.

Jeg játa, að það á ekki alltaf við, að birta frumvörpin fyrirfram alveg orði til orðs, en jeg get ekki annað en álitið það skyldu stjórnarinnar að birta yfirlit yfir þau og aðal-innihald þeirra svo tímanlega, að þau geti komið til umræðu á þingmálafundum víðs vegar um landið.

Hinn hæztv. ráðherra tók það fram, að hann í ritsímamálinu ekki hefði gjört neitt það, er hann ekki væri ánægður yfir að hafa gjört. En mjer er spurn: Hefur hann þá ekki látið neitt ógjört sem hann vildi gjört hafa? Álítur hann t. d. ekki, að það hefði farið betur á því, að ritsímasamningurinn hefði verið birtur fyr og á annan hátt en varð? Eða að málið hefði verið skýrt betur fyrir þjóðinni en var? Jeg get yfir höfuð að tala ekki skilið, hvað það á að þýða að dylja þjóðina þess, sem snertir hennar framtíðarhag, og hún því á heimting á að fá að vita. Jeg held, að það sje einmitt til þess að skapa tortryggni og óánægju að draga dulur á slíkt. Á hinn bóginn álít jeg jeg, að það geti stuðlað mjög til þess að eyða misskilningi og beiskju í deilum um landsmál, að stjórnin í tæka tíð láti skýra málin rjett og samvizkusamlega. Það má gera slíkt á ýmsan hátt, t. d. á opinberum fundum, eða í blöðum. Yfir höfuð álít jeg það lífsskilyrði fyrir hverja stjórn, að hafa stuðning af heiðarlegu og áreiðanlegu blaði, sem skýri rjett og hlutdrægnislaust frá málefnum, sem stjórnin hefur með höndum og þjóðina varða miklu. *(Lárus H. Bjarnason*: Líklega eins og »Ísafold« og »Þjóðviljanum«).

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg verð að svara hæztv. ráðherra nokkrum orðum, en jeg skal þó vera sem stuttorðastur.

Hann tók það fram, að jafn skjótt er hann var skipaður ráðherra Íslands, hefði hann verið »yfirfallinn« — hann notaði einmitt það orð — af blöðum mótflokksins; en jeg held, að þetta sje ekki rjett hermt, heldur töluverður

misskilningur, því að honum var yfirleitt tekið mjög vel, nema hvað jeg mun hafa getið þess í blaði mínu, að mjer þætti ráðherra-valið hafa tekizt miður heppilega, og um rjettmæti þeirrar skoðunar minnar hafa ýmsar gjörðir hæztv. ráðherra sannfært mig miklu betur síðan.

Það er gott, að ráðherranum finnst hann geta sagt, að hann hafi gjört allt það, sem hann hefur gjört, eptir bezta viti, svo að hann getur tekið undir með skáldinu og sagt:

»Samvizkan er glöð og góð«,

enda var það aðal-innihaldið í ræðu hans.

Hæztv. ráðherra sagði, að hann hefði ekki farið eptir flokkaskipting, þegar hann skipaði skrifstofustjórana; en því verð jeg þó að halda fram, að hún hafi verið mjög einlit, því að það stóð svo alveg sjerstaklega á, að því er Eggert Briem snerti, að hann átti mikilsmegandi frændur í liði stjórnarinnar, sem stjórnin mátti með engu móti styggja.

Viðvíkjandi »undirskriptarmálinu« sagði hæztv. ráðherra, að orðin í nefndaráliti neðri deildar, þar sem gengið er að því sem vísu, að ráðherra Íslands riti undir skipunarbrjefið, væru ekki sín orð. Hvað hæft kann að vera í þessu, man jeg satt að segja ekki, enda skiptir það engu, því að núverandi ráðherra var framsm. nefndarinnar, og skrifaði undir nefndarálitið, *og þar með gjörði hann þessi orð að sínum orðum*, enda hjelt hann sömu skoðun eindregið fram í ræðum sínum á alþingi 1903, sem framsm. nefndarinnar. *(Hannes Hafstein:* Nefndi það alls ekki einu orði!) Þar sem nú þingið gekk að því sem alveg vísu og lagði áherzlu á það, að ráðherrann yrði skipaður á þennan hátt, þá var ráðherranum skylt að vinna að því, að svo yrði, enda getur skipunin ekki farið fram á annan hátt samkvæmt stjórnarskránni, því þar stendur, að landið hafi löggjöf sína og stjórn alveg út af fyrir sig í sjermálunum; en þessi orð verða þýðingarlaus hjegómi, ef forsætisráðherra Dana tekur sjer atkvæði um helzta sjermál vort, skipun íslenzka sjermálaráðherraans. Hæztv. ráðherra tók það fram, að hann sæti í tigninni í tvennum skilningi, bæði sem sjermálaráðherra, og sem eitthvað annað. sem honum ekki tókst vel að skýra. En þessu verð jeg gagngjört að neita, því að stjórnarskráin þekkir hann að eins sem sjermálaráðherra Íslands, og bannar honum að hafa nokkurt annað ráðherraembætti á hendi.

Að ráðherra Íslands beri ábyrgð á skipun sinni, það get jeg vel samsinnt að rjett sje, þar sem stjórnarskráin bindur eigi ábyrgð ráðherrans við undirskriptina eina; en þó að Íslands ráðherra beri einnig ábyrgð á skipun sinni, þá er það ekki fullnægjandi. Undirskript forsætisráðherrans getur gjört það að verkum, að öll þingræðisstjórn hjer á landi verði að eins þýðingarlaust hjal. Með því að gjöra undirskript forsætisráðherrans að skilyrði við skipun ráðh. Íslands, eru lagðar hömlur á vilja konungs, svo að hann getur eigi skipað annan, en forsætisráðherranum líkar. Sú staðhæfing, að skipunin sje ekki sjermál, af því hún sje ekki nefnd í stöðulögunum, það er svo mikil fjarstæða, að varla þarfnast svara, því að það liggur í augum uppi, að skipun sjermálaráðherrans er einmitt æðsta sjermál landsins. En hvernig áttu stöðulögin að geta þess, þar enginn Íslandsráðherra var þá til?

Hinn hæztv. ráðherra tók það fram, að það væri ekki af gleymsku eða af athugaleysi frá hans hálfu, að skipun hans var hagað, svo sem gjört var.

Jeg lagði nefnilega þennan vægari skilning í málið, til þess að dæma hæztv. ráðherra sízt of hart, því að það gat hugsazt, þar sem hann, eins og kunnugt er, lagði mjög mikið kapp á það, að höndla hnossið, að hann hefði þá verið annars hugar, og eigi gætt þess, sem gæta þurfti í þessu efni. En fyrst svo er ekki, þá hlýtur dómur minn og annara um þetta athæfi ráðherrans, að verða því harðari.

Sú staðhæfing, að ef ráðherrann hefði verið valinn úr mótflokki núverandi ráðherra, mundi eitthvað annað hafa orðið uppi á teningnum, er að eins röklaus getsök; það eru spár, sem ekki hafa við neitt að styðjast, þar sem aldrei er hægt að segja, hvað orðið hefði, ef það hefði orðið, sem aldrei varð, og mótmæli jeg þeim alveg.

Þar sem hæztv. ráðherra ljet sjer um munn fara annað eins og það, að »undirskriptarmálið« hefði verið gjört að æsinga»núméri«, þá verð jeg að segja, að mjer þykir mjög leiðinlegt að heyra annað eins af vörum ráðherra Íslands. Að kalla slíkt mál »æsinganúmer«, þar sem um landsrjettindi Íslands er að tefla, þar sem um það er að tefla, hvort vjer yfir höfuð að tala getum vænzt þingræðisstjórnar framvegis eða ekki, virðist óneitanlega býsna hart. Stjórnarskiptin í Danmörku í vetur sýna í þessu efni ekkert annað en það, að sú stjórn, sem þá sat að völdum í Danmörku, sá ekki ástæðu til þess, að skipta um ráðherra Íslands að þessu sinni, frá dönsku sjónarmiði. Í kveðju konungs til alþingis felst og ekkert um það, að dönsku *ráðherrarnir*, og þá sjerstaklega forsætisráðherrann, hafi engin áhrif á ráðherraskipun hjer á landi, heldur er þar að eins um málameðferð ríkisþingsins að ræða, en hitt stendur óhaggað, að danski forsætisráðherrann telur sig hafa vald til þess, að ráða því með undirskript sinni, hver ráðherra Íslands er.

Viðvíkjandi ritsímamálinu, sem jeg að eins minntist stuttlega á — og það svo hóflega sem mjer var frekast auðið — þá hefur hæztv. ráðh. breytt skoðun sinni algjörlega á því máli, og jeg lasta hann ekki fyrir það; en hvort sem þar er nú kennt veikleika hans gagnvart Dönum eða ekki, þá er það einkennilegt, að í öllum þessum þremur málum, undirskriptarmálinu, ritsímamálinu og sýningarmálinu, hefur hann farið *þvert ofan í yfirlýsingar sjálfs sín*.

En hvað sem menn segja um það, hvort ritsíminn hefði heldur átt að leggjast til Þorlákshafnar eða Austfjarða, þá sjer hver maður, að þarna var grundvöllur til samninga, fyllsta ástæða til þess, að benda fjelaginu á það, að þar sem því sparaðist að minnsta kosti um 258 þús., um fram þær 300 þús. króna, er það legði til landsímans, ef síminn kæmi á land á Seyðisfirði í stað Þorlákshafnar, væri sanngjarnt, að það legði fram meira fje, en opt nefndar 300 þús. króna; mismuninn á vegalengdunum geta menn mælt á kortinu. Hann er 148 enskar mílur, eins og ráðherranum var innan handar að rannsaka, og ef hann hefði aflað sjer upplýsinga um það, hvað sæsíminn kostar á enska mílu, þá er ekki ólíklegt, að hann hefði getað náð betri kjörum hjá fjelaginu. En þetta hefir honum, að því er virðist, eigi hugkvæmzt.

Hæstv. ráðherra kallar það »yfirlýstan vilja« þingsins, að semja við norræna ritsímafjelagið. En ástæðurnar eru nú algjörlega breyttar frá því, sem áður var. Áður sáu menn engan annan veg, en að semja við

norræna ritsímafjelagið, en nú er svo langt frá því, eins og allir vita, þar sem tilboð hafa borizt frá tveim öðrum fjelögum, og væri því mikið til þess gefandi, að ráðherrann hefði eigi verið jafn fljótur á sjer, eins og raun er á orðin.

Þá tók ráðherrann það enn fremur fram, að þó að hann segði í brjefinu 30. júní 1904, að formlega heimild brysti í núgildandi fjárlögum, þá útilokaði það ekki, að hann hefði slíka heimild annarsstaðar, og benti hann í því efni á ákvæði fyrri fjárlaga; en þar sem fjárlögin hafa að eins tímatakmarkað gildi, nær það engri átt, að segja, að ákvæði í fjárlögunum frá 1901 gildi 1904, enda þótt ákvæðum fyrri fjárlaga væri einmitt breytt í fjárlögunum frá 1903, og önnur ákvæði sett í staðinn. — Að segja slíkt er því sú fjarstæða, sem sízt situr á lögfræðingum að halda fram. Ráðherrann hefði heldur átt að segja — og þá hefði hann verið drengur að betri — að þar sem hann hefði álitið, að eigi væri annars kostur, þá hefði hann ráðizt í, að gjöra samninginn upp á væntanlegt samþykki alþingis, enda þótt heimildina vantaði.

Þar sem hæstv. ráðherra enn fremur sagði, að það þyrfti leyfi hlutaðeigandi ríkisstjórnar til þess að komast í loptskeytasamband við önnur lönd, þá álít jeg, að það sje ekki rjett. Vjer höfum í sumar haft hraðskeytasamband án slíks leyfis, enda nægir, að loptskeytafjelag það, sem samið er við, hafi slíkt leyfi, og er það þess sök, en ekki vor, að sjá fyrir því.

En það er ekki einungis kostnaðurinn, sem hjer er um að ræða, heldur skiptir hitt mestu, hve mjög samningurinn heptir frelsi þjóðarinnar í ýmsum greinum, og það að nauðsynjalausu.

— Það mun verða sýnt fram á það, þegar ritsímamálið kemur á dagskrá, hve afar-mikla pólitiska þýðingu þessi samningur getur haft.

Þau ummæli hæstv. ráðherra, að hann hafi ekki kvatt til aukaþings, af því hann hafi vitað, að þingið mundi samþykkja gjörðir hans, eru eigi nægileg skýring. Hann vantaði heimildina, og það var því skylda hans að leitast við, að afla sjer hennar. Hitt má allt af segja á eptir. Að allt hafi staðið og fallið með því, að taka boðinu strax, eða hafna því, nær og engri átt, þar sem bæði brjef danska samgöngumálaráðherrans, og forstjóra norræna ritsímafjelagsins sýna, að afleiðingin af frestuninni hefði eigi orðið önnur, en sú, að fresta framkvæmdum í málinu til ársins 1906, eða ef til vill til ársins 1907, enda hafði fjelagið, er það fjekk framlengingu á einkaleyfum sínum, að því er snertir síma til Englands, og til Noregs og Svíþjóðar, gengizt undir það skilyrði, að koma á símasambandi til Íslands.

Þar sem ráðherrann skorar á mig með heldur frekum orðum, að sýna fram á, hvernig hann hafi metið meir vilja danskra valdhafa, en hagsmuni vora, þá þykist jeg þegar hafa gjört það mjög glögglega í 1. ræðu minni. Maður, sem ekki hefur heimild til að gjöra þann samning, sem hann hefur gjört, og skrifar danska samgöngumálaráðgjafanum, að sig bresti slíka heimild, bregður við, þegar þessi danski ráðgjafi biður hann að koma til Kaupmannahafnar, snýst þá óðar, og gjörir allt, sem hann vill, undirskrifar samning, sem er sannkallað helsi á íslenzku þjóðina, helsi, sem jeg raunar vil vona að íslenzk alþýða eigi ekki eptir, að leggja að hálsi sjer. Maður, sem fer þannig að ráði sínu, hefur sannarlega

ekki fyrst og fremst litið á hagsmuni íslenzku þjóðarinnar.

Jeg skal svo ekki fari fleiri orðum um þetta að sinni, enda býst jeg við, að mjer gefist tækifæri til þess síðar. En þar sem hæstv. ráðherra í lok ræðu sinnar sagðist vona, að sannleikurinn mundi sigra að síðustu, þá er jeg honum þar algjörlega sammála, og óska þess fráleitt síður en hann, að svo megi verða.

Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Jeg ætlaði ekki að tala í dag. En þegar háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vakti máls á rjettarástandinu í landinu, fannst mjer jeg ekki geta gengið þegjandi fram hjá því. *(Skúli Thoroddsen:* En beið með það þangað til jeg var dauður og gat ekki svarað honum). Jeg efast ekki um, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) muni ganga aptur, það gjörði Þorgeirsboli. Það var einmitt hans von og vísa, háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að vekja máls á þessu, mannsins, sem hefur sýnt það með öllu framferði sínu, sem sýslumaður, sem kaupfjelagsstjóri, sem kaupmaður og sem ritstjóri, að honum er svo einkar sýnt um, að þræða götu sannleikans og rjettlætisins.

Jeg þykist vita, að hann hefur átt við dóma, sem nýlega eða ekki alls fyrir löngu eru gengnir í hinum kgl. íslenzka landsyfirdómi. Jeg hefi átt því láni að fagna, að vera nokkuð viðriðinn dóma þessa, þar sem sýslumaður Snæfellinga, sem dómarnir hafa gengið út yfir, er mjer ekki allsendis óskyldur. Dómarnir eru 3.

Fyrsti dómurinn er í hinu svonefnda hússölumáli milli sýslumanns og ritstjóra Fjallkonunnar. Ritstjóri þessi, þessi sjálfstæði sómamaður, sem allir þekkja, ber sýslumanninum það á brýn, að hann hafi ætlað »að hafa af« dánarbúi, sem hann hafði til skiptameðferðar. Sýslumaður hafði ekkert annað aðhafzt, en að hann hafði *einn* boðið í húseign búsins innan þess tíma, sem *áskilinn* hafði verið í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, og síðan haldið boði sínu fram á skiptafundi gegn manni, sem bauð í eignina til málamynda $3^1/_2$ mánuði seinna. Það var allt og sumt. Og þó dæmdi yfirrjetturinn aðdróttun ritstjórans um sviksemi ekki dauða og marklausa, en ljet sjer nægja, að klína ofurlitilli sekt á ritstjórann fyrir annað í greininni. Með þessum dómi hefur yfirrjetturinn ekki að eins lagt aðra þýðingu en nokkur annar í almennt meiðyrði, heldur jafnvel farið þvert ofan í sína eigin dóma. »Hafa af« þýðir sama og »snyde« á dönsku, sbr. orðabók Konráðs Gíslasonar og yfirrjetturinn hefur sjálfur áður haft það um mann, sem dæmdur var fyrir svik í betrunarhúsvinnu, sbr. V. bindi dómasafnsins bls. 625. Og þenna merkisdóm fær yfirrjetturinn út með því, að gjöra privat slúðurbrjef óvarkárs brjefritara að embættisbrjefi og með því að taka ekkert tillit til eigin játningar ritstjórans. — *Forseti*: (Mjer finnst þetta ekki eiga við hjer). Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli forseta á því, að hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vakti máls á rjettarástandinu.

Nokkru seinna var sami virðulegi yfirrjettur svo fundvís, að finna það út, að »fjárdráttur« væri ekki ærumeiðing í munni »*Ísafoldar*« um *sama* sýslumann. En þar var yfirrjetturinn svo óheppinn, að hann fór ekki að eins þvert ofan í allan skilning á orðinu, þar á meðal *allra* orðabóka og margyfirlýstan skilning sinn, heldur gekk hann alveg í berhögg við skilning »Ísafoldar« og annara blaðvina sinna á orðinu. Það hefur sem sje vitnazt, að orðið er, samkvæmt lögum blaða-

mannafjelagsins, talið jafn meiðandi og brígsl um þjófnað og svik, enda hafa beztu vinir Ísafoldar og yfirrjettarins fordæmt þetta alveg. Þannig hafa bæði rektor latínuskólans og íslenzkukennarinn þar látið skriflega frá sjer fara vottorð um, að orðið væri mjög meiðandi.

3. dómurinn er út af ofurlítilli grein í Ísafold, er lýsir undrun sinni yfir því, að maður, sem slíkir dómar hafa gengið um, sje látinn halda embætti. Þess muni eins dæmi um hinn siðaða heim, segir blaðið. Og fyrir þetta sýknar yfirrjetturinn líka »Foldina« sína, segir, að þetta sje ályktun ritstjórans sjálfs, — ályktun frá eigin brjósti og því sje það ekki saknæmt! — Ritstjórinn dregur þá ályktun af dómi, sem gengur sýslumanni að miklu leyti í vil, *af dómi, sem dæmir ritstjóra* í sekt og málskostnað, að setja hefði átt sýslumann af.

Landsyfirdómurinn lætur þetta allt gott heita, af því það sje ályktun frá eigin brjósti, og meira en það, hann lagði 30 kr. málskostnað á sýslumann fyrir að hafa reynt að bera þetta blak af sjer, helmingi hærri málskostnað en hann hafði dæmt sýslumanni til handa áður.

En hjer hefur sá velvísi og rjettvísi yfirrjettur ekki gáð vel að afleiðingunum, hann hefur ekki gætt þess, að með þessu hefur hann í rauninni upphafið hegningu laganna fyrir ærumeiðingar. Jeg mætti eptir þessu segja um yfirrjettinn að hann væri *hlutdrægur*. Jeg mætti ályktа það af þessum 3 dómum hans. Yfirdómurinn gæti ekkert á því haft. Hann yrði að dæma það rjett vera, það væri — ályktun frá eigin brjósti!

En það er ekki nóg með það, að dómararnir komi stundum nokkuð undarlega fram í dómum sínum. Þeir láta líka til sín taka í blöðunum og stundum nokkuð öðruvísi en búast mætti við af mönnum í þeirri stöðu. Einn yfirdómarinn ritar t. d. svo aðdáanlega í blöðin um einn af merkustu vísindamönnum þessa lands, að hann líkir honum við hund, en tekur sig þó á því aftur, af því það sje að misbjóða — hundinum. Þessa merkilegu lýsingu má lesa í 15. tölubl. Ísaf. 1902. Með leyfi forseta? Þar stendur: »Þó má enginn skilja orð mín svo«, segir yfirdómarinn, »að jeg vilji nefna prófessórinn Bósa. Það sje fjarri mjer, að jeg vilji misbjóða og skaprauna hundunum með því, þessum meinlausu, mannelsku og gagnlegu skepnum, að taka þetta nafn frá þeim og gefa prófessórnum það«.

(*Forseti*: Ja, jeg verð að endurtaka það, að það á ekki við, að koma með þetta hjer). Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að tína nokkur fleiri gullkorn úr grein þessari. (*Forseti:* Jeg leyfi það ekki). Það er ofur stutt! (*Forseti:* Ja, mjer er sama). Nú, úr því hæstv. forseta er sama, þá geri jeg það. Yfirdómarinn segir ennfremur um vísindamann þenna: »Finnur þessi flæktist hingað til lands illu heilli . . . Með óviðjafnanlegum reigingi og belgingi fræddi vesalingurinn Finnur mig á því . . . Hann æddi eins og óður maður fram og aptur um bæinn, rægjandi og ragnandi og skaut skökkum augum á vini jafnt sem óvini . . . Það er . merkilegt, að hann skuli ekki skammast sín . . .; hann hefir víst aldrei lært það . . . Þó hann komi með smálygar, kippir maður sjer ekki upp við það . . . Finnur hefur skrifað eins og strákur og þjösni . . . hans óþverramunni . . . (*Forseti:* Jeg leyfi þetta ekki lengur). Jæja, þá verð jeg því miður að hætta. Svona skrifar einn af yfirdómurum landsins, þegar

hann fer sjálfur í blöðin; það er svo sem enginn óþverra munnur á honum. Og þessi sami yfirdómari hefur nýlega haft forsæti í fjelagi því, sem gekkst fyrir því hjer á götunum um daginn að æpa: niður með ráðherrann.

Annar yfirdómari hefur nýlega látið sjer sæma, að bendla ráðherrann — hvers drengskap enginn efar — í opinberu blaði við *landráð*, og jafnframt vænt meiri hluta allra alþingismanna um, að þeir ef til vill ætli að taka »landráðapólitík« ráðherrans upp á prógram sitt. Svona eru þeir nú þessir herrar, sem öllum öðrum fremur eiga að varðveita rjettlætið í landinu. O, jæja. Við erum allar meira og minna syndugar systur.

En ekki fer þó vel á því, að hafa sig svona í frammi.

Jeg er því samdóma háttv. þm. N.-Ísf. um það, að þetta þarf eitthvað að breytast, og geti hann hugsað upp eitthvað ráð til þess að kippa þessu í lag, þá skal jeg vera fyrstur manna til þess að rjetta honum bróðurlega hjálparhönd.

Ráðherrann: Háttv. 1. þm. G.-K. talaði mikið um sölu gamalla frímerkja, og veit jeg ekki glöggt, hvað honum mislíkaði við stjórnina í því efni. Mjer skildist, að það væri mergurinn málsins, að ekki ætti að halda áfram smásölu á pósthúsinu á frímerkjum, sem gengin eru úr gildi; þar erum við á sama máli; en jeg veit ekki betur en að þessari reglu hafi verið fylgt. Að minnsta kosti hefir stjórnin ekki veitt neitt samþykki til, að þessu sje hagað nú öðruvísi en áður hefur verið, og veit jeg ekki betur en að smásölu á gömlum frímerkjum sje fyrir löngu lokið. Ef það er enn gjört, þá er það á móti minni vitund. Þá talaði hann um óvenjulega háa upphæð, sem færi til launa til starfsmanna bankans, og taldi ólöglegt, að borgað væri meira en lögin fastsetja. En í bankalögunum er ekki fastsett laun annara en bankastjóra, bókara og gjaldkera, en laun annara starfsmanna á bankastjórnin að ákveða. Það er mjög svo eðlilegt, að fjölga þurfi starfsmönnum, eptir því sem bankinn vex og störfin aukast. Jeg get því ekki fundið, að hjer sje um neitt að ræða, sem óróa gæti valdið. H. háttv. þm. minntist á útnefningu bankabókarans og hjelt því fram, að skipun hans hefði verið ólögleg, af því að bankastjórnin hefði lagt með öðrum hæfum manni. Það er ekki satt, að bankastjórnin í heild sinni hafi mælt með öðrum manni, en þeim er útnefndur var. Hitt er satt, að gæzlustjórarnir voru á öðru máli en bankastjórinn um þetta, og gjörðu aðra tillögu en hann. En í slíku ræður ekki afl atkvæða. Það er landsstjórnin, sem eptir lögum á að útnefna þennan starfsmann, ekki bankastjórnin. Bankastjórnin hefur þar að eins tillögurjett. Landstjórnin sker úr, hver af umsækendum álítist hæfastur, eptir að hún hefur heyrt tillögur bankastjórnarinnar.

Háttv. þm. N.-Múl. (E. Þ.) spurði, hver ástæða hefði verið fyrir því, að landritarinn hefði orðið að leggja niður þingmennsku, er hann var skipaður. Mjer liggur við að spyrja háttv. þm.: Hvað kemur honum þetta við? Það virðist vera »mál, sem ekki kemur við Pál«. Hver segir honum, að landritarinn hafi óskað að halda áfram þingmennsku, eða hvað veit háttv. þm. um, hvort embættisstörf landritarans eru samrýmanleg við þingsetu? Getur honum ekki komið til hugar, að einhver muni þurfa að annast afgreiðslu málanna í stjórnarráðinu, meðan ráðh. er bundinn við þingsetu og getur lítt öðru sinnt? Annars verð jeg að játa,

að mjer finnst háttv. þm. nokkuð nærgöngull við persónufrelsið, ef hann vill að stjórnin hlutist til um privat hagi manna, aktíukaup og þessháttar. Hann virðist álíta, að af því að landritarinn taki ekki þátt í aktívri pólitík, þá eigi stjórnin að sjá um, að hann hafi enga pólitiska skoðun. En hvernig ætti hún að framkvæma slíkt? Það getur þó naumast verið meining háttv. þm., að það eigi að víkja landritara frá embætti, ef hann lætur í ljósi nokkra pólitiska skoðun í landi, þar sem jafnvel almenn atvinnu- og samgöngumál eru dregin inn í flokkapólitík? En um þetta er ekki fleiri orðum eyðandi. Það var ekki vel til fallið af háttv. þm. að fara að draga þessar árásir, sem við þekkjum úr æsingagreinum í ofstækisblöðum þess flokks, sem hann fyllir, hjer inn í þingdeildina, og blanda sjer inn í privatlíf og privatskoðanir fjærverandi heiðursmanns, sem ekki getur borið hjer hönd fyrir höfuð sjer.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) fann að því, að stjórnin hefði ekki látið nægilega í ljósi skoðanir sínar og fyrirætlanir og nefndi sjerstaklega ritsímann. En jeg get sagt háttv. þm., að það liðu ekki nema örfáir dagar frá því jeg kom á land úr utanför minni, þangað til jeg í fjölmennu samsæti skýrði ýtarlega frá málinu og öllum aðgjörðum stjórnarinnar í því, svo það gat eptir það orðið á hvers manns vitorði, sem vildi vita um það. Blöðunum var opinn aðgangur að því að fá allar upplýsingar, sem þau vildu, og stjórnin gat ekki gjört að því, þó að sum blöðin hjer vildu ekki vita hið sanna um það, er þau voru að ráðast á og ríða niður. Um það nægir að segja þessa sögu: Skömmu eptir að jeg var kominn heim, stóð einhver ósannindafjarstæða viðvíkjandi ákvörðun símataxtanna í einu blaði hjer í bæ, og var gjört stórt númer úr því, sem allt var byggt á röngum grundvelli. Þá atvikaðist svo, að jeg hitti á götunni kunningja minn, blaðstjóra, sem var að taka hjer við blaði, nýkominn að norðan. Jeg spurði hann, hvort hann vildi ganga með mjer til skrifstofu stjórnarráðsins, til þess að sjá, hvað satt væri í þessu efni, og tók hann vel í það. Sýndi jeg honum svo hið prentaða uppkast að ritsímasamningnum, til þess að hann gæti með eigin augum sjeð, að þar stóð allt annað um ákvörðun taxtanna, en blaðið hafði sagt. Jeg sýndi honum, að þar stóð, að taxtarnir væru að eins settir til 5 ára, og að aldrei mætti hækka þá án samþykkis Íslandsráðh., og sagði honum, að taxtarnir hefðu í fyrsta skipti verið fastsettir af mjer og samgöngumálaráðh. í sameiningu. Hann hafði samninginn með höndum og gat lesið í honum það, sem hann vildi. Hvort hann las hann allan, man jeg nú ekki. En það var ekkert annað og er ekkert annað skilríki til, heldur en einmitt samningurinn, sem jeg gat sýnt viðvíkjandi taxtasetningingunni. Hann sá og ýms önnur skjöl og skilríki, þar á meðal Marconitilboðin, uppdrættina og verðið sem heimtað hafði verið fyrir hvert »plan«. — Við töluðum um, að nú gæti hann sagt rjett frá í blaði sínu, og skildist mjer, að hann væri ánægður með það. Að skilnaði fór jeg fram á það við hann, að hann segði ritstjóra þess blaðsins, sem borið hafði hina röngu sögu, frá því, er hann hefði sjeð, og skilaði til hans, að ef hann vildi koma upp á skrifstofuna til þess að sjá þessi skjöl og kynna sjer, hvað satt væri, þá væri hann velkominn. Skildum við svo í bróðerni, og nú hjelt jeg að þetta

atriði að minnsta kosti yrði rjett í þessum blöðum. En hvað skeður?

Sami maðurinn, sem sá skjölin hjá mjer, hefur síðan haldið því fram, að samningnum hafi verið haldið leyndum, og hinn ritstjórinn kom aldrei! Báðir hafa síðan í sífellu farið með öfgar og ósannindi um þessi atriði, er þeim var innan handar að kynna sjer. Hafa ekki viljað vita.

Eins og háttv. þm. veit, getur stjórnin ekki birt officielt slík uppköst, sem það, sem hjer var um að ræða. Konungsstaðfesting vantaði; enda var engin ástæða til að búast við þeim æsingum, sem síðan hafa fram komið út úr ósönnum frásögnum. En hún hefur engu leynt, heldur látið þeim, er beiddu, í tje allar upplýsingar viðvíkjandi málinu. Enda stóð allt innihald samningsins í blöðunum »Reykjavík« og »Þjóðólfi«. Jeg álít alls ekki, að það sje skylda stjórnarinnar að skýra frá fyrirætlunum sínum fyrirfram; það getur opt verið ómögulegt, og þegar mál eru í undirbúningi á miðri leið, gæti það opt orðið til þess að tálma fyrir þeim og gjöra óleik.

Jeg held yfirleitt, að það sje betri regla, að tala minna og gjöra meira, en að tala geyst og láta ekkert verða úr gjörðum, fimbulfamba um framfarir og framsókn, en leggjast svo þverófugur á móti öllum framkvæmdum, þegar á á að herða. Jeg mæli þetta alls ekki til háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.), því hann er bæði í orði og verki dugnaðar- og heiðursmaður, en jeg meina það til ýmsra annara þingmálagarpa, sem eru miklir í orði en minni á borði, og sem þykjast vilja öll ósköp, en beita sjer mest til þess að flækjast fyrir og hamast móti þeim, sem bera gæfu til að koma einhverju í verk.

Jeg ætla mjer ekki að fara langt út í að svara síðari ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) nú; það hefði aldrei átt að byrja á því, að ræða þessi mál, »ritsímamálið« og »undirskriptarmálið« í dag; þeim er báðum ætlaður tími síðar, og þessar ræður um þau nú eru því ótímabær burður. Jeg fer því fljótt yfir ummæli hans, enda er hann nú »dauður«, eins og hann lagði svo mikla áherzlu á í niðurlagi ræðu sinnar, og þarf hann ekki að óttast að jeg misbrúki það ástand hans.

Það er mikill misskilningur, að þingræðið sje í því fólgið, að þingið útnefni ráðherrann; það þingræði fáum við ekki nú og vísast aldrei. Þingræðið er fólgið í því, að stjórnin sje í sem fyllsta samræmi við meiri hluta þingsins, en alls ekki í því, að einhver sjerstakur maður sje til ráðherra kvaddur, því það er konungur, sem velur sína ráðgjafa. Svo lengi sem þingræðisstjórn er í Danmörku — og það verður maður að vona að haldist, úr því það er einu sinni á komið —, þarf ekki að gjöra ráð fyrir því, að forsætisráðherrann mundi vilja hamla konungi frá því að fylgja samskonar reglu hjer við ráðherraútnefningar, þó að hann hefði þar einhver áhrif, sem *alls ekki* liggur í meðundirskriptinni á útnefningarskjalinu, eins og áður er sýnt.

En **ef** forsætisráðherrann eða aðrir mikilsmegandi stjórnmálamenn Dana *vildu* blanda sjer í slíkt, hvernig ættum við þá að fyrirbyggja að svo gæti orðið? Jafnvel þó það stæði skýrt ákveðið í stjórnarskránni, að skipun Íslandsráðherrans væri fullkomið sjermál Íslands, og þó að það væri beint fyrirskipað, að hann ætti að fá skriflega útnefningu, contrasigneraða af sjálfum sjer, þá væri samt ómögulegt að fyrirbyggja að annaðhvort forsætisráðherra eða einhver annar stjórnmálamaður færi til konungs og setti hon-

um fyrir sjónir, að það væri ósameinanlegt hag ríkisins, að þessi eða þessi yrði Íslandsráðherra, og hvernig konungur tæki því, er undir honum sjálfum einum komið. Þetta er auðvitað að eins *hugsanlegur* mögulegleiki, sem vonandi aldrei kemur fyrir. Í þessu sambandi má minna á kveðju konungs til þessa þings, sem undarlegt er að heyra mótflokkinn gjöra lítið úr. Það er undarlegt, að vilja loka augunum fyrir því, sem vinnst þjóðinni í hag, og gjöra sem minnst úr því öllu.

Við verðum að treysta því, að samkomulagið milli Íslands og Danmerkur verði jafnan þannig, að aldrei komi til að þingræði verði rofið. Samkomulagið verður að byggjast á gagnkvæmu trausti. Í öllu þingræði er byggt á trausti. Parlamentarismus er ekki skrifuð lög og ekki með skrifuðum lögum tryggður. Verður það hjer eins og annarsstaðar; en við megum ekki gjöra neitt það, sem eyðileggur það fyrir oss, að parlamentarismus geti haldizt hjer á landi. Það er þegar komin byrjun á þeirri venju, að ráðgjafinn sje tekinn úr meiri hluta flokks á þingi. Við verðum að gefa þeirri reglu tíma til að verða að venju, og þeirri venju svigrúm til að festast. Þegar slíkt er orðin föst venja, verður ekki vikið frá henni, án þess að slíkt væri valdbeiting. Vjer megum gjalda varhuga við því, að spilla ekki fyrir sjálfum oss með tortryggni eða órjettmætum kröfum. Gjörum rjett; þá verður gjört rjett við oss.

Það er misskilningur, að jeg hafi sagt, að ráðherrann sæti í ríkisráðinu í tvöfaldri merkingu! En jeg sagði, að hann yrði að uppfylla tvennskonar skilyrði, sem sje þau, sem stjórnarskipunarlög Íslands setja, og hin almennu skilyrði fyrir því að geta átt sæti í ráði ríkisins. Krafan um, að forsætisráðherrann meðundirskrifi útnefningarbrjef Íslands ráðherra getur, eins og jeg benti á, átt sjer eðlilega rót í því, að alríkið verði að hafa einhvern, sem borið geti ábyrgð á því gagnvart ríkinu, að ráðherra Íslands fullnægi þessum síðarnefndu almennu skilyrðum, sje ekki háður öðru ríki o. s. frv.

Þetta virðist eiga að vera fremur gleðiefni fyrir þann flokk, sem hefur fylgt svokallaðri landvarnarkenningu, því að í því felst, að alríkið getur ekki haft hönd í hári Íslandsráðherrans; hann getur aldrei orðið dæmdur af ríkisrjetti í Danmörku.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði ennfremur, að jeg hefði haldið því fram, að útnefningin væri ekki íslenzkt sjermál. Þetta er ekki rjett, en hitt sagði jeg, að það væri ósannað, hvort útnefningin væri einungis sjermál. Útnefningarvaldið getur að nokkru leyti verið »prærogativ«, sem konungurinn hefur. Háttv. þm. hlýtur því að hafa misheyrzt. Hann sagði ennfremur, að stjórnarskiptin í Danmörku í vetur sönnuðu ekki annað en það, að ekki hefði þótt ástæða til að skipta um Íslandsráðherra í þetta sinn. Ef háttv. þm. væri kunnugt, hvernig kabinetskipti fara fram bæði í Danmörku og annarsstaðar, þá mundi hann vera á öðru máli. Ráðherrarnir fá nefnilega allir lausn þegar forsætisráðherrann fer frá völdum, og svo var það í Danmörku nú, og alveg eins með þá, sem konungur, um leið og hann gaf þeim lausn, resolveraði að skyldu sitja áfram. Íslandsráðherrann var sá eini sem ekki var hreyft við. Það var ekki minnzt á hann, ekki í bili, ekki á pappírnum, ekki einu sinni í hugskoti manna. Hann var ósnertur af því, sem fram fór, enda var það í bezta

samræmi við undanfarin loforð og eptirfylgjandi yfirlýsingu í konungskveðjunni.

Jeg er þegar búinn að svara öllu því, sem háttv. þm. (Sk. Th.) var að endurtaka viðvíkjandi heimild minni til að gjöra ritsímasamninginn, og brjefi mínu til Hages í júní 1904, og finn jeg ekki ástæðu til að vera að endurtaka það. Ef háttv. þm. hefur lesið skjölin, sem jeg fjekk nefndinni í ritsímamálinu, þá hlýtur hann að hafa sjeð, að áður en jeg skrifaði þetta brjef til Hages, sem hann vill reyna að gera sjer svo mikinn mat úr (af skorti á öðrum röksemdum), hafði jeg gjört allmiklar og ítrekaðar tilraunir og ráðstafanir, sem allar hlutu að byggjast á því, að jeg þættist hafa haft nægа heimild til að gjöra samning um ritsímasamband, ef kostur yrði. Auk þeirrar beinu lagaheimildar, er jeg taldi mig hafa, hafði jeg þá heimild, sem liggur í margyfirlýstum vilja meiri hluta þingsins. Og jeg sje ekki annað, en hver stjórn hafi ekki að eins rjett, heldur líka skyldur til að framfylgja þeim vilja, hvenær sem hún getur. Og henni á ætíð að vera óhætt að framfylgja yfirlýstum vilja þingsins, í því fulla trausti, að þingið standi við yfirlýsingar sínar. Þegar þingið hefur veitt fje eins og hjer, 35 þús. kr. hvort árið, sem 1. og 2. afborgun af 20 ára tillagi, þá á stjórninni að vera óhætt að að gjöra samning, þar sem lofað er 35000 kr. á ári í 20 ár.

Auðvitað *getur* þingið gjört þann samning ógildan eða ómerkan með því að synja um framhaldandi fjárveiting í eptirfarandi fjárlögum. En það væri — svik, svik við stjórnina og svik við þá, sem við hana hafa samið í trausti til yfirlýsingarinnar um, að þessi fjárveiting muni verða endurtekin fyrir 10 fjárhagstímabil. Eins og er um þessa yfirlýsing, eins getur og verið um aðrar yfirlýsingar í fjárlögum, að þær hafi faktiskt gildi fyrir meira en það fjárhagstímabil, sem fjárlögin gilda fyrir.

Mjer hefur aldrei dottið í hug, að meiri hluti þingsins mundi gjöra slíkt, enda veit jeg líka, að það verður ekki. Ef hinn háttv. þm. hefur ekki annað fram að færa, þá er það sannarlega ekki mikið, sem hann fer á stað með. Háttv. þm. hjelt því líka fram, að hið stóra norræna hefði grætt á því að leggja ritsímann til Austurlands í stað Suðurlands, en þetta er ekki rjett. Eptir því sem mjer er frekast kunnugt, verður rjettum 300,000 kr. dýrara að leggja ritsímann til Þorlákshafnar heldur en til Austurlandsins. Og þessar 300.000 kr. fáum vjer, ef síminn verður lagður til Austurlands. Þess ber að gæta, að það dugir alls ekki að byggja kostnaðarútreikning við símalagning eingöngu á vegalengdinni. Aðalatriðið er, hvernig botninn er, og hvað mikið dýpið er, því eptir því, sem það er meira, og því verri sem botninn er, þess digrari þarf símakaðallinn að vera. Háttv. þm. hefur ekki haft nógu glöggar upplýsingar um þetta. *(Skúli Thoroddsen:* Jeg hef þær frá Suenson sjálfum). Það brjef væri gaman að fá að sjá! Því jeg hef fengið brjef frá honum, þar sem hann fullvissar mig um, að fjelaginu sje *alveg* sama, hvort það leggi símann til Þorlákshafnar með engu tillagi, eða til Austurlandsins með 300,000 kr. tillagi, og hann hefur hvað eptir annað þverneitað því, að borga vitund meira. Jeg leyfi mjer því að efast um, að þetta sje rjett hjá háttv. þm., meðan hann ekki sýnir brjefið. Þar að auki hafa mjög skýrir og fróðir menn í mörg ár haft tækifæri til að krítísera

þessa áætlun, og hefðu verið stórvitleysur í útreikningnum, þá hefði líklega ekki verið þagað yfir því.

Það er ekki rjett hjá háttv. þm., að það hafi verið gjört að skilyrði fyrir framlenging ensku »concessionarinnar«, að stóra norræna legði síma til Íslands, en hitt er satt, að mjer hugkvæmdist einu sinni, að það væri heppilegt, ef hægt væri, að fá það gjört að skilyrði, eins og háttv. þm. mun hafa sjeð á brjefi því, sem jeg í marzmánuði 1904 skrifaði danska sendiherranum í London gegn um utanríkisráðaneytið. En það var ekki gjört. Það nær því auðvitað engri átt, að Englendingar hafi knúð fram símalagninguna hingað, með því að heimta þetta sem skilyrði. eins og sum sannleiksvitnin meðal andstæðingablaðanna hjeldu fram, þegar þau voru að slá varnaglann við því, að framkvæmdin á þessu yrði að nokkru þökkuð nokkrum þeim. sem þeim ekki líkaði. Jeg hafði trúað einhverjum manni fyrir því. að þessa hefði verið farið á leit, og úr því var svo blaðanna saga smíðuð! Það er ekki altjend, sem þau hafa svo mikinn flugufót fyrir sögum sínum. Hitt er allt annað mál, að stóra norræna gat þess í umsókn sinni um »concessionina«, að það ætlaði að takast á hendur að leggja ritsíma til Íslands. Loks skal jeg að eins minnast á taxtana, þetta voðalega helsi, sem h. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) telur að eigi að spenna á þjóðina um 20 ár! Það er ekki rjett, að taxtarnir sjeu ákveðnir af danska ráðherranum einum, heldur eru þeir ákveðnir af mjer og honum í sameiningu. Eins og menn sjá af ritsímaskjölunum var það eitt af skilyrðum fjárlaganefndarinnar í þjóðþinginu fyrir 54 þúsund króna árstillaginu að samgöngumálaráðherrann fastsetti hámark taxtanna, og því var þannig orðað í samningsuppkastinu, eins og er. En því er síðan breytt í »concessioninni«, og er þetta því sameiginlegt mál beggja ráðgjafa, annars fyrir hönd Færeyja, hins fyrir Ísland. Þessir taxtar, sem nú eru ákveðnir, eru að eins hámark til 5 ára í mesta lagi. Jeg skal engu um það spá, hvort þeir verða lækkaðir bráðlega eða ekki. En það þykist jeg mega segja með vissu, að fjelagið hefur svo mikla æfingu í þessum sökum og er svo sýnt um gróða, að það finnur fljótt, hvort síminn mundi verða notaður meira með lægri töxtum, og fer ekki að sitja sjálfu sjer í ljósi fyrir tekjum. Annars eru taxtarnir ekki háir, þegar tillit er tekið ekki að eins til vegalengdar heldur væntanlegrar notkunar. Jeg hef internationala taxtabók hjer fyrir framan mig og það er langt frá, eptir henni að dæma, að 70 centimur fyrir orð sje dýrt, eptir því sem hjer til hagar.

En um þetta verður vissulega nóg tækifæri til að tala síðar. Klukkan er þegar orðin svo margt, að jeg ætla ekki fyrir mitt leyti að lengja umræðurnar meira um þetta efni í þetta sinn.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Það gladdi mig, að hæztv. ráðherra hefur bannað póstmeistaranum að, selja gömul frímerki, en jeg vildi óska að hann hefði farið lengra og innheimt öll gömul frímerki, eins og áður hefur verið gjört. Það er sú regla, sem jeg vildi óska að hefði verið tekin upp. Skömmu eptir að nýju frímerkin komu í gildi, var tekið eptir prentvillum á 2 frímerkjum í 20 aura örkunum, en síðan hafa menn ekki getað fengið heilar arkir af þeim keyptar. Nú vildi jeg leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæztv. ráðherra, hvernig á þessu standi, hvort hæztv. ráðherra

hefur lagt fyrir, að þau væru rifin út úr örkunum, og svo hvar þessi frímerki eru niður komin. Jeg álít sem sje enga lagaheimild vera til að rífa þessi tvö frímerki út úr örkunum, er heilar arkir eru keyptar.

Viðvíkjandi veitingu bankaskrifarans, játaði hæztv. ráðherra, að 2 af 3 í bankastjórninni hefðu gefið einum umsækjandanum meðmæli sín. En úr því svo var, hví veitti hann þá óvönum manni starfið? Þó maður nú, eins og hæztv. ráðherra, skilji orðin »eptir tillögum« þannig, að þau sjeu ekki þannig bindandi, að alltaf verði að fara eptir þeim, þá hlýtur þó þetta ákvæði að þýða það, að ráðherrann megi ekki fara á móti tillögunum, nema honum sýnist *hætta* vera á ferðum, að tillögurnar sjeu einhver hættuleg fjarstæða. En hjer getur naumast verið um slíkt að tala, þar sem tillögurnar koma frá öðrum eins mönnum og Kristjáni Jónssyni yfirdómara og Eiríki Briem. Þeir hafa þó ekki verið taldir fáráðlingar hingað til. Jeg á erfitt með að skilja, að hæztv. ráðherra geti meira að segja haft eins mikið vit á því og þessir menn, hverjir sjeu starfanum bezt vaxnir. Að því er snertir laun starfsmanna bankans, þá veit jeg ekki af neinni lagaheimild fyrir því, að þau megi vera 34 þús. Það stríðir á móti bankalögum 1885 og síðari lögum. Jeg man ekki til, að síðari lög heimili svo mikla launagreiðslu.

Jeg ætla ekki að minnast neitt frekar á ritsímamálið fyr en við 2. umr., en jeg get þó ekki annað en drepið á eitt atriði. Það var mjög langt frá því, eins og mjer heyrðist á hæztv. ráðherra, að það hefði verið á almannafæri að kynnast samningnum, því þegar vitanlegt var orðið um, að samningurinn væri orðinn til, var farið fram á það við hinn hæztv. ráðherra, að fá að sjá hann, en hann færðist alveg undan því, þar sem það kæmi í bága við hans hátign konunginn, að birta nokkuð úr honum fyr en konungur hefði skrifað undir hann. *(Hannes Hafstein:* Ósatt!) En ótal marga fýsti mjög að fá að vita um aðalatriði samningsins, þar á meðal um ritsímataxtann. Því undir honum er að miklu leyti komið, hvert almennt gagn getur orðið að ritsímanum. Nú loksins höfum vjer fengið að vita um taxtana, og það er ómótmælanlegt að fyrir 10 orð eiga að greiðast 8 kr. 40 aura, og er það æði mikið. Umsögn hins hæztv. ráðherra um þetta atriði hlýtur því að vera alveg skökk. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur skýrt fullkomlega rjett frá vegalengdinni. Og nú höfum við skýlausa vissu fyrir því, frá Suenson sjálfum, að kostnaðurinn við að leggja ritsíma hverja enska mílu er 200 pd. sterling. Úr því nú þetta hvorttveggja er gefið, þá er einkar auðvelt að reikna út kostnaðinn. *(Forseti:* Jeg vil leyfa mjer að vekja eptirtekt háttv. þgm. G.-K. (B. Kr.) á, að hann á að snúa sjer að forseta, þegar hann talar, en ekki að þgm. N.-Ísf.). Ef hinn háttv. forseti hefur ánægju af því, þá er það sjálfsagt. Jeg ætla annars ekki að tala frekar í þetta sinn, en við 2. umr. mun jeg minnast nákvæmar á ritsímamálið.

ATKVGR. Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Á 32. fundi Nd. miðvikudaginn 9. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A. 243, 244, 268, 278, 284, 285, 289, 291, 293, 294, 295, 301, 304, 305, 307, 308, 309, 310, 311, 313, 314, 318, 319, 320, 321, 325, 326, 330, 335, 336, 338, 340, 341, 344).

Forseti: Af því að ritsímamálið,

sem nú er til meðferðar á þessu þingi, er svo mikilsvarðandi mál, hefur forsetum alþingis komið saman um að láta sjerprenta álit nefndarinnar í þessu máli, og láta hvern þingmann fá 100 eintök til útbýtingar, svo að sem flestir geti kynnt sjer málið. *(Lárus H. Bjarnason:* Á að sjerprenta bæði álit meiri og minni hlutans?) Já, allt álitið.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Má jeg að eins vekja athygli á því, að fjárlaganefndin hefur í nefndaráliti sínu bls. 8 geymt sjer rjett til að koma með sjerstakt álit um ritsímamálið seinna. Jeg álít heppilegast, að það álit fylgdi ritsímanefndarálitinu og væri útbýtt með því.

Forseti: Jeg sje ekki ástæðu til að haga atkvæðagreiðslu öðru vísi við fjárlagafrv. en önnur frumv. Jeg mun því fyrst bera upp breyt.till. við hverja grein og síðan sjálfa greinina. En einstaka liði ber jeg ekki upp til atkvæða, nema þess sje óskað. Fyrst læt jeg tekjubálkinn koma til umræðu, síðan útgjaldabálkinn 7.—11. gr. og því næst 12. gr. A, B, C, E, en 12. gr. D. getur ekki komið til umræðu, fyr en nefndarálitið í ritsímamálinu er komið og menn hafa kynnt sjer það.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg skal vera stuttorður um tekjubálkinn og ekki bæta miklu við nefndarálitið, og þar geta menn sjeð tekjur undanfarandi ára. Nefndin hefur lagt til, að nokkrir tekjuliðir yrðu hækkaðir í áætlun, og er henni þetta ekki mjög fast í hendi. En mjer finnst þessi hækkun vera sanngjörn, ef miðað er við tekjur undanfarandi ára, og ef enginn verulegur hnekkir kemur, er hún áreiðanleg. Nú eru tollhækkunarlög komin í gildi, og er mjög líklegt, að nefndin komi með breyttill. við tekjuáætlunina í sambandi við þessi lög til 3. umr., og má þá fara varlega, ef sýnist. Út af því sem hæstv. forseti tók fram, að hann ekki mundi taka ritsímamálið strax til umræðu, vil jeg minna á, að 15. liður í 2. gr. stendur í nánu sambandi við þetta mál, og er þá einnig álitamál, hvort ekki ætti að láta þennan lið bíða, að minnsta kosti hvað umræður snertir.

Jeg vil svo minnast lítið eitt á 17. lið í 2. gr., sem ber nafnið »óvissar tekjur«.

Hæstv. ráðherra hefur fengið tilmæli frá forsætisráðherranum danska um, að Ísland legði til varðskipsins, sem hefur strandgæzlu á hendi hjer við landið, sem svaraði $^2/_3$ af þeim sektum, sem koma inn fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi ásamt $^2/_3$ andvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri. Fjárlaganefndin hefur ekki komið með breyt. till. í þessa átt, en fellst á, að eitthvað af þessum tekjum ætti að renna til varðskipsins, og mjer finnst, að við getum ekki vel skorazt undan að láta þetta af hendi, þar sem varðskipið hefur nokkurskonar lögreglustarf fyrir landið við strendur þess; mjer finnst þessvegna sanngjarnt og sæmilegt, að landið taki þátt í útgjöldum, sem af þessari strandgæzlu leiðir; breyttill. getur komið í þessa átt við 3. umr. En hæztv. ráðherra mun skýra nánar frá, hvernig þessari málaleitun er varið.

Jeg hef raunar ekki meiru við að bæta um þennan kafla, en vil að eins víkja að breyttill. á þingskjali 320 frá háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.). Breyttill. fer fram á, að prestinum í Kirkjubæ sje veitt 200 kr. eptirgjöf hvort árið af afborgun af láni, sem hvílir á prestakallinu. Nefndinni hafði borizt erindi um þetta mál, en vildi ekki gjöra þessa eptirgjöf að árlegu gjaldi, en ætlar samt ekki að vera mótfallin þessari breyttill., því það er sanngjarnt,

að þessi prestur, sem hefur byggt upp prestssetrið og orðið fyrir því óhappi, að húsin brunnu, fái styrk sem samsvarar því, sem jarðeigendur leggja til, þegar hús brenna.

Svo hef jeg ekki meiru við að bæta að sinni.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyttill. mína á þskj. 320, því að háttv. framsm. (P. J.) hefur lýst því yfir, að nefndin mundi leyfa henni fram að ganga. Eins og kunnugt er, hefur hlutaðeigandi prestur sótt um þessa eptirgjöf, og finnst mjer öll sanngirni mæla með því, að hún sje veitt. Ástæðum öllum að þessari málaleitun var lýst hjer á síðasta þingi og eru því kunnar. Presturinn hafði byggt upp staðinn á eigin kostnað og var á ferð til að láta vátryggja húsið, en þá vill svo hraparlega til, að húsið brennur daginn áður, en það er vátryggt; þessvegna neyddist hann til að taka þetta lán. Mjer finnst því meiri ástæða til að veita þetta, þegar tekið er tillit til þeirra neyðarkjara, sem fylgja prestakallalánum. Þau skilyrði eru sett við lántökuna, að presturinn skili húsunum með fullu álagi, þegar hann fer frá prestakalli, eða með öðrum orðum, hann á þau ekki, enda þótt hann hafi borgað þau að fullu. Jeg álít því, að það sje mjög sanngjarnt og alveg hættulaust að samþykkja þessa br.-till. Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um hana, en vona, að hún fái góðan byr.

Ráðherra: Það er vel ráðið hjá h. háttv. nefnd, að halda ekki fast í hækkunina á tekjuáætluninni. Sjerstaklega finnst mjer engin tiltök að gjöra ráð fyrir hækkun á útflutningsgjaldi. Árið 1904 var meira en helmingur af útflutningsgjaldinu gjald fyrir hvalafurðir, en nú eru hvalaveiðar óðum að minnka. Af hvalaveiðastöðvunum á Vesturlandi er nú að eins ein eptir, á Austurlandi eru nokkrar eptir, en þeim fer óðum fækkandi. Í fyrra var útflutningsgjaldið 97,000 kr. og þar af voru 55,000 krónur borgaðar af hvalafurðum, en að eins 42,000 kr. af innlendum afla. Nú er mjög efasamt, að eptir verði næstu tvö ár helmingur af þeim hvalveiðamönnum, sem voru hjer í fyrra, og er því fullmikið að áætla, að 20,000 kr. komi inn hvort árið fyrir hvalafurðir, svo að tekjuliðurinn má naumast vera hærri en hann er settur í stjórnarfrumv., 65,000 kr. á ári.

Háttv. framsm. gat þess, að jeg mundi skýra nánar frá málaleituninni, sem jeg hef fengið viðvíkjandi tillagi til eptirlitsskipsins. Háttv. framsm. gjörði sjálfur svo glögga grein fyrir þessu, að jeg hef litlu við að bæta. Eins og hann tók fram, kom sú ósk fram í fjárlaganefnd þjóðþingsins í fyrra, þegar veittar voru á fimmta hundrað þúsund króna til þess að byggja nýtt skip eingöngu til fiskiveiðaeptirlits við Íslands strendur, og þar að auki margir tugir þúsunda til viðbótar við útgjörðarkostnað »Heklu« í sumar, að Ísland legði einnig eitthvað af mörkum til lögregluptirlits þessa, eða að minnsta kosti að sektir þær, sem inn koma fyrir tilstilli eptirlitsskipsins, rynnu í þann sjóð, sem kostar skipið og gjörir það út. Fjárlaganefndin sneri sjer til forsætisráðherrans með tilmælum um, að hann kæmi á framfæri málaleitan um, að $^2/_3$ hlutar sekta þessara og jafnmikið af andvirði upptæks afla og veiðarfæra rynni í ríkissjóð. En af því að lögákveðið er, að þessar sektir renni í landssjóð, hefur forsætisráðherrann farið fram á, að veitt sje sem tillag til varðskipsins af Íslands hálfu upphæð,

sem jafngildi $^2/_3$ af sektum og upptækum afla og veiðarfærum. Þetta er auðvitað sama efni, en að eins annað form.

Jeg veit, að Íslendingar viðurkenna, að varðskipið vinnur fyrir þá, enda hefur sú skoðun opt fram komið, að við getum ekki minnkunarlaust hirt allt, sem inn kemur af sektum og sliku, ef vjer leggjum alls ekkert til. Og þar sem hjer er eiginlega ekki um útgjöld að ræða, heldur afsal á óvissum tekjum, sem hvort sem er koma ekki fram í fjárhagsáætluninni, þá vona jeg, að háttv. þingdeild verði því samþykk, að þessi upphæð greiðist i viðurkenningarskyni fyrir það lögreglueptirlit, sem kemur Íslandi til góða.

Þetta er ekki bein krafa, en að eins kurteisleg málaleitun. Jeg hef ekki sett þetta inn á stjórnarfrumv., en ætla mjer að koma með breyttill. seinna.

Nú er að vísu svo tilætlað í frumv. um stofnun fiskiveiðasjóðs, sem háttv. Ed. hefur samþykkt, að allar þessar sektir, sem hjer er um að ræða, renni í fiskiveiðasjóðinn; væri nú ákveðið, að upphæð, sem næmi $^2/_3$ af sektum þessum, greiddist í ríkissjóð, og ákvæði Ed. um, að allar sektirnar rynnu í fiskiveiðasjóðinn, hjeldist, þá væri það sama sem að múlktera landssjóðinn um allmikla upphæð fyrir hvort fiskiveiðabrot sem upp kæmist. Hver landssjóðsvinur yrði þá að óska þess, að sem fæstir trollarar yrðu teknir. En það væri ekki hollt. Jeg hef þessvegna stungið upp á því við háttv. fjárlaganefnd, sem væntanlega fær fiskiveiðasjóðsfrumv. til meðferðar, að breyta frumv. Ed. þannig, að ákveðið sje, að í þann sjóð renni að eins $^1/_3$ sekta, og nema burt breytingarákvæðið í botnvörpulögunum, en setja svo það ákvæði inn í fjárlagafrumv. við óviss gjöld, að $^2/_3$ hlutar af sektum o. fl., sem inn koma fyrir ólöglegar veiðar, megi greiða sem tillag af Íslands hálfu til varðskipsins.

Þetta tillag skerðir auðvitað Fiskiveiðasjóðinn í bráðina. En eptir frv., eins og það var samþykkt í Ed., fær Fiskiveiðasjóðurinn svo miklu meira stofnfje úr landssjóði, en til var ætlazt, að sjóðurinn verður öflugur samt.

Jeg vona, að þessari málaleitun frá fólksþinginu verði kurteislega tekið af háttv. deild, þegar jeg kem með breyt.till. um þetta við 3. umr.

ATKV.GR.: Breyt.till. við 2. gr. 2 samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. 8, felld með 14 : 7 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. 9 samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. við 2. gr. 11 samþ. með 19 atkv.

2. gr. þannig orðuð samþ. með samhljóða 24 atkv.

3. gr. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. við 4. gr. 1 á þskj. 320 samþ. með 21 atkv.

4. gr. þannig orðuð samþ. í e. hlj.

5. gr. samþ. í e. hlj.

6. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Þá var umræðunni haldið áfram og tekinn fyrir 2. kafli 7.—11. gr.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Jeg ætla, áður en jeg tek til máls um þennan kafla, að fara lauslega yfir það, hvað allar þær breyt.till., sem hafa komið fram, mundu nema miklu, ef þær allar yrðu samþykktar; það mundi víst verða alls um 163 þúsund kr. Það er nú, eins og allir sjá, afar-mikil upphæð, og mundi talsvert rugla þeirri hugsun, sem nefndin hefur reynt að fram fylgja viðvíkjandi fjárlögunum.

Jeg vil þess vegna vona, að menn sæki það ekki með miklu kappi, að samþykktar verði breyt.till., sem velta inn á fjárlögin ákaflega miklum útgjöldum; þó það vafalaust sje allmikil þörf á þeim, þá er enn meiri þörf á því, að setja einhver takmörk, sem ekki sje farið út yfir. Jeg skal að svo mæltu snúa mjer að þessum kafla.

Jeg ætla ekki að fara að tala um hvern lið út af fyrir sig; jeg álít það of mikla töf; en jeg skal að eins minnast á þá helztu. Breyt.till. frá nefndinni eru heldur fáar. Fyrst er br.till. við 10. gr. 4. lið, viðvíkjandi svokölluðu ráðhúsi, eða fangahúsi á Akureyri; hún er þess efnis, að veittar sje 4000 kr. til þess að byggja nýtt fangahús. Landssjóður á að gjöra þetta í sambandi við bæjarstjórn Akureyrar, og jeg get ímyndað mjer, að háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), sem er bæjarfógeti á Akureyri, vilji gefa skýringar um þetta. Þess má geta, að þó að hjer sje tekið til 4000 kr., þá á landssjóður gamla fangahúsið, sem mundi seljast fyrir 2000 kr. að minnsta kosti, svo að útgjöld landssjóðs verða þá því minni.

Viðvíkjandi aths. við 10. gr. B. 1. e um fjárveiting til þess að gefa út registur við stjórnartíðindin, skal jeg geta þess, að nefndin hefur átt tal við manninn, sem samið hefur registrið, og hann vill ekki láta handritið nema með því skilyrði, að hann lesi sjálfur prófarkir, og fái 35 kr. fyrir örkina í ritlaun og prófarkalestur. Nefndin hefur gengið að þessum kostum.

Nefndin hefur leyft sjer að gera athugasemd viðvíkjandi holdsveikraspítalanum, án þess þó að koma fram með neina breyt.till. Henni þykir það mjög athugavert, hve mikill munur er á fæðiskostnaði starfsmanna við spítalann og fæðiskostnaði sjúklinga. — Hún hefur ekki getað fengið skýring á þessu atriði, því hún hefur ekki getað haft tal af hinum fyrra ráðsmanni spítalans.

Einnig fannst nefndinni það torskilið, hversu mikil upphæð er áætluð til málningar spítalanum (yfir 2000 kr.). Hún taldi nauðsynlegt, að fá greinilega vitneskju um það, hvort ekki mundi í rauninni ódýrara, að járnklæða húsið, þar sem járnið ver húsið svo miklu betur, og málningin á því yrði miklu ódýrari.

Svo kemur næst við 11. gr. 8, breyt.till. nefndarinnar um styrk til tveggja sjúkraskýla. Þar hefur komið fram beiðni frá Skagfirðingum um styrk til sjúkraskýlis á Sauðárkrók, og frá Vopnfirðingum um 600 krónur til sjúkraskýlis á Vopnafirði. Skagfirðingar hafa í þessu augnamiði lagt fram fje í stórum stíl — og er það mál ekki alveg nýtt. Skagfirðingar fóru fyrir nokkrum árum fram á styrk til spítalastofnunar á Sauðárkróki, en þeim var neitað, af því að þingið ætti ekki að styrkja reglulega spítala nema í hinum 4 kaupstöðum landsins. — En nú er þetta mál lifnað á ný, og fjárlaganefndin vill verða við þessari beiðni, að því leyti, sem það getur samrýmzt við stefnu síðasta þings, að styrkja hæfilega stór sjúkraskýli út um landið. Nefndin hefur að vísu farið nokkru framar, en meginregla ætti að vera, um sjúkraskýlið á Sauðárkróki. Það var hugsun fjárlaganefndar síðasta alþingis, að styrkurinn væri 200 kr. á hvert sjúkrarúm, og hæfilegt væri að rúmin væru svo sem 4 til 6; það yrði þá 800—1200 krónur til hvers skýlis. En nefndinni þótti sjerstakar ástæður mæla með hærri styrk til Sauðárkróksskýlisins af því hjeraðsbúar hafa lagt svo mikið fram.

Vopnfirðingar hafa að eins farið

fram á 600 kr. Undirbúningur er ekki nærri eins vandaður frá þeirra hálfu, en af því að upphæðin er svo lítil, vill nefndin ekki synja þeim styrksins. —Viðvíkjandi tillögu nefndarinnar, að fella síðasta lið burtu, styrkinn til Steinunnar Árnadóttur til þess að læra tannlækningar, skal jeg að eins geta þess, að nefndin vill forðast sem mest persónulegar fjárveitingar, og virðist ekki ástæða til þess, að gjöra undantekningu, hvað þetta snertir.

Breyt.till. á þskj. 311 um að veita styrk til tveggja læknisferða um Öræfin, 150 kr. hvort árið, hefur nefndin aðhyllzt; þessi styrkur hefur áður verið veittur, og nefndin telur hann jafn-nauðsynlegan nú.

Þá er breyt.till. á þskj. 334 um að veita 5000 kr. til byggingar sóttvarnarhúss í Reykjavík.

Forseti: Jeg skal geta þess, að þessi breyt.till. er komin of seint, og jeg vil því bera undir atkvæði, hvort hún á að komast að.

Samþykkt í einu hljóði, að breyt.till. skyldi komast að.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Jafnvel þó að það sje nefndinni ekki ljóst, að það þurfi svo mikið fje, vill hún þó ekki synja þessa. Væntanlega verður ekki tekið til þessarar byggingar meira fje en þörf er á, en þó hefði jeg kunnað betur við, að greinin væri orðuð þannig, að veitt sje »allt að 5000 kr.« o. s. frv.

Guðm. Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef borið fram breyt.till. um fjárveiting til sóttvarnarhússins í Reykjavík, og vil jeg leyfa mjer að skýra fyrir háttv. deild, hvernig á því stendur.

Þegar fje var veitt til þess að reisa sóttvarnarhús í kaupstöðunum, þá voru þær fjárveitingar mjög svo ónógar. Fyrir 6000 kr. er ómögulegt að reisa sóttvarnarhús í Reykjavík, svo í góðu lagi sje. Þáverandi stjórn tók því það viturlega ráð að reisa húsið fyrir 6000 kr., en fullgjöra það ekki, í þeirri von að meira fje fengist síðar og gæti húsið þá orðið svo, að það fullnægði kröfum nútímans. Húsið er 26 álna langt, 10 álna breitt, portbyggt og kjallari undir. Í aðalbyggingunni eru tvær stórar sjúkrastofur, bústaður fyrir lækni og hjúkrunarkonu, baðherbergi o. s. frv. Í kjallaranum er í öðrum enda eldhús, en í hinum þvottahús. Uppi á loptinu verða 3 stofur fyrir heilbrigða, sem eru í sóttvarnarhaldi.

Það sem veldur því, að sóttvarnarhús eru svo dýr, er það, að þau þurfa að vera þannig úr garði gjörð, að afarhægt sje að sótthreinsa þau tryggilega. Ef einhver næmur sjúkdómur kemur upp og menn eru settir í sóttvarnarhald, þarf auðvitað að sótthreinsa húsið vandlega á eptir, svo að ekki aðrir smittist, sem síðar kynnu að verða settir inn.

Jeg hef ekkert á móti því að sett væri »allt að« 5000 kr., það verður auðvitað ekki brúkað meira en nauðsynlegt er; en jeg efast mjög um, að kostnaðurinn geti orðið minni.

Það er bersýnilegt, að hin litlu sóttvarnarhús í hinum kaupstöðunum eru óhæf til að taka á móti alvarlegum útlendum farsóttum; þau er mjög torvelt að sótthreinsa og svo fylgir þeim líka sá annmarki, að það er sjaldan nema um einn lækni að gjöra, nefnilega hjeraðslækninn á staðnum. Komi nú hættulegur sjúkdómur, eins og t. d. »svarti dauði«, — hann getur vel komið hingað, því hann er allt af að smákoma til nágrannalandanna — þá er ekki nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að láta sjúklingana í sóttvarnarhúsinu eptirlitslausa, eða að loka lækninn inni hjá þeim, og láta hjer-

aðið læknislaust, þetta er hvorttveggja jafn-ófært. Jeg vil þess vegna, að skipum, sem flytja slíkar sóttir, sje vísað hingað til Reykjavíkur; hjer er allt af nóg af læknum. og þá hægt að offra einum og loka hann inni hjá sjúklingunum. En ef þessu verður þannig háttað framvegis, þá er sjálfsagt, að sóttvarnarhúsið hjer sje sem stærst og sem bezt útbúið að kostur er á. Nú er það ekki fullgjört, og ef hingað kæmu sóttir að vetrinum, þá mundu af því hljótast stór vandræði. Það sást bezt, þegar mislingarnir komu hingað í maímánuði; þá varð að taka stofu til íbúðar, sem enginn ofn var í; það hefði ekki verið hægt um vetrartíma.

Að landstjórnin ekki hefur tekið þessa fjárveitingu upp í stjórnarfrumv., kemur víst af því, að sóttvarnarhúsið hefur aldrei hingað til verið notað neitt að ráði. En nú er það komið í ljós, hversu mikil þörf er á því; jeg vona því. að h. háttv. deild taki vel þessari breyt.till. minni.

Fyrst jeg er nú staðinn upp hvort sem er, vildi jeg minnast lítillega á styrkinn til sjúkraskýlanna. Það er beðið um 2000 kr. til sjúkraskýlis á Sauðárkróki og 600 kr. til sjúkraskýlis á Vopnafirði. Jeg efast um, að það sje rjett að veita slíka styrki, eins og hingað til hefur verið gjört. Við, sem eigum að greiða atkvæði um það, vitum ekkert, hvernig þessum sjúkraskýlum er hagað. Það getur verið, að fjárlaganefndin viti það, en það er ekki nóg; því — með allri virðingu fyrir fjárlaganefndinni — efast jeg um, að hún hafi þá sjerþekkingu, sem er nauðsynleg til þess að geta dæmt um það, hvort sjúkraskýlið geti komið að fullum notum. Jeg álít, að það eigi að vera föst regla, að styrkur úr landssjóði sje veittur, aðeins með þeim skilyrðum, að landsstjórnin geti kontrollerað, hvernig skýlið er úr garði gjört. Jeg hef nýlega heyrt, að eitt sjúkraskýli, sem er reist með styrk úr landssjóði, sje alveg ófært, og þá er því fje illa varið. Það verður ekki annað sagt, en að öll hjeruð landsins hafi jafnan rjett til þess að fá slíkan styrk, og er því varla hægt að neita einu um hann, þegar öðru er veittur hann; en þá væri líka rjettast að miða stærð styrksins við íbúafjölda hjeraðanna.

Jeg vil nú í þetta sinn greiða atkv. mitt með þessari styrkveitingu, en jeg vil að þetta sje framvegis tekið til greina.

Viðvíkjandi málningu holdsveikraspítalans skal jeg geta þess, að þar sem háttv. framsm. taldi það vafasamt, hvort ekki mundi vera ódýrara að járnklæða húsið, þá er það ekki líklegt. Kostnaðurinn við málninguna verður smámsaman minni eftir því sem tjeð drekkur meira í sig. En þó að húsið sje járnklætt, þarf samt að mála það við og við, því annars ryðgar járnið (*Pjetur Jónsson:* Það vissi jeg). En samkvæmt þendingu nefndarinnar verður það náttúrlega athugað, hvort ekki mundi vera rjettara að járnklæða; jeg skal taka það fram, að það hefur víða verið reynt að fá tilboð í málningu, en hvergi fengist ódýrara en þetta.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skf.): Jeg á hjer eina breyt.till. á þskj. 311, sem fer fram á að taka upp í fjárlögin fyrir næstkomandi fjárhagstímabil 11. gr., á eptir tölul. 3, samhljóða athugasemd og fjárveiting, eins og staðið hefur á fjárlögunum nokkur undanfarin ár, nfl. 150 kr. hvort árið til tveggja læknisferða á ári til Öræfinga. Mjer er ekki ljóst, af hverju þessi liður hefur verið felldur úr frv. stjórnarinnar, nema ef vera kynni, að stjórnarráðið hafi ekki talið þess þörf.

En mjer er það kunnugt, að undanfarin ár hefur þetta verið til mikils gagns; opt hefur þurft á lækni að halda í hjeraðinu, bæði fyrir tilfallandi slys og fyrir þá sök, að gosið hafa upp sóttir, sem nauðsyn hefur verið að hepta útbreiðslu á. Jeg vona, að þessi liður verði samþykktur, svo jeg þurfi ekki að fara fleiri orðum um hann. Jeg skal geta þess, að jeg flyt þessa breyt.till. aðallega í nafni háttv. þm. A.-Skf., sem, eins og háttv. þingdm. vita, á sæti í annari deild.

Háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar vjek að mjer, að gefa upplýsingar viðvíkjandi 10. gr. A. 4, þar sem farið er fram á, að við bætist liður eins og stendur í 5. lið á þskj. 244. Jeg skal með ánægju gefa upplýsingar um það mál; það er viðvíkjandi endurbyggingu fangelsisins á Akureyri. Það er þá fyrst að segja, að húsið er sett á óhentugum stað sem fangelsi, þar sem það er í öðrum bæjarhlutanum, og það þeim, sem fámennari er; auk þess stendur húsið óþægilega, því það er undir brattri brekku, og illt að verja það fyrir auraðrennsli. Afleiðingin af þessu er sú, að allur norður- og vesturparturinn af húsinu er fúnaður að neðan, gólfbitar sprungnir og gólfið sigið um nálega fet. En við þetta er erfitt að gjöra, því húsið er steinsteypt í binding. Svo hugkvæmdist bæjarstjórninni, að fara þess á leit við landssjóðinn, að hann seldi sinn hluta, og byggði svo í sameiningu við Akureyrarkaupstað myndarlegt hús, sem auk fangahúss gæti verið fyrir bókasafn Norðuramtsins, og sem bæjarstjórnarsalur gæti verið í, og jeg vona að hver maður sjái, að þetta yrði hagur en ekki skaði fyrir landssjóð. Því ef húsið verður áfram eign landssjóðs, þá er óhjákvæmilegt að gjöra við það, en samkvæmt áætlun, sem jeg ljet gjöra í vetur, yrði það ekki gjört, svo í neinu lagi væri, fyrir minna en 1000 kr., og þó þessi viðgjörð yrði gjörð, þá yrði viðhaldið dýrt í framtíðinni. En væri húsið selt, mundi hluti landssjóðs — eptir virðingu, sem jeg ljet gjöra í vetur — seljast 2,000—2,500 kr., sem þá landssjóður legði til hinnar nýju byggingar. En bæjarstjórnin átti upphaflega borgarasal, sem eptir virðingunni er ca. 500 kr. virði. Sá hluti hússins er nú eign Norðuramtsins, og hefur það ráðgjört að selja hann. Landssjóður fengi því nálega 2,000 kr. fyrir sinn hluta, sem svo drægist frá því, sem hann legði til byggingarinnar. Jafnframt skal jeg benda á, að, eins og kunnugt er, verða amtsráðin lögð niður, og þá þarf að ráðstafa bókasafni Norðuramtsins; mjer finnst nauðsynlegt að leggja kapp á, að það ekki sundrist, og eini vegurinn til þess er sá, að Akureyri og sýslan taki við þeim umráðum yfir safninu, sem amtsráðið hafði. Það var líka gjört ráð fyrir þessu í vetur, og í því skyni byrjað á frjálsum samskotum til húsbyggingar; safnaðist á skömmum tíma ca. 1,000 kr. Ef svo hluti amtsráðsins seldist fyrir 500 kr., þá væru þegar til 1,500 kr. til bókasafnsbyggingar, og bókasafnið er svo mikils metið á Akureyri, að varla mundi stundarverk að safna 500 kr., svo að kaupstaðurinn legði til 2000 kr. Á fundi, sem haldinn var í bæjarstjórn Akureyrar 17. júní, var ráðgjört að byggja hús, sem gæti rúmað bæði fangelsi, ráðhús og bókasafn. Jeg verð að líta svo á, að það sje hagur en ekki óhagur fyrir landssjóð, að taka þátt í þessum samlögum.

Það eru ekki önnur mál í 10. og 11. gr., sem snerta mig, en jeg skýt þeirri athugasemd til hinnar háttv. fjárlaganefndar, hvort ekki mundi ástæða til að veita til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði. Eins og minnzt hefur verið á hjer í deildinni, var fje veitt til sóttvarnar-

húss þar, sem nú er fokið út í veður og vind; jeg skýt því þess vegna til h. háttv. nefndar, hvort ekki muni eins mikil ástæða til að veita þetta, eins og að hækka til sóttvarnarhússins í Reykjavík. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hjelt fram, að ástæða væri til að hækka við sóttvarnarhúsið í Reykjavík. Styrkurinn var 6 þús. og nú er farið fram á 5 þús. í viðbót, svo húsið á að kosta 11 þús. kr. Hann tók fram, að sóttvarnarhús þetta yrði fyrir land allt, með það fyrir augum, að öllum skipum, sem til landsins koma með næma sjúkdóma, skyldi stefnt til Reykjavíkur. Með þetta fyrir augum ætla jeg nú ekki að mæla móti þessari fjárveiting. En jafnhliða skal jeg þó taka það fram, að mjer finnst það nokkuð strangt, að haldið sje fram, að sóttvarnarhús í hinum kaupstöðunum megi ekki nota til að hindra næma innlenda sjúkdóma, eins og t. d. »tyfus«, »tuberkulose«, »difteritis« o. fl. Það ætti um leið að verða auðveldara að finna veg til þess, að nota mætti sóttvarnarhús í kaupstöðum til að skjóta skjólshúsi yfir slíka sjúklinga. Jeg vil að eins skjóta þessu fram, en skal ekki fara frekar út í það að sinni.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg er þakklátur hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir, hvernig hún hefur tekið í styrkveitingu til sjúkrahússins á Sauðárkróki. Þó sú upphæð, sem nefndin leggur til að veitt verði, 2000 kr., sé nokkuð lægri, en sú, sem farið var fram á af sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu, 4000 kr., þá hef jeg ekki komið fram með neina breyt.till. við það, því jeg geng út frá því vísu, að fjárlaganefndin viti bezt, hvað fært sje að veita í þessu skyni, og í annan stað, að hún hafi myndað sér fasta stefnu um, hvernig hún taki í slíkt. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) benti á 2 atriði, sem hafa við góð rök að styðjast, og vert er að taka til greina. Hið fyrra atriðið var það, að rjett væri, að styrkurinn væri bundinn því skilyrði, að sjúkraskýlin væru gjörð í samráði við verkfræðing, er stæði í þjónustu landsstjórnarinnar, og eptir fyrirsögn, er hann semdi. Þessu hefur einmitt verið fylgt, að því er snertir hið fyrirhugaða sjúkrahús á Sauðárkróki, því það var útveguð áætlun og teikning frá þeim manni, sem launað hefur verið af landssjóði til þess að rannsaka byggingarefni landsins og veita leiðbeining í húsagjörð, og nú er orðinn verkfræðingur landsins. Hann gjörði þá áætlun, að húsbyggingin mundi kosta 8,400 kr., en til útbúnaðar 2,600 kr. Allur kostnaðurinn yrði því 11 þús. kr. Upphæðin er því nokkuð mikil, en jeg skal taka það fram, að sjúkraskýlið er ætlað fyrir 2 læknisdæmi, Sauðárkrókshjerað og Hofsóshjerað. Í áliti fjárlaganefndarinnar er svo ráð fyrir gjört, að sjúkraskýlið skuli hafa 3—6 sjúkrarúm, en þá skilst mjer að miðað sje við eitt læknishjerað. En hjer er hugmyndin, að skýlið verði fyrir 2 læknishjeruð, eins og þegar er tekið fram, og með tilliti til þess eru sjúkrarúmin ákveðin 8—10.

Háttv. 2. þm. Rvk. tók enn fremur fram, að slíkar styrkveitingar bæri að miða við fjölda þeirra manna, sem gagn hefðu að þeim, og þá kemur það atriði til greina, fyrir hve stórt svæði þau eiga að vera, en hjer er það heil sýsla með 4,500 íbúa, og auk þess gæti nokkur hluti af Húnavatnssýslu haft góð not af sjúkrahúsi á Sauðárkróki. Upphæðin, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu fór fram á, var helmingi hærri en fjárlaganefndin vill veita, og var hún miðuð við að skýlið kæmist upp skuldlaust. Afleiðingin af því, að styrkurinn er færður svona mikið niður, hlýtur að verða sú, að sýslan verð-

ur að taka lán til að standast kostnaðinn við bygging sjúkrahússins. Að vísu er til talsverður sjóður, sem safnazt hefur af gjöfum og samskotum í sýslunni og nemur rúmum 5,000 kr., en eptir þeirri áætlun, sem gjörð hefur verið, vantar eigi alllítið fje upp á stofnkostnaðinn. Samt sem áður treysti jeg því, að sjúkraskýlinu verði borgið, ef það fengi þann styrk, sem fjárlaganefndin hefir áætlað til þess, og sem jeg vona að háttv. deild taki vel í.

Ráðherrann: Jeg hef mjög lítið að segja viðvíkjandi þeim kafla fjárlaganna, sem nú er til umræðu. Fjárlaganefndin hefur lítið fellt úr af því, sem stjórnin hafði farið fram á, og um það, sem hún hefur bætt við, hef jeg ekkert að athuga. Sumt af því er komið eptir tillögum frá stjórninni, eins og t. d. fangahúsið á Akureyri, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gjörði ráð fyrir. Þó að jeg ekki leggi neitt kapp á það, vil jeg þó geta þess, að jeg álít ekki rjett, að samþykkja þá tillögu nefndarinnar, að fella burtu styrkinn sub 11. gr. 8. i. til Steinunnar Árnadóttir, til að nema tannlækningar. Jeg álít þörf á kvennlegum tannlækni hjer á landi. Eptir þeim upplýsingum og meðmælum, sem umsókninni fylgdu, er jeg í engum vafa um, að hún muni til þess fær. Og þar eð þessi kvennmaður hefur fengið loforð fyrir sjerstaklega ódýrri kennslu og góðum kjörum, þá álít jeg rjett að veita henni þennan litla styrk, 300 kr. annað árið.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) benti á, eins og líka var rjett, að á frumv. vantar fjárveitingu til sóttvarnarhússins á Seyðisfirði. Fregnin um að húsið væri fokið kom svo seint, að ekki var hægt að taka upp á fjárlagafrv. upphæð til nýs húss, enda bjóst stjórnin við, að fá nánari upplýsingar og undirbúning að austan, áður en hún tiltæki upphæðina. Kostnaðurinn við að koma upp húsinu, sem fauk, fór talsvert fram úr því, sem veitt var til þess á fjárlögunum, og er verið að fá umframgreiðsluna veitta á fjáraukalögum fyrir 1902 og 1903, sem nú eru fyrir þinginu. Það verður vonandi tími til að koma nýrri fjárveiting til nýja hússins inn í fjárlagafrumvarpið, áður en þingi lýkur, en hve stór upphæðin á að vera, er mjer enn óljóst.

Sami háttv. þm. gat um, að hann skildi ekki, af hvaða ástæðum fellt væri úr stjórnarfrv. 150 kr. hvort árið til læknisferða til Öræfinga. Jeg skal til skýringar geta þess, að þegar frv. var samið, var læknishjeraðið laust, svo hugsazt gat, að veita hjeraðið með því skilyrði, að hinn nýji læknir tækist þetta á hendur án aukaþóknunar af almannafje. En jeg hef þó fyrir mitt leyti ekkert á móti, að þessi liður verði tekinn upp aptur; það munar lítið um þetta, og jeg efast ekki um, að fullgildar ástæður hafi verið færðar fyrir þessu áður, þegar styrkur þessi var veittur.

Það hefur verið útbýtt á fundinum viðaukatill. á þgskj. 339 um 300 kr. fjárveiting fyrra ár fjárhagstímabilsins, til þess að útvega eldfastan járnskáp handa bæjarfógetanum á Ísafirði. Stjórnarráðið hefur, eptir beiðni sýslumannsins á Ísafirði, skýrt fjárlaganefndinni frá þessari þörf, en hún gat ekki tekið það til greina. En mjer er persónulega kunnugt, að það er þörf á þessum járnskáp, því bæjarfógetinn á Ísafirði hefur opt til geymslu mikið landssjóðsfje og annað opinbert fje, en ílát það, sem nú er notað, er óbrúkandi, það er gömul kista, sem keypt var í embættistíð háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og hefur frá upphafi verið óbrúkandi til þess að geyma þar em-

bættisbækur, svo neinu nemi. Kista þessi er nú orðin skemmd og stendur mökkur af kalki eða muldu sementi út undan lokinu í hvert skipti, sem hún er opnuð eða henni er læst. Þessi fjárveiting er svo lítil, að landssjóð munar ekki verulega um hana, enda hefur áður verið lítið á samskonar þörf, þar sem þingið hefur veitt fje til peningaskápakaupa handa öllum sýslumönnum, nema sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, sem þá varð út undan vegna járnkistu þessarar. Jeg vona því, að háttv. deild taki þessa viðaukatillögu til greina.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg verð að minnast lítið eitt á brtill. nefndarinnar við 11. gr. 6. a. á þgskj. 342, sem kom fram nú á fundinum. Þessi tillaga fer fram á 300 kr. hækkun á árslaunum starfsmanna við holdsveikraspítalann og er gjörð að ósk spítalastjórnarinnar. Fjeð, sem áætlað hefur verið til þessa, þykir of lítið til þess, að hægt sje að fá nægilegt vinnufólk við spítalann, því með því er ekki hægt að gjalda svo hátt kaup, svo að fólkið gangi að því, og er því óhjákvæmilegt, að bæta við upphæðina, svo hún geti fullnægt þörfum spítalans nokkurn veginn þolanlega.

Háttv. 2. þm. Rvk (G. B.) minntist á sjúkraskýli. Það væri athugavert, að fara á stað með það mál án þess að gjöra sjer ljóst allt skipulag og fyrirkomulag á því máli í heild sinni, og meðal annars kvað hann vera litla tryggingu fyrir því, að stjórnin gæti haft nægilegt eptirlit með byggingum þeirra og rekstri. Jeg get tekið undir það með háttv. þm., að ekki ætti að byrja á neinu slíku, nema gjörðar sjeu um það nákvæmar áætlanir fyrirfram og eptirlitið fyllilega tryggt. Þetta vakti líka fyrir fjárlaganefndinni 1903, og þess vegna var hún treg til að styðja miklar fjárveitingar til slíks. En þá voru þó þvert á móti tillögum hennar samþykktar 1,600 kr. til sjúkraskýlis á Brekku við 2. umr. fjárlaganna.

Fjárlaganefndinni þótti þessi fjárveiting gjörð allt of mikið út í loptið og gat því ekki fallizt á hana.

Nefndin ráðgaðist svo við lækni hjer í bænum um þetta mál, og áleit hann mjög hentugt að hafa sjúkraskýli á ýmsum læknissetrum, svo þeir ættu hægt með eptirlit og umsjón sjúklinga. En ekki væri ástæða til að hafa þar pláss nema handa svo sem 4—6 sjúklingum, og ástæðulaust væri að kosta til skýla líkt og til fullkominna spítala.

Sjeu sjúkraskýlin mjög dýr, verða margir þess ekki megnugir að leita þeirra, og þess vegna væri hentugast, að þau gætu verið sem allra ódýrust, að samrýmzt getur sæmilegum þægindum. Fjárlaganefndin hugsaði sjer, að það gæti verið viðunanlegt, ef sjúkraskýlin gætu boðið eins mikil þægindi og beztu sveitaheimili, en til þess þyrftu þau ekki að vera afardýr. Þess vegna færði fjárlaganefndin 1903 styrkinn til sjúkraskýlisins á Brekku niður í 800 kr., eða 200 kr. fyrir hvert sjúkrarúm, Engin nauðsyn virðist á því, að setja þessi skýli undir umsjón stjórnarinnar, enda yrði þá eptirlitið lítilsvirði eða þá allt of umsvifamikið. En nefndin álítur heppilegt, að sýslufjelögin eigi þau og hafi allan veg og vanda af þeim. Þeim ætti ekki að vera ofvaxið að hafa eptirlitið með sjúkraskýlunum, ef þau hefðu hjálp hjeraðslæknanna til þess.

Hjeraðslæknarnir ættu að geta gefið nauðsynlegar leiðbeiningar í því, hvernig byggingum og öllu fyrirkomulagi þessara stofnana væri bezt og haganlegast fyrir komið, bæði með tilliti til

þess, hvernig það yrði kostnaðarminnst og hvernig það kæmi að beztum notum.

Það er mjög vafasamt, að sjúkraskýlin græddu nokkuð á því, þó landsstjórnin hefði hönd í bagga með. Það hefur sýnt sig t. d. um hið nafnkunna sóttvarnarhús á Seyðisfirði, að það fauk út í veður og vind, þrátt fyrir landsstjórn og allt.

Viðvíkjandi tillögu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um styrk til þess, að fara tvær læknisferðir á ári til Öræfinga, vil jeg geta þess, að nefndin vildi ekki koma með tillögu um þetta, og get jeg ekki sagt um, hvernig hún tekur því. Út af því, sem háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði um málningu á holdsveikraspítalanum, þá var öllum nefndarmönnum ljóst, að það kostar mest í fyrsta sinn að mála hús. En sú málning, sem hjer er um að ræða, og ekki er fyrsta málning, þótti okkur óhóflega dýr, og þess vegna datt okkur í hug, að hentugra mundi að járnverja húsið. Enda þótt það þurfi að mála járnið, þá verður það aldrei eins dýrt, og það mun vera reynsla Sunnlendinga, að járnið verji miklum mun betur viði hússins en nokkurt mál. Jeg veit vel, að járnið mundi í fyrstunni kosta mikið meira en málið, en að líkindum ynnist það upp með tímanum.

Það hefur annars tiltölulega lítið verið talað um þennan kafla og fátt við hann athugað, svo jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um hann.

Háttv. 1. þm. Skgf. minntist á sjúkraskýlið á Sauðárkróki, og hef jeg ekkert sjerstakt við það að athuga.

ATKVGR.: 8. gr. frumv. samþ í e. hlj.

9. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. á þgskj. 244 við 10 gr. A. (nýr liður eptir tölul 2), samþ. með 23 samhljóða atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 339 við 10. gr. A. 5. g. (nýr liður: h.), samþ. með 15:10, að viðhöfðu nafnakalli sakir ógreinilegrar atkvæðagreiðslu, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Eggert Pálsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Guðm. Björnsson,	Pjetur Jónsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Hermann Jónass.,	St. Stef. 2. þm. Skgf.,
Jóhannes Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Jón Jónsson,	Þórhallur Bjarnars.
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	

6. breyt.till. á þgskj. 244 við 10. gr. B. 6. samþ. með 18 samhljóða atkv.

10. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj 311 við 11. gr. 3. (nýr liður: 4.) samþ. með 13 atkv.

Breyt.til. á þgskj. 342 við 11. gr. 6, a., samþ. með 15 atkv.

7. breyt.till. á þgskj. 244 við 11. gr. 6. f., samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. á þgskj. 244 við 11. gr. 8. d. (2 nýir liðir: *e.* og *f.*), *e.* samþ. með 19 atkv., *f.* samþ. með. 20 atkv.

Athugasemd aptan við liðinn samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. á þgskj. 244 við 11. gr. 8. i., samþ. með 20 samhljóða atkv.

Breyt.till. á þgskj. 334 við 11 gr. (viðauki aptan við greinina), samþ. með 14 samhljóða atkv.

11. gr. með áorðnum beytingum sþ. í e. hlj.

Þá var fundi frestað, en hann hófst aptur sama dag kl. 5 e. h. Var þá

tekið til dagskrárinnar, þar sem áður var hætt, um 12. gr. A. B. C. E.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Að öllu samtöldu eru komnar æði margar breyt.till. við þessa liði bæði frá nefndinni og frá einstökum mönnum, svo gjöldin verða nokkru meiri en gjört er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar.

Samkvæmt breyt.till. nefndarinnar hækkar A liðurinn um 18,600 kr., og auk þess hækkar hann um 600 kr. samkvæmt breyt.till. einstakra þm.

B liðinn leggur nefndin til að hækka um 2,400 kr., en einstakir þm. um 67,500 kr. Í frumv. eru nálega 125,000 kr. ætlaðar til þjóðvega og akbrauta, svo viðbæturnar slaga býsna hátt upp í það.

Eptir tillögum einstakra þm. nemur hækkunin á C liðnum 4,400 kr., en eptir till. nefndarinnar lækkar hann um fullar 90,000 kr., vegna þess að gjaldið til gufuskipaferðanna minnkar svo mjög.

Eptir þetta yfirlit vil jeg snúa mjer að einstökum liðum.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar um hækkun á launum póstþjóna, þá eru þær gjörðar eptir tilmælum póstmeistara og með samkomulagi við hann, og leyfi eg mjer að vísa til nefndarálitsins um það atriði.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. A. 2., þar sem lagt er til, að hækka tillagið til póstflutninga um 7,000 kr. á ári. Fjelaginu »Wathnes Arvinger« hefur að undanförnu verið veittur 1,000 kr. styrkur á ári til þess að flytja póstsendingar og ábyrgðarbrjef. En nú að síðustu hefur fjelagið ekki viljað ganga að svo litilli styrkveiting gegn þeim skuldbindingum, sem því væru samfara. Og nú kemur frá Wathnes-fjelaginu krafa um að fá 5,000 kr. á ári til þessa. Þessi upphæð virtist nefndinni óþarflega há, en þótti á hinn bóginn rjett, að »Thore«-fjelagið fengi styrk að sama skapi og »Wathnes Arvinger«. Það væri og mjög gott, að geta tryggt sjer það, að bæði fjelögin flyttu ábyrgðarbrjef og allskonar póstsendingar, því það getur verið mjög bagalegt að fá þau ekki til þess, þegar á liggur. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að til beggja þessara fjelaga megi verja allt að 8,000 kr. á ári í þessu augnamiði, eftir því, sem um semst við stjórnina.

Við höfum minnst á þetta við formann »Thore«-fjelagsins, og hann sagði, að það fjelag hefði flutt eins mikið af póstsendingum síðustu árin eins og sameinaða gufuskipafjelagið án endurgjalds úr landssjóði, og virðist rjettara og sæmilegra að borga fyrir það útlagðan kostnað.

Um 12. gr. B. vil jeg sjerstaklega taka það fram, að nefndin leggur áherzlu á, að ekki sje farið lengra en góðu hófi gegnir í því að leggja fje til vegagjörða á næsta fjárhagstímabili. Vegfræðingur landsins hefur skýrt stjórninni frá því, að hann hafi í hyggju að setja sig sem allra bezt inn í allt, sem að vegum landsins lýtur, og mynda sjer greinilegt kerfi yfir vegagjörðirnar, sem fyrir liggja. Þetta vill hann gjöra á næsta ári, ef þess yrði kostur, og eptir það koma fram með tillögur, sem hægt væri að byggja á og miða fjárveitingar við í framtíðinni. Þetta er góð fyrirætlun og mikils verð, því enginn efi er á því, að gott plan fyrir vegalagningunni er fyrsta skilyrði þess, að hægt sje að verja fje til hennar af fullu viti og gagni. Það hefur ekki ætið verið ljett að skera úr því, hvað ætti að velja og hverju ætti að hafna, þegar um veitingar til vegagjörðar hefur verið að ræða, og er mjög vafasamt, að slikt geti komið sanngjarn-

lega niður, þegar ekki er á traustari grundvelli að byggja en hingað til.

Málið er afar-þýðingarmikið og sjálfsagt að vinna að vegabótunum eptir því, sem kraptarnir leyfa. En af því þeir eru litlir, þá er um að gjöra, að vel sje á þeim haldið. Og væri óhlutdrægur dómur upp kveðinn um það, hvar ætti að leggja vegina fyrst og hvernig, þá er mikið ljettara, að ákveða fjárveitingarnar, og er síður hætt við, að fjenu verði fleygt í óhentugum stöðum eða það komi órjettlátlega niður.

Af þessum ástæðum vil jeg mælast til þess, að háttv. þingmenn fari hægt og gætilega í, að auka mjög þennan útgjaldapóst fram úr því, sem frumv. stjórnarinnar ætlast til, því það er betra, að hafa fjeð til, þegar maður veit, hvernig og hvar á að leggja vegina, en að vera þá búinn að eyða því í óhentuga og illa stofnaða vegi.

Það er önnur ástæða, sem meiri hluta nefndarinnar þótti þýðingarmikil og hún er, að væntanlega þyrfti mikinn vinnukrapt við landsímalagningarnar næsta sumar, svo að margir þeirra manna, sem áður hefðu verið við vegalagningu, yrðu við lagningu landsímans. En það er athugavert og óheppilegt, ef lagningu landsímans yrði ekki lokið á einu sumri.

Það er gjörð grein fyrir breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 244 í nefndarálitinu. En breyt.till. á þskj. 326 hefur verið borin út nú á tundinum; hún fer fram á, að færa niður fjárveitinguna til Vesturamtsins um 2,000 kr. Því er svo varið, að þetta er að eins tilfærsla, og ætlast nefndin til, að tekin sje upp á aukafjárlög sama fjárveiting, en dregin frá þarna. Nefndin hefur nýlega fengið þær upplýsingar, að byrjað sje á brúargjörðinni á Hítará, en til hennar muni skorta fjárveiting, sem þessu svarar.

Það er tillaga nefndarinnar, að á þessu fjárhagstímabili sje ekki veitt fje til vegarins frá Hafnarfirði suður hraunið til Vogastapa, en aptur á móti vill hún veita fje til þjóðvegarins upp Mosfellssveit gegn tillagi frá sveitarmönnum. Að vísu hafði fjárlaganefndin á þingi 1903 hugsað sjer, að ekki yrði kostað til þess vegar með því að menn nota svo mikið ferðirnar með »Reykjavíkinni« upp í Borgarnes, og fara þaðan upp á þjóðveginn. En nú hafa komið fram áskoranir frá hjeraðsbúum um, að fá styrk til þess, að gjöra þennan veg akfæran gegn því, að þeir leggi til ríflega upphæð í móti, og með því að verkfræðingur landsins hefur stutt það, leggur nefndin til, að veita fje til þessa vegar, ekki eingöngu sem þjóðvegar, heldur sem akvegar líka fyrir sveitarbúa. Nefndinni þykir það miklu nær að styrkja þessa vegalagningu, en veginn frá Hafnarfirði suður að Vogastapa, því að þar er engin nauðsyn til flutningabrautar, þar sem mestur flutningur er gjörður um sjó. Þegar fje var veitt til þessa vegar 1903, þá var tekið fram af fjárlaganefndinni, að það væri að eins til reiðvegar, en nú veit nefndin, að þarna er verið að leggja dýra akbraut, og til þess getur nefndin ekki fallizt á að veitt sje fje, að minnsta kosti ekki á þessu fjárhagstímabili. — Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að það er svo fjölviða óleyst verkefni, sem vegalögin frá 1894 ákveða. T. d. í sumum hjeruðum er lítið lagt til þjóðvega. Það stendur þessum hjeruðum fyrir þrifum, að vegum, þar sem akbrautir eiga að liggja, er ekkert sinnt. Þar verða menn að lifa í voninni. Það er ekki til þess ætlandi, að þingið

fari að sinna þeim vegum. sem liggja fyrir utan þjóðvegina, á meðan hinir eru algjörlega vanræktir.

Það kann nú að virðast svo sem nefndin sje í mótsögn við sjálfa sig, er hún vill veita fje til vega á Vestmannaeyjum. En það verður að takast til greina, að bæði er þessi fjárupphæð lítil og hins vegar hafa eyjarskeggjar hvorki beinlínis nje óbeinlínis nokkurt gagn af þeim vegum, sem lagðir eru hjer á landi, auk þess sem þeir hafa lagt fram í mörg ár meira fje til vega hjá sjer, en heimtað er til sýsluvega og hreppavega.

Þá vill og nefndin veita fje til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal, og kann mönnum að virðast, að þar fari hún aptur ofan í stefnu sína, en jeg vil benda á, að svo er ekki, því að hjer er um sjerstakan farartálma að ræða, sem sje vatnsfall, sem nálega er hvervetna ófært. Og þótt það sje ekki á þjóðvegi, þá geta einmitt þeir, sem þjóðleið ætla að fara til Austfjarða, stytt á sjer leið svo dagleiðum skiptir með brú þessari.

Að því, er snertir veginn norður Grímstungnaheiði, þá þótti nefndinni ekki ástæða til, að veita fje til hans, sökum þess, að hann er nú ekki fjölfarinn, síðan þjóðvegurinn norður Holtavörðuheiði varð svo greiðfær.

Áður en jeg vík að breyt.till. nefndarinnar við liðinn *C*, ætla jeg að minnast á þær breyt.till. frá einstökum þingmönnum, sem komið hafa við liðina *A*. og *B*.

Á þskj. 313 er breyt.till. um að færa upp laun póstmanna í Reykjavík um 200 kr. síðara árið; jeg veit ekki um ástæðu fyrir þessari breyt.till., en nefndin hefur ekki getað sjeð, að þetta væri nauðsynlegt, og telur þær hækkanir nógar, sem hún stingur upp á.

Á þgskj. 310 er farið fram á að hækka úr 200 kr. upp í 600 kr. til brjefburðar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Nefndin hafði þetta til athugunar, en þótti ekki ástæða til að hækka þenna gjaldlið meira, en hennar till. til tekur.

Á þgskj. 305 er brtill. um að til flutningabrautarinnar á Fagradal verði veitt 25 þús. kr. í stað 20 þús. kr. síðara árið. Þetta gengur í öfuga átt við stefnu fjárlaganefndarinnar af þeim ástæðum, sem jeg hef áður fært sem almenna ástæðu, og getur því nefndin ekki fallizt á þessa brtill.

Nú tek jeg tvær brtill. í einu. Önnur er á þgskj. 293 um 10 þús. kr. styrk til akbrautar í Skagafirði; hin er á þgskj. 284 og fer fram á 12 þús. kr. fjárveitingu til akbrautar frá Grund í Eyjafirði inn að Saurbæ. Jeg hef áður tekið fram ástæður nefndarinnar á móti því að veita svo mikið fje til akbrauta. Það er líka betra að flýta sjer með þær, sem nú er verið að gjöra, en að hafa mörg járn í eldinum.

Brtill. á þgskj. 336 hef jeg áður gjört grein fyrir.

Á þgskj. 318 er brtill. frá 1. þm. G. K. (B. K.) um að hækka þjóðvegafjeð til Suðuramtsins um 3,500 kr. og láta þetta ganga til vegar upp Mosfellssveit. Nefndin fjellst á, eins og jeg líka hef tekið fram, að veita 4,000 kr. að sinni til vegarins upp Mosfellssveit gegn jafnmiklu tillagi frá hjeraðsbúum. Meira sá nefndin sjer ekki fært að leggja til að veitt yrði að sinni, enda ólíklegt, að hjeraðsbúar geti komið meiru til leiðar á næsta fjárhagstímabili, en þetta hrekkur til. En líklegt er, að vegurinn fái viðbót síðar með sömu skilyrðum.

Á þgskj. 330 er brtill. frá 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) um að þjóðvegafjeð í Austuramtinu verði hækkað um 4,000 kr. síðara árið, og að til vegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu verði varið 4 þús.

kr. síðara árið. Jeg þarf ekki að taka upp ástæðurnar fyrir því, að nefndin vill ekki hækka þjóðvegafjeð meira en gjört hefur verið, og gilda þær gegn þessari brtill.

Á þgskj. 291 eru viðaukatill. frá þingmönnum Árn. um 6,000 kr. hvort árið til akbrautar upp Skeiðin og 2,000 kr. hvort árið til vegar frá Þingvöllum að Gjábakka. Nefndin viðurkennir, að þessi beiðni hefur mikið til síns máls, vegna rjómabúanna, en eigi að síður sá nefndin sjer ekki fært að taka upp brtill. af þeim ástæðum, sem jeg hef áður tekið fram, að þetta er ekki flutningabraut samkvæmt vegalögunum, og þess utan liggja fyrir beiðnir frá ýmsum sýslum, og þar eru einnig að rísa upp rjómabú, og margt fleira, sem þarfnast góðra vega, og væri því eins þýðingarmikið að sinna þeim, eins og Árnessýslu, en landssjóði skyldara. Jeg kynni ekki við, að mæla á móti þessari brtill., ef nóg fje væri fyrir hendi, en þegar það er athugað, að margar beiðnir mundu koma á eptir, sem hefðu sama rjett, eða þaðan af meiri, þá þykir nefndinni ekki fært að taka þessa brtill. til greina.

Veginn að Gjábakka hefur nefndin heldur ekki fallizt á, með því að ekki hafa heldur verið lagðar fram áætlanir um, hvað sá vegur mundi kosta, og þetta, sem á tillögunni stendur, mundi ekki ná langt.

Þá er á þgskj. 294 brttill. frá þm. V.-Ísf. og N.-Ísf. um fje til vegar á Breiðadalsheiði; það hefði verið mjög gott að ljúka við þessa heiði einhverntíma, svo hún væri úr sögunni, en af þeim ástæðum, sem áður hafa verið teknar fram, getur nefndin ekki sinnt þessu.

Þá er á þgskj. 268 brtill. frá þm. V.-Sk. (Guðl. G.) um 12,000 kr. til brúargjörðar á Hólmsá og Skaptáreldvötnum. Fjárlaganefndin og brúargjörðarnefndin hafa haft þessa bænarskrá til meðferðar, og kynnt sjer málið. Það er tilætlunin, að þar verði þjóðvegur sem brýrnar eiga að koma, en til þess að sá vegur yrði gjörður góður og greiðfær, þá þarf fleiri tugi þúsunda króna. Að þessu sinni sjer því fjárlaganefndin ekki, að unnt sje að veita þetta fje.

Nú hef jeg farið yfir liðina *A.* og *B.*, og mun jeg nú snúa mjer að liðnum *C.* í 12. gr. Um hann get jeg verið stuttorður. Fyrst er tillaga nefndarinnar, um að færa niður tillagið til gufuskipafjelagsins. Um það leyfi jeg mjer að skírskota til nefndarálitsins. Þar eru rakin tilboðin frá tveim keppinautum, sem hjer voru um þetta mál, og á lestrarsalnum liggja frammi brjef og áætlanir frá þeim. Það hefur enn ekki verið prentuð sú ferðaáætlun gufuskipafjelagsins sameinaða, sem nefndin gekk að, en það verður vonandi áður en langt líður, annars geta háttv. þm. fengið að sjá hana hjá nefndinni. Jeg veit, að menn hafa veitt þessu máli athygli, og kynnt sjer það eptir föngum, en þeir, sem vilja, geta fengið upplýsingar hjá mjer, eptir því sem jeg veit bezt um þetta.

En nú vil jeg ekki tala meira að sinni, því að það er kominn matmálstími.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg á hjerna 3 breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með og skal jeg nú fara um þær fáum orðum.

Fyrsta breyt.till. er á þgskj. 313 við 12. gr. A. 1. b. 2. Þar er farið fram á, að í staðinn fyrir 3,800 — 4,200 komi 3,800 — 4,400 eða 200 kr. hækkun síðara árið. Með liðnum, eins og hann kom frá fjárlaganefndinni, var farið

fram á dálitla launahækkun handa 3 póstafgreiðslumönnum í Rvík, 500 kr. handa þeim, sem talinn er 1. póstafgreiðslumaður, og 200 kr. handa hverum hinna. Með þessari hækkun verða laun hinna 2 lægri starfsmanna svo, að annar fær 1,200 kr. og hinn 1,000 kr. En þetta er svo lítið undarlegt, því að sá, sem á að hafa 1,000 kr., hefur ekki minna að gjöra en sá með 1,200 kr., og ekki vandaminna, heldur jafnvel vandameira starf á hendi en hann. Þessvegna finnst mjer það bæði sanngjarnt og rjettlátt, að þeir fái jöfn laun, og út á það gengur br.till. mín. Nú býst jeg við, að menn sem nokkuð þekkja til þessa, svari mjer því, að sá, sem hefur 1,200 kr., sje búinn að vera lengur við pósthúsið, og er það að vísu rjett, en á þeim tíma, sem hann hefur verið umfram hinn, var hann þó sjerstakur þjónustumaður póstmeistarans; að þessum tíma meðtöldum er hann búinn að vera eitthvað 1—2 árum lengur við pósthúsið, en það er ekki mikið upp úr því að leggja. Mjer finnst, að menn ættu fremur að líta á hitt, að mennirnir eru báðir efnilegir og duglegir, og að sá, sem hefur lægri launin, hefur á hendi alveg eins vandasama, ef ekki vandasamari vinnu. Starf þess með 1,000 kr. er ekki minna í varið en hins, og hann getur ekki fremur en aðrir starfsmenn við pósthúsið leitað sjer neinnar aukaatvinnu. Það er því öll sanngirni, sem mælir með því, að hann eins og hinn starfsmaðurinn fái 1,200 kr.

Svo skal jeg víkja að breyt.till. á þgskj. 330 við 12. gr. B. 4. Hún snertir vegafjeð í Austuramtinu og fer fram á, að í stað 3,000 — 10,000 komi 3,000 — 14,000, þar af til vegagjörðar í Austur-Skaptafellssýslu 4,000 kr. síðara árið. Jeg kem nú auðvitað ekki fram með breyt.till. þessa í eigin nafni, heldur í nafni háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.), sem á sæti í Ed. En jeg var fús á að flytja þessa breyt.till., því bæði þekki jeg til þar eystra og svo er jeg sannfærður um og veit, hve mikil þörf er á þessu vegafje til Austur-Skaptafellssýslu. Laxá og Hornafjarðarfljót breyttu báðar farveg sínum 1903—'04 og brutu sjer nýjan farveg, á að gizka 5 álna djúpan skurð þvert yfir þjóðveginn, svo að ómögulegt er að fara þjóðveginn út að Hornafjarðarfljóti, heldur verða menn nú að fara yfir engjar og tún á Bjarnarnestorfunni. Vegurinn, sem nú þyrfti að gjöra, kostar eptir áætlun verkfræðings um 4,000 kr. Það er að eins farið fram á, að til sje einhver vegur fram hjá Bjarnarnesstorfunni, því það er engin von, að bændur geti liðið það, að ferðamenn fari þvert yfir tún þeirra og engjar. Jeg veit nú raunar, að verkfræðingur landsins mun hafa látið í ljós það álit sitt, að það mætti fara á ferju fyrir framan Bjarnarnesstorfuna, en þetta álit hans sýnir, að maðurinn þekkir ekki vel til, hvernig til hagar á þessum stað. Það er gjörsamlega ómögulegt, vegalengdin, sem ferja yrði, er álíka eins og úr Rvík og út í Engey, og straumþunginn í ánni er svo mikill, að hann nemur 11 mílum á klukkustundinni, og ætla að fara það á ferju að staðaldri og með alla hluti, er hreinasti barnaskapur. Vestanvert við lendinguna eru líka sandar og auðnir, svo það er ómögulegt að hafa hesta þar 2—3 sólarhringa. Jeg vona því, að þótt háttv. fjárlaganefnd hafi ekki enn viljað taka þetta til greina, að hún, þar sem hún heyrir þetta og frmsm. lýsti yfir því, að nefndin hefði ekki tekið málið til sjerstakrar íhugunar, taki það nú til íhugunar og sjái, að þetta er óhjákvæmileg nauðsyn.

Þá er loks viðaukatill. á þgskj. 291, sem fer fram á 6,000 — 6,000 til ak-

brautar frá Flatholti fyrir ofan Bitru upp Skeiðin að Stóru-Laxá. Frmsm. vjek að henni nokkrum orðum og endurtók það, sem stendur í nefndarálitinu, að nefndin hafi haft það fyrir reglu í þetta sinn, að veita í minna lagi til vega vegna ritsímans og þangað til verkfræðingur landsins sje búinn að afla sjer yfirlits yfir nauðsynlegustu umbætur, að því er vegagjörðina snertir. Þetta er að vísu snotur regla, en engin regla er án undantekningar, og það er ekki vanþörf á, að hafa þessa reglu án undantekningar, og fjárlaganefndin sjálf hefur þegar gjört margar undantekningar. Þó beðið verði nú með vegabætur yfirleitt, þangað til verkfræðingurinn er búinn að afla sjer þessa yfirlits, þá get jeg fullvissað fjárlaganefndina um það, að hversu mikla þekkingu, sem verkfræðingurinn fær, þá held jeg, að þessi vegur dæmist ekki óþarfur. Sem dæmi upp á það, að fjárl.nefndin álítur þessari reglu ekki fylgjandi nærri alltaf, skal jeg nefna veginn um Mosfellssveitina, sem 4,000 kr. eru áætlaðar til, ekki af því, að hann sje þjóðvegur, heldur af því nefndin álítur, að þar sje sjerstök þörf á vegi. En hjer er einnig sjerstök þörf fyrir hendi, og hún ef til vill öllu meiri. Framsm. gat þess líka, að nefndin væri því meðmælt, að gjöra brú á Jökulsá á Jökuldal, og taldi nauðsyn á. Það er sjálfsagt alveg satt, að það er full þörf á þessari brú, en það er víðar þörf á brúm og vegabótum en þar, sem fjárlaganefndin drepur fingri niður. Þannig er fyllsta þörf á veginum yfir Skeiðin. Og þegar nú fjárlaganefndin heldur ekki reglu þá, sem hún hefur sett sjer, en brýtur hana þegar þörf er á, þá finnst mjer hún eigi að leggja með því að brjóta hana, þar sem svona sjerstök þörf er fyrir hendi eins og á veginum yfir Skeiðin. Vegurinn er að vísu ekki langur frá Bitru og upp að Laxá, en að honum liggja þó 4 stórir hreppar, og það má sjá, að Árnesingum er sjálfum alvara með að fá veg þenna, þar sem þeir bjóða að leggja sjálfir til meira á móti en landssjóðsstyrkurinn nemur eða fullar 13 þús. kr. Þörfin á þessum vegi er svo brýn, þar sem að honum liggja 5 stór rjómabú, einhver stærstu rjómabúin á öllu Suðurlandi, eins og rjómabúin á Framnesi, Torfastöðum, Kálfá og Áslækjarrjómabúið. Rjómabú þessi hafa á árunum 1903—'04 flutt út um 55 þús. pd. af smjöri og hef jeg fengið nákvæma áætlun um, hve mikið vegurinn mundi notaður. Merkir menn, eins og t. d. sira Magnús Helgason á Torfastöðum, hafa sagt mjer, að fluttir væru nú um 6,500—7,000 hestburðir á ári þar fram og aptur Jeg get þessa til þess að sýna, að það er sjerstök þörf á þessum vegi. Enda læt jeg þess líka getið og er þakklátur fyrir það, að $^{3}/_{7}$ fjárl.nefndar voru fjárveiting þessari samþykkir. Á síðasta þingi var barizt fyrir þessari fjárveiting og líka á móti, enda báru þeir, sem börðust á móti henni, hærri hlut. Jeg ætla nú ekki að spá neinu um afdrif þessarar viðaukatill., en jeg vona, að háttv. deild farist betur nú en síðast og ráði bót á þessari nauðsyn.

Háttv. framsm. sagði, að hann kannaðist við, að vegur þessi yrði til framfara fyrir atvinnurekstur manna í þeim hjeruðum, og þetta er satt, vöntun vegarins er stór þröskuldur í götu fyrir framförunum í þessum 4 hreppum, og það er órjettlátt, að það sje dregið að leggja fje til hans vegna ritsímans. Mjer þykir það hart, ef landsíminn, sem kemur til þess að liggja austur og norður um land og kemur því suðursýslum landsins ekki að neinu beinu haldi, verður til þess að setja þetta nauð-

synjamál á hakann. Ekki verða smjörkvartilin send með ritsíma til Reykjavíkur, og því er engin meining í að bera hann alltaf fyrir, þegar um önnur eins nauðsynjamál og þetta er að ræða, og það er lífsnauðsyn fyrir þessar sveitir að fá veginn, hvað sem ritsímanum líður. Framsm. tók það raunar líka fram, að fjárlaganefndin væri á móti þessu, af því að ýmsar aðrar sýslur landsins eins og t. d. Skagafjarðarsýsla, Húnavatnssýsla og Eyjafjarðarsýsla fengju heldur ekki það, sem þær æsktu, þó þörfin væri þar kannkse allt eins mikil. Jeg get viðurkennt, að svo sje, en mega Árnesingar þá ekki fá þessa ósk sína uppfyllta bara af því, að aðrir fá ekki allar óskir sínar uppfylltar? Eða getur háttv. framsm. bent mjer á 4 hreppi í Húnavatnssýslu eða Skagafjarðar, þar sem eru 5 rjómabú, er geti notað sama veg og sjeu fús á að leggja 13 þús. kr. á móts við landssjóðsfjeð? Jeg efast um, að þess sjeu nokkur dæmi. En þó svo væri, þó það stæði alveg eins á annarsstaðar og ekki væri hægt úr að bæta, væri það engin ástæða til þess að neita þessu. Jeg vona því, að háttv. fjárl.nefnd verði tillögu þessari góð, einkanlega þar sem fjárveiting þessi 6,000 — 6,000 kr. er bundin því skilyrði, að 13 þús. kr. verði lagðar á móti annarsstaðar frá, því það sýnir, hvað Árnesingar vilja leggja á sig til þess að fá þetta. Jeg er samþykkur þeim háttv. þingdm., sem halda því fram, að það ætti helzt engri beiðni að neita, ef framboð um helming fjárframlags til jafns við landssjóðsstyrkinn fylgdi, því það væri alla jafna bezti vottur um, að menn þyrftu að fá það, sem þeir væru að biðja um. Nú bjóða Árnesingar meira en það, og þetta ætti einsamalt að vera nægilegt til þess að sýna, hve mikil þörfin er. Annars má það heita stórmerkilegt, ef háttv. deild fer að veita þeim fje, sem ekki hafa beðið um það og ekkert hafa boðið á móti, en synjar hinum, sem bæði biðja, sýna fram á þörfina og bjóða að leggja það af mörkum, sem þeir frekast geta til þess að fá máli sínu framgengt. Því skal jeg ekki trúa, fyr en jeg tek á því. — Annars skal jeg ekki tefja menn frekar á að tala um þetta. Komi eitthvað nýtt fram síðar á móti breyt.till. mínum, þá get jeg svarað því með því að standa upp aptur.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg á hjer breyt.till. á þskj. 310 við 12. gr. A. 4. g. — Jeg vona, að þessari litlu breyt.till. verði vel tekið, því hún er bæði sanngjörn og nauðsynleg. Jeg get ekki skilið, að háttv. þdm. vaxi það í augum, þó 600 kr. verði veittar til brjefaburðar í 3 kaupstöðum landsins. Þegar ekki er varið minna en 1,000 kr. til brjefaburðar í Reykjavík einni, þá er ekki til mikils mælzt, þó farið sje fram á 200 kr. árlega til hvers hinna kaupstaðanna. Jeg lít svo á, að ekki sjeu nema 2 leiðir að fara með þetta, annaðhvort að veita ekkert til brjefaburðar í kaupstöðum eða þá svo mikið, að hægt sje að fá áreiðanlega menn til þess starfa. Að veita ekkert finnst mjer óhyggilegt. Þá yrði að hætta að bera út brjefin, en ef hver og einn yrði að sækja brjefin á pósthúsin, ylli það bæði tímatöf og truflun. Menn mundu margir að óþörfu safnast að póststofunum í von um að fá brjef, þó þeir fengju ekkert, og tefðu því að eins fyrir hinum. Það virðist því óhjákvæmilegt að veita fje til brjefaburðar, og það er heldur ekki hægt að segja, að það sje landssjóði neinn verulegur kostnaðarauki, að launa þessa brjefbera í kaupstöðunum, því síðan byrjað var á því að hafa póstkassa, hafa þeir ver-

ið notaðir þó nokkuð fyrir innanbæjarbrjef, svo að landssjóður fær nokkrar tekjur á þennan hátt. Allir vita, að kostnaðurinn við prentun frímerkja er langtum minni en það, sem þau eru seld fyrir. Til þess að sýna, að það er lítil borgun, sem menn fá fyrir brjefburðarstarfann, skal jeg geta þess, að á Akureyri eru borin brjef annanhvorn dag um bæinn, eða nál. 150 sinnum á ári, og þetta eykst stöðugt. Það sýnist því ekki vera of mikið, þó manni sje ætlaðar 200—300 kr. fyrir starf þetta; hann hefur hvort sem er ekki mikið tækifæri til að stunda aðra atvinnu, ef hann eins og á Akureyri á að tæma 2 kassa 2 sinnum á dag. Annars er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um svo lítið mál, en jeg vona, að sú skoðun komi ekki fram í þessu máli, sem annars bólar æði títt á: því meiri vinna — því minni laun, og því minni vinna — því meiri laun. Það vill brenna við hjer á landi sem annarsstaðar, að laun embættismanna fari ekki ætíð eptir því hve mikill starfinn er. En jeg vona, að háttv. þdm. sjeu flestir á þeirri skoðun, að það beri að gjalda einum og sjerhverjum eptir verkum hans.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með br.-till. á þskj. 284 við 12. gr. B. 3, og gleður það mig mjög, að svo vel vill til, að hún styðst við álit háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar. Háttv. framsm. tók það skýrt fram, að það væri rjett og eðlilegt, að flýta sem mest fyrir þeim akbrautarlagningum, sem þegar væri byrjað á, en fitja ekki upp á neinu nýju, sem minni trygging væri fyrir að hefði þýðingu, eða væri með nokkru viti stofnað til.

Eins og öllum háttv. þdm. er ljóst, þá var byrjað á því árið 1897 að leggja akbraut fram Eyjafjörð, og átti hún að ná inn að Saurbæ frá Akureyri. Nú er þessi braut komin rúmar 2 mílur áleiðis, en þarf nauðsynlega að komast einni mílu lengra til þess, að hún geti orðið að tilætluðum notum. Hún er komin að Grund, en þarf nauðsynlega að komast að Saurbæ, og milli þeirra bæja er nálega 1 míla vegar.

Eins og nú stendur, hefur ekki helmingurinn af íbúum Eyjafjarðar tilætlað gagn af þessum vegi, en væri hann lengdur um þessa einu mílu, þá mundu flestir eða allir hafa meiri og minni not af honum, þá mundi hann fyrst koma að því gagni, sem ætlazt var til, þegar hann var ákveðinn. Einn stærsti og þjettbýlasti hreppur fjarðarins — Saurbæjarhreppur, hefur nú sáralítil not af brautinni, sem akvegi.

Einmitt á þeim parti fjarðarins, sem lægi næst brautinni og mundi nota hana, ef hún væri lengd um þessa 1 mílu, eru bæjaraðirnar 2—3 settar og auk þess ganga inn byggðir afdalir á báðar hendur.

Ennfremur er vert að geta þess, að fundarhús Saurbæjarhrepps, sem er vel byggt og plássmikið, er á Saurbæ, og hafa hreppsbúar haft á orði, að nota það að einhverju leyti til bráðabyrgðageymslu fyrir hreppsbúa, fengist akbrautin lengd þangað. Það er því, hvernig sem á þetta mál er litið, stórvægilegur hagur fyrir þennan hjeraðshluta, að þessi framlenging brautarinnar sje gjörð hið allra fyrsta.

Hver, sem farið hefur um Eyjafjarðarbrautina, hann hefur tekið eptir því, hve mjög hún er skemmd, af því að dráttarklyfjar hafa verið fluttar eptir henni. Drátturinn rífur nfl. upp smámölina og svo fýkur hún burt, svo vegurinn grefst og verður að mun ósljettari. Yrði nú brautin lengd, þá þyrfti ekki að flytja dráttarklyfjar á hestum, því allt slíkt væri auðvelt að flytja á vögnum og kerrum, og þá yrði

um leið hægt að koma í veg fyrir þessar skemmdir, sem annars þarf að verja fje til að bæta á hverju ári. Áhugi Eyfirðinga á því að fá þennan vegarspotta bættan á þennan hátt, sýnir sig bezt á þingmálafundargjörðum þeirra, og hefur hvergi, þar sem um svona vegabætur er að ræða, komið fram jafn mikill áhugi, eptir þingmálafundargjörðum að dæma, enda er mjer það vel kunnugt af ýmsum fleiri fundum Eyfirðinga, og af viðtali við þá persónulega, að þeir eru mjög einhuga um að fá þessu máli framgengt.

Jeg vona því, að háttv. deild sjái fullkomna ástæðu til að samþykkja þessar breyt.till., enda er upphæðin, ekki afar stór, og hugsanlegt, að ekki þurfi að taka til allrar upphæðarinnar, sem farið er fram á, því á nokkrum parti leiðarinnar er mjög ljett að leggja veginn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa breyt.till. mína, en vona, að háttv. deild sjái, hvað þetta er mikil nauðsyn, og samþykki hana.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg þarf að eins að leyfa mjer að drepa á örfá atriði og skal ekki verða langorður. Jeg er þakklátur fjárlaganefndinni fyrir það, hvað vel hún tók beiðni frá þm. N.-Múl. um styrk til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal. Og af því mjer er mál þetta kunnugt, skal jeg í stuttu máli skýra það lítið eitt. Vegurinn milli Austur- og Norðurlands frá Akureyri liggur yfir Mývatnsöræfi og Möðrudalsheiði til Jökuldals, og er talsvert fjölfarinn. Eins og nú stendur, verða menn að fara niður með Jökulsá allri út að Fossvöllum, langan veg til þess að geta komizt yfir hana. En ef brúin kæmist á þar sem fyrirhugað er — nálægt Hákonarstöðum, þá sparaðist mönnum þessi mikli krókur, sem munar 1—2 dagleiðum, og væri það ekki lítils vert.

Eins og jeg drap á, þá er Jökulsá ófær með hesta nálega allt sumarið, á 10 mílna svæði, og heldur ekki ferjufær. Eina ráðið er því að komast yfir hana á misjöfnum kláfferjum, og er það stundum miðlungi gott. Það má geta nærri, hve illa þetta getur komið sjer, ef t. d. þarf að vitja læknis yfir ána, eða koma öðrum brýnum erindum fram. Úr þessu mundi brúin bæta. Hún mundi sameina læknishjeraðið, svo mikið hægra yrði að vitja læknisins, hún mundi ljetta mjög aðflutninga, og hefði það mikla þýðingu, ekki sízt þegar mótorbáturinn en nú kominn á Lagarfljót, því Jökuldælir stæðu þá miklu betur að vígi með að geta notið hans. Ennfremur er vert að geta þess, að í Fljótsdalshjeraði, einkum austan Lagarfljóts, er hart um afrjetti, en gnægð af þeim, og það mjög góðum, fyrir norðan Jökulsá. Brúin mundi því opna einn bezta afrjett landsins fyrir einu fjárríkasta hjeraði þess, sem líka er mjög fjölbyggt. Þetta mál er vel undirbúið, því fyrverandi vegfræðingur landsins, Sigurður Thoroddsen, hefur gjört áætlun um kostnað við að byggja brúna, og álítur hann að 6,000 kr. muni nægja. Jeg vona því, að þetta mál fái góðar undirtektir hjer í deildinni.

Jeg vil einnig leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. á þgskj. 305 við 12. gr. B. 3. þar sem farið er fram á, að 25,000 kr. komi í staðinn fyrir 20,000 kr. til flutningabrautar á Fagradal. Fjárlaganefndin hefir lagt það til, að styrkur til þessarar akbrautar sje færður niður fyrra árið úr 15,000 kr. í 10,000 kr. Og væri þessi tillaga samþykkt og jafnframt tillagan á þgskj. 305, þá mundi af því leiða, að sömu

upphæð, sem stjórnarfrv. hefur gjört ráð fyrir, yrði varið til brautarinnar á næsta fjárhagstímabili.

Það er mjög mikill áhugi á því austur þar, að fá þessa braut fullgjörða sem allra fyrst, og til sönnunar því liggur hjer fyrir áskorun um það frá fjölmennum fundi, sem haldinn var 16. júní í sumar á Fljótdalshjeraði. Undir þessa áskorun skrifa 94 bændur, sem óska, að brautin sje fullgjörð á næsta fjárhagstímabili.

Það er og sjerstök ástæða til að flýta þessari brautargjörð, því ekki er hægt að nota það, sem komið er, fyr en meira verður við bætt, og engin not verða að veginum, fyr en hann er fullgjörður. Þessvegna liggur ónotað kapital í veginum, þangað til búið er að fullgjöra hann, og það er því verra, því lengur sem það dregst. Þegar brautinni sleppir, þá tekur við Lagarfljót með mótorbátinn, og það er líka ástæða til þess, að brautargjörðinni sje flýtt, því slíkar samgöngubætur sem báturinn og brautin í sameiningu mundu hafa ómetanlega þýðingu fyrir hjeraðið.

Háttv. framsm. var mótfallinn aukinni styrkveitingu til þessara vegabóta af sömu ástæðu og fjárveitingum til annara vegabóta. Og ástæðan var einkum sú, að verkfræðingur landsins væri ekki búinn að átta sig nægilega á því, hvernig og hvar ætti að leggja vegina. En þessi ástæða getur ekki gilt hjer, því verkfræðingur landsins hefur einmitt skoðað brautina og brautarstæðið hjer og gjört áætlanir um kostnaðinn við að fullgjöra hana. Fjárlaganefndin hefur sjálfsagt sjeð álit hans og áætlanir, og veit því, að hann er meðmæltur því, að lagt sje nægilegt fje til brautarinnar á þessu fjárhagstímabili.

Háttv. framsm. gat þess, að hann vildi fara eptir þeim áætlunum, sem vegfræðingur landsinsgjörði, þegar hann væri búinn að því. Nú er vegfræðingurinn byrjaður að leggja planið, og þetta er það fyrsta, sem hann leggur til að sje gjört, svo jeg sje ekki betur, en háttv. framsm. geti fylgt þessu með góðri samvizku. Vegfræðingurinn árjettir tillögur sínar með því að reikna út, hve mikill árlegur skaði það sje fyrir hjeraðið, að fá ekki brautina alla leið. Hann reiknar út, að það yrði 10,000 kr. vinningur á ári fyrir hjeraðið að fá brautina, og það er ekki lítið fje fyrir ekki stærra svæði.

Jeg hefði helzt kosið, að alþ. hefði veitt svo mikið fje til brautarinnar, að hægt hefði verið að ljúka henni á næsta fjárhagstímabili. En jeg hef þó ekki sjeð fært að koma með tillögu um það. En það mætti þó ekki minna vera, en að samþykkt væri eins mikið tillag, og stjórnin hefir ætlazt til. Þessvegna ætti að fella tillögu fjárlaganefndarinnar eða samþykkja tillöguna á þgskj. 305, því þá yrði sama útkoman.

Vegfræðingurinn hefur gjört áætlun um, að þegar búið sje að verja því fje til brautarinnar, sem þegar er veitt, þá muni vanta 70,000 kr. í viðbót til að fullgjöra brautina. Væri tillaga nefndarinnar felld, en tillagan á þgskj. 305 samþ., þá mundi að eins vanta 30,000 til að fullgjöra brautina, og jeg efast ekki um, að þær yrðu veittar á næsta þingi, svo brautin gæti verið fullgjörð árið 1908, og væri það mjög svo æskilegt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg á hjer eina breyt.till. á þgskj. 268, sem fer fram á, að veitt verði fje til brúargjörðar á 2 ám, Hólmsá og Skaptár-eldvatni í Vestur-Skaptafellssýslu. Það er farið fram á 12,000 kr. fjárveiting úr landssjóði gegn því skilyrði, að

sýslufjelagið leggi til að minnsta kosti 2,000 kr. Eins og háttv. þm. er kunnugt, myndast Kúðafljót aðallega af þessum tveim vatnsföllum, og þetta er því í raun rjettri sama, sem að fá brú á fljótið sjálft. En það er svo þjóðkunn torfæra, að jeg þarf ekki að eyða orðum til að sýna fram á, hvað það hefur að þýða, ef það yrði brúað. Jeg hafði skrifað fjárlaganefndinni um þetta mál og sent henni ýtarlega skýrslu um uppmæling og áætlun, en nefndin hefur eigi treyst sjer til að flytja málið; hins vegar vona jeg, að hún verði því eigi andvíg. Hjer er um brýna nauðsyn og bráða þörf að ræða.

Jeg skal taka það fram, að sýslunefnd V.-Sk. hefur ályktað að flytja þjóðveginn, sem nú liggur yfir fljótið sunnar, upp eptir, svo að hann liggi yfir þessar brýr, þegar þær eru komnar á, og jeg efast ekki um, að sýslufjelagið leggi fram þær áskildu 2,000 kr., þó að það sje lítið eitt hærra tillag en upphaflega er lofað til vegagjörðarinnar allrar. Jeg efast ekki um, að menn meta þessar nauðsynlegu brýr svo mikils.

Yfir Kúðafljót, Hólmsá og Eldvatnið er nú mjög fjölfarið, sjerstaklega síðan verzlunin kom í Vík, og ferðir eru orðnar tíðari á öllum tímum árs; fjöldi manna verður að sækja allar sínar nauðsynjar yfir þessi vötn eða eitthvert þeirra, póstur verður að fara yfir fljótið í hverri ferð fram og aptur, og á haustin eru stórir fjárhópar, sem skipta þúsundum, reknir suður til Reykjavíkur, og þeim verður opt að tefla í tvísýnu í Eldvatninu. Kæmust þessar brýr á, sem jeg hjer tala um, væri mikið úr þessum vandræðum bætt.

Þetta eru verstu vatnsföllin í V.-Sk., og hvaða þýðing það hefði að fá þessi vötn brúuð, sýna bezt þau slys, sem kostað hafa 2 mannslíf á síðastliðnum vetri. Í Hólmsá druknaði auk þess 1 maður 1891 og í Eldvatninu hafa 2 menn drukknað á þessum síðustu árum, annar 1893, en hinn 1899.

Á vetrum er þetta einhver sá versti vegakafli, sem hugsazt getur. Það má máske segja, að jeg sje bæði hugdeigur og lífhræddur, en hvað sem um það er, þá hef jeg aldrei eins sjeð tvísýni á mínu lífi, eins og einmitt á þessari leið.

Þar sem til þess er ætlazt, að brýr þessar verði úr trje, og kostnaðurinn við þær er ekki áætlaður meiri en 5—6,000 kr. fyrir hvora þeirra, þá verð jeg að vera samdóma brúanefndinni um það, að ekki þurfi að semja sjerstök lög um þessa brúagjörð, eins og gjört hefir verið um t. d. Jökulsá, og nú er farið fram á fyrir Ytri-Rangá, Fnjóská o. fl. Jeg álít rjett að telja þetta með endurbótum á þjóðvegum, sem veitt er fje til í fjárlögunum. Jeg hef látið fylgja málinu álit frá verkstjóra Árna Zakaríassyni, sem hefur unnið að brúargjörðum og sem hefur vel vit á þeim efnum. Hann rannsakaði þetta ýtarlega sumarið 1903, að undirlagi landshöfðingja og eptir beiðni sýslunefndarinnar í V.-Sk. Brýrnar eru hvor um sig í tvennu lagi, og hefur verkstjórinn áætlað, að brúin yfir Hólmsá mundi kosta 5,200 kr. og yfir Ásavatn 5,700 kr., en þar sem verður að leggja vegaspotta frá brúarendunum, má gjöra ráð fyrir dálitlu fje umfram sjálfa áætlunina um brýrnar.

Mjer skildist á háttv. framsm. fjárlaganna, að nefndin hefði ætlað, að brýrnar kæmu ekki að notum fyrri en búið væri að fullgjöra veginn yfir eldhraunið austur frá Ásavatni. En þetta er eigi rjett. Það liggja nú lestavegir, sæmilega færir, að brúarstæðunum, að heita má fast að þeim.

Að brúarstæðinu á Asavatni að austan liggja tveir vegir, annar austan úr Landbroti meðfram Skaptá; sá vegur var upphaflega lagður 1890, og síðan hefur sýslan árlega varið fje til hans, og það er nú vel viðunanlegur lestavegur. Auðvitað þarf að sveigja hann nokkuð suður á við, því nú kemur hann ofar að vatninu, en brúin er, og þarf því dálitla vegabót á kafla, en það hefir litið að segja. Þennan veg mundu Síðumenn og Landbrytlingar allflestir nota. En sunnan úr Meðallandi mundu þeir, sem yfir þessa brú þyrftu að fara, allir nota veginn, sem um ómunatíð hefur legið upp úr Leiðvallarhrauninu og er allvel fær vegur. Veginum austur yfir Eldhraunið mundi því eigi þurfa fyrir þetta að hraða frekar, en rjett er og sanngjarnt gagnvart öðrum byggðum landsins og um hann er sjálfsagt að bíða álits verkfræðingsins. En um brýrnar sjálfar er öðru máli að gegna. Þær þola ekki bið, og jeg vona, að menn líti þar á hina bráðu þörf þessara hjeraða og þá brýnu nauðsyn, sem fyrir hendi er að því, er þær snertir. Jeg skal ennfremur leyfa mjer að taka fram, að ef þessi vötn væru brúuð, þá gæti það síðarmeir orðið sparnaður fyrir landssjóð.

Þessi vötn, Eldvatnið, Hólmsá og Kúðafljót skilja, eins og menn geta sjeð á kortinu, þeir sem ekki eru kunnugir, Skaptártungu, Álptaver og Meðalland. Þetta eru nú 3 fámenn prestaköll, bætt upp úr landssjóði með nál. 1,000 kr. öll. Væri Hólmsá og Eldvatnið brúuð, er engin frágangssök að sameina þessi 3 prestaköll í eitt prestakall, sem þá yrði all-lífvænlegt með t. d. 500 kr. uppbót, og sparaði það landssjóði 500 kr. á ári, og það jafngildir ársvöxtum af 12,500 kr. — Sæti presturinn í Ásum, þá væri fyrir hann rúm 2 tíma reið á aðra annexíuna, en 3 tíma reið á hina, og getur það ekki erfitt heitið.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta; eg vil að eins taka það fram, að eins og nú horfir við, þá mælir mikið með því, að ekki sje lagt fje af allt of skornum skamti til samgöngubóta fyrir þau hjeruð, sem sízt fá að njóta ritsímans.

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Jeg á hjer þá breyt.till. eða rjettara sagt viðaukatill. á þgskj. 293, að til flutningabrautar um Skagafjörð verði veittar 10 þús. krónur. Háttv. framsm. skírskotaði viðvíkjandi þessu til nefndarálitsins, þar sem þeirri stefnu er haldið fram, að fara yfir höfuð að tala hægt í vegamálin, þangað til verkfræðingur landsins hefur samið yfirlit yfir vegakerfi landsins, svo að ekki verði veitt fje til vega, sem liggja óhentuglega, eða á annan hátt ekki koma að fullum notum.

Mjer virðist svo, sem þetta eigi fremur við þá vegi, sem ekki eru lögákveðnir, en hina, sem eru ákveðnir með lögum.

Önnur ástæða hins háttv. framsm. var sú, að ef meira væri lagt til vega, þá yrði Fagradalsbrautin látin sitja fyrir. Að því leyti, sem hann tekur þá braut til samanburðar, skal jeg láta þess getið, að mjer er það alveg óskiljanlegt, að fjárlaganefndin skuli leggja 30 þús. krónur til þessarar flutningabrautar um Fagradal. Því víkur svo við, að það getur ekki orðið neitt gagn að Fagradalsbrautinni, fyr en hún er komin upp að Lagarfljóti, en þá kostar hún 70 þúsundir. Jeg get nú ekki sjeð, að það sje fjárhagslega rjett, að leggja til hennar 30 þús. kr. Því þær hljóta að liggja arðlausar um næstu 2 ár; annaðhvort á

að leggja til hennar 70 þúsundir, svo að hún verði fullgjör, eða ekki neitt.

Sje nú ekki hægt að veita 70 þús. kr. til Fagradalsbrautarinnar, þá álít jeg rjett, að láta aðrar brautir sitja fyrir, þar sem svo er háttað, að tiltölulega lítil upphæð, eins og t. d. þessar 10 þús. kr., getur komið að fullum notum.

Annars get jeg naumast skilið það, hvers vegna ekki er hægt að veita þessar 70 þús. kr. til Fagradalsbrautarinnar. Það kemur kannske af því, að hún þykir mundu binda of mikinn vinnukrapt; en það er hægt að fá vinnukrapt frá Noregi; verkfræðingur landsins hefur einmitt bent á það ráð.

Þessum 30 þús. kr. væri vissulega betur varið annarsstaðar, þar sem svo hagar til, að hver einasti vegaspotti kemur strax að fullum notum. Það mundi fljótar sjást ávextir, ef þeim væri varið til flutningabrautar um fjölbyggt hjerað eins og Skagafjörð.

Það er nú komið á annan tug ára, síðan vegalögin voru samþykkt. Þó hefur Skagafjörður farið varhluta af landsfje til vegagjörða, og sýsluvegafje hefur meira að segja verið varið til þeirra vega, sem landssjóður er skyldugur til að kosta.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í þetta, en jeg áleit mjer skylt, að vekja athygli háttv. þingdm. á því, að bæði lög og sanngirni mæla með því, að þetta fje verði veitt.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg ætaði að víkja nokkrum orðum að viðaukatillögunni á þgskj. 291, í sambandi við ræðu hins háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.). Hann sagði, að nefndin vildi sem minnstu sinna af vegabótum, fyr en verkfræðingur landsins hefði samið yfirlit sitt. Og í nefndarálitinu er það tekið fram, að hann muni gjöra það á næsta ári. En jeg skil ekki annað en að verkfræðingur landsins verði við eitthvað annað bundinn á næsta ári; og ekki mun hann geta afkastað svo geysimiklu, að þörf hjeraðanna ekki krefji fljótari úrlausnar, svo þessi ástæða háttv. framsm. (P. J.) er sannarlega ekki mikils virði.

En í þessu tilfelli er heldur alls engin þörf á rannsókn; það er búið að gera áætlun um það, hvað vegurinn frá Bitru upp að Stóru Laxá muni kosta. og hvar hann eigi að liggja, svo ekki þarf að rannsaka það frekar; og að þörfin sje óvenjulega mikil, það sjest bezt af því mikla fjárframlagi hjeraðanna. 13 þús. kr. hafa þau boðizt til að leggja fram, 8 þús. úr sýslusjóði og 5 þús. frá nærliggjandi sveitum. Þetta gjöra menn ekki að gamni sínu, að leggja fram svona mikið fje. Þetta mikla fjárframlag frá sýslunni er bezta og skýrasta sönnunin fyrir því, hversu vegur þessi er nauðsynlegur, og hversu hjeraðsbúum er mikið áhugamál að fá hann, bæði vegna smjörbúanna og annara flutninga.

Háttv. frsm. (P. J.) sagði, að nefndin vildi ekki sinna neinum vegum, sem ekki væru ákveðnir í vegalögunum, og þess vegna heldur ekki þessum. En jeg held, að háttv. framsm. hafi ekki athugað vegalögin nógu vel. Í vegalögunum frá 13. apr. 1894, 3. gr. stendur einmitt ákvæði um flutningabraut frá Eyrarbakka upp Árnessýslu. Það getur ekki skilizt öðruvísi en svo, að vegurinn eigi að ná lengra en nú er, að minnsta kosti upp að Stóru Laxá, því að þar fyrir ofan liggja samt 3 mjög fjölmennir hreppar sýslunnar, Biskupstunga- Hrunamanna- og Gnúpverjahreppar, svo að það er ekki oflangt farið, þó sagt sje, að þessi vegur upp Skeiðin að Stóru Laxá sje áframhald flutningabrautarinnar frá

Eyrarbakka, og skyldan til að leggja hann hvíli í rauninni algjörlega á landssjóði samkvæmt vegalögunum.

Þar sem nú hjer er boðið svo mikið fjárframlag, þó að landssjóður sje í raun rjettri skyldugur að kosta veginn að öllu leyti, þá get jeg ekki annað en álitið það praktiskt fyrir landssjóð, að leggja fram fjeð nú. Það gæti meira að segja orðið föst regla, að landssjóður kostaði ekki vegi innanhjeraðs, sem hann þó eptir vegalögunum ætti að kosta, nema hjeruðin legðu til einhvern vissan hluta, t. d. helming fjárins. Þá yrði ekki farið að biðja um fje til óþarfa vegalagninga.

Háttv. framsm. (P. J.) sagði áðan, að nefndin vildi styrkja veginn upp Mosfellssveitina, vegna þess mikla fjárframlags frá hjeraðsbúum; og hvað er svo þetta mikla fjárframlag? Ekki helmingur af því, sem hjer er boðið. Er nokkur samkvæmni í þessu?

Að því, er snertir hina viðaukatill., þá má mönnum vera það vitanlegt, að eptir vegalögunum 1894 er ákveðið, að leggja á landssjóðskostnað að öllu leyti flutningabraut til Geysis, en hún er ekki komin lengra en til Þingvalla. Mörgum háttv. þingdm. er kunnugt um, að vegurinn frá Þingvöllum austur fyrir Hrafnagjá er einhver hinn versti vegur, sem hugsazt getur. — Auðvitað hefur verið gjört ofurlítið við sjálfan veginn yfir Hrafnagjá, og er það betra en ekki neitt, en allur vegurinn frá Þingvöllum austur í Laugardal er gjörsamlega ófær vagnvegur, þótt kaflinn í Þingvallahrauni sje verstur. Á vegi þessum eru hraunhöpt og djúpar dældir á milli, sem opt fyllast vatni, svo að opt getur verið illfært yfirferðar klyfjahestum.

Bændur úr Laugardal, Biskupstungum og Grímsnesi, alls um 60, hafa beðið um, að þingið veitti ofurlitið fje til þess, að gjöra akfæran veg, að minnsta kosti frá Þingvöllum austur fyrir Gjábakka, spotti, sem er hjer um bil ein míla. Þetta virðist vera sanngirniskrafa. Margir eiga hjer hlut að máli, þar á meðal eitt smjörbú við Apá í Grímsnesi; það verður að hafa flutninga sína eptir þessum vegi, og er það afar-miklum örðugleikum bundið, næstum ókleyft. Auk þess hefur sýslunefndin nú upp á síðkastið algjörlega neitað, að leggja fram fje til þessa vegar af þeirri ástæðu, að það sje skylda landssjóðs að kosta hann.

Háttv. frmsm. (P. J.) tók það fram, að hjer lægi engin áætlun fyrir. Það er að vísu satt. En eins og jeg tók fram áður, þá getur slíkra áætlana orðið nokkuð langt að bíða. En þörfin hins vegar knýjandi og þolir ekki bið. Og auk þess var það landssjóður, sem átti að koma með áætlun um kostnaðinn fyrir löngu.

Upphæðin, sem jeg hef farið fram á, er lítil, en þó betri en ekki til byrjunar, og þessi vegarspotti, sem lagður yrði fyrir þessa upphæð, kemur að fullum notum út af fyrir sig. Sýslubúar vilja, að landssjóður fari nú að sýna lit á, að leggja eitthvað af mörkum til þess vegar, sem hann lögum samkvæmt á að kosta, og láti ekki lengur dragast úr hömlu að sinna að einhverju leyti skýlausri lagaskyldu sinni.

Jeg tek undir með háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að landssjóður eigi ekki að nema við neglur sjer vegafjeð til þeirra hjeraða, sem svo eru sett, að þau hafa lítið sem ekkert gagn af hinum fyrirhugaða ritsíma.

Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þetta, en vona, að nefndinni þyki þetta sanngjarnt, og samþykki deildin

þessa tillögu, þá tel jeg virðingu hennar að meiri, því að hvorttveggja er fullkomin sanngirniskrafa.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg á hjer með háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) breyt.till. á þgskj. 294, sem fer fram á 5 þús. kr. til vegarins yfir Breiðadalsheiði gegn því, að sýslan leggi fram 1,000 kr., en hún hefur ekki fundið náð fyrir augum háttv. fjárlaganefndar. — Þinginu er kunnugt, að reynt hefur verið optsinnis að fá fje til þessarar heiðar, en ekki fengizt nema einu sinni 8 þús. kr., en sýslan hefur lagt drjúgum til þess vegar. Að vísu er það lítil upphæð, sem sýslan býðst til að leggja fram nú, en háttv. þingdm. verða að athuga það, að óvíða hagar eins illa til með vegi og þar. Ófærur eru þar í hverjum hreppi; í þrem hreppum, Mosvallahreppi, Þingeyrarhreppi og Auðkúluhreppi, hefir sýslan lagt fram fje til að hjálpa til með að gjöra vegaspotta yfir mestu vegleysurnar. Þess utan eru tvær heiðar, Gemlufallsheiði og Rafnseyrarheiði, sem sýslan hefur gjört veg yfir, en hún hefur tekið til þess stórt lán, svo að henni er eigi unnt að leggja meira til þessa.

Háttv. frmsm. (P. J.) sagði, að það væri bezt að láta vegina sitja á hakanum, af því að landsíminn þyrfti svo mikinn vinnukrapt. Þetta greip jeg svo, að landsíminn mundi eiga að liggja til Ísafjarðar. En sú von dó í dag, þegar jeg sá nefndarálitið um ritsímann; því þar sá jeg, að Vesturland er sama olnbogabarnið nú, sem það hefur verið. En þá er líka sú mótbára fallin, hvað Vesturland áhrærir, því vinnukrapturinn fer þá ekki til þess, að setja niður staura þar.

Á þingi 1901 er gjörð áætlun um, hvað eytt hafi verið til vega á Íslandi úr landssjóði frá 1892—1901; útkoman varð um 700 þús. kr. utan brúa, en hvað hefir Vesturland fengið af því? Einar 20 þúsund kr., $^1/_{33}$ part af öllu saman, og ekkert til brúa.

Því hefur verið haldið fram, að við hefðum sjóinn; jú, það er svo guði fyrir að þakka, að það er ekki hægt að taka hann frá okkur, og það er algengt, að talin sje eptir okkur sá styrkur, sem lagður er til gufuskipafjelagsins, en jeg þori óhræddur að skjóta því til háttv. fjárlaganefndar, að ef hún setti gufuskipafjelaginu þann kost eða skilyrði, að skip þess mættu alls ekki koma á hafnirnar á Vesturlandi, þá mundi landssjóði fá að blæða að mun meira en samkvæmt núgildandi samningi til fjelagsins. Jeg hygg því ekki ástæðu til, að flagga of mikið með því fje.

Aptur hefur landssjóður hlutfallslega mestar tekjur frá Vesturlandi.

Árin 1902—03 fær landssjóður það-an knappan $^1/_5$ part af öllum sínum tekjum. (*Ólafur Ólafsson:* Vegna hvalveiðanna). Nei, ekki vegna hvalveiðanna, því að þá voru þær að hverfa; hefði jeg tekið árin 1892—1901, þegar hvalveiðarnar voru í mestum blóma, þá hefði útkoman orðið allt önnur og miklu meiri. Það eru og hafa verið margar beiðnir um akbrautir og brýr hjer á þinginu; og vjer, Vestfirðingar, höfum ekki verið á móti því, að verja fje til þess, að leggja akbrautir, byggja brýr, eða til hverskonar framfarafyrirtækja í landinu, hvar sem verið hefur. En þegar farið er að leggja akbrautir þar, sem áður hafði verið hægt að ríða á hjólhesti, eins og sagt er, að mátt hafi milli Akureyrar og Grundar í Eyjafirði, þá vona jeg, að menn misvirði okkur ekki, þó okkur þyki nóg um. Jeg vil, áður en jeg lýk máli mínu um brtill. þessa, geta þess, að þótt þingd. felli till., og láti okkur,

eins og að undanförnu, sitja á hakanum, þá munum við ekki flýja til Ameríku, eins og mjer heyrðist á dögunum á háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) að einhverjir hjer austanfjalls mundu máske gjöra, ef eitthvað væri ekki gjört fyrir þá. Nei, við höldum meira en svo af þessum fjöllótta og vogskorna útkjálka okkar. En jeg álít, að öll sanngirni mæli með því, að við fáum ofurlitinn hluta af því fje, sem við leggjum í landssjóð, og jeg vona, að menn sjái það, að svo sje.

Að því, er snertir vegafjeð til Vestmannaeyja, hafa þær sömu sanngirniskröfu og aðrar sýslur á að fa styrk úr landssjóði til vega. Jeg get líka af sömu ástæðu verið með brú yfir Jökulsá. þó að hún verði að líkindum mest fyrir sauðkindur. Jeg skal nú ekki fara fleirum orðum um þetta, og ekki mun jeg neitt leggja að mönnum í þessu máli, eða fara í bónarveg, sem kallað er, þar eð jeg tel sjálfsagt, að það enga þýðingu hafi fyrir afdrif till., af því menn muni, eins og á að vera, að eins fara eptir sannfæringu sinni á þessu máli, sem öðrum, en hins vildi jeg óska, að menn ljetu rjettlætistilfinning sína komast að við atkvæðagreiðsluna, því þá er jeg óhræddur um afdrif tillögunnar.

Björn Kristjánsson (2. þm. K.-G.): Jeg hef komið með brtill. á þgskj. 318. Hún snertir veginn um Mosfellssveitina frá Elliðaám að Kollafirði. Stjórnin hefur ætlazt til, að lagt yrði til þessa vegar 3,000 kr. á ári, gegn því, að sýslufjelagið og hreppurinn legði sinn skerf fram. Verkfræðingur landsins hefur áætlað, að kostnaðurinn við veginn, yrði 12—15 þús. krónur. Ef þingið veitir nægilegt fje til vegarins, á þessu fjárhagstímabili, hefur sýslan boðizt til að greiða 3,000 og hreppurinn 1,000 krónur, en það verður hjer um bil $^1/_3$ af kostnaðinum. Þegar tekið er nú tillit til, að þetta er þjóðvegur, sem sýsla og hreppur hafa enga skyldu til að leggja fje til, þá er það auðsætt, að hjer er ræða um töluverðan sparnað fyrir landssjóðinn. Það leikur heldur enginn vafi á því, að brýn nauðsyn er á þessum vegi sakir mjólkurflutninga til höfuðstaðarins, bæði frá Kjalarnesi og úr Mosfellssveit. Og einu ber heldur ekki að gleyma, að landssjóður hefur aldrei lagt einn eyri til vegar í þessari sýslu. Háttv. stjórn og fjárlaganefndin hafa tekið vel í að leggja nokkuð til vegarins, en því ver og miður, er það ekki nægilegt. Því lítið gagn verður að því, að leggja að eins nokkuð af veginum, ef svo þarf að reiða mjólkina hinn partinn. Fjárframlög frá sýslu og hreppi eru líka bundin því skilyrði, að vegurinn verði lagður allur saman sem allra fyrst. Háttv. frsm. var hræddur um, að sýslan mundi ekki þola svona mikið fjárframlag, en engin hætta er á því, enda munurinn ekki svo mikill, þó hún legði hlutfallslega fram á móti þeirri upphæð, sem með þarf til vegarins alls. Hjer er líka að gæta þess, að það virðist bóla á hættulegri stefnu hjá fjárlaganefndinni, þar sem hún kippir alveg í burtu fjárframlögum til vega, sem þegar er byrjað á, og sem aldrei hefði verið byrjað á, hefðu menn ekki treyst því, að njóta styrksins áfram. Svo hefur verið farið með sýsluveginn suður hraunin, og það verður því tilfinnanlegra, sem fjárframlögin, sem gjörð voru að skilyrði fyrir landssjóðsstyrknum, voru veitt úr privat-vösum. Með þessu lagi rekur að því, að sýslurnar þora alls ekki að leggja fram fje af hræðslu við, að landssjóður í miðju kafi kippi burt sínum framlögum, nema vegur sje lagður allur í einu lagi.

Jeg vona sjerstaklega, þar sem þörfin er eins brýn eins og hjer, að þingið veiti þessa upphæð í einu lagi, enda mundi sýslan jafnvel, ef á þyrfti að halda, skjóta meiru til, allt að því jafnmiklu og landssjóður leggur fram.

Á þgskj. 319 hef jeg aðra breyt.till. Hún snertir veginn frá Hafnarfirði, suður yfir hraunið, sem jeg minntist lítilfjörlega á áðan, og fer fram á, að veittar verði 2,800 kr. hvort árið úr landssjóði, gegn því að jafn mikið fje komi þar á móti annarsstaðar frá, þannig að sýsluvega- og hreppavegagjald megi nota til þess. Það sýnist vera ástæðulaust að gjöra skilyrðið svo þröngt, að ekki megi leggja nokkuð af fjenu úr sýsluvegasjóði eða hreppssjóði. Háttv. framsm. hjelt því fram, að þörfin á vegi væri ekki svo brýn hjer, því eðlilegast væri að nota sjóinn. Jeg þykist ekki þurfa annað, en benda á, hve afarmikil privatsamskot hafa verið gjörð til vegarins, til þess að sýna að minnsta kosti, hve almennt það álit er í sýslunni, að þörfin sje brýn. H. framsm. tók ennfremur fram, að meining þingsins hefði ekki verið að lána til *akbrautar*. Það getur vel verið, að framsm. hafi tekið þetta fram í ræðu sinni á síðasta þingi, en ómögulegt er að sjá það á fjárveitingunni, enda auðsjeð á öllu, að stjórnin alls ekki hefur litið svo á, og það ætti að vera fullnægjandi trygging fyrir, að fjenu hefði verið rjett varið. Ef ekki verður veitt fje til þess vegar framvegis, þá hefur því fje, sem nú hefur verið brúkað, fullkomlega verið fleygt í sjóinn. Það liggur í því, að vegurinn var byrjaður í þeirri von, að hægt væri að halda áfram með hann, og hefur verið lagður í allt aðra átt en gamli vegurinn. Jeg skal ekki neita því, að mjer virðist það vera nokkuð einkennilegt hjá nefndinni, að fella fjárveitingu burt til þessa vegar, en láta *í stað þess* koma 1,000 kr. til Vestmannaeyja. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg áliti ranglátt, að veita Vestmanneyingum þetta fje til vega, en því verður þó ekki neitað, að ekki er nema svo sem $^1/_2$ tíma gangur yfir eyjuna þar, og að eins sárfá býli fyrir utan aðalþorpið. Jeg vil enn þá einu sinni benda háttv. framsm. á, að sjórinn, sem hann alltaf er að tala um, hefur orðið að miklu minni notum en hann heldur, því »Reykjavíkin« t. d. kemur aldrei samkvæmt áætlun sinni á þá staði, sem vegur þessi á að ná til, eða á Vatnsleysur, Hraun og Vatnsleysuströnd. Jeg kom með þessa breyt.till. á þgskj. 319 við greinina eins og hún er í stjórnarfrumv., en ekki sem breytingu við brtill. fjárlaganefndarinnar. Vona jeg, að till. háttv. fjárl.nefndar verði felldar, en brt. mín tekin til greina í háttv. deild. Jeg vil eindregið halda því fram, eins og stendur á brtill., að væntanleg fjárveiting frá þinginu verði ekki bundin við eins þröngt skilyrði og áður, en að fullnægjandi sje fjárframlög úr hvaða átt, sem þau koma.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira að sinni, en vona að háttv. deild taki breyt.till. mínum vel.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Jeg hef eina breyt.till. á þgskj. 289, sem jeg vil leyfa mjer að vekja athygli h. deildar á. Hún er brtill. við þá brtill. fjárlaganefndarinnar, þar sem stungið er upp á að veita 300 kr. til mótorbátaflutninga milli Vestmannaeyja og Rangársands. Mín breyt.till. fer fram á, að 500 kr. verði veittar í þessu skyni. Jeg var ekki svo heppinn eða máske óheppinn, að háttv. framsm. gæfist kostur á að minnast á þessa brtill., þar matmálstíminn rak svo hart á eptir bæði hjá honum og öðrum. Það er þó auðsjeð á till. háttv. fjárlaga-

nefndar, að hún hefur álitið nokkra þörf á þessum ferðum, enda virðist það liggja nokkurn veginn í augum uppi, að svo sje, þegar annarsvegar er tekið tillit til, hve flutningarnir eru miklir á milli lands og eyja, og hinsvegar hve miklum hættum slíkar milliferðir eru bundnar. Frá landnámsöld hefur það tíðkazt að fara á opnum áraskipum á milli lands og eyja, en ávallt með hinni mestu hættu, er aðallega hefur stafað af, hve feykilega brimasamt er á þessum stöðum. Þó farið sje á stað í bezta veðri og leiði, þá getur á örskömmum tíma brimað svo, að ólendandi sje með öllu við sandinn. En menn verða eins og nú er ástatt, að leggja sig í þessar hættur og fara út í eyjarnar til að afla sjer ýmsra fanga þaðan, einkum síðan útræði þar hefur vaxið svo mjög. Og getur það þá líka á stundum að borið, að menn teppist þar úti um lengri tíma. Í vor, rjett fyrir vertíðarlokin, fóru þannig t. d. tvö skip úr Austur-Landeyjum út í Eyjarnar með samtals 30 mönnum á, og þessir 30 menn úr einum hreppi tepptust þar úti í eyjunum á 3. viku, og geta allir skilið, hvað slíkt muni kosta og það um bezta tíma árs.

Mönnum þar eystra er því að verða það ætíð ljósara og ljósara, hve óþolandi slíkt fyrirkomulag er, og þess vegna hefur þess verið farið á leit við fjelag í Eyjunum, er ætlar að fá sjer sterkan mótorbát, að það tæki að sjer nauðsynlega flutninga úr Eyjunum upp að sandinum. Og með því að undirtektir í þeim efnum voru hinar beztu, ef til þessa fengist einhver dálítill opinber styrkur, þá kom á tveimur þingmálafundum í Rangárvallasýslu fram sú ósk, að alþingi veitti 500 kr. úr landssjóði í þessu skyni, og var þó búizt við, að sýslunefndin í Rangárvallasýslu yrði að veita talsvert fje til viðbótar, til þess að þessir flutningar gætu tekizt. Þó að því þessar 500 kr. yrðu veittar, sem jeg fer fram á í breyt.till. minni, þá getur enginn sagt, að það sje mikið fje, samanborið við þörfina og það gagn, sem af því gæti leitt. Þess ber líka að gæta, viðvíkjandi slíkum gufu- eða mótorbátsflutningum, að það er svo margskonar kostnaður, sem kemur til greina, t. d. út- og uppskipunarkostnaður, sem getur orðið allmikill.

Seinast í vor varð t. d. að borga mönnum í Vestmannaeyjum við uppskipun 75 aura um tímann. Og það hefur jafnvel hvað eptir annað komið fyrir í Vestmannaeyjum að menn hafa neyðzt til að selja trálurunum, sem hafa verið dæmdir, fiskinn fyrir lítilræði, af því það svaraði ekki kostnaði að kaupa menn til að skipa honum upp. Jeg vona því, að h. háttv. deild taki þessari breyt.till. minni vel og telji eigi þörf á að klípa úr þessum litla styrk, sem jeg hef hjer farið fram á. En á hinn bóginn væri ekkert á móti því hafandi, ef þessar 500 kr. væru veittar, að sýslunni væri gjört að skyldu að leggja eitthvað fram á móti af sjóði sínum, með því að ekki mundi af því veita, til þess að þetta nauðsynjamál næði fram að ganga og einstaklingum þyrfti eigi að vaxa í augum kostnaðarins vegna, að færa sjer slíka flutninga í nyt. En það er ekkert vafamál, að ef slíkir mótorbátsflutningar kæmust á í stað þess, eins og nú tíðkast, að sækja úr landi út í Eyjarnar flutning á seinskreiðum árabátum, þá mundi það verða til mikilla framfara fyrir viðkomandi hjeruð og án efa forða mörgum mönnum frá líftjóni á hinni hættufullu leið á milli Vestmannaeyja og Rangársands.

Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Jeg finn ástæðu til að þakka hinni háttv.

nefnd fyrir það hve vel hún hefur tekið beiðni frá sýslunefndinni í Vestmannaeyjum um styrk til vegagjörðar þar. Jeg hef litlu við það að bæta, sem h. háttv. framsm. tók fram. Jeg skal aðeins drepa á það, að Vestmannaeyjar hafa aldrei fengið nokkurn styrk úr landssjóði til vega, og að eyjabúar hafa jafnaðarlega lagt miklu meira fram til vegabóta árlega hjá sjer, en nemur sýsluvega- og hreppsvega-gjaldinu. Það er því fyllilega hjer um sanngirniskröfu að tala frá þeirra hálfu um að fá þennan litla styrk, er þeir biðja um. Jeg hefði óskað þess, að þessi fjárveiting hefði ekki þurft að reka sig á veginn frá Hafnarfirði suður með sjó. Jeg fyrir mitt leyti álít, að það sje rjett eptir atvikum að veita áfram tje til hans, og hefði því þgm. G.-K. ekki þurft að amast við þessari fjárveitingu til Vestmannaeyja. Jeg vona, að þótt tillagan um styrk til vegar í Vestmannaeyjum og um burtfelling styrksins til Gullbringusýsluvegarinns komi fram á breyt.till. nefndarinnar sem ein breyt.till., þá verði hún þó borin upp í tvennu lagi, enda hefur háttv. framsm. tjáð mjer, að hjer sje í rauninni um tvær tillögur að ræða frá háttv. nefndar hálfu. Jeg skal taka það fram, að það er ekki rjett hjá háttv. þm. G.-K., að aðeins sjeu tvö býli í Vestmannaeyjum fyrir utan að alþorpið. Þau eru 20—30. Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. bæði með veginum suður með sjó, og með fjárveitingunni til vegar í Vestmannaeyjum.

Jeg skal stuttlega minnast á breyt.-till. frá háttv. 1. þm. Rangv. um styrk til mótorbáts milli lands og Vestmannaeyja. Jeg álít sjálfsagt að styðja þessa tillögu. Það kemur einatt fyrir, að landmenn teppast í eyjaferðum (kaupstaðarferðum eða vöruflutningsferðum) viku til hálfan mánuð úti í eyjum, og það sem maðurinn flytur svo til landsins eptir alla þessa bið, nemur ekki eða varla hestburði. Það liggur í augum uppi, hve afarmikil eyðsla er í þessu fólgin. Þetta mundi lagast, ef mótorbátaferðir tækjust upp til lands frá eyjunum, því að þá væri hægt að sæta lagi með hverja ferð fram og aptur. Auk þess heppilegra, að ferðin byrji og endi í eyjunum, þar sem lending er góð, í stað þess, er nú tíðkast, að ferðin byrji og endi í landi; þar er lengst af er ólendandi. Tillagið, er farið er fram á, er aðeins 500 kr., og er það ekki mikið fje, þegar þess er gætt, að Rangárvallasýsla hefur ekkert gagn af strandferðaskipunum.

Jeg sje, að til reksturskostnaðar við vita þann, sem áætlað er að byggja í Vestmannaeyjum, er ætlazt til að veita 850 kr. og þar af 400 kr. til vitavarðar. Til þess að fyrirbyggja misskilning, skal jeg geta þess fyrst, að Vestmannaeyingar leggja lítið kapp á að fá vita þennan, því að þeir þarfnast hans ekki svo mjög, en það eru þilskipaformenn, einkum þilskipaformenn við Faxaflóa, sem sjerstaklega hafa barizt fyrir þessu máli, og viti þessi kemur einkum að haldi fiskiskipum hjeðan frá Faxaflóa. Jeg get því eigi skoðað vita þennan mjer viðkomandi sjerstaklega sem þingmanni Vestmannaeyja, en vegna þess að jeg er kunnugur staðháttum, finn jeg mjer skylt að gjöra eptirgreinda athugasemd. Þangað, sem ætlazt er til að viti þessi verði settur, er klukkutíma gangur frá því býlinu á eyjunum, sem næst er, og mjer hefur nýlega verið sagt, að það hafi komið fyrir, að menn hafi í ófærð og slæmu veðri verið 3 klukkutíma að fara þann veg.

Jeg hygg því, að nauðsynlegt verði fyrir vitavörð að byggja hús hjá vit-

anum eða nálægt honum, en þá virðist það auðsætt, að ekki mundi fást maður til þess að taka að sjer vitagæzluna fyrir 400 kr. um árið. Jeg hef borið mig saman um þetta við Þorstein hjeraðslækni Jónsson, sem jeg hygg manna bezt treystandi til að dæma um þetta, og kom okkur saman um, að varla mundi til þess að hugsa, að fá áreiðanlegan vitavörð þar fyrir minna en 700—800 kr. laun um árið. Annars er jeg fús á að láta h. háttv. fjárlaganefnd og hæstv. ráðh. allar upplýsingar í tje þessu viðvikjandi, ef óskað er.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg ætla mjer að minnast stuttlega á br.till., sem jeg á á þskj. 309, við br.till. fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1906—1907, við 25. lið 12. gr. C. 2. til bátaferða á Eyjafirði, að í stað 3,000 kr. komi 5,000 kr. Jeg minntist ekki á hana áðan sökum þess, að jeg bjóst við, að háttv. framsm. mundi tala um hana, en hann kvaðst eigi mundi gjöra það. Það ætti öllum að vera það ljóst, að þörfin er mjög mikil og jafnmikil og annarsstaðar á landinu, þar sem slíkur styrkur er veittur, þar sem menn eiga 9—10 mílna sjóferð að sækja í kaupstað. En þessar ferðir eru opt þýðingarmiklar í öðrum efnum. —Það kemur opt fyrir, að síld veiðist inni í fjarðarbotni og ekki annarsstaðar, og kemur þá berlega í ljós, hversu erfitt er fyrir fiskimenn í yztu veiðistöðum, að ná að sjer beitu. Til þess að beitan verði að fullum notum, þurfa menn að fá hana óskemmda á veiðistöðvarnar, en það er ekki hægt nema með því, að hafa gufubát. — Það getur opt orðið stórtjón að því, ef ekki er hægt að ná í síldina. Það ber ekki sjaldan við, að ekki er hægt að róa sökum þess, að eigi er hægt að fá beitu. Þetta getur á stundum orðið mjög mikill skaði ekki einungis fyrir þá, sem veiðiskap stunda, heldur einnig fyrir landið í heild sinni. — Ennfremur er ætlazt til, að báturinn gangi á stundum til Húsavíkur og Siglufjarðar, og eigi er ómögulegt, að víðar verði þörf á þessum samgöngubótum, sjer í lagi vegna þess, að í ráði er að fækka strandferðunum. Hjer er farið fram á að veita 5,000 kr. til þessara ferða, í stað þess að hin háttv. nefnd stingur upp á 3,000 kr. Jeg álít, að ekki verði komizt af með minna en 5 þús. kr. í byrjuninni, því það er eigi líklegt, að nokkur maður fáist til að halda ferðunum uppi fyrir minni borgun. En með tímanum er ekki óhugsanlegt, að menn fáist til halda uppi ferðunum fyrir lægri styrk eða jafnvel styrklaust. Jeg vona, að styrkhækkun þessi verði samþykkt sökum þess, að þörfin er mjög brýn.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg ætla mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við ræður þær, sem haldnar hafa verið og vil helzt taka ræðurnar í þeirri röð, sem þær hafa verið haldnar.

Hinn háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) talaði um breyttill. sínar og sömuleiðis háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), og get jeg ekki fallizt á ástæður þeirra, Viðvikjandi akbraut á Skeiðunum, þá er illt að yrðast út af því, sem allir vita að nauðsynlegt er í sjálfu sjer. En hjer er ekki að tala um, hvað nauðsynlegt sje, heldur hvað nauðsynlegast sje, og hvar sje brýnust þörfin. Háttv. þm. talaði um, að Sunnlendingum mundi þykja það lítil ástæða til þess, að neita þeim um fje til vega, að verja þyrfti fje og kröptum fyrst og fremst til landsímans, sem

aðallega liggur yfir Norður- og Austurland. Jeg vil benda á, að Suðurland hefur ekki farið varhluta af fjárframlögum til samgöngubóta, og skal jeg að eins nefna brýrnar á Ölfusá og Þjórsá og akveginn hjer austur, sem alls munu hafa kostað eins mikið og ritsíminn fyrirhugaði yfir Norður- og Austurland. Og vitanlega urðu samgöngubætur að bíða á meðan í Norðurlandi og bíða enn, og var þó aldrei ofsjónum sjeð yfir þessu. Hinn háttv. þm. sagði, að þessar vegagjörðir væru nauðsynlegar vegna smjörflutninganna frá smjörbúunum, en jeg held, að smjörflutningur sje ekki sá örðugasti flutningur, og sje jeg enga ástæðu til vegna þeirra að eins að gjöra þessa akbraut. Hinn háttv. þm. sagði, að sýslubúar vildu leggja fram meira en helming úr sýslusjóði og ætti landssjóður því sanngjarnlega að leggja fram það, sem á vantaði. Þetta er nú að vísu vel boðið. En jeg man samt, að þá er flutt var frumvarp 1903 um að leggja viðhald akbrauta að nokkru leyti á hlutaðeigandi hjeruð, þá risu þingm. Árnesinga á móti því af kappi. Þetta rýrir í mínum augum framboð hjeraðsins í þessu sambandi. Jeg held að þetta akbrautamál væri ekki eins mikið togsperruefni á þingi og það er, ef sýslurnar sjálfar hefðu viðhaldskostnaðinn. Viðvíkjandi veginum frá Gjábakka til Geysis, þá getur hann ekki setið fyrir öðrum vegum, því þar er ekki meiri þörf en annarsstaðar, þar sem vegir liggja í kalda koli.

Nefndin getur ekki fallizt á þessa viðbót, sem háttv. þm. Ak. (M. Kr.) fer fram á til gufubátsferða á Eyjafirði. Jeg hygg, að þær 3,000 kr. sem nefndin leggur til að veitt sje til ferða þessara, sje í hæfi við aðra samskonar styrki. Hinn háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) mælti fram með vegi frá Grund til Saurbæjar. En jeg hygg, að nefndin sje sammála um það, að það, sem komið er af þeim vegi, sje hið nauðsynlegasta, jafnvel þó að þeir, sem eiga heima fremst í firðinum, geti eigi ekið alveg heim til sín. Annars eru margir hissa á að vera að veita fje til vegar í Eyjafirði sökum þess, að að vetrarlagi er Eyjafjarðará hin bezta akbraut. Jeg var að vísu með akbrautarlagning fram að Grund, en almenningsálitið víða utan Eyjafjarðar áleit hana hneyxli.

Hinn háttv. þm. Skagf. (Ó. Br.) mælti fram með akvegi í Skagafirði og hjelt, að minni ástæða væri til, að veita fje til Fagradalsbrautarinnar, sem ekki kæmi að gagni fyr en fullgjörð er, en þessi vegur yrði að gagni jafnótt og hann kæmi. Það var nú síðasta þing, sem veitti svo mikið fje til Fagradalsbrautarinnar, að það verður ekki snúið aptur með þann veg, og væri þá bezt, að hann væri búinn sem fyrst og stæði eigi öðrum vegagjörðum í vegi. Það er einungis sökum ritsímalagningarinnar næsta ár, að nefndin ekki lagði til, að full fjárveiting væri veitt til þess að ljúka við Fagradalsbrautina á næsta fjárhagstímabili. Um akveg í Skagafirði er það að segja, að hann þolir frekar bið en sumar aðrar brautir, sem standa í vegalögunum, því hestahald er þar svo mjög kostnaðarlítið.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) mælti svo vel með veginum yfir Breiðadalsheiði, að það skal lukka til, ef fjárveitingin til hans slysast ekki í gegn. Jeg hafði tilhneigingu til þess, fyrir mitt leyti, að verða við þessari beiðni, en jeg get samt ekki verið með henni, þar sem ekki er um þjóðveg að ræða, enda þótt að játa verði, að Vestur-Ísafjarðarsýsla hafi orðið út undan, að því er fjárframlög úr landssjóði

snertir. Auk þess mælir það á móti tillögunni, hve lítið fje hjeraðið býður fram á móti.

Þá minntist háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) á vegi í kjördæmi sínu, og vil jeg ekki þrátta um Mosfellssveitarveginn; það getur verið álitamál, hvort leggja beri fram allt fjeð nú á þessu fjárhagstímabili, eða hvort því skuli skipt niður á fleiri. Jeg gjöri ráð fyrir, að á sínum tíma verði veitt það, sem við þarf að bæta. Þá kem jeg til Hafnarfjarðarvegarins; jeg get vel skilið það, að háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) hefur fallið það illa, að fjárveitingin til þessa vegar var felld í burtu af nefndinni; en jeg þarf ekki að færa neinar nýjar ástæður fyrir gjörðum nefndarinnar, því röksemdum hennar var í engu hnekkt með ræðu háttv. þm. (B. Kr.). Nefndin gat ekki sjeð neina svo sjerstaka þörf á þessum vegi, og sjer hana ekki enn þá. Háttv. þm. (B. Kr.) talaði um, að þingið gabbaði sýslubúa með því, að veita fje til þessa vegar fyr, en kippa fjárveitingunni til baka nú, eða jafnvel að nefndin sje nú að mynda nýja reglu í þessu tilliti; nefndin gekk út frá því, að fjárveiting þessi væri ekki árlegur styrkur, heldur að eins ársstyrkur; fjárlaganefndin á síðasta þingi tók það fram, að þetta væri veitt að eins til reiðvegar en ekki akbrautar; hún áleit ekki þörf á akvegi, þar sem sjóleiðin er svo eðlileg og auðveld; skip (bátar) geta komizt inn á hverja vík og hvern vog á svæði því, er vegurinn á að ná yfir; nú vita allir, að flutningur á sjó er mun hentugri og ódýrari, en flutningur á landi, þótt bærilegir vegir sjeu. Að endingu vill háttv. þm. (B. Kr.), að skilyrði það, sem stjórnarfrumv. hefur, sje fellt í burtu, eptir að búið er að fella tillögu nefndarinnar, og annað auðveldara sett í staðinn; með öðrum orðum, að fjárveitingin sje veitt skilyrðislaust að kalla; því eptir því, sem hann vill hafa það, þá þarf ekki hjeraðið annað á móti að leggja, en sýsluvega- og hreppavegagjöldin. Sýslunefndin tekur lán: og endurborgar það svo með sýsluvega- og hreppavegagjaldinu. Það hefur verið stöðug regla, að hafa skilyrðin svo orðuð, að ekki væri hægt að fara kring um þau á þennan hátt, þegar um svona fjárveitingar hefur verið að ræða.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) sagði um aukinn styrk til mótor- og gufubátsferða milli Vestmannaeyja og Rangársands, þá vil jeg geta þess, að nefndin bjóst við, að styrkurinn yrði eigi einhlítur, en væri þó talsvert betri en ekki, ef sýslan legði til á móti.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) gat þess, að veitingin til vitans væri ónóg, en nefndin tók þann lið ekki til sjerlegrar íhugunar í því skyni, en gekk út frá því, að stjórnin hefði athugað það og vissi, hversu mikið til hans þyrfti.

Fjárbeiðslurnar til samgöngumála og brtill. sem ganga í þá átt, að hækka fjárveitingar til þeirra, eru orðnar svo almennar og margvíslegar, að ómögulegt er að verða við þeim öllum, og svo mikill vandi úr að velja, að þessar fjárbeiðnir eins og draga hver aðra á eptir sjer.

Sje farið að samþykkja sumar af þeim breyt.till., sem hjer liggja fyrir, þá mundi velta fram eins og skriða hver fjárveitingin af annari, ekki einungis þessar 67 þús. kr., sem breyt.-till. nema, heldur mundu koma fram hinar kyrlátari kröfur, þær sem hingað til hafa dregizt í hlje. Þá mundu þeir, sem hingað til hafa hlífzt við að slá sjer í bardagann, hneppast og slást upp

á lífið, hver fyrir sínum tíll. Það er þetta, sem er athugavert, að allar kröfurnar virðast nauðsynlegar og lítt mögulegt, að taka eina fram yfir aðra; það vantar hjer algjörlega öll tæki og tíma til þess að rannsaka, hverjar hafa mestan rjett á sér og hverjar eru nauðsynlegastar; það vantar einnig allt yfirlit yfir allar rjettmætar kröfur, því það er ekki víst, að þær sjeu komnar hjer fram, og síðast en eigi síst: það vantar fje til þess, að geta fullnægt þeim og vinnukrapt til þess, að framkvæma verkin. Til þess að fullnægja öllum rjettmætum kröfum í þessu tilliti, þurfa hundruð þúsunda, já miljónir. Þegar vjer nú höfum þingræðisstjórn, sem auðsjáanlega vill berjast fyrir framförum landsins, þá er hjer verkefni fyrir hana. Hún á að útvega yfirlitið yfir hinar nauðsynlegu vegalagningar, og gjöra þinginu grein fyrir, hvað þetta kostar. Hún á að sýna fram á, hvaða vegir sjeu til þess, að leggja fram nægilegt fje, hversu fá megi þann vinnukrapt til vegagjörðanna, sem þarf. Að þessu fengnu er líklegt að heppnaðist, að uppfylla allar sanngjarnar kröfur í þessu efni, og við þyrftum þá ekki að vera að kljást á hverju þingi hver með sinn vegarspotta.

ATKV.GR.: 10. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 1. b. 1. samþ. með 17 atkv. samhlj.

11. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 1. b. 2, sþ. með 19 atkv. samhlj.

12. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 1. b. 2. aths. sþ. með 24 atkv. samhlj.

Breyt.till. (313) við 12. gr. A. 1. b. 2, felld með 18 atkv. gegn 2.

13. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 2, sþ. með 24 atkv. samhlj.

14. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 2 aths., sþ. með 24 atkv. samhlj.

15. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 4. f., sþ. með 21 atkv. samhlj.

Breyt.till. (310) við 12. gr. A. 4. g. felld með 14 atkv. gegn 6.

16. breyt.till. (244) við 12. gr. A. 4. g. sþ. með 21 atkv. samhlj.

17. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 3. sþ. með 18 atkv. samhlj.

Breyt.till. 305 við 12. gr. B. 3. felld með 14 atkv. gegn 4.

Breyt.till. 284 við 12. gr. B. 3. viðb. felld með 13 atkv. gegn 4.

Breyt.till. 293 við 12. gr. B. 3. viðb. felld með 13 atkv. gegn 5.

Breyt.till. 318 við 12. gr. B. 4. felld með 15 atkv. gegn 5.

18. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 4. sþ. með 24 atkv.

19. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 4. sþ. með 21 atkv.

Breyt.till. 318 við 12. gr. B. 4. aths. fallin.

20. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 4. viðb. samþ. með 24 atkv.

Breyt.till. (330) við 12. gr. B. 4., samþ. með 13 atkv.

21. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 7. (falli burt) felld með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Hermann Jónasson,	Björn Kristjánsson,
Jóhannes Ólafsson,	Einar Þórðarson,
Jón Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Lárus H. Bjarnason,	Guðm. Björnsson,
Magnús Andrjess.,	Hannes Hafstein,
Pjetur Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
St. Stef. 2. þm. Eyf.,	Magnús Kristjánss.,
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss.	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

21. breyt.till. (244) við 12. gr. B. 7. (til vegar í Vestmannaeyjum) sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (319) við 12. gr. B. 7. aths. felld með 14 atkv. gegn 4.

1. Breyt.till. (268) við 12. gr. B. 7. viðb. (8) sþ. með 16 atkv.

Breyt.till. (294) við 12. gr. B. 7. viðb. sþ. með 13 atkv. gegn 6.

22. Breyt.till. (244) við 12. gr. B. 8. viðb. (9) sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (291) við 12. gr. B. 8. viðb. (9) sþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (291) við 12. gr. B. 8. viðb. (10) felld með 13 atkv. gegn 4.

23. breyt.till. (244) við 12. gr. C. 1. (upphæðin) sþ. með 23 atkv.

24. breyt.till. (244) við 12. gr. C. 1. aths. sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. (309) við (244) 12. gr. C. 2 (25. lið) felld með 15 atkv. gegn 7.

25. breyt.till. (244) við 12. gr. C. 2 (liðurinn orðist) sþ. án atkv.gr.

26. breyt.till. (244) við 12. gr. C. 2 (3. liður) sþ. með 22 atkv.

27. breyt.till. (244) við 12. gr. C. 2. (4. liður) sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. (289) við 12. gr. C, 3 (26. l. 244) felld með 13 atkv. gegn 9.

Umræðunni um D. frestað.

28. breyt.till. (244) við 12. gr. E. h. (sameinaður 4. og 5. l.) samþ. með 20 atkv.

29. breyt.till. (244) við 12. gr. E. k. sþ. með 23 atkv.

30. breyt.till. (244) við 12. gr. E. l. sþ. með 20 atkv.

31. breyt.till. (244) við 12. gr. E. n. sþ. með 20 atkv.

Á 33. fundi Nd. fimmtudaginn 10. ágúst var 2. umr. um fjárl.frv. haldið áfram um 13. og 14. gr.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson þm. S.-Þing): Það hafa komið frá einstökum þm. allmargar br.till. við síðari greinina, sem nú er til umr., 14. gr. Jeg hef ekki reiknað saman, hve miklu þau útgjöld nemi, sem þessar breyt.till. fara fram á, en jeg hygg, að þau fari töluvert yfir 20 þús. kr. Jeg skal nú minnast á nokkra liði, sem talað er um í nefndarálitinu, og nokkrar aðrar brtill.

Það er þá fyrst breyt.till. við 13. gr. A. b. 2, sem fer fram á að hækka liðinn um 1,000 kr. fyrra og 200 kr. síðara árið; það er til bráðabyrgðaruppbótar á brauðum, Nefndinni hafa borizt nokkur erindi frá einstökum prestaköllum um fje úr landssjóði til þess að verja kirkjujarðir fyrir skemmdum af vatnságangi, skriðum o. fl. Að því leyti, sem nefndinni sýnist rjett að sinna málaleitunum þessum, þá er það á þá leið, að liðurinn verði færður upp, svo stjórnin hafi fje til, sem verja megi til þessa, og felur stjórninni að annast veitingu þess, eptir því, sem henni í hvert skipti þykir ástæða til. Það sem fyrst og fremst vakti fyrir nefndinni, er erindi frá prestinum í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, um að ljett sje af prestakallinu kvöðum, sem einstakar jarðir eiga á skóglendi prestakallsins. Þar er svo háttað, að ómögulegt er að koma á skógfriðun, meðan þessar kvaðir liggja á, en þó þessu verði sinnt, er að eins um 50 kr. árlegt framlag að ræða. Þar að auki hafa komið fram beiðnir frá fleiri prestaköllum um styrk til að varna skemmdum af vatnságangi og skriðum, t. d. frá Holti undir Eyjafjöllum, Otrardal og Fellsprestakalli í Skagafirði. Þessar málaleitanir hefur nefndin einnig haft í huga með brtill. þessari. En það segir sig nú sjálft, að nefndin getur ekki dæmt um, hvort þessar fyrirhuguðu umbætur komi til nota á hverjum stað, og því er stjórninni falið að skera hjer úr og hafa ept-

irlit með veitingunum, svo trygging sje fyrir því, að þær komi að gagni. Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 331 um styrk til Holtsprestakalls, leggur nefndin til, að hún verði felld, en breyt.till. fjárlaganefndarinnar tekin til íhugunar.

Þá er í 13. gr. B. III. fjárveiting til leikstofu fyrir pilta í hinum almenna menntaskóla, milli skólans og bókasafnsins, en nefndinni þótti rjettara að láta leikfimishús við gagnfræðaskólann á Akureyri ganga fyrir, því hún taldi byggingu þessa við lærða skólann hjákvæmilega, en leikfimishúsbyggingu við Akureyrarskólann áleit hún óhjákvæmilega, samkvæmt lögskipuðum tilgangi skólans.

Þá kemur breyt.till. frá nefndinni við 13. gr. B. IV., þess efnis, að fje til tímakennslu í gagnfræðaskólanum á Akureyri skuli hækka um helming og er þar miðað við það naumasta, sem hægt er að ætlast til að skólinn geti komizt af með um fram það, sem hinir 3 föstu kennarar geta í tje látið. Ef þetta er borið saman við það, sem nefndin leggur til að veitt sje til tímakennslu í lærða skólanum, sem sje 2,800 kr., þá virðist ekki of mikið, þó 1,200 kr. sjeu veittar til tímakennslu við Akureyrarskólann.

Þá er breyt.till. á þgskj. 308 við 13. gr. VI. a. 1—2. viðvíkjandi fjárveitingu til kvennaskólans í Reykjavík. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) fer fram á að auka styrk til verklegrar kennslu við þennan skóla um 500 kr. á ári og bæta svo við kennslu í búsýslu. Nefndin hafði með höndum erindi frá forstöðukonu skólans, og gat ekki fallizt á að styrkja þann skóla til þessarar kennslu, því eins og kunnugt er, hefur húsmæðrastjórnarskólinn það verkefni. Auk þess skal jeg minna á þá skoðun, sem búnaðarþingið ljet í ljósi, nefnil. að ekki væri líklegt að sá skóli stæði til langframa, því kennsla í húsmóðurstörfum ætti fremur að fara fram á einhverri jörð, en í kaupstöðum. Nefndin hefur því ekki getað fallizt á þessa breyt.till.

Þá er breyt.till. nefndarinnar viðvíkjandi Blönduósskólanum (13. gr. VI. a. 3.) og breyt.till á þskj. 325, við breyt.till. nefndarinnar, að í staðinn fyrir 1,500 komi 2,500. Nefndin hefur í nefndarálitinu fært rök fyrir sinni breyt.till. svo jeg læt mjer nægja að skýrskota til þess, og getur hún ekki fallizt á svona mikla hækkun til skólans, eins og breyt.till. á þgskj. 325 fer fram á.

Þá er breyt.till. á þsk. 314 frá háttv. þm. Ak. (M. K.), og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) viðvíkjandi Akureyrarkvennaskólanum, sem sje, að til hans verði veittar 2,500 kr. í stað þess að nefndin hefur að eins viljað veita til hans 1,500 kr., til að halda áfram kennslunni til vordaga 1906. Nefndin hefir fært ástæður fyrir því, að hún vill ekki veita meira til þess skóla.

Það er margrætt hjer á þingi, að ekki væri rjett að styrkja 2 kvennaskóla á Norðurlandi, báða með sama sniði og það allra sízt, þá er gagnfræðaskólinn á Akureyri er stækkaður, og konur hafa jafnt aðgang að honum, sem karlar. Þetta er ástæðan fyrir því, að kvennaskólinn á Akureyri leggist niður sem slíkur. Nú er fram komið erindi frá stjórn kvennaskólans á Akureyri um, að í ráði sje að breyta honum í húsmóðurskóla smámsaman. Nefndin vill, að skólinn geti staðið til næsta veturs sökum undirbúnings þess, sem þegar er gjörður í því efni. En viðvíkjandi húsmóðurskóla á Norðurlandi, virðist nefndinni, að það mál sje eigi nægilega, eða á þann hátt undirbúið, að þingið veiti fje að þessu sinni.

Jeg skal leyfa mjer að minnast með nokkrum orðum á þessa hugmynd um

húsmæðraskóla; hún er ekki neitt nýstárleg fyrir mjer, því hún hefur mikið verið rædd í mínu hjeraði. Þar er kona, sem hefur haft á hendi umferðarkennslu á húsmóðurstörfum næstliðinn vetur. Hún vildi auka og bæta þessa kennslu, og sumar konur þar í Þingeyjarsýslu vildu jafnvel, að stofnaður yrði húsmæðraskóli í sýslunni, og fjárframlög mundi heldur ekki mjög örðugt að fá.

Þegar þetta var borið undir mig, leizt mjer ekki á að stofna slíkan skóla í Þingeyjarsýslu, eða einkanlega fyrir hana. Jeg vissi líka, að áður hafði komið til orða að breyta Akureyrarskóla í húsmóðurskóla og aðhylltist þá hugmynd og áleit hana á rökum byggða. Jeg mælti því með því, að ekki yrði að svo komnu hugsað meira um að stofna húsmóðurskóla, en bíða heldur eptir, hvaða stefnu Eyfirðingar tækju í þessu máli.

Jeg talaði við frk. Jónínu Sigurðardóttur, sem gengið hefur í gegnum slíkan skóla í Danmörku og haft hefur með höndum áminnzta umferðarkennslu í húsmóðurstörfum. Ljet hún í ljósi töluvert frábrugðnar skoðanir á tilhögun hússtjórnarskóla frá þeim, sem fyrir mönnum hafa vakað hjer á landi hingað til, og bar fyrir sig þær skoðanir, sem nú væru ofan á orðnar í Danmörku í þessu efni. Skoðanir vorar verður því fyrst að samrýma við þá reynslu, sem fengin er erlendis. Álít jeg því heppilegast, að haldið sje áfram umferðarkennslunni fyrst um sinn. Það væri að minni hyggju betra að hafa umgangskennslu nokkur ár í nokkrum hjeruðum landsins, til að örfa og undirbúa, og væri þá líklegt, að eigi liði á löngu, áður en fastur húsmæðraskóli yrði settur á stofn. Þetta, sem jeg hef hjer talið, hefir gjört það að verkum, að jeg álít, að stofnun húsmóðurskóla eigi að bíða í þetta sinn. Jeg hef nú orðið fjölorður um þetta efni, af því að jeg vil, að fram komi skoðun sú, sem jeg hef nú lýst á málinu, þó því sje frestað um sinn.

Jeg vil láta þá skoðun í ljósi, að vjer höfum engu minni skyldu á herðum viðvíkjandi sjerfræðslu húsmæðraefna, en bændaefna, og þurfum hið fyrsta að inna hana af höndum, þótt vjer ekki sjeum við því búnir að þessu sinni.

Þá er undir þessum sama tölulið b. 1—2 breyt.til. frá háttv. þm. V.-Ísf. (J. Ó.), sem fer fram á að hækka styrkinn til barnaskóla utan kaupstaða um 5,000 kr. Fjárlaganefndin gat ekki athugað þessa liði til fullnustu, á meðan fræðslumálin voru eigi meira á veg komin á þinginu, og álít jeg rjettast, að þetta bíði að minnsta kosti þangað til frv. um fræðslu barna kemur lengra áleiðis. Nefndinni virðist hinsvegar hækkunin í frumv. stjórnarinnar, frá því, sem áður var, sæmileg, því það er helmings hækkun frá því, sem var fyrir tveim árum. Nefndin gat því ekki fallizt á þessa breyt.till.

Þá hefur nefndin lagt til, að veittar yrðu 2,000 kr. fyrra árið og 3,000 kr. seinna árið til unglingaskóla. og vil jeg leyfa mjer að vekja dálítið nánar athygli á þessu, en gjört er í nefndarálitinu. Það er ætlazt til með þessari tillögu, að unglingar á aldrinum milli fermingar og tvítugs geti fengið áframhaldskennslu í þessum skólum. Kennsluskeið mega vera stutt, og því ekki að ætlast til mjög mikils lærdóms, en jeg lít svo á, að þessi stuttu kennsluskeið geti opt haft vekjandi og betri áhrif á unglingana, en heilir vetrar. Hlutverk þessara skóla á fyrst og fremst að vera vakning. Þetta verður eina kennslan fyrir suma, auk barnafræðslu, og því ríður á, að þessu sje

svo fyrir komið, að kennslan komi þeim á góðan rekspöl, svo þeir afli sjer meiri menntunar síðar í heimahúsum sínum, eptir að þeir hafa verið nokkur námsskeið á skólanum og fengið þar áhuga og ánægju af náminu.

Auk þess ættu slíkir skólar að geta veitt mönnum hæfilegan undirbúning undir 1. og 2. bekk realskóla á einum til tveimur vetrum.

En síðast, en ekki síst, ber að líta á, að þessir skólar geta stutt mikið að því, að unglingar taki andlegan heimanmund með sjer úr sveit sinni, þá er þeir fara þaðan annað hvort í skóla eða eitthvað annað. Ef menn hafa lært eitthvað gott og þarflegt í heimasveitunum, er meiri trygging fengin fyrir því, að þeir leiti aptur til átthaganna, en snúi ekki bakinu við þeim, af því þeim finnist allt rjettara og betra annarsstaðar en heima. Jeg hef verið nokkuð langorður um þennan lið, en hann hefur líka töluvert nýmæli í sjer fólgið.

Það er fram komin breyt.till. á þskj. 307 frá háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) og háttv. þm. S.-Múl. (Ó. Th.), og vilja þeir með því að setja orðin »utan kaupstaða« í staðinn fyrir »til sveita«, að styrkur þessi nái einnig til skóla í kauptúnum. Mjer þætti vænt um að heyra álit hæstv. ráðherra um þessa breytingu, og hvort hann álíti, að hún komi í bága við tilgang stjórnarinnar á þessum lið.

Fjárlaganefndin hefur verið þeirrar skoðunar, að athugavert kynni að vera, að veita slíkan styrk til skóla í kauptúnum, nema að því leyti sem þeir væru einnig heimavistarskólar; þetta hefur nefndin viljað benda á með skólabygging á Vopnafirði fyrir augum. Það er ákveðið, að byggja skóla á Vopnafirði, og ætlazt til, að börn úr sveitunum geti haft heimavist þar. En þeir 2 háttv. þm. vilja, að fje sje veitt jöfnum höndum til sveitaskóla og kauptúnaskóla.

Jeg er stjórninni þakklátur fyrir lið X í 13. gr. B. Sú hugsun hefur vakað fyrir stjórninni, að leiða athygli að því, að fólk þyrptist burt úr sveitunum, og bezta ráðið til að stemma stigu fyrir því væri, að hafa vekjandi og skemmtandi fyrirlestra í sveitunum, þá mundu menn una þar miklu betur. Nefndin hefur athugað þetta, og býst ekki við, að eins mikið fje þurfi í byrjun og stjórnin áætlar, ef fjenu á ekki að verða talsvert á glæ kastað. Hún hefur því enn komið með þá tillögu, að færa styrkinn niður í 3,000 kr. fyrra árið og 5,000 kr. síðara árið. Ennfremur hefur nefndin stungið upp á, að í stað orðsins »skemmtandi« komi orðið »vekjandi«; nefndin vildi ekki kalla það skemmtandi fyrirlestra, því að það gæti orðið álitamál, hvort ekki yrði þá farið út fyrir takmörkin. Vekjandi fyrirlestrar eru líka skemmtandi, en með orðinu »vekjandi« er að líkindum nánar tiltekið það, sem stjórnin mun hafa meint.

Þá vil jeg víkja að 14. gr. Við þessa grein eru ekki margar breyt.till. Nefndin á eina breyt.till. á þgskj. 354, sem fer fram á að hækka styrkinn til Leikfjelags Reykjavíkur upp í 1,000 kr. Menn verða að viðurkenna, að leikmenntin hefur mikla kúltúrella þýðingu, og að fjelagið hefur leyst hlutverk sitt furðu vel af hendi eptir dómi þeirra manna, er vit hafa á.

Enn fremur hefur nefndin lagt til, að 5,000 kr. væru veittar hvort árið til landmælinga. Eptir að nefndin hafði komið sjer saman um þessa fjárveiting, tilkynnti stjórnarráðið nefndinni, að það hefði fengið brjef frá forsætisráð-

herra Dana þess efnis, að »Generalstaben« mundi halda landmælingum áfram og væri til þess áætlaðar 15,000 kr. á ári í 15 ár og væri vænzt þriðjungs tillags frá Íslandi á móts við $^2/_3$ frá Danmörku. Nefndin var búin að samþykkja þessa fjárveiting áður en þetta kom. Það þarf ekki að mæla með þessari fjárveiting, það er nóg að líta á þau kort, sem »Generalstaben« hefur búið til, og menn ættu hæglega að geta sjeð, að þetta verk hefur mjög mikla þýðingu fyrir land allt.

Í þessu sambandi vil jeg minnast á, að fjárlaganefndinni hefur borizt erindi um uppmælingu á Breiðafirði, og annað um uppmælingu á Borgarfirði innantil. Það er enginn efi á því, að brýn þörf er á þessum uppmælingum, en vjer höfum varla sjeð fært að veita þetta fje að þessu sinni án nokkurrar vitneskju um hvað slíkar uppmælingar mundu kosta. En nefndin beinir þeim tilmælum til stjórnarinnar, að þetta mál verði undirbúið til næsta þings. Jeg vil svo ekki tala meira um þenna kafla að svo stöddu.

Ráðherrann: Jeg get yfir höfuð verið hinni háttv. fjárlaganefnd þakklátur fyrir meðferðina á þessum tveimur greinum fjárl., sem nú liggja fyrir. Þó verð jeg að geta þess, að jeg hefði óskað, að nefndin hefði getað aðhyllzt fjárveitinguna sub 13. gr. B. III. 15., sem ætluð var til skýlis milli bókhlöðunnar og skólans. Það er brýn þörf á þesskonar skýli, svo að piltar geti verið þar og leikið sjer í frímínútunum. Nú verða yngri drengir í skóla en áður, og getur það verið hættu bundið, að láta þá fara út í vont veður í frímínútunum, en í bekkjunum mega þeir ekki vera. Nefndin rökstyður synjun þessarar fjárveitingar með því, að ekki sje rjett að veita fje til þessarar byggingar, meðan ekkert letkfimishús sje við skólann á Akureyri, en jeg get ekki skilið þessa ástæðu; mjer finnst það hefði legið nær fyrir nefndinni, að veita einnig fje til að byggja leikfimishús á Akureyri.

Annars finnst mjer, að nefndin hafi ekki verið góð við hinn almenna menntaskóla; hún hefur t. d. lækkað upphæðina til eldiviðar og ljósa og færir þá ástæðu fyrir þessari lækkun, að aðsóknin að skólanum sje mjög vafasöm; en þetta er í miklu ósamræmi við það, að hún vill hækka fjárveitingu til tímakennslunnar vegna vaxandi aðsóknar. *(Pjetur Jónsson:* Fjárupphæð þessi stendur í stað). Fjárupphæðin til tímakennslu stendur *ekki* í stað hjá nefndinni, heldur hækkar um 1,600 kr. Að vísu vill nefndin jafnframt fella burtu laun aukakennara, svo að útgjöldin standa í stað, en tímakennsla fyrir 1,600 kr. er meira en einn maður orkar — með 90 aura borgun fyrir tímann —; en jeg hefði kosið, að þetta hefði mátt standa óhreyft í stjórnarfrumv., svo að hægt sje að taka fastan aukakennara. Að mínu áliti er það miklu heppilegra að fá sem flesta fasta kennara, en hafa marga sískiptandi tímakennara, því það er hætt við því, ef allt af koma nýir og nýir kennarar við skólann, að það verði ekki til að bæta aga nje góða samheldni milli kennara og pilta.

Jeg tel víst, að hægt sje að fá hæfan mann til aukakennarastarfs og það starf getur orðið reynzlutími og undirbúningur undir fast kennaraembætti síðar meir.

Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir, að hún hefur þó viljað veita kvennaskóla á Eyjafirði nokkra upphæð. Menn hafa á síðustu þingum verið því hlynntir, að sameina sig um einn eig-

inlegan kvennaskóla á Norðurlandi, og álitið, að ekki væri þörf á kvennaskóla á Akureyri, eptir að þar er kominn gagnfræðaskóli, sem veitir aðgang bæði körlum og konum. Þegar fjárlagafrumv. var til búið, var engin umsókn komin frá Eyfirðingum um neinn styrk til kvennaskólans þar, svo að stjórnin gat ekki vitað, hvað sýslunefndin mundi hugsa sjer með skólann framvegis. Því varð ekki tekin upp í frumv. nein fjárveiting til skólans, þótt stjórnin gengi út frá því, að skólanum yrði haldið áfram í einhverju formi, helzt sem hússtjórnarskóla.

Nefndin hefur ekki að svo stöddu viljað fallast á, að styrkja skólann sem bústjórnarskóla, en lagt til að honum yrði veitt fje fyrra árið, til að halda áfram sem kvennaskóli. Jeg vildi leggja það til, að þessi upphæð yrði veitt fyrir bæði árin, svo að skólanum geti orðið framhaldið í einhverju formi til næsta þings. Jeg geng að því vísu, að þær skýrslur og skilríki, sem nefndinni þykir vanta, til þess að hún geti nú að svo stöddu ráðið til að styrkja skólann sem bústjórnarskóla, muni liggja fyrir næsta þing, og virðist ekki ástæða til, að láta eitt ár falla úr, er skólinn fái enga hjálp.

Við till. nefndarinnar um styrk til unglingaskóla er hnýtt athugasemd um, að skilyrði fyrir styrkveitingunni skuli stjórnarráðið setja eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu. Hjer við er það að athuga, að það er undir meðferð barnafræðslu frumvarpsins komið, hvort slíkt embætti eða staða verður stofnað. Frumvarpinu er umturnað öllu í Ed., svo forlög þess eru víst vafasöm. En undir engum kringumstæðum mundi stjórnin verða einskorðuð við tillögur þessa manns, nje skyldug að fara eptir þeim, og finnst mjer því bezt að láta ekki þetta ákvæði standa í fjárlögunum. Verði nokkur slíkur maður settur, þá er það auðvitað, að stjórnin notar aðstoð hans í þessu samt.

Mjer þykir vænt um, að nefndin hefur fallizt á tillögur stjórnarinnar, að veita fje til fræðandi og skemmtandi fyrirlestra í sveitum, en þó virðist mjer nefndin hafa klipið helzt til mikið af þessum styrk. (*Pjetur Jónsson*: Álitamál). Það getur verið, að það sje álitamál, en jeg lít svo á, að það þurfi meira fje, ef það á að koma að tilætluðum notum, að minnsta kosti nóg, að lækka styrkinn um 5,000 kr. fyrra árið. Jeg er viss um, að slíkir fyrirlestrar og skemmtisamkomur geti gjört unga fólkinu vistilegra og ánægjulegra heima fyrir, og stuðlað að því að minnka óyndið í sveitinni. En jeg fæ ekki sjeð, hvað nefndin hefur getað haft á móti orðinu »skemmtandi«. Mjer finnst saklausar skemmtisamkomur vera góðar og allir þurfa skemmtunar við. Auðvitað er mín meining ekki að veita fje *beint* til danzskemmtunar, en svo framarlega sem hið nytsama getur sameinast því skemmtilega, þá er mikla náð, eins og Horats tekur fram. Auðvitað var meining stjórnarinnar, að þessi styrkur yrði að eins veittur til sveita, ekki í sjóþorpum og verzlunarstöðum, þar sem samkomur eru nógar hvort sem er.

Mjer líst vel á, að styrkur til sýslubókasafna hefur verið hækkaður af nefndinni. Líka þykir mjer mjög vænt um, að nefndin hefur samkvæmt bending minni lagt það til, að veita 5,000 kr. hvort árið til landmælinga á Íslandi. Nefndin hefur gjört ýtarlega grein fyrir þessari fjárveiting. Ekki þarf annað en líta á þau kort, sem búin hafa verið til yfir svæði þau, sem mælingardeild hersins hefur lokið mæling á, til þess að sjá, að það er til afar-

mikils gagns og sóma fyrir Ísland, ef allt landið verður mælt og kortlagt þannig. Um þennan styrk hefur að vísu engin beiðni komið frá Danmörk, en einmitt það, að þingið ótilkvatt býður fram þetta tillag, getur orðið til þess að hrinda málinu miklu fljótar á leið, en ella hefði orðið; jeg hef rjett þessa dagana fengið vissu fyrir því, að svo muni verða. Hermálaráðaneytið danska á opt erfitt með að fá veitt fje til slíkra fyrirtækja, því að þar eru ýmsir menn á þingi, sem líta hornauga til alls fjár, sem rennur til hersins. Það er því miklu auðveldara að fá fjárframlag til þess á ríkisþinginu, ef hægt er að skírskota til þess, að Ísland hefur einnig lagt fje fram í þessu skyni. Enginn getur grunað okkur um »Militarisme«. En þessi fjárveiting verður að veitast áfram. Mælingunum mun varla verða lokið fyr en að 10 árum liðnum. En ef ekki verður lagt meira fje fram á ári, en hjer er farið fram á, þá verðum við ekki svo mikið varir við fjárupphæðina, að þess gæti neitt í samanburði við þann heiður og það gagn, sem af því leiðir, að fá landið okkar þannig kannað, mælt og kortlagt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala frekar um aðrar breytingartill. að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skf.): Jeg er ásamt með öðrum flutningsmaður að breyt.till. á þgskj. 314 við 13. gr. VI. a. 5. um styrk til kvennaskólans á Akureyri. Flutningsmenn breyt.till. hafa beðið mig um að gefa deildinni upplýsingar, af því að jeg er kunnugur skólanum, þar sem jeg er í stjórn hans; jeg hef skrifað fjárlaganefndinni rækilega um þetta mál og gefið nefndinni þær upplýsingar allar, sem fyrir hendi eru, svo að hún ætti að vera málinu kunnug, ef hún hefur lesið skjölin. Því hefur verið haldið fram, að gagnfræðaskólinn gjörði kvennaskólann óþarfan, en það er ekki. Þvt að kennslunni er öðruvísi háttað. Eins og eðlilegt er, hefur gagnfræðaskólinn enga handavinnu, en hana hafa allir kvennaskólar. En að gjöra upp á milli þessara kvennaskóla í Norðurlandi, er órjett. Það hafa heyrzt óánægjuraddir um kvennaskólann á Blönduósi; stafa þær af því, að hann er á óheppilegum stað og af ýmsum öðrum ástæðum, sem jeg hirði ekki að nefna. Þess vegna tel jeg ekki rjett, að skera niður skólann á Akureyri. Sýslunefndin ályktaði, að breytingu þyrfti að gjöra á skólanum, en sú breyting yrði ekki gegnumfærð, nema reist væri hús handa skólanum. Skólinn á 10. þús. kr., en það er ekki nóg til þess að reisa hús handa skólanum, því hefur verið tekið á leigu hús handa honum. Það var því á síðastliðnu vori samið við húsasmið um að leigja hús handa skólanum; hann kveðst mundu hafa húsið til taks 1. oktbr. 1905, en þó eigi nema því að eins, að samningur væri gjörður til tveggja ára og það var gjört. Þess vegna er nauðsynlegt að halda skólanum áfram í tvö ár í sama formi, sem hann er nú. Jeg er sannfærður um, að það er bezt, að breyta skólanum smátt og smátt og það veitir ekki af tveim árum til undirbúnings, þar sem þarf til þess sýslufundi í þrem sýslum og bæjarstjórn Akureyrar. Kvennaskólanefndin fór fram á, að valinn yrði einn maður úr hverri sýslu, Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu og Akureyrarkaupstað til þess að undirbúa málið. En þeir verða ekki kosnir fyr en á næsta vori, og því gæti breytingin ekki komizt á fyr en 1907 eða 1908. En ef skólinn fellur niður um eitt ár, þá munu reynast

miklir örðugleikar á því að koma honum upp aptur,

Af því að breyta átti skólanum í heimavistaskóla og matreiðsluskóla, þá voru keypt áhöld til skólans; kostnaður verður því meiri en annars. Afleiðingin er sú, að skólinn þarf að eyða af innstæðu sinni, en ef innstæðan eyðist, þá er miklu verra að koma upp nýjum skóla. Stofnunin hefur áður haft 1,500 kr. úr landssjóði og 40 kr. með hverjum nemanda. Jeg hef gjört ráð fyrir því, að þessi stofnun þyrfti 3,200 kr., og um þá upphæð sókti jeg til nefndarinnar, en í breyt.till. er ekki farið fram á nema 2,500 kr.

Að því, er snertir umferðarkennsluna, sem háttv. framsm. vildi veita styrk til, þá mæli jeg ekki á móti henni, en hún gjörir ekki hússtjórnarskólana óþarfa; hún getur ekki komið að verulegum notum, hún getur að vísu verið góð til að bæta hugsunarhátt manna, en verklega menntandi þýðingu hefur hún ekki, með því að kennslukonan getur ekki verið svo lengi á hverjum stað, að úr kennslunni verði verkleg, staðgóð fræðsla. Jeg mun ekki verða því mjög mótfallinn, ef Þingeyingum er það kappsmál, að hafa hann í Þingeyjarsýslu, en benda skal jeg á það, að þar sem skólinn á jafnframt að veita kennslu í hússtjórn, matreiðslu og garðrækt, þá væri hann betur settur á Akureyri, því að þar er gróðrarstöð, þar sem kenna mætti garðrækt; auk þess mundi verða hægra að fá góða kennslukrapta við hann, ef hann væri á Akureyri, því að jeg tel víst, að kennarar gagnfræðaskólans mundu verða fáanlegir til þess að halda fyrirlestra, veita tilsögn í náttúruvísindum, o. fl.

Jeg á hjer aðra breyt.till. um, að styrkur verði veittur Valgerði Lárusdóttur, 600 kr. hvort árið til fullkomnunar í sönglist. Hún er af öllum talin mjög efnileg söngmær; við eigum svo fátt af slíku fólki, að við höfum ekki ráð á að láta góða krapta »kafna í mosanum« hjer, ef annars er kostur.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg á með öðrum manni eina litla breyt.till. þess efnis, að styrkurinn til kvennaskólans í Reykjavík verði hækkaður um 500 kr. í því skyni, að kennslan verði aukin, að þar verði einnig kennd búsýsla. Jeg vona, að þessari breyt.till. verði vel tekið, af því að hjer á í hlut elzti kvennaskóli landsins, sem jafnframt er bezti skólinn og bezt sótti. Þetta er nú ein hliðin. Önnur hliðin á þessu máli er sú, að ungum stúlkum ætti jafnan helzt að kenna það, sem þeim má að gagni koma síðar í lífi þeirra, og ekkert getur verið gagnlegra fyrir konur en búsýslukunnátta. Það hefur verið haft á móti þessu, af því að hússtjórnarskólinn veiti samskonar tilsögn; en þótt sá skóli sje hjer, á hann þó ekki að útiloka, að slík kennsla fari fram bæði við kvennaskólann hjer í Reykjavík og alla aðra kvennaskóla landsins. Auk þess hafa stúlkur ekki efni á að kosta sig bæði á kvennaskólanum og hússtjórnarskólanum. Það er og ein ástæða með þessari tillögu minni, að háttv. framsm. gat þess, að hússtjórnarskólinn yrði bráðlega fluttur upp í sveit. Það tel jeg alveg rjett, því að hússtjórnarskóli fyrir sveitastúlkur á að vera uppi í sveit, til þess að þær læri það, sem er við hæfi sveitakvenna, og jeg vildi óska, að það kæmist sem fyrst í framkvæmd; en því meiri ástæða er til þess, að styðja að því, að koma á búsýslukennslu við kvennaskólana. Auðvitað nægja þessar 500 kr. ekki, en það er þó byrjunin, og þessi litli vísir getur vaxið og gjört mikið gagn. Jeg gjöri mjer því von um,

að háttv. fjárlaganefnd setji sig ekki á móti þessari tillögu, og að hún fái góðan byr hjá háttv. deild.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg hafði leyft mjer að koma með breyt.till.við breyt.till.fjárlaganefndar um kvennaskólann á Blönduósi. Jeg get ekki látið vera að minnast á, að jeg skil ekki framkomu háttv. fjárlaganefndar. Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar eru skólanum ætlaðar 3,500 kr., en fjárlaganefndin hefur fært það niður í 1,500 kr., en þó hugsað sjer að bæta úr því, með því að bæta við styrk skólans 40 kr. fyrir hverja námsmey. En þetta er ekki nóg; skólanefndin hafði sýnt ljóslega, að ekki veitti af 3,500 kr. til skólans. Auk þess er þetta fyrirkomulag mjög óheppilegt; aðsóknin eykst annað árið, en hitt árið dregur úr henni; kostnaður við skólann er þó sá sami fyrir því. Jeg skal geta þess, að síðastliðinn vetur var aðsóknin minni en undanfarna vetur af tveim ástæðum: það var mönnum ekki ljóst, hvort kennslukonan færi, og hins vegar kom upp taugaveiki um likt leyti og skóli var settur, og þess vegna kom 10 stúlkum færra, en ella mundi. Við þetta skaðaðist skólinn um 400 kr. Vont árferði eða vond verzlun geta gjört þessi óvissu tillög mjög breytileg, þó að á hinn bóginn útgjöld skólans sjeu jafnan hin sömu.

Það hefur verið minnzt á það, að gera breytingu á kvennaskólunum á Akureyri og Reykjavík þannig, að þar verði kennd hússtjórn og jafnvel garðrækt. Það hefur einnig verið talað um það hjer á þinginu, að við kvennaskólana væri of mikil áherzla lögð á það að kenna ýmislegt bóklegt, ýmislegt glingur, í stað þess að kenna það, sem gagnlegt er.

En nú er því svo varið, að þessi kvennaskóli á Blönduósi hefur allt til að fullnægja þessum skilyrðum; þar þarf engu við að bæta, engu að breyta, þar eru heimavistir, hússtjórn og matreiðsla er þar kennd. Þar vantar ekkert nema kennslukonu, og þá þarf að bæta við fje til að launa hana.

Það hefur einnig verið talað um að kenna vefnað; það hefur kvennaskólinn á Blönduósi gjört undanfarna vetur og kostað til þess eitthvað á annað þúsund kr.

Allir játa, að menntun, og þá sjerstaklega menntun kvennfólksins, sje afarnauðsynleg, en þessi aðferð fjárlaganefndarinnar er eigi að eins andstæð því að breiða út menningu, heldur og er það fjárhagslega rangt, að láta húsið og öll skilyrði, sem það veitir, ónotað, til þess að spara fje til kennslu.

Jeg veit, að deildinni og mörgum háttv. þm., sem sjeð hafa kvennaskólann á Blönduósi, er kunnugt um, hve skólahúsið er vandað. Jeg held næstum, að enginn skóli á landinu eigi eins gott hús. Jeg þykist líka vita, að h. þingdm. hafa kynnt sjer öll þau skjöl, sem að þessu lúta, og hafi þeir ekki gjört það þegar, eru það tilmæli mín, að þeir gjöri það, því jeg álít, að þau sannfæri hvern og einn í þessu máli.

Það hefur iðulega verið tekið fram, bæði af mjer og öðrum og nú síðast háttv. framsm. nefndarinnar, að stórmikið ranglæti hefur verið sýnt í því hingað til, hversu stórum meira fje er varið til menntunar karla en kvenna. Þó hefur það margopt verið tekið fram, að menntun kvenna væri jafn þýðingarmikið atriði fyrir þjóðfjelagið. Í sambandi við það hef jeg einmitt leyft mjer, að koma fram með breyt.-till. á þgskj. 344, er komi aptan við 14. gr. tölul. 27 um að þar bætist við nýr liður, námsstyrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til þess að ljúka kennslu-

konunámi erlendis, 500 kr. f. á., og hefur á lestrarsalinn verið lögð fram beiðni um styrk þennan. Þessi kona hefur nú um nokkur ár verið við kvennaskólann á Akureyri og eitt ár var hún forstöðukona skólans, en nú síðasta árið hefur hún verið erlendis til þess að fullkomna sig í kennslukonunámi. Til þess að geta lokið námi sínu á þann hátt, sem ákveðið er í Danmörku, álítur hún nauðsynlegt að nema eitt ár til. Hún hefur hingað til barizt upp á eigin spýtur, en nú getur hún ekki kostað sig lengur, og þessvegna leitar hún nú til þingsins. Þegar nú þess er gætt, hve afarsjaldgæft það er, að kvennmenn sæki um styrk til mennta eða náms og á hinn bóginn, hve títt karlmönnum er veittur slíkur styrkur, þá er það von mín, að háttv. þd. viðurkenni þetta nú, með því að veita hið umbeðna, og viðurkenni jafnframt, að fyrsta skilyrðið fyrir batnandi menntun kvenna eru góðir kennslukraptar, sem enn er hörgull á hjer á Íslandi. Jeg treysti því líka, að þegar nefndin hefur kynnt sjer betur skjöl þau, er að þessu lúta, að hún sannfærist um, að rjett sje að veita þetta.

Þá hef jeg enn komið fram með breyt.-till. á þgskj. 335 við 14. gr. eptir tl. 28, um að Guðmundi Hlíðdal verði veittar 500—500 kr. hvort árið til þess að stunda rafmagns og vjelafræði við tekniska skólann í Mitweida á Saxlandi. Jeg skal leyfa mjer að geta þess viðvíkjandi þessum pilti, að hann er bóndason úr Húnavatnssýslu, gekk í latínuskólann hjer og tók 4. bekkjar próf, og sigldi síðan á skóla þenna í fyrra. Hann hefur nú verið þar liðugt ár, og með umsókn hans fylgja vitnisburðir frá 4. bekkjar prófi hans og eins frá skóla þessum, og eru þeir afbragðs góðir. Háttv. þd. er það fullljóst, hversu mikil nauðsyn er á því, að ungir og efnilegir menn nemi rafmagnsfræði og kynni sjer sem bezt allt, sem að þeirri grein lýtur. Það mun vera fátt, sem gæti hrint landi voru betur áfram, en að hafa sjerfróða menn einmitt í þeirri grein, og þar sem um duglega menn er að ræða, er því fje vel varið, sem varið er þeim til styrktar. Að sönnu sótti nú piltur þessi um 800 kr. hvort árið, en af því fjárlaganefndin sinnti ekki beiðni hans, þótti mjer ekki fært í breyt.till. að fara fram á meira en 500 kr., enda er sú upphæð í samræmi við það, sem veitt hefur verið áður. Þannig voru 2 mönnum, sem gengu á kennaraskóla í Danmörku, á síðasta þingi veittar 500 kr. hvorum, og manni, sem er að nema verkfræði í Þrándheimi, sömuleiðis veittar 500 kr. Þar sem jeg nú haga kröfum mínum eptir því, sem fjárlaganefndin gat fallizt á á síðasta þingi, vona jeg, að menn álíti þær sanngjarnar. Á síðasta þingi lá einnig fyrir beiðni frá ungum og efnilegum manni íslenzkum, sem líka stundaði nám í Mitweida. Það var eitthvað 1 eða 2 atkv. munur, að beiðni þessi næði fram að ganga, en hún fjell á því, að sá piltur hafði lokið burtfararprófi hjeðan frá latínuskólanum, og börðu menn því við, að hann gæti gengið á háskólann í Kaupmannahöfn og fengið Garðsstyrk, og væri sá skóli talinn fullgóður. En þessi skóli í Mitweida er álitinn einhver lang-praktískasti skólinn í þeirri grein, og má ljúka námi þar á 3 árum, en námið gengur þar allt í verklega átt. Nú hefur sá piltur, sem sækir nú, að eins lokið 4. bekkjar prófi hjer og getur því ekki fengið Garðsstyrk. Svo er annað, að pilturinn, sem sótti 1903, ætlaði að byrja á náminu, en hjer er allt öðru máli að gegna, þar sem þessi piltur er búinn að vera

fullt ár við námið, og vitnisburður hans er svo góður, sem frekast verður á kosið. Jeg treysti því, að hafi ekki einhver háttv. þingdm. kynnt sjer umsóknina, þá gjöri hann það og sannfærist um, að peningum þessum er rjett varið.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 295 við 13. gr. B. VI., stfl. b. 1., að fyrir 10,000—10,000 komi 15,000—15,000, og við sömu gr. B. VI., b. 3, að fyrir 10,000 síðara árið komi 15,000. Áður en jeg vík að þeim, skal jeg fara fáum orðum um málið í heild sinni.

Jeg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir, hvernig hún hefir tekið í alþýðumenntamálið á þessu þingi. Alþýðumenntamálið hefur yfir höfuð tekið stórum framförum á þessu þingi, en þó finnst mjer álitamál, hvort rjett sje að veita sama styrk til barnaskóla og sveitakennara, sem opt eru umferðakennarar, og annast því ekki neinn fastan skóla. Annars skal jeg ekki fara mörgum orðum um það, heldur láta mjer nægja, með leyfi hæztv. forseta, að lesa 3 línur upp úr nefndaráliti Ed. í barnafræðslumálinu:

»Það er sannfæring vor, að farskólar þeir, sem settir hafa verið á stofn á síðari árum víðs vegar í sveitum, sjeu næsta ófullkomnir, og að vafasamt geti verið, hvort þeir hafa, með því fyrirkomulagi, sem á þeim er, gjört meira gagn en ógagn«.

Jeg er hinni háttv. nefnd samdóma um þetta og finnst óþarft að fara fleiri orðum um það atriði. En þar sem nú fjárlaganefndin sjálf leggur það til, að veita til unglingakennslu fyrra árið 2,000 og síðara árið 3,000 kr., og þar sem nú í annan stað er von á, að kennaraskólinn komist nú í framkvæmd, þá tek jeg aptur hina fyrri breyt.till. mína á þgskj. 295, en hugsa mjer, að koma með aðra breyt.till. við 3. umr.

Síðari breyttill. mín B VI, b. 3 hljóðar um að verja 15,000 kr. í stað 10,000 kr. til heimavistarskóla til sveita. Jeg felli mig við stefnu þá, sem háttv. fjárlaganefnd hefur tekið í málinu, en mjer finnst hún hafa tiltekið of litla fjárupphæð; það veitti ekki af 15,000. Jeg gjöri þetta þó ekki að kappsmáli, en það er annað, sem mjer finnst athugavert. Það er skilyrðið, sem styrkveitingin til að koma upp heimavistarskólum til sveita, er bundið. Mjer finndist rjettara, að sveitirnar legðu $^2/_3$ til skólabyggingarinnar, og held, að þær gjörðu sig ánægðar með, þó þær fengju ekki nema $^1/_3$ af kostnaðinum úr landssjóði. En jeg býst við, að fjárupphæðin, sem á að veita til heimavistarskóla, verði þó of lítil, af því að margir muni vilja nota styrkinn, og sting því upp á að hann sje færður upp í 15,000. En hvað sem nú um það verður, álít jeg rjett, að hafður sje umsóknarfrestur, og stjórnin tilkynni, hvaða skilyrðum styrkur sje bundinn; álít jeg sjálfsagt, að þeir, sem mest leggja fram, gangi fyrir öðrum.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg og háttv. 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.), eigum hjer dálitla breyt.till. á þgskj. 307 við 13 B. VI. b. 3 um styrkinn til heimavistarskóla, að í stað »til sveita« komi: utan »kaupstaða«.

Það hagar svo til víða hjer á landi, að kauptún eru miðpunktur sveitanna, og þessvegna að mörgu leyti hagkvæmt, að setja skólana þar. En það er ekki að eins, að kauptúnin sjeu miðpunktur sveitanna, og hægra með alla aðdrætti að skólanum þar en til sveita, heldur geta og skólarnir í eða nálægt kaupstöðum auk þess, sem þeir eru heimavistarskólar fyrir sveitina eða

sveitirnar í nágrenninu, verið heimangönguskólar fyrir kauptúnið. Nú liggur fyrir þinginu umsókn úr minu kjördæmi, nefnilega frá Vopnfirðingum, um styrkveitingu til þess að koma upp slíkum skóla. Það mál er mjög vel undirbúið, og Vopnfirðingar hafa þegar safnað sjer skólasjóð, er nemur 3,300 kr. eða liðlega það. Mjer er óhætt að fullyrða, að kennslumálum þessarar sveitar hefur verið betur fyrir komið og meiri áhugi á fræðslu barna en víða annarsstaðar; og er það einkum að þakka áhuga og ötulleik sóknarprestsins. Umferðarkennslan hefur verið miklu betri þar en víðast annarsstaðar, og nú að síðustu hefur verið gjörð tilraun til að halda uppi heimangönguskóla í kauptúninu Vopnafirði. Þeir hafa sjeð, hve umferðarkennslan er óhentug og ófullkomin, jafnvel þó hún sje í góðu lagi, og skólinn á Vopnafirði hefur við mikla erfiðleika að stríða, sem einkum stafa af því, að þar er ekkert hæfilegt hús fyrir hann. Af þessum ástæðum er mikill áhugi þar í sveit, að koma upp vönduðu skólahúsi á Vopnafirði, og hefur það mál verið undirbúið, sem föng voru á, eins og sjá má af skjölum um þetta mál, sem liggja frammi á lesfrarsalnum. Er álitið, að hæfilegt skólahús mundi kosta 10 þús. kr.

Þetta kauptún, sem hjer ræðir um, liggur í einhverri stærstu sveit landsins, og á síðustu 5 árum hafa að meðaltali 147 börn á aldrinum 7—14 ára verið í sveitinni. Það verður því ekki sagt, að ekki sje þörf á almennilegum skóla þar. Það er ætlazt til, að skólinn á Vopnafirði, verði hvorttveggja í senn, heimangönguskóli fyrir börn úr kauptúninu og heimavistarskóli fyrir börn úr sveitinni. Fjárlaganefndin hefur nú viðurkennt þörfina á svona skólum, og jeg fyrir mitt leyti álít það heppilegast, að byrjun væri gjörð með slíka skóla, þar sem á stendur eins og hjer. Bæði vegna þessa og með sjerstöku tilliti til styrkbeiðnarinnar úr Vopnafirði, kem jeg fram með breyt.till. um, að einskorða ekki skólasetrin við sveitir, heldur leyfa að hafa þau í kauptúnum.

Þá eigum við sömu þingmenn aðra breyt.till. um, að Georg lækni Georgssyni verði veittar 1,200 kr. til að fullkomna sig í læknisfræði erlendis, einkum handlækningum. Ástæðan fyrir beiðni hans er sú, að velgjörðafjelag eitt á Frakklandi hefur reist spítala á Fáskrúðsfirði, og við það hefur landinu sparazt að reisa þar eitt sjúkraskýlið. Það eru heldur engin ókjör, sem menn eiga að sæta á þeim spítala; jeg þori að segja, að hvergi á landinu sæta sjúklingar betri kjörum, þurfa að eins að borga fyrir sig 75 aura á dag, og þar í eru falin læknislyf. Læknirinn, sem spítalinn hefur verið falinn, og sem er viðurkenndur efnilegur maður, vill nú, að stofnun þessi verði að sem mestum og beztum notum, og hann hefur mikinn áhuga á því, að nema sem allra bezt allt, sem að spítalarekstri lýtur, og hefur hann því hugsað sjer, að fá leyfi til að fara utan eitt ár til þess að ganga á erlenda spítala í Danmörku, á Þýzkalandi, Frakklandi og Englandi, en kostnaður við það er talsverður, og honum eflaust ofvaxinn. Hann býst við, að kostnaðurinn verði c. 2,000 kr. og færir rök fyrir, að hann geti ekki staðizt þann kostnað. Oss sýnist nú full ástæða til, að mæla fram með styrkbeiðni hans, og það því fremnr, sem þingið með styrkveiting þessari jafnframt getur sýnt velgjörðafjelagi því, sem jeg nefndi, viðurkenningu og þökk fyrir spítalann á Fáskrúðsfirði. Við þm., sem höfum borið breyt.till. þessa fram, mælum því

sterklega með því, að styrkur þessi verði veittur, 1,200 kr. í eitt skipti fyrir öll.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.); Jeg á hjer brtill. á þgskj. 321 við 13, gr. A. b. 2, sem fer fram á það, að hækka fjeð til bráðabirgðaruppbótar brauðum um 1,000 kr. f. á., með þeirri athugasemd, að af upphæð þessari veitist fyrra árið 800 kr. til Holtsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi, til fyrirhleðslu Holtsár, og 200 kr. sem sjerstök uppbót til Landsprestakalls í sama prófastsdæmi, til endurgreiðslu kostnaðar við íhleðslu í svonefndum Fróðholtsós.

Jeg sje á brtill. fjárlaganefndarinnar, að hún hefur tekið þetta til greina, og get eg því verið stuttorður um það. En með því að tilætlun fjárlaganefndarinnar mun vera sú, að brtill. hennar nái fram að ganga og þín ekki, svo að athugasemdin, sem stendur á brtill. minni um, hvernig fje þessu skuli varið, að sjálfsögðu fellur burt úr frv., þykir mjer rjett að taka það fram við umræðurnar, hver tilgangurinn er með hækkuninni á þessum lið fjárlaganna. Jeg ætla því að fara nokkrum orðum um það, og það því fremur, sem jeg er þessu máli kunnugri en aðrir.

Holtsá hefur nú í mörg ár vofað yfir Holtsprestakalli, svo að 12—14 búendum er stór hætta búin af henni. En presturinn í því prestakalli hefur allan þann tíma, sem hann hefur verið þar, verið að berjast við, að halda burt skemmdum af hennar völdum á prestssetrinu og jörðum prestakallsins, og lagt til þess fje svo þúsundum króna skiptir. En fyrst árið 1887 var gjörð gangskör að því, að gjöra reglulega áætlun um, hvað fyrirhleðsla mundi kosta, og var gjört ráð fyrir, að hún kostaði 5,000 kr. Síðan hefur presturinn hlaðið árlega, og er það nú orðið hátt á 3. þús. kr., sem það hefur kostað, og hefur presturinn gjört þetta með litlum tilstyrk frá ábúendum á jörðunum og búnaðarfjelagi Íslands. En eptir er nú vinna fyrir 2,000 kr., eða sem svarar 800 dagsverkum, eins og skýrsla sú, er liggur frammi á lestrarsalnum, ber með sjer. Jeg er fullviss um, að þessi maður, sem að undanförnu hefur látið sjer svo annt um, að verja eignir prestakallsins skemmdum og eyðileggingu, mundi ekki horfa í að leggja það á sig, að fullgjöra verkið, og leggja eitthvað á sjálfan sig, ef hann nú fengi ríflegan styrk til þess á fjárlögunum. Hitt gefur að skilja, að ef enginn styrkur fæst, þá er til of mikils ætlazt, að hann leggi allt fram sjálfur. Jeg ímynda mjer líka, að engum geti dulizt, að hjer liggur tyrir bein skylda af hendi landssjóðs, þar sem hjer er um opinbera eign að ræða. Það er prestssetur með nýreistu húsi, sem lánaðar hafa verið til 3,000 kr., er liggur í hættu, og 12—14 jarðir, sem liggja undir prestakallið, svo það virðist hvorki óþarfi nje óviturlegt, að gjöra eitthvað til að fá þessum eignum borgið frá eyðileggingu. Og þar sem nú í sumar hefur legið fyrir þinginu frumv. um þjóðjarðasölu, og líka hefur verið látið í ljós í því sambandi ósk um það, að einnig kirkjujarðirnar verði seldar óðar en líður, þá finnst mjer því meiri ástæða til, að bjarga þessum 14 kirkjujörðum hið bráðasta undan skemmdum. Peningar, sem lagðir eru fram í því augnamiði, er sannarlega ekki tapað fje, því það verður til þess, að fullt verð fæst fyrir jarðirnar á sínum tíma. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta atriði, en snúa mjer að hinu, sem snertir Landprestakall.

Hvað snertir þær 200 kr., sem jeg

hef farið fram á að veittar yrðu sem sjerstök bráðabirgðaruppbót til Landprestakalls, þá víkur því nokkuð öðru vísi við en hinu, með því að tilætlunin er, að þær gangi til endurgreiðslu á verki, sem þegar befur verið unnið jörðum prestakallsins til bjargar. Jarðir þær, sem hjer er um að ræða, tilheyra hinum svokölluðu Bakkabæjum, og liggja þannig á syðri bakka Þverár. Í vatnavöxtum í fyrra vetur hafði áin brotið á ný skarð í suðurbakkann hjá Fróðholti, nokkru ofar en hinn svonefndi Valalækur er; flóði svo vatnið þar í gegn og lagði undir sig hin umræddu býli, Bakkabæina, og það er enginn vafi á því, að jarðir þessar hefðu farið í eyði, eins og fleiri jarðir, af völdum Þverár, ef ábúendur þeirra hefðu eigi sýnt svo mikið snarræði og dugnað, að þeim tókst að teppa í ósinn, en til þess urðu þeir að verja fullum 1,000 kr. Af fje þessu hafa þeir að vísu fengið endurgreiddar 500 kr., að nokkru leyti frá Búnaðarfjelagi Íslands, og nokkru leyti af bráðabirgðauppbót til Landprestakalls síðastliðið ár, en hinar 500 kr. hafa þeir lagt fram úr sínum eigin vasa, en hafa nú í bænaskrá til þingsins farið fram á, að fá þær endurgoldnar, og ímynda jeg mjer, að öllum hljóti að virðast sanngjarnt, að þeir fengju einhverja frekari uppbót fyrir þann kostnað, sem þeir í þessum efnum hafa lagt fram, og það því fremur, sem hjer er bæði um fátæka menn að ræða, og engin nauðsyn rak þá til að gjöra þetta, því þeir gátu vel flutt sig á lausar jarðir, sem ekki þurfti slíku til að kosta. En það var dugnaði þeirra sjálfra og rækt við ábýlin að þakka, að þeir tóku fremur þann kostinn, að leggja út í þetta verk, en flýja burt, og verður eigi annað sagt, en það sje mjög svo virðingarvert og gefi því meiri ástæðu til að veita þeim dálitið frekari styrk, en þeir þegar hafa fengið. Jeg vona því, að háttv. deild sjái ástæðu til að sinna þessu máli, og láti það sjást með atkvæðagreiðslunni. En af því fjárlaganefndin virðist hafa tekið þessu máli vel og komið með tillögu í sömu átt og mín fer, þá álít jeg að bezt fari á því, að jeg taki mína tillögu aptur.

Framsögumaður (Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg verð að leyfa mjer að minnast lítið eitt á ræður þær, sem haldnar hafa verið.

Hæztv. ráðh. var ekki allskostar ánægður við nefndina út af lærða skólanum. En jeg vil taka það fram, að sá skóli er í augum margra manna vandræðagripur, sem mjög skiptar skoðanir eru um, hvernig með skuli fara, svo hann geti orðið landinu til gagns og sóma.

Nefndin átti ekki hægt með að átta sig á því, að mikil ástæða væri til að hækka fjárframlög til skólans á þessu ári, þar sem hann hefir aldrei verið jafn illa sóttur og í vetur, og eins illa hefir gengið með hann síðustu árin.

Það má vel vera, að dálítil mótsögn sje í því hjá nefndinni, að hún vill ekki sjerstaka veiting til aukakennara, og bætir því, sem til þess var ætlað, við tímakennslufjeð. En nefndin lítur svo á, að stjórnin hafi frjálsar hendur um það, hvort hún setur aukakennara með fastri þóknun af þessu fje eða notar tímakennara til að fullnægja kennaraþörf skólans. Það hefur ekki verið af þinginu ákveðið neitt visst gjald um klukkutímann fyrir þessa kennslu, enda álít jeg ekki hægt að binda hendur skólastjórnarinnar í því tilliti. Hún miði sig þar við framboð annarsvegar og sannar þarfir skólans hins vegar.

Bygging leikstofunnar er mikið álita-

mál. Og vil jeg í samhandi við það geta þess, að menn hafa hingað til um marga tugi ára komizt af án þessa húss, og er það þó ætið nokkur sönnun, en jeg ætla ekki að gjöra það að neinu þrætuefni.

Hæztv. ráðh. vildi heldur halda í orðið »skemmtandi« en »vekjandi« um fyrirlestrana í sveitunum, og skal jeg ekki deila um það, því deilur um eintóm orð hafa lítið að þýða. En jeg get sagt það með vissu, að ekki þarf að leggja fje af landssjóði til þess, að menn skemmti sjer með danzi, söng o. s. frv. á fundum í sveitunum, því þar sem jeg þekki til, er frekar of mikið en of lítið haft um hönd af danzskemmtunum. Annars eru vekjandi fyrirlestrar ætið skemmtandi, svo engin ástæða er að deila um þetta, enda mun meiningin vera sú sama.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) taldi það misskilning, að gagnfræðaskólinn á Akureyri gjörði kvennaskólann þar óþarfan í því formi, sem hann hefur haft. Það getur vel verið, að þetta sje satt að nokkru leyti, eða frá vissu sjónarmiði. En sje gengið út frá því, að heppilegast sje að fækka skólunum og hafa þá betri, eins og haldið hefur verið fram í öðrum skólamálum hjer, þá virðist nóg að hafa einn góðan kvennaskóla á Norðurlandi, og gjöra hann svo úr garði, að hann yrði vel sóttur, því það er þýðingarlítið að hafa marga skóla, ef þeir eru ekki sóttir.

Jeg veit með vissu, að hingað til hefði mörg stúlkan alveg eins sótt gagnfræðaskólana eins og kennaraskólana, ef það hefði verið jafn hægt að öllu leyti, og það er tæplega ástæða til að búast við, að það verði öðruvísi hjer eptir. Jeg efast þess vegna ekki um það, að gagnfræðaskólinn á Akureyri geti mikið bætt úr menntunarlöngun kvennfólksins á Norðurlandi, menntalöngun, sem alls ekki hefur einskorðað sig við kvennaskólana eins og þeir eru, þó þeir hafi verið notaðir til að fullnægja henni að nokkru leyti.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði líka, að það væri skaði, ef kvennaskólinn legðist niður um skeið, og taldi gott að breyta honum hægt og hægt í húsmæðraskóla. Jeg ímynda mjer, að skólinn hefði allt eins mikil skilyrði til þess að rísa upp aptur sem húsmæðraskóli, þó hann leggðist niður alveg í 1—2 ár. Þingeyingar mundu alveg eins styrkja hann í nýju formi fyrir því. Jeg nefndi þingeyinga að eins til dæmis, en sama væri sjálfsagt óhætt að segja um hvern og einn, sem annars vildi styrkja skólann. H. þm. áleit enn fremur, að umferðarkennslan þyrfti ekki að koma í bága við húsmæðraskólann, og húsmæðraskólinn ekki við hana, og er það að nokkru leyti satt. En skólanum verður tæplega komið á, nema tekin sje eina konan, sem að líkindum væri fær til að standa fyrir honum, frá umferðakennslunni. Þess vegna finnst mjer umferðakennslan ætti að sitja í fyrirrúmi í þetta sinn, því til þess að tryggja aðsókn að skólanum. þarf vakning fyrst, og hún fæst með umferðakennslunni. Jeg hef þar reynslu fyrir mjer úr Þingeyjarsýslu í vetur, því þar vaknaði kvennfólkið verulega til að hugsa um þetta mál, þegar það varð umferðakennslunnar aðnjótandi. Og jeg er viss um það, að slík vakning væri mjög nauðsynleg víðar, og það helzt áður en húsmæðraskólinn yrði settur á stofn. Ennfremur þarf meiri kennslukrapta, en nú eru til, svo að hvorttveggja verði framkvæmt samtímis.

Háttv. þm. tók það fram, að hann væri ekkert á móti því, að skólinn yrði settur í Þingeyjarsýslu. En jeg get sagt honum það, að það eru ekki miklar líkur til, að eptir því verði sótt, þó einstöku konur hafi sagt, að þær vildu það gjarnan. Það munu fleiri vera með því, að hann sje hafður í Eyjafjarðarsýslu, svo fleiri sýslur eigi hægt með að njóta hans og sjá um hann. Ekki álít jeg þó, að menn vilji, að hann sje settur á Akureyri, heldur í nánd við bæinn, svo hann geti notið góðs af bænum, en notið þó jarðarafnota.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) mælti með því, að Reykjavíkurskólinn fengi nokkurn styrk til húsmæðrakennslu; en þær ástæður, sem hann færði fram, fundust mjer alls ekki raska þeim ástæðum, sem móti því hafa verið færðar, svo jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um það. Jeg álít, að það sje enginn búhnykkur, að vera að káka við húsmæðrakennslu á tveimur skólum hjer í Reykjavík.

Þá hjelt háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) ræðu um kvennaskólann á Blönduósi, og þótti honum undarlegt, hvernig fjárlaganefndin tók í fjárveitingu til hans.

En þetta er alls ekkert nýtt, því þessi skóli hefur verið þrætuepli frá því fyrsta, og væri mjög undarlegt, ef hann hætti því nú.

Háttv. þm. gat ekki fellt sig við tillögur nefndarinnar um það, að veita skólanum styrk bundinn við nemendafjölda, og telur styrk þann, sem fjárlaganefndin fer fram á, allt of lítinn.

Nefndin áleit það meginatriði, að styrkurinn væri veittur með tilliti til nemendafjöldans. Því það er óneitanlega sanngjarnt að styrkja skóla, sem rekinn er á ábyrgð einhvers sjerstaks fjelags, í hlutfalli við þá þýðingu, sem hann hefur, og þýðing skólans er bundin við aðsóknina að honum þ. e. nemendafjöldann. Þetta hefur nefndin haft fyrir augum, og hefur hún hugsað sjer, að svo framarlega sem Akureyrarskólinn verði styrktur bæði árin, þá sjeu báðir skólarnir látnir sæta sömu kjörum. Þess vegna getur það ekki komið til mála, að færa fastan styrk til Blönduósskólans upp í 2,500 kr. á ári.

Háttv. þm. talaði um það, að húsið væri gott og áhöld allmikil, en það vantaði kennslukrapta til að hagnýta sjer þetta, vegna þess að skólann skorti fje.

Nefndin fer fram á, að skólinn hafi eptirleiðis sama tillag úr landssjóði, og hann hefur haft. Með þessu tillagi hefur skólinn hingað til getað haldið góðum kennslukröptum. En jeg er hræddur um, að það sje annað, sem skólann vantar, og það er aðsókn; hún er áreiðanlega að minnka, og hversvegna ætti einmitt að auka styrkinn, þegar aðsóknin minnkar? Fyrir 2—3 árum var allmikil aðsókn að skólanum, en eptir síðustu skólaskýrslu voru ekki nema 13—14 fastar námsmeyjar á honum, og tóku þó ekki allar þátt í öllum fögum. En hinar, sem voru þar að eins tíma og tíma, tóku þátt í mjög fáum fögum flestar þeirra. Þetta atriði bendir á, að það sje mjög athugavert að styrkja skólann meira, en farið er fram á í tillögum nefndarinnar, nje á annan hátt.

Breyt.till. frá sama háttv. þm. (H. J.) á sama þgskj. (335) fer fram á, að styrkja Guðmund Hlíðdal til að læra rafmagns- og vjelafræði á Þýzkalandi, og hefur háttv. þm. einnig mælt með henni. Jeg skal engar dulur draga á það, að nefndin hefði mjög gjarnan viljað styðja þennan mann eins og svo marga aðra, sem hún þó hefur orðið einnig að ganga fram hjá. Hjer var um tvo menn að ræða, sem líkt var

ástatt með, og gat komið til álita, hvor þeirra ætti að verða útundan, ef ekki gætu báðir fengið umbeðinn styrk. Nefndin áleit rjett að veita þeim manninum styrkinn, sem meiri dugnað hefði sýnt, og ákvað hún því að veita Benedikt Jónssyni 500 kr. hvort árið til verkfræðingsnáms á skóla í Þrándheimi, þar sem hann hefur sýnt mjög mikinn dugnað og áhuga á undirbúningsnámi sínu.

Það er auðvitað hægt að segja, að það mætti veita báðum þessum mönnum styrk, en þannig má lengi segja, og seint verður hægt að finna hin einu rjettu takmörk í þessu efni. Þinginu er legið á hálsi fyrir bitlingana að jafnaði, og það fær líka ónot fyrir að veita þá ekki, svo hjer er næsta erfitt að sigla milli skers og báru, svo vel fari. Það væri mjög æskilegt, ef til væri sjóður hjer á landi, sem hægt væri að verja til að styrkja slíka menn sem þessa, eins og t. d. búnaðarfjelagið styrkir búfræðisnema af fje sínu.

Sami þm. hefur ennfremur komið með breyttill. á þgskj. 344 um 500 kr. styrk handa Hólmfríði Árnadóttir til að ljúka fullkomnu kennslukonunámi erlendis.

Samkvæmt því, sem gjört var á síðasta þingi, mundi tæplega ástæða til að neita þessu, og eigi er svo lítil þörf á kvenn-kennurum. En fjárlaganefndin tók þá reglu, að veita sem allra fæsta persónulega styrki, enda er verið að styðja að því, að hægra verði að stunda þetta nám framvegis innanlands. Þó vill nefndin ekki gjöra þetta að neinu kappsmáli.

Þar sem háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.) tók aptur breyt.till. sína, þgskj. 295, við 13. gr. B. VI. b. 2., hef jeg ekkert við ræðu hans að athuga.

Í fyrri ræðu minni gleymdi jeg að minnast á breyt.till. á þgskj. 304, sem fer fram á 1,200 kr. styrk til Georgs læknis Georgssonar til utanfarar. Það er ekki dæmalaust, að svona styrkur hafi verið veittur nafnkenndum og ágætum læknum, og gæti vel verið, að þetta væri rjettmæt fjárveiting. En nefndin áleit, að svona lagaðan styrk ætti ekki að veita öðrum, en þeim, sem fyllilega hafa sýnt, að þeir eigi hann skilið, og sjeu mjög líklegir til að verða ágætir menn í sinni grein. En þennan mann þekkir nefndin ekki nægilega, og gat því ekki lagt honum liðsyrði að svo stöddu.

Ráðherrann: Ef jeg hef skilið rjett ummæli hins háttv. framsm. (P. J.), viðvíkjandi aukakennaranum við latínuskólann, að meiningin hefði verið sú, að stjórnin hefði óbundnar hendur til þess að haga þessu eins og henni sýndist, þá hef jeg náttúrlega ekkert við þetta að athuga. En jeg skildi það svo, að með »tímakennslu« sje að eins meint kennsla, þar sem borgað er víst fyrir hvern kennslutíma, eins og orð þetta hefur verið skilið að undanförnu, og væri mjer kært að fá nánari skýringu háttv. framsm. (P. J.) um það, hvort það er meining nefndarinnar, að stjórnin geti tekið aukakennara fyrir fastákveðið hærra kaup en tímakennslu nemur, og borgað það af þessum lið (13. gr. B. III. c. 3.), þó að þetta sje þannig orðað í fjárlögunum.

Það var líka annað, sem jeg vildi minnast á. Hinn háttv. framsm.(P.J.) spurði mig, hver væri meiningin með orðinu »í sveitum« í 13. gr. B. III. b. 3. Jeg gleymdi að svara því áðan, og skal þess vegna svara því nú; meiningin var sú, að styrkurinn væri ekki veittur til heimavistarskóla í kauptúnum. — Það er miklu minni þörf á, að kosta til slíks í kauptúnunum, þar sem tiltölulega margt fólk er saman komið

á einum stað, og hægt að útvega börnunum samastað nálægt skólahúsinu.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg skal geta þess viðvíkjandi tímakennslunni í latínuskólanum, að jeg vildi ekki hafa eins ákveðin orð eins og hæztv. ráðherra; jeg vildi sem allra minnst binda hendur stjórnarinnar.

Jeg skal að eins minnast á sögu aukakennarastarfsins við latínuskólann. Það var upphaflega veitt nafngreindum manni. Hann var búinn að vera tímakennari í nokkur ár með þessum vanalegu kjörum, 90 aura um tímann. Hann hafði kennt mjög mikið, meira en föstu kennararnir, og hafði þó ekki helmings kaup. Þegar hann nú var orðinn ómissandi við skólann, þá var stungið upp á því, að veita honum þóknun, 1,300 kr. fast.

Nú hugsaði nefndin sjer, að stjórninni væri þetta frjálst, hvort hún vildi ráða mann svona upp á árslaun, eða þá einhvern veginn öðru vísi. En 16 hundruð kr. þótti henni of mikið, sem byrjunarlaun; hún bjóst við að fá mætti góðan mann fyrir minna.

ATKV.GR.: 32, breyt.till. (224) við A. a. sþ. í einu hlj.

Breyt.till. (354) við A. b. 2. sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. (321) við A. b. 2. tekin aptur.

33. breyt.till. (244) við A. b. 5., sþ. án atkv.gr.

34. breyt.till. (244) við A. b. 6. sþ. með 14 atkv. gegn 1.

35. breyt.till. (244) við B. II. b. 5, sþ. með 22 atkv.

36. breyt.till. (244) við B. III. c. 3, sþ. með 16 atkv.

37. breyt.till. (244) við B. III. c. 4—5 sþ. með 14 atkv.

38. breyt.till. (244) við B. III. c. 15, sþ. með 18 atkv.

39. breyt.till. (244) við B. IV. b. 1, sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. (244) við B. IV. b. 3, sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (308) við B. VI. a. 2 felld með 15 atkv. gegn 2.

Breyt.till. (314) við B. VI. a. 2 felld með 13 atkv. gegn 8.

Breyt.till. (335) við B. VI. a. 3 felld með 17 atkv. gegn 1.

40. breyt.till. (244) við B. VI. a. 3 sþ. með 19 atkv.

41. breyt.till. (244) við B, VI. a. 3 (viðb. 4. l.) sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. (295) við B. VI. b. 1, tekin aptur.

42. breyt.till. (244) við B. VI. b. 2., sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. (295) við B. VI. b. 3. felld með 14 atkv. gegn 2.

Breyt.till. (307) við B. VI. b. 3., felld með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli, eptir óljósa atkv.gr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Bjarnarson,
Jóhannes Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Jón Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Magnús Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Thorlacíus,	Herm. Jónasson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stef., þm. Skgf.,	Magnús Andrjesson,
Tryggvi Gunnarss.,	Ólafur Briem,
Þórh. Bjarnason.	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.

Breyt.till. (310) við B. VI. i. felld með 14 atkv. gegn 6.

43. breyt.till. (244) við B. VI. j., sþ. með 21 atkv.

44. breyt.till. (244) við B. VI. n., sþ. með 18 atkv.

45. breyt.till. (244) við B. IX., sþ. með 14 atkv.

IX. liður með áorðinni breytingu sþ. með 17 atkv. gegn 3.

46. breyt.till. (244) við B. X. sþ. með 17 atkv.

Breyt.till. (358) við B. X. sþ. með 13 atkv.

X. liður með áorðinni breytingu sþ. með 16 atkv. gegn 3.

13. gr. samþ. með 22 atkv.

14. gr.

47. breyt.till. (244) við 3, sþ. með 19 atkv.

48. breyt.till. (244) við 17, sþ. með 17 atkv.

49. breyt.till. (244) við 18, sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (354) við 21, samþ. með 15 atkv.

50. breyt.till. (244) við 23, sþ. með 17 atkv.

51. breyt.till. (244) viðb. við 25, sþ. með 24 atkv.

52. breyt.till. (244) við 26., sþ. með 14 atkv.

53. br.till. (244) við 27, sþ. með 19 atkv.

54. breyt.till. (244) við 28, sþ. með 18 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkv.greiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Hannes Hafstein,	Jóhannes Ólafsson,
Herm. Jónasson.	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	St. Stef., þm. Eyf.
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pétur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., þm. Skgf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn Bjarnarson, greiddi eigi atkv. og telst með meiri hlutanum.

55. breyt.till. (244) við 29. lið, sþ. með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Hermann Jónasson,
Björn Bjarnarson,	Jóhannes Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Magnús Andrjess.,
Einar Þórðarson,	Magnús Kristjánss.,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Þorsteinss.,	Stef Stef., þm. Eyf.,
Jón Jónsson,	Tr. Gunnarsson.
Lárus H. Bjarnas.,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stef., þm. Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

56. breyt.till. (244) viðb. við 30. lið, sþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (344) til Hólmfr. Árnad. felld með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.-greiðslu og sögðu

Já:	*Nei:*
Einar Þórðarson,	Árni Jónsson,
Herm. Jónasson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Lárus H. Bjarnas.,	Björn Kristjánsson,
Magnús Andrjess.,	Eggert Pálsson,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Ólafsson,	Guðm. Björnsson,
Pjetur Jónsson,	Hannes Hafstein,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Þorsteinss.,
Stef. Stef., þm. Eyf.,	Jóhannes Ólufsson,
Stef. Stef., þm. Skf.	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacius,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Breyt.till. (335) til G. Hlíðdals felld með 15 atkv. gegn 6.

Breyt.till. (304) til G. Georgss. felld með 14 atkv. gegn 7.

14. gr. samþ. í einu hlj.

Þegar hjer var komið, lýsti forseti því yfir, að fundinum yrði frestað til kl. 6 síðdegis, en þá var hann aptur settur, og voru þar allir þingdeildarmenn. Tekið var til dagskrárinnar, þar sem áður var hætt og byrjað á 15. gr. fjárlaganna. Stóðu umræður um hana og frv. til enda til kl. rúmlega 9, og lýsti forseti þá yfir, að þeim væri lokið, en frestaði atkvæðagreiðslunni til næsta dags.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Eins og háttv. þm. geta sjeð, eru allmargar breyt.till. frá nefndinni við 15. gr., en fáar aðrar.

Jeg hef haft of nauman tíma til þess, að geta búið mig undir að segja álit nefndarinnar rækilega um þær breyt.-till. frá einstökum þm., sem fyrir liggja, og verð jeg því að láta mjer nægja, að drepa að eins lauslega á þær. Fyrst kem jeg þá að brtill. nefndarinnar um búnaðarskólana. Nefndin vonar, að deildin geti fallizt á tillögur hennar viðvíkjandi þeim fjárveitingum. Nefndin hefur ekki gjört mikla breytingu á upphæðunum, heldur fer aðalbreyting hennar í þá átt, sem jeg hef nefnt í sambandi við aðra skóla, að skipta fjárveitingunni í fastan styrk og lausan, og miða hann meira við nemendafjölda. Að því, er snertir fjárupphæð þá, sem nefndin fer fram á í sambandi við þennan lið, nefnil. að forstöðumanni Ólafsdalsskólans, Torfa Bjarnasyni, verði veittar 1,500 kr. síðara árið til verklegrar búnaðarkennslu, þá mun ef til vill sumum þykja það nokkuð rífleg upphæð. Nefndinni fannst ástæða til, að styrkja þennan mann, á meðan hann veitir skólanum forstöðu, með sjerstöku tilliti til þess, að hann er svo mjög góðs maklegur, og að því leyti sem þessi styrkur er ríflegri en gjörist til verklegrar búnaðarkennslu, þá má skoða hann sem heiðursviðurkenning við mann, sem í verkinu hefur sýnt og getur sýnt hina sönnu búnaðarþekking.

Þá hefur nefndin lagt til, að fjárveitingin til Búnaðarfjelags Íslands sje hækkuð fyrra árið um 6,000 kr. og síðara árið um 7,000 kr., frá því sem í frumv. stendur. Væntanlega hafa háttv. þm. kynnt sjer áætlun fjelagsins um tekjur og gjöld þess á komandi fjárhagstímabili, sem útbýtt hefur verið meðal þm., og sömuleiðis skýrslu um breytingar þær og viðbætur, sem búnaðarþingið samþykkti í sumar, og nú liggur á lestrarsalnum, og læt jeg mjer nægja að skírskota til þeirra skjala, enda eru þessar hækkanir miðaðar við samþykkt búnaðarþingsins.

Þá kem jeg að breyt.till. á þskj. 354 við 15. gr. 1 c. Þar sem farið er fram á að fella burt athugasemdina um, að hvor deild alþingis um sig kjósi fjóra af fulltrúum Búnaðarfjelags Íslands, og þarf jeg ekki að skýra þá tillögu frekar, en að eins benda á, að þegar menn lesa lög búnaðarfjelagsins, þá sjest, að það yrði ekki hægt, að verða við þessu skilyrði, nema með lagabreytingu, en lagabreyting verður ekki að komið fyr en á næsta búnaðarþingi. Skilyrðið í stjórnarfrumv. er því sama sem útilokun fyrir fjelagið frá öllum styrk frá þinginu. Þá hefur nefndin farið fram á, að styrkurinn til skógræktartilrauna sje hækkaður úr 7,000 og 6,000 kr. upp í 8,000 kr. hvort árið.

Þetta er að vísu ekki eins há upphæð, eins og kapt. Ryder og prof. Prytz hafa farið fram á við stjórnina. Þeir hafa sem sje farið fram á yfir

10 þús. kr. fyrra árið, og 7,500 kr. síðara árið eða ca. 18,000 kr. á fjárhagstímabilinu til skógræktartilrauna, og þar að auki laun yfir 3,000 kr. á ári, og stinga þeir uppá, að stofnað sje embætti handa manni, sem skuli standa fyrir skógræktartilraununum, og að kand. Flensborg yrði skipaður í þá stöðu. Það stendur svo á, að þessi maður býst við að fá nýja stöðu í Danmörku, og verður hann að hafna henni eða taka hana innan skamms. Verður þetta því að afgjörast nú þegar. Nefndin treystist ekki til, að leggja út í þennan mikla kostnað; en sjerstaklega með tilliti til þess, að nú er búið að kaupa skóglendi á Hallormsstað, Hálsi og Vöglum til þessara tilrauna, og þar sem leggja verður út í töluverðan kostnað við girðingu á því á næsta ári og launa mann til þess að standa fyrir skógræktinni á Hallormsstað, þá hefur nefndin farið fram á 3,000 kr. hækkun bæði árin til samans.

Þá kem jeg að 7. liðnum í þessari grein, nefnil. styrkveitingunni til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík. Við þann lið er komin fram breyt.till. á þskj. 326, frá háttv. 2. þm. Rvk. (G.B.); um hækkun á þessari fjárveitingu um 1,000 kr. síðara árið, og mun það vera gjört með tilliti til þess, að fjelagið ætlar að byggja nýtt iðnskólahús á næsta ári. Nefndin hefur ekki getað beinlínis mælt með þessari hækkun, en leggur hins vegar ekkert sjerstaklega á móti henni.

Þá kem jeg að 62. breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 244 við 15. gr. 8, þar sem stungið er upp á að veita kaupmannafjelagi og verzlunarmannafjelagi Reykjavíkur 1,500 kr. hvort árið, til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík. Við þessa breyt.till. nefndarinnar er komin fram breyt.till. á þgskj. 325 frá háttv. 2. þm. Rvk. um, að þessi fjárveiting, sem nefndin hefur stungið upp á, sje hækkuð upp í 4,500 kr. hvort árið. Nefndin hefur ekki getað fallizt á þessa hækkun; hún getur ekki verið háttv. þm. samdóma um, að þessi fjárveiting sje nauðsynleg; enda þykir nefndinni nokkuð ört farið á stað um þessa fjárveitingu til skóla, sem einungis kennir í 2—3 morgunstundum daglega, og þó ekki allan veturinn, og menn alls ekki vita, hvernig verði að öðru leyti hagað; nefndin getur þess vegna ekki lagt til, að þessi tillaga á þgskj. 325 verði samþykkt.

Þá kem jeg að breyt.till. á þgskj. 354 frá nefndinni um 1,000 kr. utanfararstyrk á ári til manna, er vilja kynna sjer kaupfjelagsskap og samvinnufjelagsskap erlendis, og læra bókfærslu, er þar að lýtur, gegn helmings tillagi að minnsta kosti frá kaupfjelögum eða öðrum hjerlendum samvinnufjelögum. Þessi tillaga nefndarinnar er komin fram samkvæmt áskorun frá fjölmennum fundi, sem haldinn var við Þjórsá, og gjöri jeg ráð fyrir, að fyrirlestur sá, er þjóðþingsmaður Blem hefur haldið hjer, sannfæri menn um, að menn hjer á landi eigi að kynna sjer þá hreyfingu, sem komin er á í Danmörku í þessa átt. Eins og kunnugt er, þá er langt síðan kaupfjelög voru stofnuð hjer á landi, það er ekki lítilsvert, að menn fái fyrir fram nauðsynlega þekkingu á bókfærslu og öðru, sem þar að lýtur. Jeg tala hjer af eigin reynslu vegna þess, að jeg hefi nú meira en 20 ár verið við þannig löguð störf.

Þá kem jeg að breyt.till. á þgskj. 310 um 1,000 kr. styrk hvort árið til iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar,

og er ætlazt til þess, að það sje í líkingu við iðnaðarmannaskólann hjer í Reykjavík, og aðrar 1,000 kr. á ári til þess að veita utanfarastyrki til iðnnáms. Að vísu áleit nefndin það ekki ósanngjarnt, þótt þetta fjelag yrði nokkurs styrks aðnjótandi eins og samskonar fjelag hjer í Reykjavík. En þá er byrjað var að styrkja iðnaðarmannafjelagið í Reykjavík, var það hugsun þingsins, að þetta fjelag hjer mundi vaxa og grípa svo um sig, að það næði til hinna kaupstaðanna líka, eða að samskonar fjelög, sem upp kæmu annarsstaðar á landinu, sameinuðust því, og mynduðu iðnaðarmanna samband fyrir allt landið. Iðnaðarmannafjelagið hjer hefur nú látið mest á sjer bera, og virtist nefndinni rjett, að láta það sitja fyrir, svo að önnur samskonar fjelög á landinu reyndu að sameinast því. Hins vegar skal jeg í þessu sambandi taka það fram, að styrkur sá, sem ætlaður er til að styrkja efnilega iðnaðarmenn til utanfarar, er ekki einskorðaður við meðlimi iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík, heldur er ætlazt til, að menn standi jafnt að vígi til að njóta hans, hvaðan sem þeir eru á landinu.

Þá kem jeg að breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 244, viðvíkjandi styrknum til byggingarfróðs manns, til þess að aðstoða landsstjórnina við undirbúning á bygging kirkna o. s. frv., og hefur nefndin að eins lagt til, að þessi liður sje orðaður lítið eitt öðruvísi en í stjórnarfrumv., og þarf jeg ekki að fjölyrða frekar um það. En svo kem jeg að stærstu breyt.till. nefndarinnar við þessa grein, þar sem farið er fram á 5,500 kr. fjárveitingu til stofnunar efnarannsóknastofu í Reykjavík auk nál. 3,000 kr. á ári til reksturskostnaðar hennar, og gjöri jeg ráð fyrir, að þessi fjárveiting fái góðar undirtektir hjá deildinni, þar sem þetta mál hefur áður verið til meðferðar í þinginu, og verið álitið þarflegt, og er vakið upp af þinginu sjálfu með áskorun til stjórnarinnar 1902. Fjárlaganefndin hefur byggt á áætlun þeirri, sem liggur fyrir þinginu um þetta mál, en hún sjer eigi annað fært en að fara sem sparast í sakirnar með árskostnaðinn, og leggur því til, að ekki sje veitt meira en það, sem óhjákvæmilegt er, til þess að þessi stofnun geti komizt á og orðið rekin.

Jeg gjöri ráð fyrir, að aðrar breyttill. nefndarinnar við 15. gr. mæli með sjer sjálfar, og skal jeg því ekki fjölyrða um þær frekar, en gjört er í nefndarálitinu. En svo eru nokkrar aðrar breyt.till., sem jeg ekki hef minnzt á enn þá, og vil jeg því leyfa mjer að víkja stuttlega að þeim. Það er þá fyrst breyt.till. á þgskj. 285 frá háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.), um 3,000 kr. styrk til ábyrgðarfjelags Eyjafjarðar fyrir mótorbáta. Nefndin tekur það trúanlegt af þm., að þetta fjelag sje til, en hún þekkir alls ekkert til þess, og hefur ekki sjeð nein skilriki fyrir því, hve margir þessir mótorbátar eru, og getur þess vegna ekki lagt til, að þessi fjárveiting verði samþykkt, en býst hins vegar við, að samskonar fjárveiting verði samþykkt á næsta þingi.

Þá kem jeg að breyt.till. frá hæztv. ráðherra á þgskj. 341, sem jeg óvart hef gengið fram hjá. Nefndin hefur ekki haft tíma til að ræða þessar breyt.till., en þar sem hjer er um talsvert stórar fjárupphæðir að ræða, þá finnst mjer viðsjárvert að leggja til, að þær sjeu samþykktar nú þegar. Búnaðarfjelagið hefur hingað til haft með höndum sandgræðslu, og get jeg ekki sagt, hvort það getur tekið að sjer að veita svo mikið fje til þess, sem breyt.-

till. þessi fer fram á, en jeg vona að háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.), sem er formaður búnaðarfjelagsins, geti gefið upplýsingar um það mál.

Jeg ætla ekki að fara langt út í að mæla með breyt.till. nefndarinnar við 17. gr. um ellistyrk til tveggja ekkna þjóðkunnra merkismanna og til tveggja uppgjafapósta, því að jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. þm. þekki hlutaðeigendur, og að því, er sjerstaklega þessar tvær ekkjufrúr snertir, þá er það kunnugt, hversu ágæta merkismenn þær áttu, og var það því með sjerstöku tilliti til þess, að nefndin lagði það til, að þeim væri veittur þessi styrkur.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 20. gr., þá er lítið um þær að segja. Jeg býst við, að háttv. þingdm. geti fallizt á breytinguna viðvíkjandi hækkuninni á lánsheimildinni til þilskipakaupa vegna þess að hún nær einnig til fiski-gufuskipa. Að því, er snertir þá tillögu nefndarinnar að færa upp rentuna úr 3% í 4%, þá skal jeg taka það fram, að nefndin sá ekki ástæðu til að ákveða lægri rentu af þessum upphæðum, en öðrum lánsheimildum úr viðlaga-sjóði, einkum þar sem hjer er um gróðafyrirtæki að ræða; enda skiptir það ekki máli, hvort rentan af þessum lánsupphæðum er $^1/_2$% meiri eða minni, heldur hitt, að geta fengið þennan lánsstyrk.

Viðvíkjandi þeirri tillögu nefndarinnar, að fella burt lánsheimild til skipakvíar í Oddeyrarbót, þá skal jeg taka það fram, að nefndinni virtist eigi tök á að koma að öllum þeim miklu lánsheimildum í þessari grein, og hefur hún því lagt það til, að í stað lánsheimildar til skipakvíar í Oddeyrarbót komi lánsheimild sú, sem er í núgildandi fjárlögum til verksmiðjufjelags Akureyrar, og hefur þessi lánsheimild verið tekin upp eptir tillögum stjórnarráðsins. Það eru nokkrar sögulegar ástæður til, að þetta fjelag hefur rjett til að fá þetta lán og býst jeg við, að margir háttv. þm. kannist við þær.

Um lánsveitinguna til Húsavíkur ætla jeg ekki að fara mörgum orðum, því margur kynni að segja, að mjer væri það mál of skylt. Samt vil jeg geta þess, að á Húsavík bólar á meiri framfaratilraunum, en víðast hvar annarsstaðar í kauptúnum, og mjer finnst, að sjerstaklega eigi að taka tillit til þessa. Ætlazt er til, að lánið sje borgað á 14 árum, og er það miðað við það, að árleg afborgun standi á 500 kr.

Þá vil jeg minnast fám orðum á tillögu nefndarinnar á þgskj. 244, þar sem farið er fram á að veita útlendum manni styrk til að setjast hjer að. Mörgum kann nú að virðast þetta harla óviðkunnanlegt. Tillaga þessi er nú sprottin af því, að maður þessi, sem eptir opinberum vitnisburðum að dæma er duglegur íshafsfari, skuldbindur sig til þess, að gjöra hjer tilraun með að flytja hingað moskusuxa. Það liggja hjer á lestarsalnum skjöl og skilríki frá stjórninni í Danmörku um þetta efni, og vil jeg aðallega vísa til þeirra; víst er um það, að moskusuxar geta orðið í háu verði, og það er talið líklegt, að þeir geti lifað hjer á Íslandi. En þá er hjer líka eini blettur inn í hinum menntaða heimi, sem orðið getur þeim griðastaður; því þar sem dýr þessi lifa nú, eru þau fyrir norðan lög og rjett og eru drepin unnvörpum eða veidd.

Þá er hjer breyt.till. frá háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) um lánsheimild til iðnaðarskólans, sem nefndin hefur ekki fallizt á. Nefndinni fannst, að þar sem hjer eru 2 bankar, sem eru fúsir að

lána og það sjerstaklega til framfarafyrirtækja, þá væri ekki nauðsyn að veita þetta lán úr landssjóði.

Þá vil jeg minnast á breyt.till. frá háttv. 1. þm. G.-K. (Bj. Kr.) um 8,000 kr. lán handa Jóh. Reykdal til að koma á betri raflýsingu í Hafnarfirði. Nefndinni fannst engin þörf á að veita þetta heldur. Í fyrsta lagi af því að hjer getur efnað sveitarfjelag staðið að baki mannsins með lánveitingu úr banka, í öðru lagi af því, að eptir skýrslu stofnandans sjálfs hefur stöð sú, er þegar hefur verið sett á stofn, borgað sig svo vel. að ekki virðist nein ástæða til sjerstakra lánshlunninda, og í þriðja lagi eru bankarnir, eins og áður er á bent, með framboðnar hendur til lána, þegar góðar tryggingar eru í boði. Jeg ætla svo ekki að tala meira að sinni.

Ráðherrann: Eins og háttv. framsm. (P. J.) gat um, á jeg viðaukatill. á þgsk. 341, sem jeg vildi hafa lagt fram fyrir h. háttv. fjárlaganefnd, en jeg gat þó ekki gjört það sakir þess, að skilríkin, sem tillagan var byggð á, komu ekki fyr en með seinasta skipi.

Eptir áskorun frá sýslunefndinni í Rangárvallasýslu, og með hjálp þeirra prof. Prytz og kapt. Ryders, útvegaði stjórnin »Overklitfoged« Dahlerup frá Skagen, til að rannsaka sandfok hjer, og gjöra ráðstafanir til að hepta það. Dahlerup þessi er yfirsandgræðslustjóri á Norður-Jótlandi. Hann ferðaðist hjer um í sumar og ljet stuttlega álit sitt í ljósi, og var það sent fjárlaganefndinni jafnframt því og ferðakostnaðarreikningur hans 1,000 kr., fylgdi með, Hann hafði ekki tíma til að koma með neinar ákveðnar tillögur, áður en hann fór, en nú er komið brjef um þetta efni, og í því eru þær tillögur, sem jeg leyfi mjer að leggja fram fyrir háttv. þingmenn. Hann álítur, að sand- og moldfoki hjer sje yfir höfuð þannig varið, að hægt sje að hepta það með tiltölulega litlum kostnaði, ef rjett sje farið að, sjerstaklega mjög auðvelt að hepta byrjandi uppblástur, en einnig hægt, að græða upp stór flæmi, sem nú eru í auðn eða eru að fara í auðn. Það er óneitanlega sorgleg sjón, að sjá stóra uppblásna fláka, þar sem áður voru frjó og fögur hjeruð. Allir mega því gleðjast yfir því, að útlit er fyrir að hægt sje að græða þessi sár. Í öðrum löndum er slíkt stóráhugamál þjóðanna, og svo þarf einnig að vera hjer, ef nokkur verulegur árangur á að verða af þessu starfi. Þing og stjórn verða að bindast fyrir málið; það verður að veita fje úr landssjóði, en auk þess verða auðvitað sýslur og hreppar, að leggja sitt til. Dahlerup og skógfræðingarnir álíta, að ekki megi búast við þolanlegum árangri, ef þetta sje eingöngu falið privatmönnum. Fyrst og fremst þarf að hafa aðalforstöðumann, og svo framarlega sem skógfræðingurinn Flensborg ílengist hjer, þá ætti að vera hægt, að fá hann til þess starfa. Bæði Prytz og Ryder álíta hann líka vera fullkomlega starfinu vaxinn. En það þarf að fá fleiri sjerfræðinga í þessu efni, sem hafi vit á, hvað eigi að gjöra í hverju einstöku tilfelli, og slíka menn ættum vjer að reyna að fá sem fyrst. Það sem aðallega þarf að gjöra, er að mynda sandgirðingar þvers yfir foksvæðin, og gróðursetja sjerstakar sandplöntur, er til þess eru fallnar. Sömuleiðis eru brúkaðir steingarðar, skurðir og fleira. En áður en byrjað er á nokkru slíku hjer, þá verður fyrst að veita fjárstyrk handa 2 efnilegum mönnum til þess að nema. Dahlerup hefur boðizt til að hjálpa þessum mönnum með ráðum og dáð. Auðvitað tefst málið við þetta, að minnsta kosti eitt ár, en sú

bið getur borgað sig vel, ef hún yrði til þess, að góður undirbúningur fengist. En sem allra fyrst ætti að taka nokkur sandfokssvæði og girða þau, t. d. 30 eða 40 dagsláttur í senn, ennfremur taka minni tilraunasvæði, þar sem sandfokin eru að byrja,til þess að fá reynslu fyrir því, hvað bezt eigi við að gjöra þar. Það er líka nauðsynlegt, að hafa tilraunasvæði, þar sem hægt sje að fá íslenzkt fræ af sandgræðslujurtum. Þeir Dahlerup, Prytz og Ryder, hafa lofað að búa til nákvæmar skýrslur og plön um, hvernig framvegis eigi að hepta sandfok. En nú er farið fram á, að veittar sjeu þær upphæðir, sem nefndar eru á þgskj. 241. Til tveggja manna þarf að veita 600 kr., 300 kr. til hvors. Ennfremur 2,500 kr. til að girða 2 tilraunasvæði, annað stærra, en hitt töluvert minna, og 500 kr. til ýmislegs kostnaðar, bæði til að útvega íslenzkt fræ og til að framhalda ræktun ýmsra planta. Seinna árið þarf að veita til tveggja tilraunasvæða 200 kr. til hvors um sig; til ferðalaga og rannsókna 1,300 kr. og 300 kr. til að halda uppi ræktunarstöðvum, og til ýmislegra útgjalda samtals 2,000 kr. seinna árið. En ekki má mönnum blæða í augum smávegis kostnaður, ef hægt væri með honum að varðveita það, sem enn er heilt, og græða nokkur þau sár, sem þegar eru komin fyrir vanrækslu og illa meðferð.

Jeg sje, að háttv. fjárlaganefnd hefur strykað út skilyrði þau, sem búnaðarfjelaginu voru sett. Það má vel vera, að ekki sje hægt að breyta lögum búnaðarfjelagsins í svip, en það er auðsætt, að ef amtsráðin verða lögð niður, þá verður að breyta þeim. Eðlilegast og rjettast virðist, að þingið kjósi þá fulltrúa, sem amtsráðin nú kjósa. Jeg hef rætt þetta mál við marga merka menn, t. d. núverandi formann búnaðarfjelagsins, og þeir hafa verið á þeirri skoðun, að það fyrirkomulag, sem farið er fram á í stjórnarfrumv. væri rjett og heppilegt. Þess ber nefnilega að gæta, að búnaðarfjelagið ræður yfir svo miklum fjárframlögum, og þess vegna þarf þing eða stjórn að hafa einhverja hönd í bagga með því. Þetta má engan veginn skoðast sem tortryggni móti búnaðarfjelaginu, því það á sannarlega stór þakkir skilið, fyrir að vera ókeypis framkvæmdarstjóri, bæði þings og þjóðar.

En þar sem fjelagið hefur svo mikið undir höndum, þá yrði þó að minnsta kosti að sundurliða nánar, en nú er gjört, fjárveitingar til þess, ef þingið ekki hefði önnur afskipti af stjórn og framkvæmd fjelagsins. Háttv. framsm. sagði, að ekki væri rjett að álíta, að þingið hefði ekki neina hönd í bagga með búnaðarfjelaginu, þar sem það þó væri skylda þess, að leggja fram áætlun fyrir þingið. En hvað ætli að þingið gæti gjört, ef búnaðarfjelagið viki frá ætluninni? Jeg álít því fullkomlega rjett, að láta þessa athugasemd standa, og rjett að breyta lögum búnaðarfjelagsins eins fljótt og auðið er.

Hin háttv. fjárlaganefnd hefur fellt burt styrk til tveggja stúlkna, 15. gr. n., til þess að njóta góðs af kennslu og leiðbeiningum »Kunstflidsforeningen's«, dansks kvennfjelags, sem hefur boðið íslenzkum stúlkum opt áður góð kjör. Þessi styrkur, sem hjer er um að ræða, er mjög lítill, en fátækar stúlkur munar mikið um að fá hann; þær geta haft stórmikið gagn af svona ferð og kennt út frá sjer síðan, er þær koma heim. Mjer finnst sjerstaklega óviðeigandi nú, að neita um þennan styrk, því það er öllum kunnugt, að það er frú Emma Gad, sem er forgöngumaður þess fyrirtækis, enda hefur hún og

undirskrifað umsóknina, og gæti því þá skoðast sem smámunalegur rígur út úr sýningunni, ef þessum lítilfjörlega styrk væri neitað nú. Jeg vona því, að háttv. þingd. láti liðinn standa. Þá hefur háttv. fjárlaganefnd fellt burtu 40 þús. kr. lán til skipakvíar á Akureyri. Lán þetta er heimilað í núgildandi fjárlögum, en mig furðar á, að því skuli vera kippt burt alveg að ástæðulausu. Það er því óheppilegra, sem búið er að gjöra ráðstafanir með það fyrir augum, að lánveitingin standi framvegis. Vona jeg því, að þessari lánsheimild verði ekki kippt burtu.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rv.): Jeg á í þessum kafla, er hjer ræðir um, 2. breyt.till. Hin fyrri er þess efnis, að styrkurinn til iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík verði færður úr 5,200 kr. síðara árið upp í 6,200 kr. Ástæðan fyrir því, að jeg fer fram á þetta, er sú, að til stendur að stækka skólann, byggja nýtt hús, og yfir höfuð að bæta hann að miklum mun. Jeg tel víst, þótt jeg hafi eigi heyrt það af munni framsm. sjálfs, að hann hafi fallizt á þessa fjárveitingu, eins og hún er í frv. stjórnarinnar. En aptur á móti heyrði jeg hann segja, að hann væri því mótfallinn, að fjelagið fengi lán úr viðlagasjóði til húsabyggingar. Jeg veit eigi, hversu mikið fje er til laust í þeim sjóði, en hitt veit jeg, að það væri óhætt að lána fjelaginu, þar sem það ætlar að byggja hús fyrir 30 þús. kr. og gefa tryggingu í því húsi; verður slíkt að teljast góð trygging, þegar að eins er lánað upp á helming þess, er sett er í veð. Og þar sem iðnaðarmannafjelagið ætlar að byggja hús, sem allir iðnaðarmenn landsins geta haft gagn af, þá er skylda þingsins að styrkja fjelagið til þess. Krafan um lán er því rjettlát, og jeg sje eigi, að alþingi geti staðið sig við að neita þessu. En lántökuna mætti auðvitað binda skilyrði frá landssjóðs hálfu. Jeg kem svo að hinni breyt.till. á þskj. 325; hún gengur út á að veita verzlunarmönnum 4,500 kr. hvort árið, í stað 1,500 kr. sem fjárlaganefndin leggur til. Þessar 1,500 kr. nægja eigi til þess að koma á fót skóla, og jeg er forviða á því, hversu daufar undirtektir þetta hefur fengið hjá hinni háttv. fjárlaganefnd og fleirum, því að jeg veit það fyrir víst, að allir viðurkenna þó, að það, sem oss mest skortir, er menntun. Það er eigi nóg að fá almenna undirstöðumenntun í barnaskólum eða annarsstaðar, heldur verður hver stjett að fá sjermenntun til undirbúnings undir lífsstarf sitt. Á síðari árum er líka sú skoðun að ryðja sjer til rúms, að sjermenntun sje eins nauðsynleg og almenn unglingamenntun, og margir telja hana enda ennþá nauðsynlegri. Reynslan sýnir, að þær þjóðir, sem menntaðastar eru, standa bezt í baráttunni fyrir tilverunni. Vjer höfum allir heyrt um samkeppnina í iðnaði og verzlun milli tveggja voldugra þjóða, Englendinga og Þjóðverja, og vitum líka, að Þjóðverjar á síðari árum eru þar orðnir fremri, og er það að dómi Englendinga sjálfra af því, að þýzkir iðnaðarmenn og verzlunarmenn fá miklu betri undirbúningsmenntun. Ef þetta er bæði rjett og satt um svo gamlar þjóðir, þá mun það sannarlega eiga heima um oss Íslendinga. Það er augljóst, að ef auka skal framfarir Íslands, eins og allir munu vera samhuga um að gjöra, þá er það bezta ráðið, að mennta svo hina ungu menn, að þeir sjeu sem bezt búnir undir starf sitt í þarfir fósturjarðarinnar. Það er líka viðurkennt að mörgu leyti hjer á landi, að sjermenntun sje nauðsynleg; í því skyni hafa þegar verið stofnaðir sjerskólar, svo sem búnaðarskólar, sjó-

mannaskóli, iðnskóli o. fl. En nú þegar verzlunarmannastjettin fer að biðja um styrk til skóla, þá á að neita henni þvínær algjörlega. Menn taka ekki tillit til þess, að sú stjett þarf jafnt undirbúning undir lífsstöðu sína, sem aðrar stjettir; það er eins og menn viti eigi, hversu þýðingarmikið það er fyrir þjóðina, að verzlunarstjettin taki framförum.

Meðal annara þjóða er það viðurkennt, að þessi stjett sje mjög þýðingarmikil; hún er talin bezta stoð og stytta allra framfara; það er einmitt frá verzlunarmönnum, að margar mestu framfarirnar koma, enda er það almennt viðurkennt, að verzlunin hafi stórkostlega þýðingu fyrir hverja þjóð; það hefur enda verið sagt, að hún hafi sömu þýðingu fyrir þjóðfjelagið og blóðrásin fyrir mannslíkamann. Það er eins og við munum ekki eptir einokuninni hjer á landi, sem stóð öllum framförum fyrir þrifum. Staðan er vandasöm, og þeir, sem í henni eru, þurfa menntunar við. Þessi stjett er líka ung, þar sem nú fyrst á síðustu tímum er hægt að segja, að innlend verzlunarstjett sje að myndast; hún er enn í bernsku og viðvaningarnir eru mjög margir. Menn hljóta því að sjá, að hjer er þörf á aukinni menntun. Framsm. sagði, að það væri svo margt, sem styðja þyrfti og margt að reisa við, og því játa jeg, eins og aðrir, að það er satt, en þá er vandinn í því fólginn, að vega og meta, hvers *mest* þarf við, og jeg verð að segja, að mjer finnst háttv. deild hafa samþykkt margt það, er minni þörf er á en þessu. Þótt háttv. fjárlaganefnd fallist eigi á þennan styrk, vona jeg, að háttv. deild sjái, að hjer er um stórkostlegt framfaraatriði að ræða fyrir eina af helztu stjettum landsins. Það kann að vera, að háttv. deildarmönnum falli eigi kennslutíminn í geð, eins og gjört er ráð fyrir honum, en þá er að veita styrkinn með einhverjum skilyrðum. Jeg vona því svo góðs af háttv. deild, að hún lofi þessari styrkveitingu að minnsta kosti að ganga til 3. umr. fjárlaganna.

Magnús Kristjánsson, (þm. Ak.): Jeg á 3 breyt.till. á þskj. 310. Á þá fyrstu hef jeg áður minnzt, og er því eigi ástæða til þess að tala um hana nú. En önnur breyt.till. fer fram á, að Magnúsi Einarssyni söngkennara á Akureyri verði veittar 300 kr. hvort árið, til að kenna söng og hljóðfæraslátt. Þessi maður hefur varið miklum tíma og fje til að fullkomna sig í sönglistinni. Hann hefur um undanfarin 30 ár varið kröptum sínum til að útbreiða sönglistina, og hefur kennt fjölda fólks, ýmist fyrir lítla eða enga borgun. Eins og kunnugt er, hefur þingið áður veitt honum fje til að starfa að söngkennslu, og er þá ekki síður ástæða til þess nú, þar sem áhugi manna á að læra söng og hljóðfæraslátt fer sívaxandi, en kostnaður við það flestum ofvaxinn, ef þeir ættu að greiða fullkomið gjald fyrir kennsluna. Með því að maður þessi er mörgum af hinum háttv. þm. að góðu kunnur, skal jeg ekki fjölyrða um þetta, en læt mjer nægja að vísa til umsóknarskjals hans, og vil gefa honum hin beztu meðmæli mín, og vona að þessi fjárveiting verði samþykkt.

Þriðja breyt.till. er sú, að iðnaðarmannafjelagið á Akureyri verði veittar 2,000 kr. hvort árið, 1,000 krónur til að reka iðnskóla og 1,000 kr. til þess að styrkja iðnaðarmenn við nám erlendis. Mótmæli þau, sem komið hafa fram gegn fjárveiting þessari, álít jeg ljettvæg. Sú ástæða, að ekki sje rjett að styrkja nema einn iðnskóla hjer á Íslandi, getur varla staðizt vegna þess,

að menn úr öðrum landsfjórðungum munu naumast geta varið tíma til að sækja skóla hjer í Reykjavík, sem er að eins kvöldskóli, og hinn daglegi kennslutími því mjög stuttur. Önnur mótbáran var sú, að gagnfræðaskólarnir eigi að geta veitt öllum ungum mönnum þá fræðslu, sem þeim er nauðsynleg; hún er heldur ekki á rökum byggð.

Fátækir foreldrar hafa opt og tíðum ekki efni á að kosta sonu sína á gagnfræðaskóla, og verða að láta þá byrja að læra einhverja iðn strax eptir fermingu, og er þá varla nema um tvennt að gjöra fyrir þá, annaðhvort að þeir týni niður því, sem þeir hafa lært í barnaskólanum eða þá að þeir verða að verja kvöldstundunum til þess að halda því við, sem þeir hafa lært. En á þessu vill því miður verða misbrestur. Sama er að segja um iðnaðarmenn, sem lokið hafa námi, að ekki er við því að búast, að þeir geti að jafnaði lagt niður atvinnu sína til þess að sækja skóla á önnur landshorn; það mundi verða of tilfinnanlegur kostnaður. Kvöldskólar eru því þeir einu skólar, sem yfirleitt geta orðið iðnaðarmönnum að fullum notum. Þessi litli styrkur til iðnskóla ætti ekki að vaxa mönnum í augum, þegar tekið er tillit til þess, hve miklu fje er varið til sjermenntunar annara stjetta í landinu. Jeg vona, að hin háttv. deild sjái, að hjer er ekki farið fram á annað en það, sem sanngjarnt og nauðsynlegt er, og tel því víst, að breyt.till verði samþ.

Þá vil jeg minnast stuttlega á nokkrar breyt.till. fjárlaganefndarinnar. Það er þá 75. liður við 20. grein. Fjárlaganefndin leggur til, að lánveitingin til skipakviar í Oddeyrarbót falli burt. Jeg get nú ekki skilið, að þetta sje í raun og veru meining hinnar háttv. nefndar, því þessi lánsheimild verður að álítast alveg sjálfsögð, þar sem hún stendur á núgildandi fjárlögum og hefur ekki verið notuð af þeirri ástæðu, að skilyrði þau, sem síðasta þing setti fyrir þessari fjárveitingu, voru svo aðdáanlega úr garði gjörð, að ómögulegt var að fjárveitingin væri notuð. Nú hagar öðru vísi til, þar sem hjer liggur fyrir yfirlýsing frá Eyjafjarðarsýslu, að hún sjái sjer ekki fært að taka þátt í þessu fyrirtæki, en mælir eindregið, með að Akureyrarkaupstaður njóti þessarar fjárveitingar, þar sem varla getur verið um heppilegri stað að ræða, en Akureyri fyrir þetta mannvirki. Mjer finnst það siðferðisleg skylda þingsins, að kippa ekki að sjer hendinni einmitt nú, þegar Akureyrarbúar sjálfir hafa lagt stórfje í fyrirtækið, og eru byrjaðir að vinna að þessu verki. Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, og meðfram sökum þess að hæztv. ráðh. hefur lýst yfir því, að hann teldi það ekki vansalaust fyrir þingið, ef þessi lánsheimild yrði nú feld.

Framkoma fjárlaganefndarinnar gagnvart þessum fjárveitingum, sem jeg nú hefi minnzt á, kom mjer ekki svo mjög á óvart, vegna þess að mjer virðist hún hafa verið allnærsýn í ýmsum greinum.

Jeg þykist vita, að hin háttv. deild fallist ekki á það, að fjárlaganefndin sje hæzti rjettur í öllum fjármálum, því væri svo, væri óþarfi að leggja frumv. fyrir deildina. Með því að jeg býst við, að henni sje það full-ljóst, að svo er ekki, þá vona jeg að hún taki sjer það ekki mjög nærri þó að allar hennar till. nái ekki fram að ganga.

Aptur á móti er jeg hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir breyt.till. hennar við 16. gr., 68. lið, þar sem hún leggur til, að Ísak Jónssyni íshússtjóra verði

veittur 1,000 kr. styrkur til þess að koma upp íshúsi í Þorgeirsfirði. Þessi maður hefur, eins og kunnugt er, unnið manna mest að því að efla sjávarútveg með því að koma upp íshúsum víðsvegar um Norður- og Austurland. Það ætti því að vera þinginu sönn ánægja að vinna með þessu tvennt í einu, að sýna þessum manni þá viðurkenning, sem hann á skilið fyrir starf hans í þarfir almennings, og jafnframt stuðla til þess, að koma á fót því fyrirtæki, sem getur orðið sjávarútveg Norðurlands til ómetanlegs gagns.

Sömuleiðis er jeg nefndinni þakklátur fyrir breyt.till. hennar við 17. gr. 71. lið, þar sem hún leggur til að Sumarliða Guðmundssyni fyrverandi pósti verði veittar 200 kr. sem ellistyrkur fyrir dygga þjónustu í landsins þarfir. Sje ástæða til að veita nokkrum manni ellistyrk, þá er það ástæða til með þennan mann, sem um 30 ár hefur staðið frábærlega vel í stöðu sinni sem póstur á þeim tímum, sem öll ferðalög voru erfiðari en nú er, og staða þessi var miklu ver launuð. Jeg tel víst, að háttv. deild samþ. þessa fjárveitingu, og finn því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana, en leyfi mjer, að vísa til vottorða þeirra, sem umsókninni fylgja.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Það eru að eins 2 atriði, sem jeg ætla að minnast á. Að því, er snertir aðrar breyt.till., er fyrir liggja, ætla jeg ekki að lengja umræðurnar með því að minnast á þær, en mun með atkv. mínu sýna, hvernig jeg lít á þær. Fyrra atriðið, sem jeg vildi minnast, er viðvíkjandi viðaukatill. háttv. fjárlaganefndar á þgskj. 354, sem jeg mæli mjög með, og er þakklátur nefndinni fyrir undirtektirnar undir þá beiðni frá Árnesingum og Rangæingum á fundi við Þjórsárbrú. Jeg var raunar orðinn hræddur um, að háttv. fjárlaganefnd ætlaði að stinga henni undir stól og ekki taka hana til greina, en svo kom hún þó með hana. Í beiðninni var farið fram á, að þessir menn fengju styrk að öllu leyti úr landssjóði, en jeg álít ekkert á móti því, eins og fjárl.nefndin hefur stungið upp á, að hlutaðeigandi samvinnufjelög kosti þá að helmingi. Það munu allir sammála um, að slíkur samvinnufjelagsskapur sje nauðsynlegur, og þess vegna þarf jeg ekki að tala neitt sjerstaklega um þá hlið málsins. Einnig hygg jeg, að margir háttv. þm. hafi hlýtt á fyrirlestra hr. fólksþingmanns Blem og hafi eins og mjer fundizt mikið til um hann. Býst jeg við, að mönnum þætti æskilegt, að slíkur samvinnufjelagsskapur, t. d. meðal smjörbúanna, kæmist hjer á, eins og í Danmörku, þó það yrði vitanlega í smærri stýl. En hlutfallslega ætti hann að geta orðið eins þýðingarmikill fyrir oss, eins og hann hefur orðið fyrir Dani. Jeg vona því, að þessi viðaukatill. háttv. fjárl.nefndar mæti engri mótspyrnu hjer í deildinni, en verði samþ. með öllum atkv.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, sem er viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar um að hækka styrkinn til búnaðarfjelagsins (15. gr. I. c) um 6 þús. kr. fyrra árið og 7 þús. kr. hið síðara, samtals 13 þús. kr. bæði árin. Þetta er mjög mikil hækkun í sjálfu sjer og gæti álitizt vafasamt, hve nauðsynleg hún er. Jeg hef heyrt það víða að, að mönnum þyki búnaðarfjelagið orðið nokkuð frekt til fjárins. Ekki dettur mjer í hug að neita því, að fjelagið hefur unnið margt gott og þarflegt, og er fjenu að því leyti vel varið. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að

jeg kann ekki við, að fellt sje burt úr stjórnarfrumv. ákvæðið um, að hver þingdeild kjósi 4 fulltrúa þess, því það væri að sleppa beizlinu um of fram af fjelaginu, en það álít jeg að ekki eigi að gjöra.

En það var einmitt sjerstakt málefni, sem jeg ætlaði að minnast á í sambandi við þessa fjárhækkun, og er það eiginlega fyrirspurn til fjárlaganefndarinnar, og þá sjerstaklega til háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), sem sæti á í nefndinni og er formaður búnaðarfjelagsins, og það er undir því svari komið, hvort jeg greiði atkv. með eða móti þessari fjárhækkunartillögu til fjelagsins. En þetta mál er eitthvert hið allra þýðingarmesta stórfyrirtæki til eflingar landbúnaðinum í einhverju hinu þjettbyggðasta og frjósamasta hjeraði landsins — Árnessýslu. Það er nfl. alllangt síðan mönnum hefur dottið í hug, hvort ekki mundi kleyft að veita Þjórsá yfir Flóa og Skeið, þessa stóru landspildu, er með þessari áveitu mætti breyta í frjósaman akur, er mundi gefa af sjer margfalda eptirtekju við það, sem nú er. Þetta er mikið áhugamál þeirra, sem hlut eiga að máli, eins og eðlilegt er, því að það er í raun-inni eitthvert hið langstærsta og mikilsverðasta framfaramál þess hjeraðs.

Mjer er kunnugt um, að opt hafa komið áskoranir bæði til alþingis og búnaðarþingsins þessu viðvíkjandi. Það var fyrir nokkrum árum rannsakað af Sæmundi heitn. Eyjólfssyni, hvort unnt væri að ná Þjórsá (eða Hvítá) til áveitu yfir þetta svæði, og hann mun hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að svo væri; en hann hafði ekki tök á að kynna sjer þetta sem skyldi og var heldur ekki nógu vel að sjer til þess, hafði ekki þá verkfræðilegu þekkingu, sem til þess útheimtist, sem heldur ekki var við að búast, því að það er ekki á annara færi en hæfustu vatnsveituverkfræðinga eða sjerfræðinga í þeirri grein, sem vjer höfum ekki hjer á landi. Fyrirtækið útheimtir nákvæma rannsókn og nákvæmar áætlanir, er á má byggja. Þótt málið hafi ekki enn fengið neinn verulegan undirbúning, þá hefur því samt verið haldið vakandi, og jeg veit, að nýlega hafa komið áskoranir til landsbúnaðarfjelagsins eða búnaðarþingsins sjerstaklega þess efnis, að fenginn væri vel fær maður, vatnsveitu-»ingeniör« frá útlöndum, t. d. Danmörku, sem svo gjörði áætlun um kostnaðinn og jafnframt gagn það, sem af þessu yrði. Þess vegna vildi jeg sjerstaklega beina þeirri fyrirspurn til hins háttv. form. búnaðarfjel., hvort hann hafi hugsað sjer í sambandi við þennan aukna styrk, meðal annars, að fjelagið sæi um, að slíkur verkfræðingur væri fenginn, og að fjelagið kostaði för hans hingað og rannsókn á þessu, t. d. á næsta sumri. Jeg legg mikla áherzlu á þetta í sambandi við fjárveitinguna, og ef jeg fæ þau svör, að búnaðarfjelagið hafi þetta í huga, og formaður þess lýsir því yfir hjer í deildinni, að þetta verði gjört á kostnað fjelagsins, þá greiði jeg fúslega atkvæði með fjárhækkunartill. til fjelagsins, því þá er fjárveiting sú sannarlega þörf. En ætli fjelagið sjer ekki að sinna þessu máli, þá greiði jeg ekki tillögu nefndarinnar atkvæði. Hvort jeg verð með henni eða móti, kemur undir því, hver svör jeg fæ hjá háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), formanni fjelagsins. En jeg vænti þess, að þau verði svo góð og skýr, að jeg geti gefið till. atkv. með glöðu geði.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg skal ekki fjölyrða um breyt.till. þá, sem jeg á á þgskj. 285 og fer fram á, að mótorábyrgðarfjelagi Eyfirðinga

verði veittur sami styrkur og farið hefur verið fram á að veita samskonar fjelagi á Seyðisfirði. Jeg hafði skrifað fjárlaganefndinni beiðni um samskonar fjárveiting og hjer er farið fram á, en nefndinni hefur ekki þóknazt að láta Eyfirðinga njóta jafnrjettis við Seyðfirðinga í þessu falli. Þetta get jeg alls ekki leitt hjá mjer; mjer finnst svo mikið sameiginlegt með þessum tveimur fjelögum, að ef öðru er veittur styrkur, þá hljóti hinu að vera veittur hann líka, og nytsemi fjelaganna er hverjum manni svo auðsæ, að hverjum háttv. þingdm. hlýtur að vera ljúft að styðja þau með atkv. sínu. Háttv. framsögum. fjárlaganefndarinnar virtist efa, að fjelag þetta væri til, en jeg skal í því sambandi geta þess, að jeg sá lög fjelagsins áður en jeg fór til þings, og hygg jeg, að hinum háttv. framsm. sje með því fullsvarað, hvað þetta atriði snertir. En þegar nú verið er að tala um þessar styrkveitingar, þá er það fyrsta, sem til athugunar kemur, á hverjum staðnum meiri nauðsyn sje á slíku fjelagi. Jeg játa, að þörfin getur verið mikil á Seyðisfirði, en mjer finnst hún þó enn þá meiri á Eyjafirði; þar er meiri fólksfjöldi, svo að, frá því sjónarmiði skoðað, stendur hann betur að vígi, þegar um þann styrk er að ræða. Einnig mun Eyjafjörður vera sem næst þrefalt lengri en Seyðisfjörður, og þar sem Eyfirðingar nú á síðustu árum hafa orðið að sækja mestar sínar fiskiveiðar út í, eða jafnvel út fyrir fjarðarmynni, þá leiðir af sjálfu sjer, að mótorbáta er þar fremur þörf, enda er mikil hreyfing vöknuð þar fyrir þeim útveg. Jeg verð því að segja, að það væri illþolandi, ef samskonar fjelagi á Seyðisfirði væri veittur styrkur, en Eyjafjörður látinn sitja á hakanum. Jeg hef svo ekki meira um þessa brtill. mína að segja; hún sýnir sjálf ofur ljóst, hvað meint er með henni. Vona jeg svo, að bæði hin háttv. fjárlaganefnd og þingið yfirleitt taki þetta til greina.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg skal vera stuttorður um br.till., sem jeg á, á þgskj. 319; það er líka líka prentvilla á henni í föðurnafni umsækjandans. Hún fer ekki fram á að biðja um neinn styrk nje gjöf af landsfje, heldur er það lán, sem hún fer fram á, lán til að koma upp nýrri rafmagnsstöð í Hafnarfirði. Það er kunnugt, að Jóhannes Reykdal hefur fyrir nokkrum árum sett upp trjesmíðaverkstofu í Hafnarfirði, og í því skyni notið trausts og láns af landssjóði. Síðar hefur hann sett upp rafmagnsstöð, til þess að upplýsa Hafnarfjörð, en sú rafmagnsstöð nægir ekki, því hún hefur ekki krapt til meir en 150 16-kerta ljósa, en til þess að geta fullnægt Hafnarfirði í þessu efni, þarf hann að geta komið »túrbínu« ofar í ána, og þá hyggur hann, að hann geti framleitt 500 16-kerta ljós að auki.

Maður þessi er dugnaðarmaður, sem lætur ekkert færi ónotað til þess að berjast áfram, og jeg vona því, þar sem hjer er að eins um lán að ræða, að þingið veiti það. Háttv. framsm. tók heldur óliðlega í þetta, og færði fyrir því 3 ástæður; hin fyrsta þeirra var sú, að maður þessi hefði efnaðan hrepp að baki sjer, en háttv. framsm. veit, að hreppurinn hefur ekkert vald til að ganga í ábyrgð í slíkum málum; það fór fram atkvæðagreiðsla hjer í þessari háttv. deild fyrir nokkrum dögum um, hvort þessi hreppur skyldi fá þetta vald, og fjekk hann það ekki, eins og menn muna. Þessi ástæða er því ekki nægileg. Þá færði

háttv. framsm. það sem aðra ástæðu, að þessi maður hefði nýlega sett á stofn rafmagnsstöð; hún hefði borgað sig vel, svo nú gæti hann reist aðra fyrir arðinn af henni.

Það er líka rjett, að hann hefur sett upp rafmagnsstöð, en það er ekki nema eitt ár síðan, svo það er ólíklegt, að arðurinn sje strax orðinn svo mikill, að hann nægi til að setja aðra á stofn fyrir. 3. ástæða hv. framsm. var sú, að maðurinn gæti farið í bankana og áfengið þar lán, en það vita allir, að bankarnir veita ekki lán út á rafmagnsstöðvar; sú ástæða ætti því ekki að vera láninu til hindrunar.

Mjer finnst nauðsynlegt, að landssjóður hlaupi undir bagga með mönnum, þegar þeir ekki geta notið hjálpar frá bönkunum, en um framfarafyrirtæki er að ræða. En það er ekkert efamál, að hjer er þannig ástatt; því maður þessi er, eins og margir háttv. þm. þekkja, dugnaðarmaður, og hjer er ekki hægt að vísa til hreppsins, ekki hægt að vísa til ágóðans og ekki hægt að vísa til bankanna. Auðvitað er eðlilegast og sjálfsagt að menn fari í bankana, ef þeir hafa fullgilt veð fram að bjóða. Það, sem Jóh. Reykdal býður að veði, er eldri rafmagnsstöðin, sem metin er á 4,000 kr. og sú nýja, sem hann áætlar að kosta muni 12,000 kr., svo allt veðið verður 16,000 kr. Háttv. deild hefur sýnt þessum manni traust áður, og jeg vonast til, að hún gjöri það einnig nú.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg vildi leyfa mjer að biðja um dálitla skýringu hjá fjárlaganefndinni um einn lið, liðinn viðvíkjandi tillaginu til búnaðarskólanna. Nefndin hefur gjört talsverðar breytingar á frumv., þessum lið viðvíkjandi, frá því, sem stjórnin hafði lagt til, en það, sem jeg sjerstaklega þarf að fá skýringu á, áður en jeg greiði atkvæði mitt um þetta, er hvort fjárlaganefndin hefur hugsað sjer, að þessar 100 kr. eða allt að 100 kr., sem á að veita hverjum skóla eptir nemanda fjölda, nær jafnt til búnaðarskóla, sem hafa bæði verklega og bóklega eða að eins bóklega fræðslu. Það eru nú 3 skólar, er veita nemendum sínum bæði verklega og bóklega fræðslu, en einn, sem veitir að eins bóklega fræðslu. Það er nú mikill munur á rekstri þeirra skóla, sem hafa hvorttveggja, bæði verklega og bóklega tilsögn, og skólum, sem hafa að eins bóklega fræðslu vetrarlangt. Þessvegna get jeg ekki sjeð, að það sje nærri nokkru lagi, að ætla þeim eina skóla, sem hefur bóklega fræðslu eingöngu, jafnmikinn styrk og hinum skólunum. Jeg skal nú ekki tefja tímann með því að sýna fram á þetta; jeg býzt við, að allir, sem hafa kynnt sjer slík mál, viti, að þessi skoðun mín hefur við rök að styðjast.

Svo er annað, sem jeg vildi taka fram. Þegar menn nú sjá, eptir að frumv. um bændaskóla er komið fram, að búnaðarskólarnir í framtíðinni eigi að verða að eins tveir, þá má búast við, að aðsóknin að þeim skólum, sem eiga að leggjast niður, að skólanum í Ólafsdal og að Eiðaskóla, verði miklu minni, því það má búast við, að þeir standi ekki nema árið út. En verði nú frumv. um bændaskóla fellt í Ed., sem ekki er allsendis ómögulegt að verði, þá gæti það samt skaðað þessa skóla, að frumv. er komið fram. Jeg felli mig miklu betur við frumv. eins, og það kom frá stjórninni, og jeg er á móti breyt.till. nefndarinnar, af því jeg álít þær fremur viðsjárverðar, og að þær geti jafnvel orðið ranglátar. Setjum svo, að frumv. um bændaskólana falli í Ed., þá er það ómaklegt, að styrkurinn til Ólafsdal skóla skuli minnka svo mikið seinna árið.

Ef skólarnir standa eins og er, þá er ekki rjettlátt að minnka svo við Ólafsdalsskólann, þó hann sje privatstofnun. Þessi skóli hefur gjört mikið gagn og það er ómaklegt og óviðfeldið, ef þar er fyrst ráðizt á garðinn. Með því nú er ekki útsjeð um, hvernig bændaskólanum reiðir af, þá er mjög illt að greiða atkvæði um þennan lið, og jeg get alls ekki fellt mig við, að styrkurinn fyrir hvern nemanda sje jafnhár til skóla með verklegri og bóklegri fræðslu og skóla með bóklegri fræðslu eingöngu. Jeg veit það, að Hólaskóli er í góðu lagi og aðsóknin að honum er mikil. En af hverju stafar það aðallega, nema af því, að þar er eingöngu bókleg fræðsla, því það er sú sorglega reynsla hjer á landi, að ef menn þurfa að vinna, þá draga þeir sig heldur í hlje, og ef menn eiga að læra verklegt nám, læra að vinna, þá vilja þeir ekki, að minnsta kosti síður, sækja slíkar stofnanir, sem það kenna. Jeg álít nú ekki heppilegt að sleppa alveg úr frumv. styrknum til verklegrar fræðslu á Hólum, því með því er farin tryggingin fyrir því, að nokkru af fjenu verði varið til verklegs náms.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Það er viðvíkjandi breyttill. háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) á þgskj. 325 um tillag til verzlunarskóla í Reykjavík, sem mig langaði til að segja fáeinorð. Háttv. þm. stingur upp á því, að þær 1,500 kr., sem fjárlaganefndin hefur sett inn í frumv., verði hækkaður upp í 4,500. Háttv. þm. fór mörgum fögrum orðum um nauðsynina á slíkum skóla, og get jeg fyllilega skrifað undir það með háttv. þm. Hann tók það líka fram, að það þyrfti að koma á fót *myndarlegum* verzlunarskóla. en mjer er ekki fyllilega ljóst, hvað hann meinar með því orði. Skólinn á að vera hjer í Reykjavík og lítur helzt út fyrir, að hann sje aðallega ætlaður þeim, sem hjer eiga heima, en jeg vil og mjer finnst það vera aðalatriðið, að hann verði fyrir verzlunarstjett landsins í heild sinni. Eins og skóla þessum á að vera fyrirkomið, lítur nú helzt út fyrir, að námið í honum eigi að eins að vera í hjáverkum, þar sem einungis er gjört ráð fyrir 2 kennslustundum á dag að morgninum, og því er auðsjeð, að svo er til ætlazt, að verzlunarmenn hjer úr Reykjavík geti sótt skólann, án þess að tefja sig frá búðarstöðu sinni. Í annan stað er svo ráð fyrir gjört, að allan desembermánuð verði hljé á skólahaldinu, og er það óhafandi fyrirkomulag fyrir þá, sem væru lengra að. Hvernig sem á þetta mál er litið, er engin von á því, að menn utan af landi fari að koma hingað til Reykjavíkur til að sækja skóla með svona löguðu fyrirkomulagi. Þeir vilja auðvitað hafa sem fyllst not af veru sinni hjer, án þess að þurfa að eyða tíma sínum til ónýtis, annars fara þeir ekki að segja upp atvinnu sinni og sækja skóla til Reykjavíkur. En þá er líka nauðsynlegt, að skólinn standi allan veturinn, og að það sjeu að minnsta kosti 4 eða 5 kennslustundir á dag. Jeg hefði getað verið með breyttill. h. háttv. þm., ef jeg hefði sjeð, að verzlunarstjett landsins í heild sinni gæti haft full not af skólanum, en meðan jeg hef ekki heyrt neitt meira nje betra um þennan fyrirhugaða skóla, en það, sem fram er komið, get jeg ekki gefið breyt.till. atkv. mitt.

Svo var það annað, sem mig langaði til að minnast á, það var viðvíkjandi lánsveitingunni úr viðlagasjóði til iðnskólabyggingar hjer í Reykjavík og rafmagnsstöðvar í Hafnarfirði og svo til skipakvíar í Oddeyrarbót á Eyjafirði. Nefdin hefur nú tjáð sig þessum lánveitingum mótfallna, en mjer er það litt

skiljanlegt, hvert betra ætlunarverk er hægt að gefa viðlagasjóði, en að veita lán til gagnlegra fyrirtækja. Mjer finnst það alveg útlátalaust, og sjóðnum er sannarlega bezt varið þannig, og hann getur gjört sjer þetta að meinfanga, og kostnaðarlausu. Það kom fram sú till. frá yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, að rjettast væri, að lánum úr viðlagasjóði með veði í húsum einstakra manna hjer í Reykjavík, sem nú nema fullum 100 þúsund króna, yrði sagt upp. Það sjer nú hver maður, að það væri óliku eðlilegra, að viðlagasjóðurinn veitti lán til verklegra fyrirtækja, eins og hjer er um að ræða, heldur en að veita þau ríkum húseigendum. Það er opt miklum vandkvæðum bundið fyrir þá, sem ætla að stofna stór fyrirtæki, að fá lán, og það er eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) benti á, opt og tíðum ómögulegt fyrir þá að fá lán í bönkum og öðrum almennum lánsstofnunum, af því að þeir hafa ekki alltaf nægilegt veð í svipinn eða veð, sem slíkar stofnanir taka gild. Jeg skil ekki, að fjárlaganefndin vilji halda þeirri skoðun sinni fram, og að hún vilji mæla fast á móti því, að viðlagasjoður veiti lán til framfarafyrirtækja móti fullum vöxtum, eptir því sem fje er fyrir hendi.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg vil leyfa mjer að segja fáein orð, af því það hefur verið beint til mín orðum sem formanns búnaðarfjelags Íslands.

Jeg vil þá víkja að breyt.till. á þskj. 341 frá hæztv. ráðherra. Hann leggur til, að aptan við 15. gr. 1. f. komi nýir liðir, og að veittar sjeu 600 kr. til tveggja manna, til að nema sandgræðslu. Því hefur verið hreyft, að þetta eigi búnaðarfjelag Íslands að annast um, og álít jeg það rjett, enda hefur búnaðarfjelagið lagt fram fje í þessu skyni, og sandgræðsla hefur af því verið framkvæmd á 4 stöðum hjer á landi, þó að í smáum stýl hafi verið. En þó að efni væru fyrir hendi, þá brestur oss enn þekkingu, sem skyldi, til forgöngu og nýbreytni í þessum efnum.

Jeg hef átt tal um þetta við Dahlerup sandgræðslumann, og tók hann það skýrt fram, að þeir menn, sem ætluðu að berjast fyrir og vinna að sandgræðslu, yrðu að hafa svo alveg sjerstaka þekkingu í þeim efnum. — Hann hafði einkum Rangárvallasýslu fyrir augum, þar sem brýnust er þörfin á sandgræðslu. Prófessor Prytz, sem er góður Íslands vinur, hefur opnað augu manna fyrir þeirri hættu, sem sveitunum væri búin af sandfoki, og hafa þingmenn nýskeð átt kost á að kynna sjer hið ágæta rit hans um það efni og skógrækt vora.

Jeg er algjörlega meðmæltur viðaukatill. á þskj. 341 og vona, að hún nái fram að ganga.

Áður hafa menn aðallega varizt skemmdum af sandfoki með grjótfyrirhleðslu, og það orðið að miklu liði t. d. á Landinu, en það liggur í augum uppi, að sáning verður að vera jöfnum höndum, og meiri og betri þekkingu til þess verða menn að fá að nú um sinn.

Skóggræðsla og sandgræðsla á að standa á íslenzkum fótum, og verður væntanlega innan langs tíma alveg undir forstöðu manna hjer heima, en það er óskynsamlegt, að hafna þeirri hjálp, sem oss býðst frá útlendingum, sem hafa sjerþekkingu í þessum málum.

Jeg vonast einnig sterklega eptir, að styrkurinn til búnaðarfjelags Íslands verði hækkaður. Það er ein af aðalástæðunum fyrir þessari hækkun, að ræktunarfjelag Norðurlands þurfti mun

meiri styrk, en fjelagið gat látið af mörkum með tillaginu, sem ætlað er á stjórnarfrumv. Jeg hef haft sjerstaklega gott tækifæri til að kynna mjer ræktunarfjelag Norðurlands, og jeg er sannfærður um það, að það er einhver hinn bezti þjóðargróður Íslands til ræktunarframfara og stórrar vakningar. Fjelag þetta vinnur stórgagn fyrir hjeruðin norðanlands og landið í heild sinni.

Hæztv. ráðherra vjek að því skilyrði, sem væri sett við þessa fjárveiting á frumv. stjórnarinnar, sem sje, að hver deild alþingis um sig skyldi kjósa 4 fulltrúa búnaðarfjelagsins. — Hæztv. ráðherra skýrði frá, að hann hefði borið sig saman um þetta við stjórn fjelagsins, og það er alveg rjett. Jeg hafði ekki á móti þessu, því jeg áleit, að sömu menn mundu sem næst verða kosnir af alþingi og amtsráðunum. — Jeg vona, að þetta, hvort sem ákvæðið stendur eða fellur, verði ekki til þess, að spilla fyrir fjárveitingunni.

Háttv. framsm. (P. J.) vjek að agnúunum á þessu ákvæði, og bað mig um, að gjöra nánari grein fyrir þessu. Hann gat þess, sem rjett er, að eptir lögum búnaðarfjelagsins mætti ekki breyta skipun búnaðarþingsins nema með samþykki amtsráða og aðalfundar fjelagsins.

Nú hefur tillagna amtsráðanna verið leitað, og hafa þau látið álit sitt uppi, að undanteknu einu amtsráðinu, sem ekki fjekk tilefni til að svara í vor. — Suður- og Norðuramtsráðin lögðu það til, að sýslunefndir skyldu kjósa fulltrúana, en Vesturamtsráðið kom með þá tillögu, að alþingi og landsstjórnin skipuðu þá. Búnaðarþingið hefur fjallað um þetta mál og hefur talið það heppilegra, að kosningunum væri ekki breytt fyr en amtsráðin væru lögð niður; og búnaðarþingið aðhylltist helzt það, að fulltrúar fjelagsins væru kosnir af fjórðungsfjelögum, þegar þau eru komin á það fyrirkomulag, er tíðkast líka í öðrum löndum. — Þessa athugasemd fjárlagafrumv. mætti að mínu áliti orða svo, að ef fulltrúa vantar fyrir búnaðarfjelag Íslands við niðurlagning amtsráðanna, þá komi í skarðið í bili kosnir fulltrúar af alþingi.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) var mikið áhugamál, að styrkur fengist til þess að fá það mælt, hvernig ætti að veita Þjórsá yfir Skeið og Flóa. Þetta mál hefur verið fyrir búnaðarfjelaginu, og jeg get sagt háttv. þm. það, að fjelagið ber þetta mál fyrir brjóstinu, og svo framarlega, sem búnaðarfjelagið fær aukna fjárveiting, þá býst fjelagið við, að það geti fengið duglegan vatnsveitinga-ingeniör til þess að standa fyrir þessu mælingarverki, og að fjelagið geti kostað mælinguna af eigin rammleik. (*Hannes Þorsteinsson:* Það er ágætt). Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til, að fara fram á sjerstaka fjárupphæð í þessu skyni á fjárhagstímabilinu.

Undir þennan kafla fjárlaganna heyrir eitt þýðingarmikið mál, sem jeg ber fyrir brjósti, nefnilega skógræðslumálið. Jeg þakka hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir, hve vel hún hefur tekið í þetta mál. Jeg vil um leið minnast á og brýna fyrir mönnum, að að því rekur, að til þessa verks verði alveg gefinn út maður með vísindalegri þekkingu og staðreynslu. Eini maðurinn, sem sameinar þetta tvennt nú, er forstkandidat Flensborg, og hefur hann unnið að þessu starfi í mörg sumur, og væri æskilegt að geta haldið honum um sinn.

Hann hefur sýnt ötula framgöngu í þessu máli, og hefur þetta nýbyrjaða

starf tekizt að vonum, og borið ávöxtu bæði hjer í nándinni og sjerstaklega í Hallormsstaðaskógi, og vona jeg, að menn líti svo á með mjer, að þessir ávextir verði beztu meðmælin með fjárframlögum framvegis.

Háttv. framsm. (P. J.) tekur líklega svar fyrir nefndina viðvíkjandi búnaðarskólunum.

Þau atriði, sem komu fram í ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Herm. J.), hafa verið rækilega hugsuð í nefndinni. — Reynslan við Hólaskóla er sú, að skólastjórinn hefur átt mjög ljett með að koma nemendunum niður í verklega kennslu; jeg vissi það t. d. í vetur, að þá var ekki kostur á að fá pilta frá Hólum hingað suður, því að þeim var öllum ráðstafað nyrðra.

Jeg vil loks taka það fram, að tillögurnar um Ólafsdalsskólann eru samdar af vinarhug til Torfa skólastjóra, og jeg álít, að hann sje eigi ver settur með þessa styrkveitingu en gamla fyrirkomulagið, og jeg hef ástæðu til að ætla, að hann uni vel við þessa breytingu.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg er alveg samdóma háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) um það, að það sje skylda þjóðfjelagsins að stuðla að því, að hver og einn einstaklingur þess búi sig sem allra bezt undir lífsstarf sitt.

En jeg verð að segja það, að mjer finnst háttv. þm. ekki vera í góðu samræmi við sjálfan sig, þar sem hann greiddi atkvæði á móti því, að einni mjög svo efnilegri og vel af guði gefinni konu væri veittur styrkur til þess að búa sig undir gott og veglegt lífsstarf. En þetta gjörði háttv. þm. í dag fyrir skemmstu síðan, og þótti mjer undarlegt mjög. Jeg ímynda mjer samt, að háttv. þm. hafi gjört þetta í ógáti og tel víst, að hann greiði atkvæði með því, að kona þessi fái styrkinn, ef tillaga um það kemur síðar fram hjer í deildinni.

Sjerstaklega er eg samdóma háttv. þm. um verzlunarskólann hjer í Reykjavík, og verð jeg að geta þess, að þó fjárlaganefndin í heild sinni væri honum ekki meðmælt, þá var jeg fyrir mitt leyti meðmæltur honum. En jeg verð jafnframt að geta þess, að jeg er ekki með því, að verzlunarmannafjelagið fengi fjárveitingu til slíks skóla alveg skilyrðislaust. Eins og háttv. samþingismaður minn tók fram, er ekki hægt fyrir menn utan af landi að nota skólann með því fyrirkomulagi, sem ætlazt er til að hann hafi. Menn hafa átt kost á að kynna sjer brjef verzlunarmannafjelagsins hjer inni á lestrarsalnum, og vita því, að ætlazt er til, að skólinn sje morgun- og kvöldskóli, og að hann á ekki að starfa í desember o. s. frv. En með því móti getur hann ekki orðið almennur verzlunarskóli, eða fyrir alla verzlunarstjett landsins. Þessvegna verður að hafa það í skilyrði, að hann starfi allan veturinn, og að þar verði kennt að minnsta kosti 4 stundir á hverjum degi — að undanskildu jólaleyfi og öðrum vanalegum leyfum og frium.

Þessu máli hefur verið hreift í Norðurlandi, bæði í Húnavatnssýslu, Skagafirði og á Akureyri, og hafa menn jafnvel viljað setja upp verzlunarskóla á Akureyri, þó ekki sje nú orðið af því enn. En jeg álít heppilegast að byrja á þessu hjer í Reykjavík, því þá eru líkur til, að viðtækust not yrðu að skólanum, svo framarlega sem honum yrði komið fyrir á líkan hátt, og jeg benti á. Þetta segi jeg ekki vegna þess, að jeg vilji sjerstaklega hlynna að Reykjavík á kostnað annara hluta landsins, eins og einn háttv. þm. skaut

að fjárlaganefndinni í dag, um leið og hann brá henni um hlutdrægni, nærsýni og ýmislegt fleira, sem eg vona að háttv. framsm. nefndarinnar vísi alvarlega á bug, eins og jeg hjer með leyfi mjer að gjöra, að minnsta kosti fyrir mitt leyti.

Svo vildi jeg leyfa mjer að víkja fáeinum orðum að búnaðarþingsfulltrúakosningunni. Hæztv. ráðherra mælti með því, að ákvæðið um þessa kosningu í fjárlagafrumv. stjórnarinnar fengi að standa. Eins og nú standa sakir, er þetta ákvæði alveg þýðingarlaust, því gildandi ákvæðum um kosningu þessara fulltrúa verður ekki breytt nema með breytingu á lögum búnaðarfjelagsins. Jeg get ekki ímyndað mjer það, að þinginu geti til hugar komið, að neyða þessum fulltrúum upp á fjelagið gagnstætt lögum þess og þvert ofan í skýlausa yfirlýsingu búnaðarþingsins síðasta. Eigi þetta að geta farið fram á löglegan hátt, þá þarf samþykki búnaðarþingsins til þess, en það kemur ekki saman fyr en 1907, svo þetta ákvæði verður alveg þýðingarlaust á þessum fjárlögum, því þá fyrst væri hægt að koma breytingunni á. Þessvegna fyndist mjer rjett að undirbúa málið, þangað til næsta búnaðarþing kemur saman.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) fannst þetta vera »lítið mál«. Já, reyndar er það ekki mjög stórt, en þó gæti það haft all-alvarlegar afleiðingar fyrir búnaðarfjelagið. Fulltrúarnir eru 12 alls. Þar af kjósa amtsráðin nú sína 2 hvert, og er ætlazt til, að þingið kjósi þá eptirleiðis; verða það þá einir 4 fulltrúar, sem fjelagar eða aðalfundur kýs. Þar sem nú aðalfundur er haldinn hjer í Reykjavík, þá verða það að eins fjelagar hjer á Suðurlandi, sem geta haft áhrif á stjórn og gjörðir fjelagsins. Hinir gætu hvorki haft bein nje óbein áhrif á slíkt, og væri það næsta ósanngjarnt og ranglátt.

Ef þingið kýs fulltrúana, þá er viðbúið, að pólitískir flokkar þingsins gjörðu kosninguna að flokksmáli, og yrði það til lítils hagnaðar fyrir framfarir búnaðarins í þessu landi. Búnaðarfjelagið er praktískt fjelag og á að vera það samkvæmt sínu innsta eðli og ætlunarverki, og komist pólitískur flokkadráttur líka inn í það, þá væri það illa farið. Jeg get þessvegna ekki, hversu feginn sem jeg vil, mótmælt því nógu kröptuglega, að þetta fyrirkomulag nái nokkurn tíma fram að ganga, því jeg er sannfærður um, að það verður aldrei til annars en tjóns fyrir fjelagið og framfarir búnaðarins.

Jeg álít heppilegast, að hver fjórðungur fyrir sig eða fjórðungsbúnaðarfjelag kysi 2 fulltrúa á búnaðarþingið, eins og háttv. Borgf. (Þ. B.) hjelt fram, því þá yrðu þeir kosnir af þeim mönnum, sem sjálfir hafa áhuga á málinu og njóta ávaxtanna af starfi fjelágsins.

Það hefur verið tekið fram, að óviðfeldið væri, að fá búnaðarfjelaginu svo mikið fje í hendur, án þess að stjórnin hafi eptirlit með því, hvernig því er varið. En stjórnin getur vel haft eptirlit með þessu. Búnaðarþingið semur nákvæma áætlun um tekjur og gjöld fjelagsins og leggur hana fyrir alþingi. Fjárlaganefndin getur svo vel sjeð, hvað við fjeð á að gjöra; hún getur lækkað tillagið, þar sem henni sýnist, og hækkað það, þar sem henni þykir það við eiga, svo engin vandræði ættu að vera við það. Hún getur liðað áætlunina sundur lið fyrir lið og tætt hana sundur ögn fyrir ögn, og yfir höfuð gjört við hana hvað sem henni þóknast.

Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um

þetta, en vona, að háttv. þm. skilji mig rjett. Það er langt frá því, að jeg hafi ímyndað mjer, að stjórnin hafi ætlað sjer að koma pólitiskum flokkadrætti að í búnaðarfjelaginu. Og jeg held þessu ekki fram, að eins vegna þeirra flokka, sem nú eru í landinu, heldur vegna allra flokka, sem koma til að vera hjer í meiri hluta bæði fyr og síðar, lengur eða skemur, því það væri mjög sorglegt, ef pólitiskur flokkadráttur þyrfti að verða svo góðum fjelagsskap, sem þessi er, að meini.

Fyrst jeg stóð upp, þá vildi jeg minnast einu orði á sandgræðsluna, áður en jeg sezt aptur.

Hæztv. ráðh, mælti mjög fagurlega um það efni, og fannst mjer sem það væri talað út úr mínu eigin hjarta. En engu að síður er jeg þó nokkuð hikandi í því máli. Viðfangsefnið er eitthvað svo stórt, en við, aumir menn, svo litiir, að það er öll von til þess, að okkur rísi hugur við, að sjá of fjár hverfa ofan í sandana, án þess að vita, hvað upp af því kann að spretta, eða hvort það verður nokkuð.

Þegar byrjað var á skóggræðslunni, þá höfðu menn ekki hugmynd um, hvers þurfti með. Fyrst voru lagðar fram 6,000 kr., síðan 11,000 og nú síðast 16,000. En árangurinn, hann er óviss enn.

Þegar maður horfir á og hugsar um land, sem er að blása upp og eyðileggjast, þá er það mjög sorglegt og sárt. En eins gleðilegt er það, að sjá grasið gróa á jörð, sem ekkert er að gjört; og svo er fyrir að þakka, að slíkt skeður víða hjer á landi, þó víða blási upp. Það eru nú einusinni lög náttúrunnar, að landið klæðist og afklæðist jarðvegi til skiptis, þó ekki komi það fyrir hvert kvöld og hvern morgun.

Ef hægt væri að græða upp sanda landsins með litlum tilkostnaði, þá væri alls ekkert á móti því, en jeg trúi því ekki að það verði gjört, nema með ærnum kostnaði. Og þegar jeg lít á stóru landflákana okkar, sem liggja lítt notaðir, en ljett er að rækta, þá hika jeg við, að leggja hönd að sandgræðslunni, sem víðast hvar hlýtur að verða erfið og kostnaðarsöm. Við eigum nóg af lyngmóum, grasmóum, sljettum grundum og stórum mýraflákum, sem auðið væri að rækta með litlum tilkostnaði og til mikils arðs. Eins og hagur okkar stendur nú, yrði okkur notasælla, að leggja rækt við slíkt land; við megum ekki og eigum ekki, að láta það enn bíða áratugi eptir ræktun, sem legið hefur óræktað og lítt notað um margar aldir.

Jeg efast því ekki um, að hyggilegra sje, að láta heldur eitthvað af söndunum bíða. Nokkuð af þeim grær upp aptur af náttúrunnar völdum, en sjálfsagt er að hjálpa henni til, þar sem þess er kostur án mikils tilkostnaðar.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg get ekki verið samþykkur háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.). Jeg álít, að þessi viðaukatill. sje nauðsynleg, að alþ. kjósi fulltrúa búnaðarfjelagsins. Það er ekki hægt að gjöra það á þessu þingi, en þingið 1907 þarf að gjöra breytingu í þessa átt.

Það má ekki skilja orð mín svo, að jeg sje ekki ánægður með fulltrúa búnaðarfjelagsins. En það er valt að treysta á það, að það verði allt af jafn góðir menn og þar eru nú. Í fjárlögunum er búnaðarfjelaginu ætlaðar 92 þús. kr., og þó hefur alþingi engin áhrif á fulltrúakosninguna. Frá ömtunum fær það 2 þús. kr. alls, og amtsráðin ráða fulltrúakosningum; er nú nokkur sanngirni í því, að þar sem landið leggur fram 92 þús., en ömtin 2 þús., þá skuli alþingi ekki ráða neinu, en ömtin öllu um fulltrúa-

kosninguna? Það er hægt að segja eins og háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), að þingið geti haft öll ráðin; en það verður ekki í framkvæmdinni. Búnaðarþingið er búið að ráðstafa þessu fyrir fram.

Þegar þingið veitir einu fjelagi svona mikið fje, þykir mjer rjett, að þingið sleppi ekki alveg atkvæði um það, hvernig því er varið; jeg segi líka alveg sama um sjómannasjóðinn; mjer þykir það mjög athugavert.

Svo jeg líti á, hvernig kosning fulltrúa búnaðarfjelagsins fer fram, þá kjósa búendur sýslunefndir, og sýslunefndir kjósa úr sínum flokki amtsráðin, amtsráðin aptur úr sínum flokki búnaðarfulltrúa. (*Pjetur Jónsson:* Það verður þá »kraftessens«). Kjósa sjálf sig. Þó að þetta hingað til ekki hafi komið að baga, er það einkennilegt og athugavert.

Komi það í bága við lög búnaðarfjelagsins, að kosningin fari fram eins og hjer er til tekið, þá álít jeg, að það sje nauðsynlegt, að breyta þeim lögum.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.). Út af ræðu hins háttv. þm. Húnv., og annara, ætla jeg að leyfa mjer að segja nokkur orð. Jeg er alveg mótfallinn því, að þessi till. um kosningu búnaðarþingsfulltrúanna nái fram að ganga. Jeg skil ekki, hvers vegna mönnum er svo annt um, að fá þessari breytingu framgengt, þar sem alls eigi hefur brytt á neinni óánægju yfir því, að þingið hefði eigi nægilega hönd í bagga, að því er fjárframlögur til landsbúnaðarfjelagsins snertir. enda fæ jeg ekki betur sjeð, en að næg trygging felist í því, að fjelagið á allt af undir þingið að sækja, og þarf því allt af að geta varið sínar gjörðir gagnvart því. En sje sú tillaga stjórnarinnar samþykkt, að alþingi kjósi 8 af búnaðarþingsfulltrúunum, þá er pólitíkin leidd inn í búnaðarfjelagið, og getur það orðið til stórskaða, eða jafnvel fjelaginu til niðurdreps. Vjer vitum ofur vel, hvernig þær kosningar munu fara. Það mundi verða á þá leið, að stöku ákafamenn á þinginu mundu kosta kapps um, að ná kosningu í búnaðarþingið, til þess að láta á sjer bera, þó að þeir ekki hefðu meira vit á búnaðarmálum, en kötturinn á sjöstjörnunni, og það yrði ekki affarasælt. Menn tala um, að þetta sje nauðsynlegt, til þess að þingið hafi hönd í bagga með búnaðarfjelaginu. En hvaða trygging er fyrir því, að þeir, sem þingið kysi, færu eptir vilja þingsins? Menn vita þó, að þingmenn, og aðrir, sem kosnir eru til einhvers starfa, fara ekki jafnan mikið eptir vilja kjósenda sinna, eptir að kosningin er um garð gengin; það er fyrst, þegar nota þarf atkvæði þeirra aptur, að orð þeirra eru mikils metin, og sjálfsagt, að sinna öllum óskum þeirra. — Nægir í þessu efni að benda á áskoranir þær, er alþingi hafa borizt í sumar um ritsímasamninginn. — Enn fremur má og minna á það, að enda þótt þingið kjósi gæzlustjóra landsbankans, hefur það þó engin ráð yfir því, hvernig stjórn bankans sje háttað; þingið hefur t. d. ekki einu sinni getað fengið því framgengt, að fullnægt sje ákvæðum gildandi laga, t. d. um stofnun útibús á Seyðisfirði. Þess utan er þess að gæta, að búnaðarfjelagið hefur í einu hljóði lagt á móti þessari tillögu stjórnarinnar, og telur hana mjög óheppilega, enda miklu heppilegra, ef amtsráðin verða lögð niður, að fela sýslunefndunum kosningu búnaðarþingsfulltrúanna, eða þá ræktunarfjelagi Norðurlands, búnaðarfjelaga sameiningu Austuramtsins og

líku fjelagi, er rísa kynni upp í Vesturamtinu.

Jeg vona því, að háttv. þingdm. hafi það hugfast við atkvæðagreiðslu sína, hvað landinu er fyrir beztu, því að ella liti næstum svo út, sem sá flokkur, sem völdin hefur, sje svo valdfikinn, að hann geti ekki einu sinni sjeð búnaðarfjelag landsins í friði, en þurfi fyrir hvern mun að eiga víst. að geta komið sínum mönnum þar að, sem víðar.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson) (þm. S.-Þing.): Út af ræðu h. hæztv. ráðh. hef jeg ekki mikið að segja. Viðvíkjandi tillögunni um búnaðarfjelagið hefur verið rætt svo mikið fram og aptur, og komið fram svo mismunandi skoðanir, að jeg mun ekki leggja þar orð í belg. Hæztv. ráðherra minntist á breyt.till. fjárlaganefndar um að fella úr 15. gr. 11. lið styrk til þess að nema »Kunstflid« í Danmörku. Jeg skal játa það, að svo lítur út sem þeir, sem eiga sæti í fjárlaganefndinni núna, sjeu heldur kvennfælnir; fjárlaganefndin hefur synjað öllum fjárveitingum til kvenna, nema styrk til kvennaskólanna, og þó fengið ákúrur fyrir þá líka. Það er aldrei nema gott að vera ekki mikið upp á kvennhöndina, jeg tek því þessu rólega.

En það, sem vakti fyrir nefndinni, var ekki neinn sýningargorgeir, jeg skal taka það fram, heldur hitt, að nefndinni var ekki ljóst, að þessar utanfarir hefðu nokkra verulega þýðingu í samanburði við margar aðrar, sem sótt er um styrk til árangurslaust.

Ef allar þær mögulegu og ómögulegu ástæður, sem færðar eru fyrir öllum þessum málaleitunum til þingsins, væru dregnar upp á eitt talnaband, þá held jeg, að það væri ekki mikil virðing, sem hægt væri að bera fyrir öllum þessum »sjerstöku ástæðum«.

Hæztv. ráðherra minntist á lánsheimild til skipakvíar á Akureyri; það er ekki ástæða til fyrir nefndina, að vera á móti þessu, ef hæztv. ráðherra sýnist það fært, því að í rauninni er það stjórnin, sem mun hafa mestan veg og vanda af þessum lánum. En jeg mun seinna víkja að því. Jeg vil geta þess enn fremur, að jeg ætla ekki að mæla nein orð til þess að rýra þetta fyrirtæki í augum háttv. þingdm.; það var ekki í því skyni, að nefndin vildi stryka út þetta lán, heldur til þess, að ekki yrði of mikið af þessum lántökuheimildum. En jeg verð þó að geta þess um þessa skipakví, að það hefur ekki verið hlýtt skilyrðum alþingis 1903 um það, að líta eptir þeim stöðum öðrum við Eyjafjörð, sem hentir væru til skipakvíar; þessu hefur að minnsta kosti ekki verið hlýtt enn þá. Fyrir fjárlaganefndinni var hin eina tryggingin fyrir því, að skipakvíin væri ekki illa sett í Oddeyrarbót, sú, hve mikið menn vildu leggja á sig til þess að fá hana. En eptir kunnugleika nefndarmanna virtist þeim engin hætta á því, að staðurinn væri ekki vel valinn, vegna þess að pollurinn er opt frosinn á vetrum. Það hafa líka verið mjög skiptar skoðanir um þetta meðal Eyfirðinga sjálfra, það sjest bezt á blöðunum, og það er spursmál, hvort hún yrði notuð, ef notkunargjald fyrir skipin yrði svo hátt, sem þarf.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) mælti með sinni breyt.till. um verzlunarskóla. Hjelt hann fyrst fyrirlestur um, hvaða þýðingu sjermenntun hefði, og tók það fram, að svo liti út, sem mönnum væri ekki full-ljóst, hvaða þýðingu verzlunarstjettin hefði. Jeg svara því

frá mínu eigin brjósti á þá leið, að jeg hygg, að hann hafi ekki hugsað um það efni *meira* en jeg hef gert. — Hins vegar er okkur ekki hægt, að leiða saman hesta okkar um það efni að þessu sinni, til þess er enginn tími. — Nefndin veitti þetta fje til þess, að hlutaðeigendur gætu notið kennslu í fristundum sínum, en framar ætlaðist hún ekki til. Einn nefndarmanna hefur látið aðra skoðun í ljósi en jeg hef um þetta mál, hina sömu skoðun, sem hann hreyfði í nefndinni.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði, að það yrði að taka tillit til þess, hve þessi verzlunarstjett væri fjölmenn. — Það er alveg satt, að hún er fjölmenn, en hún er að minni ætlun *allt of* fjölmenn; jeg tel stóran skaða að því, hve margir flykkjast til þess atvinnuvegar. En það liggur ekki fyrir þessu þingi, að bæta verzlunarstjettina frá því sjónarmiði, sem henni yrði bóta auðið.

Sami háttv. þm. mælti með styrk og láni til iðnskólans. Fjárlaganefndinni er ekkert kappsmál, að hindra það, en það virðist ekki nein frágangssök, að fá lánið í bankanum, og það því fremur, sem formaður nefndarinnar, sem er bankastjóri, sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að lánið fengist.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr.) mælti með styrk til iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri, sem von var til; jeg fyrir mitt leyti er ekkert á móti því, að þetta fjelag fái einhvern styrk; en það var ein setning, sem jeg kunni ekki við í ræðu hans, á þá leið, að ef iðnskóla væri nauðsynlegt að styrkja í Reykjavík, þá væri það einnig á Akureyri. Því er þar til að svara, að þó að bann sje nauðsynlegur á báðum stöðunum, þá getur hann verið miklu nauðsynlegri á öðrum staðnum,. og það blandast víst engum hugur um það, að hann er það í Reykjavík.

Það mætti æra óstöðugan, að minnast á allar þær ræður, sem haldnar hafa verið, en jeg vil þó drepa á nokkrar fleiri.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) mælti fyrir láni til nýrrar raflýsingar í Hafnarfirði. Jeg skal játa, að það er ekkert kappsmál fyrir nefndinni, að vera á móti þessari lánsheimild, og ekkert kapp mun verða lagt á það, að fella till.; en hinn háttv. þm. sneri út úr orðum mínum og sagði, að jeg hefði borið fyrir þrjár ástæður á móti þessu láni; jeg færði eiginlega að eins eina ástæðu, en þm. klauf hana í þrennt, til þess að geta svarað henni í þrennu lagi. Ástæðan var sú, að raflýsingin í Hafnarfirði hefði borið sig vel, og gæti því staðið straum af láni úr banka, sem væri auðfengið, þegar annað eins sveitarfjelag og Garðahreppur eða Hafnarfjörður gætu staðið á bak við, en bankarnir stæðu með fram boðnar hendur.

Háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.) gjörði athugasemdir út af till. nefndarinnar um styrk til búnaðarskólanna; þessu hefur háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) svarað. Jeg þykist hafa tekið eptir því, að óánægja hans stafi af misskilningi á till. nefndarinnar, og vona jeg, að hann fallist á þær, þegar hann athugar þær betur.

Hann var að tala um, að veittar væru 92 þús. kr. til búnaðarfjelags Íslands, ef till. nefndarinnar væru samþykktar; þetta er ekki allskostar rjett, þó ekki muni miklu; það, sem veitt er til kennslu í mjólkurmeðferð, er veitt í sjerlegu augnamiði, og sjer í lagi búnaðarfjelag Íslands hefur ekki annað af því að segja, en að sjá um skólann og bera það, sem styrkur þessi ekki hrekkur til. Jeg er á sama máli og hann um það, að óviðfelldið væri,

að fella burtu styrk til búnaðarskólans í Ólafsdal síðara árið, ef lög um bændaskóla yrðu felld í Ed. og hinir skólarnir stæðu svo óbreyttir, eins og þeir eru nú. En hins vegar mun það enginn skaði fyrir skólastjórann. að hafa minni styrkinn (1,500 kr.) síðara árið og vera laus við vetrarskólahaldið.

Viðvíkjandi styrknum til stórskipabryggju í Stykkishólmi, þá skal jeg taka það fram, að við nýja áætlun, sem gjörð var um bryggjuna, varð hún miklu dýrari, en áætlað var í fyrstu; það er gjört ráð fyrir, að hún muni kosta 32 þús. kr., og virðist mjer ekkert varhugavert að veita þennan styrk, þar sem hlutaðeigendur hafa lofað að leggja fram það, sem á vantar; því það er einmitt sú bezta trygging fyrir því, að fyrirtækið sje stofnað af viti, þegar kauptúnið vill leggja svo mikla upphæð til þess.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) þótti nefndin treg að ganga inn á að veita stjórninni heimild til útlána; það getur nú vel verið, að til lítils sje að standa á móti straumnum með þessar lánsheimildir. En jeg fæ ekki betur sjeð, heldur en rjett sje, að reyna að takmarka hann eptir megni, og vona jeg, að háttv. þm. átti sig á því. Það er lítill vafi, að landið sjálft þarf að halda á talsverðum fjárupphæðum eptir þetta þing um fram það, sem á fjárlögunum stendur, verði ýms af frv. þeim, er fyrir því liggja nú, að lögum; jeg skal að eins nefna til dæmis rúmar 200 þús. kr. til bygginga, 90 þús. kr. til geðveikrahælis, c. 40 þús. kr. til kennaraskóla, talsvert til bændaskóla o. s. frv.; verði frumv. um þessi fyrirtæki að lögum, þá mundi koma talsvert skarð í viðlagasjóð; hann er ekki svo stór, að hann geti ekki tæmzt. Það var að vísu sýnt fram á það 1903, að segja mætti upp lánum, ef á þyrfti að halda, en það er ekki heppilegt að segja upp miklu af lánunum, nema með góðum afborgunarskilmálum, og þá nemur ekki sjerlega miklu það, sem inn kemur.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Fjárlaganefndin hefur lagt til, að fella burt heimild þá, er farið er fram á í stjórnarfrumv. til lánveitingar til skipakvíar í Oddeyrarbót. Þar sem þetta auðsjáanlega stafar af því, að nefndinni er ókunnugur undirbúningur þess máls, sem stjórnin hefur byggt á sínar tillögur, þá finn jeg mjer skyldugt að gefa þar upplýsingar, þar sem jeg hef verið mikið riðinn við málið nú þetta árið.

Eins og heimildin er orðuð í gildandi fjárlögum, er hún ómöguleg. Rannsókn þarf á skipakvíarstæðum »við Eyjafjörð«, en ekkert er sagt um, hver eigi að framkvæma hana, og ekkert fje veitt til ransóknarinnar. Þegar hafnarnefndin í fyrra ætlaði að fá þetta rannsakað af verkfræðing Jóni Þorlákssyni, þá var hann ekki fáanlegur til þess, og þessvegna hlaut þetta að stranda. — Auk þess er það fráleitt ákvæði, að ætla að spyrða sýsluna og bæinn á þessu fyrirtæki, þar sem ekki fara saman hagsmunir beggja, heldur þvert á móti. Þörfin á skipakví auk þess lítil út með firðinum, en mikil á Akureyri, því þar eiga skipin flest heima.

Svo er málið tekið á ný til athugunar í vetur af bæði bæjarstjórn og sýslunefnd, og þá kom það í ljós, að bæjarstjórnin er einráðin í því, að fá þessu framgengt; en sýslunefndin tók það fram, að hún að svo komnu ekki áliti heppilegt fyrir sýsluna, að ráðast í svo stórt fyrirtæki án liðsinnis kaupstaðarins, og að hún teldi betra en ekki, að skipakví yrði byggð á Akureyri. Sýslunefndin lagði það því til,

að lánið yrði veitt til skipakviar á Akureyri, og gegn ábyrgð kaupstaðarins, en sýslan eigi frekar flækt inn í málið.

Það er dálitið merkilegt, að setja svona lagaða heimild inn í fjárlögin, sem fyrirsjáanlega er ómögulegt að orðið geti að gagni, en hitt er þó merkilegra, að vilja stryka hana burtu, þegar búið er að lagfæra hana svo, að líkindi eru til, að hún verði að gagni.

Jeg skal í sambandi við þetta mál geta þess, að bæjarstjórnin á Akureyri byggir á þessu sumri hafskipabryggju, sem verður annar armur skipakviarinnar. Hún kostar c. 34,000 kr., og til þess verks er ekkert veitt.

Það eru nú svo margar breyt.till. við 15. gr., að ef jeg vildi fara að tala um þær, þá yrði það langt mál.

Það er að eins ein breyt.till. önnur við 15. gr., sem jeg vildi minnast á, nefnilega till. frá hæztv. ráðh. um fjárveitingar til sandgræðslu; jeg legg mikla áherzlu á það mál, og mun eindregið gefa því fylgi mitt; einn háttv. þm. sagði, að sandgræðsla væri svo kostnaðarsöm í samanburði við árangurinn af henni. Þessu get jeg alls ekki verið samdóma háttv. þm.

Jeg hef búið í 13 ár rjett skammt frá stöðvum, þar sem slík tilraun var gjörð, Stjórnar-sandi svonefndum, milli Landbrots og Síðu; áveitan kostaði um 2,500 kr., og viðhaldið árlega 30—50 kr. utan einu sinni lítið eitt meira. Jeg get fullyrt hjer, að á árunum 1893—1904 hefur gróið upp land, sem svarar fullkominni meðaljörð, og þar að auki hefur þessi áveita, eða sandgræðslutilraun, orðið til þess að verja 4 eða 5 aðrar jarðir fyrir skemmdum; þar hafa gróið upp landspildur, sem áður voru farnar að blása upp; það er ómögulegt að segja nú, hversu mikið þær hefðu skemmzt, ef tilraunin hefði ekki verið gjörð.

Árið 1903 veitti þingið, búnaðarfjelagið og hlutaðeigandi sýslufjelög og hreppar stórfje til sandgræðslu hjer á Suðurlandi, í Skaptafellssýslu, en því miður varð ekki af framkvæmd verksins; manninn vantaði, sem hægt væri að trúa fyrir slíku verki. En það er vonandi, að málinu verði hreyft á sínum tíma, þegar hægt verður að fá hæfan mann til þess að framkvæma og standa fyrir verkinu.

Jeg vil kröptuglega mæla með því, að lögð sje stund á að græða upp sanda og hepta sandfok. Jeg fullyrði hiklaust, að það ber góðan árangur, og þykist geta talað þar af eigin sjón og reynd.

ATKVGR.:

15. gr.

55. Breyt.till. (244) við 1, a. sþ. með 16 atkv.

56. Breyt.till. (244) við 1. a. sþ. með 18 atkv.

57. Breyt.till. (244) við 1. c. sþ. með 20 atkv.

3. Breyt.till. (354) við 1. c. sþ. með 16 atkv.

4. Breyt.till. (354) við 1. e. felld með 13 atkv. gegn 12 að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkv.gr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónass.,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Jóhannes Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Magnús Andrjess.,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
St. Stef. 2. þm. Skgf.,	Ólafur Ólafsson,
Tryggvi Gunnarss.,	Ólafur Thorlacius,
Þórh. Bjarnarson.	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.

Breyt.till. (341) við 1. f. viðb. sþ. með 17 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli vegna óglöggrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Jón Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jóh. Ólafsson,	St. Stef., 2. þm. Eyf.
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

58. Breyt.till. (244) við 3 b felld með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Hafstein,
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Herm. Jónasson,
Ólafur Ólafsson,	Jóh. Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus,	Lárus H. Bjarnason,
Pjetur Jónsson,	Magnús Andrjess.,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss.,
St. Stef., 2. þm. Skf.,	Ólafur Briem,
Þórh. Bjarnarson.	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.

59. Breyt.till. (245) við 4. sþ. með 17 atkv.

60. Breyt.till. (244) við 5. sþ. með 19 atkv.

1. Breyt.till. (326) við 7 sþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Ólafsson,
Jón Jónsson,	Magnús Andrjess.,
Lárus H. Bjarnas.,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Ólafsson,	Ólafur Briem,
Pjetur Jónsson,	Ólafur Thorlacíus,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen.
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. Breyt.till. (326) við 7. aths. sþ. án atkvgr.

61. Breyt.till. (244 við 7. viðb. sþ. með 19 atkv.

3. Breyt.till. (310) við 7. viðb. sþ. með 13 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðl. Guðmundss.,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Herm. Jónasson,	Jóh. Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Jón Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	Magnús Andrjess.,
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus,	Pjetur Jónsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	Skúli Thoroddsen,
St. Stef., 2 þm. Skf.,	Tryggvi Gunnarss.,
Þórh. Bjarnarson.	

1. Breyt.till. (325) við b 1 br.til (244) við 7 felld með 19 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Eggert Pálsson,

Já:	*Nei:*
Lárus H. Bjarnas.,	Einar Þórðarson,
Magnús Kristjánss.,	Guðl. Guðmundss.,
St. Stef., 2. þm. Skf.	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóh. Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Magnús Andrjess.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

5. Breyt.till. (354) við 8. (nýr liður) sþ. með 22 atkv.

62. Breyt.till, (244) við 8. (orðabr.) sþ. með 17 atkv.

63. Breyt,till. (244) við 11. sþ. með 15 atkv.

64, Breyt.till. (244) við 11. (nýr liður) sþ. með 18 atkv.

65. Breyt.till. (244) 12. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (285) við (244) 15. viðb. sþ. með 13 atkv.

66. Breyt.till. (244) 15. viðb. sþ. með 18 atkv.

67. Breyt.till. (244) tekin aptur.

68. Breyt.till. (244) viðbót sþ. með 18 atkv.

15. gr. sþ. í einu hljóði.

16. — — - — —

69. Breyt.till. (244) við 17. gr. sþ. með 21 atkv.

70. Breyt.till. (244) við 17. gr. sþ. með 20 atkv.

71. Breyt.till. (244) við 17. gr. sþ. 21 atkv.

72. Breyt.till. (244) við 17. gr. sþ. með 21 atkv.

17. gr. sþ. í einu hljóði.

18. gr. sþ. í einu hljóði.

73. Breyt.till. (244) við 20. gr. (4. málsgr.) sþ. með 23 atkv,

74. Breyt.till. (244) við 20. gr. (4. málsgr.) sþ. með 21 atkv.

75. Breyt.till. (244) við 20. gr. (Oddeyri) felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Herm. Jónasson,	Björn Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Eggert Pálsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Einar Þórðarson,
Pjetur Jónsson,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Björnsson,
St. Stef., 2. þm. Skf.,	Hannes Hafstein,
Tryggvi Gunnarss.,	Jóh. Ólafsson,
Þórh. Bjarnarson,	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.

76. Breyt.till. (244) við 20. gr. (Klæðav.) felld með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðn nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Jón Jónsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Kristjánss.,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Herm. Jónasson,
Pjetur Jónsson,	Jóh. Ólafsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stef., 2. þm. Skf.	Magnús Andrjess.,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacius,
	Skúli Thoroddsen,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

77. Breyt.till. (244) við 20. gr. (Fjalar) sþ. með 23 atkv.

78. Breyt.till. (244) við 30. gr. (O. Nessö) sþ. með 13 atkv.

2. Breyt.till. (319) viðb. við 20 gr. (Reykdal) sþ. með 14 atkv.

3. Breyt.till. (326) viðb. við 20. gr. (Iðnskóli) felld með 16 atkv. gegn 9, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Bjarnarson,
Jóh. Ólafsson,	Einar Þórðarson,
Ólafur Briem,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Ólafsson,	Hannes Hafstein,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	Hannes Þorsteinss.,
St. Stef., 2. þm. Skf.	Herm. Jónasson,
Tryggvi Gunnarss.	Jon Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Þórh. Bjarnarson.

20. gr. sþ. í einu hljóði.

Þá var tekin fyrir 12. gr. D, er áður hafði verið frestað. Hjeldust umræður um hana til kl. 3 síðdegis, en þá var fundi frestað til kl. 5 síðdegis og hann þá aptur settur. Allir deildarmenn við. Umræðunum um 12. gr. D, var haldið áfram til $8^1/_4$, en þá gaf forseti einnar stundar fundarhlje. Kl. $9^1/_4$ síðdegis hófst fundurinn aptur og stóð óslitinn til kl. $3^1/_2$ um nóttina. Allir fundarmenn sátu fuudinn á enda, nema Magnús Andrjesson; hann var því ekki við, er atkv. voru greidd.

(Sjá A, 301, 338, 340, 363, 364).

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla mjer ekki að tefja fundinn með langri ræðu um þetta mál, en leyfa mjer að skírskota til frh. af nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndarinnar, sem jeg vona að háttv. þm. hafi lesið og kynnt sjer rækilega.

Það vill svo vel til, að önnur nefnd hefur athugað þetta mál svo ýtarlega, að ekkert einstakt mál hefur orðið fyrir slíkri meðferð, og leyfi jeg mjer því að skírskota til háttv. framsm. meiri hluta þeirrar nefndar.

Jeg vil að eins geta þess, að á bls. 4 í nefndarálitinu neðarlega stendur »verðhækkun«, en á að vera »verðlækkun« og bið jeg háttv. deild að taka það til greina og leiðrjetta það.

Jeg býst við að taka síðar til máls bæði fyrir hönd fjárlaganefndarinnar og mína eigin, en ætla ekki að fjölyrða meira eða lengja umræður að sinni.

Framsögumaður meiri hl. nefndarinnar í hraðskeytamálinu, Guðl. Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Þetta mál er að mörgu leyti eitt hið einkennilegasta mál, sem þingið hefur haft til meðferðar, og vona jeg, að engum dyljist það, að það er eitt þýðingarmesta og viðtækasta velferðarmál þjóðarinnar, sem það hefur fjallað um, allt til þessa dags.

Þessvegna vona jeg einnig og óska, að allir háttv. þm., sem leggja eitthvað til þessa máls í dag með orðum eða atkvæðum, hafi það hugfast, að á þeim hvílir sjerstaklega mikil ábyrgð gagnvart landi og þjóð í þessu máli.

Það vill svo vel til, að í þessu máli eru »fjórir tígulkongar í spilinu« — ef svo mætti að orði komast — í því eru fjórir »ódauðlegir« ræðumenn: 2 fyrir hönd nefndarinnar í hraðskeytamálinu, einn fyrir hönd fjárlaganefndarinnar og einn fyrir hönd stjórnar-

innar, og veit jeg ekki dæmi til, að í nokkru máli áður hafi staðið svo á.

Það dylst engum, sem áhuga hefur á framförum þessa lands og velferð þessarar þjóðar, að hraðskeytasamband við menningarlönd heimsins er eitt af aðalskilyrðum þess, að við getum framvegis talizt í flokki menntaðra þjóða. Á því veltur að mjög miklu leyti það, hvort við eigum að halda áfram að vera fásjeður — en að vísu all-merkilegur — þjóðernisforngripur hjer út á hala veraldar, eða við eigum að komast inn í straum nútíðarmenningarinnar og taka okkar þátt í þeirri miklu baráttu fyrir andlegum og efnalegum framförum, sem nú *er* háð og *verður* háð um allan hinn menntaða heim.

Það sjest glögglega á þingtíðindunum, að óskir um, að komast í hraðskeytasamband við önnur lönd, hafa lifað og verið sívakandi hjá þingi og þjóð um síðustu 14 ár, og áhuginn á því hefur farið vaknandi ár frá ári. Það hafa komið fram sterkar óskir og jafnvel skipanir til þeirra manna, sem haft hafa landsstjórnina á hendi á síðustu árum, um það að koma þessu máli *í framkvæmd* sem allra fyrst. Og öll þessi 14 ár — síðan háttv. sessunautur minn (Sk. Th.) hreifði þessu á þingi 1891 — hefur bardaginn verið háður með kappi og áhuga og aldrei fallið niður. Jeg ber engar brigður á það, að opt hafi verið talað of mikið, en hugsað of lítið um afleiðingarnar; og það er mjög eðlilegt, því engin von er til þess, hvorki af þingi nje þjóð, að þau sjeu nógu þroskuð enn þá til að sjá og skilja greinilega, hve mikil ábyrgð fylgir öllum óskum og umbótakröfum í slíkum stórmálum, sem þetta er. Þess vegna er einmitt svo eðlilegt, að mönnum stundum falli allur ketill í eld, þegar menn sjá, hve þungar skyldur fylgja uppfyllingu stórra óska, þegar til alvörunnar kemur. Það er allt af mjög hætt við þessu. Og jeg þekki það vel af eigin reynslu, þar sem jeg þykist hafa tekið minn þátt í bardaga undanfarandi ára um stórmál þjóðarinnar. Stjórnarskrárbaráttunni og bardaganum um þetta mál svipar hjer nokkuð saman, og það er mjög eðlilegt, því einmitt í slíkum stríðum koma óskir og kröfur fram í sterkustum myndum, og þar er hættast við, að menn aðgæti ekki hina hliðina nógu vel fyrirfram og bresti svo þrek og þor, þegar til alvörunnar kemur, hversu fegnir, sem menn vilja fá óskir sínar uppfylltar og sjá fagrar vonir sínar rætast.

En þó að mönnum nú vaxi í augum kostnaðurinn við að fá hraðskeytasamband við önnur lönd og innanlands, þá er það þó einróma rödd um land allt, að við eigum að fá það, og bardaginn fyrir því sje ekki látinn falla niður, hvað sem annars er, fyr en það bezta, sem um er að gjöra, er fengið; þetta sýna ljóst þingmálafundirnir, sem nefndarálitinu fylgja.

En svo er það ekki að eins kostnaðurinn, heldur einnig gagnið að sambandinu, sem þarf að taka til greina, og það vona jeg að hver og einn hafi fyrir augum, þegar hann greiðir atkvæði um málið.

Jeg þarf ekki að tala frekar um þessi atriði. Um þau er enginn ágreiningur í nefndinni. Öllum kemur saman um að treysta á það fremsta til að fá bæði utanlands og innanlands samband, svo framarlega sem það sje mögulegt.

Jeg verð að geta þess, að það hlýtur að hafa óheppileg áhrif á umræður málsins, að síðari hluta af starfstíma

nefndarinnar gat hún ekki öll unnið saman að því, þar sem hún klofnaði, og var það sjerstaklega kostnaðarspursmálið, sem var því valdandi. Nefndarhlutarnir hafa þessvegna ekki getað borið saman kostnaðaráætlanir sínar, svo að sá samanburður verður að fara fram hjer, en það lengir mikið umræðurnar, enda þótt fjárlaganefndin hafi borið saman álit meiri og minni hluta nefndarinnar og þannig flýtt fyrir, og gjört mönnum hægra með yfirlitið, svo að menn geta vonandi eptir því gjört sjer nokkurn veginn ljósa hugmynd um, hvað rjett er í þessu efni.

Álit beggja hluta nefndarinnar bera þess ljósan vott, að nefndin hefur ekki haft nægan tíma til að athuga málið, enda er það von, þar sem nefndarmenn hafa verið við svo margt annað bundnir, en þetta mál eitt hið margbrotnasta mál, sem fyrir alþingi hefur nokkru sinni legið. Það hefði ekki veitt af öllum þessum tíma óskiptum, ef nefndarálitið hefði átt að vera nógu greinilegt og nógu vel úr garði gjört.

Svo vil jeg snúa mjer að einstökum atriðum málsins, og er þá fyrst að líta á þau aðalatriði, sem í þessu máli hafa hina mestu þýðingu, sem nefndin því byggir dóm sinn á. Aðalatriðin eru þau: Hvert af þeim samböndum, sem til boða standa, er *kostnaðarminnst, gagnlegast* og *öruggast?* Hin atriðin — formhlið málsins: hvort ráðh. hafi haft leyfi til að gjöra samning við »mikla norræna ritsímafjelagið«, og hvort sá samningur sje vel og heppilega gjörður; þau koma fyrst í 2. röð. Þegar búið er að gjöra sjer það ljóst, hvert sambandið, sem kostur er á, er heppilegast, og ef það þá kæmi fram, að þráðsambandið væri of dýrt, eða ónógt, þá kemur fyrst til athugunar, hvort það, sem gjört hefur verið, sje bindandi eða eigi, og þá rís fyrst spurningin um, hvort ripta verði eða ripta beri því, sem gjört hefur verið. En sannist það, að hjer hafi verið heppilega að unnið og haganlega fyrir okkar hönd, þá er stjórnin ekki áfellisverð, enda þótt eitthvað væri út á aðferð hennar að setja. Ef stjórnin, í hvaða máli sem er, vinnur vel fyrir landið, þá á hún að fá staðfestar sínar gjörðir, þá á hún að fá absolution, svo framarlega sem þess er nokkur þörf fyrir hana, strax þegar á þingið kemur. Stjórnin á að geta vænzt eptir rjettsýnum og hlutlausum dómi um verk sín bæði frá með- og mótpörtum sínum.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að þessum 3 höfuðatriðum málsins — *kostnað, gagnsemi, öryggi* — og líta frá þeim sjónarmiðum á hvert tilboð um sig af þeim, er fyrir liggja. Jeg vík fyrst að símasambandinu og kostnaðinum við það, af því að úr því hefur verið gjört mest veður, og um það er mestur ágreiningur. Um það atriði hefur meiri hluti nefndarinnar gjört sjer far, að leita sjer allra þeirra upplýsinga, sem fáanlegar voru, og hefur hún byggt álit sitt á þeim. Hjer fór minni hluti nefndarinnar aðra leið, og hefur komizt að allt annari niðurstöðu. Það skal engan hugsandi mann undra, þó að áætlanir um framkvæmd í slíku verki sjeu umfangsmiklar og þó að því fylgi talsverð fyrirhöfn, að kynna sjer þær, en það verður hver sá að gjöra, sem *vill* afla sjer nokkurrar þekkingar á málinu.

Fyrsti liðurinn á áætluninni er kostnaðurinn við sæsímann: 35,000 kr. á ári í 20 ár; þessi fjárveiting hefur staðið á fjárlögunum í 4 síðustu fjárhagstímabil. Um það er því ekkert að tala, því sú upphæð er föst og ákveðin.

Um kostnaðinn við sambandið milli Hjaltlands og Austurlands er engin ástæða til að fjölyrða, því þar er að eins um ákveðna fjárupphæð að tala, og kostnaður við viðhald á því svæði hvílir ekki á landssjóði; þar er að eins að ræða um árlegt gjald, sem ekki getur hækkað eða lækkað.

Því næst er að athuga sambandið milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, landsíma-línuna og kostnaðinn við byggingu hennar.

Um vegalengdina er ekki neinn ágreiningur milli nefndarmanna, heldur ekki um það, hve mikið efni að þurfi, staura, vír o. fl. í línuna og ekki heldur um verðið á efninu. Það er um hina síðari liði áætlunarinnar, sjerstaklega kostnaðinn við bygging línunnar, sem snerta bygging línunnar. Áður en jeg sný mjer að hinum einstöku atriðum í áætlun minnihlutans, sem er dregin saman í nefndarálitinu bls. 107 (C-deild bls. 819). skal jeg taka það fram, að þar sem háttv. minnihluti heldur því fram, að *engar* rannsóknir hafi fram farið á landlínunni, þá er slíkt fjarri öllum sanni. Það er kunnugt, að verkmeistari Hansson frá Berlín fór um landið frá Seyðisfirði til Reykjavíkur árið 1898 einmitt til þess að rannsaka landsímalínuna. Hann fór fótgangandi mest alla leiðina og gjörði sjer far um að rannsaka hana sem allra bezt. Ritaði hann lýsing á leiðinni og gjörði lauslegar teikningar eða kort yfir hana, og á hans upplýsingum byggði svo danskur maður, Sonne í Kaupmannahöfn, áætlun, er nefndin hefur haft með höndum. Þessi áætlun er vitaskuld á lausum grundvelli byggð, þar sem maðurinn hafði aldrei komið hingað og byggði áætlun sína á upplýsingum annars manns, enda tekur hann það fram sjálfur í áætlun sinni, að hún sje að eins getgáta.

Næstu áætlun gjörir verkmeistari stjórnarinnar, Krarup haustið 1904, og byggir hann að nokkru leyti á rannsóknum Hanssons og áætlun Sonnes. En þar sem þessi maður er einnig allsendis ókunnugur staðháttum hjer, þá er eðlilegt, að áætlun hans, sjerstaklega um kostnaðinn hjer innanlands, sje á veikum grundvelli byggð og athugaverð. Auk þess eru ýmsir póstar í hans áætlun, sem jeg verð að álíta alveg óþarfa. Hann miðar við danska símanetið og leggur t. d. sjerstaka áherzlu á, að stjórnin hafi svo og svo mikið fje til umráða, auk þess sem línan sjálf kostar, til þess að kaupa varaáhöld, nokkurskonar forðabúr (Lagerkonto), til þess að auka við hliðarlínum o. s. frv., án þess að stjórnin þurfi að leita leyfis þingsins í hvert sinn. Þetta er enn þá óþarft hjer, en þessvegna meðal annars er áætlun hans mikið hærri, en áætlanir stjórnarinnar og nefndarinnar.

Með leiðbeiningum landsverkfræðingsins, Jóns Þorlákssonar, hefur stjórnin leiðrjett þessa áætlun og lagt hana til grundvallar fyrir tillögum sínum um landsímakostnaðinn.

Nú á þessu síðastliðna vori hefur norskur símastöðvayfirmaður O. Forberg, tvívegis ferðast alla leiðina frá Reykjavík til Seyðisfjarðar og skoðað hana nákvæmlega. Hann hafði fyrir sjer allar hinar eldri áætlanir og rannsóknir, auk þess, sem honum fylgdi kortgjörðarmaður, kunnugur hjer á landi, frá herstjórnarráðinu danska, sem gjörði jafnóðum kort af allri leiðinni. Á áætlun þessa manns hefur meiri hluti nefndarinnar byggt tillögur sínar að mestu. Jeg vil taka það fram, að þessi maður hefur mikla

reynslu í að byggja landsímalínur í norðanverðum Noregi, þar sem líkt háttar til og hjer. Þar hefur hann sjálfur stöðvar, sem líkt er ástatt með og hjer yrði, undir umsjón sinni, og áætlanir sínar hefur hann gjört með, hliðsjón af þeim áætlunum, sem áður lágu fyrir, og eigin reynslu og rannsókn. Jeg vil því staðhæfa það hiklaust, að það hefur aldrei verið eins vel vandað til neinnar áætlunar um neitt opinbert verk, sem hefur átt að vinna í þessu landi, eins og til þessarar, enda var það nauðsynlegt, þar sem um jafnþýðingarmikið stórvirki er að ræða. Þar sem þessvegna því er haldið fram, að þessi áætlun sje »í lausu lopti« og óáreiðanleg, þá vona jeg, að hugsandi menn skilji, að slíkt er ekki á rjettu byggt.

Svo skal jeg víkja að þeim einstöku atriðum, sem minnihlutinn segir vantalin í *áætlun stjórnarinnar*, bls. 107. (C. 819). Hann miðar sig við þá áætlun, en ekki áætlun meiri hlutans, — jeg hef tekið fram áður, af hverju það stafar.

Um 12. liðinn, 3000 kr. hækkun til tjalda o. s. frv. og 13. liðinn, 2000 kr. hækkun til tjalda, eru nefndahlutirnir samdóma. (*Skúli Thoroddsen:* Ekki samdóma um neitt). Jú, það sjest við samanburð á áætlununum, og það er líka rjett athugað um vexti af fyrirframborgun til ritsímafjelagsins. — Af hinum öðrum atriðum, sem minnihlutinn tilfærir til hækkunar kostnaðinum við bygging landlínunnar, er ekkert byggt á rökum, og skal jeg gjöra grein fyrir því um hvert atriði sjerstaklega.

1. Fyrir flutning frá skipsfjöl.

Minnihlutinn segir, að meiri hlutinn hafi gleymt, að taka tillit til, eða gjöra áætlun um uppskipunarkostnað og ábyrgðargjald fyrir efnið til símans.

Til þessa eru þau svör, að til að flytja 13,680 símastólpa eru áætlaðar 22,000 kr., og það er svo rífleg upphæð, að í henni felst ábyrgðar- og uppskipunar-gjaldið.

Eins og öllum verzlunarmönnum er kunnugt, eru timburfarmgjöld reiknuð eptir standard.

Hver standard er 150—165 teningsfet að rúmmáli, og vanalegt flutningsgjald fyrir standard er 40 kr. Fyrir 40 kr. má alltsvo flytja 165 teningsfet af timbri. Lengri staurarnir eru $3^3/_4$ teningsfet að rúmmáli, en styttri staurarnir $3^2/_3$ teningsfet. Þó nú staurarnir væru reiknaðir til jafnaðar 4 teningsfet, þá sjer maður, að í hverjum standard eru 41 staur. Það mundi því kosta 40 kr. að flytja 41 staur, svo flutningsgjaldið ætti þó ekki að verða yfir 1 kr. fyrir hvern. Nú eru 22,000 kr. ætlaðar til að flytja þessa 13,680 staura, svo 8,320 kr. eru eptir sem ábyrgðar- og uppskipunar-gjald.

2. Húsaleiga.

Engin ástæða er til að gjöra ráð fyrir dýrri húsaleigu fyrir staurana, því engum mundi detta í hug að hýsa þá. Og fyrir kassana, sem ísolatorarnir væru fluttir í, þyrfti tæplega að borga mikið, enda þótt þeir yrðu fluttir í hús um tíma, og sama er að segja um annað, sem inn kynni að verða látið.

Til þessa hefur minnihlutinn gjört ráð fyrir að verja 2,000 kr.

Þessar 2,000 kr. í 2. lið og þær 4,650 kr., sem ætlaður er fyrir flutning á staurum o. fl. frá skipsfjöl í 1. lið á áætlun minnihlutans, ættu því að falla burt.

Það er engin ástæða til að veita þetta fje til húsaleigukostnaðar, enda þótt dótið — ef jeg mætti segja svo — kæmi hálfum mánuði eða svo, áður en það yrði notað. Til slíkra smá-

muna er engin ástæða til að veita stjórninni heimild fyrir svo miklu fje.

3. Vantalið fyrir staurafluting.

Þá kem jeg að einu deiluatriði, sem eiginlega er aðalágreiningsatriðið milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar. Það er kostnaðurinn við flutning á staurunum frá uppskipunarstaðnum og þangað, sem þeir eiga að standa. Þann kostnað vill minni hlutinn reikna 10 kr. á hvern staur, en stjórnin aðeins 3 kr. Ingeniör Forberg hefur áætlað kostnaðinn $3^1/_2$ kr. á hvern staur, og meiri hlutinn hefur fallizt á það, og telur það vafalaust nægilegt. Meiri hluti nefndarinnar telur öldungis óþarft að veita stjórninni meira fje til þessa, því eptir þeim tilboðum, sem nefndin hefur fengið, er enginn efi á því, að kostnaðurinn getur alls ekki farið fram úr þessari upphæð. Jeg er alveg samdóma Árna á Höfðahólum um það, að *hann* gæti ekki tekið að sjer að flytja staurana alla fyrir minna en 10 kr. hvern, ef hann ætti að taka þá að sjer; en hann hefur boðizt til að flytja staurana á kaflanum frá Víðidalsá og norður á Kolugafjall fyrir 5 kr. hvern, og þó að það sje auðvitað ekki versti kaflinn, er hann þó með þeim lakari. Jeg sje ekki, að þetta lækkunarboð niður fyrir 10 kr. sje tekið til greina. En jeg þarf ekki að fjölyrða meira um þetta, því meirihluti nefndarinnar hefur sjerstaklega gjört glögga grein fyrir því í áliti sínu, og jeg vísa til þess hjer. Mismunurinn nemur 94,500 kr. og nefndin telur slíka fjárveiting allsendis óþarfa.

4. 500 metrar af sæþræði.

Hjer er villa hjá minnihlutanum, sem stafar af misritun í brjefi frá Krarup, 500 fyrir 5000 metra af sæþræði á 2 kr. 50 a. pr. meter, 12,500 kr. Maðurinn, sem er hjer alveg ókunnugur gjörir ráð fyrir, að það þurfi 5000 metra kabel yfir torfærur og vötn, og ef hver meter er reiknaður á kr. 2,50 verður það $12^1/_2$ þúsund kr. Verðið er rjett tilfært, en misritunin er auðsæ; »Kabel« kostar ekki 25 kr. pr. meter. Þetta er allsendis óþarft og út í loptið, bæði hjá Krarup og minni hlutanum.

Það er aðeins á tveimur stöðum, sem þarf að hafa »Kabel«: yfir Hvalfjörð og yfir vestri Hjeraðsvötn. Til þessa þarf 3,000 metra af »Kabel«, og ef hver meter er reiknaður á 3 kr., þar með reiknaður kostnaður við lagning, verða það 9,000 kr. Þetta er tekið upp í áætlun meiri hlutans, og þess vegna á þessi liður í áliti háttv. minni hluta að falla burtu.

5. Sæþráður yfir Hvalfjörð.

Þessi liður er tekinn upp í áætlun meiri hlutans, eins og áður er tekið fram, en talinn þar 9,000 kr., sem rjett er, ekki 8000 kr., eins og minni hlutinn telur. En þetta er ekki *verðhækkun* á línunni í heild sinni, þvert á móti.

Það var um tvennt að velja, annað hvort að leggja símann yfir Svínaskarð og fyrir innan Hvalfjarðarbotn, eða þá fyrir framan Esju og yfir Hvalfjörð. Fyrri leiðin er 14 kílómetrum lengri, og þar að auki er Svínaskarð með verstu vegarspottunum. Ef nú hver kílómeter er reiknaður á 700 kr., þá verða 14 kílómetrar 9,800 kr. Af því er auðsjeð, að kostnaðurinn við línuna í heild sinni verður minni, ef síminn er lagður yfir Hvalfjörð.

6. og 7. Flutningur á varastaurum.

Svo kem jeg hjer að tveimur liðum í áætlun háttv. minni hluta, 6. og 7. lið, sem snerta þessa 2,500 staura, sem ráðgjört er að kaupa og hafa til taks, ef línu þyrfti að leggja til Ísafjarðar, eða einhverja hliðarlínu. Þetta stendur í sambandi við 12. gr. D. 3, þar sem stjórnin fer fram á, að fá 14,000

kr. til þess að kaupa fyrir og flytja hingað auka-staura og annað verkefni. Krarup hefur stungið upp á því, að henni væri veittar 20 þús. kr. til þessa, og það liggur í því, eins og jeg áður hef bent á, að honum þykir tryggast, að stjórnin hafi sem mest fje til umráða á þessari svo nefndu »Lagerkonto«, sem hún geti varið til símalagninga án sjerstaks samþykkis í hvert skipti. En þyki stjórninni 14,000 kr. nóg, sjer nefndin ekki ástæðu til að vera að hækka það. *(Skúli Thoroddsen:* Þetta er illa klárað). Illa klárað segir háttv. framsm. minni hlutans. En þetta er nú það rjetta, og jeg skal skýra það betur. Krarup segir, að það sje vanalegt nú orðið í Danmörku, að stjórnin hafi talsvert aukalegt fje til umráða undir þessu nafni »Lagerkonto«, og hafi svo nokkurskonar forðabúr af varaverkfærum og línu-efni, til þess að þurfa ekki að sækja um sjerstaka heimild til fjárveitingarvaldsins í hvert skipti, sem eitthvað þarf að gjöra, og er það skiljanlegt. Þetta hefur Krarup reiknað mjög hátt, 20,000 kr. Hann vill bæði kaupa vír og önnur áhöld, og þar að auki vill hann, að á hvers árs fjárlögum væri veitt viss upphæð, til þess að stjórnin geti keypt til þessa forðabúrs það, sem henni þykir nauðsynlegt. Nú hefur stjórnin í þessu skyni ekki farið fram á meira en 14 þúsund kr., og jeg sje ekki ástæðu til þess að svo stöddu, að vera að veita henni meira fje til þessa en hún biður um.

Viðvíkjandi flutningi varastauranna á landlínuna, 15 þús. kr., skal jeg taka það fram, að þar sem álman til Ísafjarðar ekki verður lögð fyr en 1908 — 1909, getur þetta beðið til næsta fjárhagstímabils.

Háttv. minni hluti hefur ekki gjört sjer ljós þessi atriði í áætlun Krarups, sem snerta 12. gr. D. 3, og þess vegna tilfærir hann ennfremur

8. Vantalið í 12. gr. 3 — 6,250 kr.

Þetta er sú hækkun, sem Krarup vill að farið sje fram á, stjórninni til umráða, sem varaforði, en til þess er, eins og jeg hef gjört grein fyrir, engin ástæða, ekki fremur en til þeirra 15,750 kr., sem tilfærðar eru í 6. og 7. lið.

9. Sjóábyrgðargjald

felst í flutningsgjaldi til landsins og fellur því burt hjer.

Um 10. liðinn: Vexti af fyrirframgreiðslu, hefur fjárlaganefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að telja eigi með, og það er rjett.

11. Vantalið til verkamannu og ferðakostnaðar.

Svo kem jeg að töluvert stórri upphæð í áliti háttv. minnihluta, sem hann segir að vanti í vinnulaun og ferðakostnað. Það er sundurliðað hjá meiri hlutanum á bls. 96 í nefndarálitinu, og skal jeg leyfa mjer að vitna í það. Jeg skal geta þess, að meiri hluti nefndarinnar hafði fyrir sjer glöggar upplýsingar og áætlanir, sem hann hefur byggt á, og enginn vafi á því, að þær reynast rjettar í framkvæmdinni. Það er boðið að flytja hingað verkamenn frá Noregi, fram og aptur, fyrir 35 kr. hvern. Eiga þeir að fæða sig sjálfir á leiðinni og hafa 2 kr. í dagpeninga. Það er annars líklegt, að það mætti fá þetta enn þá ódýrara, því jeg veit ekki betur en Wathne og Tulinius flytji fiskimenn fyrir 12½ kr. hvora leið. Minni hluti nefndarinnar hefur reiknað ferðirnar 24 daga, en meiri hluti 17 daga, og það tel jeg alveg nóg.

Jeg hef minnzt á *12. og 13. liðinn, hestaleigu og tjöld.*

14. Aukapóknun til starfsmanna

hefur meirihlutinn áætlað 4000 kr., en minni hlutinn vill halda fram 5000

kr. Hitt virðist nægja, enda er *mismunurinn* ekki 5,000 kr., heldur 1,000 kr.

15. Til fæðis í óbyggðum.

Mig furðar á því, að menn, kunnugir hjer á landi, skuli glæpast á slíku, og telja það nauðsynlegt, og þá er flestu veifað, þegar slíku er haldið fram. Auðvitað eiga verkamennirnir að fæða sig sjálfir. Jeg get skilið það, að Krarup hafi haft þá hugmynd, að það þyrfti heila skipsfarma af niðursoðnum matvælum, til þess að menn dræpust ekki úr hungri hjer á landi. Áður en herstjórnarráðið danska sendi mælingamennina hingað, sendi það hingað niðursoðinn mat fyrir 8,000 kr., og mann til þess að útvega hús til geymslu á mat; svo þegar mælingamennirnir komu, eða voru búnir að vera nokkurn tíma, fengu þeir auðvitað mat á bæjunum, og jeg hugsa, að hann hafi smakkazt þeim ágætlega, og herstjórnarráðið varð að kosta ærnu fje til að flytja niðursoðna matinn, sem búið var að dreifa í ýms forðabúr um allar sveitir — eitt var hjá mjer — aptur burt af landinu. Þeir gjörðu þetta vitaskuld ekki næsta árið, því það kostaði mikið og þeir urðu að athlægi fyrir. Menn, sem eru hjer gjörsamlega ókunnugir, gjöra sjer svona hugmyndir. En hvernig háttv. minni hluti ritsímanefndarinnar fer að gjöra það, er mjer alveg óskiljanlegt. Þessar 4,000 kr. til matar í óbyggðum held jeg að sje alveg óhætt að slá stryki yfir. Verkamenn geta fætt sig sjálfir á verri auðnum, en hjer á sjer stað.

Um hina 3 síðustu liði skal jeg taka það fram, að 16. og 17. liðirnir, sem teknir eru eptir Krarup, eru alveg óþarfir, og um 18. liðinn, *óviss gjöld,* er ekki gott að segja, hvort rjettara er, áætlun meiri hlutans eða minni hlutans, en mismunurinn er 4,000 kr., ekki 7,000 kr.

Áður en jeg skil við þessa hlið málsins, vil jeg víkja nokkrum orðum sjerstaklega að *vinnulaunum.*

Jeg lít svo á, að áætlun meiri hlutans sje nægilega há í þessum lið. Vinnan á að taka 110 daga með 240 mönnum. Um alla erfiðleika á grjótflutningi, jarðvegi og þess háttar, er Forberg fullkunnugt, því hann er alvanur þessum störfum.

Verkamönnunum er skipt í 14 deildir, og er einn flokksstjóri fyrir hverri deild; í 12 af deildunum eru 18 manns, en í 2 eru 12 manns. Síðan er allri línunni skipt í 6 kafla, og hverjum kafla í tvo eða þrjá parta þannig:

I. kafli frá Reykjavík að Stað í Hrútafirði; þeim kafla er skipt í þrennt:

1. Frá Reykjavík að Ferstikluhálsi	51	kílóm.
2. Frá Ferstikluhálsi að Grjóthálsi	48.5	—
3. Frá Grjóthálsi að Stað	47.5	—

II. kafli. Frá Stað að brúnni á Hjeraðsvötnum; þeim kafla er skipt í þrennt:

1. Frá Stað að Miðfjarðarvatni	30	kílóm.
2. Frá Miðfjarðarvatni að Blönduósi . . .	52	—
3. Frá Blönduósi að Hjeraðsvatnabrú .	52	—

III. kafli. Frá Hjeraðsvatnabrú til Eyjafjarðarár; þeim kafla er skipt í tvennt:

1. Frá brúnni að Völlum í Svarfaðardal .	50	kílóm.
2. Frá Völlum til Eyjafjarðarár	50.5	—

IV. kafli. Frá Eyjafjarðará til Jökulsár; þeim kafla er skipt í tvennt:

1. Frá Eyjafjarðará til Hóla í Laxárdal . .	47.7	kílóm.
2. Frá Hólum til Jökulsár	46.9	—

V. kafli. Frá Jökulsá til Vesturdalsár; þeim kafla er skipt í tvennt:

1. Frá Jökulsá austur yfir Hólsfjöll . . . 40 kílóm.
2. Frá Hólsfjöllum að Vesturdalsá . . . . 15 —

Þessi deild vinnur í fyrstu með 1. deild í VI. kafla, en verður ekki skilin frá sem sjerstök deild fyrri en fram á sumar er komið.

VI. kafli. Frá Vesturdalsá til Seyðisfjarðar; þeim kafla er einnig skipt í tvennt:

1. Vesturdalsá til Jökulsár 40.7 kílóm.
2. Jökulsá til Seyðisfjarðar 43.2 —

Þessi áætlun er svo ítarleg, sem unnt er, og jeg skil ekki, að það sje hægt að fá tryggari undirbúning.

Það er gjört ráð fyrir, að 18 menn setji upp 12—13 kílómetra-línu á mánuði á vestri pörtunum og 11—12 á þeim eystri, samkvæmt því, sem vanalegt er í Noregi.

Jeg hef nú gengið í gegn um öll kostnaðaratriðin við bygging landlínunnar, sem minni hlutinn tilfærir sem vantalin. Jeg hef sýnt fram á, að þau atriði, sem ekki eru tekin upp í áætlun meiri hlutans, hafa engin rök fyrir sjer, og þessi afarmikla kostnaðarhækkun er ekki byggð á neinum rökum.

Áætlunar-upphæðir meiri hlutans eru dregnar saman í eina heild í áliti fjárlaganefndarinnar, og þar vísa jeg til þeirra. Þær eru þar alveg rjett til færðar. Samkvæmt því getur sú upphæð, sem leggst á landssjóð, eigi farið fram úr 169,330 kr. Fer jeg svo ekki fleiri orðum um það.

Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki fundið ástæðu til að gjöra tillögu á þessu fjárhagstimabili um tillag til sjerstakrar línu frá Stað í Hrútafirði til Ísafjarðar, en það kom þó fram í nefndinni, að ekki mundi vanta stuðning hennar, ef farið væri fram á þetta. Nefndin hefur ekki viljað taka það upp sem eigin tillögu, en hefur álitið nóg, að leggja aðal-línuna eins og á stjórnarfrumv. var til ætlazt.

Þá skal jeg snúa mjer að hinu höfuðatriðinu í þessari kostnaðar-áætlun, sem er hinn *árlegi kostnaður:* starfsrekstur, endurnýjun og viðhald á talsímanum yfir landið. Meiri hlutinn hefur áætlað þann kostnað 38,235 kr., og þar við er þess að geta, að einn liðurinn, kostnaðurinn við sæþráðarstöðina á Seyðisfirði, er settur hærra, en líklegt er að hann verði, því það eru líkindi til, að með samningi við norræna fjelagið megi svo fyrirkoma við sæþráðarstöðina, að yfirmaður hennar verði að nokkru leyti um leið yfirmaður landsímastöðvarinnar þar, og fáist sá samningur ,eru líkindi til, að þessi liður lækki um 1—2 þús. kr. á ári.

Því næst er 2. atriðið í áætlun meiri hlutans, snertandi laun til starfsmanna á Akureyri og í Reykjavík; það hefur háttv. minni hlutinn áætlað 15,680 kr., en í áætlun stjórnarinnar og sömuleiðis meiri hlutans er þessi liður settur 14 þús. kr., svo mismunurinn er 1,680 kr. — Jeg skal nú sundurliða þetta, svo menn sjái, hvernig þetta er áætlað. Það er hugsað, að til stöðvarinnar á Akureyri þurfi:

1.	Yfirmann (telegrafista).	2,000 kr.
2.	Stúlkur 2 á telefónstofuna á 800 kr. hvor .	1,600 —
3.	Sendisvein	300 —
	Alls	3,900 kr.

og í Reykjavík:

1.	Telegraf-stjórinn, yfirmaður landsímans alls .	5,000 kr.
2.	Telegrafistar 2, á 1400 kr.	2,800 —
3.	2 stúlkur á telefónstöð .	1,600 —
4.	2 sendisveinar á 350 kr.	700 —
	Alls	10,100 kr.

Þessar báðar stöðvar kosta þannig í laun 14,000 kr. (3,900 + 10,100).

Þannig kemur fram upphæðin, sem áætluð er í tillögum stjórnarinnar og meiri hlutans, og jeg álít, að hún sje nægilega há. Það má vera, að mönnum þyki launin yfirleitt of lágt hugsuð, en jeg er á þeirri skoðun, að það sje betra að fara lágt af stað með þau, því það er allt af hægra að hækka launin, en lækka þau. Um hin smærri atriði í kostnaðaráætluninni ætla jeg að vera stuttorður. Um húsaleigu, eyðublaðakostnað, óviss gjöld o. fl. er öll nefndin samdóma. Gjöld til alþjóðaritstofnunar þurfum vjer væntanlega ekki að borga, og árskostnað við Ísafjarðarlínu á ekki að tilfæra hjer; hún er ekki talin með í þessari áætlun.

Efni til viðhalds, sem minni hlutinn vill telja 7,000 kr. eptir tillögu Krarups, á einnig að falla burtu. Það er hjá Krarup áætlað stjórninni til umráða, til þess að kaupa í varaforðabúrið, en þann póst er að svo stöddu engin ástæða til að taka með.

Jeg hef þá minnzt á öll atriðin í áætlun minni hlutans um ársrekstrskostnaðinn (C. 823), nema 1., 2., 3. og 5. liðinn, sem allir snerta viðhald á og eptirlit með landlínunni.

Hvað eptirlitið snertir, þá vill minni hlutinn ætla, að til þess þurfi 44 eptirlitsmenn frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, og ætlar hverjum þeirra 360 kr. í laun. En meiri hlutinn álítur, að 17 stöðvastjórar sje nóg til eptirlits. Ef þessir landstöðvastjórar þurfa að ferðast í þarfir símans, þá fá þeir auðvitað dagpeninga fyrir það. En hin áætluðu laun eru að eins fyrir að passa landlínustöðvarnar sjálfar. Það er ekki gjört ráð fyrir, að stöðvarnar verði opnar nema um dagtíma, og í annan stað, eru talsímaverkfæri svo óbrotin, að hver skrifandi, læs og nokkurnveginn reiknandi maður getur passað þær, og jeg efast ekki um, að fá megi fjölda af sveitabændum, sem sjeu því vaxnir. Jeg er líka viss um, að hjer verður eins og í Noregi, að hver sækist eptir að hafa talsímastöðvar á sínu heimili, og eptirsóknin eptir brjefhirðingastarfinu hjer á landi, sem þó er illa launað, sýnir, að það eru lítil líkindi til, að ekki megi fá nóga til að passa talsímastöðvarnar fyrir 60 kr. á ári.

Þar næst hefur minni hlutinn áætlað í 1. lið vexti af byggingarkostnaðinum, sem er sama sem endurnýjun á landlínunni, 23,200 kr., og reiknar, að endurnýja þurfi 20. hvert ár, og í 2. lið áætlar hann *auk þess* sem *fyrningargjald* árlega 28,400 kr. Þetta hvorttveggja getur alls ekki átt sjer nokkurn stað; báðir liðir eiga við sama, og auk þess er upphæðin alveg sett út í loptið. Minni hlutinn telur auk þess með línuna frá Stað í Hrútafirði til Ísafjarðar.

Áætlun sína um endurnýjun, viðhald og eptirlit hefur meiri hluti nefndarinnar byggt á reynslu, sem fengin er í þessu efni annarsstaðar, þar sem alveg eins stendur á, og hefur hann áætlað 11,875 kr. Við höfðum fyrir okkur skýrslu frá Forberg verkfræðing, og frá yfirstjórn telegrafsambandsins í Noregi, yfir það, að *samkvæmt 50 ára reynslu* þar hafi endurnýjunar-, viðhalds- og eptirlits-kostnaður á línum í norðanverðum Noregi verið frá 1—3% á ári af því, sem línurnar kosta. Við höfum lagt þessa reynslu til grundvallar fyrir áætlun okkar, en þar sem hjer er erfiðara að ferðast, höfum við áætlað þennan kostnað dálitið hærri, en meðaltal er í Noregi, eða 2½% af öllu, sem landlínan kostar. En aðgætandi er það, að í Noregi er hundraðs-

gjaldið reiknað af einfaldri stálþráðarlínu, en hjer er gjört ráð fyrir tvöföldum messingarþræði, og því dýrari sem þráðurinn er, því lægra er hundraðsgjaldið til viðhalds o.s.frv. Háttv. minni hluti hefur því gripið þetta úr lausu lopti, byggt það á getgátum einum. Það mun verða erfitt að rökstyðja, að það þurfi að endurnýja línuna á 20 ára fresti, það nær engri átt; það sjest vel af því, ef maður tekur til dæmis staurana á Hafnarfjarðarlínunni, sem eru úr gránaviði, ógagndreyptir og topphettulausir; þeir eru nú eptir 20 ár ekki endurnýjaðir að meir en 1/3. Og þá má nærri geta, hvort gagndreyptir staurar með topphettum úr vönduðum viði, endast ekki meir en 20 ár. Vírinn hvorki ryðgar nje fúnar nje eyðist, hann endist í það óendanlega, svo það er að eins stólparnir, sem þurfa viðhalds og endurnýjunar. En það er, eins og meiri hlutinn heldur fram, engin ástæða að halda, að það þurfi að byrja að endurnýja þá fyr en eptir 25 ár, svo þessi upphæð minni hlutans gengur langt fram yfir það, sem á rökum er byggt.

Jeg skal svo ekki fara dýpra inn á þessar spurningar nú, það eru mörg fleiri atriði, sem jeg sleppi í þetta skipti. En jeg tek það fram, að þessi kostnaðaráætlun er ítarlega rannsökuð, og það er mín sannfæring, að hún sje í alla staði nógu há, og sama er álit stjórnarinnar, þar sem hennar áætlanir eru þó sumstaðar lægri; það er enginn ástæða til að veita hærri upphæðir, en álíta má að til rekstursins þurfi að ganga. Stjórnin hefur ábyrgð á því, að kostnaðurinn fari ekki fram yfir það, sem áætlað er. En sje svo, að áætlun meiri hlutans sje rjett, — og jeg er sannfærður um að hún er rjett — þá er enginn vafi á, að kostnaðurinn við þráðarsambandið verður minni en við hin önnur tilboð, sem fram hafa komið, og skal jeg svo stuttlega snúa máli mínu að þeim.

Eins og af fylgiritunum við nefndarálitið sjest, hafa legið æði mörg tilboð fyrir nefndinni, auk þessa tilboðs frá hinu mikla norræna. En tilboðin eru flest af nefndinni talin óaðgengileg. Það eru að eins 2 loptskeytatilboð af þeim, sem fram hafa komið, sem nefndin hefur álitið talsmál um að komið gæti til athugunar. I. tilboð Marconifjelagsins og V. tilboðið frá Siemens & Halske í Berlín. Bredow, fulltrúi fjelagsins hjer, hefur opt mætt á nefndarfundum, og látið í tje upplýsingar. Það er enginn vafi á því, að fjelag þetta er í alla staði heiðarlegt og áreiðanlegt, og jeg er þess fullviss, að það hefur ekki boðið annað en það, sem það hefði getað komið í framkvæmd, ef til hefði komið. En hins vegar þótti nefndinni samt eigi ráðlegt að ganga að því tilboði vegna þess, að árlegur kostnaður við það hefði orðið 172,579 kr., eins og af áætluninni sjest. Það var öll nefndin samdóma um, að ekki gæti til skoðunar komið. Hann ljet í tje uppdrætti af þeim stöðvum, sem fjelagið vildi reisa stöðvar á. — Þá var tekið til athugunar fyrsta tilboðið frá Marconi-loptskeytafjelaginu í London og um það varð ágreiningur í nefndinni. Meiri hlutinn áleit þráðarsambandið betra, en þetta tilboð Marconis. Stöðvarnar, sem Marconifjelagið áformaði að reisa, hefur umboðsmaður þess markað á kort, sem hjer er til sýnis. Síðar, eptir að nefndin hafði ákveðið, að hún veitti ekki fleiri tilboðum viðtöku, skrifaði Capito umboðsmaður Marconi-fjelagsins, nefndinni 28. f. m., og sendi nýtt tilboð í sínu nafni, en ekki fjelagsins, um það, að halda uppi millilanda-sambandi fyrir 109,000 kr.

á ári. En þá voru nefndarhlutarnir hættir að vinna saman, svo nefndin í heild sinni hefur aldrei haft þetta tilboð til athugunar.

Kostnaðurinn við fyrsta tilboð Marconifjelagsins (*C.* 750 og 755) reiknast, eins og tekið er fram í nefndaráliti meiri hlutans, rúm 128 þúsund kr. Sje nú þessi kostnaðarupphæð á ári hverju, 128,000, liðuð sundur og lögð niður eptir sama mælikvarða, sem meiri hlutinn hefur lagt til grundvallar fyrir sæþræðinum og landlínunni, er enginn vafi á því, að tilboð Marconifjelagsins nemi hærri upphæð, er landssjóður þarf að greiða árlega, heldur en upphæð sú, er þráðlausa sambandið kostar árlega. En svo er því haldið fram af minni hlutanum, að Danmörk muni leggja nokkuð til loptskeytasambands — jeg sje að minni hlutinn hefur talið þar upp á 54 þúsund, eins og til sæþráðarins. Jeg skal nú ekki dæma um það, hve miklar líkur eru til þess, að ríkisþingið og danska stjórnin veiti fje til loptskeytasambands eins og málið horfir nú við. Það er í öllu falli ljóst, að vissu fyrir því höfum vjer ekki, og mjer segir illla hugur um það, sjerstaklega vegna þess, að verkfræðingar þeir, sem stjórnin byggir á, eru allir andvígir loptskeytasamböndum. Annað atriði er það, að jeg ímynda mjer, að Danmörk haldi nokkuð fast við hið mikla norræna fjelag. Jeg skal ekki dæma um, hvort það er rjett eða ekki rjett, en svo mikið er víst, að við ráðum ekki yfir því, hvað Danir gjöra við tillag það, sem þeir leggja fram. En þó að tillag fengist frá Dönum, þá tel jeg víst, að það yrði ekki 54,000 kr., heldur að eins $^3/_5$ af kostnaðinum til millilanda-sambandsins. Til innanlands-sambandsins hefur Danmörk ekki ráðgjört að leggja neitt. Þetta kom fram á þingi 1902, og var þá gjört ráð fyrir, að af sambandinu milli landa borgi Ísland $^2/_5$ af allri þeirri fjárupphæð, sem Danmörk og Ísland leggi til; það er því líklegt, að þó Danir leggi eitthvað til, þá verði það ekki meir en $^3/_5$ af kostnaðinum. En eptir tilboði Marconifjelagsins eru það 36 þúsund alls; væri því skipt í fimtunga milli ríkisheildanna, yrði tillagið frá Danmörku 21,000 kr. Þó að þetta tillag ásamt tekjunum, væri dregið frá þeirri ársupphæð, sem landssjóður ætti að greiða til Marconifjelagsins, þá yrði Marconitilboðið þó dýrara landssjóði. Væri 54,000 kr. dregnar frá, þá má gjöra ráð fyrir, að gjöldin yrðu nokkuð minni; til þess, að það tillag fáist, eru engar líkur, og mismunurinn yrði samt ekki svo mikill, að jeg fyrir það vildi fremur hallast að loptritasambandinu, en símasambandinu, vegna mismunarins á gagnsemi þessara tveggja hraðskeytasambanda. — Og jeg skal svo út frá þessum athugasemdum víkja að hinu næsta höfuðatriði málsins: *Gagnsemi* þessara sambanda, hvers um sig fyrir landið, þess þjóð og atvinnuvegi.

Jeg er ekki í minnsta vafa um, að talsímasamband það, sem gjört er ráð fyrir af meiri hlutanum, hefur svo mikla þýðingu fyrir líf þjóðarinnar í heild sinni, að án þess getum við ekki verið þegar fram líða stundir, ef nokkurt samband kemst á á annað borð. Með ritsímanum fáum vjer talsímasamband um allt land, samband, sem hver einasti maður getur notað, sem er svo auðvelt, aðgengilegt og óbrotið, að það getur verið til beinna afnota öllum mönnum í landinu, sem til þess ná og það verður með tímanum útbreitt um allar sveitir þessa lands.

En ef tekið yrði tilboðinu um loptskeytasamband, yrði loptskeytastöðvarnar á yztu afskekktustu andnesjum,

(Hvalvik, Langanesi, Rauðanúp, Gjögurtá, Vatnsfirði og Reykjanesi), en telegraflínur yrðu frá þessum andnesjum til kaupstaðanna. Jeg ímynda mjer, að menn sjái, þegar þeir hugsa út í þetta, hve afaróhentugt það er, að hafa stöðvar að eins úti á yztu andnesjum landsins, þar sem mikil strjálbyggð er. Það er fyrirsjáanlegt, að slíkar stöðvar verða öllum þorra manna í landinu gagnslausar, jafnvel þó að þær væru í bezta lagi. Auk þess geta ekki aðrir haft umsjón með þessum stöðvum, en lærðir »ingeniörar« með mikla praktiska æfingu og reynslu, og enginn sent skeyti nje tekið á móti skeytum, nema sjerfróðir »ingeniörar«.

Þetta virðist einnig hafa vakað fyrir háttv. minni hluta, því í varatill. hans er lagt til, að Ísland taki tilboðum um loptskeytasamband milli landa, og talsímasambandi sje komið innanlands á. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að slíkt samband hafi meiri kostnað í för með sjer, en það samband, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að þing og stjórn aðhyllist, því með því tapast tillagið frá norræna fjelaginu til landsímans 300,000 kr. Mjer finnst, að aðalatriðið í þessu máli sje að koma á hentugasta og auðveldasta innanlandssambandi með sem minnstum kostnaði. Þó þessar loptskeytastöðvar verði reistar á andnesjum úti, þá mun þorri landsbúa ekki sætta sig við slíkt innanlands-samband til lengdar, en þeir mundu þvert á móti heimta talsímastöðvar inni í landinu, og þó að menn vildu ráðast í að leggja talsíma frá þessum stöðvum, þá verða þær mörgu línur, sín á hverjum stað, dýrari og ófullkomnari, en ein stofnlína gegnum landið. En það hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir landið og þjóðina, að þetta samband innanlands verði sem fullkomnast og sameini sem bezt hina fjölbyggðustu staði og hjeruð.

Ef um það tvennt væri að velja, annaðhvort að missa hraðskeytasambönd við útlönd eða innanlands-samband, þá mundi jeg heldur kjósa að missa samband við útlönd fyrst um sinn; því þó að skeyti komi frá útlöndum, þá hefur landið í heild sinni ekki mikið gagn af því, ef ekkert samband er í landinu; menn geta vitaskuld sagt, að samband við útlönd hafi mikla þýðingu fyrir verzlun landsins, en sú þýðing minnkar mikið, ef ekki er neitt innanlands-samband. Það hefur auk þess miklu meiri kúltúrella þýðingu fyrir þjóðina. Þó að ekkert útlandasamband sje, berast frjettir frá t. d. Noregi til Austurlands á 3—4 dögum, og væru þá samtímis komin út um landið, ef innanlandstalsími væri fenginn.

Jeg hef sýnt fram á það áður, að *kostnaðurinn* verður ekki meiri við þráðarsambandið, en loptskeytin. En hvað *gagnsemina* snertir, þá er það ekki saman berandi. Þráðarsambandið hefur þar svo stórkostlega yfirburði.

Jeg vil ekki eyða mörgum orðum til að tala um *sambandsöryggi* hvers þess um sig, en að eins tala um það þriðja atriði málsins örfá orð. Engum dettur í hug að neita því, að sæsíminn geti slitnað, en þó hefur símasamband verið talið öruggt um undanfarna mannsaldra, og hjá *öllum* öðrum þjóðum byggist allt viðskiptalífið á símasambandinu, að því leyti hraðskeyti eru notuð. Hvað skyldi þá vera því til fyrirstöðu, að Íslendingar gætu notað slíkt samband? Það hefur mikið verið talað um, að talsími gæti slitnað í hríðarveðrum og stormum uppi á fjöllum. En alveg eins er ástatt í Noregi, þar sem símar liggja yfir fjöll og auðnir; þar eru stormar og hríðir engu

betri en hjer, og þar kemur það varla fyrir. Þráðurinn, sem hjer á að nota, er mjög sterkur, 3 millimetrar að þvermáli. Talþráðurinn hjer í Reykjavík er miklu mjórri og kemur varla fyrir að hann slitni. Aptur er þráðurinn hjeðan til Hafnarfjarðar úr lakasta járnvír, mikið verri og mjórri, og þó eru þráðslit á þeirri línu sjaldgæf. Það versta, sem fyrir getur komið, er, ef snjór leggst upp yfir þráðinn; vitaskuld má koma skeytum fyrir það, en það er hætt við, að þráðurinn slitni sundur af þyngslunum, ef þau verða mjög mikil, en það er óvíða svo snjóasamt hjer á landi, að hætta sje mikil á þessu; en því neitar enginn, að það getur komið fyrir; þess vegna eru líka hafðar eptirlitsstöðvar fram með veginum.

Ef litið er á öryggið við loptskeytasambandið, þá vita menn, að stöðvarnar geta skipzt skeytum á, en það hefur líka opt brugðizt, þó að allt sýnist vera í lagi, og það er í öllu falli álit flestra vísindamanna, að Marconiaðferðin sje ekki vel örugg eða ábyggileg.

Jeg átti í sumar tal við danskan liðsforingja, sem var með herstjórnarráði Kuropatkins í Sifoo nú í stríðinu milli Japana og Rússa, og hann sagði mjer, að þar hefði opt borið vandræði að, vegna þess, að Marconi-stöðvarnar hefðu einhverra orsaka vegna ekki getað skipzt á skeytum. Verkfræðingur Krarup hefur skýrt svo frá í brjefi til stjórnarráðsins, að neistaskeytastöðvar, sem reistar hefðu verið á Lofoten, hefðu ekki getað sent skeyti sín á milli nema við og við. *(Einhver:* Aldrei.) Háttv. þm. segir aldrei, en mjer var sagt, að þær hefðu getað starfað með höppum og glöppum. Forberg var þessu kunnugur og sagði alveg það sama, og Bredow, sem jeg bar þetta undir, sagði, að sjer væri málið ekki kunnugt, en stöðvarnar væru víst reistar af Siemens & Halske. Þetta mætti rekja á báðar hliðar, en aðallega legg jeg áherzluna á það, að símasambandið hefur langa reynslu bak við sig, en loptskeytin mjög lítla, sízt örugga, og jeg veit, að allir varkárir menn hallast fremur að því, sem þrautreynt er. Hjer er ekki svo auðvelt að dæma á milli; þeir sem fagþekkingu hafa og styðja þræðina, játa, að þeir sjeu lítt kunnir loptritun, og þeir, sem standa fyrir loptritunarsamböndum, játa, að gallar sjeu á loptritun og geta ekki vel dæmt um þráðarsamband.

Að öllu þessu hlutlaust og vandlega athuguðu, og með það fyrir augum, að hjer er um að tefla eitt hitt mesta framfaramál þessa lands, get jeg ekki komizt að annari niðurstöðu, en að þráðarsambandið, sem oss stendur til boða, sje það *ódýrasta, gagnlegasta og öruggasta samband, sem kostur er á.*

Þetta eru þau 3 höfuðatriði, sem eiga að ráða úrslitum málsins.

Svo hefur mál þetta margar aðrar hliðar, sem hefur verið haldið sterklega fram og fundið mikið að. Því er t. d. haldið fram, að samningur sá, er hæztv. ráðherra hefur gengið að, væri gjörður í heimildarleysi, að það sje mjög óheppilegt, að umrætt ritsímafjelag skuli fá 20 ára einkaleyfi, þetta hafi verið of fljótt ráðið o. s. frv.

Það verður máske tækifæri seinna í dag að ganga dýpra inn á þessar hliðar málsins. En jeg man það ljóst, að það, sem mönnum bar á milli á þingi 1902, var einmitt það, hvort þingið ætti að gefa stjórninni *umboð* til að *fullgjöra* samninga, eða hvort að eins ætti að gefa henni heimild til að undirbúa samninginn og leggja svo þann undirbúning fyrir þingið.

Á þinginu 1902 kom skýrsla um tilboð frá frönsku fjelagi »Travailleur« og fylgdi stjórnarfulltrúinn, þá verandi

hæztv. landshöfðingi, því fast fram, að þingið mætti til að gefa stjórninni umboð til að gjöra samninga, því að svo gæti farið, að gott tækifæri tapaðist, ef stjórnin hefði ekkert umboð til að semja. Jeg var þá einn af þeim, sem hafði mest á móti því, að stjórninni væri gefið þetta umboð, en jeg varð að láta undan síðast á þinginu, og athugasemdin í fjárlögunum, sem samþykkt var 1903, er að öllu leyti byggð á þessari gjörð aukaþingsins 1902, enda bera orðin í lögunum það glögglega með sjer.

Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að stjórnin hafi haft fulla umboðsheimild frá þingsins hálfu. Jeg óttaðist það mest 1902, að þegar farið yrði að gjöra samningana, þá yrði meira litið á kostnað, en minna á gagnsemi og öryggi sambandsins.

Þá var að eins millilandasamband í boði, en skoðun flestra var þá, að fyrir það eitt vildu menn ekki leggja mikil gjöld á landið.

Á þingi 1903 var þessu máli sviplíkt varið, en þá gjörðu menn sjer enga von um, að símasamband fengist, en höfðu dálitla von um þráðlaust samband. Þá var kosin nefnd hjer í deildinni, til að rannsaka þetta mál. Nefndin, sem var skipuð hæztv. ráðherra sem formanni, háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), háttv. þm. Mýr. (M. A.), háttv. þm. N.-Múl. (E. Þ.), háttv. þm. S.-Múl. (Ó. Th.), háttv. þm. Vestm. (J. M.) og mjer, segir svo í nefndar áliti sínu, C.-deild Alþt. 1903; bls. 845.

»Nefndin álítur, að framkvæmdir í því máli megi með engu móti dragast lengur. Sjerstaklega álítur nefndin það bráðnauðsynlegt, að landið komist í hraðskeytasamband við önnur lönd, Samband innan lands mætti heldur bíða um stund. Því lagði nefndin það til, að verja mætti öllu því fje, er veitt hefur verið um nokkur ár, til ritsíma milli landa og innanlands, til þess að koma á hraðskeytasambandi milli landa, að því tilskildu þó, að millilandasambandið væri stofnað fyrir árslok 1904 og innanlandssamband komið á fyrir árslok 1905«.

Nefndin álítur, »að *framkvæmd þessa máls* megi ekki dragast«, og undir það skrifuðu allir nefndarmennirnir sjö. En hvernig er hægt að skora á stjórnina að *framkvæma* þetta, ef hún hefur ekkert umboð? Jeg sje ekki annað, en að það liggi fyrir full heimild, enda nokkurskonar skipun frá nefndinni í þingsins nafni til stjórnarinnar. um að koma þessu máli til framkvæmdar, komast út úr öllum bollaleggingum, en ráða málinu til lykta, svo sem væri haganlegast og bezt. Jeg ímynda mjer, að hver stjórn hefði álitið þannig yfirlýstan vilja þingsins, í sambandi skoðaðan við það, sem áður var búið að álykta um þetta, fulla heimild til að gjöra samninginn, og mjer finnst hver einasta stjórn verði að ganga út frá því, að þingið skipti ekki um vilja sinn, eins og menn hafa sokkaskipti.

Ef stjórnin ekki má gjöra neitt, nema bera það undir þingið, *hvort* og *hvernig* þetta eða hitt skuli leitt til lykta, þá verður stjórnin hjer æði dauf til framkvæmda, þar sem þing er að eins haldið annaðhvort ár. En ef þingið alltaf tekur fram fyrir hendurnar á stjórninni, þá er afleiðingin sú, að stjórnin verður framkvæmdarlaus; þingið verður að gefa stjórninni nokkuð frjálsar hendur, ef hún á að geta framkvæmt nokkuð. En ef farið er út fyrir yfirlýstan vilja þingsins, þá er hægt að koma ábyrgð á hendur stjórninni; en þetta er mikið þingsetu-

tímanum að kenna, og jeg býst við, að árleg þing fari að verða nauðsynleg. Jeg vil ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, að eins vil jeg geta þess, að þegar litið er á, hvernig tilboðin lágu fyrir hæztv. ráðherra í september 1904, þá er jeg ekki í neinum vafa um, að hann hefur valið betri kostinn.

Jeg skal ekki víkja í þetta sinn að spurningunni um, hvort þetta sje alríkismál eða sjermál, um það mun jeg tala síðar. Það er hvort sem er öllum lögfróðum mönnum vitanlegt, að um telegrafsambönd ríkja milli gilda alþjóðareglur og ríkjasamningar, eins og um póstsamböndin, og þeim reglum verða allar þjóðir að lúta, við ekki síður en aðrar þjóðir.

En viðvíkjandi töxtunum vil jeg geta þess, að sumstaðar í Evrópu hafa þeir verið miklu hærri en hjer er gjört ráð fyrir. Milli Englands, Danmerkur og Noregs voru þeir upphaflega hærri, en frá 1879 voru þeir lækkaðir um helming. Meiri hluti nefndarinnar hefur samkvæmt því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, komið með breyt.till. við 12. gr. D, og vil jeg fyrir hönd meiri hl. fastlega mæla með því, að þær verði samþykktar og svo liðurinn í heild sinni.

Því hefur verið hreyft, hvort þingið hefði *vald* til að ónýta samninginn. Jeg álít, að þingið hafi vald til þess, og það er einmitt það, sem till. háttv. minni hluta fer fram á. En eins og jeg hef gjört grein fyrir áður, þá hefur þingið svo ljóslega lýst vilja sínum og gefið sitt orð í þessu máli, að jeg álít það ekki vansalaust, hvað sem stjórninni líður, ef þingið færi að neita um fjárframlög og ripta samningi, sem gjörður er eptir þess ályktun.

Framsögumaður minni hlutans, Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg býst við, að það sje til lítils, að eyða orðum um þetta mál hjer í þingsalnum. Mjer dylst það eigi, að atkvæði manna eru fyrir fram bundin, og breytast eigi, hvaða rök sem færð eru í þessu máli, enda var ekki hægt að leggja annan skilning í orð hæztv. ráðh. við 1. umr. þessa máls, þar sem hann kvaðst treysta því, að enginn úr hans flokki mundi fara að svíkja sig; þetta bendir á, að hann hefir fengið loforð um það, að flokkurinn skyldi fylgja honum, og styðja hann í þessu máli, og er þá ekki að vænta þess, að röksemdir hafi nokkur áhrif. Jeg tek því ekki til máls í því skyni, að jeg vænti þess, að það hafi áhrif á atkvæðagreiðslu manna, heldur til þess að þvo hendur mínar, og til þess að þingið geti ekki barið því við, að skoðun sú, sem minni hlutinn fylgir fram í máli þessu, hafi eigi verið skýrð fyrir deildinni, því að jeg tel rjett, að það sjáist, að þingið hafi eigi þurft að samþykkja neitt í blindni í þessu máli.

Háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. Guðm.) sagði, að hjer bæri að líta á það, sem þjóðinni væri happasælast. Ef í þessu eiga að felast getsakir til mín, og þess flokks, sem jeg telst til hjer á þingi, getsakir í þá átt, að vjer látum leiðast af óvild við stjórnina, þá mótmæli jeg slíkum getsökum mjög alvarlega, og held því fram, að vjer lítum á þetta mál aðeins frá því sjónarmiði, sem vjer teljum þjóðinni vera happasælast, og færi vel, ef þeir, sem tekið hafa ástfóstri við stjórnina, gætu einnig sagt hið sama.

Háttv. framsm. tók það fram, að þingið ætti að virða orð sín, og jeg er honum alveg samdóma um það; en þar sem hann segir, að alþingi hafi á aukaþinginu 1902 viljað heimila stjórninni, að gjöra svipaðan samning, þá sje jeg ekki, að það komi þessu máli við,

þar sem alþingi breytti þeim vilja sínum 1903, og í fjárlögunum, sem þá voru samin, og gilda fyrir árin 1904 og 1905, felst því sá vilji þingsins, sem stjórninni var skylt að fara eptir, er hún gjörði ritsímasamninginn 26. sept. 1904, og það er sá vilji, sem lýsti sjer á þinginu 1903, sem þinginu er skylt að virða. Háttv. framsm. lagði mikla áherzlu á það, að þingið ætti ekki að skipta um vilja, ekki að víkja frá þeim ályktunum, sem það áður hefði gjört í máli þessu; en jeg get ekki verið honum samdóma um þetta, því að þingið á að sjálfsögðu að skipta um vilja, þegar betra er í boði.

Prjedikanir háttv. framsm. komu mjer annars mjög á óvart; hann sagði, að með því að þing væri aðeins háð annaðhvort ár hjer á landi, væri stjórninni skylt, og heimilt, að ráða fram úr ýmsu, þótt lagaheimild brysti, upp á væntanlegt samþykki eptir á; en þetta er hrein og bein einveldiskenning; það er að prjedika ráðherranum, að hann megi gjöra hvað sem er, ef hann að eins gjöri sjer einhverja von um, að fá þingið til þess að samþykkja það eptir á.

Enda þótt háttv. framsm. legði áherzlu á yfirlýstan þingvilja 1902, þá játaði hann þó í niðurlagi ræðu sinnar, að þingið gæti ónýtt sámninginn, ef það vildi; hann játaði, með öðrum orðum, að hann væri algjörlega heimildarlaus. Þetta er alveg rjett. Umboð ráðherrans felst í fjárlögunum 1903, og lesi menn ákvæði þeirra, og athugi gang málsins á þinginu, dylst það eigi, að ráðherrann brast algjörlega heimild til þess, að gjöra þennan samning. Annars þarf ekki að deila um það atriði, því að ráðherrann játar það sjálfur í brjefi til danska samgöngumálaráðherrans, dags. 30. júní 1904, og rökstyður hann það þar, eins og rjett er, á þann hátt, að alþingi 1903 hafi kippt burt þeirri fjárveitingu, sem áður hafði staðið í fjárlögunum.

En þar sem nú hæztv. ráðherra var það ljóst, að hann brast heimild til þess, að gjöra þenna samning, þá hefði verið rjettast að kalla saman aukaþing, eða bíða reglulegs alþingis, þar sem ekki var teflt í neina hættu, sbr. brjef Hage's 11. ág. 1904, og brjef Suenson's, dags. 15. sept. 1904, er segja berum orðum, að afleiðingin af frestuninni verði eigi önnur, en sú, að framkvæmdir dragist til 1906, eða ef til vill til 1907.

Þar sem nú ráðherrann gat beðið úrskurðar þingsins um þetta mál, því að skaðlausu, þá var það rangt af honum, að gjöra samning þennan upp á sitt eindæmi. Jeg lít svo á, að fjárveitingarvald þingsins sje svo mikilsvert, að þinginu beri, þegar af þessari ástæðu. að hafna samningnum, og það er jeg sannfærður um, að svo hefði hvert þing í hverju landi, sem er, breytt, og stjórnin jafnframt orðið að víkja úr völdum, því að þing frjálsra þjóða láta ekki að ósekju bjóða sjer slíka árás á helgustu rjettindi sín.

En eins og jeg er sannfærður um þetta, eins viss er jeg um það, að *þetta* þing mun fylgja gagnstæðri stefnu. En varast skyldi alþingi, að gefa ráðherranum of mikið undir fótinn, því að þegar fyrsti ráðherrann gat leyft sjer þetta, þá fer þingið væntanlega ekki í hart við ráðherrana eptirleiðis, þó að þeir fari eitthvað í bága við fjárveitingarvald þess.

Jeg tók það fram ný skeð, að engin áhætta hefði verið að fresta málinu; það sýna eigi að eins brjef þau, er jeg gat um, heldur stendur og svo á því, að stóra norræna fjelagið þurfti að fá endurnýjun einkaleyfis á ritsíma milli Danmerkur og Englands, og Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, og vann það

því til, að heita því, að koma á símasambandi til Íslands, ef það fengi leyfin endurnýjuð; þetta sýna brjef þau, sem nefndin hefur haft fyrir sjer, og nægir í því efni að skírskota til nefndarálits minni hlutans; en þetta hefur hæztv. ráðh. ekki notað sem skyldi fyrir Íslands hönd, og var honum þó vel kunnugt um það. Sjerstaklega verð jeg og að líta svo á, sem ráðherrann hafi ekki verið mikill »business« maður, þegar fjelagið spurði hann, hvort hann vildi heldur, að síminn væri lagður til Þorlákshafnar eða Austfjarða. Ráðherrann gat aflað sjer upplýsinga um það, hverju þetta skipti fyrir fjelagið, og hefði hann þá sjeð, að munurinn á vegalengdinni er 148 enskar mílur, svo að fjelagið græddi, að minnsta kosta kosti 258 þús. kr., er það losaðist við það, að þurfa að fara með sæsímann til Þorlákshafnar. Þetta hefði stjórnin bæði getað og átt að nota sjer; en hún hefur látið það ógjört. Þegar nú svo er, að mönnum getur ekki dulizt, að fjárveitingarvaldi þingsins er misboðið, þá er rjett að athuga, hvort samningur þessi er sá kostagripur, að gjörlegt sje engu að síður, að sætta sig við hann. En jeg lít svo á, að hann sje ekkert kostaboð; þvert á móti tel jeg hann mjög harðan í garð vor Íslendinga. 20 ár er langur tími á vorum tímum, þegar öllu fleygir fram, eins og t. d. þráðlausri firðritun, sem enn getur tekið stórkostlegum umbótum, innan lítils tíma. Það er ekki heppilegt, að vera bundinn í 20 ár, eða hver veit, hve lengi, ef fjelagið fær leyfið endurnýjað, svo sem það virðist geta krafizt, sbr. 2. gr. samningsins. En það erum vjer eptir ritsímasamningnum. Vjer megum ekki senda neitt hraðskeyti, nema fjelagið flytji það, og getum í þessu efni ekki bjargað oss á nokkurn annan hátt. Og þó er samningurinn þannig úr garði gjörður, að vjer verðum að borga fullt árgjald, þótt sæsíminn sje slitinn fjóra mánuði í senn; og þó að fjelagið forsómi algjörlega að láta gjöra við símaslit milli Færeyja og Íslands, heldur það samt hálfu árgjaldinu frá Dönum, 27 þús. kr.

En svo óheppilegur sem þessi samningur er fyrir oss að þessu leyti, þá er hann þó enn óheppilegri að því leyti, að danska stjórnin hefur þar öll ráðin; samgöngumálaráðherra Dana ákveður hámark taxtans, og hefur þegar ákveðið millilanda-gjaldið 50 aura fyrir hvert orð milli Íslands og Hjaltlands, um næstu 5 ár, og er það feykilega hátt í samanburði við það, sem er í öðrum löndum. Frá Danmörku suður að Gibraltar við Miðjarðarhafið kosta 10 orð t. d. að eins 2 kr. 90 a.; syðst til Grikklands kosta 10 orð frá Danmörku 4 kr. 50 a., en frá Íslandi til Danmerkur um 8 kr. 50 a., þegar við bætast 25 a. fyrir orðið frá Hjaltlandi til Danmörku, og 7 a. innanlandstaxti, auk parts úr rúmum 20 a., sem lagðir eru á hvert hraðskeyti á Bretlandi án tillits til orðafjöldans. Þetta sýnir, hvernig fjelagið ætlar að nota einkaleyfi sitt, til þess að hafa út úr oss sem mest fje um næstu 20 ár, og getur það orðið lagleg upphæð, þegar þess er gætt, að notkun símans verður því meiri sem framfarirnar vaxa hjer á landi, enda þótt þetta háa gjald dragi að sjálfsögðu talsvert úr notkuninni. Og það getur margt skipazt á 20 árum, einkum þar sem landið er nú að komast inn á framfarabrautina að mörgu leyti. En þó að sæsíminn bili, eða samband höfuðstaðarins við útlönd reynist alveg ófullnægjandi, sakir bilunarhættu á landþræðinum, þá

megum vjer ekki hagnýta oss loptskeytasamband.

Ef ritsímasamningurinn verður samþykktur, má og segja, að vjer lifum og deyjum upp á dansksins náð. Stjórnin danska getur bannað að nota símann, ef hún telur það nauðsynlegt, vegna almenningsöryggis, og metur hún sjálf nauðsynina í því efni. Í 12. gr. samningsins er og samgöngumálaráðherra Dana veitt vald til að skýra ákvæði samningsins, ef ágreiningur rís upp, og fjelaginu skylt, að hlýta hans úrskurði; en um álit ráðherra Íslands þarf félagið alls ekkert að hirða, og er þetta því viðsjárverðara, þar sem auðfjelag þetta hefur aðsetur í Danmörku.

Það er annars undarlegt, að h. háttv. meiri hluti skuli leiða alveg hjá sjer samninginn; jeg held sannast, að hann nefni hann ekki á nafn í sínu langa nefndaráliti; það er engu líkara, en að það hafi verið samkomulag, að geta ekki um nokkurn agnúa á honum, og gæti það næstum bent á, að starfað hafi verið með ákveðið takmark fyrir augum. Með þeirri niðurstöðu, sem meiri hluti nefndarinnar komst að, og hefur ætlað sjer að komast að, þá var það og óefað langheppilegast, að minnast ekki á samninginn.

Meiri hluti nefndarinnar gjörir sjer mikið far um, að færa rök að því, að hraðskeytamálið, að því, er snertir hraðskeytasendingar milli landa, sje sameiginlegt mál, sem danska stjórnin eigi að ráða til lykta, og furðar mig sú röksemdaleiðsla meiri hlutans stórum, því að mjer finnst vissulega, að annað liggi íslenzkum þingmönnum nær, en að reyna að takmarka sjermála-sviðið, og leitast við, að veita dönsku stjórninni meira vald, en hún jafnvel sjálf þykist hafa. Miklu sæmra væri fulltrúum Íslands að reyna að auka tölu sjermálanna, sem kostur er, auka rjettindi þings og þjóðar gagnvart erlenda valdinu. Það er rjett, að hraðskeytamálið er eigi talið upp meðal sjermálanna, en sú ályktun meiri hlutans, að hraðskeytasendingar milli landa sje alríkismál, er röng, því að það er ekki rjett, að póstsambandið á milli landa, sem meiri hlutinn vill álykta frá, hafi verið skoðað að eins sem alríkismál, því að þegar landssjóður fjekkst við »Vestu«-útgjörðina, önnuðumst vjer sjálfir að nokkru leyti póstferðirnar milli landa, án þess danska stjórnin hefði neitt við það að athuga. Ákvæði stöðulaganna í þessu efni segja ekki annað, en það, að Dönum sje skylt, að leggja fram fje til póstferða milli Íslands og Danmerkur, og meira situr eigi á oss Íslendingum að leggja inn í það ákvæði, enda gefst oss nú einmitt kostur á, að gjöra hraðskeytamálið að öllu leyti að íslenzku sjermáli, ef vjer höfnum ritsímasamningnum, og semjum á öðrum grundvelli við annaðhvort loptskeytafjelaga þeirra, er sent hafa alþingi tilboð, og ætti það ekki að vega hvað minnst í þessu máli.

Jeg hef nú bent á svo marga og mikla ókosti og agnúa á ritsímasamningum, að mjer virðist, að alþingi Íslendinga geti ekki á neinn hátt samþykkt hann, nema ef vjer værum svo staddir, að vjer sæum engan annan veg til þess, að komast í hraðskeytasamband við umheiminn, en eins og kunnugt er, þá fer það mjög fjarri, að svo sje.

Jeg vil þá fyrst fara nokkrum orðum um það, hvort símasamband það, er ritsímasamningurinn gjörir ráð fyrir, er dýrt eða ódýrt, og síðan athuga, hvort þannig lagað samband sje öruggt og fullnægjandi fyrir oss. Að því, er snertir sæsímann frá Hjaltlandi til Seyðisfjarðar, þá kemur oss eigi við

kostnaðurinn, að því er lagningu hans snertir, nema hvað vjer í því skyni leggjum fram 35 þús. króna árlega í 20 ár. — Eptir ritsímasamningnum leggur norræna ritsímafjelagið fram 300,000 kr. til lagningu landsímans frá Seyðisfirði, en það sem á vantar verður landið að leggja til, og telur stjórnin, að það muni nema 155 þús. kr., en meiri hluti nefndarinnar gjörir ráð fyrir, að það verði um 180 þús. kr., þar sem minni hluti nefndarinnar verður á hinn bóginn að álíta, að eigi muni veita af frekum 365 þús. kr. Háttv. framsm. meiri hlutans sagði, að upplýsingar, sem meiri hlutinn byggir á, væru svo glöggar, sem mögulegt væri, og gat jeg þá eigi annað en brosað. Meiri hluti nefndarinnar hefur útvegað sjer þær upplýsingar, sem hann *vildi* fá. Það getur engum dulizt, að stjórnin hefur áætlað allan kostnaðinn afarlágan, og get jeg nú reyndar eigi láð henni það mjög mikið, því að hún hefur álitið, að meiri líkur væru þá til þess, að ritsímasamningurinn næði fram að ganga, og að mótspyrnan yrði þá minni. Þetta er ljósara en að frá því þurfi að skýra. En að því, er snertir áætlanir þær, sem stjórnin hefur byggt á, dylst eigi, að þær eru ákaflega óábyggilegar; þær eru þannig til orðnar, að eigi er byggt á öðru, en sögusögn erlends verkfræðings, sem einhverntíma fór um hásumartímann fótgangandi frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, Hansson að nafni; á þessari sögusögn byggja síðan 2 danskir verkfræðingar, Krarup og Sonne, áætlanir, en hafa sjálfir aldrei komið hingað til landsins. Engu að síður setur stjórnin samt áætlanir þessar niður í ýmsum greinum, auðsjáanlega til þess, að áætlunin verði sem lægst, enda má einatt beiðast aukafjárveitinga eptir á, ef áætlanirnar, sem nú er veifað framan í þing og þjóð, reynast fremur lágar. En hvernig fór svo háttv. meiri hluti nefndarinnar að því, að afla sjer þessara góðu upplýsinga? Jú, hann fer og leitar upplýsinga hjá stjórninni. Jeg veit eigi til þess, að meiri hlutinn hafi haft annan ráðanaut, en ráðherrann, og þá er nú eigi von að mikið sje gjört úr kostnaðinum. Meiri hlutinn fjekk síðan ráðherrann til þess að senda eptir Forberg, norskum verkfræðingi, sem nú er hjer í erindum stjórnarinnar, og tel jeg hann því eigi óhlutdrægan, enda á hann að verða forstöðumaður símalagningarinnar, ef af henni verður, og því er jeg hræddur um, að þetta þyki dálitið skrítin aðferð síðar meir. Hefðu þessir háttv. viuir mínir verið að semja fyrir sjálfa sig, þá er jeg eigi grunlaus um, að þeir mundu hafa fengið sjer óvilhallan mann til þess að hafa í ráðum með sjer. Til dæmis um það, hversu allar áætlanir eru í lausu lopti byggðar, þá skal jeg að gamni mínu geta þess, að til hestaleigu áætlar Krarup, að þurfi 13 þús. kr., en stjórnin áætlar það 3 þús. kr., og Forberg segir, að til þess muni þurfa 5 þús. kr. En þegar skakkinn er nú svona mikill í sumum greinum, hvernig á þá að trúa þessum áætlunum, sem allir sjá að byggðar eru í lausu lopti. Og hvernig á þessi Forberg, eða danski verkfræðingurinn Krarup, að geta sagt nokkuð um þetta, gagnókunnugir mennirnir? Slíkar áætlanir geta að eins gagnkunnugir innlendir menn gert. En þegar stjórnin vill svo fara að leiðrjetta þessar sýnilega röngu áætlanir, þá snýr hún sjer til verkfræðings Jóns Þorlákssonar, sem er alveg óvanur og ókunnugur, í stað þess að snúa sjer til hins gamla verkfræðings landsins, sem eflaust mun hafa meiri reynslu í þess-

háttar sökum. Annað, sem minni hluti nefndarinnar rak strax augun í, var það, að stjórnin áætlar ekki einn eyri til að koma staurum, og öðru verkefni til landsímans, frá skipsfjöl í land, enda þótt allir viti, að sá, sem tekur að sjer, að flytja timbur hingað, á að eins að skila því á höfnina, en eigi að skipa því í land. Stjórnin áætlar heldur ekkert í ábyrgðargjald fyrir staurana, nje annað verkefni, og er það þó ærið ógætilegt, ef senda skal 200 þús. kr. virði milli landa ábyrgðarlaust. Þegar minni hlutinn benti á þetta, fór meiri hlutinn að hugsa, hvernig í skollanum hann ætti að komast út úr þessu, og smíðar það svo að lokum, að þessi gjöld muni mega taka af hinu áætlaða flutningsgjaldi, enda þótt það sje sízt of hátt áætlað. Sömuleiðis þótti okkur í minni hlutanum það einkennilegt, að ekkert er áætlað hjá stjórninni til að húsbyrgja ýmislegt, er til símans þarf. Vitaskuld dettur engum manni í hug, að fara að troða staurunum inn í hús, en það er svo margt annað, sem eigi tjáir að láta liggja úti á almannafæri, svo sem ísólatorar og fl. Það getur þó varla verið meiningin, að láta þetta allt vera úti, fyrir hunda og manna fótum. Reyndar segir meiri hlutinn, að þetta eigi að vera í kössum, en þá vitran hefur hann víst fengið í draumi, því að um þetta stendur eigi einn stafur í skjölum þeim, sem nefndin hefur haft í höndum. Nú er það vitanlegt, að það verður að skipa upp á mörgum stöðum, til þess að sem stytzt þurfi að flytja, og þá þarf húsrúm á mörgum stöðum. Háttv. meiri hluti má eigi ætla, að almenningur sje svo hoppandi af fögnuði yfir þessum ritsíma, að hann vilji eigi hafa borgun fyrir hús, sem annað, er hann leggur fram. Jú, menn þurfa, sem von er, að hafa fyrir sitt, og það engu síður, þegar landssjóður á í hlut. Þótt minni hlutinn ætli til þessa 2 þús. kr., þá mun það því sízt um of. Húsaleigan er ekki svo ódýr, hvorki hjer í Rvík, eða annarsstaðar.

Að því, er snertir flutning stauranna upp á símalínuna, þá heldur minni hlutinn því fram, að sá flutningur hljóti að verða mjög dýr. Stjórnin gjörir ráð fyrir, að hvern staur þurfi að meðaltali að flytja 3 danskar *mílur*, og áætlar, að það kosti 3 kr. fyrir staurinn, en norski verkfræðingurinn, hr. *Forberg*, gjörir þó ráð fyrir, að það muni kosta $3^1/_2$ kr. Minni hlutinn lítur á hinn bóginn svo á, sem þetta sje allt of lítið, þótt honum væri ekkert kærara, en að það yrði sem ódýrast. Í þessu styðst minni hlutinn við álit frá manni, sem stjórnin metur mikils, þar sem sá maður er umboðsmaður hennar, hr. Árni Árnason í Höfðahólum. Hann verður því að líta svo á, að eigi nægi minna en 10 kr. að meðaltali fyrir staurinn, og er það í samræmi við álit nefnds umboðsmanns. Í álitsskjali, sem háttv. meiri hluti fjárlaganefndar hefur látið frá sjer fara, getur hann þess, að þetta sje allt of hátt, og bendir á, að háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) gjöri tilboð um, að taka að sjer staurflutninginn á vissu svæði fyrir sama verð, eins og Forberg hefur áætlað. En þótt hann stæði við þetta boð sitt, þá get jeg ekki byggt mikið á því, þar sem hann eins og kunnugt er, er einn af meðlimum þessa »innbyrgðis lífsábyrgðarfjelags«, sem nefnt hefur verið hjer í deildinni, og mundi því óefað fá uppbót fyrir flutninginn, með aukafjárveitingu, ef hann skaðaðist á honum. Hann getur því óhræddur boðið svo lágt, sem flokki hans er þóknanlegt.

Jeg verð því að halda því fast fram, að áætlunin hjá minni hlutanum sje eigi of há; en auðvitað má þrátta um þetta fram og aptur, án þess að geta sannað, hvað rjettast er. Það er líkt eins og þegar kerlingarnar þrættust, og sögðu: »klippt er það, skorið er það«. En minni hlutinn stendur þó það betur að vígi, að hann stendur á betri grundvelli, byggir á betri líkum, en meiri hlutinn. Það þarf að rannsaka það svæði, sem síminn á að liggja um, bæði sumar og vetur; en það hefur enn aldrei verið gjört að vetri til. Um þetta var hinn háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) mjer sammála á suðurleiðinni, þótt hann nú brosi mjög gleitt, og hlæji í kampinn. Ráðherrann játar það líka sjálfur, að rannsóknir vanti, svo að málið sje illt viðureignar; hann segir það í brjefi sínu til C. Hage's, dags. 30. júní, og síðan það var skrifað, hefur ekkert verið rannsakað.

Háttv. frsm. meiri hlutans (Guðl. G.) komst illa frá því, er hann fór að finna að því, að minni hlutinn hefði fylgt Krarup, að því er aukastaurana snerti; og þar sem hinn sami háttv. þm. gat þess, að eigi væri meiningin, að flytja aukastaurana á þessu fjárhagstímabili, þá verð jeg að segja, að það er undarlegt, að láta þá liggja, t. d. í Borgarnesi eða á Akureyri, og ætla svo fyrst að fara að sækja þá, ef staur bilar, t. d. í Húnavatnssýslu. Forberg sjálfur játaði það og hreinskilnislega á nefndarfundum, að allar þessar áætlanir væru í lausu lopti byggðar, þótt meiri hluti nefndarinnar telji hann nú óskeikulan. Taldi hann einmitt mjög óheppilegt, að eigi yrði byrjað neitt á símalagningunni í sumar, til þess að geta gjört sjer einhverja hugmynd um kostnaðinn.

Sama ósamkvæmnin kemur fram hjá háttv. meiri hluta nefndarinnar, þegar hann er að tala um, hversu marga menn muni þurfa til að framkvæma starfið við símalagninguna og útbúnað stöðvanna. Þar gjörir Forberg ráð fyrir 70 norskum vönum verkamönnum og 170 íslenzkum; en það er allt annað, en Krarup gjörir ráð fyrir, og enn annað, en stjórnin áætlar. Krarup gjörir ráð fyrir, að ef notaðir sjeu vanir útlendir verkamenn, muni þeir ljúka við landsímann á 110 dögum, en stjórnin ætlar *óvönum*, íslenzkum verkamönnum, að ljúka við hann á 100 dögum.

Við höfum enn fremur í áætlun okkar gjört athugasemdir við áætlun norska verkfræðingsins, viðvíkjandi flutningskostnaði norskra verkamanna og verkstjóra frá Norvegi, því að við fáum ekki betur sjeð, en að áætlun hr. Forbergs sje allt af lág, eins og glögglega er sýnt fram á í nefndaráliti okkar; og þótt meiri hluti fjárlaga- og ritsíma- nefndarinnar skjóti því fram, að hlutafjelagið »Wathnes Arvinger« muni gefa kost á lágu targjaldi, þá er ekki hægt að byggja neitt á því, þar sem ekki liggur fyrir neinn skriflegur samningur um það, heldur að eins í mesta lagi eitthvert laust munnlegt viðtal.

Sama er og að segja um það, — sem háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl G.) gjörði svo mikið úr — að bóndinn í Reykjahlíð hefði boðizt til að taka að sjer staurflutninginn fyrir 6 kr. staurinn, því aðgætandi er, að hann vildi *ekki* gefa það skriflegt, og var það vitanlega af því, að hann treysti sjer ekki til, að taka verkið að sjer fyrir svo litla borgun.

Þá gjörði háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) mikið úr því, að við gjörum í okkar áætlun ráð fyrir 24 dögum til ferðarinnar frá Noregi fram

og aptur, að því er norsku verkamennina snertir, þar sem hr. Forberg að eins gjörir ráð fyrir 17 dögum til þess; en það verður að gá að því, að það verður að borga þessum verkamönnum kaup frá því, er þeir hætta vinnu, unz þeir eru komnir á skipsfjöl, og verður maður að búast við, að þeir geti, ef til vill, orðið að bíða, eða tefjast á ferðalagi áður en þeir komast á skip, svo að þessi tíma- og kostnaðaráætlun er óefað fremur gjörð of lág, en of há hjá minni hluta nefndarinnar.

Annað atriði, sem háttv. framsm. meiri hlutans var að fetta fingur út í við kostnaðaráætlun okkar minni hlutans, er 4000 kr. upphæð sú, sem við áætlum til fæðis í óbyggðum, og er það svo óverulegt atriði, að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en tel víst, að naumast verði komizt hjá svipaðri upphæð í þessu skyni, og leyfi mjer í því efni að skirskota til nefndarálits okkar. — Það er gjört ráð fyrir, að nota norska yfirmenn, og 70 norska verkamenn, og verður vart gjört ráð fyrir, að þeir leggi sjer til fæði í óbyggðum, eða geti mallað með það, að fæða sig þar. En að draga þá af kaupi þeirra, mundi mælast illa fyrir.

Yfir höfuð erum við ekki samdóma háttv. meiri hluta um eitt einasta atriði í kostnaðaráætlun hans, en jeg nenni ekki að vera að elta það allt saman, því að allt þetta þrátt og þras háttv. framsm. meiri hlutans um stauraflutninginn, og aðra útgjaldaliði, sem allir eru jafn fáfróðir um, er ekki ýkja þýðingarmikið, þar sem hjer koma til greina atriði, sem hafa miklu meiri þýðingu, en peningalegu hliðina, því að frá mínu sjónarmiði er hún alls ekki aðalatriðið í þessu máli.

Nú er og aðgætandi, að allar þessar áætlanir eru byggðar á því, að lokið verði við landsímalagninguna á einu sumri; en hr. Forberg hefur jafnvel gefið í skyn, að hún muni ekki verða fullgjörð á þeim tíma. Af því leiðir, að kostnaðurinn verður töluvert meiri, en gjört er ráð fyrir, svo sem kostnaðarauki við að flytja verkamennina fram og aptur til Noregs o. s. frv. Háttv. framsm. getur teiknað hjá sjer og sagt svo margt, bæði um það og annað, sem hann vill; en hann er alls engu fróðari um það atriði en jeg, og reynslan mun í þessu sem fleiru verða ólygnasti dómarinn, og býst jeg við, að minni hlutinn geti ókviðnari beðið þess dóms, en meiri hlutinn, því að það er sannfæring mín, að kostnaðurinn verði í öllu falli eigi minni, en við höfum áætlað, því að enda þótt einstöku liðir reynist, ef til vill, nokkuð háir hjá okkur, þá eru mjög margir liðir í þessum áætlunum stjórnarinnar, sem alls ekki er hægt fyrir okkur að dæma um, og sem við urðum því að taka með trúarinnar augum, og er ekki ósennilegt, að margir þeirra sjeu allt of lágir.

Við töldum sjálfsagt, að ef lagður yrði landsími frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, þá mundi verða lögð álma til Ísafjarðar, og þegar við svo gjörðum áætlun um kostnað við þá línu, þá ber nefndarálit okkar það með sjer, að með línu til Ísafjarðar verði kostnaðurinn við landsímalagningu milli sæsímastóðvanna á Austfjörðum, Akureyrar og Reykjavíkur, minnst 879,924 kr. eða sem næst 900 þús. kr.

Annars er það eptirtektavert, að háttv. meiri hluti ritsímanefndarinnar viðurkennir ekki rjett vera nema að eins eitt einasta atriði af öllum þeim atriðum, sem minni hlutinn færir rök að; og þetta eina atriði, sem meiri

hlutinn hefur sjeð sig knúðan til að viðurkeuna, er það, að stjórnin hefur ekki gjört ráð fyrir, að setja inn í áætlunina rentur, sem greiða verður ritsímafjelaginu í þess þágu, að það leggur þegar fram 300 þús. kr. framlag sitt, svo að ráðherrann geti notað það til staurakaupa o. fl. Forstjóri Stóra norræna fjelagsins hefur áskilið sjer 4% vexti frá því, er upphæðin er lögð út, og þangað til ritsíminn er tekinn til starfa, því að fyr telur fjelagið sjer eigi skylt að leggja tjeða upphæð fram. Þetta höfum við bent á að mundi nema um 8.000 kr., og því hefur meiri hlutinn eigi sjeð sjer fært að mótmæla, svo að þarna urðum við honum þó ofjarlar og líkt mun verða reyndin um fleira.

Jeg er þá í þessari framsögu minni kominn svo langt, að jeg hef sýnt fram á, að eigi er nein ástæða, til að vefengja þá áætlun okkar, að kostnaðurinn við landsíma frá Austfjörðum til Akureyrar og Reykjavíkur, með álmu til Ísafjarðar, muni nema ekki minna, en nær 900 þús. kr. En ef litið er á árlegan reksturs-, viðhalds- og endurnýjunar-kostnað, þá hefur minni hlutinn einnig reynt að gjöra ýtarlega grein fyrir honum í kostnaðaráætlun sinni, og hefur þá komizt að þeirri niðurstöðu, að hann muni mega teljast c. 157,640 kr., að meðtöldum 4% vöxtum af höfuðstólnum, sem vjer þegar leggjum fram til símalagningarinnar, en þar frá dragast tekjur af símum landsins, sem stjórnin áætlar árlega 20 þús. kr.; ársútgjöldin verða þá c. 137,640 kr., og hefur háttv. meiri hluti nefndarinnar ýmislegt við þetta að athuga.

Hann gjörir meðal annars ráð fyrir, að við þær 17 talstöðvar, sem áætlaðar eru, sje hægt að fá mann á hverja þeirra fyrir einar 60 kr. á ári, og verð jeg að segja, að jeg get ekki kallað það annað en kátbroslegt, að háttv. meiri hluti skuli leyfa sjer að koma fram með aðra eins fjarstæðu, eins og þetta, þegar vjer t. d. lítum á, að póstafgreiðslumenn hafa jafnvel, sumir 500—600 kr. á ári fyrir starf sitt, og eru þó allt af að kvarta um of lítil laun og koma fram með nýjar beiðnir um aukna þóknun fyrir *það* starf, sem þeir að eins gegna endrum og sinnum í hjáverkum sínum, þegar póstar eru á ferðinni; en svo ætlast meiri hluti nefndarinnar til þess, að völ verði á mönnum, sem taki að sjer, að vera til taks, til að sinna um málþráðarstöðvarnar, bæði á nóttu og degi, fyrir að eins 60 kr. á ári, og þó eiga þessir menn að leggja sjálfir til bæði ljós, eldivið og ræstingu á stöðinni. Stjórnin hefur að vísu ekki minnzt á húsnæði á talsímastöðvunum, nje heldur ljós eða eldivið, en þar sem hún ætlast þó naumast til þess, að vjelarnar svífi einhversstaðar úti í lausu lopti, verður þó ekki hjá þessu komizt. — Ekki verður heldur sjeð, að stjórnin hafi ætlazt til, að þurfa myndi neina ræstingu, þvott eða annað hreinlæti á þessum stöðvum, og virðist það þó koma ærið mikið í bága við »hrákadalla-forordninguna«, sem hún var að gefa út í fyrra.

Þetta atriði, viðvíkjandi launununum til þessara umsjónarmanna á talstöðvunum, sýnir því meðal annars, hversu allar kostnaðaráætlanir háttv. meiri hluta um reksturskostnaðinn eru byggðar í algjörlega lausu lopti. Minni hlutinn gjörir aptur á móti ráð fyrir, að ekki muni veita af 500 kr. þóknun á ári til þessara manna, og hygg jeg, að það sje ekki of mikið í lagt, þegar

á það er litið, að þessir menn verða að vera til taks, hvenær sem er, hvort heldur á nóttu eða degi, og þar sem herra Krarup er að gjöra ráð fyrir 5 aura þóknun til þeirra fyrir hvert skeyti, þá sýnir það bezt, að þar er ókunnugur útlendingur að gjöra áætlun, byggða á því, sem á við í útlöndum, en ekki hjer á landi til sveita, því að þar þarf ekki að búazt við svo miklum sæg af talskeytum, að 5 aurar fyrir hvert talskeyti geti numið neinni verulegri upphæð; ef svo þessir umsjónarmenn eiga að fá þessa 5 aura fyrir að senda mann á næsta bæ, þá eru þeir ekki ófundsverðir af þeim ábæti frá meiri hluta ritsímanefndarinnar. Jeg get í þessu efni, — og það hafði mikil áhrif á þessa áætlun minni hluta nefndarinnar —, skirskotað til ræðu hæstv. ráðherra á þingi 1901, þar sem hann segir:

»En jeg ímynda mjer, að þessar telefónstöðvar hefðu ekki lítinn kostnað í för með sjer, því þar verður að hafa fastan mann nótt og dag, hvert sem stöðin heitir telefónstöð eða telegrafstöð«, (Alþ.tíð. 1901, B. bls. 1435—36).

Þessi orð hæstv. ráðh. sýna bezt, að það er ekki minni hlutinn einn, heldur margir aðrir góðir menn, sem líta líkum augum á þetta atriði, og þessvegna vonar minni hlutinn öflugs stuðnings hæstv. ráðherra í þessu atriði.

Að því, er snertir eptirlit með landsímanum, hefur enginn lýst því betur en hæstv. ráðherra, að »það mundi hafa í för með sjer ókljúfandi kostnað fyrir landið, að viðhalda stöðugu sambandi gegnum landþráð milli Reykjavíkur og Austurlands veturinn yfir«,(Alþ.tíð.1901. B. bls. 1379), og gjörum við því ráð fyrir, að ekki muni veita af 44 eptirlitsmönnum við alla línuna, sem sjeu til taks undir eins, er eitthvað fer úr lagi, og þyrftu það að vera lagtækir menn, sem gætu gjört við það, sem úr lagi færi. Við höfum áætlað 365 kr. á ári, eða 1 kr. að meðaltali á dag, í þennan kostnað, og getum við ekki sjeð, að það sje of mikið í lagt, þar sem þessir menn verða alltaf að vera til taks, og með því að við höfum áætlað, að 44 eptirlitsmenn verði við alla línuna, þá fær hver um sig frekar 2 mílur til að líta eptir, og er það fyllilega nóg svæði, ekki sízt að vetrarlagi.

En svo að jeg víki aptur að talþráðastjórunum, þá eru þeim ætlaðar 500 kr. í laun á ári, hverjum fyrir sig. Það er aðgætandi, að þessir menn þurfa að vera vel að sjer. Það er ekki nóg, að þeir skilji einungis íslenzku; þeir þurfa líka að geta skilið nýju málin, að minnsta kosti dönsku og ensku. Ef t. d. útlendingur vill telefónera, þá verða þessir menn að vera svo vel að sjer í hinu útlenda tungumáli, að þeir geti skilið skeytið frá útlendingnum. Jeg get heldur ekki betur sjeð, en að þessir menn þurfi að hafa töluverða þekkingu til þess að geta gjört við, ef eitthvað bilar á stöðvunum, svo að það þurfa í öllu falli að vera valdir menn.

Háttv. framsm. meiri hlutans tók það fram, að þeir ætluðust ekki til, að lagt væri neitt fje til fyrir fyrningarkostnaði, og er það mjög einkennilegt, og sýnir, hve glöggir háttv. meiri hluta menn eru á að gjöra áætlanir, þar sem þeir að eins gjöra ráð fyrir $3^1/_2$% til viðhaldskostnaðar, en ekkert til fyrningar. Hvað mundi verða sagt um þann útgjörðarmann. sem gjörði að eins ráð fyrir vissri upphæð á ári til viðhalds á skipum sínum, en áætlaði alls ekkert til fyrningar á þeim. Það er mjög hætt við, að sá tími mundi koma, að eigi yrði gjört við skipið framar, og mundi þá reka að því, að

hann allt í einu stæði uppi skipslaus. Sama virðist hafa vakað fyrir meirihluta nefndarinnar, og með því að gjöra svona bjánalega áætlun, þá er hægt að keyra kostnaðinn langt niður úr öllu valdi. Auk þess er það alveg rangt, að fara í þessu efni eptir áætlun Forbergs og miða hjer við það, sem tíðkast í Noregi, því að þar er tvennu ólíku saman að jafna. Þar eru víðast járnbrautir, og má því flytja efnið að á svipstundu fyrir lítið verð. Þess vegna er allur þessi áætlaði viðhaldskostnaður hjá meiri hluta nefndarinnar í lausu lopti og að mínu áliti hreinasta fjarstæða.

Eg vil nú ekki fara lengra út í þetta, enda þykist jeg nú hafa svarað þeim atriðum í ræðu háttv. framsm. meiri hlutans, sem helzt voru svara verð. Jeg þykist nú einnig hafa sýnt fram á, að þannig lagað fyrirkomulag, er ritsímasamningurinn fer fram á, muni verða landinu ærið dýrt. En þá er næst að athuga, hvort hraðskeytasamband þetta er tryggilegt. Í því efni má fyrst benda á, að ef sæsíminn bilar, þá eru fjelaginu ætlaðir 4 mánuðir til viðgjörðar í hvert skipti, og missir einskis í, ef símaslitin eigi haldast lengur, en 4 mánuði í senn, og verður eigi annað sagt, en að slíkt samband sje mjög ótryggt. Það hagar ekki til hjer á landi eins og í öðrum löndum, að hægt sje að telegrafera með öðrum síma. Því næst ber að líta á það, að landþráðurinn getur bilað opt, ekki sízt vetur, haust og vor; og það þarf ekki nema einn staur að falla, svo að sambandið milli Reykjavíkur og útlanda sje slitið, og vel gæti svo farið, að bilanir þessar yrðu nokkuð tíðar, og get jeg í því efni bent á hina glöggu ræðu hæstv. ráðh. á þingi 1901, þar sem hann segir um landþráðinn: »Allt Suðurland og Vesturland yrði eptir, sem áður, án sambands við sjóþráðinn, og þyrfti því alveg eins að leggja sjóþráð kringum landið fyrir því, þó þessir landþræðir yrðu lagðir« (Alþ.tíð. 1901. B. bls. 1435—36). Það er líka hætt við, að landsíminn bili, þar sem ætlazt er til, að stólpar þeir, er nota á, verði eins og að orði er komizt í brjefi Krarups 12. okt. 1904: »ualmindelig korte og vel tynde«.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að þetta samband er bæði dýrt og ótryggt, sjerstaklega að því, er snertir sambandið milli höfuðstaðarins og útlanda. En engu að síður gæti þó komið til mála, að taka þessu, ef ekki væri kostur á öðru. En nú hafa alþingi borizt tiboð um þráðlaust samband, sem hefur marga kosti fram yfir símasambandið, þar sem það er bæði öruggara og ódýrara. Eitt af tilboðum frá Marconífjelaginu í London gjörir kost á, að koma á hraðskeytasambandi milli Skotlands, Færeyja, Reykjavíkur, Seyðisfjarðar, Akureyrar og Ísafjarðar, og það er einmitt það, sem vakað hefir fyrir mönnum hingað til, að koma öllum kaupstöðum landsins í hraðskeytasamband við útlönd.

Meiri hlutinn hefur gjört mikið til að sýna fram á, að samband þetta sje ótryggt í samanburði við ritsímasamband. Í þessu efni styðst hann helzt við brjef Krarups verkfræðings, dags. 15. júní þ. á., skrifað eptir að mótspyrnan gegn ritsímanum var hafin, og eptir beiðni ráðherrans, sem auðvitað kom það þá ofurvel, að fá gott brjef frá Krarup. Nú er Krarup þessi starfsmaður við ritsíma í Danmörku, en það er kunnugt, að öll ritsímafjelög kosta kapps um, að gjöra sem minnst úr loptskeytaaðferðinni. Ritsímafjelög hafa einkaleyfi í mörgum löndum, svo að það er ekki nema eðlilegt, að þau gjöri allt, sem þau geta, til að gjöra

loptritunina sem tortryggilegasta. Það er því ekki eðlilegasti vegurinn, að fá skýrslur hjá slíkum mönnum eða hafa þá til ráðagjörða. Auk þess ber brjef Krarups það með sjer, að hann þekkir alls ekki til loptskeyta, hefur ekkert við slíkt átt, nema að eins alls einu sinni verið við tilraun í Noregi, Engum getur því dulizt það, að brjefið hefur verið skrifuð í ákveðnum tilgangi; sama er að segja um brjef forstjóra Stóra norræna fjelagsins, sem einnig gjörir lítið úr þráðlausri firðritun. Það vill nú líka svo vel til, að frá norræna ritsímafjelaginu höfum vjer játningu þess, að þráðlaus firðritun sje gagnleg, þar sem ritsímasamningurinn leyfir Íslandi að koma upp loptskeytastöð í grennd við Reykjavík, til að senda loptskeyti til Færeyja. Nú höfum vjer einnig í sumar haft tækifæri til að sannfærast um að loptskeytasambandið er full öruggt, þar sem með litlum kostnaði hefur verið reist loptskeytastöð hér í Reykjavík, sem daglega hefur flutt hingað skeyti frá Poldhu á Englandi, enda hafa loptskeytafjelögin stöðvar víða um heim, svo að mörgum hundruðum skiptir; en að loptskeytasamband er ekki orðið almennt, stafar af því, að ritsíminn er eldri, og ritsímafjelögin hafa því enn einkaleyfi í flestum löndum. Mjer dylst það því ekki, að ef vjer Íslendingar hefðum þetta samband, þá væri Reykjavík, sem er höfuðstaður landsins, sem auðvitað ber að taka mest tillit til í þessu efni, miklu betur borgið, og stæði í miklu tryggilegra sambandi við útlönd, heldur en með sæsíma til Seyðisfjarðar og landsíma þaðan hingað. Seyðisfjörður er að vísu allvel tryggður, því hann þarf ekki að óttast aðra bilun, en bilun á sæsímanum, sem vonandi kemur ekki ýkja opt fyrir. En verði bilun á landlínunni, þá hlýtur það opt að taka langan tíma að gjöra við hana, eins og veðráttu er hjer háttað, sjerstaklega að vetrinum. Það er kunnugt, að hjer koma stundum þau veður, að varla er fært í fjárhúsin, hvað þá heldur á fjöll. Enda þótt hverjum eptirlitsmanni væri ekki ætlað nema 2 mílur til eptirlits, hlyti aðgjörðin þó opt að dragast um nokkurn tíma.

Einkennilegt er það annars, að hinn danski ráðanautur stjórnarinnar, Krarup verkfræðingur, ætlast til, að ekki verði nema 2 menn til eptirlita milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Hann hefur víst ætlazt til, að þeir þytu á stað með járnbrautinni, þegar síminn bilaði(!), enda er ekki við öðru að búast, þegar gagnókunnugir menn fara að skipta sjer af því, sem þeir ekkert þekkja. En á áliti slíkra manna byggir meiri hlutinn áætlanir sínar, og þykist svo fara eptir góðum heimildum.

Ef þingið aðhyllist tilboð Marconífjelagsins um loptskeytasamband, þá verður kostnaðurinn árlega £ 7078 á $^{18}/_{20}$ = 128,819 kr. 60 a. í 20 ár, og annast fjelagið þá allan rekstur og viðhaldskostnað landinu að kostnaðarlausu, og skilar landinu öllum loptskeytastöðvunum, að 20 árum liðnum, í gildu standi, sem þess eign. — Íslendingar eiga sjálfir allar tekjur, og hafa öll ráð yfir fyrirtækinu.

Minni hlutinn hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að með því að draga frá þessari upphæð 10 þús. kr., sem gjöra má ráð fyrir, að tekjur verði innanlands, og enn fremur 20 þús. kr., sem væntanlegan arð af sambandinu við útlönd, sem og 54 þús. kr., sem er tillag Danmerkur, þá kostar svona lagað samband að eins 44,819 kr. 60 a. árlega í 20 ár. Það yrði því 92,820 kr. 40 aur. ódýrara á ári, að taka til-

boði Marconifjelagsins, en samband það, er ritsímasamningurinn fer fram á.

Meiri hlutinn vill halda því fram, að þessi mismunur stafi af of hárri kostnaðaráætlun — jeg held nú samt, að hún sje fremur of lág — en hjer skakkar líka mjög miklu, svo að ekki virðist áhorfsmál, að taka þessu boði heldur, þótt mismunurinn væri nokkru minni en lægri kostnaðaráætlunina. — Þá hefur meiri hlutinn haldið því fram, að ekki mundi fást fjárframlög frá Danmörku til loptskeytasambands, en jeg álít, að slíkt sje að eins getsakir til ríkisþingsins. Það getur enginn vafi verið á því, að Dönum er ekkert kærara, en að Ísland kæmist í sem bezt og hagkvæmlegast hraðskeytasamband við útlönd, og það er ekki rjett, að ætla dönsku stjórninni, að hún vilji tradka rjetti vorum. — Jeg er fyrir mitt leyti alls ekki í vafa um það, að Danmörk mundi fús á, að leggja fram fje til loptritunar, og þar sem þetta Marconitilboð fer fram á, að tengja Ísland, Færeyjar og Danmörku loptskeytatengslum, þá geta þeir ekki gjört annað, að óskertum sóma sínum. Norðmenn mundu einnig að öllum líkindum leggja fram fje, ef loptskeytastöðin væri reist í Noregi. Og þó vjer fengjum engan styrk frá Danmörku, — en jeg efast ekki um, að ef stjórnin sýndi dugnað, þá gætum vjer fengið hann bæði frá Danmörku og Noregi, — þá yrði þetta samband oss þó miklu ódýrara, ekki einungis hvað snertir kostnað, heldur líka að því leyti, að vjer Íslendingar gætum þá ráðið yfir því, og þyrftum ekki að vera háðir dönsku stórgróðafjelagi og dönskum ráðherrum, í þessu efni, og það er *aðalatriðið*.

Meiri hlutinn vill toga þetta mál undir sameiginleg mál, sem alls ekki getur komið til nokkurra mála, eins jeg áður drap á, enda þurfum vjer að engu leyti milligöngu Dana, þó að skeyti sjeu send hjeðan til Englands eða þaðan og hingað. Það höfum vjer sjeð í sumar á því, að vjer höfum við og við fengið hraðskeyti án nokkurs leyfis. Oss er því í lófa lagið, með því að taka þessu tilboði, að gjöra hraðskeytamálið algjörlega að sjermáli, og hvað kostnaðinum viðvíkur, þá eru miklar líkur til, að fyrirtækið geti algjörlega borið sig. En eptir ritsímasamningnum fær fjelagið allar tekjurnar milli landa.

Jeg hef stuttlega drepið á aðal-tillögu okkar, og skal nú fara fám orðum um vara-tillöguna. Vara-tillagan er sú, að taka öðru tilboði frá Marconi, sem fer í þá átt, að koma á loptskeytasambandi milli Skotlands, Færeyja og kaupstaðanna þriggja: Reykjavíkur, Ísafjarðar og Seyðisfjarðar, en leggja landsíma frá Akureyri til Reykjavíkur, og höfum við gjört ýtarlega grein fyrir þessari vara-tillögu í nefndaráliti okkar. En komi menn sjer saman um, að fallast á hana, þá sparast að leggja landsíma yfir versta kaflann, frá Seyðisfirði til Akureyrar. Það er eins og allir vita örðug leið; þar er líka minnst byggð, og því minnst þörfin, en jafnframt mestur flutningskostnaður á verkefninu, og mest verkalaunin eins og gefur að skilja, þar sem leggja yrði landsímann yfir fjöll og óbyggðir, þar sem lengst bil er milli byggða. Við komumst að þeirri niðurstöðu, að ef aðal-tillögunni yrði hafnað, þá yrði þetta fyrirkomulag, sem farið er fram á í vara-tillögunni, 56,833 kr. ódýrara á ári, en ritsíminn, og við reiknuðum út, hvað landinu myndi sparast á 20 árum með þessu móti, og komumst að þeirri niðurstöðu, að sparnaðurinn mundi nema 1,758,413 kr. 02 au. Þeg-

ar við gjörðum þessa áætlun, byggðum við auðvitað á reikningi sjálfra vor að því, er landsímann snertir. Okkur taldist til, að það væru 370 kílómetrar frá R.vik til Akureyrar. Ef við hefðum reiknað þetta eptir hinni lágu og vitlausu áætlun meiri hlutans, þá hefði upphæðin auðvitað orðið miklu minni. Eptir þeirri áætlun hefði lagningskostnaðurinn á landsímanum orðið 274 þús. kr., en eptir okkar áætlun verður hann 110 þús. kr. meiri, eða 384,800 kr.

Jeg verð að játa, að enda þótt þessi ræða mín hafi þegar staðið yfir í frekar 2 stundir, þá eru enn mjög mörg atriði, sem jeg hef orðið að ganga fram hjá; en það tjáir nú ekki að halda mikið lengur áfram, og fer jeg nú bráðum að slá botninn í.

Til þrautavara höfum við lagt það til, ef þingið vill ekki ganga að þessari tillögu okkar, að málinu verði *frestað*, og hygg jeg, að það sje einna rjettast. Í því sambandi vil jeg geta þess, að þegar tekið er tillit til þess, hvað þjóðinni lízt um þetta mál, og að úr flestum kjördæmum landsins hafa komið fram raddir um það, að hrapa ekki að neinu, þá virðist liggja næst einmitt að fresta málinu, meðan svo mikill ágreiningur er um það. Ef þingið frestaði málinu, gæti stjórnin einnig fengið tækifæri til þess, að leita fjárframlaga frá Dönum og Norðmönnum til loptrita, og látið rannsaka allt betur, en enn hafa verið tök á; svo gæti hún lagt málið vel undirbúið, annaðhvort fyrir aukaþing að sumri, eða næsta reglulegt þing. Þá hefði þjóðin kynnt sjer málið, hugir manna væru orðnir rólegir, og væri líklegt, að þá yrði komizt að einhverri niðurstöðu, sem allir gætu sætt sig við og væri happasæl fyrir landið. Það væri þinginu sæmra, en að taka — að litt hugsuðu máli — samningi, sem bindur landið í 20 ár undir einokun dansks stórgróðafjelags. Menn kunna nú raunar að segja, að ef samningnum yrði ript, þá hlyti ráðherrann að fara frá völdum. En þrátt fyrir það álit, sem meiri hlutinn kann að hafa á oss, andstæðingum stjórnarinnar, held jeg að við vildum vinna það til, að lofa honum að sitja, ef við að eins yrðum lausir við samninginn. Svo held jeg, að jeg hafi ekki meira að segja að sinni; jeg tek þá heldur til máls aptur, þegar jeg er búinn að heyra, hvað háttv. mótstöðumenn okkar í þessu máli hafa fram að færa.

Framsögumaður fjárlaganefndar, Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði nú ekki að tala, en framsm. minni hlutans í ritsímamálinu knúði mig til þess að standa upp. Erindi mitt er það, að jeg skýra frá, hvernig stóð á því tilboði, sem samkvæmt framhaldsnefndaráliti meiri hlutans er komið frá mjer. Þetta tilboð er ekki komið fram af því, að ætli að spekúlera í landsímalagningunni, eða reyna að græða á henni; heldur ekki af því, að jeg ætli mjer að takast á hendur nokkurn opinberan starfa við þetta fyrirtæki, heldur einungis af því, að jeg er kunnugur á því svæði, sem um er að ræða, og vanur flutningum. Vitnisburður minn hefur þá eina þýðingu í þessu máli, að leiðrjetta villur þær viðvíkjandi staurflutningnum, sem slæðzt hafa inn í hugi manna. Jeg ímynda mjer, að jeg hafi þá tiltrú hjá háttv. samþingismönnum mínum, að þeir væni mig ekki um, að jeg sje að gjöra þeim hyllingar. Tilboði mínu er þannig varið, að það mundi varða æru mína, ef það reyndist ekki annað en hyllingar.

Framsm. minni hlutans hjelt, að tilboð mitt væri á því byggt, að jeg ætti uppbót vísa, ef illa færi, af því að jeg

væri í lífsábyrgðarfjelaginu. Jeg get nú sagt hinum háttv. þm.: Jeg hef aldrei auðgað mig á uppbótum, og gagnvart hinni háttv. deild lýsi jeg yfir því, að jeg ætla mjer ekki að krefjast neinnar uppbótar. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að gjöra þetta skriflega, hjer eru næg vitni við. Tilboð mitt um staurflutning frá Dimmafjallgarði, 16 kílómetra fyrir austan Grímsstaði á Fjöllum, og til Akureyrar, er miðað við það, sem stendur í nefndaráliti meiri hlutans á bls. 46, og það ætla jeg að standa við.

Það sem háttv. framsm. minni hlutans í þessu sambandi talaði um innbyrðis lífsábyrgðarfjelag meiri hlutans og bundin atkvæði, tek jeg sem talað af blaðamanninum en ekki af þm. En jeg ætla að eins að minnast á eitt atriði, þar sem háttv. framsm. var að skýra frá áætlun sinni um kostnaðinn við ritsímann, Hann fann það að áætlun stjórnarinnar, að hún væri byggð á leiðbeiningum ókunnugra manna, eins og t. d. verkfræðings Krarups. En svo fer háttv. framsm. og minni hlutinn sjálfur í kostnaðaráætlun sinni einmitt eptir áliti Krarúps og byggir reikninga sína á honum allstaðar þar, sem honum ber ekki saman við stjórnina, eða þá menn, sem hjer höfðu verið til rannsókna, því það varð minni hlutinn auðvitað að varast, að láta sjer ekki í neinu bera saman við hana.

Háttv. framsm. endaði ræðu sína með því að álykta, að kostnaðurinn við ritsímalagninguna yrði naumast minni, en minni hlutinn hafði áætlað hann, því þó það auðvitað munaði einhverju á einstöku liðum, þá jafnaði það sig upp á öðrum liðum, Þessi staðhæfing þykir mjer nú furðanleg, þar sem ýmsar upplýsingar eru komnar fram, meðal annars um það, að staurafluttningurinn nemi ekki nema 5 kr. 11 au. á hvern staur á því svæði, sem til jafnaðar liggur lang lengst frá höfnum, en minni hlutinn hefur aætlað 10 kr. á staurinn upp og ofan á öllu landinu. Þannig munar nú strax e. 90 þús. kr. á áætlun minni hlutans og því, sem verkið kemur til að kosta, og er þá sýnilegt, hvernig áætlun minni hlutans stenzt í verkinu, þegar svo miklu skakkar á langstærsta póstinum. Sje annar útreikningur minni hlutans eptir þessu, er ekki kyn, þó sumum þyki áætlun hans nokkuð grýlukennd.

Ráðherrann: Jeg skil ekki vel, hvers vegna háttv. framsm. minni hlutans var að mæða sig á svo langri ræðu, úr því hann sagði fyrirfram, að hann hann vissi það vel, að það þýddi ekkert. Það getur naumast verið, að hann hafi lagt þetta á sig, til þess að skemmta þingdeildinni. Naumast hefur hann heldur gjört það til þess að friða samvizkuna. Sálin er víst jafn glöð og góð, hvort sem er og eptir sem áður. Það er því næst mjer að halda, að ástæðan fyrir ræðuhaldinu sje sú, að honum hafi ekki þótt sæma, að láta grýlur þær og gorkúlur, sem hann hefur búið til í ritsímamálinu, ganga til grafar, án þess að líkræða fylgdi, og skoða jeg ræðu hans sem einskonar eptirmæli eptir hans eigin rangfærslur í blaði hans og nefndaráliti.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að atkvæði þingmanna í þessu máli, hefðu verið bundin fyrirfram, og skýrskotaði til orða, er jeg hafði átt að segja við 1. umr. fjárlaganua. En hjer við er það að athuga, að það, sem hann hafði eptir mjer, er allt ranghermt, og rifið út úr rjettu sambandi. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) virðist taka þetta upp eptir rammskakkri frásögn nokkurra blaða um það atriði,

frásögn. sem öll er afbökuð og skæld og ósönn í aðalatriðinu. Það, sem jeg sagði, það var, að þar sem þingið hefði á þremur síðustu fjárlögum veitt 35 þús. kr. hvort árið sem 1. og 2. afborgun af 20 ára tillagi fyrir sæsíma milli útlanda og Íslands, þá væru það svik, ef þingið felldi nú þetta tillag burtu, er samningar hefðu verið á þessu loforði byggðir, en svo bætti jeg við jafnframt, að jeg treysti því, að það kæmi ekki til, að því er snerti meirí hluta þingsins, hann mundi aldrei aðhyllast slíkt athæfi. Um minni hlutann gat jeg ekki staðhæft hið sama. En að jeg hafi sagt, að meiri hlutinn hafi lofað mjer nokkru um þetta efni, eða gefið *mjer* loforð um, að aðhyllast gjörðir mínar í þessu máli, hvað sem öðru liði; það er blátt áfram ósatt. Jeg lýsi því yfir, að jeg hef ekkert það sagt, sem með rjettu sje hægt að skilja svo, að flokksmenn mínir hafi fyrirfram bundið atkvæði sín í þessu máli með loforðum við mig. Það er því fráleitara. að jeg geti hafa talið *þann* meiri hluta flokk, sem nú er á þingi, fyrirfram bundinn í þessu máli, sem þeir menn, sem nú eru í meiri hlutanum, hafa alls ekki verið á sama bandi á undanförnum þingum að því, er ritsímamálið snertir. Meiri hlutinn í stjórnarskrármálinu, var ekki sama og meiri hluti í ritsímamálinu. Um lendingarstað sæsímans og fleira í þessu máli; hafa verið skiptar skoðanir. Jeg fyrir mitt leyti var í miklum minni hluta í ritsímamálinu á þingi 1901, eins og hv. framsm. minni hlutans sjálfsagt man, en það kom ekkert hinni pólitísku flokkaskipun við.

Það gleður mig, að jeg þá hef talað svo vel og sannfærandi, að háttv. framsm. minni hlutans hefur sannfærzt af því eptir á, og fundið ástæðu til að skírskota til þess, er jeg tók fram og lesa upp 2—3 kafla úr þeim ræðum mínum. Jeg bjóst satt að segja ekki við slíkum heiðri eptir því, hvernig háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) snerist að ræðum þessum þá.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að þær mótbárur, sem hann og samflokksmenn hans hreyfðu í þessu máli, ættu ekkert skylt við skoðanir þeirra á núverandi stjórn nje afstöðu þeirra gagnvart henni, að þetta með öðrum orðum væri ekkert flokksmál. Það er nú svo. Jeg vonaðist satt að segja eptir, að þetta afarmikilsvarðandi framfaramál, sem hingað til hefur verið laust við flokka, yrði ekki gjört að leiksoppi fyrir pólitískum gauragangi mótstöðumanna minna, og að þar væri að minnsta kosti eitt mál, sem allir gætu sameinazt um. Margir af þeim, sem framarlega standa í mótspyrnu: mótþróaflokknum, hafa að undanförnu verið afar»spenntir« fyrir framgangi málsins, einmitt á þann hátt og í þeirri mynd, sem það er nú komið fram í af stjórnarinnar hálfu. Þegar stjórnin tók ákvarðanir sínar í þessu máli, eptir því, sem meiri hluti þings hafði áður óskað, fór hún ekki eptir því, er meiri hlutinn *sem flokkur* hafði í ljós látið, heldur eptir því, sem mikill meiri hluti þeirra þingmanna, sem atkvæði hafa greitt um málið að undanförnu, þar á meðal einnig mjög margir núverandi »mótspyrnumenn«, höfðu orðið ásáttir um.

En hvað skeður? Ekki eru fyr komin líkindi fram fyrir því, að jeg ætli að bera gæfu til þess, að hrinda þessu máli eitthvað áfram, fyr en þeir rísa upp, pólitískir andstæðingar mínir, hver um annan þveran, og gjöra það strax að stórpólitísku núméri móti mjer. Jeg held að engum, sem hafa lesið blöðin og fylgzt með í »agitation-

inni«, í vetur, vor og sumar, geti blandazt hugur um, að hjer er einmitt orðið um pólitískt kappsmál, ofstækismál að ræða af mótspyrnumanna hálfu, aleflis tilraun til þess að hindra framgang málsins, *af því* það kemur nú frá þeirri hlið, sem það kemur, tilraun til þess, að snúa máli þessu þannig við, að þjóðin verði því fráhverf, og stjórnin komist í minni hluta. Jeg segi *ekki*. að allir háttv. andstæðingar mínir eigi sök í þessu. Það eru mjög heiðarlegar undantekningar, mjög margir, sem hafa látið telja sjer hughvarf og eru í »góðri trú«. En foringjarnir vita vel, hvað þeir eru að gjöra. Samvizkulausum blöðum hefur tekizt að blekkja marga, allt of marga og villa þeim sjónir í þessu máli. Sökin liggur ekki hjá þeim, sem hafa látið blekkjast, heldur hinum, sem hafa búið þessar blekkingar til. Það er kátbroslegt, að sjá þá menn, sem sjálfir hafa búið til þessar fáránlegu fjarstæður móti ritsímanum, breytt þær út og alið þær upp, setja upp á sig sakleysissvípinn, og skírskota í sínar eigin pólitísku hrákasmíðar sem heilagan vilja þjóðarinnar. Það er alveg eins og, ef amerískir goðamynda-fabrikantar, sem búa til postulínsmyndir Kínverjum til átrúnaðar, færu að fleygja sjer fram og tilbiðja þennan verzlunarvarning sinn!

Háttv. framsm. minni hlutans talaði langt mál um ritsímasamninginn og heimild mína til þess að gjöra samninginn. Jeg álít nú tilgangslítið að fjölyrða um það. Jeg hef lagt öll skjöl og skilríki málsins fyrir þingið, og þingið hefur á sínu valdi að dæma um það, hvort jeg hafi haft löglega og pólitíska heimild í þessu efni. Mjer hefur aldrei blandazt hugur um, að jeg hefði ekki einungis rjett til, heldur væri mjer beinlínis skylt að grípa tækifærið, þegar það bauðst. og gjöra samninginn, og ef jeg hefði ekki gjört það, hefði jeg gjört mig sekan í vanrækslu. Ef jeg hefði sleppt tækifærinu og slegið öllu á frest, þegar loks gafst langþreyð, en hverfult færi, þá hefði vel getað farið svo, að landið hefði orðið fyrir því stórtjóni. að missa af tryggu og öruggu ritsímasambandi við umheiminn, og talsímasambandi innanlands, sem að áliti allra skynbærra manna er einhver hinn bezti og öflugasti framfara- og menningar-miðill.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að ekki þyrfti frekari vitna við um það, að mig hefði brostið heimild til að gjöra samninginn, þar sem nú lægi fyrir um það atriði játning sjálfs mín, sem á að vera hægt að lesa út úr brjefi mínu 30. júní 1904. En eins og jeg drap á við framh. 1. umr., felst engin slík játning í þessu brjefi. Þeir, sem lesa brjefið, geta sjálfir sjeð og sannfærzt um, að í því er ekkert, sem bendi á, að jeg hafi ekki þótzt hafa heimild til þess að gjöra samning um tillag af Íslands hálfu til ritsímasambands við útlönd. Það, sem í brjefinu segir, er að eins, að í núgildandi fjárlögum sje ekki — eins og að undanförnu hafi verið — *formel* heimild til þess að ákveða lendingarstað á Austurlandi og leggja fram fje af landssjóði fram yfir þær 300 þús., sem hið Mikla norræna leggur til landsímans, en hitt er ekki rjett, að jeg hafi í nokkru brjefi kannazt við, að jeg hefði ekki heimild til að gjöra samning um sæsímalagningu milli Íslands og útlanda; til þess eru skýlaust veittar 35 þús. kr. hvort árið. En þó jeg ljeti í ljós, að í núgildandi fjárlögum væri ekki sú skýlausa heimild, sem áður hefði verið upptekin í fjárlög, til

þess að leggja símaan að Austurlandi, er ekki þar með sagt, að jeg hafi ákveðið það í heimildarleysi. Í fyrri fjárlögum er heimild þessi gefin sem svar frá þinginu, Stjórnin lagði þá spurningu fyrir þingið: Má, ef svo ber undir, leggja sæsímann að Austurlandi? Og þingið svaraði: Já! Það hefur gefið það svar, ekki einu sinni, heldur tvisvar eða jafnvel þrisvar, fullskýrt í öll skiptin, og aldrei apturkallað það svar sitt.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði við framhald 1. umr., að svona ástæða væri ekki svaraverð, því auðvitað giltu athugasemdir, sem allt annað í fjárlögunum, að eins fyrir það og það fjárhagstímabil. En þetta er að minni hyggju ekki rjett. Eins og með berum orðum er tekið fram í öllum fjárlögum vorum, gilda þær **fjárveitingar,** sem í fjárlögum standa, og ekki eru ákveðnar á annan hátt, að eins fyrir fjárhagstímabilið. En þetta útlokar ekki, og ef til vill, má einmitt ályktа það, *e contrario*, að sje eitthvað *annað*, en beinar fjárveitingar, ákveðið í fjárlögunum, þá standi það óhaggað, þótt fjárhagstímabilið líði, eins og t. d. fyrirheitið um, að tillagið til sæsíma skuli veitast í 20 ár, þangað til heimildin er aptur numin burt. En að því, er þetta atriði snertir. hefur hún ekki verið apturkölluð, heldur er beinlínis gengið út frá því í fjárlögunum síðustu, að samningur verði gjörður og lagður fyrir þingið til athugunar. Jeg þykist því hafa haft fulla heimild til þess að gjöra ritsímasamninginn, og þetta er ekki einungis álit mitt, heldur mjög margra annara, sem vit hafa á og satt vilja segja. Þingið hefur látið í ljós ótvíræðan vilja um, að slíkur samningur yrði gjörður, og jeg álít mig skyldan til, að fara eptir vilja þess í því efni.

Háttv. framsm. minni hlutans hjelt, að ekki hefði legið á, að taka neinar ákvarðanir í þessu máli, og sagði, að jeg hefði getað skotið á aukaþingi. En hæði var nú það, að jeg áleit það gjörsamlega tilgangslaust. að vera að eyða tímanum til þess, að spyrja þingið í 3. eða 4. sinni; það hafði svarað, og svar þess stóð óbrcytt, það hafði lofað, og loforð þess stóð óhaggað; og aukaþing er kostnaðarsamt, en það bar bráðan að með að taka ákvörðun í málinu. Að kalla saman reglulegt þing í marzmánuði, eins og danskíslenzkur þingmálamaður einn var að segja dönskum blöðum að jeg hefði átt að gjöra, var ómöguleigt, því þinghúsið er, eins og allir vita, ofnlaust, og þar að auki hefði það verið tilgangslaust, því jeg varð að gjöra samninginn og panta staurana í september haustið áður.

Jeg skal verða síðastur manna til þess að neita því, að fjárveitingavald þingsins er mikilsvert. En jeg hef heldur ekki á neinn hátt brotið á móti vilja fjárveitingavaldsins, hef ekki enn brúkað eða bundið einn eyri af óveittu fje af landssjóði til landsímalagningarinnar, umfram framlag ritsímafjelagsins. Það, sem greitt hefur verið, verður innborgað aptur af tillagi fjelagsins. Það er hægt að leggja landsíma frá Austfjörðum og alla leið til Reykjavíkur fyrir þær 300 þús., sem Mikla norræna gefur á milli sæsímans til Reykjavíkur og Austfjarða, og jafnvel fyrir minna en það. Jeg segi, að það sje hægt að gjöra það, en sambandið verður þá auðvitað ekki eins gott nje notasælt, eins og það getur orðið með meiru fjárframlagi. Jeg hef sjeð um undirbúning símalagningar. En um það, hvort heldur eigi að velja ritsímasamband, sem að eins nægir til þess að fullnægja skilyrðum

fyrir 300 þús. kr. framlaginu og ekki kostar meira en það, eða símasamband, sem er talsvert miklu dýrara, en jafnframt veitir talsímasamband um endilangt Ísland og margar stöðvar, um það hef jeg enga ákvörðun tekið. Það er á þingsins valdi, og þá um leið fjárveitingin, sem þarf um fram þessar 300 þús. frá Mikla norræna. Fyrir þá upphæð er hægt að leggja einfaldan stálsíma, en þá er ekki hægt, að hafa talsíma um landið jafnframt, svo það fyrirkomulag verður ekki nærri eins notagott fyrir viðskiptalífið innanlands. Í uppástungum mínum í fjárlagafrumv. er gengið út frá því, að allt verði haft svo vandað og notagott, sem frekast er unnt; að staurarnir sjeu svo vandaðir, sem hægt er, og settir eins vel niður og tök eru á; að hafður sje til sambandsins tvöfaldur, bronzeraður koparþráður, og að við hann sjeu tengdar 22 talstöðvar innanlands.

Það er nú þingsins að skera úr, hvort það vilji taka þessu fyrirkomulagi, og þá að veita það fje, sem til þess útheimtist. Vilji það ekki veita neitt til landsímalagningarinnar, þá verður að bjarga sjer með þau 300 þús., sem fjelagið leggur fram.

Hinu getur enginn vafi leikið á, að stjórnin hafði vald til að gjöra út um sæsímann frá útlöndum til Íslands. Það stendur beinlínis í fjárlögunum, að til þess sjeu veittar 35 þús. kr. í 20 ár, og því getur enginn ript, nema þingið vilji ganga ofan í sjálft sig.

Orð og ummæli háttv. framsm. minni hlutans um, að jeg hefði í heimildarleysi varið stór fje af landssjóði og lagt þunga byrði á þjóðina, eiga sjer því engan stað; það er hreinn og beinn misskilningur.

Háttv. framsm. minni hlutans komst að þeirri niðurstöðu, að jeg væri lítill »businesmaður«, lítt slunginn kaupmaður, þar sem jeg ekki hefði prúttað nóg og ekki notað mjer annara neyð — eptir því sem mjer skildist: neyð Stóra norræna ritsímafjelagsins! eins og því ætti að vera svo brýn nauðsyn að fá að leggja stórfje í ritsímalagning til Íslands. En hjer talar hann um hluti, sem hann veit ekkert um. Hvað veit háttv. þm. um það, hve mikið keppikefli fjelaginu var að framhalda »koncessionum« sínum milli Danmerkur, Englands og Svíþjóðar þessi 14 ár í viðbót? og hvernig heldur hann, að jeg hafi haft í hendi mjer að ráða svörum danska, brezka og sænska ríkisins uppá málaleitanir fjelagsins um »koncessions«framlengingar í þeim ríkjum? Hvernig gat jeg sett stólinn fyrir dyrnar, að því er slíkt snertir? Hann veit heldur ekki og getur ekki vitað um, hvað hefur farið á milli mín og formanns Stóra norræna ritsímafjelagsins, hvorki um eitt nje annað. Hvernig getur hinn háttv. framsm. minni hlutans þá sagt, að jeg hafi ekki gjört allt, sem í mínu valdi stóð til þess að komast að sem beztum kjörum? Þar talar hann eptir velvildarhugboði sínu, en ekki af þekkingu.

Annars hlýtur háttv. þm. að hafa sjeð af ritsímaskjölunum, að það hefur verið rækilega reynt að fá meira framlag til landsímans en þessar 300,000 kr. En svarið hefur verið, að það kostaði fjelagið fullt eins mikið, að leggja símann til Austurlands með 300,000 kr. framlagi til landsins, eins og að leggja hann til Þorlákshafnar framlagslaust, og að fjelagið gæti undir engum kringumstæðum teygt sig lengra en það þegar hefði gjört, enda hefði fyrst verið miðað við Berufjörð sem lendingarstað, þegar mismunurinn á kostnaði við

lending austanlands og sunnan var ákveðinn 300,000 kr. Hafi það að eins stafað af fullyrðingu sjóliðsforingja, sem mældu upp eystra, um það, að Seyðisfjörður væri langbezti lendingarstaðurinn fyrir sæsima, að fjelagið gekk inn á, að láta tilboð sitt einnig gilda fyrir Seyðisfjörð. Jeg hef aldrei getað fundið út, hvaða hag *fjelagið* ætti að geta haft af því, að leggja símann til Austurlands heldur en beint hingað, að jöfnum kostnaði, og skil því ekki, hvað því ætti að ganga til að skrökva til um kostnaðarmuninn, en við höfum hag af því, að síminn komi til Austurlands, því að með því móti fáum við 300,000 krónur til landsímalagningar, sem er að minnsta kosti eins áríðandi eins og utanlandssambandið. Við höfum engan hag af því, að fjelagið sökkvi í sjávardjúp meira kapítali, en nauðsyn krefur til að sameina löndin, og við töpum engu, þó aldrei nema fjelagið hefði einhvern hag af að leggja heldur til þessar 300,000 kr., heldur en sökkva þeim í sjó í síma með ströndum fram. Það framlag, sem fæst, er grætt fje til innanlandssambandsins. Jafnvel þótt ekki hefði fengizt nema 200,000 kr. milligjöf á síma til Austurlandsins og síma til Þorlákshafnar, hefði samt verið rjett að hlýta því, heldur en að verða af öllu innanlandssambandi í bráð.

Annars get jeg sagt hinum háttv. þm., að það er ekki nóg, til þess að finna út kostnaðarmismuninn, að mæla mismun á vegalengd á kortinu og reikna svo kostnaðarmuninn eptir tiltölu við vegalengdina alla, því að kostnaður við símann fer ekki að eins eptir lengd, heldur eptir sjávardýpi og botninum. Síminn er digur og dýr uppi við land og út frá landi á tiltölulega grunnu vatni, en mjórri á hafi og ódýrari. Á vegalengdinni frá Hjaltlandi til Íslands yfir Færeyjar eru margir kaflar mjög misdýrir eptir dýpi og öðrum atvikum, og auk þess er ætið mikill aukakostnaður við lendingarstaði. Allir þessir dýrari spottar yrðu hinir sömu, hvort sem sæsíminn liggur að Austurlandi eða Þorlákshöfn, en lengdarmismunurinn verður á ódýrasta þræðinum. Til þess að geta vitað nokkuð um kostnaðarmismuninn, þyrfti háttv. þm. því að vita verð á t. d. faðminum á ódýrustu köflunum.

Þá hóf háttv. framsm. minni hlutans upp dóm sinn um innihald samningsins, og lauk hann ekki einlægu lofsorði á það.

Hann talaði mikið um, að fjelaginu væri veitt einkaleyfi í 20 ár. En þingið hefur áður með þingsályktun frá 24. ágúst 1895 skorað á stjórnina að gefa hverju fjelagi, sem hafa vilji, þannig lagaðan einkarjett, ef það fáist til að leggja síma. Þá er enginn vafi á því talinn, að danska stjórnin gæti veitt slík einkarjettindi, að því er Ísland snertir. Nú, er íslenzka stjórnin samþykkir slíkt, þá á það að vera óleyfilegt. En það liggur í hlutarins eðli, að þetta er samningsatriði. Öll fjelög, sem tækjust slíkt fyrirtæki á hendur á eiginn kostnað og ábyrgð, eins og hjer er gjört, mundu auðvitað áskilja sjer þennan rjett. Marconifjelagið setti mjer í fyrra það skilyrði fyrir þráðlausu sambandi, að fjelagið hefði útilokandi einkarjett um langt árabil til allra hraðskeytasambanda hjer. Fjelagið Warburg, Arntzen & Bing kröfðust og einkarjettar til alls hraðskeytasambands milli Íslands og allra annara hluta veraldar um 20 ár, og fannst engum það atriði vera varhugavert 1902 og 1903. Að Marconifjelagið nú ekki heimtar einkarjett, stafar að eins af því, að Ísland á að bera allan kostnað og ábyrgð af fyrirtækinu, og

taka tekjurnar, svo það yrði Íslandi sjálfu í óhag. en ekki fjelaginu, ef það færi að hleypa að keppinautum. Því fer fjarri, að samningarnir við Stóra norræna útiloki öll önnur símasambönd. Það er beint tekið fram, að fjelagið hefur ekki einkarjett til sambanda við aðrar álfur, t. d. Ameríku, ennfremur að samningurinn útilokar ekki þráðlaus sambönd milli skipa og lands, auk þess sem öll innanlandssambönd eru ósnortin af samningnum.

Þá heldur háttv. framsm. minni hlutans því fram, að Ísland verði að borga fullt gjald, þó að sæsíminn sje slitinn í 4 mánuði, og að það sje á valdi fjelagsins, hvenær það gjöri við símann. Ef þetta er meining hins háttv. framsm. minni hlutans, þá hefur hann lesið samninginn eins og viss persóna les bibliuna. Jeg vil leyfa mjer að benda honum á 4. gr. samningsins. Þar stendur svo:

»Ef sæsíminn bilar, svo að símritunin teppist eða verður örðug, skal fjelagið *svo fljótt sem unnt er,* gjöra allar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að gjört verði við það, sem aflaga fór«.

Í 12. gr. stendur:

»Haldi fjelagið ekki þær skuldbindingar, sem því eru á herðar lagðar í leyfisskrá þessari, má svipta það leyfinu«. Og í 2. gr. er ákveðið, að ef fjelagið brjóti leyfið af sjer, þá skuli Danmörk og Ísland eignast símann sameiginlega án endurgjalds eptir hlutföllum $^2/_3$ og $^1/_3$. — Þetta er með öðrum orðum: Ef fjelagið nokkurn tíma lætur dragast stundu lengur, að gjöra við símann svo fljótt sem frekast er auðið, þá hefur það gjörzt sekt í samningsrofum, og þar með fyrirgjört rjetti sínum, tillagi öllu og símanum sjálfum.

Þetta hefði háttv. framsm. minni hlutans átt að sjá, áður en hann skellti á mig ásökunum sínum um þetta atriði. En það finnst mjer allir hljóti að játa, að það væri ekki sanngjarnt að straffa fjelagið, meðan það gjörir allt sem í manns valdi stendur til þess að fullnægja skyldu sinni innan viss tiltekins frests. En ef fjelagið hefði haft nokkurn mögulegleika til þess að framkvæma viðgjörðina *áður* en frestur þessi er liðinn og vanrækir það, þá er samningurinn rofinn. En það ætti að liggja í augum uppi, að bæði eignir, hagsmunir og international kröfur muni hljóta að knýja fjelagið til þess að láta ekki viðgjörðir undir höfuð leggjast, ef þeirra skyldi einhvern tíma verða þörf.

Þá var háttv. þm. líka að finna að því ákvæði, að fjelagið fær styrk úr Danmörku, þó að sambandinu sje slitið milli Færeyja og Íslands meira en 4 mánuði. En jeg vil benda á það, að samningurinn er af Dana hálfu aðallega gjörður fyrir Færeyjar, og að tillagið frá Danmörku er engu síður veitt með tilliti til Færeyja, heldur en Íslands vegna. Ef sambandið er óslitið milli Hjaltlands og Færeyja, væri þá alveg meiningarlaust, að fjelagið missti allan danska styrkinn, þó samband milli Færeyja og Íslands bilaði. Þá er nóg að fjelagið missi allt Íslands tillagið og hálft danska tillagið, eins og samningurinn ákveður. Í sambandi við þetta má minna á, hve mikil fjarstæða það er, að ætla, að við Íslendingar getum leikið okkur eins og okkur sýnist með hið sameiginlega ritsímatillag Íslands og Færeyja frá Danmörku, alveg að Dönum og Færeyingum fornspurðum, og án þess að hugsa nokkuð um samband Færeyja við önnur lönd.

Þá talaði háttv. framsm. minni hlutans mikið um, hve rangt það væri,

að samgöngumálaráðherra Dana ætti að ákveða millilandataxtana. Þetta er nú í fyrsta lagi ranghermt úr samningnum. Í samningsuppkastinu, sem háttv. þm. hefur vizku sína úr, stendur að eins, að samgöngumálaráðherrann fastsetji *í fyrsta* skipti *hámark* sæsímataxtanna fyrir 5 ára bil. En það er jafnframt tekið fram, að aldrei megi hækka hámarkið nema með samþykki Íslandsráðherrans. Nú var hámarkið í fyrsta sinn *ekki* ákveðið af samgöngumálaráðherranum einum, heldur okkur báðum í sameiningu, eins og nú er tekið fram í »koncessioninni« sjálfri. En að þannig var til orða tekið í uppkastinu, kom til af því, að það var haft í skilyrðum fyrir 54 þús. kr. styrkveitingunni af ríkisþinginu hjá fjárlaganefnd þjóðþingsins, að hámark taxtanna væri þannig fastsett, til þess að tryggja ríkinu, að það yrði ekki sett *of hátt*, enda er svo ákveðið í ritsímalögum Dana frá 1897, sem gilda fyrir Færeyjar og fylgja varð, að svo miklu leyti, sem Færeyjar snerti, að þetta skuli standa svo í öllum ritsímakoncessionum ríkisins.

Taxtarnir eru tiltölulega alls ekki hátt settir. Það tjáir alls ekki að miða slíkt eingöngu við símalengd, heldur verður jafnframt, og eigi hvað minnst, að fara eptir »trafíkinni«, viðskiptavoninni. En hvergi í heiminum er eins lítil von um »trafík«, þar sem sæsími hefur verið lagður, eins og hjer; í byrjun var því ómögulegt að hafa hámarkið lægra en gjört er, 70 centímer = 50 aura fyrir orðið hjeðan til Hjaltlands.

Jeg hef hjer fyrir mjer bók með töxtum allsherjar-ritsímasambandsins, sem háttv. framsm. minni hlutans er velkomið að fá lánaða *(Skúli Thoroddsen:* Jeg hef aðra bók). Á henni sjest, að taxtar til ýmsra eyja, t. d. frá flestum löndum til kanarisku eyjanna, er miklu hærri, en hámarkið hingað frá Hjaltlandi, og eru íbúar þar þó yfir 300 þúsundir, hjer tæplega 80 þúsundir, svo þar má gjöra ráð fyrir ferfalt meiri »trafík«. En þessa ber því að gæta, að þetta hámark, 50 aurar fyrir orðið, gildir ekki meginþorra þess máls, sem sent verður, því eins og háttv. þm. veit, er blöðunum áskilinn helmingsafsláttur í öllum blaðaskeytum, þ. e. ekki nema 25 aura fyrir orðið, og loks má ganga út frá því, að kaupmenn notistyttingar(Koda-system) hjer ekki síður en annarsstaðar, og yrðu þá fá orðin í skeytum þeirra.

Þar sem háttv. þm. (Sk. Th.) ljet sjer um munn fara, að taxtarnir væru settir óhæfilega háir, til þess að Danir gætu haft okkur að fjeþúfu og »pressað« fje út úr okkur í 20 ár, þá hefur hann að líkindum gleymt því í augnablikinu, að hann var ekki að skrifa leiðara í »Þjóðviljann«, heldur að ræða alvarlegt mál sem fulltrúi á þingi þjóðarinnar. Þetta hlýtur að vera í ógáti talað. Hann veit vel, að leiðandi mönnum í Danmörku er allt annað í hug gagnvart Íslandi, heldur en að fjefletta oss. Hann veit líka, að tekjurnar af símanum, svo miklar sem þær verða, renna ekki í sjóð Dana, heldur í sjóð Stóra norræna ritsímafjelagsins, sem er aktiufjelag, er Frakkar og Þjóðverjar eiga meira fje í en Danir. Hann veit líka, að bæði Hage ráðherra og kommandör Suenson hefur gengið allt annað en illt til þess, að leggja sig í líma til þess að hjálpa oss til þess, að fá uppfylta þingsins margendurteknu ósk um ritsímasamband, og að það þvert á móti var beggja innileg ósk, að gjöra Íslandi með þessu ómetanlegt gagn. Háttv. þm. ætti því ekki að tala svona, svo góður og gætinn maður eins og hann er!

Þá þótti háttv. framsm. minni hlutans það mjög viðsjárvert, að stjórnin skuli hafa vald til að stansa alveg sambandið, ef ástæða er til vegna almenningsöryggis, og gat þess, að sambandið mundi verða stöðvað, ef ráðherranum þætti bóla á einhverjum uppreisnaranda hjer og þyrfti að senda eptir herskipum eða hafa annan viðbúnað; yfir höfuð sá hann margar hættur í þessu.

En hjer misskilur háttv. þm., eins og fyrri daginn. Það er ekki *það*, sem tekið er fram, að stöðva megi sambandið, ef nauðsyn krefur, til þess þarf engin samningsákvæði. Það liggur í hlutarins eðli, og er alveg sjálfsagt. En hitt er ákveðið, að *fjelagið* skal ekki eiga neina heimting á skaðabótum, þó svo komi fyrir, að slíta þurfi sambandinu vegna almenningsöryggis, t. d. ef stríð bera að höndum, er gjöra slíkt nauðsynlegt. Það mundi verða gjört, ef með þyrfti, hjer eins og allstaðar annarstaðar í siðuðum löndum, og það jafnt þótt um þráðlaust Marconísamband væri að ræða.

Þá talaði háttv. framsm. minni hlutans enn fremur um, að danska samgöngumálaráðherranum væri gefin heimild til að skilja og skýra samninginn eins og hann vildi. Háttv. þm. á víst við 12. gr., en þar stendur:

»Að því er snertir skýringar á þessum samningi, ber *fjelaginu* að hlíta úrskurði samgöngumála-ráðherrans«.

Ósköp er háttv. þm. allt í einu orðið sárt um ritsímafjelagið! Það má ekki vera skaðabótalaust, ef almenningsheill og öryggi gjörir það óhjákvæmilegt, að slíta sambandinu um hríð, og það má ekki sjálft eiga með að stofna sjer í þá hættu, að undirgangast, að hlíta úrskurði samgöngumálaráðherrans um skilning á orðum samningsins! Vill hann að við eða danska stjórnin sje endilega nauðbeygð til að fara í mál við fjelagið, ef á milli ber? Það er mikil umhyggja fyrir fjelaginu, sem hann snögglega hefur fengið. Um Ísland er ekki að ræða, það þarf ekki að hlíta úrskurðinum. Meining ákvæðisins er auðvitað, að skylda fjelagið til, að hlíta umboðslegum úrskurði um samnings-skýringar. — Að leggja undir úrskurð tveggja manna, er óhentugt, því þeir geta verið sinn á hverri skoðun. Þegar þeir þar að auki eru sinn í hvoru landi, þá verður ómögulegt, að láta liggja undir úrskurð beggja. Nú leggur Danmörk meira fje fram eptir samningum, og Færeyjar, sem samningurinn snertir jafnt og oss, eru amt af Danmörk, og var því vafalaust rjettara, að leggja þetta undir samgöngumálaráðherrann, en Íslandsráðherrann.

Loks sagði háttv. þm., að jeg hefði rjettilega fundið, að samningurinn þyldi ekki að koma fram í dagsins ljós, og því hefði jeg leynt honum. Jeg hef þegar áður lýst því yfir, að það er *ósatt*, að samningnum hafi verið leynt. Jeg skýrði frá því um daginn, að jeg hefði einnig sýnt einum ritstjóra mótflokksins samninginn og önnur skjöl viðvíkjandi ritsímamálinu með tilmælum um, að hann skilaði til annars ritstjóra af sama sauðahúsi, að honum væri velkomið að sjá þau; en nú hef jeg heyrt, að ritstjórinn hafi verið svo ósvífinn að neita því, að hann hafi sjeð skjölin hjá mjer. Jeg vil því endurtaka það nú, að ástæðan til þess, að jeg bauð honum að líta á skjölin, var sú, að rangt hafði verið skýrt frá ákvæðum samningsins um ákvörðun taxtanna, og vildi jeg gefa honnm kost á að sjá með eigin augum, hvað satt væri í því efni. Jeg hafði alls ekkert skilríki fyrir þessu annað en einmitt samning-

inn eða koncessions-uppkastið sjálft, og *jeg get* því bókstaflega ekki hafa sýnt honum annað sönnunargagn um þetta atriði, en einmitt samninginn, sem jeg á að hafa leynt. Jeg vona, að blöðin taki upp þessa yfirlýsing mína, og getur þá þing og þjóð ráðið, hverjum þau heldur vilja trúa, mjer eða þessum virðulega ritstjóra.

Jeg get ómögulega verið að eltast við ýkjur og ósannindi háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) viðvíkjandi kostnaðaráætlunum stjórnarinnar og undirbúningi málsins. Hann þykist ekki þekkja Hanson verkfræðing, og talar um »lauslegar ágizkanir eptir einhvern Hanson, sem einu sinni fór hjer um«. Sannleikurinn er, að Hanson rannsakaði *tvisvar* nákvæmlega alla ritsímaleiðina frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, í síðara skiptið 1898 eptir ráðstöfun Stóra norræna ritsímafjelagsins með samþykki landsstjórnarinnar, og gjörði mjög ítarlegar athuganir og mælingar og uppdrætti. Á rannsóknum hans voru byggðar áætlanir Sonnes verkfræðings, sem lágu fyrir alþingi 1899, og voru þær miðaðar við kostnað við ritsímalagningu í öðrum fjallalöndum, með líkum landsháttum. Þessar áætlanir voru svo aptur endurskoðaðar og bornar saman við rannsóknir Hansons af Krarup verkfræðingi, er einnig var sendur til Noregs til þess að afla allra upplýsinga um ritsímakostnað þar, og samdi hann eptir nýjustu og beztu upplýsingum nýja áætlun, sem hjer liggur fyrir þinginu nú.

Síðan hefur Forberg verkfræðingur ferðast um alla línuna, gagnrýnt áætlanirnar og komizt að mjög líkri niðurstöðu og þeirri, er stjórnarfrumv. byggir á. Jeg sje því ekki betur, en að áætlanirnar sjeu svo grundaðar, sem nauðsyn krefur.

Háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) gjörði lítið úr upplýsingum Forbergs af því, að hann væri starfsmaður stjórnarinnar. Það er að vísu satt, að Forberg var af stjórninni ráðinn til þess að rannsaka ritsímalínuna til hlítar, og á grundvelli þeirra rannsókna leiðrjetta það, sem skakkt kynni að vera í fyrri áætlunum. — Ásamt honum ferðaðist mjög vanur landmælingamaður, »Guide« Hansen frá landmælingadeild hersins í Danmörk, en Forberg var útvegaður landsstjórninni af yfirstjórn ritsímamálanna í Noregi, sem sjerstaklega vanur ritsímalagning norðan til í Noregi, og einkar duglegur og áreiðanlegur maður. Að vefengja skýrslur Forbergs af þeirri ástæðu, að hann hafi verið kvaddur til fararinnar af landstjórninni, er hið sama sem að vefengja skýrslu útnefnds skoðunarmanns af þeirri ástæðu, að hann hefur verið útnefndur til skoðunarinnar! Það væri sama sem að neita vitnisburði manns af þeirri ástæðu, að hann hefur haft sjerstaklega ástæðu til, að kynna sjer það rækilega, sem hann er að bera vitni um! Ef hann á að álítast hlutdrægur, hvað má þá segja um Capíto og Bredow? Þeir eru agentar fyrir privat-fjelög og sendir hingað að eins til að mæla fram með varningi húsbænda sinna. — Frá þessum mönnum hefur minni hlutinn alla vizku sína um þráðlausu firðritunina, sem þeir halda svo fram. En frá hverjum hefur minni hlutinn kenningar sínar um símann? Eru þær líka frá þessum agentum, sem hingað komu eptir dúk og disk til þess að gjöra eptirboð eptir að umbjóðendur þeirra vissu, að búið var að gjöra samning við annað, fjelag, og bjóða nú allt annað, en í boði var, áður en sá samningur var gjörður.

Í sambandi við þetta langar mig til að spyrja hinn háttv. minni hlutans:

Hvernig stendur á því, að Marconi-fjelagið hefur *nú* farið að setja hjer upp tilraunastöng? Í fyrra fjekkst það ekki til, að gjöra neina slíka tilraun, nema fyrir mikla borgun, sem að jeg hafði ekki fje til að greiða. Hver borgar fjelaginu nú? Það er naumast líklegt, að það hafi breytt svo skoðun sinni, eptir að kunnugt varð um, að samningar hefðu verið gjörðir við Stóra norræna ritsímafjelagið, að það vilji nú fleygja fje sínu á glæ til að skemmta oss? Eða á fjelagið kannske enga borgun að fá fyrir ómak sitt og kostnað, jafnvel þótt ekkert verði úr samningum við það? Ef svo er, þá mætti ekki undarlegt þykja, þótt fjelagið legði talsvert kapp á, að samningar við það tækjust. En ekki væri það til þess, að auka trúna á óhlutdrægninni í frásögnum þeirra og lofræðum um afrek þráðlausu sambandanna, sem háttv. minni hlutinn byggir svo mikið á.

Jeg vil ekki vera að tefja tímann eða þreyta menn á smámunum um ágreiningsatriði meira og minna hlutans. Háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) hefir gjört glöggva grein fyrir meiri hluta álitinu, og hann er vissulega einfær um að svara árásum minni hlutans. Jeg hleyp því yfir flest þau atriði, sem jeg hafði skrifað hjá mjer úr ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). — Að eins vil jeg geta þess, að auk þeirra tilboða um flutning á ritsímastaurum, sem þegar eru kunn orðin, hefur mjer í þessu augnabliki borizt enn eitt tilboð um flutning staura á svæðinu hjeðan til Hvalfjarðar fyrir áætlunarverðið 1 kr. 25 a. fyrir staurinn. — Þau tilboð, sem þannig eru þegar fram komin, þar á meðal fyrir erfiðustu kaflana á leiðinni, eru þegar búin að sanna það, að staðhæfingar minni hlutans um kostnaðinn við staurafluttninginn eru svo miklar firrur og fjarstæður, að þær eru með öllu ósamboðnar mönnum, sem færir eru að dæma um þetta.

Mjer fannst margt í hinni löngu ræðu háttv. framsm. minni hlutans æði smálegt. Það voru þessir gömlu títuprjónastingir, sem maður er farinn að þekkja svo vel úr blöðunum og er fyrir löngu hættur að kippa sjer upp við. Margt af því var að eins máttlaus endurtekning á rödd frumhrópandans á Lækjartorgi, en engar nýjar mótbárur, er að neinu sjeu hafandi. Hann gjörði mikið úr viðurkenningu þeirri frá hinu Stóra norræna um ágæti þráðlausra sambanda, er fælist í 6. gr. samningsins. En Stóra norræna er saklaust af því, það er jeg, sem hef fengið því ákvæði komið inn í samninginn, í því skyni, að friða þá, sem hræddir voru um öryggi Reykjavíkursambandsins við útlönd; það er sett þar sem einskonar varaskeifa, sem auðvitað getur ekki komið til tals að nota, nema þráðlausu sambönd in verði bæði mikið ódýrari og mikið öruggari, en þau eru nú, og það þó því að eins, að sjerstakar, ófyrirsjáanlegar ástæður komi til. En sje þessi varastöð sett á Færeyjum, þá falla burt af tillagi Íslands til ritsímans 13 þúsund kr. á ári. Það láðist háttv. þingm. að geta um; en með því að 22 þúsundir af því 35 þús. kr. tillagi, sem vjer eptir samningum greiðum fjelaginu samtals, samsvara 20 ára afborgunar og vaxtagreiðslu af þessum 300 þúsund kr., er vjer fáum til innanlandssíma, þá eru það að eins 13 þúsund kr., sem vjer leggjum til millilandasambands, og fjellu þær burt borgum vjer alls ekkert til þess.

Jeg skal ekki fara út í það, að hann

vildi gjöra þá að kjánum, ingeniörana, sem undirbjuggu þetta mál. Jeg ímynda mjer, að hann fái engan, sem þekkir Krarup, Forberg og Sonne, til þess að játa það með honum. Og þó að hann vilji verja orð sín með því, að hann hafi að eins meint, að þeir væru kjánar að því, er landshagi Íslands snertir, þá er það heldur ekki rjett. Þessir menn hafa allir kynnt sjer samvizkusamlega, hvernig til hagar hjer, að því er ritsímalagning snertir, og bera fullt skynbragð á það. En það er meira en sagt verður um suma aðra, sem um þessi efni ræða og rita.

Loks vil jeg geta þess, að þar sem hann sagði, að tekjur af þráðlausu sambandi mundu verða meiri, heldur en af ritsíma og innanlands talsíma, þá nær það ekki nokkurri átt; reynsla allra landa sýnir það, að það eru telefónarnir, sem gjöra mest gagn og gefa mest af sjer. Jeg er viss um, að sá tími er ekki mjög fjarri, að málþráður innanlands borgi sig fyrir landssjóð, alveg að ótöldum þeim mikla ávinningi í þjóðmenningarlegu tilliti, sem er að því aðdáanlega tæki. Þótt svo færi einhvern tíma í framtíðinni, að þráðlaus firðritun kæmist svo langt, að með henni mætti fá öruggt hraðskeytasamband, þá getur hún þó ekki eptir eðli sínu komið að sömu notum eins og talsíminn, að minnsta kosti ekki þar sem fjölbyggt er. Jeg veit vel, að það er nokkuð til, sem heitir þráðlaust samtal, en það er víst mjög í bernsku enn, og hlýtur alltaf að hafa sömu gallana eins og þráðlausa firðritunin, og getur naumast orðið í hvers manns höndum eins og telefónverkfæri.

Ef ritsímasamningnum væri hafnað, sem ekki getur orðið á annan hátt en með því, að synja um hið fyrirheitna 20 ára árgjald, þá væri miklum menningarfjársjóði og þægindum og hagnaði kastað frá þjóð vorri. En það er tilgangslaust að eyða um þetta fleiri orðum. Öllum mun orðið þetta mál fullljóst. Það er ekki til neins, að eyða röksemdum við þá menn, sem virðast hafa eyrun til þess, að heyra *ekki* með þeim og augun til þess að sjá *ekki* með þeim. Dagurinn líður, og það er þegar fyrir löngu kominn tími til að láta »slag standa« og til skarar skríða.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rv.): Þó jeg sje einn af þeim mönnum, sem hin háttv. deild hefur trúað fyrir því, að rannsaka þetta mál, þá skal jeg lofa því að vera seztur niður áður en 2 tímar eru liðnir. Háttv. framsm. minni hlutans hafði orð á því, að fylgismenn ritsímans hefðu bundið atkvæði sín áður en málið var fullrannsakað.

Það getur verið, að gamlir þingmenn sjeu slíkum getsökum vanir; jeg er þeim óvanur og þær láta illa í mínum eyrum. Annars var það bert af orðum framsm. minni hlutans, að hann eignar þeim öllum illar hvatir, sem eru á annari skoðun en hann í þessu máli; hann sagði t. d., að ekkert væri að marka það, sem verkmeistari Forberg segði, og mjer virtist hann vilja gefa í skyn, að Forberg talaði og breytti móti betri vitund. Það eru hörð orð og ósæmileg í garð fjarverandi manns, sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sjer, manns, sem ríkisstjórn Noregs hefur útvegað oss, eptir bendingu ritsímastjórans í Noregi; þessi áburður er ekki eingöngu niðrandi fyrir Forberg, heldur felur hann einnig í sjer lítilsvirðingu á norsku stjórninni og hinni norsku þjóð.

Alveg samskonar ámæli fjekk Krarup. Sá maður er í þjónustu danska ríkisins. Stjórnin hefur bent á hann sem einn af sínum hæfustu mönnum. Honum fann framsm. minni hlutans það til foráttu, að hann væri ritsíma-

maður, og hefði því ekki vit á loptskeytum; segði um þau það, sem hann væri beðinn að segja — skýrsla hans um loptskeyti væri »pöntuð«.

Þriðji maðurinn, sem fjekk illa útreið, var formaður Mikla norræna ritsímafjelagsins. Það er kunnugt, að þetta fjelag er eitt hið stærsta ritsímafjelag í heimi; það hefur meðal annars símasamband milli Danmerkur, Noregs og Englands. Ef nú þetta fjelag sæi, að hægt væri að halda uppi loptskeytasambandi milli þessara landa, jafn öruggu og símasambandi, en miklu ódýrara í alla staði; halda menn þá eigi, að fjelagið mundi breyta til, ef það sæi, að þetta nýja samband væri arðvænlegra fyrir hluthafana. Viðhald á sæþráðum er svo miklu dýrara, en viðhald á loptskeytastöðvum, að fjelagið mundi óefað leggja niður þræðina, ef loptskeyta-aðferðin stæði til jafns við þá að því, er notagildi snertir. Fjelagið hefur enga ástæðu til að gjöra minna úr loptskeyta-aðferðinni, en vert er. Það þarf ekki mikið vit til þess að sjá það. Eptir að jeg hef þannig vísað á bug öllum þessum öfugmælum og getsökum háttv. framsm. minni hlutans, er hljóta að verða honum einum til vansóma, þá skal jeg nú snúa mjer að aðalefninu.

Háttv. framsm. minni hlutans talaði mikið um stofnkostnaðinn. Jeg skal leyfa mjer, að minnast á stærsta atriðið, sem sje flutning stauranna. Háttv. minni hluti heldur því fram, að flutningur hvers staurs hljóti að kosta 10 kr. að meðaltali. Nú vil jeg geta þess, að síðan umræðurnar hófust, hefur borizt hingað áreiðanlegt tilboð um, að flytja staurana yfir einhvern erfiðasta hluta vegarins fyrir sama endurgjald og áætlað er af Forberg. Ennfremur veit jeg fyrir víst, að áður en þingi er slitið, verður komið fram tilboð um flutninginn á öðrum kafla, sem sje frá Hvítá til Hvalfjarðar. Það er því bert, að allt þetta 10 kr. tal er uppspuninn einn. En þegar áætlun minni hlutans er orðin augljós fjarstæða, að því er flutninginn snertir, þá má búast við, að eitthvað sje hárugt viðar.

Enda er engin furða, þó svo sje, þar sem minni hlutinn hefur byggt áætlun sína að mestu leyti á eigin hyggjuviti — ekki haft aðra ráðanauta, en umboðsmenn loptskeytafjelaganna — jú — og svo Árna í Höfðahólum.

Jeg skal svo ekki tefja tímann með því að fjölyrða meira um þetta atriði, en snúa mjer að árskostnaðinum við landsímann.

Að því, er snertir reksturskostnað á símastöðvunum, hyggur minni hlutinn, að hann sje of lágt settur hjá meiri hluta nefndarinnar. En jeg skal sýna fram á, að staðhæfingar minni hlutans eru í þessu efni sem öðru allar í lausu lopti, hann er eins og allir vita ærið hneigður fyrir að nota loptið. Háttv. minni hluti heldur, að gæzlumenn talsímastöðvanna þurfi mikla menntun og sjerþekkingu; það er einn heilaspuninn. Annarsstaðar, þar sem mikið er um talsímastöðvar, eins og t. d. í Noregi, er ekki heimtuð nein sjerstök menntun. Áhöldin eru svo einföld, að allir geta notað þau; orðsendingar á útlendum tungumálum valda t. d. engum erfiðleikum, þær eru stafaðar — það er allur vandinn.

Þýzkalandskeisari hefur opt á ferðum sínum í Noregi símað þaðan, og það á leynimáli, og hann hælir því, hve rjett skeytin hafi borizt frá afskekktum talsímastöðvum þar í landi.

Nú munu allir játa, að Íslendingar sjeu ekki síður læsir og skrifandi, en alþýða manna annarsstaðar.

Það er hvorki mikið nje vandasamt starf að gæta talsímastöðvanna. Til þess að vita, hvort síminn er í lagi, þarf ekki annað, en að hringja til beggja handa; það á að gjöra á hverjum degi, og senda óðara skeyti til næstu aðalstöðvar, ef eitthvað er í ólagi; fyrir þessa litlu fyrirhöfn er ætluð lítilsháttar föst borgun á ári, en fyrir þá fyrirhöfn, sem samtöl valda, eru gæzlumanni ætlaðir 5 aurar í hvert skipti. Það verður hjerumbil 1,500 kr. á ári eða c. 100 kr. á hverja stöð til uppjafnaðar.

Talsímaáhöld munu flestir hafa sjeð, og vita menn, að þau taka ekki mikið rúm. Þau geta hangið á vegg, og fer ekki meira fyrir þeim, en venjulegum stundaklukkum. Um húsaleigukostnað getur því alls ekki verið að ræða.

Mjer er kunnugt um það, að talsímastöð Hafnarfjarðar-telefónsins hefur haft ókeypis húsnæði hjer í Reykjavík, og það tel jeg efalaust, að til sveita muni menn sækjast eptir því, hver í kapp við annan, að hafa talsímastöð á heimili sínu, og jafnvel vilja borga fyrir það, þegar fram líða stundir, og menn fara að finna, hvílíkt hagræði er að því, að standa í stöðugu sambandi við umheiminn.

Þá er að minnast á viðhald landsímans; um það hefir háttv. minni hluti eytt flestum orðum bæði í ræðu og riti. Þegar talað er um viðhaldskostnað, þá er auðvitað líka átt við þann kostnað, sem leiðir af fyrningu og endurnýjun staura og áhalda. Menn mega ekki halda, að allt það fje, sem meiri hlutinn áætlar til viðhalds, þurfi til smáaðgjörða á ári hverju. Auðvitað má búast við því, að *fyrsta* árið verði aðgjörðakostnaður mikill, því að þá koma fram allir barnasjúkdómar, allir smíðagallar á þessu mannvirki, en úr því verður hann miklu minni, og mun ekki nándarnærri nema 2½% af stofnfjenu; afgangurinn verður lagður í sjóð, viðhaldssjóð, og úr þeim sjóði verður fje tekið, þegar til kemur, að skipta þarf um staura, áhöld o. s. frv.

Staurarnir endast *mismunandi* lengi eins og sjá má á Hafnarfjarðarstaurunum og verður því ekki skipt um þá alla í senn, heldur smátt og smátt.

Minni hluti nefndarinnar gengur út frá því, að 44 menn þurfi til þess að gæta símans, en mjer er ekki fullljóst, í hverju sú gæzla á að vera fólgin. Þeir gjöra líklega ráð fyrir, að þessir menn eigi að vera á sífeldu vappi meðfram símanum. Þetta er hvergi gjört og nær engri átt.

Aðferðin er allstaðar sú, að samið er við talsímastöðvarnar um aðgjörð á símanum, ef hann bilar; þess verður óðar vart, ef sambandið slitnar milli tveggja stöðva, og þá á tafarlaust að senda menn frá annari hvorri stöðinni eða báðum, til að gjöra við það, sem bilað hefur. Aðgjörðamennirnir verða því jafnmargir og stöðvarnar, hvorki fleiri nje færri. Það er nú auðgjört, að reikna út, hvað aðgjörð muni taka langan tíma þar sem erfiðast er.

Lengd alls símans frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er 613—620 kílometrar, og henni er skipt í 18 búta. Lengsta bil milli stöðva er 61 kílómeter, milli Hofs og Grímsstaða, það verður því erfiðasta aðgjörðin, ef síminn bilar á miðri þessari leið; þá verður aðgjörðamaðurinn að fara 30 kílómetra eða 4 danskar mílur. Gjörum nú, að síminn bili einhversstaðar á þessari leið, þá verða tveir menn sendir af stað, annar frá Hofi og hinn frá Grímstöðum. Sje bilunin rjett hjá öðrum hvorum bænum, þá stendur ekki lengi á aðgjörðinni, en sje hún þar sem verst

gegnir, á miðri leið, þá þurfa aðgjörðamennirnir að fara 4 mílur, og þó að vond færð sje á vetrardag, fer gangandi maður hæglega 4 mílur á 8 tímum; það tekur 1/4—1/2 stund að bæta slitinn síma, en staurar falla ekki á vetrum meðan þeir standa í freðinni jörð. 8 tíma þarf til þess að gjöra við símann, ef hann slitnar þar sem verst gegnir á allri leiðinni. — Það er allt og sumt.

En nú segja menn, að illviðri geti hamlað. Vond veður eru naumast svo hörð, að ekki sje stætt eða út fært; hættan er sú, að menn villist, en á þessari leið geta menn ekki villzt; staurarnir eru betri leiðarvísir, standa þjettar en nokkrar vörður.

Enn fremur er í ráði að byggja sæluhús á þeim köflum, sem verstir eru, ef á þarf að halda. Þar sem aðgjörð á símanum er erfiðust, tekur hún í mesta lagi hálfan dag, og það verður mjög sjaldgæf undantekning, að landsíminn sje slitinn lengur, en því nemi. Þeim mönnum, sem takast á hendur aðgjörðirnar, verða borguð daglaun fyrir þann tíma, sem til aðgjörðanna fer.

Á þennan hátt er landsimanum haldið við í öðrum löndum, og á þennan hátt verður þeim auðvitað líka haldið við hjer á landi.

Jeg vil geta þess, að eins til samanburðar, að þó mönnum finnist langt milli stöðva hjer, þá er sumstaðar í Noregi um 100 kílómetra stöðva í milli.

Jeg hef nú vikið lítið eitt að tveimur höfuðatriðum í áætlun háttv. minni hluta um stofnkostnað, reksturs- og viðhaldskostnað; hef jeg sýnt fram á, að í þeim atriðum, sem mestu varða, er áætlun þeirra á litlum rökum og lítilli þekkingu byggð. Jeg skal svo víkja nokkrum orðum að hinni almennu hlið málsins.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði í framsöguræðu sinni, að frá hans sjónarmiði væri kostnaðurinn ekki aðalatriðið í þessu máli, heldur hitt, að við mættum ráða sjálfir yfir því hraðskeytasambandi, er vjer fengjum, en þar til liggja þau svör, að jeg sje enga ástæðu til, að við Íslendingar höfum neina sjerstaka þörf í því efni.

Jeg hef ekki heyrt eða sjeð neinar ástæður færðar fyrir því, að við Íslendingar höfum þörf á því, fremur en allar aðrar þjóðir í veröldinni, að reka sjálfir hraðskeytasamband við umheiminn.

Eins og kunnugt er, þá eru millilandasambönd allstaðar annarstaðar í heiminum ekki í höndum ríkjanna, heldur í höndum einstakra fjelaga; svo hefur það verið hingað til í hálfa öld, síðan farið var að leggja sæsíma, og þótt fullkomlega viðunandi annarsstaðar; jeg get því ekki sjeð, að það þurfi að vera neitt varhugavert fyrir oss Íslendinga, að hlíta í því efni sömu kjörum, og allar aðrar menningarþjóðir heimsins. Meiri hluti nefndarinnar getur sannað, að sæsímar í heiminum eru samtals að lengd hjer um bil 200 þúsund sjómílur, og þar af er að eins 1/10 partur í höndum ýmsra ríkja.

Þá talaði h. framsm. minni hlutans mikið um, að það væri ófært fyrir oss Íslendinga. að láta af hendi einkarjettinn fyrir ritsímanum til Mikla norræna fjelagsins í 20 ár; en til þess er því að svara, að millilanda-hraðskeytasamband er allstaðar í víðri veröld bundið einkarjetti; þar sem því er nú þannig varið, þá hljómar það nokkuð undarlega í eyrum, að heyra allt þetta tal um afsal einkarjettinda,

sjerstaklega, þegar það heyrist af vörum þeirra manna, sem um undanfarin ár hafa barizt með hnúum og hnefum fyrir því, að látinn væri af hendi einkarjettur landsins, til að gefa út peningaseðla, og það ekki í 20 ár, heldur í 90 ár. Jeg segi ekki, að það hafi verið rangt gjört, að láta þau einkarjettindi af hendi, en jeg skil ekki, að hverju leyti *þessi* einkarjettur er meira virði — mjer virðist hann einmitt vera miklu *minna* virði en seðlaútgáfurjetturinn.

Þá sagði hv. framsm. minni hlutans, að meiri hlutinn hefði í nefndaráliti sínu varazt, að minnast á ritsímasamninginn við Mikla norræna fjelagið. Mjer er ómögulegt, að skilja, hvernig háttv. þm. getur látið sjer slíkt um munn fara, þar sem einmitt sjerstakur kafli í nefndarálitinu er um þetta atriði, nefnilega 10. kaflinn.

Í öðru lagi fengum við, meiri hluti nefndarinnar, ákúrur fyrir, að við vildum draga hraðskeytasambandið inn undir alríkismálin, og verð jeg hjer, vegna hinna hörðu orða, sem háttv. framsm. minni hlutans talaði til meiri hlutans, að biðja hæstv. forseta að lofa mjer að lesa upp nokkur orð, úr höfuðmálgagni háttv. minni hluta, sem hljóða svo: »Þeir gefa Dönum undir fótinn að draga sjer, draga undir sameiginleg mál, alríkismál, frá sjermálum vorum, það sem að minnsta kosti *er fullkomið álitamál, hvort ekki er fullt eins rjett að telja með sjermálunum*«.

Jeg á nú ofurerfitt með að sjá, hver munur er á skoðun meiri hluta nefndarinnar og áliti aðalmálgagns minni hlutans um þetta atriði. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um hina almennu hlið málsins.

Jeg verð að halda því fram, að viðvíkjandi kostnaðaráætluninni við landsímalagninguna, þá sje meira að treysta á Forberg, sem farið hefur um allt landið fram og aptur, og skoðað vandlega allt símasvæðið, heldur en á bollaleggingar þeirra manna, sem byggja áætlun sína að eins á sínu eigin hyggjuviti; jeg verð þessvegna að telja áætlun meiri hlutans sem hina einustu ábyggilegu undirstöðu í þessu máli. Jeg veit, að það muni verða *deilt* um þetta allt saman, þangað til ritsímalagningunni er lokið; reynslan verður að skera úr þessari deilu, og við, meiri hluti nefndarinnar, biðum óhræddir eptir reynslunnar dómi.

Jeg hef þá svarað því í ræðu háttv. framsm. minni hluta, sem jeg álít að svara þyrfti og svara bæri.

Nú skal jeg snúa mjer, að einstöku hliðum þessa máls, þeim, er hafa lítið sem ekkert verið ræddar í kvöld, og ætla jeg þá fyrst að víkja fám orðum að því, um hvað er að velja í þessu máli.

Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, þá hafa áður legið fyrir þinginu ýms tilboð um hraðskeytasamband. Þegar árið 1895 bárust þinginu tilboð frá Englendingunum Mitchel og Cooper; enn fremur komu ensk tilboð um 1903 og 2 tilboðin á þessu þingi, annað frá þýzku, en hitt frá ensku fjelagi. Sá franski, sem fyrir skemmstu var hæst á lopti í blöðunum, hefur enn þá ekki sjezt, á þinginu, en kemur, ef til vill, fyrir þinglok. Enda þótt meiri og minni hlutinn hafi sjaldnast verið sammála, þá var þó að minnsta kosti *eitt* atriði þannig vaxið, að öll nefndin varð samdóma; það var það, að af öllum þeim tilboðum, sem fyrir nefndinni lágu um loptskeytasamband, væri eitt af tilboðum Marconí-loptskeytafjelagsins í London lang-aðgengilegast. Því hefur að vísu verið haldið fram, að þýzka fjelagið Siemens & Halske sje áreiðanlegra og ábyggilegra en enska fjelagið,

sem jeg hef nýlega nefnt, en jeg fyrir mitt leyti er ekki þeirrar skoðunar. Jeg held, að enska fjelagið sje fullt eins áreiðanlegt, og hafi fullt eins tryggileg áhöld og þýzka fjelagið. Það tilboð frá enska fjelaginu, sem meiri og minni hluti nefndarinnar kom sjer saman um að bæri af öllum hinum loptskeytatilboðunum, er í því fólgið, að fjelagið býður loptskeytastöð á Skotlandi, þá á Færeyjum; þaðan sjeu skeyti send til loptskeytastöðva á Reykjanesi og í Hvalvík, en ritsími frá Reykjanesi til Reykjavíkur, og frá Hvalvík til Seyðisfjarðar; frá Reykjanesi gangi skeyti til loptskeytastöðvar í Vatnsfirði að norðanverðu við Breiðafjörð, þaðan ritsími til Ísafjarðar; frá Hvalvík gangi loptskeyti til stöðvar á Langanesstanga, þaðan til stöðvar á Rauðanúpi, þaðan á Gjögurtá, þaðan ritsími til Akureyrar.

Eins og hv. þm. geta sjeð, er með þessu álitlegasta loptskeytatilboði að eins veitt samband milli útlanda og kaupstaðanna 4 á Íslandi, og getur það ekki komizt í neinn samjöfnuð við símasamband og telefónsamband það, sem meiri hlutinn vill aðhyllast. Allir geta sjeð, að ekki verða nein not af hinum stöðvunum, andnesjastöðvunum, svo að í raun og veru verður eptir þessu tilboði að eins samband við kaupstaðina. Nú er að athuga, hvernig þessu sambandi er varið. Þess er þá fyrst að geta, — sem raunar ekki stendur í tilboðinu, — að fjelagið vinnur ekki lengur en 8 tíma á dag; það hefur umboðsmaður fjelagsins tjáð mjer. Í öðru lagi er aðgætandi, að ef einhver þarf að senda skeyti frá Ísafirði til Akureyrar, þá verður að afrita það 7 sinnum: í Vatnsfirði, Reykjanesi, Færeyjum, Hvalvík, Langanesi, Rauðanúpi og Gjögurtá, áður en það kemst til Akureyrar. Nú geta allir sjeð, hversu þetta hlýtur að verða afar-tafsamt, afarhætt við, að skeytin skekkist, og þar að auki afarkostnaðarsamt, ef miða á, — eins og rjett er, — verðið á skeytunum við þá fyrirhöfn, sem á því er, að koma þeim áfram. Hjer er hver ókosturinn öðrum meiri; loptskeytin eru í sambandi við símaskeyti bæði seinleg, hætt við skekkju og líka dýr, vegna þess, að þau heimta meiri vinnukrapt á stöðvunum.

Háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) sagði ennfremur, að það hefði lengi vakað fyrir þinginu, að fá hraðskeytasamband hingað til landsins og milli kaupstaðanna; það er ekki rjett; upphaflega var fyrirhugað að fá landþráðarsamband frá Seyðisfirði til Reykjavíkur; hitt kom ekki til tals fyr en 1902, og þá kom þessi hugmynd um innanlandssamband, sem eingöngu næði til kaupstaðanna fjögurra, þessi hugmynd, sem minni hlutinn er svo ánægður með — hún kom þá frá dönsku stjórninni. Það er eptirtektavert, að krafan um hraðskeytasamband milli 3 staða á Íslandi auk Reykjavíkur, er tekin athugalaust úr brjefi stjórnarinnar, og henni haldið jafn athugalaust í annari heimildinni í núgildandi fjárlögum. Einn maður hreyfir því að eins lauslega á þinginu 1902, að þetta innanlandssamband muni verða ónógt. Nú er auðsjeð, að loptskeytafjelögin sjá sjer ekki fært, að senda loptskeyti, svo nokkurnveginn öruggt sje, nema milli andnesjanna; þó að það væri gjört, þessar stöðvar reistar, þá yrði ekki hjá því komizt síðar, að leggja þræði á landi fram og aptur, til þess að koma öðrum hjeruðum í sambandið.

Meiri hlutinn verður að álíta, að þesskonar samtvinnun á loptskeytastöðvum úti á andnesjum, og þráðum inn í landið og inn í landinu, hlyti að verða bæði afarkostnaðarsöm og óhentug.

Hjer er um tvennt að velja, annars vegar loptskeytasamband, sem ekki nær til annara staða en kaupstaðanna 4, svo að gagni komi, hinsvegar símasamband yfir endilangt landið með allt að því 20 stöðvum, sem allar koma að meiru eða minna gagni. Kaupstaðirnir 4 eru ekki einu verzlunarstaðirnir, sem sambandsins þurfa við, þeir þurfa þess allir með tímanum og þó að sumir menn gjöri lítið úr þörf sveitahjeraða á hraðskeytasambandi, þá mun það brátt koma í ljós, að einnig þeim verður það að mörgum og margvíslegum notum; það munu þau fljótt sjá og bera fram kröfu um, að komast í sambandið, kröfu, sem í mínum augum er fyllilega rjettmæt.

Ef nú álma yrði lögð til Ísafjarðar, þá mundum vjer fá að minnsta kosti 24 stöðvar alls, og þegar þess svo er gætt, að hjer er ekki um ritsímastöðvar að ræða, þar sem menn fá ritaðar orðsendingar, heldur um munnleg samtöl manna í milli, og þegar menn íhuga, hversu óendanlega mikla yfirburði talsamband hefur fram yfir öll önnur sambönd, þá hygg jeg, að mönnum hljóti að verða ljóst, hversu afarmiklir gagnsmunir verði af *þessu* innanlandssambandi fram yfir loptskeytastöðvar á andnesjum. Það er full reynsla fengin fyrir því, að talsímasamband er mest notað og hefur mesta þýðingu af öllum hraðskeytasamböndum í heimi. Jeg skal því til sönnunar geta þess, að í Þýzkalandi einu fara fram mikið á aðra milljón telefónsamtöl á dag, en í öllum heiminum eru ekki afgreiddar nema rúm ein milljón orðsendingar (telegröm) á dag, og þegar litið er til annara landa, þá kemur hjer um bil hið sama upp á teningnum; í Noregi t. d. eru send á ári um 2 milljónir ritaðra orðsendinga, en samtöl milli 50 og 60 milljónir. Svona mætti taka ótal mörg dæmi frá öðrum löndum, sem sýna yfirburði talsímans yfir allar aðrar hraðskeytaaðferðir; en jeg hygg, að þessi fáu dæmi, sem jeg nú hef nefnt, nægi til þess að sýna, hversu yfirgnæfandi kosti talskeytin hafa fram yfir ritsímaskeyti, og þá ekki sízt loptskeytin.

Jeg skal nú fara fáum orðum um öryggi þessara tveggja hraðskeytaaðferða, sem jeg nú hef talað um. Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er mikið talað um, að sæsíminn geti bilað, enda gleymdi háttv. framsm. minni hlutans ekki því atriði í ræðu sinni, en því brá svo undarlega við, að það var sem hann hefði tvær skoðanir á þessari bilunarhættu, aðra utan á sjer — ætlaða alþýðunni — og hina innan í sjer; þessi innri skoðun hans, hans sanna álit á málinu, skauzt óvart út úr honum, þegar hann komst svo að orði, að »þótt það kæmi fyrir að hann (sæsíminn) bilaði, þá væri það þó fremur sjaldgæft«. Háttv. framsm. minni hlutans talaði mikið um þennan 4 mánaða frest, sem Mikla norræna fjelagið ætti að hafa ef sæsíminn bilaði; en því víkur nú svo við, að þegar sæsími bilar, þá er það *lang optast* nærri lendingarstað, og þarf þá vanalega ekki nema fáeinar klukkustundir til þess að gjöra við það, sem úr lagi hefur gengið, þegar skipið er komið á staðinn. En sæsíminn *getur* líka bilað milli landa á miklu dýpi, og *þá* getur þurft 3 mánuði eða meira til þess, að gjöra við hann, en sem betur fer, koma þesskonar bilanir afarsjaldan fyrir. Að því, er snertir bilanir á landsímanum, þá hef jeg þegar sýnt fram á, að það þarf ekki mjög langan tíma til þess, að gjöra við þær, enda hygg jeg, að hið sannasta, sem hægt sje að segja um þær bilanir, sje það, að þær sjeu ekki *mjög* tíðar, heldur *nokkuð*

tíðar; en þó svo væri, þá gætu þær naumast valdið miklum miska, þegar alltaf er hægt að gjöra við þær á hálfum degi, eins og jeg þegar hef sýnt framt á. Þetta vildi jeg þá hafa sagt um öryggi símasambandsins. — Viðvíkjandi öryggi loptskeytasambandsins, þá hygg jeg að mjer sje óhætt að fullyrða hvar sem stendur, að yfirleitt, þegar um samband milli fastra staða er að ræða, þá sje það fremur óábyggilegt, og að ef kostur er á að velja um þessar tvær hraðskeytaaðferðir, þá sje símasamband miklu öruggara og betra, og þótt aldrei nema hægt væri, að gjöra þær umbætur á loptskeytunum, að senda mætti þau stöðugt og óbjöguð langar leiðir milli fastra staða, þá er allt útlit fyrir, að það muni aldrei lánast að gjöra það samband í alla staða svo öruggt, sem símasamband getur verið.

Jeg skal að eins geta þess, að með þeim áhöldum, sem nú eru brúkuð, er ómögulegt að girða fyrir, að aðrir taki loptskeytin. Jeg hef gjört mjer að reglu í sumar, að spyrja alla málsmetandi menn, sem hingað hafa komið frá útlöndum, um álit þeirra á loptritun og símaritun. Margir þessara manna hafa haft töluverð kynni af loptskeytum, en öllum bar þeim saman um, að enginn vafi ljeki á því, að símaritunin væri langt um tryggari. — Þegar nú þess er gætt, að símaritunin þar að auki verður oss ódýrari, þá á jeg erfitt með að skilja allan mótþróann á móti þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti álít, að símaritun sje þeim mun gagnlegri og tryggari en loptritun, að jeg vildi hana heldur, þó hún væri fimm sinnum dýrari en loptritun. — Jeg skil ekki, að mönnum skuli blandast hugur um, hvað þeir eigi að gjöra í þessu máli. Jeg veit að vjer meiri hluta menn megum vera við því búnir, að heyra mörg orð, lík þeim, sem hrutu af vörum háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) í byrjun ræðu hans, en vjer munum láta oss slíkt í ljettu rúmi liggja.

Jeg hef íhugað þetta mál frá öllum hliðum, og er ekki í minnsta vafa um, að símasambandið er margfalt gagnlegra, og í samanburði við notagildi sitt margfalt ódýrara en loptskeytasambandið. Jeg hirði ekki um þá dagdóma, sem yfir dynja og í vændum munu vera, en jeg skýt óhræddur aðgjörðum mínum og atkvæði um þetta mál undir æðstu dóma, undir dóm reynslunnar og undir dóm seinni tíðar manna.

Björn Kristjánsson, (þm. G.-K.): Umræðurnar eru orðnar svo langar, að ekki verður hægt að tína allt það upp, sem sagt hefur verið hjer í kvöld og svara þarf, en jeg ætla að svara því, sem jeg man.

Jeg er á sama máli og háttv. frmsm. um það, að því boðinu eigi að taka, sem er gagnlegast, ódýrast og öruggast. Þetta játa líka allir með vörunum, en aðal-atriðið er, að ekki sje heilt Atlandshaf á milli hjartans og tungnanna, sem tala. Jeg held jeg verði helzt að snúa mjer að þeim háttv. þingmanni, sem seinast talaði. Hann ávítaði minni hlutann fyrir, að hann ekki tryði því, sem verkfræðingur stjórnarinnar, Krarup, segði um loptritunina. Allt, sem þessi herra Krarup veit um þráðlaus loptskeyti, er það, að hann hefur einu sinni verið gjörður út af ritsímafjelögunum dönsku til þess, að vera við, er loptskeyta-áhöld voru reynd í Noregi, Lofoten, þar hafi hann árangurslaust orðið að bíða í 5 vikur. Allt, sem maðurinn segir, bendir svo greinilega á, að hann hefur ekkert vit á þessu

máli; hann virðist jafnvel standa í þeirri meiningu, að Lofoten sje sá einasti staður í veröldinni, þar sem loptritun sje. Og þó eru þar að eins einhverjar smástöðvar, sem eiga að ná yfir 30 kílómetra vegalengd. Hann hefur auðsjáanlega ekki hugmynd um, að í hans eigin landi eru 10 stöðvar, sem ekkert er að. Hann veit náttúrlega ekki, að þýzka fjelagið Siemens & Halske hefur 415 stöðvar víðsvegar um heim, og að þar af eru 10 í Danmörku. Nei, þessi maður veit ekki, að loptritunarstöðvar eru út um allan heim. Hann dæmir loptritunina algjörlega eptir einni stöð, afar-lítilfjörlegri stöð upp við Lofoten, sem menn ef til vill hafa ætlað að setja á stofn, sem því voru ekki vaxnir. — Af því þessi stöð var nú í upphafi í ólagi, þá er öll loptritun heimsins dauðadæmd. Áður en nýsmíðuð gufuskip leggja út, þá eru vanalega sendir maskínufróðir menn til þess, að rannsaka, hvort vjelin sje í lagi eða ekki, og er skipið í því skyni sent stutta ferð til þess, að vjelin sje reynd. Nú kemur það opt fyrir, að gufuvjelarnar eru í fyrstu í meira og minna ólagi, og ef herra Krarup hefði verið við slíka rannsókn, og einhverntíma sjeð, að einhver vjel ekki gekk, þá mundi hann óðara hafa dregið þá ályktun, að allar gufuvjelar í heiminum væru ónýtar. — Svona eru dómar þessa manns, og hann hefði haft jafnan rjett til að dæma þannig um gufuvjelarnar, eins og hann dæmir um þráðlausa firðritun. Þegar þess er gætt, hvern sleggjudóm þessi maður leggur á loptskeytin, og hvað brjefið í heild sinni ber með sjer, að það er pantað af stjórninni, þegar hún sjer, að hún er komin í ógöngur, þá vona jeg, að hinn háttvirti meiri hluti finni það afsakanlegt, þó allir óháðir menn í þessu máli beri ekki mikið traust til álits þessa manns. — Alveg sama er að segja um Forberg; hann er undir svo sterkum áhrifum hjer, að hann hlýtur líka að draga taum stjórnarinnar. Hann citerar líka í Lofoten, en upplýsingu um þessa stöð í Lofoten *fjekk hann fyrst vitneskju um í nefndinni* og af brjefi Krarups; *áður* vissi hann það ekki, og samt tilfærir hann þetta sem dæmi í brjefi sínu upp á það, hvað loptskeytin sjeu óáreiðanleg! Og ekki vissi hann neitt um aðrar loptskeytastöðvar í Noregi, og eru þó fleiri þýzkar stöðvar þar í landi, sem Norðmenn, stjórnin þar, hefur lokið á lofsorði. Þetta veit herra Forberg ekkert um! Hann veit þannig ekkert um loptskeytastöðvar í sínu eigin landi, hvað þá í öðrum löndum, og þó dæmir hann um hana. Hvernig geta menn nú borið traust til svona manna? Það er bein skylda óháðra þingmanna, að bera alls ekkert traust til þeirra.

Hinn háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) er auðvitað mjög ánægður með þennan makalausa ritsímasamning. Jeg bjóst heldur ekki við öðru úr þeirri átt. — Rann endaði ræðu sína með því, að segja, að ritsíminn væri bæði ódýrastur og tryggastur. Þetta álit sitt byggir hann auðvitað á verkfræðingunum! Hann er auðvitað alveg eins og þeir, og veit ekki einu sinni hvað margar loptritunarstöðvar eru í Noregi eða Danmörku hvað þá í öllum heiminum, en fer eptir dómi þeirra manna, sem jeg hef sýnt fram á, hve lítil skilyrði hafi til, að dæma í þessu máli.

Hinn háttv. þingmaður sagði, að hvorugt loptritunarfjelagið hefði boðið tryggingu. Og þó hefur annað boðið mikla og sterka tryggingu, en hitt venjulega tryggingu. Þessu til sönnunar vil jeg leyfa mjer með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkur orð upp úr

brjefi þýzka fjelagsins, sem standa í prentuðu brjefi, sem sent var *öllum* þingmönnum í þingbyrjun; þau hljóða svo: »Til tryggingar því, að útbún»aður vor sje áreiðanlegur og jafn»öruggur eins og símasamband, mun»um við takast hina ströngustu ábyrgð »á hendur og setja háa fjárhæð í banka »til tryggingar því, að þeim ábyrgðar»skilmálum verði fullnægt«. Þetta er víst öllum kunnugt, og því furðar mig á, að nokkur skuli ganga svona þveröfugt á móti sannleikanum. Hvernig á maður að treysta meiri hlutanum, þegar hann er svona ósannorður í atriðum, sem má sanna.

Háttv. þm. gjörði mikið úr, hvað vonir manna hefðu brugðizt um loptritunina; þær hafa þó ekki brugðizt meira en það, að á milli Hollands og Englands, þar sem auðvitað er þráðritun fyrir, hafa Hollendingar sett loptritun nýlega á stofn, af því þráðurinn hafði of mikið að gjöra, og settu þeir þessar stöðvar á stofn til þess, að fá nógu fljótt fregnir um »Börsverðið« í Lundúnum á hverjum degi. Þeim hafa þannig ekki brugðizt neinar vonir, nei, að eins háttv. meiri hluta nefndarinnar í ritsímamálinu og öðrum áhangendum stjórnarinnar hjer á þingi. — Þetta eina dæmi ætti að vera næg trygging fyrir, að hjer er ekki verið að tala um »humbug«, heldur um samband, sem að minnsta kosti er eins tryggilegt og gagnlegt og þráðritun.

Háttv. þm. gjörði mikið úr því, hve mikið gagn væri að talþráðarsambandi. Jeg er auðvitað á sama máli og hann um það, en þess ber þó sjerstaklega að gæta, að talþráðarsamband kemur því að eins að verulegum notum, að margir búi saman á einum stað, þannig koma þeir að beztum notum í stærri bæjum. Þar sem strjálbyggt er, koma talþræðir tiltölulega að miklu minna haldi, og að sárlitlu haldi, sje miðað við tilkostnaðinn. Hjer á landi yrðu bezt notin að þeim frá kaupstöðum og upp í sveitirnar, sem verzla við þá, en alls ekkert gagn að því, að leggja þá yfir heiðar og fjöll, þó á milli verzlunarstaða sje, ef þeir hafa ei nein samskipti. Launin, sem þessum talþráðarstöðvagæzlumönnum eru ætluð, eru alveg óskiljanlega lágt áætluð hjá meiri hlutanum; auðvitað kann sú borgun að vera nóg, ef talþráðurinn á að eins að ná til þess bæjar, sem stöðin er á, en eigi þessir menn að senda skeyti til fjarlægra bæja, eða sækja menn til viðtals, sem gjöra verður ráð fyrir, þá sjá allir, að þetta er engin borgun. *(Guðmundur Björnsson:* Hann fær auðvitað sjerstaka borgun fyrir að flytja skeytin út). Já, þá fara nú skeytin að verða nokkuð dýr, þar sem taka á fyrir 3 mínútna viðtal 50, 75 aura og 1 kr. 25, því þess ber að gæta, að strjálbyggðin eru langt um meiri hjer, en annarsstaðar. Háttv. þm. virðist ekki hafa tekið eptir því, að minni hluti hraðskeytanefndarinnar hefur boðizt til samkomulags, að vera með því, að leggja þráð frá Reykjavík til Akureyrar. *(Lárus Bjarnason:* Borgunarlaust?) Nei, meiri hlutinn hefur ekki boðizt til þess, en reikning yfir þá símalagningu skal jeg sýna síðar.

Jeg ætla ekki að tala hjer um marga einstaka liði af þeim, sem meiri hlutinn hefur talað um, en þó ætla jeg að drepa lítið eitt á stauraflutninginn. Jeg heyri, að það muni hafa verið skotið saman í deildinni, til að flytja þá sem kostnaðarminnst fyrir landssjóð, og er það ekki nema gott, en nýmæli eru það, ef háttv. þm. fara að gefa landssjóði.

Jeg hef aflað mjer allmikilla upplýs-

inga viðvíkjandi þessum kostnaði, og held mjer við það, að staurarnir vegi 200 pd.; því til sönnunar, að þeir geti ekki verið miklu ljettari, vil jeg geta þess, að *stjórnin sjálf* áætlar vikt þeirra 200 pd.; sýnir hennar áætlun þó yfirleitt greinilega, að hún hefur dregið úr öllu því í áætlun sinni, sem miðar til þess að sýna kostnaðinn eins háan og hann hlýtur að verða. Jeg dró í efa í nefndinni, að staurar þessir væru ei meira en 200 pd., og fjekk það svar, að timbursali sá, sem selur megnið af þeim, Colstrup, hefði vegið þá, og sagt þá verða 200 pd. Fleiri vitna um það þarf því naumlega.

Heima á bólverkinu hjá mjer liggur staur, sem er ekki alveg eins langur, og hjer um bil $^1/_2$″ mjórri, en gjört er ráð fyrir að simastaurarnir verði. Þessi staur, algjörlega þur, og ógagndreyptur, vegur 150 pd., og er þó hvorki eins gildur eða langur og hinir staurarnir. Jeg get því varla ímyndað mjer, að þeir vegi minna en 200 pd., þegar búið er að setja í þá 40 pd. af gagndreypingarefni. En setjum nú svo, að rjett sje hjá meiri hlutanum, að þeir vegi ekki meira en 170 pd., þá eru þeir þrátt fyrir það ekki baggatækir; það hljóta allir að sjá, sem hafa einhvern snefil af skynsemi; nefndin getur lítið byggt viktina á grenistaurum þeim, er hún hefur viktað hjer í bænum, þar sem greni er 35 pd. teningsfetið, en góð fura 45 pd. Furutrje eru ekki til hjer í bænum. Jeg verð því að staðhæfa, að svona staurar sjeu ekki baggatækir á vegi, hvað þá heldur á vegleysu. En úr því svo er, þá verður mjög erfitt að flytja þá, því mjög er valt að byggja á dragfæri langa leið, þar sem sjaldan fer saman, að bæði sje dragfæri í byggð og á fjöllum. Jeg sje því ekki, að hægt sje að flytja staurana öðru vísi en á kviktrjám, og það skal jeg ekki öfunda neinn af; til þess duga að eins völdustu hestar, og þeir verða dýrir. Jeg hef ekki sagt hjer annað í kvöld, en það sem jeg hef vitað með vissu; menn geta hrakið það, ef þeir sjá sjer fært; en jeg vil alvarlega benda mönnum á, að þegar svona áætlanir eru gjörðar, þá er betra, að gjöra þær heldur háar, en of lágar, því annað væru svik. Þá vil jeg minnast á annan lið, sem minni hluta nefndarinnar hefur verið ámælt fyrir að væri of hár. Það er flutningskostnaður verkamanna frá Noregi. Það var sjálfsögð skylda minni hluta nefndarinnar að byggja á vanalegum töxtum. Hátt. 2. þm. Rvk. (G. B.) minntist á, að Wathne hefði boðizt til að flytja 90 manns á ýmsar hafnir hjer fram og aptur, fyrir 35 kr. hvern mann. Það er einhver sjerstök velvild, sem þetta fjelag vill sýna Íslandi. Skip þessa fjelags eru, sem kunnugt er, smá, hafa eigi farþegjarúm fyrir nema svo sem 2—3 farþegja, eins og gjörist í slíkum skipum; 87 manns yrðu þá að vera í lestinni, og þar sem slík skip hafa hvorki millidekk nje loptleiðslu, veitir ekki af 200 tonna lestarrúmi, til að flytja í þessa menn. Til ferðarinnar fram og aptur fer minnst 1 mánuður, eða til tveggja ferða, haust og vor, 2 mánuðir.

Leiga slíks skips um mán. er venjulega 5000 kr.	kr. 10,000
Kol, hafnargjöld o. s frv. minnst	7,000
Fæði, eins og norskt strandmannafæði er ákveðið, fyrir 90 manns á kr. 1 50 a. á dag er	3,240
Dagpeningar 70 verkamanna á kr. 2	3,360
Dagpeningar yfirmanna	3,024
	Kr. 26,624

Ef nú væri gjört ráð fyrir, að skipið fengi á síðari ferðinni fullfermi til landsins 400 tons á kr. 15,00, sem

Flutt kr. 26,624
tæplega má gjöra ráð fyrir,
þá mundi það nema kr. 6,000
Eptir kr. 20,624
eða um 3,000 kr. meira en við höfum áætlað þennan kostnað. Wathne gæti því ekki flutt fólk ódýrar, en venjuleg farþegaskip flytja nú fólk fyrir á öðru farþegarúmi, nema þá að gefa landssjóði. Ekki þarf að gjöra ráð fyrir, að skipið fái farm í útleið í vorferðinni. Minni hluti nefndarinnar hefur því áætlað það ódýrasta far fyrir þessa menn, sem hann með nokkru móti gat áætlað, svo að rjettlæta mætti.

Og þá vantar þó hleðslulaunin (að koma viðnum fyrir í skipinu), sem hvorki meiri nje minni hl. nefndarinnar hefur áætlað.

Ef maður nú hugsar sjer, að leggja sjerstök skip til stauraflutningsins, í stað þess að eiga við hið sameinaða, þá ber þess að gæta, að viðurinn, sem er um 700 tons að teningsmáli, heimtar að minnsta kosti 800 tonna rúm í skipi (rúmmálstonn 80 teningsfet). Þá þarf til flutningsins 4 skip 200 tons hvert, sem verður að leigja fyrir víst verð um mánuðinn, auk kola, hafnargjalds o. s. frv., vegna þess að viðinn þarf að losa á mörgum stöðum.

Venjuleg mánaðarleiga fyrir slíkt skip er 5000 kr., þá fyrir fjögur kr. 20,000
kol og hafnargjöld minnst — 14,000
kr. 34,000

Nú er tæplega hægt að gjöra ráð fyrir, að ekki fari meira en mánuður til ferðarinnar fyrir hvert skip, fram og aptur, þar sem flutningurinn fer fram haust og vor, og sjest þá bezt á þessu, hvort minni hlutinn hefur reiknað stauraflutninginn til landsins of háan.

Frakt er í stjórnarfrv. af 13,500 staurum reiknuð 22 þús. krónur; nú segir fjárlaganefndin, að þessi frakt sje af *öllum* staurunum 16,000, segir það auðvitað út í bláinn. Jeg skal nú athuga, hvort þetta getur verið rjett, og hvort rjett er áætlað í frumv. stjórnarinnar. Fyrir að taka staura hingað og þangað í Noregi og Danmörku og flytja til Íslands og þar inn á hverja vík, ætlar stjórnarfrnmv. 22 þús. kr. fyrir 13,500 staura. 16,000 staurar eru nálægt 56,000 teningsfet. Frakt hins Sameinaða er samkvæmt taxta 70 arar á teningsfet eða . . . . . kr. 39,200
þar frá dragast 20% afsláttur, ef fraktin nær 300 kr. — 7,840
— 31,360
Ennfremur 5% afsláttur, ef fragtin nemur 5000 kr. eða meir . . . . . — 1,568
þá verður eptir . . . . kr. 29,792
eða 7,792 kr. meira en fjárlaganefndin hefur áætlað.

Það, sem kaupmenn gætu fengið flutning þennan fyrir lægst verð með »*því sameinaða*«, væri þá 29,792 kr. Það kynni að vera, að fraktin fengist gefin, en við höfum nú ekki byggt á því, við höfum byggt á heilbrigðum tölum, en ekki á getgátum. Þessir 16,000 staurar eru um 700 tons að lestamáli, en það er þó ómögulegt að koma þeim á minna en 800 tons, fyrir því hvað þeir rúmast illa. Þeir komast því ekki í skip eins og »Laura«, og ekki nálægt því. Nú er sýnt fram á, hvort kostur muni á að leigja 200 smálesta skip; þau þyrfti ekki færri en 4 og ekki yrði það ódýrara, sjerstaklega ef tekið er tillit til þess, að fara verður um hvern vog og vík og það er þó mikill munur á því, eða að fara að eins á eina höfn. Það fæst aldrei ákveðið verð fyrir flutning á smálest, þegar skipið á að fara á margar hafnir; það verður því að taka skipin í »timecharter«, það er, leigja skipið fyrir ákveðið verð um mánuðinn, auk kola, hafnar- og hafnsögugjalda, og verður skipið eptir því auðvitað

dýrara, þess víðar sem það kemur. Það nær því engri átt, sem háttv. framsm. meiri hlutans skýrir frá, að hægt sje, að fá við fluttan fyrir 40 kr. pr. »Standard«. Það má fá ódýran flutning *við ýms tækifæri*. ef samið er um að flytja vörurnar á *eina höfn*, en um hvorug þessi skilyrði getur hjer verið að ræða. Þessi ástæða h. háttv. framsm. meiri hlutans er því reykur einn eins og aðrar ástæður hans. Það er því eina leiðin, að nota skip sameinaða gufuskipafjelagsins, því það verður ódýrast, ef nokkuð er, að marka umsögn stjórnarinnar um þetta flutningatilboð frá því fjelagi, en sem engin sönnun hefur sjezt fyrir.

Jeg sagði áðan, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hefði getað sparað allmikið af því, sem hann sagði, ef hann hefði athugað sína áætlun og steypt henni saman við Marconítilboðið nr. II. Sje byggt á áætlunum meiri hlutans, sem jeg marg efast um, að taki nokkru tali, þá skal jeg sýna fram á, hver munurinn er á henni og Marconístilboðinu í varatillögu minni hlutans.

Landsímalagningin er áætluð að nái yfir um 640 kílómetra. Áætlar meiri hlutinn, að það kosti í mesta lagi 480 þús. kr., eða 750 kr. fyrir kílómeter. Eptir þeirra áætlun á landsími frá Reykjavík til Akureyrar, um 370 kílómetra, því að kosta 277,500 kr.

Ef nú þessi áætlun meiri hlutans er sett í samband við Marconís tilboðið, sem kostar 109 þús. kr., með sambandinu við Seyðisfjörð, Reykjavík og Ísafjörð (í varatillögu minni hlutans), þá yrði sú áætlun þannig, þegar reiknað er *alveg eins og meiri hlutinn gjörir*:

1.	Árgjald til Marconifjelagsins	kr. 109,000
2.	7½% fyrning og vextir af kr. 277,500	— 20,813
	Flyt kr.	129,813
	Fluttar kr.	129,813
3.	Hlutfallslegur reksturs- og viðhaldskostnaður (samkvæmt áætlun í nefndaráliti meiri hlutan bls. 85) af kr. 39,500	— 22,836
	kr.	152,649
	Hjer frá dregst: árstillag frá öðrum löndum (Danmörku, Noregi) ..... kr.	54,000
	Ársútgjöld Íslands kr.	98,649
	En samkvæmt áætlun meiri hlutans eru ársútgjöld Íslands til sæ- og landsímans talin (nefndarálit meiri hlutans bls. 88)	— 88,000
	Verður þá mismunurinn kr.	10,649

og fyrir þá ársupphæð hefur þá fengist *sambandið við Ísafjörð*, sem meiri hlutinn sleppir. Og þá eru Íslendingar *frjálsir*, en ekki bundnir á klafa í 20 ár eða lengur.

Fyrir þetta frelsi og sambandið við Ísafjörð vill meiri hlutinn ekki gefa 10,649 kr. á ári í 20 ár. Nú er eins líklegt, að upphæðin til Marconífjelagsins verði talsvert lægri, en 109 þús. kr. árlega — um það fæst vissa í þessum mánuði — svo að frelsið og sambandið við Ísafjörð kosti ekki neitt. Tekjurnar af sambandinu reiknast jafnar hjá báðum nefndarhlutum. Mjer finnst háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. G.) ekki hafa athugað nægilega þetta 2. tilboð okkar, og jeg vona, að hjer sje sýnt fram á, að það er ekki sú eina rjetta leið, sem háttv. meiri hluti heldur fram. Ekki er hægt að segja, að jeg hafi hjer áætlað of hátt, því jeg hef einmitt notað *meiri hlutans eigin* áætlun. En þá falla röksemdirnar fyrir því, að þráðarsambandið sje ódýrasta sambandið.

Jeg furða mig á, að sjá í nefndarálit meiri hlutans, að ráð er gjört fyrir, að Ísland eigi 300,000 í landsímanum að 20 árum liðnum, þegar svo er á-

kveðið í samningnum alræmda, að ef Mikla norræna fjelagið vill nota símann áfram, hefur það rjett til að fá samninginn endurnýjaðan. Það er því að eins, að ef það ekki borgar sig fyrir fjelagið, að halda áfram að nota sæsímann, að við höfum nokkuð yfir símanum að segja. Og meta það svo 300,000 kr. virði!!

Misskilningur er það, að við ætlum 44 menn á línuna frá Seyðisfirði til Reykjavíkur; símaeptirlitið frá Stað í Hrútafirði til Ísafjarðar, er þar með talið. En jeg verð að álíta, að ekki sje um of að ætla 1 mann á hverjar 2 mílur, því þess er að gæta, að meiri skyldur og ábyrgð hvílir á þessu sambandi gagnvart útlöndum og landinu í heild sinni, en á talsímaspottanum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, sem engum öðrum en fjelagi því, er á hann, kemur við, þó hann sje í ólagi 12 mánuði ársins. Háttv. meiri hluta þm. hafa furðað sig á því, að við ætlum 365 kr. fyrir hvern, sem passar símann. En þetta er einmitt nákvæmlega sama upphæðin og háttv. form. nefndarinnar áætlaði sjálfur á nefndarfundi; svo jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að þeir ætla það *nú* of mikið, það er vissulega ekki of mikið, ef litið er á það, að þessir menn verða alltaf að vera til taks, nær sem vera skal, verða að vera lagtækir og hyggnir menn, og fara af stað til viðgjörðar hvernig sem viðrar.

Háttv. 2. þm. Rv. (G. B.) leit svo á, að aldrei gæti neitt farið aflaga, nema ef staur brotnaði, eða strengur slitnaði. En þetta er hreinasti misskilningur, því það þarf ekki annað, en t. d. að snjór eða ís nái frá einhverjum »isolatornum« til jarðar eða til snjóarins á jörðinni; þetta getur mjög opt komið fyrir, og er sambandið þá slitið. Það þarf líka opt og tíðum mikla þekkingu til þess að sjá, hvað að er.

Þá var það skrítið atriði hjá háttv. framsm., að hægt væri að leiða straminn eptir línunni, þó hún lægi undir snjó! En það er ómögulegt, sambandið er búið, ef þráðurinn snertir snjó, sem nær að jörð, eins og áður er sagt. Þá töluðu þeir háttv. þm. Rv. og flutningsm. mikið um »selflutninginn« á skeytunum með þeim þráðlausa. En það er ekki mikið, frá t. d. Kaupmannahöfn til Færeyja og þaðan til Seyðisfjarðar, allur »selflutningurinn« er þar að eins yfir eina millistöð í Færeyjum. Eða frá Færeyjum til Reykjaness, og svo að vísu gegn um þráð til Reykjavíkur, frá Reykjanesi til Vatnsfjarðar; þar yrði að umskrifa skeytið í 3 skipti til Ísafjarðar. Auðvitað stöðvaðist það eina mínútu á hverjum stað, — en að eins eina mínútu. — Þá töluðu þeir um seinlæti þess þráðlausa.

Það er almennt talið, að 50 stafir geti farið á mínútu með þeim þráðlausa. Ef maður segir, að 200 orð fari á milli landa á dag, og það hefur meiri hlutinn áætlað, og ef hvert orð er að meðaltali 10 bókstafir, þá eru það 2000 bókstafir, og færu þeir þá á 40 mínútum milli landa. Er nú nokkur ástæða til að halda, að orðsendingar milli landa vaxi svo gífurlega á 20 árum, að ekki sje hægt að komast af með þann þráðlausa að því er þetta atriði snertir. Ekki er það rjett, mjer vitanlega, að loptskeytastöðvarnar hjer á landi yrðu ekki opnar nema 8 stundir á dag. Viðvíkjandi því mætti setja föst skilyrði, ef samningar væru gjörðir, enda er svo til ætlazt, að nógu margir menn verði til skipta á stöðvunum.

Það hefur verið sagt svo afarmikið, að nóttin mundi ekki endast, ef jeg

ætti að svara því öllu sem svara þyrfti. Enda hefur háttv. framsm. minni hlutans svarað öllum hinum þýðingarmeiri atriðum, svo jeg þarf ekki að svara þeim aptur.

Flutnm. talaði um 2,500 staura, sem væri »auðvitað hlutur, sem væri umfram« og ættu að liggja á höfnum. Jeg held nú, að hann hafi byggt þetta á áætlun útlends manns, eða getur háttv. flutnm. hugsað sjer, að hægt sje að grípa til staura, sem lægju í Borgarnesi, ef staur bilaði t. d. á Holtavörðuheiði? Mjer finnst ekki of mikið í lagt, þó um 2,000 staurar sjeu hafðir meðfram línunni til vara, því það er ótækt að nota sima svona langa leið, nema að hafa svo marga staura meðfram línunni, að vissa sje fyrir, að nægilegt sje, og slíkir staurar verða að teljast til hins fyrsta stofnkostnaðar, þó þeir væru alls ekki notaðir í stoðir. Jeg held því, að áætlun okkar, einnig í þessu efni, sje rjett, því líka þarf við til stoða, sem einnig yrði að tilheyra stofnkostnaðinum, jafnt þar sem þörf er og eins þar sem í fljótu bragði sjest engin þörf. Við vöktum máls á þessu við Thorberg, að nauðsynlegt væri að hafa stoðir, því víða hlytu staurarnir að hallast, ef þeir væru ekki studdir. Hann áleit það einnig, en gjörði lítið úr því eins og úr öðrum kostnaði. Það sýnist líka vera viðurkennt hjer í bænum, því á Laufásveg t. d. eru staurarnir studdir með stögum. Aptur á móti við Hverfisgötu eru þeir ekkert studdir, nema einn stólpi, enda eru þeir þar farnir að hallast. Auðvitað skal jeg ekki jafna saman, hvað staurarnir við Hverfisgötu hafa meira að bera, en staurarnir við landlínuna munu hafa; en það er líka mjög stutt síðan þeir voru settir niður, og engin rok hafa komið síðan.

Einkennilegt er það í nefndaráliti hinnar háttv. fjárlaganefndar, hvernig hún fer að áætla eptirlit með allri línunni, — nefndarálitið er yfir höfuð einkennilegt, — eins og von er á, þar eð hún hefur ekki varið nema einum einasta fundi til þess, að setja sig inn í svona stórt mál. Það er t. d. svo dæmalaust viðvaningslegt, að segja, að hægt sje að gjöra við landsímann svo að segja samstundis og hann bilar; það er eins og menn hugsi, að það sje ekki annað en að skreppa með eimlestinni til staðarins, þar sem bilunin er á orðin, og kippa svo öllu í lag á svipstundu. Mjer finnst sannarlega öðru máli að gegna; veturinn er langur hjer á Íslandi, og svo örðugt er víða yfirferðar, að illt getur verið að komast að, hvar bilunin er. Síminn gæti líka verið slitinn í meira en einum stað, á tvær hliðar við eina stöð í einu, og þá er enn verra við að eiga.

Hvernig á þá sú stöð að senda skeyti til Reykjavíkur eða Seyðisfjarðar um bilunina, til þess að fá fyrirskipanir um, hvernig viðgjörðinni skuli haga, eins og nefndin og nefndarálitin ætlast til?

Það er eins og jeg tók fram, fátt, sem jeg get gripið ofan á, tímans vegna, en svona mætti halda áfram í það óendanlega, að rekja einstök atriði, því sannast að segja finnst mjer nefndarálit meiri hlutans allt eitt kviksyndi, sem ómögulegt er að standa á, ef við því er hreyft.

Fjárlaganefndin gengur að vísu inn á, að það þurfi að vátryggja efnið á leiðinni, en hvað áætlar hún? Að eins 500 kr., og í öðrum stað telur hún vörurnar, sem á að vátryggja 220 þús. kr. virði; en nú eru $^3/_4$% af þessari upphæð venjulegt ábyrgðargjald, 1,650 kr., og við höfum áætlað ábyrgðargjaldið 1,400 kr., og er það

því fremur of lágt, en of hátt áætlað. Þegar svona er með hvern lið farið, að slumpað er á og það langt frá öllu sennilegu, þá er ekki von, að áætlanirnar sjeu rjettar. Eins er með þá 3,000 metra af sæþræði, sem eiga að liggja yfir Hvalfjörð, að meterinn er nú áætlaður 2 kr. 50 a., en Krarup áætlar hann 3 kr. alinina. Kopar hefur stígið síðan í fyrra, svo það er kynlegt að færa þetta niður.

Mál þetta er því svo lagað, að jeg held sízt, að af veitti, þó þingið gæfi sjer tíma til að íhuga það nánar, því jeg býst við, að flestir háttv. þm. hefðu gott af því, að íhuga það dálitið betur.

Jeg sje það, að jeg hef að miklu leyti svarað hæstvirtum ráðherra, viðvíkjandi kostum og öruggi símans með því sama, sem jeg hef talað til háttv. 2. þm. Rvk.

Hæstv. ráðh. heldur því allt af fram, að það hafi ómögulega mátt bíða þessa þings, að fullgjöra samninginn. Þegar ekki dugar að cítera í brjefin, sem hvað eptir annað hefur verið minnzt á, þá neyðist jeg til þess með leyfi hæstv. forseta að lesa orðin upp, Brjefið annað er dagsett 11. ágúst 1904 frá Hage ráðherra. Orðin eru þessi: »Hvis Afgörelsen udskydes, vil Anlægget tidligst kunne ske i 1906, maaske ikke för 1907«.

Hjer er með berum orðum sagt, að ef ekki sje nú hægt að ákveða lendingarstaðinn, þá megi búast við, að ekki verði hægt, að framkvæma þetta verk fyr en 1906 og 1907, En sjest nokkuð á því, að nokkur skapaður hlutur hafi pressað ráðh. til að gjöra samninginn strax? Það get jeg ómögulega sjeð.

Í brjefi frá formanni Mikla norræua ritsímafjelagsins stendur þetta: »dels, at jeg anser det for absolut nödvendigt, dersom Udförelsen af det islandske Telegrafanlæg skal kunne finde Sted i Sommeren 1906, at der ojeblikkelig tages definitiv Bestemmelse om, hvorvidt Kablet skal landes paa Östkysten eller i Nærheden af Reykjavik. . . , .«

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að hjer sje því beint að ráðh., hvort það *eigi* að gjöra samninginn nú þegar eða ekki. *Ef* þetta á að gjörast sumarið 1906, *þá* verður að ákveða það strax. En hver á að ákveða, hvort það endilega eigi að gjörast 1906. Jeg sje ekki betur, en að formaðurinn búizt við, að það sje *ekki* ákveðið, þegar hann skrifar þessar línur. Og í þeim felst ekkert skilyrði um það, að það *eigi* endilega að gjöra það þá, og geti ekki orðið seinna.

Jeg vona því, að hæstv. ráðh. haldi ekki áfram, að neita þessu þvert ofan í brjefin, en þá mætti varla minna vera, en hann reyndi að fá einhverja betri og sannari ástæðu.

Jeg hefði gjarnan viljað taka fjölda margt fleira til athugunar, því full þörf væri á því enn; en eins og komið er, býst jeg ekki við, að það hafi neina verulega þýðingu, og læt því staðar numið að sinni.

Framsögumaður minni hlutans, Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísaf.): Jeg get ekki leitt hjá mjer að svara nokkrum orðum í ræðum hæstv. ráðh. og háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.).

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hefur að vísu fengið svo maklega ofanígjöf hjá háttv. 1. þm. G.-K (B. K.), að það er máske tæplega gustuk að bæta á raunir hans. En jeg ætla þó að bæta ofurlitlu við — það skal ekki verða mikið — því jeg álít honum vera það fyrir beztu, að taka út verðskuldaðar þjáningar sínar í einu lagi, svo að hann sje þá laus allra málanna, og fái næði til þess, að ná sjer á eptir.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði, að

jeg hefði gjört bæði honum og öðrum getsakir. Öllu má nú nafn gefa. Jeg sagði. að atkvæði meiri hlutans mundu vera bundin, og jeg get með góðri samvizku tekið það upp aptur, því jeg held sannarlega, að meiri hlutinn hafi verið ráðinn í þessu máli, þegar á þingið kom. Og hlutverk nefndarinnar get jeg ekki sjeð að hafi verið annað en það, að reyna að finna ráð til þess, að fóðra þessa niðurstöðu, sem fyrir fram var ákveðin, og fór í þá áttina, að samningurinn hlyti að vera í alla staði góður og gildur, fyrst ráðherrann hefði gjört hann. Nefndarálitið ber þessa ljósastan vottinn, og þarf því engum orðum um það að eyða frekar, en gjört hefur verið.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók upp þykkjuna fyrir þessa virðulegu verkfræðinga, sem meiri hlutinn byggir áætlun sína á, og þarf jeg ekki að fara út í það, hvaða ástæður jeg hafði til að vantreysta þeim, því háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sýndi svo ljóslega fram á, að ómögulegt er, að ætlast til þess, með nokkarri sanngirni, að nokkur treysti manni, sem leggur sjálfan sig eins greinilega undir höggið, og sýnir sig jafn vilhallan, eins og Krarup gjörir.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók það ennfremur fram, að jeg hefði gjört norsku stjórninni getsakir; en þetta er ekki rjett. Enda þótt jeg segði, að maðurinn væri eigi óviðriðinn málið, eins og nú er komið, þá sje jeg ekki, að það sje á nokkurn hátt móðgandi fyrir norsku stjórnina. Maðurinn getur vel verið duglegur, og vel að sjer í mennt sinni, og þótzt finna krapta hjá sjer, til að framkvæma landsímalagninguna, enda þótt hann sje ókunnugur, og geti þess vegna gjört skakkar áætlanir um það, sem hann þekkir lítið til.

Eitt af mörgu öðru einkennilegu í ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) var það, að honum þótti það undarlegt, ef loptskeyti væru ódýrari en símskeyti, að þá skyldi norræna ritsímafjelagið ekki heldur taka þá aðferð upp. En jeg vil spyrja háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), hvernig hann getur búizt við því, að norræna ritsímafjelagið vildi eyðileggja eða hætta að nota öll þau áhöld, sem það hefur til símritunar til að taka í staðinn upp nýja aðferð, sem áhöld þess og starfskraptar alls ekki verða notaðir til. Jeg er alveg hissa á því, að jafnskarpur og skynsamur maður eins og háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) óneitanlega er, skuli láta sjer þetta um munn fara.

Um staurafiutninginn ætla jeg ekki að fjölyrða í þetta sinn. En jeg vil að eins geta þess, að flutningurinn á þeim er að eins einn liður í kostnaðaráætlun okkar, og ekkert aðalatriði, svo að það gæti ekki haft stórkostlega þýðingu, þó að áætlun okkar um hann reyndist eitthvað lítið of há, sem jeg fyrir mitt leyti get ekki ímyndað mjer, og mótmæli mjög alvarlega, sem ósönnuðu og mjög ósennilegu.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), tók það fram, að laun handa eptirlitsmönnum landlínunnar milli Reykjavíkur og Akureyrar, og Akureyrar og Seyðisfjarðar, væri áætluð allt of hátt: 365 kr. til hvers þeirra; en mín skoðun er sú, að þetta sje fremur of lágt en of hátt, eða getur það talizt sanngjarnt, að ætlast til, að menn sjeu á stöðugu vakki, eða að minnsta kosti stöðugt til taks allt árið, til að líta eptir, og gjöra við bilanir fyrir minna en 1 kr. á dag til jafnaðar?

Þegar ekki er hægt að fá vinnumenn við holdsveikraspítalann fyrir minna, en 250—300 kr. auk fæðis, þá eru 365 kr. ekki of mikið, er maðurinn fæðir sig að öllu leyti, enda eru þetta ekki

nema vanaleg daglaun, ef gjört er ráð fyrir 120 daga vinnu árlega við þetta eptirlit.

Það var gaman að heyra það, sem háttv. þm. Rvk. (G. B.) sagði um bilun á landsímanum, t. d. á versta svæðinu milli Hofs í Vopnafirði og Grímsstaða á Fjöllum. Slíka bilun taldi hann auðvelt að bæta á 8 klukkustundum.

Háttv. þm. hefur verið svo lengi í hjer í Rvík, að hann er orðinn alveg ókunnugur til sveita, ekki sízt í fjarska frá Reykjavík. Hann er farinn að gleyma dimmviðris- og frostbyljunum á vetrum eins og þeir eru til dala og fjalla.

Hann minnist að eins þess, að á milli húsanna hjer í Reykjavík getur hann farið á hjólhesti sínum, í nálega hvaða vetrarveðri sem er — og er það ágætt, þar sem hann er góður læknir.

En jeg hef nýlega átt tal við mann, sem er kunnugur á þessu svæði, sem háttv. þm. minntist á og hann sagði, að það gæti opt komið fyrir marga daga í röð, að ófært væri hverjum manni upp á Dimmafjallgarð að vetrinum. Að slá því fram, að hægt sje ætið að gjöra við símaslit hjer á landi á hálfum degi, er þessvegna hin mesta fjarstæða, og sýnir að eins það, að háttv. þm. er allsendis ókunnugur því, sem hann talar um, og þekkir lítið til utan Reykjavíkur. Það er því ekki að undra, þó að áætlun hans í þessu máli fari allvíða í vindinn, eins og sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði, sem reist var eptir hans fyrirsögn, og vindurinn sópaði í burt. Það er hætt við, að sú verði raunin, að áætlanir hans í þessu máli standi engu betur. en fari einnig algjörlega í vindinn, þegar til kemur.

Jeg benti á, hve mikil fjarstæða það væri, að hægt sje að gjöra við símaslit á slíkum stöðum, sem hv. þm. talaði um, á hálfum degi, og sýndi fram á, að til þess mundi opt þurfa marga daga. En það er ekki nóg með það, að langan tíma mundi þurfa til slíkrar viðgjörðar, heldur má einnig búast við, að til þess þurfi marga menn, því að engum dettur í hug að senda að eins einn mann upp á Dimmafjallgarð í tvísýnu eða illu veðri á vetrardag.

Allt öðru máli er að gegna með loptskeytin, því að þar er að ræða um bilun á vjelum, sem standa inni í húsum, og hægt er að gjöra við á örstuttum tíma, þar sem ætíð eru höfð varastykki, til að grípa til, hvenær sem þörf er á.

Það versta, sem getur komið fyrir, að því er loptskeytastöðvarnar snertir, er það, að stöng brotni, eins og kom fyrir hjer í Reykjavík í sumar. En við það er hægt að gjöra á 1—2 klukkutímum nema í versta óveðri. Á fullkomnum loptskeytastöðvum eru og stengurnar jafnan hafðar 3—4, svo að hægt er að senda og taka við skeytum, þó að ein stöngin brotni.

Háttv. 2. þm. Rvk (G. B.) var að lesa upp úr nefndaráliti meiri hlutans — þessu merkilega »dókúmenti« (!!) — til að sanna, að meiri hlutinn hefði að eins gjört sjer allt far um, að leita sannleikans, að því, er það snertir, hvort hraðskeytamálið væri alríkismál, en alls ekki gjört sjer far um, að sanna, að svo væri, eða fullyrt nokkuð í þá átt, en þm. tók að eins undan og ofanaf úr nefndarálitinu í stað þess að lesa upp niðurlagið á bls. 88 í nefndaráliti meiri hlutans, þar sem þessi vísdómsorð standa: »Vjer álítum, að þessari skoðun verði ekki hrundið með rökum«. Þeirri skoðun, nefnilega, að þetta sje alríkismál. Jeg veit ekki

hvernig hægt er að »*prokúrera*« öllu betur fyrir því, að þetta sje alríkismál en með því, að staðhæfa, að því verði ekki hrundið með rökum. Ef til vill, segir háttv. meiri hluti eitthvað annað á einhverjum öðrum stað í nefndarálitinu, og væri sízt að kippa sjer upp við það úr þeirri átt, eins og samkvæmninni yfirleitt er háttað.

Þá vildi háttv. þm. (G. B.) sýna þekkingu sína á sögu þessa máls. Nefndarálitið byrjar þannig á því, að skýra, eða segja sögu málsins frá sjónarmiði meiri hluta nefndarinnar, eins og hann hafi talið það vera hlutverk sitt, að semja sagnfræðislega ritgjörð um málið; en þrátt fyrir alla þá virðingu, sem jeg ber fyrir sagnfræðislegum hæfileikum meiri hlutans, hefði mjer reyndar fundizt betur við eiga, að hann hefði látið söguritara »heimastjórnarflokksins«, hr. Boga Th. Melsteð, inna það verk af hendi; það hefði vafalaust tekizt engu miður.

Háttv. þm. (G. B.) sagði, að þingið hefði þegar í byrjun verið hlynnt símasambandi innanlands, en það er alveg rangt. Jeg bar upp tillögu um það á þingi 1891, en sú tillaga var felld með 10 gegn 8 atkv., svo að þarna fór því sögufölsun háttv. þm. nokkuð út um þúfur, og hefði því verið eins rjett að geyma söguna og láta Boga semja hana á sínum tíma.

Háttv. þm. (G. B.) fór mörgum orðum um dagdómana, sem einatt væri nóg um hjer í heiminum. Skaut hann framkomu sinni og annara meiri hluta manna undir dóm sögunnar og framtíðarinnar, og verð jeg að játa það, að mjer þótti það hreystilega gjört af honum. En jeg vil láta háttv. þm. vita það, að það er sannfæring mín, að minni hlutinn í þessu máli þurfi alls ekki að óttast dóm framtíðarinnar, því að sagan sýnir það, að þeir, sem barizt hafi fyrir rjetti landsins, hvort sem þeir hafa sigrað eða fallið í þeim bardaga, þeir hafa lifað lengur, og munu lifa lengur í ljúfri minningu þjóðarinnar, en hinir, sem reyndu að ræna hana rjetti sínum eða kasta honum að óþörfu frá sjer, eins og meiri hlutinn ætlar sjer að gjöra í þessu máli.

Annars var enginn furða, þó að hv. þm. (G. B.) þyrfti að tala eitthvert huggunarorð til sjálfs sín, því að ekki er ólíklegt, að hann hljóti að eiga í dálitlu stríði við samvizkutetrið, þar sem hann er þm. þess kjördæmis, sem mesta þörf hefur á góðu og tryggu hraðskeytasambandi við útlönd, en verður langverst úti, eptir tillögum meiri hlutans. Reykjavík á kost á beinu loptskeytasambandi, en þm. hennar gjörist formælandi þess, að hún fái það ekki, en lætur hraðskeytasamband höfuðstaðarins við útlönd vera háð landsíma til Austfjarða, sem öðruhvoru verður að bila, svo að menn geta ekki notið sambandsins eins vel eins og þeir þyrftu, ekki nema með höppum og glöppum.

Að svo mæltu ætla jeg nú að kveðja þennan háttv. þm. (G. B.) að þessu sinni, en um leið vil jeg biðja hann, að minnast þess, að jeg er »ódauðlegur« þetta kvöldið, sem framsögumaður minni hluta nefndarinnar. — (*Forseti:* Það veit jeg nú ekki). Það skyldi vera mjer sönn ánægja, ef að hæstv. forseti neitaði mjer um það, að taka optar til máls, en tvisvar. Mjer og öðrum þingdeildarmönnum mundi ljúft að heyra þá frjálslegu skýringu á þingsköpunum, og mun honum því gefinn kostur á, að kveða upp þann úrskurð sinn, áður en þessari umræðu er lokið.

Hæstv. ráðh. byrjaði ræðu sína með ýmsum skáldlegum orðum eins

og hans var von og vísa, því að hann er skáld, og vjer höfum allir mætur á honum sem skáldi, þó að oss þyki minna til hans koma sem ráðherra. — Hann talaði um það, að jeg hefði haldið líkræðu yfir málsstað minni hlutans í þessu máli; en jeg svara þessu svo, að mjer hefur aldrei komið annað til hugar, en að meiri hlutinn á þessu þingi mundi samþykkja hvern skollann, sem ráðherrann fyndi upp á að koma fram með, og það veit jeg að muni rætast, svo að engar vonir munu verða til grafar bornar við atkvæðagreiðslu deildarinnar um þetta mál. En gætu þau atkvæði eigi ef til vill aukið nokkrum nöglunum í líkkistu hinnar háttv. stjórnar? Það sjest betur síðar. — Hitt duldist mjer aldrei, að meiri hlutinn skilur vel stöðu sína, og að honum er það full ljóst, að það sjeu »svik«, ef hann fylgir ekki ráðherranum, þegar ráðherrann þarfnast fylgis, hvað sem vilja og þörfum þjóðarinnar líður.

Hæstv. ráðh. var mikið niðri fyrir, og sótti andann djúpt, þegar hann skýrði frá því, að jafn skjótt er hann hefði leyst þetta mikla afrek, samninginn, af hendi, þá hefðu blöð stjórnarandstæðinga risið upp gegn sjer af persónulegum ástæðum. En jeg leyfi mjer að mótmæla öllum slíkum getsökum, og tel ráðherranum það vansæmandi, að eigna afskipti manna af stórmálum þjóðarinnar slíkum hvötum. En þó að ráðh. vildi halda þessum góða samningi leyndum sem lengst, þá tókst það, sem betur fór, ekki til lengdar, og var það þá bein skylda blaðanna, að skýra ýms ákvæði hans sem glöggast fyrir þjóðinni.

Hæstv. ráðh. sagði það ósatt vera, að menn hefðu ekki átt kost á því, að fá að sjá samninginn, og hef jeg því innt Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar, eptir þessum viðskiptum hans og ráðherrans, og hefur hann leyft mjer, að skýra hjer frá því, að hann hafi átt tal við ráðh. á pósthúsinu eða í grennd við pósthúsið, og spurt hann, hvort hann mætti sjá samninginn, en því hafi ráðh. neitað, og sagt, að hann yrði engum sýndur, fyr en hann hefði fengið staðfestingu Hans Hátignar konungsins. *(Ráðherrann:* Hann spurði að eins um taxta en ekki um samninginn). Jeg hef enga ástæðu til, að rengja ritstjórann um þetta, enda sýndi það sig, að eitthvað þótti í húfi, ef að samningurinn yrði heyrum kunnur, þar sem allt komst í uppnám hjer í bænum, enda hafði verið lagt ríkt á við prentarana í Gutenbergs prentsmiðju, að láta ekkert vitnast um ritsímasamninginn, er hann var prentaður þar sem fylgiskjal með fjárlagafrumv. — Í Kaupmannahöfn gekk einnig talsvert á, er samningurinn varð hljóðbær hjer á landi. En hvernig getur nú staðið á þessu? Liggur ekki mjög nærri, að líta svo á, sem hæstv. ráðh. hafi verið það ljóst, að ýms atriði í samningnum þoldu illa dagsbirtuna, svo að hann hafi álitið tryggilegast, að leyna honum í lengstu lög fyrir þjóðinni? En allt vitnaðist. sem kunnugt er, svo að blöðin og þingmálafundirnir gátu látið til sín heyra; en þá var fundin upp kenningin um »goluþytinn«, svo að ekki fór eins illa eins og á horfðist.

Jeg verð enn að víkja að því, er hæstv. ráðh. segir, að þó að hann í brjefi sínu til Hage, dags. 30. júní 1904, hafi játað það, að hann vantaði formlega heimild, þá útiloki það ekki, að hann hafi haft einhverja aðra heimild. Þetta eru tómir útúrdúrar. Hvaða aðra heimild skyldi hann hafa haft? Það er undarlegt, að hinn hæstv. ráðh., sem þó er júristi, skuli leyfa sjer að

koma með annað eins og þetta. — Þingið 1903 breytti þeim skilyrðum, sem voru sett 1902, og að hugsa sjer, að tölurnar í fjárlögunum hafi að eins gildi í 2 ár, en ákvæðin gildi áfram, það er sú fjarstæða, sem nær engri átt, einkum þó þegar þingið tekur fram, að það skuli að eins gilda næsta fjárhagstímabil. Það vill nefnilega svo illa til, hvað ákvæði þingsins snertir, að þar stendur »á fjárhagstímabilinu«, svo að það er alveg ómögulegt fyrir ráðherrann að komast undan. Þau ummæli hæstv. ráðherra, að þar sem tvö þing hefðu gefið stjórninni þessa heimild, þá hefði hann ekki þurft að spyrja það þriðja, eiga sjer engan stað, þar sem þingið 1903 hafði breytt ákvæðunum.

Þá kom hann með það, að hann hefði ekki eytt einum eyri, því að það þyrfti ekki meira en 300,000 kr. til þess, að leggja hingað stálsíma frá Seyðisfirði. En hvaða heimild hefur ráðherrann til þess, að taka á móti fje með skilyrðum fyrir landsins hönd? Hver segir, að það sje hægt, að leggja símann fyrir 300,000 kr.? Og þó að það væri hægt, að klöngra einhverri ritsímamynd upp fyrir það verð, þá hefur ráðherrann enga heimild til þess, að gjöra það heldur.

Jeg skal ekki þrátta við hæstv. ráðherra um það, hvort hann hefur reynt að fá betri kjör, eða ekki. Skjölin bera það ekki með sjer, svo að þær tilraunir hafa víst ekki verið mikils virði.

Sama er að segja um það, sem hann sagði, að það væri ekki hægt að ráða á dýrleika sæsímans af lengdinni einni. En mjer þykir þó líklegt, að sæsíminn þurfi að vera jafn-miklu digrari við landið, hvort sem hann kemur í land á Þorlákshöfn eða á Austfjörðum; að minnsta kosti getur það aldrei munað svo miklu, að það nemi nokkru verulegu, sízt neitt líkri upphæð eins og þeirri, sem fjelagið græðir á því, að leggja símann til Austurlandsins.

Þá tók hæstv. ráðherra það fram, að það væri ekki rjett, sem jeg hefði sagt, að fjelagið gæti vítalaust látið farast fyrir, að gjöra við símann í 4 mánuði, ef hann slitnaði. En það stendur þó með berum orðum í 4. gr. samningsins, að sje síminn slitinn *lengur* en 4 mánuði o. s. frv. Hver maður getur skilið, að í þessu felst það, að ekkert verður haft á fjelaginu, ef hann er slitinn skemur en 4 mánuði. *(Ráðherrann:* En hvað stendur ekki annarsstaðar?) Mikið rjett; það stendur, að fjelagið eigi að gjöra við símaslitin svo fljótt, sem unnt er; en hvaða eptirlit getur ráðherrann haft með því, hvort ritsímafjelagið gegnir skyldu sinni, eins fljótt, eins og hægt er, eða ekki? Og hver metur ástæður þess? Samgöngumálaráðherra Dana.

Mjer skildist hæstv. ráðherra hrósa sjer af því, að hraðskeyti til blaða ættu að fást fyrir hálft verð; en það er vissulega ekki honum að þakka, því það er »internationalt« ákvæði, er gildir um allan heim.

Þau ummæli ráðherrans, að hámarkinu á skeytaverðinu muni ekki verða fylgt, heldur muni fjelagið, ef til vill, lækka þau, eru að eins mjög ósæmilegar getgátur, sem jeg ekki eyði orðum að.

Ráðherrann ljezt skoða það sem getsakir, er jeg sagði, að Norræna ritsímafjelagið gæti »pressað« fje út úr Íslendingum, en það eru engar getsakir. Það reynir sjálfsagt, að maka krókinn eins og önnur gróðafjelög, og er það eigi nema eðlilegt frá þess sjónarmiði. En hitt eru getsakir, er meiri hluti nefndarinnar telur það víst,

að Danir munu ekkert fje veita til hraðskeytasambandsins, nema samningnum við Stóra norræna sje tekið. Það eru slæmar getsakir í garð Dana, að telja stjórn þeirra og þing í vasa auðmannafjelags, og hafði jeg sízt vænzt slíkra getsaka af hálfu ráðherra Íslands, sem vitanlega er ekki í neinni óvináttu við dönsku ráðherrana.

Það hneixlaði hæstv. ráðh., er jeg sagði, að áætlanir hans væru byggðar í lausu lopti, en það er þó ekki annað, en það, sem hann sjálfur játar í brjefinu til Hage. Háttv. þingdm. hafa sjeð það brjef, og jeg læt mjer nægja að skírskota til þess.

Þá spurði h. hæstv. ráðh., hvort Marconi ætti að fá borgun fyrir hraðskeytasendingar sínar í sumar. Mjer þykir það nú reyndar undarlegt, að hann skuli spyrja mig að því. En jeg held nú samt, að jeg geti sagt honum það, að fjelagið hefur ekki áskilið sjer neina borgun fyrir þetta; það hefur tekið það upp hjá sjálfu sjer, auðvitað eptir upphvatningum frá oss, andstæðingum stjórnarinnar. Og það var víst engin vanþörf á því, til þess að sýna mönnum, að til væri hraðskeyta-aðferð, sem hjeti þráðlaus firðritun, því menn voru hjer afarfáfróðir um það efni, þar á meðal ráðh. sjálfur, ef nokkuð má marka ræður hans hjer á þinginu. — Í sambandi við þetta vil jeg benda á, að hinn hæstv. ráðh. hlýtur að hafa gjört afarlítið, til þess að ná samningum við Marconifjelagið. Brjefið frá fjelaginu ber það með sjer, að það hefur viljað fá bendingar um ýmislegt málinu viðvíkjandi; en ráðherranum hefur ekki þótt það taka því, heldur snúið sjer þegar að Stóra norræna ritsímafjelaginu. Enda er það undarlegt, að ráðherrann skuli ekki hafa getað knúð fram eins góð tilboð frá fjelaginu eins og fáeinir andstæðingar stjórnarinnar. (*Ráðh.:* Það hafa þá verið gjörðir samningar). Nei, jeg nefndi að eins tilboð. Fleira sje jeg ekki ástæðu til að svara að svo stöddu, en vil að lokum geta þess, að mjer finnst það alveg ósæmilegt, að verða að halda mönnum hjer dauðþreyttum langt fram á nótt, til þess að reyna að láta svefninn sigra menn, og vil jeg því skora á forseta, að fresta fundinum til morguns. Slík aðferð, sem hjer er höfð, er ósæmandi, þegar um eitt af stærstu velferðarmálum þjóðarinnar er að ræða.

Ólafur Thorlacíus (1. þm. S.-Múl.): Það er nú orðið áliðið nætur, en jeg skal ekki halda lengi vöku fyrir mönnum. Jeg stend upp fyrst og fremst til þess að gjöra þá fyrirspurn til hinnar háttv. ritsímanefndar, hvers vegna því, sem stendur í stjórnarfrumv., að síminn skuli koma á land á Reyðarfirði, er breytt, og látið koma í staðinn, að hann skuli lenda á Seyðisfirði. Jeg hef hvergi getað fundið neina ástæðu fyrir þessari breytingu í nefndarálitinu, enda held, að ekki sje gott, að styðja hana með gildum rökum. Ekki getur það verið dýpið í Reyðarfirði, sem nefndin hefur fælzt, eða botninn; hvorttveggja mun vera fyllilega eins gott í Reyðarfirði og Seyðisfirði, heldur ekki lendingarstaðurinn eða ishættan, enda mundi stjórnin, sem vafalaust hefur í þessu efni farið eptir tillögum einhverra tekníska ráðanauta, ekki hafa lagt til, að ritsíminn yrði látinn lenda á Reyðarfirði, ef honum væri þar nokkur hætta búin. Það hlýtur því að vera landleiðin frá Seyðisfirði til Hjeraðs, sem háttv. nefnd gengst fyrir. Henni er nú svo háttað, að upp frá Seyðisfirði liggur hin alkunna eða alræmda Fjarðarheiði, einhver hinn hæsti fjallvegur, illur yfirferðar og snjóþungur. Upp

frá Reyðarfirði liggur aptur á móti Fagridalur, sljettur dalur, sem liggur lágt yfir sjávarmál, og lítið snjóþyngra á honum, en í byggð. Jeg er viss um, að það mundi að öllu leyti vera betra og ódýrara, sjerstaklega hvað viðhald snertir, að leggja símann um Fagradal.

Menn kunna að segja, að það mæli með Seyðisfirði, að þar sje kaupstaður, en þar til má svara, að Reyðarfjörður er ungur verzlunarstaður og í uppgangi, og líklegur til þess að verða centrum viðskiptalífsins á Austfjörðum, en Seyðisfirði hefur farið aptur um undanfarin ár. Enn fremur verð jeg að leggja mjög mikla áherzlu á það, að notin af ritsímanum verða þeim mun víðtækari fyrir Austfirði, því sunnar sem hann kemur þar á land. Það mundi hafa mjög mikla þýðingu fyrir fiskiveiðar, sjerstaklega síldveiðar á Austurlandi, ef lendingin yrði á Reyðarfirði. Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstv. fvrseta að bera þetta atriði undir atkvæði sjerstaklega, og vona að háttv. deild samþ. till. stjórnarinnar.

Þá ætla jeg í stuttu máli að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, ekki sízt af því að mitt atkv. mun, að því er jeg hygg, falla nokkuð öðru vísi, en annara háttv. þm., enda stend jeg óbundinn og óháður öllum flokkum hjer á þingi. Jeg er semsje ráðinn í, að greiða atkvæði með þrautavaratill. minni hlutans, sem fer fram á að fresta málinu til næsta þings, en á móti öllum hinum. Ástæður mínar fyrir því eru þessar: Í fyrsta lagi, að málið hefur hvergi nærri fengið þann undirbúning, er það þarf með. Vjer verðum að gæta þess, að hjer er um eitt hið stórfeldasta fyrirtæki að ræða, sem nokkurn tíma hefur verið ráðizt í hjer á landi, og er því öll þörf á, að vel sje frá undirbúningnum gengið, ef vjer ekki eigum að stofna fjárhag vorum og jafnvel sjálfstæði í voða.

Það er einkum áætlunin um landsímalagninguna, sem virðist byggð á nokkuð flausturslegum rannsóknum. Það eru aðallega rannsóknir Hansons, sem hjer eru lagðar til grundvallar, en mjer finnst það liggja í augum uppi, að útlendingar, sem lítið eða ekkert eru kunnugir hjer, geti ekki gjört áætlun um þetta, sem óhætt sje að reiða sig á. Mjer getur ekki betur fundizt, en að rannsóknirnar sjeu allt of lauslegar og grundvöllurinn allt of laus til þess að byggja svo háreista byggingu á, eins og hjer á að gjöra. Á sama bendir það, hve skoðanir ýmsra leiðandi manna virðast vera á reiki í þessu máli. Þeir, sem á síðustu þingum hafa barizt fyrir ritsíma, með líku fyrirkomulagi og hjer er farið fram á, hallast nú að loptskeytum, en þeir, sem þá voru með loptskeyta-aðferðinni, eru nú gallharðir á móti henni. Hinir leiðandi menn eru ekki enn búnir að átta sig til fulls á þessu máli, og þjóðin því síður.

Enn bendir það í sömu átt, hve afar ólíkri niðurstöðu meiri hluti og minni hluti nefndarinnar hafa komizt að. Jeg skal að eins geta þess, að þar sem meiri hlutinn áætlar kostnaðinn við símasamband c. 60 þús. kr. árlega, þá áætlar minni hlutinn hann 137 þús. kr. En aptur á móti telur meiri hlutinn kostnaðinn við Marconísamband 98 þús. kr., en minni hlutinn ekki nema 45 þús. kr. Það eru ekki þúsundir, heldur tugir þúsunda, sem hjer munar.

Jeg gjöri nú reyndar ekki svo mikið úr öllum þessum áætlunum, af því að jeg álít þær byggðar að mestu leyti í lausu lopti. Vjer Íslendingar erum nú á síðari árum búnir að fá dálitla reynslu fyrir áætlunum um ýms

mannvirki, sem þó virðast miklu vandaminni, en það, sem hjer er um að ræða, og sú reynsla er víðast hvar allt annað en glæsileg. Jeg vil að eins benda á áætlunina um Fagradalsveginn og Lagarfljótsbrúna. Ætli ekki gæti farið eitthvað svipað með þessar ritsímaáætlanir?

Loptskeytatilboðinu get jeg heldur ekki gefið atkvæði mitt. Það samband er engan veginn svo tryggt enn, að gefandi sje fyrir það svo mikið fje, sem Marconifjelagið heimtar, 128 þús. kr. í 20 ár. Þar af áætlar háttv. minni hluti árstekjur 30 þús. kr., og að af þeim 98 þús. kr., sem þá verða eptir, borgi Danir 54 þús. kr. á ári, en fyrir því höfum vjer enga minnstu vissu, að Danir mundu vilja borga einn einasta eyri til loptskeytasambands hjer við land.

Enn er eitt atriði í þessu máli, sem mjer finnst þingið ómögulega geti gengið fram hjá, og það er vilji meiri hluta þjóðarinnar. Af 54 þingmálafundagjörðum er meir en helmingur, sem gengur eindregið móti rissímasamningnum, og af hinum helmingnum eru margir þingmálafundir hikandi, og skora á þingið að fara varlega í þessu máli, og stofna ekki sjálfstæði nje fjárhag landsins í voða. Jeg vil gefa þjóðinni tíma til að átta sig betur á þessu máli, og stjórninni tíma til að undirbúa það betur til næsta þings, en knýja það ekki fram nú meira af kappi en forsjá.

Loks vil jeg nota tækifærið, til þess að bera það af mjer, sem mjer er sagt að vikið hafi verið að mjer hjer í þingræðu. en sem jeg heyrði ekki þá, að jeg hafi átt að hafa pólitísk fataskipti nú á þinginu af eigin hagsmunahvötum. Lýsi jeg það hjer með helberan uppspuna, og vísa því aptur til ræðumannsins.

Framsögumaður meiri hlutans, Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg get byrjað þessi fáu orð, sem jeg nú ætla að tala, með því að þakka þeim, sem talað hafa, einkum hinum háttv. minni hluta, fyrir þá stilling og alvöru, sem lýsir sjer í þessum umræðum; jeg fæst eigi um það, þótt einstöku stóryrði hrjóti við og við; jeg er eigi orðsjúkur maður.

Umræðurnar hafa nú lengi snúizt um smámuni og eru því orðnar þreytandi. Um þau stærri atriði málsins, sem að sjálfsögðu hafa mesta þýðingu, hefur minna verið talað, en þau þarf hvað bezt að athuga. Jeg vildi taka það fram, að áætlanir meiri hlutans eru á góðum rökum byggðar, og styðjast við áreiðanlegar rannsóknir, enda hafa mótmæli þau, er fram hafa komið, eigi sýnt sig að vera á neinum verulegum rökum byggð. Jeg ætla eigi að fara að tala um staurafiutninginn, þótt það sje stærsti pósturinn, því að jeg býst við, að menn muni vera búnir að fá nóg af því, sem búið er að segia um það. Hvað snertir flutning verkamanna, sem háttv. 1. þm. K.-G. (B. K.) talaði svo mikið um, þá má háttv. þm. vera kunnugt um það, að þegar menn flytja margt fólk, gefa þeir afslátt, og hann mjög mikinn. T. d. hafa emigrantar stundum verið fluttir til Leith hjeðan fyrir 18 kr., að því, er mjer hefur verið sagt, og hitt er víst, að fjelagið Wathnes Arvinger flytur fiskimenn aðra leiðina milli Íslands og Noregs fyrir 12½ kr.

Jeg skal svo svara nokkrum orðum fyrirspurn háttv. 1. þm. S.-M. (Ól. Th.) um, hvernig standi á að landtökustaður sæsímans er ákveðinn á, Seyðisfirði, en eigi á Reyðarfirði. Í febrúar 1905 skrifaði ráðherrann »Store nordiske« um það, hvort fjelagið eigi vildi leggja

nokkuð meira fje til landsímans, ef landtökustaður yrði Reyðarfjörður, þar sem það væri ódýrara að leggja símann til Reyðarfjarðar en Seyðisfjarðar. Fjelagið svaraði svo með brjefi dags. 28. febr. 1905, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp fáeinar línur úr því, með því að brjef þetta er eigi prentað í nefndarálitinu.

Það segir svo:

»I Besvarelse af Deres Excellences ærede Skrivelse af 10de Februar tiltader jeg mig at meddele, at der vil blive taget faa stort Hensyn til Deres deri udtalte definitive Önske om at se Islandskablet landet i Reydarfjord, som paa nogen Maade er foreneligt med Kablets Sikkerhed, og med Muligheden for at reparere det i Tilfælde af Afbrydelser. I begge disse Henseender er der dog alvorlige Betænkeligheder til Stede, thi selv om det skulde lykkes at nedlægge Kablet i 75 Favne Renden fri af Klipper og Sten, saa maa man ogsaa være sikker paa, at Farvandet paa begge Sider af Renden er saa frit for skjulte Farer, at Kabelskibet under Reparationsarbejder kan krydse frem og tilbage tværs over Kablet, for at fange det med sine Dræg, uden at risikere derved at löbe sig i Stykker paa skjulte Skær«.

Og síðar í brjefinu stendur:

»Jeg beklager oprigtig, ikke at kunne dele Deres Excellences Anskuelser med Hensyn til Rimeligheden af, at Selskabet skulde yde et foröget Bidrag til Islands interne Telegrafanlæg, dersom Kablet blev landet i Reydarfjord. Det er saa langt fra, at det allerede meget betydelige Bidrag af Kr. 300,000, som Selskabet er gaaet ind paa at yde, skulde være baseret paa Kabellandingen i Seydisfjord, at det tværtimod snarest er baseret paa en Landing i Berufjord. Her var det nemlig oprindelig Hensigten at lande Kablet, og det var först, *efter* at Selskabet havde givet sit Tilsagn om de Kr. 300,000, at det ved nöjere Undersögelser, foretagne i Sommeren 1898, til dets Skuffelse viste sig, at Kablet snarere burde landes i Seydisfjord, hvilket vilde medföre en fölelig Merudgift for det. Alligevel fandt Selskabet sig ikke deraf foranlediget til at begære en Nedsættelse af sit lovede Bidrag, men ligesaa lidt kan det anse Kravet paa en Forögelse af dette berettiget eller rimelig, fordi Kablet muligvis vil blive landet midt imellem Beru- og Seydisfjord. Dette saa meget mindre som Selskabet intet vil spare ved Landingen i Reydar- fremfor i Seydisfjord, thi selv om Kablet vil blive en Ubetydelighed kortere, naar förstnævnte Landingssted vælges, maa det til Gengæld göres saa meget sværere (fordi der herfra er længere ud til 100 Favne Grænsen) at Omkostningerne faktisk blive de samme«.

Eins og sjá má á köflum þessum úr brjefinu, er ástæðan fyrir því, að síminn á eigi að liggja í land á Reyðar- heldur Seyðisfirði, sú, að Reyðarfjörður er talinn ótryggari fyrir sæsímann, en enginn sparnaður í kostnaði við að leggja hann þar á land. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að sæsíminn verður lagður á land á Seyðisfirði.

Sami háttv. þm. minntist á skoðanaskipti þm. síðan 1901, en jeg vona, að háttv. þm. undanskilji mig, því að jeg hef alls eigi breytt skoðun, heldur berst fyrir því sama nú, sem þá, sem sje þráðarsambandinu. Jeg álít, að eigi beri að blanda flokks-pólitiskum æsingum inn í svona mál. Þetta mál er of mikilsvert fyrir þjóðina til þess, að það sje forsvaranlegt að beita í því misjöfnum meðulum til að villa

þjóðinni sjónir í því og æsa hana gegn því.

Jeg þarf eigi að svara háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) mörgu, því að því nær öllu, sem hann sagði, var áður svarað. Jeg þarf ekki að minnast á heimild ráðherrans til að gjöra þennan samning, sem hjer ræðir um. Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að næg heimild fyrir samningnum væri í fjárlögum síðustu þinga. Fyrir mjer er loptskeytasamband neyðarúrræði, og þótt aðrir álíti svo eigi, þá hefur það eigi áhrif á mig; jeg get eigi byggt skoðun mína á skoðun annara. Viðvíkjandi samningnum tók jeg það fram, að þótt hann væri með fullri heimild gjörður, þá gæti þingið þó með því að neita um fjárveitinguna, riptað honum, því að enginn dómstóll stendur yfir þinginu. En hvort það er þinginu vansalaust, að bregðast gefnu loforði, er annað mál.

Hnútum háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) ætla jeg, eins og jeg sagði áður, að ganga sem mest fram hjá. Hann sagði, að meiri hlutinn hefði starfað með ákveðið markmið fyrir augum og það er satt. Markmiðið var það, að fá sem beztar upplýsingar í málinu og gjöra það svo ljóst fyrir öllum, að hver og einn hugsandi maður, sem hefði vilja og þolinmæði til að kynna sjer öll rök málsins, gæti myndað sjer sjálfstæða skoðun á málinu. Annað var eigi ákveðið fyrir fram, og þar sem háttv. framsm. minni hlutans sagði, að meiri hlutinn væri að reyna að gjöra þetta mál að alríkismáli, þá er það eigi satt, en hitt er satt, að þetta mál er eptir eðli sínu alþjóðamál, eins og t. d. póstmál. Það tók jeg stuttlega fram áður. Það er hollast í þessu máli, eins og alltaf, að segja það eitt, sem rjett er. Það er hjer eins og annarsstaðar þjóðinni og hverjum einstökum »betra að vita rjett, en hyggja rangt«. Það er nú ómótmælanlega rjett og satt, sem jeg sagði: telegrafmál landa milli eru háð alþjóðareglum, eins og póstmál, og eru þess vegna ríkismál. Um telegrafsamband við annað ríki þarf því að gjöra samning við það. en til útlendra stjórna getum við ekki snúið okkur, nema gegnum utanríkisráðaneytið. T. d. samningurinn um póstbögglasendingar til Leith er á þann hátt orðinn til. En þótt jeg segi þetta, þá liggur ekki í því minnsta getgáta um það í garð Dana, að þeir mundu leggja stein í götu fyrir oss, ef við vildum einsamlir koma á fót hraðskeytasambandi við önnur lönd fyrir okkar eigin fje, en þeir hafa rjett til þess að hafa þar hönd í bagga með, og það er eigi til neins, að vera að gjöra grýlur út af þessu gagnvart okkur, sem vitum þetta, Og það er síður hætt við, að þeir, sem vita rjett, gjöri rangt, heldur en þeir, sem hyggja rangt, eins og háttv. minni hluti. Hv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) gat þess, að við hefðum haft ráðherrann í ráðum og útlenda menn, og er það rjett, enda er það sjálfsagt, að stjórnin verður að taka þátt í meðferð slíkra mála, og til þess að hún geti eitthvað af viti til málanna lagt, þarf hún að hafa verkfræðing í ráðum, og hann í sambandi við stjórnina ber svo ábyrgð á, að kostnaðurinn fari eigi mikið fram úr áætlun.

Áætlanirnar eru flestar byggðar á staðháttum og reynslu í Noregi, og allir munu játa, að þar er þó líkast því, sem hjer er. Það er þó eigi meiningin, að eigi geti munað nokkru, að sumt sje of hátt, annað of lágt, en mikið getur það ekki orðið. En ef nú sparast á sumum liðum, en kostnað-

urinn er eigi áætlaður nógur á öðrum, þá tel jeg stjórninni heimilt, að nota það, sem sparast, til þess að bæta hina liðina upp. Annars er það skrítið hjá háttv. minni hl., að hann finnur meiri hl. það til foráttu, að hann byggi á áætlunum Krarups, en samt vitnar minni hl. opt í áætlanir hans, til þess að styðja sitt mál, ef honum hefur orðið það á að áætla of hátt, en jeg tók það fram, að Krarup hefði aldrei verið hjer á landi og getur því eigi þekkt t. d. hestaleigu hjer, og því má eigi búast við, að það sje alveg rjett hjá honum, en það raskar eigi gildi áætlana hans um það, er hann þekkir. Það er vitaskuld, að þau óhöpp *geta* komið fyrir, að verkinu verði eigi lokið á einu sumri, en jeg treysti því, að verkstjóri og stjórn gjöri það, sem þau geta til þess að ljúka því á þessum tíma. Tíminn er júní, júlí, ágúst og september, og ef vel voraði, mundi að líkindum hægt að byrja í maí, en þá ætti vinnunni að sjálfsögðu að vera fyr lokið. Út af orðum háttv. 1. þm. K.-G. (B. K.) skal jeg geta þess, að það er engin ástæða til þess að ætla, að Forberg sje hlutdrægur, eins og hann sagði. Hann hefur góða stöðu í Noregi og hann er eigi valinn af Dönum eða Íslendingum, heldur af Norðmönnum, og eigi þekkti jeg þá rjett, ef þeir hafa eigi valið góðan mann, sóma síns vegna, og þessi maður metur sjálfur meira heiður sinn, en sumir háttv. þm. halda.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði um, að meiri hluti nefndarinnar hefði ekki krafið umboðsmann Siemens og Halske um umboð hans, og heldur ekki krafizt þess, að nefnd væri upphæð sú, er vænta mætti að krafizt yrði til tryggingar því, að fjelagið uppfyllti væntanlegan samning. Umboð Bredows lá fyrir nefndinni í lögfullu formi. Mjer datt auðvitað ekki í hug, að heimta neina upphæð nefnda á meðan ekki var útlit fyrir, að gengið yrði inn á neina samninga við fjelagið. Það var heldur engin ástæða til að þess, að sýna neina tortryggni, þar sem stjórninni var innan handar, að halda tillaginu til baka, ef sambandið reyndist illa. En þar sem nú nefndin öll áleit strax frágangssök kostnaðarins vegna, að taka tilboðum þessa fjelags, þá var alls engin ástæða til þess, að heimta neina vissa tryggingu. Marconífjelagið bauð aldrei aðra tryggingu, en þá venjulegu, nefnilega að heimilt væri að halda tillaginu til baka.

Hið síðasta tilboð frá Capito, umboðsmanni Marconífjelagsins, var ekki skrifað í nafni fjelagsins, heldur var það tilboð, sem fulltrúinn bjó til sjálfur upp á væntanlegt samþykki fjelagsins; það kom aldrei til nefndarinnar í heild sinni, það kom ekki fyr en nefndin var hætt að vinna saman, og hefur því aldrei legið fyrir nefndinni allri.

Að því, er timbur- og fólksflutninga snertir, þá hefur það aldrei verið meining meiri hluta nefndarinnar, að láta flytja það með hinum venjulegu millilanda- eða strandferðaskipum; það er meining hans, að leigt verði sjerstakt skip til timburflutninganna. Fraktin þarf ekki að fara fram úr 40 kr. fyrir »Standard«. Jeg hef talað við einn h. Norðlending um það, og segir hann mjer, að sjer hafi reynzt svo, að það mætti fá fraktina niður í 36 kr. pr. »Standard«, þegar um heila skipsfarma er að ræða. Háttv. þm. (B. K.) hefur því reiknað eptir alveg skökkum mælikvarða. Jeg get því ekki fundið, að meiri hluti nefndarinnar fari fram á eða ætlist til gjafa, eða sje að betla, en auðvitað fæst mikill afsláttur, þegar um svo mikinn flutning er að ræða,

sem hjer, og afsláttur í stórum kaupum er hvorki betl nje gjafir, eða hvað segja kaupmenn þar í stað?

Það væri stórgalli á símasambandinu, ef ekki væri samband á milli Seyðisfjarðar og Akureyrar, og þeir sem finna galla á sambandi því, er við höldum fram, mundu ekki síður finna galla á því sambandi, sem svonefnd »samkomulagstill.« minni hluta nefndarinnar fer fram á; það er raunar ekki ástæða til að tala um hana nú, þar sem hún liggur ekki hjer fyrir sem lögleg tillaga, en ef hún kemur sem slík við 3. umr.; þá er jeg fús á, að athuga hana nákvæmar þegar þar að kemur.

En það er í varatill. minni hluta nefndarinnar nauðsynlegt að athuga þessar 3 andnesjastöðvar dálitið betur. Frá stöðvunum á Dalatanga þarf að leggja þráðlínu á Seyðisfjörð; á þeirri leið eru, að því er mjer er sagt, tveir eða þrír ófærir fjallgarðar, sem ætlazt er til að telegraf verði lagður yfir, og þeir eru svo snarbrattir og illir viðfangs, að enginn blettur á allri leiðinni frá Seyðisfirði til Reykjavíkur kemst í hálfkvisti við þessa leið að því, er hættur og örðugleika snertir. Sama er að segja um línuna frá Ólafsfirði á Akureyri: og þá er eptir línan frá Straumnesi til Ísafjarðar; hún er lang verst af þessum köflum öllum. Línu mundi eiga að leggja yfir fjöllin vestur frá Glámujökli, en þar eru hreinar ógöngur. Slíkt samband, eins og hjer er hugsað, er því blátt áfram hreinn staðlaus heilaspuni.

Jeg vona fastlega, að hver maður, sem skoðar mál þetta og þær kostnaðaráætlanir um símasambandið, sem hjer liggja fyrir, með óhlutdrægni og af þekkingu, muni sjá það, að hjer er ekki um neinn fjárhagslegan voða að ræða fyrir þjóðina. Þetta er að sjálfsögðu stórvaxið og margbrotið, en þar sem það miðar til stórra framfara og heilla fyrir land og lýð, og til góðs eins, hvernig sem á það er litið, þá ættu allir sannir vinir fósturjarðarinnar að styðja það og styrkja af fremstu kröptum. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að samband það, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að samþykkt verði, er það öruggasta og bezta og jafnframt það ódýrasta, og jeg er einnig sannfærður um það, að þegar þjóðin áttar sig á málinu, þá verður þetta eitt af hennar sterkustu áhugamálum. Það er líkt ástatt nú með þetta mál, eins og þegar fyrst var verið að veita fje til vegagjörðar í stærri stýl hjer á landi; fyrst voru margir á móti því og þjóðin óttaðist mjög kostnaðinn, og þá var líka talað um fjárhagslegan voða. En þegar þjóðin fór að sjá það ómetanlega gagn, sem af vegabótum leiðir, þótt ekki gefi þær beinar tekjur, þá kom annað hljóð í strokkinn; hvert hjeraðið af öðru reis upp og vildi fá vegi, og nú talar enginn um, að það hafi verið illa ráðið, þegar byrjað var að leggja vegi á Íslandi, og enginn telur eptir það fje, sem í þá hefur verið lagt, nær þrjár milljónir króna, og enginn kvartar undan þeim sköttum, sem af þeim útgjöldum leiða. Eins fer um símasambandið, þegar þjóðin fer að meta rjett og reyna það sambandsfæri. Jeg hef svo góða trú á framtíð þessa lands og á kröptunum, sem í þjóðinni búa, að jeg er sannfærður um, að ritsíminn verður þjóðfjelagi voru til mikils góðs og til blessunar. Landsíminn á að liggja um fjölmennustu hjeruð landsins, og það mun ekki líða á löngu, áður álmur úr honum verða komnar um hinar helztu sveitir.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. S.-Múl. (Ó. Th.) vil jeg taka það fram, að vegalengdin frá Egilsstöðum á Reyð-

arfjörð er 33 kilom., og mundi landsími þangað frá Egilsstöðum kosta um 16 þús. krónur; það virðist því ekki ókleypt að laga þetta bráðlega, enda er jeg sannfærður um það, að ekki líður á löngu, eptir að ritsími er kominn á, að margir vilja fá ritsíma til sín og vilja jafnvel kosta það að mestu sjálfir.

Mjer barst í kvöld brjef, sem áþreyfanlega sannar, að það er rjett, sem jeg segi, og vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa það upp. Það hljóðar svo:

»Við undirritaðir oddvitar sýslunefndanna í Árnes- og Rangárvallasýslum leyfum okkur hjer með að fara þess á leit, að hið háttv. Alþingi vildi veita fje á næsta fjárhagstímabili til þess að stofna málþráðasamband milli Reykjavíkur, Eyrarbakka og Stokkseyrar, og nefndra hjeraða austur að Ægissíðu fyrir það fyrsta.

Að því leyti, sem þingið kynni að gjöra það að skilyrði, að sýslufjelögin sjálf veittu fje til fyrirtækisins, viljum við taka það fram, að um báðar sýslurnar ganga nú erindi til undirskripta fyrir almenning í þá átt, að menn vilji taka þátt í kostnaðinum, svo sem fært er og nauðsynlegt þykir vera. Þess skal einnig getið, að erindi þetta lá fyrir síðustu sýslunefndarfundum beggja hjeraða, og fjekk það þær undirtektir, að láta því verða sem fyrst framgengt, enda er það álit almennings, að það sje eitt hið mikilvægasta framfaramál þessara hjeraða.

»Kaldaðarnesi, 4. Ágúst 1895.

Sig. Ólafsson, Einar Benediktsson.

Til Alþingis«.

Jeg fyrir mitt leyti, skal gefa þessu erindi mínu beztu meðmæli til þings og stjórnar, og vona jeg. að sú hugsun, sem lýsir sjer í því, verði algeng um allt land innan skamms tíma.

Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Jeg hjó eptir því í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk, Th.), að hæstv. ráðh. hefði brostið heimild til að semja við Stóra norræna, og að hann hefði misboðið fjárveitingarvaldi þingsins með því, að gjöra ritsímasamninginn; en jeg heyrði þm. ekki koma með neinar röksemdir fyrir þeim sleggjudómi sínum, enda verð jeg að mótmæla þessari staðleysu. — Það er svo langt frá því, að hæstv. ráðh. hafi brostið heimild til að semja við Stóra norræna, að það var þvert á móti skylda hans, að leita samninga um málið. Og þetta álit mitt skal jeg nú reyna að rökstyðja.

Heimildin fyrir samningnum er skýr, og það er ekki langt að leita hennar. Hún stendur í 12. gr. D. í gildandi fjárlögum. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp byrjun og enda greinarinnar. Byrjunin hljóðar svo:

»Til ritsíma milli Íslands og útlanda »1. og 2. ársborgun af 20 ára til»lagi . . . . . , 35 þús. kr. »hvort árið«.

»Væntanlegur **samningur** með fylgi»skjölum leggist fyrir alþingi *til athug»unar*«.

Með þessu er stjórninni ótvírætt gefin heimild til, að gjöra samninginn. Henni er beinlínis uppálagt, að láta nú til skarar skríða.

Þetta kemur einnig vel heim við sögu málsins. Stjórnin mæltist til þess 1903, að sjer væri gefnar frjálsar hendur til þess, að velja á milli ritsíma og loptskeyta. Og það fjekk hún hjá fjárlaganefnd, samgöngumálanefnd og þingi. Samgöngumálanefndin komst svo að orði, »að framkvæmdir í því máli megi með engu móti dragast lengur«, sjá alþt. 1903 C. bls. 845. — Og fjárlaganefndin tók í sama strenginn og lagði sjerstaka áherzlu á heimildina til ritsímalagningar með því, að setja ritsíma í stað hraðskeytasambands,

sem áður hafði verið notað í umræðunum um málið á þingi. Og þetta samþykkti þingið í fullu samræmi við sjálft sig 1902. Það ár var ritsíminn líka efst á baugi; að eins gefin heimild til, að taka loptskeytasamband, ef það reyndist öruggt og jafnaðgengilegt að öðru leyti.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vildi gjöra 1. lið 12. gr. D. að fyrirsögn, en það nær engri átt. Það þarf ekki annað en að líta á fyrirsagnirnar í fjárlögunum til að sjá, að það er fjarstæða. Uppfundingamaðurinn að þessu, sporgöngumaður minni hlutans í undirskriptar- og ritsímamálinu, maður sem jeg ekki nefni af því, að hann á ekki sæti á þingi, hefur hengt hattinn sinn á það að fjárlaganefndin kallaði liðinn »fyrirsögn«, en það nær sem sagt engri átt.

Það mætti líka heita æði undarlegt, ef fjárlaganefndin 1903, eins og hún var samsett (báðir þm. Þingeyjarsýslu, 1. þm. N.-Múl., 2. þm. Skagf., 1. þm. Húnv.), hefði lagt það til, að Norðurland afsalaði sjer þeim rjetti, sem það hafði fengið 1901 og 1902, rjetti til að fá símann um sín hjeruð.

Háttv. framsm. minni hluta nefndarinnar hjelt því enn fremur fram, að hæstv. ráðh. hefði játað í brjefi 30. júní 1904 til samgöngumálaráðherra Dana, að sig vantaði heimild til, að gjöra ritsímasamninginn. En jeg lít svo á þetta brjef, að hæstv. ráðh. hafi með því ekki sagt annað eða meira, en að sig vantaði fjárveitingu til að leggja **landsíma** á fjárhagstímabilinu 1904—1905.

Og hafi nú hæstv. ráðh. haft heimild til þess, að taka ritsíma gegn 70,000 kr. borgun úr landssjóði 1904—1905, þá hafði hann það þeim mun fremur, úr því að til engrar útborgunar kom. Að öðru leyti skil jeg svo 12. gr. D. lið, að heimildin fyrir *ritsíma* sje alveg óbundin.

Veitingin til loptskeytasambands er aptur á móti samkvæmt 2. málsgrein bundin þeim skilyrðum, *að* Reykjavík taki við útleiddu skeytunum, og *að* hún sje sett í samband við hina kaupstaðina jafnframt, Þessu var ómögulegt að fá framgengt af því, að Marconi treysti sjer þá ekki til, að eiga neitt við samband yfir land.

Loks var heimilað að verja *allri* upphæðinni, 70 þúsund kr. *fyrra* árið milli Reykjavíkur og útlanda, en það var bundið því skilyrði, *að* sambandið milli Reykjavíkur og útlanda yrði komið á fyrir árslok 1904, *að* trygging væri sett fyrir sambandi milli Reykjavíkur og hinna kaupstaðanna innan ársloka 1905, og *að* það kostaði ekki meira en veitt var. En þessu var líka ómögulegt að fá framgengt, og þá var ekki spursmál um annað, en nota heimildina til ritsíma eptir 1. lið.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hjelt því fram, að vart væri treystandi því, sem Forberg og Krarup hefðu sagt um ritsímasambandið. Háttv. þm. var þar verri, en háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.). sem vitnaði þó til Krarups um samband yfir ár, en á hinn bóginn samkvæmari sjálfum sjer. Og alveg fordæmdi hann tillögu þessa um loptskeytasamband vegna þess, hve þeir væru slíku ókunnugir. En mjer er alveg óskiljanlegt, hve háttv. þm. skuli halda sig hafa betur vit á því, en þessir fagmenn.

Því fer þess vegna svo fjarri, að stjórninni verði fundið það til foráttu, að hún hefur leitað til fagmanna til þess, að fá upplýsingar um málið, að það hefði verið með öllu leyti óforsvaranlegt, að leggja út í jafn stórkostlega nýlundu, sem hraðskeytasambandið, án þess að leita ráða til fag-

manna, og fá þá til að undirbúa málið hjer á landi.

Og það er í alla staði ósæmilegt, að gruna mennina um hlutdrægni, þótt þeir fái borgun fyrir starf sitt, eða hver maður með heilbrigðri skynsemi getur búizt við því, að útlendingar dvelji hjer langvistum borgunarlaust? Og allra sizt situr það á háttv. minni hluta, að væna ráðanauta stjórnarinnar um hlutdrægni, sem hefur allan sinn vísdóm úr launuðum starfsmönnum loptskeytafjelaganna, og það því síður, sem aðalráðanautur stjórnarinnar, Forberg, er utanríkismaður, Norðmaður, sem engin not getur haft af dönskum hagsmunum.

Að því, er málið sjálft snertir, verð jeg að segja það, að mjer er ókunnugt um allar þessar loptskeytastöðvar, sem háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) talaði um. Mjer er nær að halda, að þær sjeu margar eða flestar á masturstoppum, eða að minnsta kosti á öðrum stöðum, þar sem ekki er hægt að koma við ritsíma. Að minnsta kosti er mjer og öðrum allsendis ókunnugt um, að nokkur þjóð hafi tekið upp loptritun í stað ritsíma.

Annars gjörði háttv. þm. einkum mikið úr flutningskostnaði stauranna, að *mínu áliti* allt, allt of mikið. Hann sagði fyrst og fremst, að taka yrði staurana á mörgum stöðum í útlöndum, en það er alveg rangt. Það er ekki nema um 2 hafnir að ræða, aðra danska og hina norska. Þá hjelt þm. því fram, að flutningsskipið yrði að þræða allar eða flestar hafnir hjer á landi til að koma staurunum af sjer, en þar til er því að svara, að það er ekki nema hlutfallslega lítið svæði af landinu, sem staurarnir verða fluttir til í þetta sinn, og allar þær hafnir liggja á leiðinni. Annars þarf engum orðum um flutningsgjald þetta að ræða, því að jeg get upplýst háttv. þm. um, að það eru til *bindandi samningar* milli stjórnar og sameinaða gufuskipafjelagsins, um að flytja hvern staur fyrir 1 kr. 50 a.; svo allar þessar aðfinningar eiga sjer engan stað.

Og undarlegt þykir mjer, að háttv. þm. (B. Kr.) skuli halda því látlaust fram, að það verði ekki hægt að flytja staurana fyrir minna en 10 kr. stykkið frá höfn á þann stað, sem þeir eiga að notast. Háttv. þm. hefur annaðhvort ekki heyrt tilboð háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) eða hann trúir honum ekki. Háttv. þm. S.-Þing. hefur þó að öllum áheyrandi boðizt til að flytja staurana fyrir 5 kr. hvern, og kafli sá, er hann hefur tekið að sjer, er einhver hinn örðugasti kafli á allri leiðinni. Sýnir það ekki og sannar, að útreikningur háttv. þm. G.-K. nær engri átt? Hátt. þm. hefur rembzt svo lengi við þessa staura, rembzt eins og rjúpa við staur, að hann, sem annars sjer vel, er orðinn alveg staurblindur. Og líkur var útreikningur hans á fargjaldi útlendu verkamannanna. Það nær engri átt, enda sama máli að gegna um það og sjóvegsflutninginn á staurunum. Það liggur líka fyrir tilboð um þann flutning.

Hvað því viðvíkur, að staurarnir muni ekki duga betur en talsímastaurarnir hjer, sem þm. sagði að væru þegar farnir að hallast, þá er allsendis ómögulegt að bera þetta saman. Talsímastaurarnir hjer voru reknir niður meðan frost var í jörðu, en jeg þykist vita, að hinir verði settir niður á öðrum tíma, enda allt vandað sem bezt til ritsímastauranna.

Háttv. sami þm. fann að því, að fjárframlögin til launa starfsmannanna á telefón-stöðvunum væri allt of lág (60 kr.). En þessi borgun er að eins fyrir að »hringja upp« sem kallað er,

eða fyrir að koma mönnum í samband hvern við annan, auk aukaþóknunar þó fyrir hvert skeyti, og fyrir að komast fyrir bilanir með því að kalla á næstu stöðvar til beggja handa. Þurfi að gjöra við þráð eða staura, verður að borga það aukreitis. Og það er sannarlega vandalítið verk og vel launað, enda t. d. í Noregi stundað í seljum fram til fjalla. Og ekki kemur þessi kostnaðargrýla vel heim við það, sem lærimeistari háttv. þm., núverandi þm. G.-K. (V. G.) hjelt fram á þingi 1901 nje heldur hræðsla hans fyrir bilun, sbr. Alþt. 1901 B. bls. 1413 og 1437.

Þá má og vísa til orða 2. þm. G.-K. (V. G.) að því, er snertir mótbárur háttv. þm. (B. Kr.), viðvíkjandi lendingarstaðnum, sjá Alþt. 1901, B. bls. 414.

Þá fann háttv. þm. (B. Kr.) ýmislegt að framhaldsnefndaráliti fjárlaganefndarinnar, það fyrst, að ábyrgðargjaldið væri of lágt reiknað. En þm. hefur víst ekki lesið nefndarálitið. Ábyrgðargjaldið 500 kr. er þar aðeins sjerstaklega talið fyrir símastólpana, sem er 68,400 kr. virði, og það er vanalegt ábyrgðargjald eða $^3/_4$%. Að öðru leyti er þess getið í athugasemdum nefndarinnar við b. 3, að flutningsgjaldið fyrir staurana sje svo ríflegt, að þaðan megi borga annað ábyrgðargjald og fleira.

Þá komst háttv. sami þm. að þeirri niðurstöðu, að hver meter af sæsímanum, sem leggja skal yfir Hvalfjörð, væri vanreiknaður hjá nefndinni, reiknaður 2 kr. 50 a. hjá henni, en 3 kr. hjá Forberg, en þetta er jafnrangt. Forberg reiknar efnið *og verkið* við að leggja hvern meter 3 kr., alveg eins og við, sem sje efnið 2 kr. 50 a. og verkið 50 a.

Svona er allt á sömu bókina lært.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg ætlaði mjer ekki að standa upp, en get ekki stillt mig um það; það eru tveir menn, sem komu mjer á stað, hæstv. ráðherra, og minn virðulegi sessunautur.

Jeg stóð upp til að skýra hinni háttv. deild frá afstöðu minni til þessa máls. Það má óhætt fullyrða, að aldrei hefur harðari og alvarlegri barátta verið háð hjer á þingi en í dag.

Jeg er sannfærður um, að þessi dagur verður talinn merkur dagur í sögu þessa lands, en það fer eptir úrslitum baráttunnar, hvort hann verður talinn óheilla-, eða heilladagur. Jeg vildi óska, að guð gæfi, að það yrðu heppilegar ályktanir, sem hjer yrðu gjörðar í nótt.

Í baráttu þessari standa 2 flokkar hvor á móti öðrum. Annars vegar stór meiri hluti þings með ráðherrann, fyrsta innlenda þingræðisráðherrann, í broddi fylkingar. Hins vegar stendur fámennur minni hluti, með mikinn meiri hluta hinnar ísl. þjóðar á bak við sig. Báðir þessir flokkar starfa að sama miði í aðalatriðinu, vilja sama að nokkru leyti, vilja koma landi sínu í hraðskeytasamband við umheiminn, og hinum einstöku landshlutum innbyrðis. En leiðirnar, sem þeir vilja halda að þessu takmarki, eru allólíkar, og um það er barizt.

Meiri hlutinn vill, hvað sem það kostar, fara eptir förnum troðnum vegi, sem ráðherrann hefur valið, og að miklu *leyti er á valdi útlendinga;* en það er mikilsvert atriði.

Minni hlutinn aptur á móti vill leggja inn á nýlagða og að nokkru leyti óruddda braut, sem hann *veit hvað er kostnaðarsöm*, og þar að auki er *algjörlega á valdi hinnar ísl. þjóðar.* Á þetta tvennt legg jeg mesta áherzlu í hraðskeytamálinu; kostnaðarvissuna,

og þó einkum og sjerílagi hin fullu yfirráð yfir hraðskeytasambandinu. Þetta tvennt ræður atkvæði mínu í þessu máli, og flokksbræðra minna yfirleitt.

Einn af mestu gáfumönnum þessa lands hefur nýlega sagt: »Hvað utanlandsmálin snertir, eru oss Íslendingum tvö boðorð gefin, og ekki fleiri. Hið fyrra er: Þú skalt ekki rýra rjettindi landsins; hið síðara: þú skalt efla sjálfstæði þess eptir megni. Ef vjer brjótum þessi boðorð, glötum vjer þjóðerni voru. Ritsímasamningurinn brýtur þau bæði, og það að þarflausu«.

Þessu er jeg fullkomlega samdóma. Meiri hlutinn heldur því fram, að hraðskeytamálið sje sameiginlegt mál. Gjörum ráð fyrir, að svo megi líta á, en stendur oss Íslendingum það næst, að halda því fram? Nei, vissulega ekki. Vjer eigum að mótmæla og reyna með lagi að slá því föstu, að þetta sje fullkomið sjermál, með því að taka tilboði um það hraðskeytasamband, sem vjer getum haft full yfirráð yfir, eigum sjálfir og höfum sjálfir allar tekjur af. Með því skjótum vjer einni sterkri stoð undir sjálfstæði vort.

Í stöðulögunum er svo ákveðið, að Ísland sje óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sjerstökum landsrjettindum. Fyrra ákvæðið eigum við smátt og smátt að gjöra að dauðum bókstaf, tómu formi. Þetta ákvæði ætti með tímanum að verða jafn þýðingarlítið, eins og Vinda og Gauta konungstitillinn í titli Hans Hátignar. Allt, sem herðir á alríkisböndunum, eigum við að forðast, en sækjast eptir því, sem losað getur um þau. Seinna ákvæðið aptur á móti eigum vjer að kosta kapps um að gjöra sem efnisríkast. Vjer eigum að vinna að því af öllu kappi, að vjer ráðum til fulls öllum okkar málum, verðum sjálfstæðir, bæði fjárhagslega og pólitískt, verðum í raun og sannleika húsbændur á okkar heimili, en ekki að eins að nafninu til. Að þessu takmarki eigum vjer að keppa. Ritsímasamningurinn færir oss skrefi fjær þessu takmarki, og fyrir þá sök eina, þótt ekkert væri annað, er hann með öllu óaðgengilegur; fyrir það er það að mínu áliti bein óhæfa, að alþingi gangi að honum fyrir þjóðarinnar hönd.

Að endingu vil jeg kröptuglega mótmæla þeim áburði hæstv. ráðherra, að mótspyrna okkar minni hluta manna gegn ritsímasamningnum sje eingöngu sprottinn af flokksofstæki, og af því vjer vildum níða hann niður. Þetta er nú í þriðja sinn, er jeg heyri eitthvað þessu líkt af munni hins hæstv. ráðh., og vildi jeg óska, að það yrði í síðasta sinn, einmitt fyrir þá sök, að mjer er persónulega hlýtt til hans, eins og hann sjálfur veit, enda tel jeg það eiga illa við, að slík orð komi frá ráðherrastólnum.

Árni Jónsson, (þm. N.-Þing.): Úr því að farið er að vaka langt fram á nótt, og tekið til að ræða málið á þann hátt, sem háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), er nú settist niður, gjörði, einkum fyrst og síðast í ræðu sinni, þá sýnist mjer full ástæða til þess fyrir fleiri að taka í sama strenginn. Og eiginlega eru það orð hans, sem komu mjer til að standa upp. Hann flutti með allmiklum ákafa þær ástæður, sem hann þóttist hafa fyrir því, að vera á móti málinu eða tillögum meiri hlutans.

Háttv. þm. ljet það í ljósi, að hann vildi taka tilboði því, sem minni hluti nefndarinnar heldur fram. Skildist mjer svo, sem hann vildi líta það tilboð gott og gagnlegt og áreiðanlegt. En hefur háttv. þm. rannsakað það tilboð, og borið það svo vel saman við

hin önnur, að hann geti sagt um þetta með vissu? Mjer fannst það á ræðu hans, sem hann hefði *ekki* athugað þetta, eða lesið skjöl málsins um það nákvæmlega.

Háttv. framsm. minni hlutans (Sk. Th.) sagði í dag, að þrátt fyrir þá miklu galla, sem hann þóttist finna á samningnum, þá hefði þó getað verið tiltök að taka hann, ef ekkert annað eða betra tilboð hefði fengizt. Hann sagði einnig, að ráðherrann hefði lítið gjört til þess, að leita samninga við Marconifjelagið. Jeg vil nú benda á, að þetta er ekki rjett. Það lítur svo út, sem háttv. framsm. hafi ekki lesið fylgiskjölin, er meiri hlutinn hefur látið prenta.

Skal jeg nú tilgreina nokkur brjef og tilboð frá Marconifjelaginu. Það er þá fyrst brjef frá 18. maí 1904, sem er í þýðingu á bls. 16 í nefndarálitinu. Þar segir svo: — Með leyfi forseta. — »Helzt væri það ósk vor, að frestað yrði að sumri, að koma á þráðlausu hraðskeytasambandi milli Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar. Vjer höfum enn ekki svo næga reynslu í því að senda þráðlaus skeyti yfir jökla etc. (allt til enda 2. málsgr.). . . t. d. Síberíu, Alaska. Þetta segir sama fjelagið sem háttv. framsm. og háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) berjast fyrir, að við eigum að taka.

Þetta sama fjelag ber hjer fram þau meðmæli, að við eigum að taka *innanlandssíma, en ekki þráðlaus skeyti*. Það tekur jafnvel enn sterklegar til orða, því þýðingin er fremur veik. Það ætti að standa: *Vjer getum ekki sjálfir sjeð, hvers vegna innanlandssamböndin ættu ekki að vera gjörð með landlínum*«. — Það er auðsætt, að hjer færast þeir undan því, að hafa sjálfir nokkuð með innanlands sambönd að gjöra.

Svo kemur annað brjef frá 21. júní sama ár. Þar stendur svo: »Jeg hef engu að bæta við brjef mitt, dags. 18. maí síðastl., með tilliti til þess, hvort mögulegt sje að senda þráðlaus skeyti yfir sjó, jökla eða frosna jörð. Jeg vildi samt etc. (til enda málsgr.) . . . yfir jökla og snjó«.

Hjer játar fjelagið aptur ókunnugleika sinn og þekkingarskort á slíkum staðháttum, sem hjer sjeu, og vill því fá 2,000 pund eða fullar 36,000 krón., svo sem eins árs tillag, til þess að *gjöra tilraunir*, því ella geti þeir ekki neitt um það sagt, »hvort *mögulegt* sje að senda þráðlaus skeyti hjer á landi yfir snjó, jökla eða frosna jörð«, og því síður gjört nokkra sennilega áætlun um kostnaðinn.

Og í þriðja brjefinu, sem er dags. 3. sept. 1904, kemur þetta sama enn fram — þar koma og fram tilboðin — á bls. 20—23. Þar þykjast þeir nú að vísu vera komnir svo langt, að þeir geti sett á stofn hraðskeytasamband hjer innanlands á yztu andnesjum, en telja »mjög erfitt, að ákveða kostnað þann. sem stofnsetningin getur haft í för með sjer«.

Aptur á móti segjast þeir geta gjört nákvæma áætlun um hvað það kosti, að koma sambandi á milli Íslands og Skotlands, og hvaða *hagnað* þeir geti haft af þeim samningum.

Samt koma þeir nú fram með ákveðin tilboð I—VI. Af þeim gat nú samt varla komið til greina nema A. I. (á bls. 21). Þar er stofnkostnaður 51,785 pund og árlegur reksturskostnaður 5,277 pund. Það er einmitt *þetta tilboð* frá Marconifjelaginu, sem ráðherrann hafði um að velja og ritsímatilboðið frá Mikla norræna í septemberr síðastliðnum. Og held jeg, að engum óhlutdrægum manni geti blandazt hugur um það, að hvað sem öðru leið,

þá hafi þó verið vissara, áreiðanlegra og rjettara, að taka ritsímasamninginn, en þetta *tilboð*. Hvernig verður það nú líka sagt með sanni, að *ráðherrann* hafi lítið eða ekki gjört til þess, að leita samninga við Marconifjelagið? Því að auk þeirra brjefaviðskipta, sem jeg þegar hef tilgreint, fór hann einnig sjálfur á fund fjelagsins í Lundúnum. Það er nú fróðlegt, að bera saman þetta áðurnefnda tilboð A. I við tilboð það, sem kemur fram frá Capito 22. f. m.; það stendur á bls. 38, og er með sömu stöðvum. En þá er stofnkostnaður ekki orðinn

nema	35,000 pund
og árleg útgjöld . . .	4,278 —
Hjer munar á stofnkostnaði	£ 16,785 =

295,487 kr. og á árlegum útgjöldum c. £ 2,000 = 36,400 kr. Hver getur nú byggt á svona tilboði sem vissu og áreiðanlegu, og mjer er sama þótt fjelagið eða þessi umboðsmaður þess þykist ætla að reisa stöðvarnar og reka þær fyrir árlegt gjald í 20 ár.

Jeg sný mjer að vini mínum, háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.). rjetti honum hendina yfir borðið, rjetti honum báðar hendur, og segi með eins fullri sannfæringu fyrir mig, eins og hann þóttist segja fyrir sig: *Mjer er ómögulegt* að *treysta þessu tilboði*. Og þó hefði átt að vera ástæða fyrir mig að aðhyllast það öðrum fremur, þar sem svo er til ætlazt, að 2 stöðvar sjeu reistar í mínu kjördæmi — á Langanesi og Rauðanúp — og þetta því fremur, sem jeg verð að láta undan síga með þá mína eigin ósk og kjósenda minna, að landsíminn verði lagður um þeirra byggðir með ströndum fram.

Í þessu stórmerka og mikilsvarðandi máli, þar sem við allir játum, að við viljum sem bezt, hver eptir sinni sannfæringu, þótt skoðanirnar sjeu sundurleitar, þá ættum við þó sannarlega að vilja það, að sem flestir búendur fengi ljós í sína byggð, fengi þennan leiðsluþráð, sem fælir burtu fjarlægðina, og veitir þeim bæði gagn og gaman með því að geta talað saman um langar leiðir. En það er einmitt vegna þessarar miklu mótspyrnu, sem hafin hefur verið og haldið er óþrotlega fram, sjerstaklega um kostnaðinn, vegna þessarar hörðu baráttu, sem þm. Skgf. (St. St.) talaði um, einmitt vegna þess er það, að jeg verð að gjöra mjer það að góðu, verð á móti vilja mínum og minna kjósenda, að sætta mig við það, að farið sje með landsímann frá Vopnafirði og inn í Reykjadal, og yfir fjöll og fyrnindi, í staðinn fyrir að hann átti að liggja um *byggðirnar* með ströndum fram.

En þrátt fyrir allt þetta, og þótt það, eins og jeg áður tók fram, ætti eptir Marconitilboðinu að reisa 2 hraðskeytastöðvar í mínu kjördæmi, — og þótt svo hefði verið, að hjer hefði ekkert annað tilboð legið fyrir en þetta, þá hefði jeg samt ekki getað fallizt á það, eins og það kemur mjer hjer fyrir sjónir. Jeg hef reynt með alvarlegri athugun á málinu að gjöra mjer grein fyrir þessu, — og þetta, sem jeg hjer segi, er min fasta skoðun og sannfæring. Jeg skýt þessari minni skoðun og sannfæringu, ekki að eins undir dóm allra þingdeildarmanna, heldur einnig til áheyrenda hjer uppi á pöllunum, þótt jeg geti átt von á því, að þeir hrópi: »niður með hann«.

En úr því svo langt hefur verið farið af ýmsum með það, að vitna í álit og ummæli, er menn þykjast hafa fengið frá hinum og þessum, þá verð jeg að leyfa mjer, að vitna í brjef, sem Capito lagði fram í það eina sinn, sem hann mætti á nefndarfundi. Hann vildi láta brjefið sanna okkur það,

hvað Marconifjelagið eða loptskeytaaðferðin mætti mikilli mótspyrnu frá ritsímaeigendum. En það stóð líka nokkuð annað í brjefinu, sem hann þagði um. Brjefið var frá húsbændum hans, og einn kaflinn í því, var orðrjettur þannig: »In Iceland the traffic is not likely to be large, but they want to keep us out, because if *we can do the work* well to Iceland, we can do it in other places, where the telegraphtraffic is more valuable«.

Það er á íslenzku:

»Það er ekki líklegt, að (skeyta)viðskiptin (the traffic) verði mikil á Íslandi. En þeir vilja nú ekki hleypa okkur þangað, af því að *ef við getum* leyst störfin vel af hendi gagnvart Íslandi, þá getum við það einnig annarsstaðar, þar sem hraðskeytaviðskipti (telegraphtraffic) eru gróðavænlegri«.

Jeg get nú ekki skilið þetta brjef á annan veg, eða dregið annað út úr því en það, að þetta samband, sem fjelagið þykist ætla að koma hjer á fót, sje *bara tilraun*. Þeir segja: *ef við getum leyst störfin vel af hendi gagnvart Íslandi.* Þeir eru svo sem engan veginn vissir um það. Þetta er líka það sama, sem brjef fjelagsins frá f. á. bera með sjer. Þá segja þeir: »Þið eigið að veitar okkur fje til *tilrauna* um *eitt ár*«. Nú bjóðast þeir til að gjöra tilraunir fyrir ákveðna árlega fjárupphæð — í 20 — segi og skrifa — *tuttugu ár*, Eða hver er ábyrgðin fyrir því, að fjelagið standi við þetta tilboð? Jeg hef ekki einu sinni orðið var við, að þessi umboðsmaður fjelagsins hjer hafi lagt fram nokkurt umboð. Ekki kom það fram í nefndinni.

En jeg sje ekki, hvað við værum bættari með því, að taka þessu tilboði, sem gæti svo hæglega — frá mínu sjónarmiði — orðið til þess, annaðhvort, að aldrei kæmist neitt almennilegt innanlands samband á fót, eða það fjelli niður og dytti um koll þegar minnst vonum varði.

Þótt sæsíminn bili, þá eru þó ákvæði um, að hann verði bættur aptur, en jeg veit ekki til þess, að þingið hafi fengið frá Marconifjelaginu nokkra tryggingu fyrir því eða nokkra úrlausn á því, hvernig að skuli fara, ef þessar loptskeytastöðvar bila eða falla um koll, eða ef ómögulegt reynist að leggja landsímann t. d. yfir jökla og snjó og frosna jörð, sem fjelagið sjálft hefur sagt, að það hefði lítið vit á. En þetta gæti komið fyrir yfir fjallgarðana frá Hvalvík til Seyðisfjarðar, og frá Vatnsfirði til Ísafjarðar, einnig frá Gjögri um Látraströnd til Akureyrar. Kunnugir menn segja, að landsímalagning sje æði víða ómöguleg yfir þessar leiðir, fyrir ófærum fjallgörðum, en háttv. minni hluta nefndarinnar þykir samt ekkert athugavert við það, þegar *þessi* ókunnugi útlendingur segir við þá: »Þarna ætla jeg að leggja landsíma«. Það er annað, hefði Forberg sagt það.

Það er enn þá eitt, sem jeg vildi benda á, og sjerstaklega beina til hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), því jeg ímynda mjer, að hann eigi bágt með að vefengja það, þegar jeg segi honum, að jeg hef þessa upplýsing frá einum og sama manni, sem hann hefur í ræðum sínum gefið út svo margar upplýsingar frá. Það hefur verið talið svo mikið í það varið og ágætt, að landið ætti þessar hraðskeytastöðvar eptir 20 ár.

En þessi maður sagði við mig: »Eptir 20 ár, þá standið þið í sömu sporum eins og nú. Þið hafið ekkert samband. Hraðskeytastöðvarnar verða þá orðnar ónýtar, því að Marconi-fjelagið mun stinga í sinn eigin vasa þeim 7%, sem ætti að leggja fyrir, til þess að halda við og endurnýja stöðv-

arnar«: (*Jón Jónsson*: Hver sagði þetta? Bredow). Mjer þykir þetta merkileg upplýsing og álít, hún sje mjög sennileg. Við vitum, hvernig *úttektirnar* alræmdu ganga hjer á landi, og þetta sem stendur í till. minni hl., að það eigi að skila stöðvunum að 20 árum liðnum »í góðu og gildu standi«, því svipar svo mjög til vanalegra formála fyrir úttektum, að jeg get hugsað mjer, að hjer mundi fara eins og jafnaðarlega verður raunin á, að það mundi þurfa að auka drjúgum við »*ofanálagið*«, ef það annars verður nokkurt, til þess að stöðvarnar gætu haldið áfram störfum sínum.

Jeg ætlaði mjer ekki að fara að tala mikið um staurafluttninginn. Þó að margt hafi verið sagt um það efni, sem þyrfti að leiðrjetta og bera til baka. Viðvíkjandi þyngd stauranna er það að segja:

stærri staurarnir eru $3^2/_3$ kb.fet, segjum 4 kb.fet.

Minni staurarnir eru $3^1/_2$ kb.fet, segjum $3^2/_3$ kb.fet.

4 kb.feta staurarnir eru 124 kb. desim.

1 kb.desim. af þurri furu vegur að meðaltali í hæsta lagi 1,058 pd.; $1{,}058 \times 124 = 130$ pd.

Stærri staurarnir eru því í *hæsta lagi* 130 pd. ógagndreyptir, og með gagndreypingu 170 pd.

En svo er þess að gæta, að margir þeirra eru miklu ljettari, af því að þeir eru gagndreyptir með koparvitriol en ekki kreosot.

Framsm. minni hlutans (Sk. Th.) sagði margt í dag um þennan staurafluttning. Hann fór fremur hæðilegum orðum um tilboð bóndans í Reykjahlíð, af því að hann hefði ekki viljað gefa það skriflegt, En ef hinn háttv. þm. þekkti íslenzka bændur eins og jeg, þá mundi hann ekki hafa sagt þetta um bóndann í Reykjahlíð, því að jeg þekki hann svo vel, að hann stendur jafnt við munnlegt tilboð sitt sem skriflegt, og sama er að segja, að mínu áliti, um allan þorra íslenzkra bænda.

En enn þá lengra fór háttv. þm. í óviðeigandi getsökum eða rangfærslum — jeg get ekki kallað það annað — þar sem hann sagði, að þó að hann hefði heyrt, að háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) ætlaði að gjöra eitthvert tilboð í staurafluttning, þá gæti hann ekki tekið mark á því, nema það kæmi skriflega fram fyrir þinglok. Og þetta segir hann óhikað upphátt hjer í deildinni; hafandi í höndunum framhaldsálit fjárlaganefndar, sem útbýtt var í morgun — þar sem stendur, að þm. S.-Þing, o: Pjetur Jónsson — og hann er þar sjálfur undirskrifaður, **hafi** boðizt til að flytja staurana frá Dimmafjallgarði og inn að Akureyri, fyrir ekki hærra en áætlað er. Mjer er ómögulegt að skilja, hvernig nokkur *þingmaður* getur komið svona fram og talað svona þvert á móti sannleikanum. Mjer finnst þetta miklu líkara kaupmanninum í þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem er vanur við að láta sína viðskiptamenn »undirskrifa« og sýnir þeim ofmetnað, en enga tiltrú — heldur en að hjer sje *alþingismaður* að tala um frjálsa íslenzka bændur og sína samverkamenn.

Þá tók háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) í sama strenginn. Hann var eitthvað að tala um »samskotafje« og »uppbætur«, sem þm. S.-Þing. mundi fá fyrir þennan flutning. Mjer verður það til svara gagnvart þessum ósæmilega og ósóma áburði. »Margur þekkir mann af sjer«. Jeg get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tali hjer út frá sinni eigin reynslu, og sje orðinn svo magnaður í henni, að hann finni ekki, hvað það er ærumeiðandi að ætla nokkrum manni slíkt, hvað þá heldur tala það.

Mjer er ómögulegt að skilja í þessum þm., þeim háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th,) og 1. þm. G.-K. (B. K.), sem hafa setið svo lengi á þingi saman með háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), og ættu því að þekkja skoðanir hans og óeigingirni. Jeg get ekki skilið, hvernig þeir geta látið geðsmuni hlaupa með sig í gönur, út í svona óviðurkvæmilegar aðdróttanir og ámæli. Um þessa framkomu þeirra get jeg því ekki eða vil ekki hafa eins sterk orð, og ætti að vera.

Mjer sárnuðu líka þau ummæli háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.), sem jeg skrifaði upp eptir honum, að það væri »ekki að búast við, að þeir menn breyti skoðunum sínum, sem hafi *lofað sínu atkvæði fyrirfram*«, og enn fremur, að hann ætli »að minna þá á, sem hafi fest ást við stjórnina, að þeir láti ekki leiðast af þeim ástum, heldur hugsi um, hvað þjóðfjelaginu sje fyrir beztu«.

Þetta eru ósæmilegar aðdróttanir, og þær eru því óviðurkvæmilegri, liggur mjer við að segja, sem þeim er kastað framan í þm. sakalaust. Jeg mótmæli þeim algjörlega og vísa þeim frá mjer, og skora á þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) að færa sönnur á þessi orð sín. Maður fer nú að venjast því, þó blöðin skrifi á þann veg. en þegar þm. ber annað eins fram í þingsalnum, þá hlýtur manni að sárna, og þá hlýtur maður að vísa því á bug, vísa því heim aptur. Þm. Skgf. sagðist segja það, sem hann ljeti uppi um þetta mál. frá eigin brjósti, en ætli allir þingdeildarmenn geti ekki sagt það sama; ætli við berum ekki allir heill og blessun fósturjarðarinnar fyrir brjósti, og þá ekki sízt í þessu stórmáli? Jeg er sannfærður um, að þessir háttv. þm. þora ekki að bera á móti því. — Jeg vísa þess vegna öllum stóryrðum þeirra frá mjer.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Því miður er jeg svo kvefaður, að mjer er fremur örðugt um mál; tíminn er þar að auki orðinn svo naumur, að það er ekki vert að lengja umræðurnar allt of mikið.

Háttv. framsm. meiri hlutans sagði, að æskilegt væri, að menn blönduðu eigi pólitískum ástæðum inn í þetta mál; en það er merkilegt, að maðurinn skuli segja þetta, þegar hann veit það, að atkvæðagreiðsla sú, sem nú fer fram bráðum hjer í deildinni, byggist að eins á pólitískum ástæðum, að því, er snertir meiri hluta deildarinnar, sem telur það líf, eða dauða, fyrir ráðherrann sem slíkan, hvort samningurinn er samþykktur, eða felldur. Þó jeg sje ekki spámannlega vaxinn, ætla jeg samt að spá því, að allir þeir, sem eru í flokki ráðherrans, muni segja sama, eins og hann; já og amen við till. stjórnarinnar, og svo er verið að tala um, að minnast ekki á pólitískar ástæður. Jeg álít slíkt hreina og beina hræsni, sem alls ekki á við.

Viðvíkjandi öðru atriði í ræðu háttv. þm. V.-Sk. og framsm. meiri hlutans, gat hann þess, að vjer gætum ekki komið á hraðskeytasambandinu við önnur lönd, nema með aðstoð utanríkisráðherra Dana; en þessu svara jeg aðeins því, að vjer semjum við Marconífjelagið, og það er þess, að sjá um það, að það hafi rjett til þess, að senda skeyti frá Englandi, og þurfum vjer því í því efni alls ekki að leyta leyfis hjá utanríkisráðherra Dana. Þetta eru grýlur tómar, sem hafa ekki við neitt að styðjast.

Jeg ætla ekki að fara að þrátta meira um kostnaðaráætlunina, þar sem framsm. meiri hlutanns hefur

játað það sjálfur, að margir liðir hennar sjeu byggðir á tómri ágizkun. Það er auðvitað ósköp hægt fyrir stjórnina, að láta sjer nægja það fje, sem meiri hlutinn leggur til að veitt verði, í því trausti að bætt verði við svo sem 200 þús. á næsta þingi til að bjarga stjórninni úr klípunni. En með þessari aðferð er verið að blekkja þjóðina í svip, telja henni trú um, að kostnaðurinn sje minni, en raunin verður á, og ginna hana út á braut, sem hún er mótfallin. Jeg er sannfærður um, að reynslan sýni það eptir á, að reikningur minni hlutans verður fremur of lágur, en of hár.

Framsm. meiri hlutans tók það fram, að verkið ætti jafnvel að byrja í maí, og standa fram í sept; en ef við viljum telja saman dagana í þessum 5 mánuðum, þá verða það 153 dagar. Nú byggir annars meiri hlutinn á því, að verkinu verði lokið á 110 dögum, og játar þó með þessu, að það geti áætluninni skakkað um allt að 40 dögum, því að sennilega verður að borga verkalaun jafnt helga daga, sem rúmhelga, að minnsta kosti að því, er til norsku verkamannanna kemur. Þetta er að eins lítið sýnishorn þess, hvernig margt í áætlun meiri hlutans er gripið úr lausu lopti.

Að því, er snertir ræðu háttv. þm. Snæf., þá finn jeg ekki ástæðu til að fara langt út í hana. Maður skyldi halda, að þm. hafi brugðið sjer á burt, eða setið dottandi í sæti sínu, meðan jeg hjelt fyrri ræðu mína, þar sem hann slær því fram, að jeg hafi ekki með einu orði leitazt við að sanna, að ráðherrann hafi brostið heimild til að gjöra samninginn. Jeg þóttist einmitt hafa fært glögg rök að þessu við 1. og 2. umr. fjárlaganna, og það er skýrt rökstutt í nefndaráliti minni hlutans. Annars fer einmitt hátt. þm. Snæf. einkennilega að, þegar hann er að leitast við að færa sönnur á sitt mál. Hann les upp 1. línuna úr fjárlögunum 1903, en sleppir svo löngum kafla, sem einmitt hefur í sjer fólgin skilyrðin fyrir fjárveitingunni, og les svo aðeins síðustu línuna, að samningurinn skuli leggjast fyrir alþingi til athugunar, og segir að hún sýni, að samningurinn sje bindandi fyrir alþ., gáandi ekki að því, að hann því aðeins getur verið bindandi, að ráðh. hafi farið eptir skilyrðunum, sem fjárveitingin var bundin; en það gjörði hann ekki, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, og játað er af ráðh. sjálfum í brjefi hans frá 30. júní 1904.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) las upp kafla úr ræðu eptir núverandi 2. þm. G.-K. (V. G.), er sýndi, að sá þingmaður hefði þá verið því meðmæltur, að sæsíminn kæmi á land á Austfjörðum, og að landsími yrði lagður þaðan til Reykjavíkur. En hvaða þýðingu hefur það, að minnast þessa nú? Þá var einskis annars kostur, og það er mjög eðlilegt, að skoðanir manna breytist, þegar ástæðurnar breytast. — Mjer finnst engum verða láð það, þótt hann breyti skoðun sinni, þegar kostur er á því, sem betra er; það er allt af sjálfsagt, að taka það bezta; þess konar tilvitnanir eru því mjög þýðingarlitlar, og mjer er kunnugt um, að slíkar tilvitnanir, er benda á skoðanabreyting manna í þessu máli, má tína til eptir marga fleiri háttv. þingmenn. Meðal annars detta mjer í hug orð, sem háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefur talað á þingi 1901: Hann segir svo: »En vjer viljum, að síminn liggi á land »einhversstaðar nærri Reykjavík, því »annars verður hann ekki að þeim »notum, sem hann á að verða . . . . . »Hvernig sem á mál þetta er litið, »getur skilyrði það, er nú stendur í

»fjárlögunum, um sæsímalagningu til »Austfjarða, og landsímalagningar það»an yfir land, aldrei orðið oss til bless»unar, heldur einmitt til mikils ó»farnaðar og ófagnaðar«.

Alþ.tíð. 1901, B. bls. 1425—26.

Þetta var nú skoðun háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) viðvíkjandi sæsíma til Austurlands og landsíma þaðan til Reykjavíkur; en dálítið önnur skoðun hefur, sem kunnugt er, komið fram í blaði hans ný skeð, og dettur mjer þó ekki í hug, að ætla, að neitt annað, en »betri þekking« hafi valdið þessum sinnaskiptum, því að þess háttar sinnaskiptum hefur þessi virðulegi herra optar tekið, sem þjóðkunnugt er orðið, t. d. í undirskriptarmálinu.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) taldi það happ, að Ísland eignaðist $^1/_3$ af símanum eptir þessi 20 ár, ef fjelagið ekki vildi halda áfram. Það á þá að vera happ, að Íslendingar eignist hlut í fyrirtækinu, ef ritsímafjelagið ekki vill sinna því framar, og þykir það ekki borga sig; en mjer finnst mjög vafasamt, hvort þetta ætti þá ekki fremur að teljast óhapp fyrir landið, að fá sæsímann, ef hann reyndist ómagi, því að ella sleppir fjelagið honum ekki.

Það var ýmislegt í ræðu háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), sem benti á, að þm. væri annaðhvort mjög skilningssljófur eða syfjaður, sem reyndar er nú eðlilegt, þar sem komið er langt fram á nótt. Hann tók það fram, að jeg hefði sagt, að, þó að samningurinn væri gallagripur, þá gæti samt komið til tals að ganga að honum; en þetta er mesti misskilningur, og hlyti hann að hafa sjeð það, ef hann hefði lesið nefndarálit minni hlutans, því þar er því haldið fram, að gallarnir, sem á samningnum eru, sjeu *einir sjer* næg ástæða, til að hafna honum; það er mitt álit, að ef að eins væri um þenna *eina* veg að ræða, til að koma Íslandi í hraðskeytasamband við útlönd, þá gæti komið til mála, hvort eigi ætti að taka þann kostinn; en þegar kostur er á öðru ódýrara og betra, þá er það að misbjóða fjárveitingarvaldi þingsins, ef samningur sá er samþykktur, sem hefur ýms óheppileg ákvæði, og sem ráðherrann hefur brostið heimild til að gjöra, bæði eptir núgildandi fjárlögum og öðrum lögum.

Sami misskilningur kom fram, þegar háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) las upp kafla úr enska brjefinu frá fulltrúa Marconi-fjelagsins, þar sem segir, að þeir sjái sjer ekki fært, að gjöra nákvæma áætlun um, hve mikið það mundi kosta, að senda skeyti yfir snjó og jökla; en í þessu liggur alls ekki, að þeir ekki treysti sjer til þess, að senda loptskeyti bjer á landi yfir snjó og jökla, heldur að eins hitt, að þeir, sakir ókunnugleika á staðháttunum, geti ekki dæmt um, hve mikinn kostnað það hafi í för með sjer, því að það fer eptir því, hve sterkar vjelar, og hve mikið rafmagn þarf; þess vegna vilja þeir heldur hafa stöðvarnar á andnesjum, þar sem eigi þarf jafn traustar vjelar, og jafn mikla rafmagnsframleiðslu.

Sami misskilningur lýsti sjer hjá háttv. þm., þegar hann las upp úr öðru brjefi. Í þeim orðum, sem hann las upp, felst að eins það, að ef þeir fái að koma upp stöðvum hjer á landi, þá hafi þeir þar með sýnt, að mótspyrna þeirra manna, er vilja bægja þeim frá því, að koma upp loptskeytastöðvum hjer á landi, sje á engum rökum byggð, og mótspyrna ritsímafjelaganna gegn loptskeyta-aðferðinni

gæti þá síður komið sjer við í öðrum stöðum, er allt gengi hjer greiðlega. — Annað fæ jeg ekki skilið að liggi í þeim ummælum, er hv. þm. N.-Þing. (Á. J.) las upp.

Jeg skil ekki, af hverju háttv. þm. dregur þá ályktun, að þessar loptskeytastöðvar muni ekki verða í góðu standi, er þeim yrði skilað landinu, að 20 árum liðnum. Þetta eru getsakir til stjórnarinnar, að ætla, að hún ekki gæti búið svo vel um samningana, að trygging fengist fyrir því, að stöðvunum yrði að skila í góðu og gildu standi, eða með fullu álagi.

Hvað því viðvíkur, að jeg ekki þekki bændur eins vel, eins og háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), þá held jeg, að jeg segi ekki of mikið, þó að jeg haldi því fram, að það sjeu fáir, sem eru öllu kunnugri högum islenzkrar alþýðu, en jeg.

Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) hneykslaðist á því, að jeg sagði, að atkvæði manna væru bundin í þessu máli; en nú ætla jeg að sjá, er atkvæðagreiðslan fer fram, hvort spá mín ekki rætist. Ef atkvæðagreiðsla sú, sem nú á fram að fara, ekki byggist að neinu leyti á pólitiskum ástæðum, þá þykir mjer ærið undarlegt, ef allir þeir háttv. þm., sem teljast til stjórnarflokksins, greiða atkvæði með ritsímasamningnum.

Minni hlutanum dettur ekki í hug að dyljast þess, en getur þvert á móti játað það mjög hreinskilnislega, að hann lítur einnig á mál þetta frá pólitisku sjónarmiði, og telur sjer skylt, að gjöra það, þar sem málið slær á strengi sjálfstæðis- og þjóðernistilfinningar vorrar; auk þess er hjer um verndun á fjárveitingarvaldi alþingis að ræða. Mjer þykir það og ærið kynlegt, að þegar óskir koma til þingsins úr flestum kjördæmum landsins, þess efnis, að skora á þingið, að ganga ekki að ritsímasamningnum, þá skuli þó meiri hluti þingmanna ekki víla fyrir sjer, að traðka vilja þjóðarinnar. Það er sannfæring mín, að allur þorri landsmanna muni kunna því mjög illa, að óskir þeirra sjeu einskis virtar, þegar þeir bera þær kurteislega fram fyrir fulltrúum sínum á alþingi, og kæmi mjer það því sízt á óvart, þó að ræður þær, er ýmsir forkólfar stjórnarinnar hata haldið hjer á þinginu í þessu máli, yrðu pólitískar líkræður þeirra sumra, og mundi jeg ekki lasta það.

Jeg vil taka undir það með háttv. 2. þm. Skf. (St. St.), að aðaláherzluna á að leggja á það, hve mikla þýðingu þetta mál hefur fyrir *sjálfstæði* hinnar íslenzku þjóðar. Hjer er um það tvennt að velja, hvort vjer eigum að játast undir útlenda einokun í 20 ár, eða lengur, og vera bundnir við vilja norræna ritsímafjelagsins og danskra valdhafa, eða við eigum að hafa málið að öllu leyti í sjálfs vors hendi, og ráða hraðskeytatöxtum og öðru, eptir því sem þjóðfjelagi voru er haganlegast og bezt. Vjer verðum að sýna í þessu máli, að vjer sjeum menn, sem bæði viljum og getum ráðið málum vorum, þar sem þess er kostur.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg sje ekki mikla ástæðu til að bæta mörgu við það, sem jeg tók fram í kvöld, vegna þess að aðalástæðunum, sem jeg færði fram, hefur ekki verið svarað. Samanburði mínum á eigin reikningi meiri hluta nefndarinnar og Marconitilboðinu og varatillögunni á þgskj. 338 hefur enginn gaumur verið gefinn og ekki svarað að neinu. Vildi jeg því óska, að þeir, sem enn þá eiga ótalað, vildu taka þetta til greina.

Jeg skal geta þess, að þessi till. og reikningur komu fram, meðan nefnd-

in var ekki klofnuð. Og þar sem hjer er að ræða um samband við alla 4 kaupstaðina, þá virðist ástæða til, að taka þá leið til íhugunar, og þá verður þó að svara þessu. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Þá vantar samband milli Akureyrar og Seyðisfjarðar). Já, það vantar þráð yfir Dimmafjallgarð og Smjörvatnsheiði, en það teljum við ekki svo mjög hættulegt, jeg legg ekki mikla áherzlu á að »kúltívera« þessa fjallgarða.

Jeg leyfi mjer því að leggja þennan reikning enn þá fram, og bið þá hv. þm., sem enn eiga eptir að tala, að rifa hann niður, ef þeir geta það með rjettum rökum.

Jeg er alveg viss um, að þó háttv. þm. vilji ekki athuga þetta dæmi, þá gjörir þjóðin það, og hún mun geta reiknað það, þó þeim sje það ofvaxið einhverra hluta vegna.

Út af fyrirspurn háttv. framsm. meiri hlutans (Guðl. G.), vil jeg geta þess, að áætlunin um samband milli þriggja kaupstaðanna í stað fjögra er byggð á brjefi frá umboðsmanni Marconifjelagsins, Ch. Capito. Við snerum okkur til hans, og spurðum hann, hvað sambandið mundi kosta, ef Langanesi, Rauðagnúp. Gjögurtá og Akureyri væri sleppt, og áleit hann, að það fengist fyrir 109,000 kr. á ári í 20 ár. Hann gaf strax þessa upphæð upp, en skrifaði síðan til Englands til að komast eptir því, hvort ekki væri nægt að fá lægra tilboð. Vona jeg fastlega, að þetta tilboð komi fram, áður en þingi er lokið.

Háttv. framsm. (Guðl. G.) gat þess, að mjög örðugt mundi, að leggja þráðinn frá Vatnsfirði til Ísafjarðar, en það er ekki á okkar ábyrgð, heldur á ábyrgð fjelagsins, að það takist vel og verði tryggilegt. *(Ráðherrann:* Er það tryggt?) Ef samið yrði við fjelagið, vona jeg að treysta mætti hæstv. ráðh. til að gjöra það tryggilega.

Hæstv. ráðh. gat þess, að það mundi kosta 258,000 kr. meira að leggja sæsímann til Þorlákshafnar en til Seyðisfjarðar, af því það væri svo mikið hraun á þessari leið. En jeg get frætt hæstv. ráðh. um það, að það er alls ekkert hraun á leiðinni, Jeg þekki það af eigin sjón, að það eru bara sandar og skeljar alla leið frá Þorlákshöfn til Portlands, og austur af Portlandi alla leið langt austur fyrir Ingólfshöfða, er einnig sand- eða leirbotn. Vil jeg leyfa mjer að bjóða hæstv. ráðh. að skoða sjókortið, því að á því getur hann sjeð, hvort jeg fer með rjett mál eða ekki, því þar er sýnt, hverntg botninn er; kortið er hjer við hendina.

Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að vegna þess, að sambandið snerti Færeyjar, þá hlyti danska stjórnin að hafa hönd í bagga með.

Íslandi er engin þægð í, að Færeyjar sjeu með í sambandinu, og væri miklu betra, að fá beint samband við Noreg eða Skotland, eins og vel er hægt að fá, svo það er engin gildandi ástæða. Þá hjelt hæstv. ráðh. því einnig fram, að kaupmenn mundu ekki taka sjer nærri að borga þennan háa taxta, 8 kr. 40 fyrir 10 orð, því þeir gætu notað stytt mál, »Coda system« o. s. frv. Það var eins og hann hjeldi, að þetta stytta mál væri engum brúklegt nema íslenzkum kaupmönnum, en jeg vil láta hæstv. ráðh. vita það, að útlendingar geta alveg eins notað stytt mál, þó taxtarnir sjeu lægri, og svo mundu Íslendingar einnig gjöra, og una vel við. Það gjörir því ekki símasambandið neitt ódýrara fyrir íslenzka

kaupmenn, en útlenda. En útlendingar geta notað sitt eigið mál, og haft þó lægri taxta, en við, samkvæmt þessum góða samningi, þó við notuðum stytta málið eingöngu. Jeg er sannfærður um, að það verða ekki full not að þessu sambandi, sem meiri hlutinn heldur fram, vegna þess að taxtarnir eru svo óforsvaranlega háir, enda þótt sambandið væri fyllilega tryggt, og því síður verða not að því, þar sem það vitanlega verður ótryggt. Jeg hef heyrt kaupmenn frá Kaupmannahöfn tala um þetta, og þeir hafa álitið loptskeytasambandið mikið tryggilegra og ódýrara, og óskað miklu frekar eptir því en þessu.

Jeg þarf eiginlega engu að svara háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), því hann talaði alltaf við eða um 2. þm. G.-K. og fyrv. þm. Vestm., og árið 1901 var jeg alls ekki á þingi.

Honum til geðs skal jeg þó geta þess, að hann hefur hraparlega misskilið orð mín um verkfræðingana, því jeg bar þeim ekkert annað á brýn, en það, að jeg treysti þeim ekki til að dæma um mál, sem þeir ekki þekkja neitt til, og það væri ekki rjett af þeim að vera að því, ekki sízt í því sambandi, og undir þeim kringumstæðum, sem þeir hafa gjört. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) reiknaði farmgjald stauranna 1 kr. 50 a. pr. staur. Þetta kemur ekki vel heim við reikning fjárlaganefndarinnar, því hún gjörir ráð fyrir 22,000 kr. til að flytja 16,000 staura, en eptir þessu ætti það að verða 24,000 kr. En þetta er ekkert undarlegt, því tveim mönnum í meiri hlutanum á þessu þingi ber sjaldan saman, nema þegar þeir greiða atkv. Nú ætti auk þessa að bætast við uppskipunargjald, ábyrgðargjald og hleðslugjald, svo upphæðin hlýtur að vaxa að talsverðum mun hjá þessum háttv. þm. (L.H.B.).

Það hefur verið tekið fram, að fyrsti liðurinn í fjárveitingunni til ritsímans sje sjálfstæður, en þrátt fyrir það hefur fjárlaganefndin sama ár gjört þá breytingartill. um fyrirsögnina, að í stað loptskeytasambands komi ritsímasamband. Það er eins og allt þetta sje á sömu bókina lært. Breytingartill. þessi hljóðar svo: Fyrirsögn liðsins breytist þannig: í stað »hraðskeytasambands« komi: »ritsíma-«

Jeg hef litlu að svara háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.). Jeg skal að eins geta þess, að þar sem hann vefengdi, að Capito hefði umboð frá Marconifjelaginu, til þess að semja, þá hafði formaður nefndarinnar látið það í ljós, að hann vissi, að hann hefði það. En hann var aldrei spurður um það í nefndinni, og jeg hjelt, að enginn af nefndarmönnum hefði efast um það. En svo er þetta brjef, sem hann var að tala um. Það er einkennilegt, að hann skuli vera að tala um að senda loptskeyti yfir jökla, þar sem ekkert tilboð liggur fyrir í þá átt! Mjer er ekki kunnugt, að nokkur maður hafi boðizt til að senda hjer loptskeyti yfir jökla, svo þetta getur alls ekki komið málinu nokkur skapaðan hlut við; og til hvers er hann þá að ræða um það? Jeg hef svo ekki meira að segja, enda held jeg, að mönnum þyki vera orðið helzt til framorðið.

Árni Jónsson, (þm. N.-Þing.): Jeg skal gera litla athugasemd gagnvart ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Hann sagði, að hjer væri ekki verið að tala um að senda skeyti yfir jökla. En í Marconitilboðinu er gjört ráð fyrir að senda skeyti frá Vatnsfirði til Ísafjarðar, yfir Glámujökul, og líkt mun ástatt á öðrum stað, frá Hvalvík til Seyðisfjarðar, að minnsta kosti segja kunnugir menn mjer, að þar muni ómögulegt að koma landsíma við.

Úr því jeg stóð upp, skal jeg geta

þess, að þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að jeg hefði farið með misskilning á orðum sínum, þá er nú reyndar alltaf hægt að segja það, en jeg get vísað þessu heim til þm. aptur, því jeg skrifaði orðin upp eptir honum í ræðu hans í morgun. En það lítur út fyrir, að þm. sje sjálfur orðinn svo syfjaður, að hann muni ekki hvað hann sagði þá.

Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Það voru að eins örfá orð. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess til, að jeg mundi hafa dottað undir umræðunum. Jeg skal játa það, að það kynni að hafa verið ástæða til þess, sjerstaklega til að dotta undir ræðu háttv. þm., sem hann sjálfur lýsti þannig, að hún væri leiðinda mælgi, en jeg gjörði það nú samt ekki. Annars stóð jeg upp til að svara útreikningi háttv. þm. G.-K. (B. K.). Þeim útreikningi er fljótsvarað. Háttv. þm. fjekk hann nefnilega út, með því að taka 54 þús. kr. frá Dönum, og ætla Norðmönnum að leggja svo og svo mikið til, en hann á eptir að sanna, að nokkuð fáist þaðan. Það var alveg sama aðferðin, og eitt ónefnt blað hjer brúkaði í gufuskipamálinu; það fjekk út, að Ísland þyrfti að eins að leggja til 10 þúsund kr., fjekk það út, með því að taka 40 þús. frá Dönum.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það voru að eins eitt eða tvö orð hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem komu mjer til að standa upp. Hann sagði, að orð mín mundu vera sprottin af hræsni. Hafi háttv. þm. beint þessu orði að mjer persónulega, þá hefur hann talað þvert um huga sinn. Við, háttv. þm. og jeg, erum búnir að vinna svo lengi saman og þekkjumst svo vel, að jeg veit, að slíkt dettur honum ekki í hug að því mig snertir. En það er ekki vel parlamentariskt, að slá um sig með slíku. Fyrir hverjum ætti jeg svo sem að hræsna? — Mjer er það ekki ljóst. = En geta vil jeg þess, að hræsnin er allstaðar óholl, en hvað óhollust, skaðlegust hræsni er sú, þegar menn fara að hræsna fyrir þjóðinni, þegar það eitt má segja, sem kitlar eyru fjöldans, þótt það sje rangt og þjóðinni sjálfri skaðlegt. Það er henni hollast, að heyra hjeðan það, sem sannleika og rjetti er samkvæmt, *þó að* það kannske í svip geti látið illa í eyrum. Það er ekki allt af betra að beygja sig fyrir því, sem menn í stundar-æsing halda að sje almennings vilji. Það getur komið mönnum út á villubraut.

Allt það, sem jeg sagði um samninga við útlend ríki. stendur óhaggað enn. »Öll ritsímamál« eru háð »international« reglum, sem gilda fyrir öll ríki, og mundu gilda fyrir Ísland, þó að það væri sjálfstætt ríki.

Hinn háttv. framsm. minni hlutans sagði, að allar þessar áætlanir væru byggðar í lausu lopti; það eru nú allar áætlanir að nokkru leyti, því reynslan ein getur skorið úr því, hvað rjett er; það eru auðvitað mögulegleikar fyrir því, að kostnaðurinn verði meiri, en gjört er ráð fyrir; en undir því er traust þjóðarinnar til þessarar stjórnar komið, að áætlunin reynist rjett. Þá fyrst á þjóðin að lýsa vantrausti sínu á stjórninni, ef það verður henni að kenna, að verkið kostar meira, en veitt er, en það á alls ekki að taka af henni ráðin að svo stöddu, þegar stjórnin ekki hefur gjört annað, en að reyna að koma því í framkvæmd, sem þjóðin hefur óskað í 14 ár.

Þá sagði hinn háttv. framsm. minni hlutans, að dagatalan væri ekki rjett hjá mjer, þar sem jeg hefði sagt, að vinnan ætti að byrja í maí. Það er auðvitað sjálfsagt, að vinnan byrjar eins

fljótt og hægt er; en þó byrja verði kring um 20. maí, þá er það engin skylda, að treyna sjer verkið þangað til 30. september; þessi reikningur er því ekki rjettur hjá honum; vinnan endar auðvitað því fyr sem hún byrjar fyr.

Það hefur verið talað um það, að jeg hafi ekki krafið Capito um sitt umboð, og það er alveg rjett; aptur á móti kom Bredow með sitt umboð frá Siemens & Halske eptir tilmælum frá mjer. En þetta var ekki gjört af tortryggni, og Capito var heldur ekki vísað á bug. En ástæðan var sú, að einusinni var útlit fyrir, að Bredows tilboð gæti orðið aðgengilegt, svo að nefndin gæti vísað honum til stjórnarinnar til frekari samnings-umleitana, og þessvegna bað jeg hann um umboð sitt, til þess að senda ekki til stjórnarinnar umboðslausan mann. En niðurstaðan varð sú, að nefndin í heild sinni taldi tilboð hans allt of dýrt. En með Capito komst það aldrei svo langt, og því var það, að jeg krafði hann ekki um umboð sitt; mjer virtist engin ástæða til þess, það átti minni hlutinn að gjöra, úr því að hann vildi aðhyllast eitt tilboðið.

Gagnvart háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tek jeg það fram, viðvíkjandi varatillögu hans, að jeg svaraði henni með nokkrum ástæðum í fyrri ræðu minni. En sú till., sem hann segist hafa reiknað út, liggur ekki til atkvæðagreiðslu hjer. Ef hann vill flytja hana á löglegan hátt við 3. umr. málsins, skal jeg gjöra mitt til þess, að hún fái rjettlátan og hlutlausan dóm. Á móti hinni varatillögunni hef jeg þetta að athuga, að hún sameinar ekki Seyðisfjörð og Akureyri, og að fjallgarðurinn frá Vatnsfirði til Ísafjarðar er ófær til að leggja þar telegraflinu yfir.

Hann talaði um, að það væri óheppilegt, að Krarup skyldi vera að dæma um loptritun. Mjer sýnist það nú vera rjett álíka og þegar Bredow er að dæma um landsíma; það er engin ástæða til að halda, að hann hafi glöggari hugmynd um landsímalagningu, en hinn um loptskeytasambönd.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Háttv. þm. K.-G. (B. K.) var að hampa dæmi framan í menn og biðja menn að finna að því, ef þeir gætu. Jeg leit á það lauslega og skal jeg nú víkja að því.

Hann segir, að með landlínu til Akureyrar væri árgjaldið til Marconifjelagsins 109 þús. kr. á ári í 20 ár. Þar við bætist renta og viðhald; með því verður kostnaðurinn um 152 þús. Þar frá dregur hann tekjur, sem hann áætlar 40 þús og fær þá út 112 þús. kr. Þessu líkir hann svo saman við landsímann, en dregur engar tekjur frá af landsímanum, en þær eru áætlaðar 27 þús., og verður því munurinn talsvert meiri, en háttv. þm. komst að. Jeg kemst að þeirri niðurstöðu, að með tillögu meiri hlutans verði útgjöld landssjóðs ekkert meiri en með tillögu minni hlutans.

Úr því að jeg fór að tala, þá vil jeg víkja nokkrum orðum að tillögum minni hlutans, einkum varatillögunni. Minni hlutinn vill veita upphæð til loptskeytasambands með skilyrðum. Hið fyrsta skilyrði er, að fje fáist annarsstaðar frá, 54 þús. kr. árlega í 20 ár; jeg get ekki ímyndað mjer, að þeir ætlist til, að vjer leggjum það sjálfir fram, heldur mun það eiga að koma frá Danmörku, enda ber upphæðin heim við þá upphæð, sem Danir hafa heitið. Ef jeg man rjett, tók háttv. framsm. minni hlutans það fram, að vjer ættum að komast hjá styrk frá Dönum. Ef maður gáir að millilanda- og innanlandssambandinu, þá kostar

það samkvæmt 2. Marconitilboðinu 22,700 £.

Árlegur reksturskostnaður yrði 72, 342 kr. Tekjurnar + tillagi frá Dönum verður um 74 þús. kr. Þá yrði eptir um 2 þús. kr. gróði.

Samt sem áður þó að minni hluti nefndarinnar ætlist til, að Danmörk borgi allan kostnaðinn við millilandasambandið fyrir »station« í Færeyjum, þá vill hann þó, að öllum »stationum« sje skilað aptur í góðu lagi eptir 20 ár, landið fái tekjurnar og setji taxtann. Það er ómögulegt að háttv. minni hluti hafi meint þetta. Hann hefur gjört það til vonar og vara. Það var óhætt, því að það var óframkvæmanlegt.

Jeg vil geta þess, að í brjefinu frá »telegrafdirektör« í Noregi stendur ekki annað, en tillag til ritsíma, en ekki til loptskeyta; honum hefur ekki dottið í hug loptskeyti. Spursmálið er, hvort vjer þar fengjum styrk til símans, það er óvíst. »Telegrafdir.« telur það rjettast. En það er mikið stökk frá því, og að fá hann. En það er ótrúlegt, að það fáist frá Dönum, þar sem ráðanautar stjórnarinnar telja það samband bæði varasamt og ónógt.

ATKVGR.: Þessir þm. æsktu nafnakalls um 2., 3. og 4. lið af breyt.till. á þgskj. 338 og um 12. gr. D. í heild sinni:

Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Björn Kristjánsson, Einar Þórðarson, Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem, Ólafur Ólafsson.

Enn fremur kom fram ósk um nafnakall um 12. gr. D. í heild sinni frá þessum þingmönnum:

Lárusi H. Bjarnasyni, Jóni Jónssyni, Pjetri Jónssyni, Árna Jónssyni, Eggert Pálssyni, Hannesi Þorsteinssyni, Birni Bjarnarsyni, Guðmundi Björnssyni.

Atkvæðagr. um 12. gr. D. 2. br.till. (338) (loptskeyti) felld með 18 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Guðl. Guðmundss.,
St. Stef., 2. þm. Skf.	Guðm. Björnsson,
	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóh. Ólafsson,
	Jon Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Varatill. (338) (loptskeyti) felld með 18 atkv. : 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánss.,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Skúli Thoroddsen,	Guðl. Guðmundss.,
St. Stef., þm. Skgf.,	Guðm. Björnsson,
	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson.
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnason,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacius,
	Pétur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

Þrauta-varatill. (338: liðurinn falli burt) felld með 17 atkv. : 7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Ólafur Briem,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Ólafsson,	Eggert Pálsson,
Ólafur Thorlacíus,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Björnsson,
St. Stef., þm. Skgf.,	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnason.

Jóh. Ólafsson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

1. breyt.till. (301) við tölul. 2 samþ. með 17 atkv. : 2.

2. breyt.till. (301) við tölul. a samþ. með 16 atkv.

3. breyt.till. (301) við tölul. b samþ. með 16 atkv.

4. breyt.till. (301) við tölul. c samþ. með 16 atkv.

5. breyt.till. (301) við tölul. d samþ. með 16 atkv.

6. breyt.till. (301) við tölul. e samþ. með 16 atkv.

7. breyt.till. (301) við tölul. 4 felld burt.

1. breyt.till. (364) við tölul. 4 samþ. með 16 atkv.

2. breyt.till. (364) við tölul. 6 samþ. með 16 atkv.

8. breyt.till. (301) við tölul. 6 a samþ. með 16 atkv.

9. breyt.till. (301) við tölul. 6 c samþ. með 16 atkv.

10. breyt.till. (301) við tölul. 6 e samþ. með 16 atkv.

12. gr. D. samþ. með 17 atkv. : 7 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Ólafur Briem,
Eggert Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Thorlacíus,
Guðm. Björnsson,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,	Stef. Stef., þm. Skgf.
Hannes Þorsteinss.,	
Hermann Jónasson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
Stef, Stef., þm. Eyf.,	
Tr. Gunnarsson.	
Þórh. Bjarnarson.	

Jóh. Ólafsson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

12. gr. samþ. með 17 atkv. : 3.

19. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Nd., 14. ágústmán. var frv. til fjárlaga fyrir 1906 og 1907 tekið til 3. umr. (A. 367, 373, 378, 381, 385, 386, 387, 389, 390, 391, 393, 394, 395, 396, 397, 398, 399, 402, 403, 405, 407, 409).

Forseti gat þess, að fjárlaganefndin hefði tilkynnt sjer, að henni væri ómögulegt að ræða breyt.till. þær, sem lægju fyrir við þessa umræðu, fyr en hún hefði haldið fund með sjer, og ákvað forseti því að fresta fundi þingdeildarinnar til kl 5 síðdegis.

Kl. 5 e. h. s. d. var fundurinn settur aptur, og fjárlagafrumv. tekið til 3. umr.; umræður um málið stóðu til kl. $8^3/_4$ um kvöldið, gaf þá forseti fundarhlje til kl. $9^1/_2$. Þá var fundur aptur settur, og stóð til kl. rúmlega 1 um nóttina. Allir á fundi.

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Sannast að segja er jeg alveg óviðbúinn að tala í þetta sinn, því breyt.till. hafa komið svo seint, og sumar þeirra eru ekki komnar frá prentsmiðjunni enn, en það er mjög óþægilegt að tala um þær, nema hægt sje að hafa þær við hendina. Jeg skal þó reyna, að gefa stutt yfirlit yfir það, sem nú liggur fyrir.

Eins og menn sjá af frumv., er tekjuhallinn yfir 410,000 kr., en hann mun þó vera lítið eitt hærri, því prentvillur í frumv. hafa valdið því, að aðalútkoman er skökk. Að líkindum er því tekjuhallinn á frv. nálega 420,000 kr. Sumar þessar prentvillur hefur skrifstofustjórinn verið beðinn að sjá um leiðrjettingu á; sumar hefur nefndin reynt að rjetta með breyt.till., en þó má búast við, að enn sjeu nokkrar eptir, þar sem enginn tími var til að rannsaka þetta nákvæmlega.

Nefndin leyfir sjer nú, að leggja það til, að tekjuáætlunin verði hækkuð, þar sem nýju álögin um hækkun á aðflutningsgjaldi eru nú komin í gildi. Eru tillögur hennar byggðar á 30% hækkun á tolltekjunum frá því, sem þær eru á stjórnarfrumv.

Þessi hækkun mun nema 240,000 kr. á fjárhagstímabilinu, frá því, sem stendur í fyrirliggjandi frv., en það hrekkur ekki til að jafna núverandi tekjuhalla á frv., hvað þá heldur meira.

Þær breyt.till., sem þegar eru fram komnar, fara fram á yfir 50,000 kr. hækkun á útgjöldunum. Aptur eru aðrar breyt.till., sem fara fram á lækkun, en það nemur að eins 4,500 kr. — að undanskilinni breyt.till. við 12. gr. D. frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu. Eptir því, sem það gekk við 2. umr., þá hef jeg litla trú á, að sparnaðartillögurnar verði teknar til greina. En jeg vil jafnframt leyfa mjer, að benda á það, að atkvæðagreiðslan við 2. umr. virtist benda á það, að ábyrgðartilfinning háttv. þm. sje ekki alveg nógu rík gagnvart meðferðinni á fje landsins, Með því lagi, að samþykkja allar mögulegar breyt.till., sem fara fram á meiri og meiri hækkun útgjaldanna, stefnir fjármálum vorum í óvænt efni, því þá verður ómögulegt að láta tekjur og gjöld standast á. Háttv. Nd. verður líka að gá að því, að Ed. á einnig tillögurjett um fjármál landsins, svo það er engin kurteysi að setja á fremsta hlunn með fjáreyðsluna, áður en hún kemur sínum tillögum að, því þá verður það eini vegurinn, og aðalstarf Ed., að draga úr og lækka gjaldaliðina meira eða minna, og þá er óvíst, að því verði hlíft, sem sízt skyldi.

Jeg ætla ekki að tefja tímann með því að taka fyrir hverja einstaka breyt.-till., en get þess að eins, að nefndin er á móti öllum þeim tillögum, sem jeg hleyp yfir að tala um. Það er gamalt mál, að »sá lifi lengst, sem með orðum er veginn«, og þess vegna álít jeg bezt í þetta sinn, að hafa sem fæst orð um þessar dauðadæmdu till.

Í breyt.till. á þgskj. 397 við 12. gr. B. 9. er farið fram á, að aptan við greinina bætist: »allt að«, og fjárveitingin sje því skilyrði bundin, að sýslufjelög leggi til 1/3 af kostnaðinum til móts við landssjóð. Upphaflega upphæðin verður þannig hámark þess, sem veita má úr landssjóði, en sýslufjelögin verða svo að leggja fram að minnsta kosti 1/3 af þeirri upphæð í viðbót. Auðvitað geta þau lagt meira fram, ef þau vilja og þörf er á því, en 1/3 verður lágmark þess, sem þau verða að veita. Þessari breytingu er fjárlaganefndin meðmælt.

Á sama þgskj. er lagt til, að 6,000 kr. sjeu veittar til uppmælingar á innanverðum Breiðafirði. Fjárlaganefndin er þessu fyrirtæki að vísu meðmælt, því það er vafalaust gott og þarflegt. En hún álítur málið ekki nóg undirirbúið, og gæti því uppmælingin orðið allt of dýr. Ef samþ. verður, að verja þessu fje til fyrirtækisins, þá er stjórnin skyldug til, að láta framkvæma það, hvað sem það kostar, og hvort sem hægt er að komast að góðum kjörum með það eða ekki.

Á þgskj. 378 er breyt.till. við 12. gr. B. 3. frá þm. N.-Þing. (Á. J.) um fje til flutningabrauta í Þingeyjarsýslu og Skagafirði o. fl. Astæðan til þess, að þessi breyt.till. kemur fram, mun vera atkvæðagreiðsla sú, sem hjer fór fram um vegafje við 2. umr., þar sem samþ. voru fjárveitingar, sem síður skyldi.

En af því nefndin hefur sömu skoðun og áður á vegamálum, þó háttv. deild samþykkti ýmsar viðbótar till., þá fellst hún ekki á þessa till. Hins vegar bið jeg háttv. deild að afsaka mig, þó jeg greiði ekki atkv. móti till. eða mæli henni meinyrði, þar sem hjer er um mitt kjördæmi að ræða.

Þá er á þgskj. 398 breyt.till. frá hæztv. ráðherra við 12. gr. B. 1. b., sem fer fram á, að ferðakostnaður verkfræðings landsins sje ekki miðaður að eins við ferðir með strandbátunum, heldur við ferðir hans yfir höfuð að tala. Fjárlaganefndin getur ekki fallizt á þetta, sjerstaklega vegna þess, að launin eru sæmilega há eða jafnvel fullhá handa ungum manni, sem er að byrja að starfa. Og þegar fæðið er ekki dýrara, en það gjörist á bæjum, þá er tæplega ástæða til að bæta við hann fæðispeningum.

Önnur breyt.till. á þessu þgskj. við 12. gr. E. m. fer fram á að auka gjald til vita á Vestmanneyjum. Eins og upphæðin stendur á fjárlögunum, þá er hún veitt einungis fyrir síðara árið. Nefndin getur eigi fallizt á þessa till., eins og hún nú er, þar sem vitinn kemur ekki að gagni strax í ársbyrjun, og í öðru lagi þótti nefndinni óþarft, að auglýsa í fjárlögunum þessa vitavarðarstöðu með 700 kr. launum. Nefndin leggur því til, að þessi breyt.till. sje ekki samþykkt, en hefur gjört þá till. sjálf, að verja skuli 500 kr. fyrra árið og 1,000 kr. síðara árið til þessara útgjalda.

Þá er breyt.till. á þgskj. 394 við 13. gr. B.VI. frá Hermanni Jónassyni o. fl., sem fer fram á, að hækka styrkinn, sem veittur er Blönduósskólanum fyrir hverja námsmey úr 40 kr. upp í 50 kr., svo aðalupphæðin yrði um 2,000 kr. hvert árið. Fjárlaganefndin fellst á þetta.

Þá er breyt.till. á þgskj. 393 frá Skúla Thoroddsen o. fl.

1. liðurinn fer fram á, að hækkaður sje námsstyrkur við lærða skólann, eða hinn almenna menntaskóla úr 2,000 kr. upp í 3,000 kr. á ári. Þessi liður er óbreyttur eins og hann var í stjórnarfrv., og sjer nefndin ekki ástæðu til að breyta honum. Leggur því til, að till. sje felld.

Næsta breyt.till. á sama þgskj. við 13. gr. B. IX. fer fram á, að felldur sje burtu styrkur til lögfræðings, sem ætti að verða kennari við lagaskólann, og getur nefndin ekki heldur fallizt á þá brt., en leggur til, að hún sje felld. Þá er hjer og önnur br.till. við 13. gr. B. X., sem fer fram á, að lækka styrk til sýslufjelaga, til að halda uppi fræðandi og skemmtandi fyrirlestrum, úr 3,000—5,000 kr. niður í 2,500 — 2,500 kr. Nefndin getur alls ekki fallizt á þessa tillögu. Það voru færðar ástæður fyrir þeirri niðurfærslu, sem gjörð var við 2. umr., og virðist engin veruleg ástæða til, að

færa þennan styrk niður meira, en þá var gjört. Aptur getur nefndin fallizt á það, að sanngjarnt sje, að heimta eitthvað á móti frá sýslufjelögunum; en nefndin getur ekki fallizt á þau skilyrði, sem brt. fer fram á, og kemur því með aðra tillögu um það.

Á þgskj. 402 er breyt.till. frá háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) o. fl. um að hækka styrk til verzlunarmannaskóla í Reykjavík með skilyrðum um það, hvernig skólinn skuli vera. Nefndinni virðist sá styrkur, sem ákveðinn var, vera nógu hár, og leggur því til, að þessi tillaga sje felld.

Þá eru nokkrar breyt.till. frá fjárlaganefndinni á þgsk. 405. Á fyrstu 4 liðina hef jeg áður minnzt; þeir eru um hækkunina á tekjuáætluninni, og þarf jeg ekki að eyða fleiri orðum um þá. 5. breyt.till. er að eins formbreyting. 6. breyt.till. fer fram á, að veittar sjeu 4,000 kr. til að rannsaka og undirbúa símasamband við Ísafjörð og frá Reykjavík austur að Ægisíðu. Það er auðsjeð, að það þarf að undirbúa þetta rækilega, ef næsta þing á að veita fje til þessarar símalagningar. Enda ætti að vera hægt, að gjöra þá áætlun nokkurnveginn áreiðanlega, þegar reynslan er fengin við símalagning á milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur. Nefndin álítur rjett, að landssjóður kosti þessar línur, svo fljótt sem því verður við komið. Jeg álít, að þeir, sem annars eru með ritsímasambandi, hljóti að samþ. þessa till., því hún mælir með sjer sjálf.

7. liðurinn er breyt.till. við 13. gr. B. VI. b. 4. um styrk til heimavistarskóla. Nefndin hafði fallizt á þá breyt.till., að styrkur þessi nái einnig til kauptúna, en hún var felld við 2 umr. Nefndin álítur álitamál, hvort eigi að útiloka kauptúnin frá þessum styrk að svo miklu leyti, sem þau hafa heimavistarskóla í sama stíl og í sveitunum. Tillagan er þó sjerstaklega vegna þess, að það kom fyrir þingið beiðni frá Vopnfirðingum um að styrkja heimavistarskóla þar, sem að öllu sýnist vel undirbúinn; þá hefur nefndin álitið heppilegt, að hann fengi þennan styrk, svo hann gæti komizt á og verið sýnishorn, sem hægt væri að miða við framvegis. Þessi skóli getur ekki fengið styrk af þessu fje, nema ákvæðinu verði breytt. En það er alls ekki ætlun nefndarinnar, að slá neinu föstu um slíka styrkveitingu framvegis; hún álítur að eins mjög heppilegt, að gjöra þetta til prófs að þessu sinni.

Í breyt.till. 8 við 14. gr. 29. leggur nefndin til, að af styrknum til Helga Pjeturssonar sjeu 1000 kr. ætlaðar til ferðakostnaðar. Nefndin áleit heppilegt, að taka þetta fram. Jeg vil geta þess, að hjer hefur fallið úr málsgreininni: »eptir reikningi«, Var meining nefndarinnar, að það stæði 2,000 kr. styrkur og allt að 1,000 kr. ferðakostnaður eptir reikningi. Jeg ímynda mjer, að menn geti vel fellt sig við þetta, því það er til töluverðra bóta.

Þá er 9. breyt.till. við 15. gr. 1. f., sem fer fram á, að hækka styrk til skógræktartilrauna úr 7,000 — 6,000 upp í 7,500 — 7,500 kr.

Breyt.till. nefndarinnar, að setja upphæðina upp í 8,000 kr. hvort árið, var felld við 2. umr., og álít jeg það illa farið. Jeg býst við, að menn hafi ekki athugað nógu vel, í hvaða tilgangi þetta var gjört.

En það er alveg nauðsynlegt, að þetta fje sje veitt til skógræktartilraunanna, ef þær eiga að geta orðið í nokkru lagi og komið að nokkru gagni, því það þarf auðvitað, að girða ræktunarsvæðin og til þess þarf mikið fje, eins

og jeg tók fram við 2. umr. Ennfremur eru laun skógarvarðar á Hallormsstað alveg óhjákvæmileg. Það er því mjög varhugavert, að fella þessa tillögu.

Þá er breyt.till. við 15. gr. 15. lið, að fyrir orðið »tvöfalt« (*í aths.*) komi »þrefalt«. Hjer virðist nefndinni, að hafi verið einhver villa vegna þess, að skipakvíin kostaði eptir áætlun 60 þús. kr., og var þetta svo áætlað á þinginu 1903, en styrkur, sem þá var veittur, var miðaður við 1/4 af því verði; nefndin hefur ekki tekið eptir því, að hjer væri um nýja áætlun að ræða, svo að skipakvíin yrði ódýrri (*Guðlaugur Guðmundsson:* Það telst víst með, sem lagt var til í sumar.); sakir þessa hefur nefndin talið rjettast, að setja þetta inn.

Þá er 19. liður í sömu grein: styrkur til skipstjórafjelagsins »Aldan«. Nefndinni virtist rjett, að setja inn það skilyrði, að styrkurinn sje til utanfarar fiskimönnum, sem afla vilja sjer þekkingar á fiskveiðum og fiskverkun. Þessari breytingu þarf ekki að mæla með, því hún var undirskilin áður. Næst kemur till. um lánsheimild. Svo stendur á því, að við 2. umr. var sþ. till., sem nefndin var á móti, sem sje lánsheimild til skipakviar í Oddeyrarbót; þess vegna þótti henni rjett að skjóta hjer inn í lánsheimild til stórskipabryggju í Stykkishólmi, til þess að gjöra jafnt undir höfði. Til fjárlaganefndarinnar kom beiðni um þetta, en hún vildi ekki sinna því fremur en skipakvínni í Oddeyrarbót; en fyrst hin háttv. þingd. hefur samþ. lánið til skipakviarinnar í Oddeyrarbót, þá mælir öll sanngirni með því, að þessi till. verði einnig samþ. Annars fara þessar lánsheimildir að verða ofvaxnar fjárhag landsins; það er alveg víst, að ekki verður fje til þess að veita öll þessi lán, en stjórnin verður þá að skera úr, hvað sanngjarnast sje að sitji fyrir.

Þá er á þgskj. 407 breyt.till. við 11. gr. 9. f. frá nefndinni; það er aðeins orðabreyting, og þarf jeg ekki að minnast á það.

Þá er breyt.till. við 12. gr.; á hana hef jeg áður minnzt.

Næst er breyt.till. við 13. gr. B. X; jeg hef minnzt á hana áður; hún er þannig, að hverju sýslufjelagi veitist 300 kr. styrkur til þess, að haldnir verði fræðandi og vekjandi fyrirlestrar, gegn helfings fjárframlagi frá sýslunni. Þessi breyt.till. er til tryggingar því, að hjer verði ekki farið með neitt »humbug«. Fjárframlag er ekki mikið frá hverri sýslu, að eins 150 kr., en miðar samt til tryggingar því, að það verði góðir menn, sem fyrirlestrana haldi.

Þá er 4. breyt.till á sama þgskj.; hana hefur nefndin gjört í samráði við ráðherra; hún er svo, að 2/3 af sektum og upptækum afla og veiðarfærum fyrir ólöglegan afla í landhelgi, verði varið til strandgæzlunnar hjer við land. Hún þarfnast engra meðmæla framar en gjört hefur verið.

Þá er á þgskj. 399 brt.till. frá nefndinni um styrk til ábyrgðarfjelaga fyrir mótorbáta. Beiðni hefur komið til nefndarinnar um styrk til mótorbátafjelags á Ísafirði, í samræmi við þá styrki, sem þegar eru samþykktir. Það er auðsætt, að hjer er verið að fara inn á nýja braut. Það hefir verið samþ. styrkur til mótorbátafjelaga á Seyðisfirði og Eyjafirði; þess vegna er það sanngjarnt, að styrkur sje og veittur samskonar fyrirtæki á Ísafirði. En nefndinni þykir rjettast, að þessar styrkveitingar sjeu skilyrðum bundnar og í samræmi. Telur hún sanngjarnt, að styrkurinn sje 6% af vátryggingar-

verði bátanna, þó ekki hærra en 3,000 kr. til hvers, því að ef fjelögin eru stór, þurfa þau síður styrks, en ef þau eru smá.

Þá er á þgskj. 386 stærsta og þýðingarmesta breyt.till. frá minni hluta nefndarinnar í hraðskeytamálinu og fjárlögunum. Þessi breyt.till. kemur nokkuð seint til þess, að hægt sje að taka hana til rækilegrar íhugunar. Jeg mun því ekki gjöra neinar ítarlegar athugasemdir við hana. En nefndin hefur höggvið eptir því, að till. er byggð á tilboði, sem ekki er í nefndarálitinu, og er því eigi fullljós öllum þingmönnum; en þetta skýrist væntanlega í umræðunum. Í öðru lagi byggist hún á tillagi frá öðrum löndum. Nefndin getur ekki sjeð neina vissu fyrir því, og líkurnar eru ekki sterkar. Því hefur verið hreyft, að tillag mundi fást frá Noregi. Það hefur verið reynt til þess af Færeyingum, að fá sæsímastöð í Noregi, en það er ekki kunnugt, að neitt lát hafi verið á því, að fá tillag frá Noregi; hefði svo verið, þá hefði það ugglaust fengizt fyrir orðastað þeirra manna, sem fyrir þessu hundust. Jeg skal og geta þess, að jeg hef átt tal við Thor. Tulinius, sem er óhlutdrægur maður, sem óhætt er að trúa. Hann kvaðst hafa átt tal við einn af norsku ráðherrunum, og hefði hann engar líkur talið fyrir því, að síminn fengi styrk frá Noregi. Að því, er snertir tillag frá Danmörku, þá eru þar nær engar líkur, og vil jeg skírskota til nefndarálits ritsímanefndarinnar um það.

Í þriðja lagi er byggt á því, að loptskeytasamband sje eins tryggilegt og símasamband; jeg skal nú ekki tala mikið um það, jeg læt aðra fást um það, sem fremur hafa getað kynnt sjer þetta mál; þó finnst mjer auðsætt, að það, sem enn er á tilraunaskeiðinu, getur ekki verið eins tryggilegt og það, sem er margreynt, eins og einmitt símasambandið er.

Þá er í 4. lagi till. byggð á því, að tekjur af millilandasambandinu verði 10 þús. kr. meiri um árið, en hæstu vonir hafa verið hingað til. Það má þrátta um það eins og um skeggið keisarans, en jeg get ekki verulega trúað því, það er að minnsta kosti mjög óvíst og óáreiðanlegt.

Mjer finnst þessvegna tillagan vera algjörlega byggð í lausu lopti; það er ekki hægt að sanna, að loptskeytasambandið verði haganlegra eða ódýrara, heldur þvert á móti, líklega langtum dýrara. Þessi hlið málsins, hagsmunahliðin, er sú hliðin, sem mest hefur verið rætt um. Það get jeg þó sagt, að það er miklu meira, sem mælir með þessari tillögu, að hafa loptskeytasamband einungis landa á milli, heldur en með hinum öðrum tillögum minni hluta ritsímanefndarinnar, en eigi að síður lítur út fyrir, að sambandið verði tryggilegra og ódýrara með algjörðu símasambandi, og þess vegna leggur meiri hluti fjárlaganefndarinnar á móti þessari tillögu. En svo hefur þetta mál einnig pólitíska hlið; en jeg býst við, að það verði að eins til þess að lengja málið, að fara út í það nú.

Jeg hef svo ekki meira að segja; nokkrar breyt.till. hef jeg ekki minnzt á; nefndin er á móti þeim, en um þær koma væntanlega skýringar við umræðurnar. Annars er mjer ekki um, að fundir standi eins lengi og síðast.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Þegar fjarlagafrumv., eins og það var samþykkt við 2. umr., kom úr prentsmiðjunni í gærkveld, varð mjer fyrir, að líta á, hvernig fjárhagurinn stæði; verð jeg að játa, að hann var lakari en jeg hafði búizt við, tekjuhallinn

var yfir 400 þús. kr.; mjer fannst þessar tölur svo miklu stærri og skýrari fyrir mjer þá, en þegar við vorum að greiða atkvæði um þær við umræðurnar. Mjer kom jafnvel til hugar, að hætta við þá breyt.till., sem við 1. þm. Skgf. (Ó. B.) höfðum komið fram með, því að hún fór í þá átt, að auka tekjuhallann; jeg fann það, að við höfðum naumast rjett til þess að halda henni fram, þó að öll sanngirni mæli með henni, því að það verður svo margt að bíða, sem sanngjarnt er. Hún mundi naumast heldur hafa rjett á sjer, þó að hún væri nauðsynleg, því að það verður einnig svo margt að bíða, sem nauðsynlegt er. Það var þá það eitt, sem mjer þótti gefa okkur rjett til að halda henni fram, að hún var á lögum byggð. Mjer virðist það skylda landssjóðs, að veita meira eða minna fje til þess, sem á lögum er byggt. Þess vegna þótti mjer ekki gott að heyra af munni hins háttv. framsm., að hann væri heldur á móti þessari till., einkum þegar fjárlaganefndin sýnir, að hún hefur hafnað sumum þeim skoðunum sínum, sem hún hafði við 2. umr.

Hjer liggja nú fyrir um 20 skjöl, full af breyt.till.; breyt.till. eru víst helmingi fleiri; þær eru líklega fullar 40, og miða allar til þess, að auka tekjuhallann, nema ein frá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Það, sem knýr mig nú samt til að halda fram till. okkar, 1. þm. Skgf. á þskj. 444, er það, að *við höfum lög að mæla.* Það stendur í 3. gr. vegalaganna; er sú grein allmerkileg og hefur nú staðið óhögguð í 11 ár; vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp. Þar segir svo: »Flutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum: 1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu. 2. Frá Reykjavík austur að Geysi. 3. Frá Eyrarbakka upp Árnessýslu. 4. Upp Borgarfjörð. 5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu. 6. Frá Sauðárkrók inn Skagafjörð. 7. Frá Akureyri inn Eyjafjörð. 8. Frá Húsavík inn Reykjadal. 9. Frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts«.

Það eru 9 flutningabrautir, sem hjer eru taldar, og eiga þær að ganga á á undan öðrum vegum; það er svo ákveðið, að landssjóður leggi fyrst fje til þessara vega á undan þjóðvegum og fjallvegum, sem landssjóði er skylt að sjá um. Það er kunnugt, að þegar lög þessi gengu í gildi, þá var það að veita fje til flutningabrauta. Það væri nú sannarlega vert að rekja, hve miklu fje hefur verið varið til flutningabrauta, en jeg verð að sleppa því, vegna þess að tíminn er tæpur, en jeg verð þó að geta þess, að það er ekki svo lítið, sem gjört hefur verið. Það hefur verið lögð flutningabraut austur í Rangárvallarsýslu; af þeirri braut önnur ofan á Eyrarbakka, og drjúg byrjun á Geysisbrautinni, talsverður kippur í Borgarfirði, Eyjafirði og Fagradal. Það er aldrei nema gott og gleðilegt, að þetta hefur gjört verið, og jeg ætla ekki að fara að metast um það við hlutaðeigandi hjeruð. En það eru þá þrjár flutingabrautir, sem algjörlega hafa orðið út undan: í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu. Fjárlaganefndin kveðst vilja halda fast stefnu sinni. En hvernig gengur það? Mjer sýndist vegastefnan lenda út af brautinni við 2. umr. Jeg kannast við það, að 1903 vildi fjárlaganefndin að eins taka upp Borgarfjarðarbrautina og veita til Fagradalsbrautarinnar 35 þús. kr.; þá var það talið nóg, til þess að sú braut yrði fullgjörð með jafnmiklu framlagi á þessum fjárlögum. En nú er annað uppi

á teningnum, nú vantar þar enn 70 þús. til að fullgiöra hana. Nefndin vill nú samt veita aptur 30 þús. kr. til hennar, og heldur, að það muni nægja, en það er engann veginn víst; það er trúlegt, að það komi enn ný áætlun, og að meira fje verði að leggja til hennar. Þetta gjörir mig hugdeigan með að bera svo mikið fje á einn stað og láta hinar brautirnar bíða, sem miklu fyr mundu koma til notkunar, ef fje væri lagt til þeirra, og þessutan mundu verða ódýrri.

Flutingabraut sú, sem jeg fer fram á, að fje verði veitt til, er afarnauðsynleg, og jeg fer fram á einar 6,000 kr.; það yrði þó ekki landssjóði um megn. Jeg skal taka það fram, að það yrði mjög vel þegið í Þingeyjarsýslu, því að þar er mikill áhugi í þá átt, að fá bætta vegi. Sama er mjer óhætt að segja fyrir hönd meðflutningsmanns míns um flutningabrautina í Skagafirði.

En þó flutningabrautirnar hafi staðið hjá fjárlaganefndinni, þá er þess að gæta, að allt vegaplanið er breytt með atkvæðagreiðslunni, sem fór fram við 2. umr., því bæði þjóðvegir og sýsluvegir voru þá teknir upp og ein akbraut til, frá Bitru upp Skeiðin að Laxá, enda fer sívaxandi fjeð, sem til vega er veitt, eins og sjá má á fjárl.-frumv. nú, að síðara árið er það komið upp í 96,800 kr. Þetta er afarmikil fjárhæð, því neita jeg ekki, en úr því um svona stóra fjárupphæð er að ræða, þá finnst mjer þessi flutningabraut eiga eins mikinn rjett á þessum 6,000 kr., eins og fjöldamörg önnur vegafyrirtæki, án þess að jeg ætli að fara í neinn metning, en þarna er þó fullt eins brýn þörf og nauðsyn, eins og víða annarsstaðar.

Skal jeg nú með nokkrum orðum leitast við að sýna fram á, að svo sje, og verð því að skýra frá, hvernig lönd liggja, og staðhættir upp frá Húsavík. Þess skal þá fyrst getið, að norðan í landið gengur Skjálfandaflói. Liggur út með honum að austan Tjörnes, en að vestan Víkurfjall og fjallgarður sá hinn mikli, sem gengur vestur undir Eyjafjörð og endar á Gjögri. Út með Víkurfjöllum fellur Skjálfandafljót til sævar, en að austan Laxá; hún kemur úr Mývatni, og er allra áa fegurst hjer á landi, með hólmum og eyjum, fugli og silungi frá upptökum til ósa. Fyrir botni Skjálfandaflóa og milli »Fljótsins« og Laxár liggja fyrst sjávarsandar, en síðan breið og fögur byggð. Það er Aðaldalur. Þar er svipað og fyrir Skagafirði og Húnaflóa, eða hjer austur með í Árnessýslu. Rjett fyrir ofan sjávarsandinn, kemur grösugt og gott land. Þar er »Sandur« og þar eru þeir nafnkunnu Sandsbræður Sigurjón og Guðmundur Friðjónssynir. En þeir búa ekki á *sandi*, heldur á frjórri og góðri jörð.

Upp frá Aðaldal ganga síðan 3 dalir inn í landið; austast Laxárdalur, þröngur og langur, en víða fagur og búsæll. Milli hans og Reykjadals gengur fram »Stöpulmúli«. Hann er frægur að fornu og nýju. Þar bjó Jón í Múla (Hlátur). Reykjadalur er breiður, grösugur og fjölbyggður, og þar eru Einarsstaðir, sem má heita miðpunktur hjeraðsins. Þangað er ætlazt til að flutningabrautin nái, og er það 38 km. frá Húsavík. Vestan Reykjadals gengur svo fram Fljótsheiði, og er nyrðri oddinn kallaður Núpur. Þar fyrir vestan gengur svo inn til landsins Kaldakinn og Bárðardalur. En vestan hans gengur Víkurfjallgarðurinn, alla leið inn til landsins suður að Sprengisandi.

En fyrir ofan Laxárdal liggur Mývatnssveit upp til fjalla, 1,000 fet yfir sjáfarflöt. Þangað eru 60 km. frá

Húsavík. Þá hef jeg talið að nokkru byggðir þær, sem liggja upp frá Húsavík og eiga þangað vestur að sækja. Þess má geta, að Húsavík liggur ekki alveg við botn Skjálfandaflóa, heldur nokkuð út með honum að austan, hjer um bil 8 km. frá Laxamýri.

Reykjavík er forn og fræg, eins og við vitum, því þar bar öndvegissúlur Ingólfs að landi. — En jeg held, að Húsavík sje enn þá eldri, því að þar stje Hrafna-Flóki á land, görði sjer hús, kallaði síðan *Húsavík* og dvaldi þar hinn fyrsta vetur, og ætla jeg, að hann hafi haft vetrarsetu hjer á landi fyrstur allra landnámsmanna. Þaðan gekk Þórólfur »smjör« inn til landsins og kvað drjúpa smjör og hunang af hverju strái.

Þykir oss enn, sem þar sjeu víða landkostir góðir og skal jeg til dæmis geta þess — þótt það ef til vill þyki ekki eiga við, að tala um slíkt hjer í þingsalnum — að næstliðið sumar var það hermt með sögu og sannindum, að einn bóndi á Mývatnsheiði hefði haft 6 kr. í smjöri eptir kvíaána undan sumrinu. — Og til dæmis um þyngd sauðfjárins næstliðið haust, skal jeg nefna vigt á tveim ám, sem hvor um sig hafði gengið með tvo dilka um sumarið. Þær vógu með dilkunum önnur 324 pd. og hin 318 pd. — Þessi dæmi sýna, að hjer er um kjarngott land að ræða.

Jeg sje, að sumir brosa að skýrslum þessum. En jeg vil taka það fram, að þegar við sitjum hjer og erum að tala um landið og landbúnaðinn, þá er það ekki, eða ætti ekki að vera upp í skýjunum, heldur eins og lífið og landið, starfið og ávöxturinn kemur fram fyrir fólkinu, sem býr við þetta, fólkiðu okkar *heima* fyrir, sem við efalaust látum hugann opt hvarfla til, að minnsta kosti á nóttunni, þó það kunni að vera minna á daginn.

Þá skal jeg nú aptur víkja að efninu og legg þá spurningu fyrst fram. Er flutningabraut þessi nauðsynleg? Þar er því til að svara fyrst og fremst, að sýslunefndin hefur nú í mörg ár, aptur og aptur, á aðalfundi sínum með skýrum og glöggum röksemdum gjört ályktanir og áskoranir um þetta þýðingarmikla hjeraðsmál, og beint þessum áskorunum sínum stjórnarvaldaveginn, væntandi þess, að það mundi verða málinu til framkvæmda og til þess að koma því inn á þingið. En jeg hef ekki orðið þess var, að slíkt hafi orðið allt til þessa.

Í von um, að vegalögunum mundi þá verða framfylgt hjer eins og annarsstaðar, hefur sýslunefndin miðað vegaplan sitt um sýsluna við þessa væntanlegu flutningabraut.

Einnig var það, að fyrir nokkrum árum skoðaði vegfræðingur landsins þetta vegastæði. Hann mun hafa gefið álit eða skoðunargjörð, og þar sýnt fram á, að brautin ætti að liggja fram um Laxamýri, þaðan yfir svokallaðan Heiðarenda og að brúarstæði, sem hann sagði fyrir um á Laxá. Þaðan svo fram Aðaldal og Reykjadal að Einarsstöðum, þar sem að svo komnu ætti að vera endastöðin, því að sá staður liggur, eins og áður er sagt, mjög vel við. Þar um liggur einnig þjóðvegurinn frá Akureyri til Seyðisfjarðar. Þá er þess að geta, að Húsavík er blómlegt kauptún. Þar fjölgar fólki stöðugt og hefur meir en tvöfaldast á síðustu 10 árum. Skal jeg nú einnig skýra frá fólkstali í sveitum þeim, sem gagn mundu hafa af flutningabraut þessari, ef á kæmist.

Af því að Húsavíkurbúar þurfa að sækja heyskap og fleiri landsafurðir

fram til sveitanna, og nokkuð af hreppnum liggur einnig upp frá Húsavík, þá tel jeg í:

1.	Húsavíkurhreppi	400
2.	Aðaldælahreppi	465
3.	Reykdælahreppi	396
4.	Ljósavatnshreppi	545
5.	Skútustaðahreppi	320
	Samtals	2126

Það er einkennilegt, að manntalið er svo líkt í sveitum þeim, er sækja mundu flutningabrautina til Sauðárkróks — hvorttveggja tekið eptir skýrslum frá 1901 — þar eru í:

1.	Sauðárhreppi	769
2.	Staðarhreppi	169
3.	Seiluhreppi	351
4.	Lýtingsstaðahreppi . . .	518
5.	Akrahreppi	345
	Samtals	2152

Þessi síðasttaldi hreppur er að vísu austan Hjeraðsvatna, en þegar brúin er komin á »vötnin«, þá hjálpar brautin einnig búendum þeim megin. — Verzlunarstaður er allmikill á Húsavík, þó eigi sje þar jafnmikil vöruumsetning og á Sauðárkróki, því hann er 7. í röðinni, og er ekkert kauptún á Norðurlandi meiri verzlunarstaður en Sauðárkrókur annar en Akureyri.

Vörumagn á Húsavík var samkvæmt verzlunarskýrslunum 1903:

Aðfluttar vörur	kr.	276.324
Útfluttar vörur	—	168,169
Alls umsettar vörur	kr.	444.493

En vörumagn á Sauðárkrók var 1903:

Aðfluttar vörur	kr.	307.684
Útfluttar vörur	—	248.006
Alls umsettar vörur	kr.	555.690

Hvernig er svo farið að flytja þessar miklu vörur frá Húsavík, sem mestmegnis ganga fram til sveitanna? Því er fljótsvarað, að þar verður »þarfasti þjónninn« að koma til sögunnar. En við viljum fara vel með þennan þjón, og jeg skal geta þess, að gaddhestar þekkjast ekki í Þingeyjarsýslu. — Við viljum ala hestana, gefa þeim svo vel hey og mat, að *einn* geti unnið á við *tvo*. Þetta tekst með því, að nota vetrarbrautirnar, sem náttúran býr til fyrir okkur. Þá dugar einn hestur á góðum hjarnsleða eins mikið og 3—5 bera á bakinu á sumrin.

Jeg skal geta þess, að Laxamýri kemur hjer mjög við sögu; hún er eitt af höfuðbólum landsins, 170 hundruð metin, og er það ætlun mín, að eigi sje nein jörð önnur hærra metin á landi hjer. Það hagar þannig til á Laxamýri, að hún má heita eins og Húsavík á sjávarbakkanum, og væri mikið unnið fyrir Laxamýri, ef þessi fyrirhugaða akbraut kæmist á. Bændur í Þingeyjarsýslu eru löngu farnir að nota akbrautir þær, sem veturinn býr til, þegar hlákan kemur og frostið hleypir svo öllu í hjarn og beitifæri. En það er sjaldan gott færi á milli Húsavíkur og Laxamýrar, því að þar er autt eptir sjávarbökkunum. Það kemur því opt fyrir, þegar færi er gott fram frá Laxamýri, stundum eintóm ísagljá eptir ánni og vötnunum alla leið fram í Reykjadalsbotn — þá verður að tví- og þríaka frá Húsavík og fram í Laxamýri, máske með 3—5 klyfjar á sleða. En í góðu færi þykir ekki nema vel meðalæki að hafa 8 klyfjar á sleða fyrir einum hesti. — Enn skal þess getið, að Uxahver er skammt frá Laxamýri. Nýlega er vöknuð sú hreyfing þar nyrðra, að reyna að hafa einhver not af hvernum. Hefur því myndast fjelagsskapur — aldan er fyrst risin frá Ræktunarfjelagi Norðurlands, að kaupa upp land kringum hverinn, og hefur land verið keypt fyrir 2000 kr. Ætla kaupendur,

að rækta þar kartöflur, því heitt er þar í jörð, vellandi vatn og gott til kartöfluræktar. Land þetta er 30 dagsláttur og hefur verið sáð í 5, en 10 plægðar. Yrði land þetta allt haft undir kartöflum, þá yrði ársuppskeran 1500 tn. og jafnvel miklu meiri, því að svo er mjer sagt, að uppskera af dagsláttunni sje í meðalári 50 tn., en *geti orðið allt að 100 tunnum.* Við Reykjaból í Skagafirði er einnig komin á kartöfluræktar, þar hafa 8 dagsláttur verið afgirtar, en sáð í 6 dagsláttur. Uppskera þar er því áætluð 50 tn. = 300 tn. í meðalári, eins og nú er. En svo þarf áburð á kartöfluekrurnar; en þess er að gæta, að hann verður að fá frá útlöndum og flytja að og ekki minna en 800—1000 pd. af tilbúnum áburði fara á dagsláttuna. — Hjer yrði því flutningabrautin til *beinna nota*, bæði við flutning fram og aptur. Og ef flutningabraut kæmist að Laxamýri, þá mundi þetta fjelag, sem á kartöfluekruna við hverinn, koma kerruvegi frá Laxamýri að hvernum.

Eitt er það enn, sem telja má Húsavík til gildis, og það er, hve mikið sækir þangað af útlendum ferðamönnum, enda er það eðlilegt, því þar í nánd eru einhverjir einkennilegustu og fegurstu staðir landsins, t. d. Ásbyrgi, Dettifoss og þá Mývatnssveitin. — Fyrst jeg minntist á ferðamenn, þá skal jeg leyfa mjer að segja dálitla sögu: Það komu nefnilega hingað í sumar 16 ferðamenn frá Ameríku, meðal annara. Þeir voru allir frá Harvard háskólanum, 2 kennarar, 2 konur og 12 stúdentar. Þessir menn fóru í ýmsar áttir og þar á meðal fór einn hópurinn, 7 að tölu, austur sýslur og norður Sprengisand. Fylgdarmaðurinn hjeðan, sem var duglegur maður, treystist þó ekki að leggja á »Sandinn« fylgdarlaust, og tekur því fylgdarmann yfir »Sandinn«, eins og algengt er. En hvað haldið þið að ferðin hafi kostað? Hún kostaði *250 kr.*, og svo hafði þessi svo kallaði fylgdarmaður *aldrei* farið yfir sandinn áður. — Þetta er svo gífurlegt, því að 100 kr. mundi mega telja fullhátt kaup. Enda líkaði ferðamönnum þessum, sem hingað voru komnir grunlausir og í góðum huga, þessi meðferð á sjer mjög illa, og voru að ráðgjöra að skrifa um hana í blöðin. En jeg vona, að þessi orð — hjer töluð — verði nóg til þess, að bjarga útlendingum framvegis frá því, að lenda í slíkum gróðagreipum. Mönnum þessum kvað annars hafa líkað vel að ferðast hjer á landi, og bjuggust við, að koma aptur hingað. En jeg álít þetta og annað eins okur þó vera óhæfu eina, og vonast til, að við, sem búum beggja megin við »Sandinn«, látum þetta aldrei koma fyrir optar. — Það er líka óhyggilegt, að fæla útlendinga frá landinu með því, að setja upp við þá ósanngjarna borgun fyrir hvað eina, því jeg álít, að útlendingar gjöri hjer tvennskonar gagn. Í fyrsta lagi flytja þeir peninga inn í landið, og í annan stað auka þeir þekkingu sína og annara á landinu og útbreiða allflestir rjettari skoðanir á því meðal annara þjóða, og það er mikils vert, því þær eru víða mjög skakkar.

Nei, við eigum miklu fremur að reyna til, bæði að hæna útlendinga að landinu okkar, og einnig að gjöra okkur far um að halda börnunum okkar kyrrum í landinu. Það eru líka, sem betur fer, margir fagrir og frjósamir blettir á Íslandi, sem mörgum er kært að una við og ala aldur sinn á. En það kostar áreynslu; og opt er við marga örðugleika að stríða. Menn mega ekki vera duglausir eða sofandi,

heldur þurfa að verja kröptum sínum og efnum vel og vera vakandi, og í því sambandi dettur mjer í hug dálítil saga:

Gamli Þorsteinn í Reykjahlíð, faðir sjera Jóns, sem var faðir þeirra alkunnu Reykjahlíðarbræðra, og forfaðir Reykjahlíðarættarinnar, sem telur svo marga góða menn um land allt — hann sagði, gamli Þorsteinn: »Það má græða *sofandi* á Litlu-Laugum, en það þarf að vera *vakandi*, til að græða í Reykjahlíð«. — Hann hafði búið áður á Litlu-Laugum, en varð ríkur í Reykjahlíð. — Mjer sýnist þetta vera satt og sláandi. Litlu-Laugar liggja í Reykjadal, og er raunar hæg og góð jörð; þar er grösugt allt um kring, engjarnar út úr túninu, og heitar laugar, þar sem eru ágætis kartöflugarðar skammt frá; — það er því svo hægt, að fara út og slá sjer morgunbrýnu, skreppa síðan inn og fá sjer kaffi eða morgunmat. — En þessi hægð og ró hefur tíðast gjört, þótt undantekningar sjeu, Litla-Lauga bóndann fremur rólegan og hægfara.

Allt er á annan hátt í Reykjahlíð, þar liggur til annarar handar heim að túninu hraunið svarta, sem rann fyrir rjettum 180 árum yfir bæinn og blómlegt engi, sem og 3 aðra bæi, og síðan liggur það eyðilegt og dauðalegt, eins og dökk líkblæja yfir hinni horfnu byggð.

En á hina hliðina er einnig lífið og fegurðin. »Vatnið bláa og hin brosandi sveit«. — En það er langt að róa fram í eyjarnar fyrir Reykjahlíðarbóndann, og langt og örðugt að ganga út með fjenu, og ná gæðum landsins. — En það heldur honum *vakandi*, og hann hefur vanalega verið framkvæmdarsamur, haft stórt bú, og komizt vel af.

Þannig er það um Þingeyinga, að mjer virðist, í samanburði við suma aðra landsbúa. Þeir þurfa að vera vakandi, eiga við harða veðráttu, langa aðdrætti og ýmsa erfiðleika að stríða. En jeg held, að þetta herði þá og hvetji til dugnaðar og dáða, meira en marga aðra, sem eiga við hægari og hagfelldari byggðir að búa. Þeir unna sveitunum sínum, þótt þær búi þeim harðan kost, þeir vinna í *von* og *trú* á framfarir þeirra, og láta ekki undan síga, þó ekki fáist allt í einu.

Það er raunar óyndislegt, að heyra það hrjóta fram úr öllum áttum, bæði hjer í þingsalnum og í blöðunum, að ef fólkinu líki ekki eitthvað, eða fái ekki það. sem það girnist — þá muni það leggja árar í bát, byggðir eyðast og fólkið flykkjast til Ameríku. En jeg ætla nú að taka það fram, að þó að Þingeyingar fái ekki þessa sína þráðu ósk, þessa lagakröfu, sem jeg segi að þeir hafi á hendur þingi, stjórn og landssjóði, og sem er borin svona hógværlega fram, eins og jeg hef gjört, með einum 6,000 kr. til akbrautar, sem þeim er með *lögum ákveðin* — þá muni *þeir* samt hvorki ganga fyrir ætternisstapa, nje hlaupa hópum saman til Ameríku.

En er það nú annars víst, að allir sæki gæði og góða ánægju til Ameríku? Jeg veit, að mörgum líður þar vel, og hafa við rýmri hag að búa, en hjer heima. En undarlega kemur mjer það fyrir, ef hugurinn hvarflar ekki heim stundum, þegar þeir fá volga vatnið og óbragðlega — ef þeir þá ekki óska að vera horfnir heim til gamla landsins, heim að kristalslindunum tæru, sem koma fram undan fjallabrjóstum fóstru okkar. — Eða þegar þeir eru eirðarlausir fyrir hitanum, það er ekkert að flýja, hvorki út nje inn,

undan honum — þá hygg jeg, að margur muni hugsa til hinna fyrri daganna og óska sjer, að vera horfnir heim aptur, heim í hríðarbyljina á föðurlandinu forna. Jeg minnist þess, að fyrir fáum árum kom aldraður Þingeyingur, gamall vinur minn, heim aptur snögga ferð eptir 25 ára brottveru. Þegar hann sá landið aptur, þá varð hann klökkur eins og barn, og eitt af því, sem hann þá sagði, er þetta:

»Aldarfjórðung eg hef dvalið,
ættjörð mín, þjer burtu frá,
en *allt af* fýst þig aptur sjá
og *löngun* sú mig *löngum kvalið*«.

Jeg enda svo þessi orð mín með því, að jeg hef hugboð um það, að hún muni vakna og vaka fyrir mörgum, þegar út í ókunnar álfur er komið, *heimþráin sára,* sem jeg minntist á í þingbyrjun, sú sívakandi þráin og löngunin, sem hefði vakað og mun vaka enn fyrir konunni þar, er hún lýsti sjálf með þessum sáru orðum: »að komast heim og *kyssa fósturjörðina*«. Við eigum því að reyna að halda börnunum *heima,* en ekki hvetja þau til þess að fara í aðrar heimsálfur og flýja landið.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg vil leyfa mjer að minnast á breyt.till., sem jeg á ásamt fleirum á þskj. 381. Með þessari tillögu leggjum vjer til, að kvennaskóli Eyfirðinga fái að njóta jafnrjettis við kvennaskóla Húnvetninga.

Jeg skil ekki í öðru, en að allir viðurkenni, að sú krafa er bæði rjettmæt og sjálfsögð. Mjer brá satt að segja við að sjá, að stjórnin ekki hafði sett styrkveitingu til þessa skóla inn á fjárlagafrv., en það bætti mikið úr, að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að ef skólinn hjeldi áfram með bættu og breyttu fyrirkomulagi, þá teldi hann það sjálfsagt, að þingið veitti skólanum styrk. Nú liggja skjöl fyrir þinginu, sem sýna, að bæði sýslunefnd og skólastjórnin hafa gjört ráðstafanir til breytinga, en þessar breytingar hafa kostnað í för með sjer, og það væri mjög tilfinnanlegt, ef skólinn yrði að leggjast niður eptir eitt ár; en kostnaðnr þessi kæmi ljett niður, ef skólinn fengi þann styrk, að hann gæti haldið áfram, svo hann til frambúðar fengi notið góðs af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gjörðar með allmiklum kostnaði.

Það hefur verið lagt til, að veita skólanum styrk fyrra árið, með það fyrir augum, að skólinn yrði lagður niður. En þetta álít jeg, að sje mjög óheppilegt; jeg skil ekki í öðru, en menn sjái, að sanngirni mæli með því, að þetta fje sje veitt áfram. Skólinn hefur nú staðið í 30 ár og hefur að miklu leyti verið borinn uppi af Eyjafjarðarsýslu, hvað fjárframlag snertir, en hefur verið sóttur víðsvegar að; skólinn var stofnaður á þeim tíma, sem þörfin var mikil, og ekki verður annað sagt, en að hún sje nokkurn veginn hin sama enn. Þegar litið er á, hve mikið er lagt til menntunar hjer á landi, og menn viðurkenna, að konur þurfi engu síður menntun og uppfræðslu en karlmenn, þá er æði undarlegt að vilja leggja þennan skóla niður. En ef styrkurinn ekki er veittur nema fyrra árið, þá er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að skólinn verði að leggjast niður. En það má ekki ske, því þörfin er mikil, og jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje mikil minnkun fyrir þingið, ef það á þessum menntunar- og framfaratímum vill þessa stofnun feiga, en varla verður það skoðað öðruvísi, ef neitað verður um þennan styrk, sem nú er farið fram á. Jeg ætla ekki, að svo komnu, að fara að gjöra upp á milli kvennaskólanna norðlenzku, fyr en ef um-

ræðurnar seinna gefa mjer tilefni til þess; jeg ætla heldur ekki að tala mikið um þá skoðun, sem ýmsir halda fram, að kvennaskóli sje alveg óþarfur, þegar gagnfræðaskóli er kominn upp; því mótmæli jeg algjörlega; þó að kvennfólk í einstaka tilfellum sæki gagnfræðaskóla. þá er það ekki algengt, og mun aldrei verða. Jeg vil svo ekki tala frekar um þetta, nema einhver mótmæli komi fram, en jeg vona og treysti því, að breyt.till. verði samþykkt af háttv. deild.

Magnús Andrjesson (þm. Mýram.): Jeg varð að ganga af fundi um nóttina, þegar ritsímamálið var til annarar umræðu, af því jeg var ekki vel frískur, og gat þess vegna ekki gjört grein fyrir atkvæði mínu þá; en nú vildi jeg gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Jeg ætla mjer ekki að liða málið sundur, eða rekja það út í æsar, af því að það hefur verið gjört rækilega áður. En mitt álit um þetta mál er í stuttu máli, að nú sje ráðlegast, að þing og stjórn komi sjer saman um að fresta því, láta það ó-útkljáð á þessu þingi. Fyrsta ástæðan fyrir þessu er sú, hvað ákaflega mikið vantar á, að menn sjeu enn komnir að nokkurri fastri niðurstöðu um jafnvel allra helztu höfuðatriði málsins. Allstaðar er vafi og ágreiningur, bæði utan og innan þings. Ljósast sjest þetta af áliti ritsímanefndarinnar, sem hefur auðsjáanlega unnið af miklu kappi og áhuga að málinu, en þó er svo mikill ágreiningur, að furðu sætir, milli meiri og minni hluta nefndarinnar um öll mikilvægustu atriði málsins. Tökum til dæmis spurninguna um *kostnaðinn* við lagning landsímans. Meiri hluti nefndarinnar áætlar, að landþráðurinn frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur með álmu til Ísafjarðar muni kosta landssjóðinn um 300,000 kr., en minni hlutinn um 580 þús. kr., eða hjerumbil helmingi meira en meiri hlutinn. Meiri hlutinn áætlar $77^1/_2$ þús. krónur til árlegra útgjalda við þráðinn, en minni hlutinn áætlar nálægt 138 þús. Nefndin hefur einnig tekið tilboðinu um þráðlausa firðritun til greina. Meiri hluti nefndarinnar kemst að þeirri niðurstöðu, að árleg útgjöld við þráðlaust hraðskeytasamband milli Íslands og útlanda og allra fjögra kaupstaðanna hjer mundi nema 96 þús. króna, en minni hlutinn reiknar, að þau muni nema 45 þúsundum; hjer er meira en helmings munur. Líti maður því næst á, hvaða hraðskeytasamband nefndin álítur *hagfeldast og bezt*, þá segir meiri hlutinn, að hraðskeytasamband, eins og það er ráðgjört í *ritsímasamningnum*, sje bæði hagkvæmast og tryggast samband; en minni hlutinn telur engan vafa á því, að *loftritun* sje hið hagkvæmasta og ódýrasta, sem kostur er á. Þannig er á öllum svæðum óvissa og ágreiningur. Og þótt meiri og minni hluti nefndarinnar hafi reynt að krítisera hvor annan, kemur það allt fyrir eitt. Söm er óvissan utan nefndarinnar, meðal þm., og einnig meðal manna út í frá. Það eru fleiri atriði, sem menn eru í óvissu um, t. d., hvort tillag fáist úr ríkissjóði Dana, ef loftritunarsamband er tekið; sumir segja, að vjer mundum fá það; aðrir staðhæfa aptur á móti, að vjer mundum alls ekki fá það.

Þannig vaða menn í villu og svima um þetta allt. Málið sýnist í stuttu máli sagt eigi vera svo vel undirbúið, að auðið sje að gjöra út um það á þessu þingi. Það eitt sýnist ærin ástæða til að útkljá það eigi nú þegar.

Önnur ástæða til að fresta málinu er sú, að meiri hluti þjóðarinnar hefur snúizt á móti því, með svo miklu kappi

og ákefð, að varla eru dæmi til slíks hjer á landi. Nú er það auðvitað svo, að þingmenn eiga að greiða atkvæði eptir sannfæringu sinni og engu öðru.

En mjer finnst, að maður verði að vera eitthvað alveg sjerstaklega *viss* í sinni sök, að maður hafi á rjettu að standa, til þess að geta greitt atkvæði með því, að knýja áfram, hvað sem hver segir, jafnmikilvægt og kostnaðarsamt fyrirtæki sem þetta, beint móti eindregnum vilja alls þorra þjóðarinnar, sem á að nota það og bera kostnaðinn af því. Þegar svo mikill hluti allra landsbúa hefur fyllzt slíkum ótta út af þessum ritsíma, og nú eins og standa menn á öndinni af eptirvæntingu þess, er gjört verði hjer á þinginu þessa daga, þá verður tvöföld ástæða fyrir þingmenn að hrapa ekki að neinu í þessu máli, heldur bíða með það enn um hríð, til að íhuga það nánar og láta þessa miklu óró þjóðarinnar sefast, svo að hún geti skoðað málið með stillingu og skynsemd.

Þennan frest ætti *þjóðin* að nota til þess að átta sig á málinu, og *stjórnin* til þess að athuga ýmsa mögulegleika og nýja vegi, sem opnazt hafa í þessu efni síðan í fyrra, fá vissu um ýms atriði, sem nú er óvissa um, t. d. um, hvort nokkurt fje mundi verða lagt úr ríkissjóði til loptritunarsambands hjer; hvort ekki mundi kostur á að fá norræna ritsímafjelagið, eða eitthvert annað útlent fjelag, til þess að setja upp hraðskeytasamband, bæði milli Íslands og útlanda og innanlands, og reka það allt upp á sinn eiginn kostnað og ábyrgð gegn einhverju vissu endurgjaldi úr landssjóði, því er sanngjarnt væri og landssjóði ekki ofvaxið, svo að vjer vissum, hvað um væri að vera, að því er fjárútlátin snertir, og þyrftum ekki að vera um þau í þessari kveljandi óvissu, sem hefur fyllt svo marga menn áhyggju og kvíða.

Ekki get jeg hugsað, að norræna ritsímafjelagið ljeti sig það miklu skipta, þótt þetta ráð væri tekið, og ljeti ekki þess kost eins fyrir það, að samningurinn stæði óhaggaður, ef vjer vildum, núna fyrst um nokkra mánuði. Ef ráðherrann áliti þess þörf, gæti hann kvatt þing saman að ári, til þess að ráða málinu til lykta, ella látið það bíða reglulegs alþingis 1907.

Mjer þykir það leitt, að málið liggur ekki beinlínis undir atkvæði þannig, að um það eitt sje spurt, hvort eigi að fresta, eða ekki að fresta. En því lýsi jeg yfir, að atkvæði mitt um liði þá, er hjer að lúta, þýðir það og ekkert annað en það: Að ritsímamálinu sje *frestað*, það *látið óúlkljáð á þessu þingi*. Jeg vildi, að bæði þing og stjórn gætu orðið samdóma um þetta ráð.

Skúli Thoroddsen, (þm. N.-Ísf.). Jeg vil fyrst víkja nokkrum orðum að breyttill. á þskj. 393; þar er farið fram á, að námsstyrkur við hinn almenna menntaskóla verði 3,000 kr. á ári, í stað 2,000 kr. Í núgildandi fjárlögum er námsstyrkur skólans ákveðinn 4,000 kr. á ári, og mjer finnst það vera nokkuð stórt stökk, að vilja færa hann niður um helming. Áður fyr var styrkurinn 6,000 kr. á ári, en síðan hefur hann smám saman verið lækkaður. Afleiðingin af þessari styrklækkun verður sú, að skólinn verður að eins fyrir pilta úr Reykjavík, og fyrir efnaðra manna syni. Megum vjer ekki gleyma því, að námsstyrkurinn hefur hjálpað mörgum fátækum sveitapiltum, sem annars hefðu ekki átt kost á því, að afla sjer almennrar skólamenntunar, og fari þingið svona freklega, að hallast að þeirri skoðun, að lækka námsstyrkinn, eigum vjer það á hættu, að embættismannastjett landsins verði að eins

skipuð mönnum, sem upprunnir eru hjeðan úr Reykjavík, eða sonum efnamanna og embættismanna, en það er ekki hollt, ef svo fer, því að margir nýtustu menn landsins eru einmitt úr bændastjettinni. Þess vegna er stjettamunur ekki eins ríkur hjá oss, eins og hjá ýmsum öðrum þjóðum.

Það eru að vísu sumir, sem segja, að það sje ekki æskilegt, að eins margir gangi menntaveginn, eins og nú á sjer stað, og telja það ekki heppilegt, að lærðir menn sjeu öllu fleiri en embættin; en jeg get ekki verið á þeirri skoðun. Menntun getur alltaf komið að gagni og aflað þeim, sem hennar njóta, margvíslegrar ánægju, og gjörir þeim lífið ljeftbærara; og þeir menn þurfa alls ekki að verða þjóðinni ónýtir, sem ekki komast í embætti, en geta orðið þjóðinni að liði á ýmsan hátt, einmitt sakir menntunarinnar, er þeir hafa notið. Auðvitað fara margir af námsmönnum forgörðum í ólgusjó lífsins, en það er þá af því, að lítið er í þá spunnið, og sennilegt, að þeir hefðu eigi fremur orðið þjóðinni til uppbyggingar, þótt þeir hefðu eigi menntunarinnar notið. Jeg vona því, að hv. deild taki vel í þessa brt. mína.

Önnur breyt.till., sem jeg hef gjörzt flutnm. að, er sú, að styrkurinn í 13. gr. B IX falli burt. Jeg hef ekki getað orðið samdóma hinum háttv. meðnefndarmönnum mínum um það, að þessi styrkur sje nauðsynlegur, eins og nú stendur. — Liðurinn fer fram á 2,500 kr. styrk hvort árið til manns, til þess að búa sig undir forstöðumennsku við hinn fyrirhugaða lagaskóla. Það var að vísu mikið fagnaðarefni, þegar lögin um lagaskóla voru staðfest; það var »princip«-mál, sem þjóð og þing hafði lengi barizt fyrir, og nauðsynlegt að fá því framgengt. En þar af leiðir ekki, að vjer þurfum einmitt nú, á þessu fjárhagstímabili, þegar fjárhagurinn er þröngur, svo þröngur, að stjórnin hefur sjeð sig knúða til þess, að slengja nýjum tollum á þjóðina, að vjer þá þurfum að verja til þessa 5 þús. kr. Hjer er mesti sægur af lögfræðingum, sem eru atvinnulitlir, og líti hin háttv. stjórn svo á, að það sje ekki hollt að ýta undir menn til þess að ganga skólaveginn, þá er það þó verra, að allt of margir verði það, sem hjer á landi er kallað »lagajúristar«. Hvað eiga þeir að gjöra? Verða málfærslumenn og espa menn í málaferli, til þess að fá sjálfir einhverja atvinnu? Naumast er þess æskjandi. — En svo er og á annað að líta. Hvert á þessi maður að fara, til þess að búa sig undir þetta starf? Ekki til Kaupmannahafnar, því þar hefur hann að líkindum lært lögfræði, og lærir þar því víst ekki mikið meira, allra sízt íslenzk lög, sem þar eru ekki kennd. Ekki er mjer heldur kunnugt um, að slíka fræðslu sje að fá við þýzka háskóla; það var auðvitað öðru máli að gegna, meðan Maurer lifði; en nú held jeg þess sje hvergi kostur. Jeg held því, að sá, sem tekur við forstöðunni við lagaskólann, verði að vera sinn eiginn kennari. Það getur ekki hjá því farið, að kennslan á stofnuninni verði nokkuð ófullkomin í fyrstu, en líklegt er, að hún muni batna með tímanum, kennslubækurnar í íslenzkri lögfræði skapist smátt og smátt, og kennslan verði fullkomnari. Það hefði og verið nokkuð öðru máli að gegna, ef stjórnin hefði getað bent á einhvern vissan mann, sem menn hefðu getað borið sjerstakt traust til, og væri sjerstaklega hæfur til þessa; en það hefur stjórnin ekki gjört.

Þá er þriðja breyt.till., að fjárveiting sú, sem samþykkt var við 2. umr. til

sýslunefnda, til fræðandi og vekjandi fyrirlestrahalds í sveitum, sje færð niður í 2,500 kr. hvort árið, sem mjer virðist nóg til að byrja með. Það kostar ekki mikið, að fá mann til að halda nokkra fyrirlestra; og þó að fólkið eigi að skemmta sjer um leið, er það þó varla meiningin, að veita fje úr landssjóði beint til þess, að unga fólkið geti dansað. Sjeu slíkar skemmtanir sameinaðar fyrirlestrunum, sem opt gæti farið vel á, ættu þeir, sem þátt taka í þeim, sjálfir að leggja fram nokkurt fje, t. d. til húsnæðis, ræstingar o. fl.

Þá er breyt.till. við 14. gr., sem jeg nú reyndar ekki býst við að fái mikinn byr hjer á þinginu, og fer hún fram á, að 750 kr. árleg fjárveiting til Þjóðvinafjelagsins sje felld burtu. Ástæðan er sú, að mjer virðist það óþarft, að veita þeim flokki, sem er ráðandi í landinu, fje til þess, að gefa út politiskt rit, og það rit, eins og Andvari er nú orðinn. Það er hneyksli, fullkomið hneyksli, að slíkar ritgjörðir, sem þar hafa birzt tvö síðustu árin, skuli vera gefnar út með landssjóðsstyrk. Hitt játa jeg, að Þjóðvinafjelagið hefur gefið út góðar alþýðubækur, eins og t. d. »Dýravininn«. En jeg vil með atkvæði mínu geta mótmælt þeirri stefnu, að landið styrki fjelag til þess að gefa út ritgjörðir, sem að eins gætu átt heima í »málgagni sannsöglinnar«, eða í öðru jafn heiðvirðu(!) málgagni.

Breyt.till. við 15. gr. 18 um mótorbát, er tekin aptur samkvæmt breyt.till. frá fjárlaganefndinni.

Þá er næsta breyt.till., að liðurinn 15. gr. 15 falli burt. Hann fer fram á, að veittar sjeu 800 kr. hvort árið til manns, er leiðbeini mönnum við húsabyggingar. Jeg tel þetta öldungis óþarft, þar sem hjer er mjög mikið um snikkara og húsameistara, og þeim fjölgar óðum. Nú er og kominn á fót iðnskóli hjer í Reykjavík, og með vaxandi menntun ættu húsasmiðir að verða svo færir í sinni grein, að ekki sje hörgull á mönnum, er leiðbeint geti almenningi, að því er húsagjörð snertir.

Þá kemur loksins breyt.till. í þá átt, að veita iðnaðarmannafjelaginu á Ísafirði styrk, til þess að hafa kvöldskóla, 800 kr. hvort árið. Hjer er um fjelag að ræða, sem hefur staðið í mörg ár, og opt fundið sárt til þess, að geta ekki haft kvöldskóla að staðaldri á vetrum, en það hefur gengið örðugt, vegna fjárskorts. Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefur fengið því framgengt, að iðnaðarmenn á Akureyri fái styrk í þessu skyni, og þá finnst mjer ekki rjett, að gjöra Ísfirðingum lægra undir höfði. En ef þingið hefði fylgt þeirri stefnu, að styrkja að eins iðnfjelagið í Reykjavík, hefði jeg eigi talið til neins að hreyfa þessu máli. En úr því, sem komið er, trúi jeg því ekki, að þingið vilji setja Ísfirðinga hjá, þar sem iðnfjelag þeirra hefur á ýmsan hátt sýnt það, að það er góðs maklegt.

En þetta, sem jeg þegar hef minnzt á, eru nú allt saman smáatriði, sem mjer er lítið kappsmál um; en það er nokkuð öðru máli að gegna, að því þá breyt.till. snertir, sem jeg nú vík að. Það eru breyt.till. á þgskj. 386; þær snerta stærsta mál, sem alþingi fjallar um að þessu sinni, mál, sem bæði mjer og öðrum þykir afar mikilsvert að fái heppileg úrslit. Aðaltillaga minni hluta nefndarinnar fer fram á það, að liðurinn 12. gr. D. falli burt. Í þessu felst ekki það, að vjer sjeum hraðskeytasambandi mótfallnir, heldur að eins það, að vjer viljum, að málinu sje frestað, og sjáum eigi annað heppilegra form, að því er frestun

málsins snertir. Aðhyllist þingið þessa tillögu, sem því miður er lítil von um, er það sjálfsagt, að komið yrði fram með þingsályktunartillögu til þess að fela stjórninni, að búa málið undir næsta þing. En að því, er snertir ástæðurnar fyrir þessari breyt.till., hefur háttv. þm. Mýr. (M. A.) tekið þær svo greinilega fram, og sýnt svo ljóslega, hve margar og mikilvægar þær eru, að um þær þarf jeg ekki að fjölyrða. Og það er enginn vafi á því, að það eru þau úrslit málsins, sem þjóðin fellir sig bezt við.

En þar sem við gjörum okkur ekki miklar vonir um, að þessi till. okkar verði samþykkt, höfum við komið fram með varatill., til þess að gjöra okkar ýtrasta til þess, að málið verði leitt til happasælli úrslita, en ofan á varð hjer í deildinni við 2. umr. Varatill. þessi fer í þá átt, að koma á loptskeytasambandi milli Skotlands eða Noregs annarsvegar, og Reykjavíkur hins vegar, en hafa svo landsíma og talþráðarsamband frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. Eitt af tilboðum Marconifjelagsins fer í þá átt, að koma á loptskeytasambandi milli Skotlands, Færeyja og Reykjaness, með ritsíma þaðan til Reykjavíkur, annast að öllu leyti viðhald og rekstur í 20 ár, og skila landinu síðan loptskeytastöðvunum í gildu standi, sem þess eign, og fyrir allt þetta á landið að eins að greiða 4,080 pund sterling í árgjald í 20 ár, og renna allar tekjurnar til Íslands. — Frá árgjaldi þessu, sem að krónutali verður 74,419 kr. 80 a., dregst árgjald frá Dönum, sem gjöra má ráð fyrir að nemi $^3/_5$, eins og þeir hafa lofað að greiða ritsímafjelaginu til sæsímans; það yrðu að eins 45 þús. kr. á ári í staðinn fyrir 54 þús. kr., er þeir hafa heitið til sæsímans, og þar sem Færeyjar komast á þennan hátt í loptskeytasamband, sparast Dönum á þennan hátt 9 þús. kr. árlega.

H. framsm. fjárlaganefndarinnar fór nokkuð fljótt yfir sögu, er hann minntist á þessa breyt.till., enda hefur hann í mörg horn að líta. Hann sagði, að þetta fjárframlag frá Dönum væri óvíst, en rökstuddi þau ummæli sín að engu leyti, sem naumast var heldur von, þegar þess er gætt, að fyrv. Íslandsráðherra, Alberti fór fram á það 1902, að fá heimild þingsins, til að verja til loptskeytasambands þeim 35 þús. kr. árlega, sem alþingi hafði veitt til sæsíma, og ætlaðist þá til þess, að 54 þús. kr. árlegu tillagi Danmerkur yrði varið í sama skyni. Til þess að taka af allan efa í þessu efni, skal jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr ræðu, sem hæstv. forseti, þáverandi landshöfðingi Magnús Stephensen, hjelt á alþingi 1902; þar standa þessi orð: »Því hún (þ. e. stjórnin) getur fengið sams konar heimild frá ríkisþinginu nú þegar í haust, eða að vetri«.

Þessi ummæli hæstv. landshöfðingja sýna glöggt, hvað stjórnin ætlaði sjer; og þegar nú háttv. frmsm. meiri hluta fjárlaganefndarinnar er að slá því fram, þvert ofan í svona gögn, að Danir muni ekki leggja neitt fram, þá get jeg ekki kallað það annað en getsakir. Og sízt hefði jeg ætlað jafn mikilsvirtum manni í þeim flokki, sem stjórnin »styðst við«, eins og háttv. frmsm. er, að hann gjörði dönsku stjórninni þær getsakir, þar sem vjer þó vitum, hve dönsku stjórninni og ráðherra vorum semur prýðis vel.

Meiri hluti nefndarinnar hefur og í áliti sínu reynt að færa rök að því, að hraðskeytasendingar milli landa sjeu sameiginlegt mál. En væri svo, ættu Danir að kosta millilandasambandið

að öllu leyti. Og svo heldur meiri hlutinn því fram engu að síður, að Danir leggi ekki fram einn eyri! Svona er rökfærslan og samkvæmnin í þessu efni, eins og í fleiru í því nefndaráliti.

Þá má líka í þessu sambandi benda á þá ósamkvæmni, er lýsir sjer í því, að ýmsir af h. háttv. þingdm., er nú berjast gegn loptskeytunum, hafa áður litið likt á þetta mál, eins og vjer minni hlutamennirnir höldum fram, svo sem háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G), háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), háttv. þm. Húnv. (H. J.) og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). (*Lárus H. Bjarnason:* Hvar stendur það?) Jeg svara ekki h. háttv. þm., nema hann haldi ræðu. (*Lárus H. Bjarnason:* Það getur vel verið, að jeg haldi ræðu). Þá skal ekki á svörum standa.

Enn fremur skal jeg benda á það, að ef gjört er ráð fyrir, að ríkisþingið veiti 45 þús. kr. á ári — og hví skyldi það ekki eins vel veita 45 þúsund til svona sambands, eins og 54 þúsund til ritsíma? — þá eru ekki eptir nema tæpar 30 þús. af árgjaldinu til Marconífjelagsins. En nú hefur háttv. meiri hluti nefndarinnar áætlað tekjur þær, er norræna ritsímafjelagið fengi af millilandasambandinu, 30 þús. kr. á ári. Og ef svo væri, fengjum vjer Íslendingar því loptskeytasambandið milli landa *fyrir ekki neitt*, ef gengið væri að þessu tilboði Marconífjelagsins. Væri nú önnur loptskeyta-endastöðin í Noregi, má búast við, að Noregur leggi líka eitthvað fram. Hinn háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar var reyndar ekki trúaður á það; en hann hefur líklega ekki kynnt sjer skjöl málsins til hlítar. Jeg skal því lesa upp fyrir honum — með leyfi hæstv. forseta — kafla úr brjefi frá norska telegrafdirektörnum Rasmusen til dr. Valtýs; þar segir svo: »Under forudsætning af at kabelen föres til norsk kyst, fandt jeg det rimeligt, og vilde have foreslaaet, at der ydedes et större aarligt statsbidrag fra norsk side«.

Að fortaka það, þvert ofan í svona skýrt brjef, að nokkurs framlags geti verið að vænta frá Norðmönnum, það kalla jeg því nokkuð djarft. Hann ber Tulinius fyrir þessu. (*Pjetur Jónsson:* Nei). Jæja, einhvern herra bar hann fyrir því, að Norðmenn mundu verða tregir til að leggja fje fram; en hjer í þingsalnum er staddur maður, sem átti tal við færeyzka fólksþingismanninn Paturson, er þá var nýkominn frá Noregi, og hafði talað við utanríkisráðherrann norska um væntanlegt fjárframlag frá Noregi til hraðskeytasambands milli Noregs, Færeyja og Íslands, og hafði hann einmitt tekið því mjög líklega.

Þá gat háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar þess, að hraðskeytasamband það, er till. vor fer fram á, væri ekki tryggilegt. Líklega hefur hann átt við, að það væri ekki tryggilegt fyrir höfuðstaðinn. En jeg vil þá til samanburðar biðja menn að minnast þess, að Stóra norræna fjelagið getur vítalaust látið farast fyrir, að gjöra við sæsímann í 4 mánuði, ef hann slitnar. Jeg veit vel, að það stendur í ritsímasamningnum, að fjelagið eigi að gjöra við símaslit svo fljótt, sem unnt er. En það er ómögulegt, að dæma um framkvæmdir fjelagsins í þessu efni, svo að ákvæði þetta verður þýðingarlaust í framkvæmdinni, enda tekið fram í samningnum, að fjelagið skuli ekkert af árgjaldinu missa, ef símaslitin haldist ekki lengur, en 4 mánuði í senn. Setjum svo, að sæsíminn slitnaði þrisvar á ári, og að í hvert skipti stæði í 4 mánuði á aðgjörðinni, þá væri ef til vill hægt, að senda þrjú símskeyti á ári. Auðvitað dettur mjer ekki í hug, að

þetta komi fyrir; en þetta er alveg hugsunarrjett. *(Jón Jónsson:* Hugsanlegt). Já, og þar af leiðandi hugsunarrjett, að gjöra ráð fyrir þessu. Og þetta kallar hinn háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar tryggara, en loptskeytasamband. — Ef til vill hyggur hann það einnig fljótlegra og auðveldara, að gjöra við bilun uppi á Dimmafjallgarði, heldur en við bilun á einhverri hraðskeytastöð, þar sem jafnan eru vara-vjelar og vara-hlutir við hendina? Stöðin getur og starfað, þó að eitt mastur bili, þar sem þau eru vanalega 3 eða 4; og þótt mastur brotni í stormi, þá er hægt að gjöra við það strax, er veðrinu slotar. Það er því enginn samjöfnuður á því, hvað loptskeytasambandið er miklu tryggilegra. Jeg hlakka því mjög til að heyra það, hvernig háttv.þm. Rvk. vill fara að verja það fyrir kjósendum sínum í höfuðstaðnum, að greiða atkvæði með sæsíma til Austfjarða, og landsíma þaðan til Reykjavíkur, þar sem í boði er beint loptskeytasamband milli höfuðstaðarins og útlanda, sem þar að auki er miklu ódýrara, en hitt.

Að vera að kasta því fram, að loptritunin sje enn á tilraunaskeiði, nær engri átt, þar sem loptskeytastöðvarnar nema mörgum hundruðum víðsvegar um heim. Jafnvel Danir sjálfir nota loptritun á herskipum sínum, og milli vita og lands, og enda víðar, svo að allar mótbárur fjárlaganefndarinnar að því, er snertir óvissuna um tillag frá Dönum, og um það hve sambandið sje ótryggt, eru sýnilega aðeins útúrdúrar. Sannleikurinn er, að ritsímasamninginn skal samþykkja, hvað sem það kostar, og því vill meiri hlutinn ekki taka neinum sönsum í þessu máli, en reynir að klekja út ýmsum málamyndarástæðum.

Aðalmótbáran, sem slegið er fram, þegar allt um þrýtur, er annars sú, að ef vjer höfnum ritsímasamningnum, þá fáum vjer ekki þær 300 þús. kr., sem fjelagið hafi heitið að leggja fram til landsímans; en landsímann milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur megum vjer ekki missa, segja þeir. En nú hefur verið sýnt fram á það í framhaldsnefndaráliti okkar, að þó að vjer höfnum ritsímasamningnum, og missum því þessar 300 þús., þá spörum vjer á hinn bóginn þær 35 þús. kr. árlega í 20 ár, sem ritsímasamningurinn áskilur að vjer greiðum norræna ritsímafjelaginu fyrir sæsímann. En má þá ekki gjöra sjer mat úr þessum 35 þús. kr. árlega í 20 ár? Eru þær ekki eins mikils virði, eins og 300 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll? Jú, vissulega, því að taki landið nefndar 300 þús. kr. að láni, þá þarf ekki meira, en 22,500 kr. á ári, til vaxta og endurborgunar tjeðu láni á 20 árum, og er það 12,500 kr. minna árlega í 20 ár, en þær 35 þús. kr., sem vjer eigum að greiða fjelaginu fyrir sæsímann. — Og sjeu menn í vafa um fjárframlag af Dana hálfu til loptskeytasambandsins, sem reyndar er ástæðulaust, því þá ekki að fresta málinu til þess að fá vissu sína í því?

Nei, eina og sanna ástæðan, sem meiri hlutinn getur haft á móti því, að aðhyllast tillögurnar í framhaldsnefndaráliti okkar, er sú, að þá yrði ráðh. að líkindum að fara frá völdum. En frá landsins sjónarmiði held jeg nú reyndar, að það borgaði sig betur, að borga ráðh. full laun alla hans æfidaga, þó hann yrði 80 ára að aldri, en að samþykkja ritsímasamninginn. Það er hægt að sýna fram á það með tölum.

En málið hefur ekki að eins pen-

ingalega þýðingu; aðalatriði málsins er hin pólitíska hlið þess, sem framsm. kvaðst ekki vilja fara neitt út í, og er það óneitanlega skrítið, að ganga fram hjá þeirri hlið málsins, sem mestu varðar. Það fylgir nefnilega sá böggull skammrifi, að því er ritsímasamninginn snertir, að samgöngumálaráðherra Dana hefur þar töglin og haldirnar, lögskýringarvaldið, ákveður símskeytataxtana milli landa o. s. frv.; og símskeytagjöldin hefur hann þegar ákveðið 50 aura fyrir hvert orð, sem hlýtur að leiða til þess, að síminn verður mikið minna notaður, en ef gjöldin hefðu verið lægri. En langversti agnúinn er þó einkarjetturinn, sem fjelagið hefur í 20 ár; og að þeim liðnum getur það jafnvel fengið leyfið endurnýjað, ef það eigi krefst neins árgjalds. Við megum því ekki, hversu ófullkomið, sem sambandið kynni að reynast oss, og hversu mikið, sem fjelagið kynni að okra á einkarjetti sínum, þá megum við ekki leita oss bjargar annarsstaðar.

Jeg skil því ekki í neinum Íslending, sem ekki sjer þá afar-miklu þýðingu, sem mál þetta hefur fyrir land og lýð. En því ljósara, sem mönnum er þetta, því augljósara er það, hve ósæmilegar getsakir það eru, að slá því fram, að mótspyrnan gegn ritsímasamningnum þurfi endilega að vera sprottin af persónulegum hvötum, eða löngun til þess, að losna við ráðherrann. — Jeg held þvert á móti, að vjer vildum vinna það til, til að losna við þær ófrelsisviðjar, sem ritsímasamningnum fylgja, að lofa hæstv. ráðh. að stjórna oss nokkur árin enn, og gefa honum jafnvel traustsyfirlýsingu, þótt ekki sjeum vjer mjög hrifnir af stjórnarforstöðunni. (*Lárus H. Bjarnarson:* En undirskriptin!) Að henni komum við seinna. En þessi pólitíska hlið ritsímamálsins er sú hlið þess, sem hefur langmesta þýðingu, og það er sú hliðin sem jeg hygg að sagan muni líta mest á, og hafa að mælikvarða, er hún kveður upp sinn dóm.

Jeg ætla svo ekki að tala meira að sinni, enda talaði jeg ýtarlega við 2. umr. málsins. Jeg veit og, að það muni ekki hafa mikinn árangur, að vera langorðari um þetta mál, því það er enginn vafi á, hver úrslitin verða, eins og þingd. er skipuð.

Ráðherrann: Jeg hef leyft mjer að koma fram með nokkrar breyt.till. á þgskj. 398, og get jeg verið stuttorður um þær. 1. breyt.till. er við 12. gr. B, 1. b. um endurgjald á ferðakostnaði verkfræðings landsins, og fer hún fram á, að orðin »á ferðum með strandbátunum« falli burt. Verkfræðingurinn hefur farið þess á leit, að þessu yrði þannig breytt, svo að hann fái ferðakostnað sinn endurgoldinn, þó hann ferðist ekki með bátunum, sem sjaldnast kemur fyrir. Jeg skal benda á, að háttv. þingdeild hefur orðalaust og mótmælalaust samþykkt samskonar ákvæði við 15. gr. 2, þar sem ákveðið er, að borga öðrum verkfræðingi ferðakostnað eptir reikningi allt að 500 kr. Hjer er að eins farið fram á, að verkfræðing landsins sje gjört jafnhátt undir höfði og hinum. Það er að mínu áliti rjett, að einskorða ekki endurgjaldið á ferðakostnaðinum við ferðir hans með strandbátunum, svo það dragi ekki úr ferðum hans á landi. Laun hans eru ekki svo há í samanburði við laun verkfræðinga annarsstaðar í veröldinni, að honum sje ætlandi, að eyða af þeim miklu til ferðakostnaðar, en það er landinu sjálfu fyrir beztu, að hann ferðist sem mest um það, svo að hann kynnist því af sjálfs sjón.

Önnur breyt.till. er við 12. gr. E. m. um vita á Vestmannaeyjum. Laun vitavarðar hafa þar verið áætluð 400

kr. eins og þóknunin er til vitavarðanna við aðra smávita, en það mun verða ómögulegt, að fá mann til vitans í Vestmannaeyjum fyrir þá borgun. Þar hagar svo til, að maðuriun verður að búa í nánd við vitann og verður hann að byggja sjer hús þar; hann getur naumast gefið sig við öðru en vitanum þann tíma, sem hann er kveiktur, og verður hann því að minnsta kosti að hafa 700 kr. laun.

Þriðja breyt.till. er um það, að upphæð sú, er stóð í stjórnarfrumv. til milliþinganefndar í kirkjumálum, verði tekin upp aptur, svo að aptan við 12. gr. A bætist nýr liður upp á 3000 kr. f. á. Sumum kann að virðast sem það sje ekki alveg nauðsynlegt, að veita upphæð þessa fyrirfram, heldur mætti greiða hana upp í væntanlega veiting á fjáraukalögum. En úr því hún hefur nú staðið í stjórnarfrumv. og verið numin burt úr því, þá lítur næstum út eins og menn amist við nefnd þessari, og ætlist ekki til, að varið sje fje til hennar. En jeg álít það mjög æskilegt, að nefndin haldi áfram starfi sínu, því eptir yfirlýsingu formanns hennar í brjefi, þar sem hann sækir um, að fjárveiting þessi verði tekin upp í fjárlögin, á nefndin mjög mikið verkefni eptir. Jeg skal leyfa mjer, að lesa upp kafla úr brjefi þessu, sem sýna, hvað nefndin hefur þegar gjört og hvað mikið hún á eptir: Í brjefinu segir svo,

»Á fundum þessum hefur nefndin rætt til fullnustu 1. og 2. lið þingsályktunartillögunnar, og komizt að ákveðinni niðurstöðu um skipun kirkjumálanna, um synodus, um hjeraðsfundi og hjeraðsnefndir, um sóknarnefndir og safnaðarfundi, um biskupsembættið og um önnur þau atriði, er heyra undir þennan þátt málsins. Þá hefur nefndin og tekið til umræðu og íhugað nokkuð ítarlega 3. og 4. lið þingsályktunartillögunnar, einkum skipun prestakalla, en þessa liði hefur hún ekki rætt nær því til fullnustu, enda vantar hana enn ýmsar þær skýrslur, sem hún bað um með brjefi til stjórnarráðsins 9. apríl þ. á.

Nokkur sjerstök atriði þessa yfirgripsmikla máls hefur nefndin tekið til íhugunar og gjört ályktanir um, og skal jeg í því skyni nefna: innheimtu prestsgjalda (c: sóknartekna), árgjöld til landssjóðs af prestaköllum, eptirlaun uppgjafapresta og prestaekkna af prestaköllum, laun prófasta, borgun til safnaðarfulltrúa etc.

Nefndin hefur ákveðið, að halda fundi með sjer í júnímánuði í vor, er kemur, og síðan í septembermánuði eptir þing Mun nefndin þá aðallega taka til meðferðar prestakallaskipunina og launakjör presta, prestssetrin og lýsing á þeim og önnur nærskyld efni. Síðast hyggur nefndi að taka til meðferðar sjálfar kirkjurnar, umsjón þeirra og viðhald, tekjur og gjöld, o. s. frv.«

Eins og sjest á þessu, er það ekkert áhlaupaverk, sem nefndin hefur fyrir hendi. Ef yfirlýsing kæmi fram fráfjárlaganefndinni um það, að tilætlunin væri, að brúka megi fje það, sem með þarf umfram þær 1,200 kr., sem eptir eru af 3,000 kr. fjárveitingunni frá í fyrra, gæti jeg tekið tillöguna aptur, en mjer þætti viðkunnanlegra, að upphæðin fengi að standa eins og hún var í stjórnarfrumv.

Þá ætla jeg með fáum orðum að minnast á tillögu minni hlutans í ritsímamálinu. Því var spáð við 2. umr. fjárlaganna, að við mættum eiga von á því, að tillögur þessar gengju aptur, og hefur það reynzt svo; en eins og títt er um apturgöngur, hafa þær þó breyzt töluvert frá andlátinu við 2.

umr. Till. þessar eru nokkurskonar kynblendingur af því, sem fram er komið á báða bóga í málinu. Þegar maður les tillöguna, liggur við, að manni detti í hug vísan:

»Mynd þar fyrir mig í nótt,
mannsskrokk upp úr hesti, o. s. frv.

Mig er nú ekki farið að furða á öllu, sem kemur frá háttv. minni hluta. En þó get jeg ekki varizt því, að mig rekur í rogastans, ekki eiginlega af breyt.-till., heldur af bollaleggingum þeim, sem henni fylgja í svonefndu framhaldsnefndaráliti minni hlutans, og þeim dæmafáa sjálfsþótta, sem kemur fram í röksemdafærslunni í því skjali. Minni hlutinn þykist með breytingartillögunni hafa komið svo ár sinni fyrir borð, að ef hún væri samþykkt, þá »*kostaði millilandasambandið sjálft Ísland ekki einn eyri*, en mundi þvert á móti gefa landinu sívaxandi arð«, og innanlandssambandið verða 12,000 kr. ódýrara á ári í 20 ár!

Afklæði maður efni tillögunnar þá er það þetta: 1. Í stað sæsíma frá Hjaltlandi yfir Færeyjar til Seyðisfjarðar komi þrjár þráðlausar loptskeytastöðvar, í Skotlandi, í Færjum og á Reykjanesi. 2. Í stað þess að greiða 35 þúsundir á ári í 20 ár og fá á móti, út í hönd, 300 þúsund króna framlag til landsíma, sem er sama sem að ekki sje greitt til millilandasambandsins nema *12,500* kr. á ári í 20 ár, á landið að greiða **74,419 kr.** á ári í 20 ár, og fá ekkert framlag til landsíma. Þetta er óbjagað innihald tillögunnar, þetta og annað ekki. En hvernig fá þá mennirnir út sín gullnu fyrirheiti? Blátt áfram með því, að gjöra sjálfa sig að yfirfjárveitingarvaldi í Danmörku, og veita okkur af ríkissjóði Dana 45,000 kr. á ári í 20 ár til þess að spekúlera með og græða á, án þess að ríkið verði hluttakandi í tekjunum á neinn hátt, og án nokkurrar ábyrgðarskuldbindingar, viðvíkjandi öruggu sambandi til Færeyja! Hitt annað á svo allt að græðast á tekjunum af þráðlausu sambandinu til Reykjaness (Reykjavíkur). Svona á að fara að því!

Hjer er sá mikli vanbrestur á undirstöðunni, að þráðlausa sambandið *er ótryggt*, og að öðru leyti þannig vaxið, að það getur ekki gjört sama gagn og sæsími, þótt tryggt væri; þetta síðara játa allir, jafnvel umboðsmaður Marconífjelagsins. Þar sem nú öruggt og óyggjandi sæsímasamband er í boði og það samkvæmt þegar fenginni konunglegri »konsessíon«, er mjög ólíklegt, að ríkisþing Dana, þó það ef til vill meti mikils aðra eins öðlinga, og hjer eiga hlut að máli, mundi vilja hlaupa undir bagga með þeim, til þess að svipta oss því upp á óvissu og út í bláinn.

Um þetta þarf því ekki frekar orðum að eyða, en það er þó nógu gaman að athuga í þessu sambandi mismuninn á því, sem sæsímasamband til útlanda og þráðlaust samband til útlanda kostar okkur *út af fyrir sig*, eptir þeim seinustu niðurfærðu boðum Marconífjelagsins. Innanlandskostnaðurinn er sami í báðum tilfellum. Það er ekki beint hægt að taka til samanburðar það tilboð, sem þessi spánýja breyt.till. minni hl. byggist á, því það gjörir ráð fyrir sambandi milli Skotlands og Reykjaness, en sæsíminn á að liggja til Seyðisfjarðar, eins og kunnugt er. En það vill svo vel til, að meðal Marconí-tilboðanna síðustu er eitt, sem miðar við sömu höfuðstöðvar eins og sæsíminn kemur við. Það er Marconi-tilboðið nr. III (nefndarálit bls. 40), og við það má miða.

Þetta Marconi-tilboð eða rjettara minni hl. till. kostar nú annaðhvort í eitt skipti fyrir öll 248,776 kr. auk 32,032 kr. í árskostnað, eða með ár-

gjaldi í 20 ár 51,943 kr. á ári, en eptir ritsímasamningnum eigum við að borga fyrir sæsímann frá Hjaltlandi yfir Færeyjar til Seyðisfjarðar 35 þús. kr. í 20 ár, En svo fáum við 300 þús. kr. uppbót frá Stóra norræna út í hönd, eins og svo opt er búið að taka fram, en það er sama og fjelagið greiddi oss 22,500 kr. í 20 ár, og sje þetta nú dregið frá tillagi okkar fyrir sæsímann, þá verða eptir segi og skrifa 12,500 kr., sem sæsíminn milli landa kostar okkur árlega í 20 ár. Þetta er alveg augljóst og ómögulegt að vefengja.

Hjer eru þá hreinar tölur að bera saman. Þráðlaust samband frá Skotlandi til Seyðisfjarðar kostar oss 52 þúsund kr. á ári, en símasamband sömu leið 12,500 kr. Mismunurinn er 39,500 kr., sem loptritinn kostar *oss* fram yfir sæsímann milli landa.

Ef menn vildu fara að setja upp sams konar útreikninga, eins og minni hl. og blöð hans, mundi það koma í ljós, að eptir 20 ár væri sú upphæð hálft fertugasta þúsund á ári, orðin talsvert á aðra millión, og samsvara 20 ára afborgun og vöxtum af allt að 600 þús. kr. láni!! En slíkir útreikningar eru nú einu sinni minni hlutans, og skal jeg ekki fara lengra út í þá. Jeg hef opt furðað mig á, að þeir skuli ekki heldur reikna út, hvað sömu upphæðir verða orðnar miklar eptir t. d. 100 ár eða 200 ár, til þess að alvarlega munaði um það.

Það leikur því enginn vafi á því, að þráðlausa sambandið milli landa er oss miklu dýrara, en símasamband það, sem okkur stendur til boða, nema önnur lönd vilji borga það fyrir oss. En til þess tel jeg enga von. Hvað sæsíminn kostar í raun og veru, kemur okkur ekkert við, fyrst við borgum ekki meira til hans en eitthvað á 13. þúsund; hitt greiðir fjelagið, og varðar okkur ekki um, hverja hagsmuni það kann að fá fyrir það frá öðrum en Íslandi.

En tekjurnar, segja menn, allar tekjurnar af sæsímanum, eigi að ganga til útlends fjelags, en tekjurnar af loptsambandinu í landssjóð, og minni hl. hefur nú áætlað, að þær tekjur yrðu um 30 þús. kr. á ári þegar í stað, og miklu meiri síðar. Athugum þá líka það atriði hjá háttv. minni hluta nokkuð nákvæmar.

Jafnhliða þessari áætlun sinni um tekjurnar af loptritanum hefur háttv. minni hluti kvartað sáran yfir því, hvað taxtarnir fyrir notkun sæsímans væru afarháir, kallað þá okur og ófrelsisviðjar, klafa, sem leggja eigi á þjóðina, til þess að gjöra okkur að mjólkurkú erlends stórgróðafjelags. Aptur á móti hefur háttv. minni hluti haft stór orð um, að ef loptskeytasamband yrði tekið, og landið sjálft tæki tekjurnar og rjeði töxtunum, þá mundu þeir verða miklu lægri, svo miklu lægri, að það útaf fyrir sig væri ómetanlegur stórgróði fyrir þjóðina. Gáum nú vel að. Taxtarnir fyrir notkun sæsímans eru samkvæmt samningnum við Stóra norræna í hæzta lagi 50 au. fyrir hvert orð í almennum skeytum, en 25 au. fyrir hvert orð í frjettum til blaða, að meðaltali verður það 37½ eyr. fyrir orðið. Þetta eru, eins og jeg hef tekið fram áður, maximaltaxtar fjelagsins, hámarkið fyrir því, sem það *getur* heimtað fyrir hraðskeytin milli landa, fyrstu fimm árin, síðar sjálfsagt lægra. Til þess að það geti náð nokkurri átt, að taxtarnir fyrir þráðlausa sambandið verði svo miklu ódýrari, að það muni þjóðina nokkru, þá má því auðvitað ekki taka nándanærri svo mikið fyrir orðið með loptritanum; það má ekki taka meira en í hæsta

lagi að meðaltali 20 au. fyrir orðið, ef notkunin á að verða svo miklu ódýrari, sem látið er í veðri vaka. Setjum svo, að taxtinn verði 20 aura fyrir orðið, hvað mörg orð á ári þurfa þá að fara með honum, til þess að það nemi 30 þús. kr., sem háttv. minni hl. hefur talið víst til að byrja með? Hefur háttv. minni hl. athugað það? Til þess þarf að minnsta kosti 500 orð á dag í c. 300 daga ársins milli Íslands og útlanda. Jeg ímynda mjer nú, að þó að margir hafi mikla trú á loptritanum, þá sjeu þeir þó fáir, sem geti hugsað sjer, að hann anni svo miklu að minnsta kosti yfir vetrarmánuðina, enda tvísýnt, að þörfin fyrir millilandaorðsendingar sje svo mikil enn.

Miklu sennilegra er, að fyrst um sinn fari ekki meira en svo sem 200 orð að meðaltali milli landa á dag með loptrita, ef á annað borð nokkuð verður sent með honum yfir vetrarmánuðina, sem er mjög vafasamt og stopult að treysta. En setjum svo, að hann gæfist svo vel, að með honum yrðu send 200 orð á dag að meðaltali í 300 daga ársins, þá yrðu tekjurnar með 20 aura gjaldi fyrir orðið upp og niður ekki nema 12,000 kr., og sjá allir, hve míkið skarð það heggur í þessar 52 þúsundir, sem sambandið mundi kosta oss.

Svo er þess að gæta, að það er engan veginn satt, að landið fái ekki neinar tekjur af þráðarsambandi; terminaltaxtinn er þó c. $7^1/_2$ eyrir fyrir hvert orð, sem gegnum sæsímann kemur, hvort sem skeytin koma að eins til lendingarstaðar símans eða lengra, og nemur það meir en þriðjungi af því, sem fást mundi fyrir þráðlaus skeyti með framangreindum taxta.

Háttv. þm. Mýr. (M. A.) vildi fresta þessu máli, af því að þjóðin væri í svo mikilli óvissu, um hvað rjett væri í þessu, og búið væri að villa henni svo mjög sýn. Hann lagði mjög mikla áherzlu á það, að *allstaðar* væri *vafi*, *allstaðar* ágreiningur. En þessu er alls ekki svo háttað. Í ritsímanefndinni er stór meiri hluti, 5 af 7, sem alls ekki er í neinum vafa, og mikill fjöldi manna er á sama máli og meiri hlutinn. — Málið verður ekkert vafasamt fyrir það, þó fáeinir menn setji sig þversum. Það væri illt, ef ekkert mætti álítast rjett, meðan nokkur þverkálfur vill þræta. Þess er langt að bíða, að þeir menn sannfærist, sem vilja hvorki sjá nje heyra.

Mjer fannst háttv. þm. yfir höfuð fremur tala hjer sem sáttasemjari og góðmenni, heldur en eiginlega afgjörandi. Mjer skildist á orðum hans, að hann áliti rjettast, þegar ágreiningur kemur upp, að bíða þangað til að sátt og samlyndi er komið á um ágreiningsefnið. Þetta er náttúrlega mjög fallega hugsað, en ekki er það praktískt; ef ágreiningur kemur upp, þá verður optast ekki endir þrætunnar, fyr en úr er skorið. Hjer er það þingið, sem hefur úrskurðarvaldið, og háttv. þm. er einn af þeim. sem úrskurðinn á að fella.

Mjer fundust ástæður háttv. þm. fyrir frestun málsins yfir höfuð, mjög veikar. Hvernig getur hann búizt við, að allir verði sammála í þessu máli, þó að það bíði, nema þá með svo felldu móti, að biðin drægi tækifærið, sem nú er, úr höndum oss, svo að ekkert væri lengur um að þræta þess vegna. Meðan ekki var völ á neinu hraðskeytasambandi, voru allir sammála um að óska þess. Eins gæti auðvitað farið, ef þannig væri nú með farið, að vjer ættum einskis völ lengur. En nú er einmitt skylda að velja.

Til hvers væri, að fara að grennslast eptir því, hvort ekki fengist tillag úr ríkissjóði til þráðlauss sambands, þegar þráðlaust samband er oss bæði dýrara og óhagkvæmara í alla staði? Að fresta málinu til þess að vita, hvort Stóra norræna vilji ekki leggja landsíma um allt land á sinn kostnað, er tilgangslaust, því fjelagið hefur neitað því áður, enda væri það vissulega ekki hagfellt eða þjóðlegt að láta útlent fjelag hafa *innan*-landssambandið í höndum. Ekki skil jeg heldur, að það sje meiri ástæða fyrir frestun, þó tekizt hafi með taumlausum agitatíónum og blaðarangfærslum að æsa nokkra menn upp á móti ritsímanum. Það er alveg misskilningur og á sjer engan stað, að »mikill meiri hluti þjóðarinnar« sje á móti ritsímanum.

Ef það er rjett, sem hann sagði, að almenningur »stæði á öndinni« af eptirvæntingu viðvíkjandi úrslitum þessa máls, þá gæti jeg trúað, að menn væru almennt mest kviðafullir fyrir því, að þingið ljeti minni hlutann fá sig til að sleppa því færi, sem nú er; en af þeim kvíða ætti þá sem fyrst að leysa menn.

Háttv. minni hluti hefur gjört mikið úr því, hve hættulegt og niðurlægjandi það væri fyrir land og þjóð, að ritsímafjelaginu væri veittur einkarjettur í 20 ár, en jeg fæ ekki betur sjeð, en að það komi alveg í sama stað niður, hvort samið er um einkarjett með berum orðum, eða hvort samningnum er hagað svo, að af því leiði einkarjett í raun og veru. Ef tilboði Marconí-fjelagsins er sinnt, þá erum vjer alveg eins »bundnir á klafa« eins og háttv. minni hluti kemst svo fagurlega að orði. Það fjelag fær einkaleyfi ex re; í því skuldbindur landið sig til að borga því 70—80 þúsundir á ári, fyrir hraðskeytasamband, hvort sem það dugar nokkuð eða ekki; þá er faktiskt ómögulegt, fjárhagsins vegna, að semja við önnur fjelög um sama. Með ritsímasamningnum fær Stóra norræna ritsímafjelagið einkaleyfi um 20 ár til hraðskeytasambands milli Íslands og Evrópu, ef það heldur samninginn, en þetta leyfi nær ekki til skipa á sjó nje til annara heimsálfa. Fyrir rúmum tveimur árum kom til dönsku stjórnarinnar beiðni frá fjelaginu Warburg, Arntzen & Bing um, að fá einkaleyfi fyrir allt hraðskeytasamband milli Íslands og allra annara landa í heimi, og fann enginn á þessu þingi neitt við þetta að athuga að neinu leyti, en þetta strandaði fyrst og fremst á því, að stjórninni þótti þráðlausa firðritunin, sem það vildi koma á, ekki nægilega trygg, enda gat fjelagið ekki fengið það fje til fyrirtækisins, sem það hafði »reiknað upp á«.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um, að Alberti ráðgjafi hefði lagt það til, að velja þráðlaust samband hingað til lands. En þetta er alveg rangt. Háttv. þm. gleymdi, að geta þess, að það kom ekki til mála, að eiga við þráðlaust samband nema því að eins, að sími fengist alls ekki, og þá leit ekki út fyrir, að það yrði, eins og tekið er fram í »mótívum« við fjárlagafrumv. 1903, því allar málaleitanir við önnur ríki höfðu brugðizt. Um það leyti sá Stóra norræna ekkert færi á, að taka þetta að sjer.

Jafnvel áður en kostur var orðinn á ritsímasambandinu, fjell danska stjórnin frá því, að hugsa um þessi þráðlausu sambönd, og þótti ekki rjett, að hætta Íslandi út í slík »experiment«. Það er alveg villandi, að bera Alberti ráðherra fyrir því, að Danmörk muni vera fús á að veita tillag úr ríkissjóði

til loptritunar hingað; því hefur miklu fremur verið neitað, og er þessu til staðfestu brjefið frá Hage ráðherra, þar sem hann lætur í ljósi, að ef fje væri veitt til þessa, væri það »praktískt talað« sama sem að fleygja því í sjóinn, og skoðun danskra stjórnmálamanna hefur ekki breyzt í þessu efni, Margir útlendingar, sem jeg hef átt tal við, eru forviða á því, að Íslendingar skuli láta sjer detta í hug, þegar annars er kostur, að byggja á þráðlausu sambandi, sem að eins er notað, þar sem ekki er hægt að koma öðru við, og það er undarlegt, að háttv. minni hluti skuli ætla sjer þá dul, að hann hafi meira vit á þessu, en menn sem hafa sjerþekkingu í þessum málum. Mjer liggur við að segja, að það sje kátbroslegt, að hugsa sjer, að það skuli vera íslenzkir blaðasnillingar og á hangendur þeirra í Reykjavík eða grennd, sem hafa fyrst slegið því föstu, að þráðlaust skeytasamband sje stöðugt og öruggt, já jafnvel miklu öruggara en ritsími.

Einkennileg ósamkvæmni kemur fram hjá háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og hans flokksmönnum í umtali þeirra og dómum um Dani. Annað veifið tala þeir um og beina því að Dönum, að þeir vilji sjúga okkur út, undiroka okkur og svínbinda á allan hátt, svo að það sje særandi fyrir þjóðernistilfinningu Íslendinga, að ganga að nokkrum samningum, sem danskir menn eigi nokkurn þátt í, og alveg frágangssök, að semja við nokkurt dankt fjelag. En hitt veifið tala þeir mikið um, að það væru miklar og ómaklegar getsakir gegn bræðrum vorum Dönum, að ætla þeim, að þeir sjeu ekki fúsir til að dansa alveg eptir þeirra pípu, og leggja fje fram til loptritunar eða gufuskipa, að eins eptir því, sem mótspyrnuflokknum dettur í hug að aka seglum í það og það skiptið. Allt tal þeirra um tillag til loptritunarsambands frá Danmörku er rótlaust og í lausu lopti, alveg eins og lausahjalið um að tillag fáist frá Noregi. Tilvitnunin í brjef ritsímastjóra Rasmussens í Kristjaniu til hr. Valtýs dócents Guðmundssonar sannar alls ekkert. Í fyrsta lagi hafði R. ekkert vald til að lofa neinu um þetta, þó að hann sje duglegur og mikilsmetinn embættismaður. En auk þess getur hver, sem brjefkaflann vill lesa, sjeð, að hann segir ekki neitt ákveðið um neitt tillag, segir að eins, að hann fyrir sitt leyti *mundi* hafa verið því meðmæltur, að eitthvað væri veitt, hefði síminn legið til Noregs. Hefði, hefði, sem aldrei hefði!! En hitt er meira um vert, að norska *stjórnin* neitaði öllu tillagi til ritsíma til Íslands, vildi ekki einu sinni undirgangast vissa pöntun á veðurfræðisskeytum. Rússar og Svíar tóku einna bezt í það, en bæði Norðmenn, Englendingar og Frakkar svöruðu neitandi.

Um það hefur mikið verið talað, hve stuttan tíma þyrfti til viðgjörðar á þráðlausum firðritunartækjum. Þessu er nú búið að svara áður, en jeg vil að eins benda á, að ef það tekur langan tíma að hnýta saman þráð, þá kostar það ekki síður erfiði að setja upp mastur, einkanlega þegar það fellur opt um koll, og kvöldgolan er nóg til þess að ryðja því um, eins og hjer kom fram í sumar. Mjer finnst allt frekara tal um þetta vera tilgangslaust. Loptritunaraðferðin getur verið góð til síns brúks. Hún er mjög skemmtileg og falleg uppfinding, ágæt hjálp, þar sem ritsíma ekki er kostur, ágætt tæki til þess að fleygja frjettum, sem allir mega sjá, þangað sem enginn ritsími nær til. En hún getur ekki uppfyllt sömu kröfur eða innt af hendi sama

hlutverk, eins og ritsími eða þráðskeyta-aðferðin. Hún getur ekki verið grundvöllur undir hin föstu hraðskeyta-sambönd landanna. Hún hefur blátt áfram ekki það magn í sjer. Hún dugar ekki til þess. Jeg vil segja: Þó að við fengjum loptskeytatæki gefins, þá þyrftum við eins fyrir því á ritsímanum að halda; hann væri nauðsynlegur eptir sem áður. En það er nú eitthvað öðru að heilsa en því, að við fáum þau fyrir ekki neitt.

Því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur verið að segja um hina pólitísku hlið málsins, get jeg ekki verið að svara. Það er svo slitið orðið og leiðinlegt þetta eilífa stagl um »útlenda valdhafa«, »útlend stórgróðafjelög«, o. s. frv., einmitt hjá þeim mönnum, sem vildu hafa æðsta valdsmann Íslands búsettan erlendis, og hafa gjört allt til að hnekkja innlendri stjórn, síðan hún komst á laggirnar, að það er ekki viðgjörðarvert. Þessar sifelldu tilraunir hjá vissum heiðvirðum andstæðingum til þess, að reyna að »gjöra sjer mat« úr gömlu, óljósu Danahatri, eru orðnar mjög lítið geðslegar, og þessi heilaga hræðsla við »stórgróðafjelög« er mildast talað skringileg. Eins og það væri affarasælla, að eiga viðskipti við ljeleg eða óáreiðanleg fjelög, sem ekki gætu staðið í skilum eða veitt neina trygging! Nei, við dóm eptirtímans um þá »pólitísku hlið« ritsímamálsins, er jeg ekki hræddur. Ritsímasamningurinn verður aldrei til þess, að draga úr sjálfstæði, þjóðerni eða landsrjettindum Íslands, eða hnekkja frelsi þeirra nje frama á neinn hátt.

Hinn háttv. þm. minntist á, að hann vildi hækka námsstyrkinn við lærða skólann; en jeg álít það ekki rjett »princíp« að kaupa menn til þess, að ganga á skóla. Kennslan á öll að vera ókeypis, en námsstyrkur á að eins að veitast fátækum piltum, sem skara fram úr. En jeg tek það upp aptur, að landið á ekki að kaupa menn frá öðrum störfum til skólanáms; það er nógu margt annað, sem gjöra þarf, og góða krapta vantar í; nógu margir, sem ganga skólaveginn samt. Sú stefna undanfarinna þinga, að minnka styrkinn, er að mínu áliti alveg rjett.

Þá vildi hinn háttv. þm. fella burtu styrkinn til að undirbúa mann til að taka að sjer forstöðu við lagaskólann. Jeg skil ekki þá menn, sem hafa barizt fyrir því áður, að við fengjum hjer lagaskóla, og lagt mikið kapp á það, en leggja svo árar í bát, þegar lögin um skólastofnunina loks eru fengin, og ekkert eptir nema að koma skólanum í framkvæmd. Að menn skuli láta sjer nægja, að sigra í orðum, en segja svo »pass«, þegar til framkvæmdanna kemur! (*Lárus H. Bjarnason:* Það er framsókn). Jeg skil ekki, að það væri ekki hægt, að hafa hjer viðunanlegan lagaskóla, ef það væri hægt, að fá einhvern góðan og gáfaðan lögfræðing, til að veita honum forstöðu, og annast kennsluna ásamt assessorunum við yfirrjettinn, þó að það auðvitað væri heppilegra, að hafa aðra kennendur en assessorana, að þeim ólöstuðum. Hann sagði, að það væri sök sjer, ef stjórnin hefði bent á einhvern mann, »sem allir gætu borið traust til«. En stjórnin hefur að svo stöddu ekki neinn mann á takteinum; því það hefur enginn gefið sig fram; það þarf auðvitað fyrst að auglýsa það; sjá hverjir vildu verða til þess, og velja svo þann, sem hæfastur er. Annars finnst mjer það skrítið, að vilja miða svona fjárveiting við einhverja vissa persónu; það er eins og háttv. þm. af gömlum vana vilji gjöra allt að bitling-

um. En þessi fjárveiting heyrir undir skólamálin, ekki bitlinga-paragraffinn. Hinn háttv. þm. gjörði lítið úr laganáminu í Kaupmannahöfn; mjer skildist helzt á honum, að þar væri ekki meiri lögspeki að hafa, en þá, sem hann hefur numið, og hver annar »kandídat með landi«; en jeg er sannfærður um það, að með góðum áhuga má mikið læra í lögspeki við Kaupmannahafnarháskóla um fram venjulegt kandídats-kursus, sem íslenzkur lögfræðingur gæti leitað sjer fræðslu í. Háttv. þm. sagði, að síðan Maurer dó, muni enginn maður vera til, sem geti leiðbeint í íslenzkri rjettarsögu o. fl. Jeg er nú ekki mjög kunnugur slíku. Þó get jeg bent á t. d. prófessor Lehmann í Rostoek, próf. Acmira o. fl. En það er ekki einungis íslenzk rjettarsaga, heldur líka kennslubók í núgildandi íslenzkum lögum, sem þarf að fá.

Hann var einnig á móti þessari fjárveitingu til fyrirlestra í sveitum, eða vildi draga úr henni. En sú upphæð, sem til þessa er ætluð, er svo lítil, að ef á að fara að taka af henni, þá held jeg, að það sje eins gott, að sleppa henni alveg. Sýslurnar eru átján alls, og ef styrktarfjeð á að vera mikið minna en 200 kr. á hverja, þá held jeg, að það komi að litlu haldi. — Viðvíkjandi þjóðvinafjelaginu, þá álít jeg ekki þörf að svara hinum hv. þm. Háttv. þm. játaði sjálfur, að þjóðvinafjelagið hefur gjört mikið gott, en af því að tímarit þess hefur dálítið annan pólitískan lit, heldur en háttv. þm., eða hefur gefið út greinar, þar sem haldið er fram öðrum skoðunum á nokkrum landsmálum, en hann hefur, þá nefnir hann það nú »fullkomið hneykslí«, og vill taka af því allan styrk; sýnir það lipurð hans í því, að umgangast skoðanir annara manna. — Mjer finnst það væri praktiskara fyrir hann, að reyna að bíta í súra eplið í bráðina, í þeirri von, að ritsímamálið eða þá eitthvert annað »skaðræði«, sem hann síðar kann að verja þjóðina fyrir gagnvart núverandi meiri hluta, verði til þess fyr eða síðar, að hann eða hans nái tangarhaldi á tímaritinu, svo að þjóðin jafnvel kunni að geta átt það lán í vændum, að hann sjálfur einhverntíma kenni þar lýðum, og útbreiði sínar góðu, hollu og rjettsýnu skoðanir.

Björn Kristjánsson, (1. þm. G.-K.): Jeg er í þetta skipti svo heppinn, að eiga mjög fáar breyt.till. Það eru að eins tvær, sem nafn mitt stendur undir. — Sjerstaklega vil jeg þá minnast á breyt.till. á þskj. 386. Háttv. framsm. minna hlutans hefur gjört grein fyrir þessari breyt.till., svo ljóst og skýrt, að hverjum manni er skiljanlegt; hann hefur og svarað háttv. framsm. meira hluta fjárlaganefndarinnar; hefi jeg engu þar við að bæta. Jeg stend upp til þess, að svara þeim, sem síðan hafa talað um þetta mál.

Hæstv. ráðherra hefur síðan haldið all-langa ræðu um þetta mál; var auðsætt á því, að hann hefur ekki kynnt sjer tillöguna nógu rækilega, því að hann hefur gjörsamlega misskilið reikningshliðina, enda er naumast við því að búast, að menn geti kynnt sjer málin til hlítar, þegar svo er rekið á eptir, sem nú er gjört með að koma af þessum fjárlögum.

Það voru ýms atriði, sem hæstv. ráðherra veik að, og sem aðrir háttv. þingmenn hafa vikið að, þeir er verið hafa á gagnstæðri skoðun og minni hlutinn. Það hefur sjerstaklega verið lögð áherzla á það, að þetta loptskeytasamband væri ótryggara; það sem jeg mun nú gjöra mjer að umtalsefni er *öryggið*. Jeg skal ekkert minnast á

símann; það hefur verið gjört svo rækilega af háttv. framsm. minna hlutans.

Þegar jeg minnist þess afar-harða dóms hæstv. ráðherra, að loptskeytasambandið væri eigi nýtandi, þó að það jafnvel væri gefið. (*Hannes Hafstein:* Ranghermt!), þá er hann lang harðastur í garð þeirra sjálfra flokksmanna hans. Jeg vil benda á það, að þeir, sem voru í fjárlaganefnd 1903, þm. Borgf., 1. þm. Rvík., þm. S.-Þing., 1. þm. Húnv. og þm. N.-Þing., hafa komið með tillögu í þá átt, að veita *35 þús. kr. á ári í 20 ár til loptskeytasambands*, og jafnvel heimilað, að fyrsta árið mætti brúka tveggja ára gjald til þess, að koma því í verk. Undir þetta hafa þessir háttv. þingmenn skrifað nöfn sín; jeg get því ekki skilið annað, en að þessi harði dómur hæstv. ráðherra um þessa sömu þingmenn sje sprottinn af vangá. Það er ekki nóg með það; þessir sömu menn fylgdu og þessari skoðun 1902, en nú er það, sem þeir hafa fylgt eindregið í tvö ár, einkisvirði, jafnvel ekki þótt það væri gefið. Þessu atriði þarf ekki að svara á annan hátt. Það sýnir, að eitthvað er bogið við röksemdaleiðslu hæstv. ráðherra um notagildi þessa sambands. — Hæstv. ráðherra kallaði það barnaglingur! Gaman, sem þingið nálega í einu hljóði á tveim þingum í röð vildi verja stór fje til. Hann kallaði þessa tillögu fremur leiðinlegu nafni; kallaði hana kynblending, hestsskrokk upp úr manni. (*Forseti:* Nei, það var öfugt). Jú, jeg skrifaði orðin þegar hjá mjer. Þetta er leiðinlegt ávarp ráðherra til þingmanna, þegar þingmenn vilja koma fram því máli, sem að landið varðar mest af öllu. Það hlýtur að stafa af því, að hæstv. ráðherra hefur ekki fylgzt með í málinu, eins og jeg síðar mun sýna.

Háttv. ráðh. gat þess, að tillaga okkar minni hluta nefndarinnar væri kynblendingur, við blönduðum saman sæsíma og landsíma.

Hvað getur verið á móti því? Það eru færðar greinilegar ástæður fyrir þessu í nefndaráliti okkar. Okkar breyt.till. snertir að eins 35 þús. kr. liðinn, en allt annað, allan landsímann, höfum við látið standa óhaggaðan. Umræðurnar um þetta snerta alls ekki landsímann; þvert á móti höfum við ætlazt til, að það atriði væri óbreytt, og ekkert hreyft við landsímanum frá Reykjavík til Seyðisfjarðar. En það má geta þess, að með því fyrirkomulagi, sem breyt.till okkar fer fram á, verður landsíminn nokkru ódýrari, með því að á Seyðisfirði þarf ekki eins dýra stöð, og við gætum með rjettu reiknað landsímann 2—4 þús. kr. ódýrari okkar breyt.till. í hag. Allur reikningur háttv. ráðh. er byggður á misskilningi. Við, minni hluti nefndarinnar, ætlumst til, að við tökum upp á okkur þær 300 þús. kr., sem Stóra norræna ritsímafjelagið ætlaði að leggja til landsímans. Í stað þessa tillags tökum við 300 þús. kr. lán, og verða vextir og afborganir af því í 20 ár $7^1/_2\%$ 22,500 kr. Það hlýtur því að vera augljóst hverjum sæmilegum reikningsmanni, sem les breyt.till. minni hlutans, að eptir henni verður hraðskeytasambandið ódýrara.

Þá skal jeg minnasi á 45 þús. kr. tillagið. Samkvæmt athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumv. fyrir árið 1902—1903 vildi danska stjórnin fá fjárveitingu til hraðskeytasambandsins, en hún vildi að eins hafa óbundnar hendur til að nota það til hvors sem vera skyldi, ritsíma- eða loptskeyta-sambands. Danska stjórnin vildi 1902 og 1903 veita styrk til hvors sem vera skyldi, og hefur hún þá

verið fullviss um, að loptskeytasamband gæti komið Íslandi að haldi. Ástæður háttv. ráðh. gegn því, að Ísland geti gjört ráð fyrir tillagi frá Danmörku til loptskeytasambands, eru því tómur reykur, nema svo sje, að *dönsku* ráðherrarnir hafi verið óháðir ritsímafjelaginu norræna, en aptur á móti sje nú *íslenzki* ráðh. háður fjelaginu, *sjermála*ráðherra vor.

Af sama misskilningi háttv. ráðh. er það sprottið, sem hann sagði viðvíkjandi tekjunum af landsímanum. Hann taldi það eitt höfuðatriði, að við áætluðum tekjurnar af hraðskeytasambandinu 30,000 kr. árlega, og höfðum við þar gengið út frá taxta ritsímafjelagsins norræna, og taldi það mótsögn hjá okkur. Hann vildi í stað 50 aura fyrir hvert orð gjöra okkur, ef við vildum setja taxtann ódýrari en ritsímafjelagið, 20 aura með því sambandi, sem minni hlutinn leggur til að tekið sje. Það er nú nokkuð mikill munur á 20 a. og 50 a., og virðist engin ástæða til að fara alveg svo lágt. En það hefur afarmikla þýðingu, hvort taxtinn er hár eða lágur. Ýmsar veðurfræðisstofnanir hafa tjáð sig fúsar til þess að nota hraðskeytasambandið, ef taxtinn væri ákveðinn í hlutfalli við taxta annara landa. Og það er áreiðanlegt, að gjöra má ráð fyrir fullt eins miklum tekjum af lægri taxta eins og háum. Það er ekkert, sem heldur mönnum frá að nota hraðskeytasamband nema dýrleiki skeytanna, og er það meira að segja notað óþarflega, ef taxtinn er lágur. Í útlöndum, þar sem skeyti eru ódýr, þar uota menn hraðskeytasambandið jafnvel til þess að senda mönnum fæðingardagsóskir og aðrar heillaóskir. En þá fyrst, er taxtarnir eru svo lágir, kemur sambandið að fullum notum.

Einkennilegur reikningur var það hjá háttv. ráðh., að reikna mætti Íslandi terminalgjald, 7 aura af hverju orði, með millilandasambandinu. Það gjald sparar *Íslandi* ekki neitt fje, þó *landssjóður* fái þetta gjald, fyrir það að það er lagt á landsmenn í *viðbót* við taxta hins »Stóra norræna«.

Hjer er því ekki á annað að líta en þá borgun, sem Ísland fær sjálft af landsímanum. Allra einkennilegast var þó það hjá háttv. ráðh., hvað honum tekur sárt til Seyðisfjarðar, að skeytin þangað skyldu þurfa að fara gegnum landþráðinn. Finnur hann ekki sárt til þess, að skeytin til Reykjavíkur þurfa, samkvæmt till. stjórnarinnar, að fara eftir landþræði, þvert yfir allt landið? Það hefur þó allt af vakað fyrir þinginu og fyrir hinum háttv. ráðh., að Reykjavík ætti að komast í sem beinast hraðskeytasamband við útlönd.

Háttv. ráðh. kom nú með sömu ástæðu sem áður fyrir því, að okkar áætlun sje óábyggileg og öll í lausu lopti. Þessum ástæðum hef jeg mótmælt við 2. umr. og hrakið þær með rökum, og finn því ekki ástæðu til að endurtaka það, sem jeg þá sagði. Honum fanst það kenna mótsagnar hjá okkur, að við skyldum ekki telja landsímann frá Seyðisfirði til Reykjavíkur öruggan, en þar á móti treystum við, að þráðsamband geti þrifizt milli Glettinganess og Seyðisfjarðar og milli Vatnsfjarðar og Ísafjarðar. Það er enginn vafi á því, að landssjóði yrði þetta samband mjög kostnaðarsamt, en hjer er allt öðru máli að gegna, þar sem það á að leggjast upp á kostnað og ábyrgð Marconi-fjelagsins, svo fjelagið ábyrgist þetta samband að öllu leyti.

Þá minntist háttv. ráðh. á það, að aðalatriðið fyrir okkur væri það, að fá samningnum hafnað. Jeg játa, að svo

sje. Við teljum hann með öllu óbrúkandi, og viljum þess vegna hafna honum. Áður, meðan ekkert annað var í boði, hefðum vjer máske getað slysast til að samþykkja svo lagaðan samning; reyndar hef jeg aldrei þurft fyr að greiða atkvæði um líkan samning, því þeir hafa ekki legið fyrir þessari háttv. deild, síðan jeg kom í hana. En það er skoðun allra óháðra manna í þessu máli, að nú eigum vjer kost á miklu aðgengilegri tilboðum. Það er því eðlilegt, að andstæðingar stjórnarinnar hafi sjeð sjer hjer leik á borði, eins og hæstv. ráðh. segir, og það er ekki nema sjálfsagt, að nota þann leik, og það því fremur, þar sem málefnið sjálft gefur svo skýlausa ástæðu til þess. Því að það eru málefnin, sem eiga að skipta mönnunum í flokka, en ekki annað, önnur flokkaskipti eru óhugsanleg meðal siðaðra manna.

Hæstv. ráðherra minntist á ræðu h. þm. Mýramanna og kallaði hana friðarræðu og sagði, að þm. kæmi fram sem friðarpostuli. Jeg álít nú, að ræða háttv. þm. hafi verið eins og töluð út úr flestra hjörtum; hún var töluð út úr mínu hjarta, að því er frestunartillögu hans snertir, og allra óháðra manna, sem skilja hvað hjer er fram að fara. Eins og háttv. framsm. minni hlutans áleit, hef jeg litla von um, að það takist að fella ritsímasamninginn. Jeg tel þó hyggilegast, að fresta málinu, svo að þjóðinni gæfist kostur á að láta vilja sinn í ljósi. Jeg er ekki á þeirri skoðun, sem hæstv. ráðh. hjelt fram, að *þingið* eigi að skera úr þeim ágreiningi, sem er milli *þjóðar* og *þings*. Það er *þjóðin*, sem á að skera úr ágreiningi milli þings og þjóðar. Eða hvar á *þjóðræðið* komast að, ef ekki þar? Þessvegna er rjettast, að fresta málinu og lofa þjóðinni að skera úr þessum »hjáróma« skoðunum, sem hæstv. ráðh. kallaði svo.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að það væri svipað einveldi, sem við færum fram á, þar sem við ætluðumst til, að Marconífjelaginu væri borgað tillag í 20 ár, eins og það einveldi, sem ritsímasamningurinn legði á oss. En það er allt annað og verður ekki einusinni borið saman. Því að með því að eiga við Marconífjelagið, þá höfum vjer *sjálfir öll ráðin*, vjer ráðum að öllu leyti yfir hraðskeytasambandinu og vjer ráðum skeytataxtanum; þá erum vjer og óháðir bæði dönsku og ensku valdi, því að *Marconífjelagið* hefur samið við England um loptskeytasamband, hvert sem vera skal. Vjer yrðum því í þessu efni óháðir öllu útlendu valdi. Og það er sá mikli munur á tilboði ritsímafjelagsins norræna og Marconífjelagsins. Jeg vil forðast alla einokun og sjerstaklega í svo þýðingarmiklu máli. Hæstv. ráðh. sagði, að ritsímasamningurinn snerti ekki sambandið við umheiminn. En því fer svo fjarri, að það nær ekki nokkurri átt. Ritsímafjelagið norræna hefur sífellt einveldi yfir ritsímasambandinu við umheiminn. Kæmi það fyrir, að vjer ættum kost á hraðskeytasambandi við Ameríku, þá þarf ritsímafjelagið einnig að koma þar að, og því á að gefa kost á að sitja fyrir að koma því sambandi á, að öðru jöfnu að minnsta kosti. Hæstv. ráðh. gat þess, að margir hafi viljað aðhyllast einveldi Warburgs. Því máli er jeg ekki kunnugur, því jeg sat þá ekki á þingi, en það er allt öðru máli að gegna, þó að menn þá hefðu viljað ganga að tilboði hans, þegar allt öðru vísi stóð á heldur en nú, þar sem nú er úr fleiri góðum tilboðum að velja. — Jeg gjöri ekki heldur mikið úr því, sem hæstv. ráðh. minnt-

ist á, að útlendingar, sem hingað hefðu komið í sumar, stórundrist yfir því, að nokkur skuli láta sjer til hugar koma, að taka loptskeytasambandið fram yfir ritsímasamband. Það er mjög lítið að marka, þótt útlendir menn mæli með ritsímanum, menn, sem hjer eru öllu ókunnugir, bregða sjer hingað snöggvast um hásumarið, en þekkja ekkert til, hvernig hjer er að vetrinum, og eru að líkindum alls ófróðir í þeirri grein. Þeir eru eins og hæstv. ráðh. og fleiri þingmenn, að þeir vita ekki, að til eru í öðrum löndum loptskeytastöðvar, svo hundruðum skiptir. Á ummælum þeirra verður því ekkert byggt, enda eru þeir ekki »fag«menn. — Þó gekk yfir mig, þegar hæstv. ráðh. tók það fram, að hann vissi ekki til þess, að ritsímasambandið væri í höndum danskra valdhafa; því að svo sje, er svo ljóst sem nokkuð getur verið, og þarf í því sambandi að eins að minnast þess, að vjer höfum ekkert að segja viðvíkjandi skeytataxtanum, höfum ekkert atkvæði um það, hvernig skilja beri samninginn o. s. frv. Vjer megum yfir höfuð ekkert segja, en eigum að eins að borga, og missa öll önnur rjettindi til hraðskeytasambands.

Viðvíkjandi frestuninni, sem jeg minntist á áðan, kom fram það álit hæstv. ráðh., að það væri ekki að tala um það, að ritsímafjelagið væri bundið við samninginn, ef þingið ekki samþykkti hann. En fjelagið er bundið við samninginn, ef ófyrirsjáanleg forföll koma fyrir, og það verð jeg að telja forföll, ef þingið frestar málinu til þess að fá frekari upplýsingar. Hæstv. ráðh. gat sjálfsagt sjeð þau forföll fyrir, og hann átti að gjöra ráð fyrir því, að hann vissi ekki um vilja þingsins; þess vegna hlaut hið Stóra norræna að álíta það atriði eitt af hinum »ófyrirsjáanlegu forföllum«, því annars mundi hæstv. ráðh. hafa skrifað undir með fyrirvara eins og danski ráðgjafinn gjörði. Og Stóra norræna gat ekki gengið út frá, að Íslands ráðh. hefði fengið *fyrir fram* loforð meiri hluta þings um það, að samþykkja skilyrðislaust hvern þann samning, sem hæstv. ráðh. gjörði. Hæstv. ráðh. hlaut að gjöra ráð fyrir því, að þingið vildi ekki samþykkja samninginn, og það gat vissulega talizt forföll. Mótbárur hæstv. ráðh., sem hann hefur komið fram með viðvíkjandi ritsímafjelaginu norræna, eru því á engu byggðar.

Jeg hef þá svarað flestu í ræðu hæstv. ráðh., sem nokkurs virði var. Ætla jeg ekki að tefja umræðurnar lengur að sinni, með því að fleiri háttv. þm. munu einnig vilja taka til máls.

Þó var það eitt atriði enn. Háttv. þm. Snæf (L. H. B.) spurði framsm. minni hlutans, hvort hann hefði verið með 1902. Hann kannast ekki við það. Háttv. þm. var einmitt með svolátandi till., sem prentuð er í þingtíðindunum 1902, C-deild, þgskj. 120; og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hana upp:

»Stjórninni veitist heimild til að nota fjárveitinguna í 12. gr. staflið D í fjárlögunum 1902—1903 til að koma á loptritun milli útlanda annars vegar og Íslands hinsvegar og innanlands milli 4 staða, sín í hverjum fjórðungi, að því tilskildu þó, að stjórnin gefi öllum helztu fjelögum, er fást við loptritun, kost á að keppa um fyrirtækið og gegn því, að stjórnin leggi væntanlegan samning með fylgiskjölum fyrir næsta þing til athugunar«.

Jeg ætla svo ekki að tala fleira. Jeg vona, að háttv. þingd. kúgi ekki þetta mál áfram gagnvart þjóðinni og minni hluta þingsins. Jeg vona, að hún taki ráð háttv. þm. Mýr. (M. A.), að fresta

málinu, svo að það geti orðið athugað í ró. Það rekur ekki svo ákaft eptir þessu máli. Ísland hefur verið svo mörg ár án hraðskeytasambands, að það munaði ekki öllu, þó að vjer yrðum að biða 1—2 ár enn. Það er ekki þetta, sem stendur þjóðinni mest fyrir þrifum, heldur skipa- og póstsambandið.

Oss ríður miklu meira á því, að koma skipasamgöngunum og póstgöngum í gott horf, enda byrja allar þjóðir á því fyrst; þar næst koma hraðskeytin. Vjer þurfum sem allra fyrst að koma þeim svo fyrir, að þær vörur, sem vjer höfum að bjóða, geti komizt á markaðinn sem fljótast og reglulegast, og að brjef komist sem fljótast fram og aptnr.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg á hjer eina breyt.till. á þgskj. 389. Þessi breyt.till. fer fram á, að aptan við 15. gr. komi nýr liður: Til að hlaða sjógarð til varnar sandfoki fyrir Óseyrarneslandi 6,000 kr. Jeg skal stuttlega leyfa mjer, að gjöra grein fyrir breyt.till. Í byrjun þingsins barst því erindi um styrk til þessa fyrirtækis. Fjárlaganefndin tók ekki upp fjárveitingu í þessu skyni. Við þm. Árn. höfum fengið brjef frá sýslubúum um, að bera þessa till. upp enn á ný. Þess vegna höfum við komið með breyt.till. Sjálfsagt er ekki nærri öllum háttv. þingdm. kunnugt um, hvernig hjer hagar til. Vil jeg því skýra málið með nokkrum orðum. — Fyrir utan Eyrarbakka út að mynni Ölvesáróss er sandfláki allmikill, og stafar mikil hætta af honum fyrir neðri hluta Flóans, því að þegar stormur stendur á land, þá sópar vindurinn sandinum upp eptir Breiðumýri, sem smámsaman fer í kaf, og breikkar við það þessi sandfláki meir og meir upp eptir, og er ekki hægt að segja, hvar við lendir, ef þetta er látið afskiptalaust. En víst er um það, að tjónið er orðið mikið, en verður þó meira. Að áliti kunnugra manna og þeirra, sem vit hafa á, þar á meðal Dahlerups, sem hefur ferðast um eystra og einnig skoðað þetta svæði, sem hjer er um að ræða — að áliti þeirra er eini vegurinn til þess, að koma í veg fyrir frekari skemmdir, en orðnar eru, að hlaða öflugan sjógarð. En það er mikið verk og kostnaðarsamt og ofvaxið einstökum mönnum. Verkið er bráðnauðsynlegt og því hafa þeir, sem hjer eiga hlut að máli, leitað til þingsins og farið fram á styrk í þessu skyni. Bjóðast þeir til, að leggja fram fje til þess úr eigin vasa, móts við það, sem þingið veitti. Og jeg skal taka það fram, að forgöngumenn þessa fyrirtækis hafa áður látið hlaða líkan varnargarð fyrir Eyrarbakkalandi á sinn kostnað, svo að þeir væru þess vel maklegir, að þingið yrði nú við tilmælum þeirra um styrk. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði, en vonast til, að háttv. deild taki breyt.till. vel, og felum við hana sanngirni háttv. þingdm.

Við 2. umr. fjárlaganna voru langar og snarpar umr. um eitt stórmál, ritsímamálið, sem einnig liggur fyrir nú. Jeg tók ekki þátt í umræðunum þá, en nú við 3. umr. vildi jeg gjarnan segja fáein orð um málið. Jeg tek það fram, að jeg ætla ekki að fara langt út í fjárhagshliðina á því, það hafa svo margir orðið til að skýra þær tölur. En til er önnur hlið á málinu, og það er hún, sem jeg sjerstaklega ætla að snúa mjer að.

Jeg lít svo á, sem 12. ágúst 1905 muni verða talinn allmikill merkisdagur í sögu hinnar ísl. þjóðar. Hvort að því leyti, að með honum hafi oss

hlotnazt nokkuð hnoss, þori jeg ekki að fullyrða, — sagan sker úr því. En dagurinn mun þó engu að síður þykja merkilegur, því með honum hefst á nýjan leik nýr kafli í einokunarsögu Íslendinga. Sú hlið málsins er þó dýpst og stórkostlegust, því jeg býst við, að það grípi dýpst og lengst inn í líf þjóðarinnar. Mjer virðist það litlu skipta, hvort staurafiutningurinn er 50 aur. dýrari eða ódýrari, eða hvort áætlunin um kostnaðinn er nokkrum þús. hærri eða lægri, — jeg lít fremur á, hvaða þýðingu málið í heild sinni, hvaða þýðingu ritsímasamningurinn þjóðkunni kann að hafa fyrir ísl. þjóðina. Það er mergurinn málsins. Jeg ímynda mjer, að enginn þeirra þingmanna, er samþykkt hafa tillögur stjórnarinnar í þessu máli, geti sagt fyrir nú, hvað úr því kunni að spinnast með tímanum, eða hvernig það reynist í framtíðinni. En einkaleyfi það eða einokun sú, sem ritsímasamningurinn innifelur, er eflaust samþykkt í góðum tilgangi.

Þó ráðherrann snaraði því fram við 2. umr. málsins, að mótspyrna vor andófsmanna væri fram komin af pólitísku ofstæki, þá dettur mjer ekki í hug að bera á hann eða aðra slík brígsl. Jeg áleit orðin ekki sæmileg, og það á sízt við að svara á sömu leið. Jeg skal að eins minna á það, sem ráðherrann sagði í veizlu í þingbyrjun, er hann mælti til þingmanna, að þeir mættu ekki bera inn á hinn helga stað, þingsalinn, saurið og sorpið af vígvellinum. en það er ekki laust við, að brytt hafi á slíku einmitt við umræður þessa máls.

Þó Danakonungar hafi ekki allir verið stórmerkilegir, þá hafa þó margir þeirra verið velviljaðir í garð okkar Íslendinga og sýnt það í mörgu, en sumt snjerist þó í hendi þeirra í gagnstæða átt, af því þá sjálfa og ráðgjafa þeirra brast þekkingu á högum vorum. Eins hygg jeg að verði með ritsímasamninginn, jeg er viss um, að hann er gjörður í góðu skyni, en jeg held, að hann verði ekki til að glæða sjálfstæði vort. Það hefur rjett verið sagt, og ekki að orsakalausu, að árið 1262 hafi verið eitt hið mesta óhappaár í sögu vorri, því þá glötuðum við sjálfstæði voru og frelsi. En það er annað ártal, sem í mínum augum er engu bjartara, það er 20. apríl 1602; það er einhver sá dekksti dagur, sem Íslendingar eiga í sinni sögu. Margir munu vita, hvað þá skeði, það voru liðug 300 ár í vor, síðan það varð, en þann dag var dönskum verzlunarmönnum í fyrsta skipti gefið svo kallað »privilegium« það er einkaleyfi yfir íslenzkri verzlun. Konungurinn, sem gjörði þetta, Kristján 4., var með beztu konungum Dana og velviljaður í vorn garð, og það er enginn efi á því, að hann hefur gefið þetta privilegium af góðum hug, með fram til þess, að ágóðinn af verzluninni rynni ekki til annara þjóða, en sjálfsagt líka til þess, að Íslendingar kæmust ekki út úr verzlunarviðskiptum við umheiminn. Þetta privilegium átti ekki að standa nema í 12 ár, eða frá 1602—1614. En það fór á annan veg, og einkaleyfið varð þjóðinni til ógæfu. Þegar fyrstu 12 árin voru liðin, var leyfið endurnýjað 28. apríl 1614 og framlengt um 11 ár. En því lengur, sem það stóð, því verri urðu afleiðingarnar og sárari öllum landslýð. Og svona gekk það koll af kolli til ársloka 1742, en þá 1. janúar 1743 fjekk fjelag eitt, hið nafnkunna eða öllu heldur alræmda Hörmangarafjelag verzlunina í hendur, og þá keyrði um þverbak á oss Íslendingum, þangað til konungur sjálfur tók verzlunina undir

sig. En hann seldi hana aptur hinu almenna verzlunarfjelagi, og þá tók ekki betra við. Þannig hjelzt verzlunareinokunin á Íslandi, þangað til hún var gefin laus við alla þegna Danakonungs 1788 og loks gefin laus við allar þjóðir 15. apríl 1854. Þannig spannst þetta mál, að úr einkaleyfi, sem í upphafi var gefið að eins um 12 ára bil, spannst hin rammasta verzlunareinokun, sem spennti íslenzku þjóðina helgreipum sínum í 186 ár, og við súpum enn þá seyðið af ógæfu þeirri, sem af því hlauzt. Það þarf ekki að lýsa því, hve miklu miskunnarleysi og harðýðgi var beitt við íslenzku þjóðina á þeim tímum, því síður eitrun þeirri, sem læsti sig um allan þjóðlíkamann út frá einokunarmeininu. Einokunin ól upp óráðvendni, heigulskap og ósjálfstæði í þjóðinni og landinu, og öllum atvinnuvegum þess varð hún til niðurdreps. Þegar vjer nú höfum þetta fyrir augum, og vjer hugsum um sögu vora, mun fleirum fara eins og mjer, jeg hef ekki getað að mjer gjört, að mjer iðuglega hefur dottið óöld þessi í hug, þegar jeg hef lesið ritsímasamninginn. Mjer dettur nú líka í hug vísa úr barnakvæði einu, sem allir þekkja:

»Aptur gengin Grýla
gægist yfir mar,
börnunum er hún
ei betri en hún var«.

Jeg hef spurt sjálfan mig að, hvort hjer væri ekki að gægjast upp ný einokunar-grýla, því það getur verið einokun í fleiru en verzlun.

Samningurinn við Stóra norræna á nú að gilda, ekki í 12, heldur 20 ár, og eptir þau 20 ár mun sjálfsagt svo fara, að hann verði endurnýjaður, og enginn, sem hjer er inni, er víst svo fróður eða framsýnn, að hann geti sagt, hvað úr honum spinnst, en ekki veldur sá, er varir, þó ver fari, Jeg segi þetta af því, að við, að því er einkaleyfin snertir, erum brennt barn; við höfum stórskaðað okkur á einokunareldinum og við ættum því nú að hafa vit á að forðast þann eld. Jeg lít svo á, að öll einokun hafi dauða í sjer fólginn. Öll einokun heptir einhverja eðlilega blóðrás, einhverjar framfarir í lífi þjóðanna, og því eigum við nú að rísa á móti ritsímasamningnum við Stóra norræna, því hann getur orðið að helsi og hlekk á hálsi þjóðarinnar. Það stendur að vísu í samningnum, að við getum orðið meðeigendur að sæsímanum að 20 árum liðnum, en að eins ef fjelagið skaðast á honum og vill ekki eiga hann áfram, því sje nokkur arðsvon að honum, verða Danir auðvitað ekki svo náðugir að sleppa honum, en samningurinn verður endurnýjaður.

Þó jeg hafi þetta og fleira móti samningnum, þá er það ekki af kala í garð Dana. Við eigum að vera sem bræður og vinir Dana, en ekki þrælar þeirra; við eigum alls ekki að ganga á knjákollunum fyrir þeim; við eigum að meta það, sem gott er af þeirra hendi, en alls ekki vera í vasa þeirra. Við eigum að sýna þeim vinsemd í hvívetna, en við eigum alls ekki að leyfa þeim að rýja okkur. Við eigum sjálfir að gjöra sem mest við getum, en við eigum ekki að láta okkur sæma, að lifa á annara náð. Það er vegurinn til þess að verða að sömum manni; þroska- og sæmdarvegurinn jafnt fyrir einstaklinginn sem þjóðina. Við eigum sjálfir að brjóta okkur braut frelsis og sjálfstæðis. Það hefur verið margsýnt bæði við 2. og 3. umr., að við getum einnig tekið þetta mál svo, að við verðum húsbændur á okkar heimili. Þessi

leið liggur upp á við til framfara og sjálfstæðis, öll önnur leið niður.

Þegar jeg lít á málsskjöl þau, sem fyrir liggja, sjerstaklega breyt.till. á þgskj. 386, þá hallast jeg algjörlega að þeirri breyt.till., sem er aðaltill. minni hlutans, að 12. gr. D. í fjárlögunum, sem ræðir um ritsímann, falli burt. En sú breyt.till. táknar það eitt í mínum augum, að við eigum að fresta málinu. Jeg er sannfærður um, að það er skynsamlegasti og viturlegasti vegurinn, og sá vegur, sem þjóðin vill. En þar með er ekki sagt, að málið eigi að deyja, það á að eins að deyja á grundvelli ritsímasamningsins við Stóra norræna. Jeg veit raunar, að sumir segja, að það sje ekki rjett hermt, að þjóðin sje á móti honum, og allur andróðurinn gegn honum sje að kenna æsingum einstakra manna, er sjeu stjórninni mótfallnir. Þetta getur verið. En þá er til glöggur vegur til þess að komast fyrir sannleikann í þessu efni, sá vegur, að leysa nú upp þingið, og stofna til nýrra kosninga á þessum grundvelli. Fyrir þá, sem vilja vita vilja þjóðarinnar, er eðlilegast að fresta málinu, og gjöra þetta, en ef menn eru hræddir við, hvað þjóðin muni segja, þá er eðlilegt, að þeir vilji ekki fresta málinu. En jeg mun greiða atkvæði mitt með því, að málinu sje frestað.

Einhver háttv. þm. talaði á þá leið, að þingið ætti engan dómstól yfir sjer. En jeg álít, að dómstóll þjóðarinnar sje yfir þinginu. Vitaskuld getur þingið um stundarsakir drifið áfram mál í trássi við þjóðina, en þegar þingmannsumboðinu er lokið, gengur þingmaðurinn fyrir dómstól kjósenda sinna, og þá stendur hann eða fellur. Jeg er nú hræddur um, að ef þetta mál verður drifið í gegn á þinginu, verði dómur þjóðarinnar ekki að vilja þeirra, sem það gjöra. Það er ekki viturlegt að knýja málið áfram með afli á móti vilja þjóðarinnar. Jeg er sannfærður um, að margt illt sprettur af því. Það getur komið sá dagur, að þm. þeir, sem eru máli þessu fylgjandi, sjái og reyni, að jafnvel ekki íslenzka þjóðin lætur að sjer hæða. Það er alltítt í sögunni, en næsta alvarlegt, þegar þjóðirnar sjálfar setjast á rökstóla og dæma þá, sem hafa setið þeim á hálsi; af því hafa risið ógnir og blóðsúthellingar. Jeg gjöri nú ráð fyrir, að hjer fari allt friðsamlega, en jeg efast ekki um, að einnig þessi litla þjóð getur kveðið upp sinn dóm yfir þeim, sem ekki vilja láta að vilja hennar. Jeg greiði nú atkvæði með frestun málsins. En ef það nær ekki fram að ganga, og jeg þykist sjá fyrir forlög Kartagóborgar í þessu máli, þá greiði jeg hiklaust atkvæði með varatillögunni, því af tvennu illu vil jeg þó heldur það, sem betra er, og tillagan um loptrita með landsíma er stórum miklu betri en það, sem þegar við 2. umr. fjárlaganna er samþykkt í þessu máli.

Hannes Þorsteinsson, (1. þm. Árn.): Jeg sje ekki betur, en að flest ætli að drukkna í tómum ritsímaræðum. Jeg á hjer tvær breyt.till., sem jeg vildi gjarnan forða frá drukknun, vil ekki láta þær deyja svo, að ekki verði á þær minnzt; það getur verið, að þær drukkni við atkvæðagreiðsluna, en eg vildi samt biðja háttv. þingdm. um, að lofa þeim að lifa. Fyrri till. er á þgskj. 391 og hljóðar upp á styrk til Sigfúsar Einarssonar tónskálds, 800 kr. hvort árið. Þessi maður hefur áður fengið styrk hjá þinginu, til þess að fullkomna sig í sönglist, og hann er að áliti allra þeirra, sem þar bera skyn á, mjög vel

hæfur í sinni mennt og stendur framarlega, ef ekki fremst í flokki þeirra manna, sem iðka sönglist hjer á landi. Þeir sem hafa heyrt hann syngja og hlustað á tónsmíðar hans, munu vera sammála mjer um þetta. En það þarf ekki til, því hann hefur hlotið hin beztu meðmæli frá erlendum tónskáldum og öðrum oss vitrari mönnum í þeirri grein. Nú hefur hann sótt um þennan styrk, til þess að kenna hjer sönglist og stunda tónsmíð; að því er söngkennsluna snertir, þá er nú full þörf á henni, þar sem organleikarinn við dómkirkjuna er svo önnum kafinn af starfa sínum, að hann getur alls ekki gefið sig við henni. Jeg þarf ekki að lýsa því, hvílík nauðsyn er á, að menn úr sveitum fái góðan undirbúning hjá hæfum söngkennara. Jafnframt þessu ætlar hann að iðka tónsmíð, og eptir fróðra manna sögn, sem hafa lokið lofsorði á sönglög hans, er það vel þess vert, að hann sje styrktur til þess. Það hefur líka birzt töluvert á íslenzku eptir hann, og hann hefur unnið ósleitilega að því, meðan hann var í Kaupmannahöfn, að útbreiða þekkingu manna erlendis í íslenzkri sönglist. Jeg veit til þess, að hjer var þýzkur maður á ferð nýlega, forstöðumaður söngkapellu í Frankfurt am Main, og keypti hann allt, sem til var á íslenzku, eptir Sigfús og aðra, til þess að gjöra hina nýíslenzku sönglist kunna á Þýzkalandi, og hefur hann þegar ráðið mann hjer til þess að þýða textana á þýzku. Úr því nú Sigfús Einarsson er fremstur í flokki þeirra, er stunda íslenzka sönglist og vinna að útbreiðslu hennar, álít jeg, að hann eigi það fyllilega skilið að fá styrk þenna. Það er hvort sem heldur er leiðinlegt að gabba manninn, en það gengur gabbi næst, að byrja á því að veita honum styrk, en kippa svo að sjer hendinni í miðjum klíðum, þegar honum ríður hvað mest á. Jeg vona því, að hin háttv. þingd. veiti honum þennan litla styrk, sem hann biður um.

Svo var það önnur viðaukatill. á þgskj. 396 við 14. gr., sem jeg vildi minnast á lítið eitt. Hún fer fram á það, að sögufjelaginu í Reykjavík sjeu veittar 600 kr. hvort árið. Þetta sögufjelag er að eins 3 ára gamalt, og á við erfið kjör að búa, eins og eðlilegt er, þar sem það er svo ungt og óþroskað, með fáa meðlimi og sáralitlar inntektir. Það er því svo sem ekki von, að það hafi gefið margt út. Samt hefur það gefið út ýmsar nytsamar bækur. T. d. er það byrjað á að gefa út hið merkilega safn: »Biskupasögur« Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal, sem er mjög þýðingarmikið heimildarrit, undirstaða undir kirkjusögu Finns biskups sonar hans, auk þess sem Jón Espólín o. fl. íslenzkir sagnaritarar hafa á því byggt. Það hefur komið til tals, að Bókmenntafjelagið gæfi út þetta safn, en ekkert hefur orðið af því enn.

Nú verður fjelagið að hætta þessu þarflega og þjóðlega verki, ef það fær ekki styrkinn, og væri það mjög illa farið.

Það er annars mjög svo undarlegt, hvað menn eru ófúsir á að styrkja vísindi og listir í þessu landi. Það er ausið út peningum til ýmsra fyrirtækja bæði þarflegra og óþarfra, en þegar um það er að ræða, að styrkja eitthvað, sem við kemur vísindum og fögrum listum, þá er eins og verið sje að klappa í steininn, þá er eyrunum lokað fyrir allri áheyrn.

Það er þó enganveginn lítilsvert, að vekja *interesse* fyrir sögu landsins og bókmenntum, því það er einmitt þetta, sem hefur haldið oss við og bundið oss saman sem þjóð, og það er þetta,

sem vakið hefur eptirtekt annara þjóða á okkur, þó við sjeum fáir og afskekktir. Það væri því mjög sorglegt, ef okkar eigin »*interesse*« fyrir þessum hlutum væri að hverfa og tapast, því það fer þá áreiðanlega meira með.

Hjer er heldur ekki farið fram á mikla fjárupphæð, svo jeg vona, að þessu verði vel tekið og vil gefa styrkbeiðninni beztu meðmæli mín. Enda efast jeg ekki um, að fjelagið mundi þá geta haldið áfram að gefa út góðar og þarflegar bækur, sem gætu orðið landi voru og þjóð til gagns og sóma á komandi tíma.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vill fella burt styrkinn til Þjóðvinafjelagsins, af því »Andvari« sje pólitískt rit. Jeg mun ekki greiða atkvæði með því, að sá styrkur sje felldur, og jeg álít, að þeir, sem greiða því atkvæði, að Þjóðvinafjelagið haldi styrk sínum, ættu alveg eins að greiða því atkvæði, að Sögufjelagið fái þennan styrk.

Jeg vil leyfa mjer að minna háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á það, að »Andvari« *á* að vera pólitískt rit samkvæmt lögum Þjóðvinafjelagsins. Það væri því hart, að fella styrkinn burt fyrir það, að ritið er eins og það á að vera. Það þyrfti að taka ritið undan yfirráðum fjelagsins til þess, að það yrði ekki pólitískt, eða breyta ákvæðinu í lögum fjelagsins. En meðan eins stendur og nú, meðan þingið kýs fulltrúa fjelagsins, hlýtur ritið að vera undir áhrifum meiri hlutans á þinginu, og dregur því eðlilega dám af hans pólitík. Fyrir 4—5 árum, þá hafði sá flokkur, sem háttv. þm. heyrir til, yfirráðin á þinginu og jafnvel yfirráðin yfir þessu riti, og þá man jeg ekki betur, en það hefði pólitiskan lit þess flokks.

Núverandi 1. þm. Árn. varð t. d. þá ofurlítið fyrir barðinu á þeim herrum, er þá rjeðu »Andvara«, þá er um það var að ræða, að láta nafnkunnan pólitiskan þjóðskörung (B. Sv.) njóta sannmælis látinn.

Svona gengur það. En hitt er annað mál, hvort »Andvari« ætti að vera flokksrit meiri hlutans á þingi, þó það hljóti að vera það, meðan þessu er ekki breytt.

Eg er þakklátur háttv. fjárlaganefnd fyrir það, að hún á þgskj. 405 fer fram á, að fje sje veitt til að rannsaka og undirbúa landsíma (talþráðar) lagningu frá Reykjavík hjer austur í Árnes- og Rangárvalla-sýslu. Til alþ. hefur komið beiðni um þetta frá oddvitum sýslunefndanna í þessum sýslum, og það skjal hefur verið lesið upp hjer í deildinni. Menn viðurkenna þar fullkomlega nauðsyn sambandsins, og jeg heyri sagt, að þar sje verið að safna undirskriptum um fjárframlög til fyrirtækisins, enda er almennur áhugi vaknaður þar eystra fyrir því, að komast í talþráðarsamband við Reykjavík.

Mjer þykir þess vegna mjög vænt um, að fjárlaganefndin tók þetta til greina, þó upphæðin sje ekki stór, sem verja á til þessa undirbúnings. En það þarf varla að eyða miklu fje til rannsókna á leiðinni austur, þar sem síminn yrði að líkindum lagður með þjóðveginum. Það yrði að eins dálítill kostnaður við að rannsaka aukaleiðir, sem líklega yrði gjört um leið, þótt sýslufjelögin yrðu líklega að kosta þær álmur út frá aðallínunni.

Það, sem mjer þykir mestu máli skipta, er, að þessa veitingu er að skoða sem bindandi fyrir fjárframlag á næsta þingi. Jeg skrifaði einmitt upp orðrjett ummæli háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) um þetta atriði. Hann sagði svo: »Nefndin vildi sýna (þ. e. með þessari fjárveitingu), að það væri fyrirhugað, að leggja

fram af landssjóði kostnað til þessara lína« (þ. e. Ísafjarðarlínunnar og línunnar austur að Ægisíðu). Með þessari yfirlýsingu háttv. framsm. tel jeg þessu atriði slegið föstu, svo föstu, að sýslubúar (Árnesingar og Rangæingar) gætu jafnvel tekið lán til að byrja að leggja línuna á næsta ári í vissu um endurgreiðslu. En þeim er svo mikið áhugamál, að þetta samband komist á sem allra fyrst. Og það mun sannast, að *sú lína* mun borga sig vel.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, vildi jeg ofurlítið minnast á afstöðu minna kjósenda og mín í ritsímamálinu áður. Eins og eðlilegt er, óskuðu menn hjer austanfjalls, að sæsími yrði lagður á land í Þorlákshöfn, svo að Reykjavík kæmist í sem öruggast samband við útlönd. Og jeg var einnig á þeirri skoðun, að svo væri bezt farið, en var mótfallinn sæsíma til Austfjarða.

Út af þessu hefur háttv. minni hluti í hraðskeytamálinu gjört mjer þann heiður í nefndaráliti sínu, að láta prenta ræðustúf eða rjettara sagt örfá orð úr þingræðu eptir mig frá 1901, auðvitað slitin út úr sambandi. En jeg blygðast mín alls ekkert fyrir þau ummæli. Þau voru rjettmæt á þeim tíma, meðan málið var lítt íhugað og enn minna rannsakað, og jeg var beinlínis mótfallinn málinu í þeirri mynd, sem það þá lá fyrir í, eingöngu vegna þess, að jeg var svo smeikur við bilunarhættuna á landþræðinum milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar og hugði, að það mundi koma opt fyrir, að Reykjavík slitnaði út úr sambandi við útlönd, og það áleit jeg óhæfilegt. En síðan hafa komið fram þær upplýsingar í málinu, að jeg álít þessa bilunarhættu sára litla, og það hefur gjörbreytt skoðun minni á málinu.

Forberg, verkfræðingurinn norski, hefur einmitt gefið glöggar og góðar upplýsingar um þessi atriði í skýrslu sinni til formanns ritsímanefndarinnar prentaðri í áliti meiri hlutans, og vil jeg leyfa mjer, að lesa hjer upp nokkur orð eptir hann, með leyfi hæstv. forseta. Í lauslegri þýðingu hljóða þau þannig (Nefndarálit í ritsímamálinu bls. 48 neðst): »Jeg álít, að línu yfir Ísland sje engu hættara, en flestum línum yfir Noreg norðanverðan, og það hlýtur þó að vera eðlilegast, að bera það saman við þetta land, en ekki Suður-Afríku eða Kína, þar sem Ísland og Norður-Noregur eru að mörgu leyti lík um náttúru og loptslag. *Af eigin reynd frá þessum hjeruðum get jeg sagt það, að vanalega eru allir símar og símasambönd í lagi, jafnvel í hörðustu hríðum og vetrarstormum*«.

Þetta verð jeg að segja að hafi svo mikla þýðingu, að óþarfi sje að gjöra sjer miklar grillur út af bilunarhættunni fyrir þráðinn milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, þá er fyrsta árið er liðið eptir lagninguna, því að það tekur Forberg fram, að fyrsta árið verði menn að vera við því búnir, að þráðurinn bili. Jeg verð að líta svo á, að mikið sje að byggja á umsögn slíkra manna sem Forbergs um þetta atriði, miðað við margra ára reynslu undir mjög líkum kringumstæðum. Jeg skammast mín að minnsta kosti ekki fyrir, að beygja mig fyrir slíkum röksemdum.

Annars held jeg, að það væri sæmra fyrir minni hlutann, að gjöra sem minnst að því, að vera að vitna sínu máli til stuðnings *nú* í 4—5 ára gamlar þingræður eða blaðagreinar, þá er málið horfði allt öðru vísi við. Ef út í það skyldi farið, þá mætti háttv. minni hluti muna það, að ekki væri síður ástæða fyrir meiri hlutann að vitna í

gömul ummæli valtýzka flokksins í ræðu og riti um þetta mál frá 1899, 1900 og 1901, sem kveða nokkuð við annan tón, en ummæli þeirra nú. Og jeg hygg, að minni hlutinn græddi lítið á þeim samanburði, og þeim upprentunum, og er því snjallast fyrir þann flokk, að láta allt slíkt liggja, en líta hlutdrægnislaust á málið, eins og það liggur *nú* fyrir.

Jeg ætla svo ekki að lengja meira umræður um þetta mál, þær eru orðnar nógu langar. En jeg vil að eins geta þess, að mjer fannst sögulestur háttv. samþm. míns (Ól. Ól.) að vísu mikið fróðlegur og skemmtilegur, en ekki að því skapi heppilegur í þessu sambandi, því að hann kom satt að segja þessu máli alls ekkert við. Það er öldungis fráleitt, að bera nútíðina saman við einveldistímann, þann tímann, þegar verzlunareinokunin ríkti hjer í sinni verstu og svörtustu mynd. Slíkt nær engri átt. Og þótt einkaleyfisrjettur Stóra norræna sje bundinn við 20 ár, þá er ekki gjörandi mikið veður úr því. Sá tími getur naumast verið styttri, þá er um einkaleyfi er að ræða. Einkaleyfi Íslandsbanka til seðlaútgáfu er bundið við 30 ár, og háttv. þm. (Ól. Ól.) óaði ekki við þeim tíma á þinginu 1901. Og jafn framt vil jeg minnast á það, að flokksmenn hans óaði ekki við því 1899, að binda landið á klafa í allri peningaverzlun í 90 ár, og leggja niður hina einu peningastofnun landsins. *Það* mátti kalla langa og ískyggilega einokun. En þetta ritsímaeinokunartal er allt út í hött, og tóm endileysa. Það er bara að eins villandi og blekkjandi moldviðri, eins og aðrar ræður minni hlutans í þessu mikilsverða máli.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef skrifað nafn mitt á allmargar breyt.till., en það eru að eins tvær, sem jeg hef tekið sjerstöku ástfóstri við, enda snerta þær báðar kvennfólkið.

Önnur till. er á þgskj. 387, og fer fram á, að ungri og efnilegri fröken hjer í bænum sje veittur styrkur til að fara utan og nema sönglist. Hún heitir Valgerður Lárusdóttir, og hef jeg það fyrir satt — bæði af eigin reynd og annara sögn, að hún sje efni í ágæta söngkonu, og líkleg til að verða landi voru til sóma, ef hún ætti kost á að læra þá list. Það er ekki of mikið af sönglistinni hjá okkur, og hefðum við vafalaust gott af því, að það væri dálítið meira. Það hefur áður þótt ástæða til, að veita svipaðan styrk, og vona jeg því, að menn líti sömu augum á þetta mál nú, eins og þá. Jeg er í engum vafa um, að þær vonir muni rætast, sem kunnugir menn gjöra sjer um þessa stúlku, ef hún að eins fengi tækifæri til að læra.

Hin breyt.till. var um kvennaskóla Eyfirðinga. Jeg vildi mælast til þess, að hæstv. forseti bæri liðina a) og b) upp hvorn fyrir sig, svo deildin sýni, hvort hún vill ekkert veita til hans síðara árið. Mjer sýnist háttv. deild vera mjög svo mislagðar hendur, með uppgjörðina milli kvennaskólanna, og gæti jeg vel dregið samanburð á þeim fram hjer, en því ætla jeg þó að sleppa í þetta sinn, og sjá hvað ræðst. Má vera, að jeg gjöri það síðar og þa á öðrum stað.

Af því jeg hef verið nokkuð riðinn við D liðinn í 12. gr., ritsímamálið, þá vil jeg ekki alveg ganga fram hjá honum við þessa umræðu. Vegna þess einnig, að jeg hef sjerstaklega sett mig inn í þetta mál á þessu þingi, og af því jeg álít það eitt hið langþýðingarmesta velferðarmál þjóðarinnar, sem nú er til meðferðar á þinginu, þá vil jeg árjetta það, sem jeg sagði við 2.

umr. lítið eitt, athuga það, sem síðan er komið fram, og leiðrjetta missagnir. Öllum er það augljóst, að jeg er hjer óháður öllum. Jeg er engum flokksböndum bundinn, sem hafa nokkur áhrif á stöðu mína í málinu, og jeg hef gjört mjer allt far um að líta á það hlutlausum augum, og rannsaka málið og kynna mjer það svo, sem kostur hefur verið á, og þó að jeg standi hjer að vissu leyti einn míns liðs á þinginu, þá eykur það mjer engan harm.

Það hefur áður komið fyrir, að jeg hef hjer frá mínu þingsæti barizt fyrir málum, sem búið hefur verið að æsa mikið af þjóðinni á móti.

Jeg get t. d. bent á bindindismálið frá 1894—99, stjórnarskrármálið frá 1895—1903, bankamálið o. s. frv. Eptir á hefur það í öllum þessum málum komið fram, að jeg hef ratað rjettan veg, þrátt fyrir allt æsingamoldryk, sem gengið hefur í strokum á móti. Nú eru þau mál til lykta leidd um stund, og menn geta þreifað á því, að úrslitin hafa verið góð. Eins fer — það fullyrði jeg hiklaust — um þetta mál.

Þetta mál er eitt af þýðingarmestu málum þjóðarinnar, og eptir því, sem hún kynnist því betur, þess betur sjer hún og metur þýðingu þess. Jeg er alveg sannfærður um þetta, og þarf ekki að eyða fleiri orðum um það.

En það voru breyt.till. á þskj. 386, sem jeg ætlaði lauslega að athuga í þetta skipti.

Þar er eitt atriði í breyt.till., sem jeg met ákaflega mikils, því það ber vott um það, að háttv. minni hluti nefndarinnar er horfinn frá þeirri skoðun, að landsími til Seyðisfjarðar frá Reykjavík sje nokkur fjárhagslegur vöði fyrir landið, þar sem hann nú vill taka talsímasambandið innanlands.

Um þetta bera breyt.till. vott, þar sem öll aðal-atriðin eru tekin upp úr ákvæðum meiri hlutans, að því einu undanteknu, að þeir vilja lána 300,000 kr. í stað þess, að nota tillag norræna fjelagsins optnefnda.

Með þessu er fallin kostnaðargrýla minni hlutans út af innanlandssambandinu, því hann vill þó ekki frekar stofna landinu í fjárhagslegan voða, en meiri hlutinn.

Þá er að eins eptir ágreiningurinn um millilandasambandið. Minni hlutinn heldur því fram, að þráðlaus firðritun sje þar kostnaðarminni og öruggari.

Það getur vel verið, að þetta samband yrði nægilega hraðvirkt, svo framarlega, sem loptskeytin gætu komið stundvíslega og nógu reglulega.

En það eru atriði í kostnaðaráætluninni, sem eru æði athugaverð. — Það er gjört að skilyrði, að vinnutíminn sje ákveðinn 16 tímar.

Þegar ræða var um Marconi-tilboðið á bls. 39 í nefndarálitinu, þá var þetta ekki tekið fram, og heldur ekki í tilboðinu á bls. 21. (S. II. B.). Þar er gjört ráð fyrir hærra árgjaldi, ef vinnutími er 16 stundir. *(Björn Kristjánsson:* Það er ekki miðað við S. II. B., en allt önnur tilboð). Jú, annarsstaðar er ekki gört ráð fyrir 16 stundum, heldur að eins 8.

Ef 16 tíma vinna ætti að vera skilyrði, þá er þessi upphæð í breyt.till. alls ekki nóg, því áætlunin er við 8 tíma. Það er því formgalli á tillögunni, þar sem hún er byggð á nokkru, sem alls ekki er víst, því það er þó engan veginn víst, að tilboðið sje miðað við 16 tíma vinnu; svo mikið er þó óhætt að segja.

Annað skilyrði er það, að annars-

staðar frá, t. d. frá Danmörku eða Noregi fáist tillag til sambandsins 45,000 krónur.

Í ritsímasamnnginum er ætlazt til þess, að fjelagið fái tekjurnar af millilandasambandinu, en Danmörk og Ísland leggi til víst árgjald; hjer á hvorugt landið sem slíkt að hafa hluta af tekjunum. En ef Ísland áskilur sjer allar tekjurnar af millilandasambandinu, þá má búast við, að hin löndin vildu ekkert til þess leggja, og ef þau leggja nokkuð til, er eðlilegt, að þau vilji hafa tekjurnar hlutfallslega við tillag sitt hvert um sig, og það er eðlilegt og rjettlátt.

Sameiginleg ábyrgð, sameiginleg byrði, sameiginleg not og sameiginlegar tekjur, það er í raun og veru það eina rjettláta, og á öðrum skilyrðum er ómögulegt að byggja heilbrigðan samning; þess vegna er þetta skilyrði ekki heilbrigt hjá háttv. minni hluta. Jafnvel þó Danmörk legði fram 45 þúsundir, þá mundi hún aldrei gjöra það skilyrðislaust, og tæplega með öðrum skilyrðum, en þessum.

Auk þess er að því að gæta, að tillagan hækkar kostnaðinn við landsímann um 22,500 kr. á ári — eins og líka rjett er — um 22,500 kr.

Gjörum nú ráð fyrir, að Danmörk legði til $^3/_5$ af kostnaðinum og tæki svo $^3/_5$ af tekjunum, sem háttv. minni hluti áætlar nú 30,000 kr. — $^3/_5$ af 30,000 kr. verða 18,000 kr. — og þá höfum við að eins 12,000 kr. eptir, eins og hver maður auðveldlega getur reiknað út. Þetta verður því engu ódýrara fyrir oss, en síminn að neinu leyti, enda þótt þetta tillag fengist, sem óvíst er; og engar líkur eru til þess, að hægt væri, að fá tillag frá Noregi með betri kjörum, en frá Danmörku.

Það er ekki fyllilega rjett, að bera ástæðurnar nú saman við ástæðurnar 1902 og 1903. Þá voru bæði þingmenn og stjórnin vonlaus um, að fá símasamband, og þá var lokið þeim málaleitunum, sem norræna ritsímafjelagið hafði haft á hendi við stjórnir annara ríkja í Evrópu, og enginn þeirra vildi við okkur eiga um þetta.

Þegar svo þingið 1902 kemur saman, þá eru allir vonlausir — jeg tel ekki þessi 7 atkv., sem þá voru í minni hlutanum, og sem voru ef til vill á móti af líkum ástæðum og minni hlutinn nú. — Af því að menn eru vonlausir um símasamband, þá gengu menn að því, að loptskeytasambandið mætti taka sem neyðarkost, heldur en ekkert samband. Og það var rjett hugsað eins og þá stóð á.

Jeg man það vel, að jeg var seinastur allra til að láta undan þá, og það var mjer þvert um geð, þó jeg gjörði það. En af því jeg stóð gjörsamlega einn, og því var haldið að mjer, að franska tilboðið yrði tekið aptur, ef því yrði ekki gaumur gefinn strax, þá voru loptskeytin kosin heldur en ekki neitt. En það verð jeg að segja, að ófúsir voru menn á það þá.

Þannig er enn víðast um heiminn með loptskeytastöðvar; þær eru settar upp þar sem þráðum verður ekki komið við. Og það er víst, að reynsla allra þjóða sýnir það, að skeyti komast opt ekki stöðva á milli af ástæðum, sem jafnvel sjerfróðum mönnum eru ekki ljósar. Það eru engar getsakir, þó að búist sje við, að Danir vilji ekki nú leggja fram fje til loptritunar, því að þeir geta fyrir sitt tillag lagt símann til Færeyja og sleppt oss, og það yrði oss til töluverðrar minnkunnar, ef svo Færeyingar yrðu fyrri en við.

Jeg get ekki gengið inn á, að líkur sjeu til, að styrkur fáist frá Noregi; á þessu brjefi frá »telegrafdirektör« Ras-

mussen er ekki að byggja von um tillag frá Noregi til loptrita; þar er nefndur sæþráður, og þótt Rasmussen sje maður í miklu áliti, þá ræður hann engu um slíkt.

Eins er það með viðhald og viðgjörð á loptritastöðvum, að þar renna flestir blint í sjó, en það verður að athuga, að þessar vjelar eru svo nákvæmar, að það er ekki á færi annara en þeirra manna, sem hafa vísindalega sjerfræðslu og verklega æfingu, að stilla þessar vjelar eða gjöra við þær. Það er ekki að eins að setja topp á mastur, sem þarf að gjöra, heldur þarf að gjöra við vjelarnar og haga stöng og þræði á rjettan hátt. Og það er mjer óhætt að segja, að um öll Norðurlönd eru sjerfróðir rafmagnsfræðingar á þeirri skoðun, að þetta »system« sje enn ekki svo öruggt, að á því verði byggð atvinna eða viðskiptalíf.

Einkarjettargrýlunni gjöri jeg ekki mikið úr; það má spila á viðkvæma strengi með henni, en einkarjetturinn er ekkert tilfinnanlegur, ekkert fremur en seðlaútgáfurjetturinn, sem einstakra manna fjelag hefur fengið hjer á landi. Þó viðurkenna allir nú, að það sje til góðs. Jeg skal benda á, að Englendingar, Norðmenn og Svíar hafa gjört það sama. Þeir hafa nú endurnýjað einkarjett um sæþráð um 14 ár, frá 1911—1925, og því eigum við okkar símasamband að þakka. Ætli okkur sje vandara um en þessum þjóðum? Ekki hræðast þær »einokun« og heldur ekki Danmörk, sem bundin er við *sama samninginn*.

Háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) talaði mikið um einokunina í þessu sambandi, jeg get ekki skilið, að svo skýr maður, sem hann er, vilji draga nokkra samhliða línu milli þess. Það er aldrei nema satt, að brennt barn á að forðast eldinn, en háttv. þm. sýnist vera eldur, þar sem enginn eldur er. Hvernig getur nokkur ímyndað sjer, að þessi einkaleyfisrjettur geti beitt þjóðina hárðýðgi eða alið upp þrældómsanda? Hvað gjöra Englendingar, Danir og Svíar? Ekkert eru þeir hræddir við þetta, og mættum vjer Íslendingar þó þakka fyrir að komast þangað með tærnar, sem þeir hafa hælana.

Í þannig löguðu máli á að tala stillilega og með rökum, menn eiga að forðast í máli eins og þessu, að brúka orð, sem æsa tilfinningar manna, slíkt getur ruglað rólega íhugun, Pólitísk mál eru engin tilfinningarmál, heldur þur skynsemdar- og hagsýndarmál.

Fyrirkomulag það, sem felst í þessari tillögu minni hlutans, er þó, fyrir utan þá agnúa, sem á því eru, hið bezta, sem þeir enn hafa haldið fram; og væri vert rækilegrar íhugunar. En að fella málið niður, fer alveg í bága við skoðun minni hlutans sjálfs í nefndinni, því að öll nefndin var samdóma um það, að veita ætti fje til sambands milli landa og innanlands, og þjóðin hefur á þingmálafundum lýst yfir því, að hún vildi fá heppilegan enda á þetta mál. En ef á að fresta málinu, þá ber að athuga, hverjar afleiðingar verða af því. Vinnur maður eða tapar maður við það? Þessi samningur er gjörður; það er »factum«. Hann er byggður á yfirlýstum vilja þingsins á undanförnum þingum. Það má lengi þrátta um, hvað standi í fjárlögunum og hvað ekki standi, en ráðherra hafði fulla ástæðu til þess að gjöra þennan samning eptir því, sem áður hafði komið fram. Annað atriði er það, að engum getur blandazt hugur um, að eins og á stóð, þegar samningurinn var gjörður og ekki var til nema til-

boðið frá því Stóra norræna og elzta Marconi-tilboðið, þá getur engum dulizt, hvort tilboðið var betra. En ef samningurinn er suspenderaður, þá hefur fjelagið rjett til að ógilda hann; jeg segi ekki, að það sje líklegt, að það noti þann rjett, en það er mögulegt. En er þá vert að fresta og tefla málinu í svo mikla tvísýnu? Það get jeg ekki sjeð, þar sem svo mikið er í húfi, og málið er svo þýðingarmikið fyrir þjóð vora. En það kostar töluvert fje, að láta þetta liggja í salti, og það er hreinn voði fyrir oss, ef fjelagið segði samningnum upp.

Þær ögranir, að þeir þingmenn, sem ekki hafni ritsímasamningnum, nái ekki endurkosningu, eru illa til fallnar. Þann verð jeg að telja minni mann, sem ekki þorir að halda fram sannfæringu sinni, þó að hann vissi það fyrirfram, að það kostaði hann sætið á þingi. Þetta eru sömu ögranirnar, sem komu fram í stjórnarskrármálinu 1901. Það fer ef til vill um þetta mál, eins og þá fór um það, eins og fyndið blað eitt sagði: »Þeir, sem með voru, björguðu málinu, en þeir, sem móti voru, komust til valdanna. Báðir flokkar gætu því verið ánægðir með úrslitin«.

Hermann Jónasson, (1. þm. Húnv.): Jeg á breyt.till. á þgskj. 395; hún fer fram á styrk til vegar fyrir Múlann, sem svo er nefndur, í Húnavatnssýslu. Nefndur vegur liggur á milli Vatnsnessfjalls að sunnan og Miðfjarðarháls og tengir saman sýsluveginn, er liggur austan megin Miðfjarðar, við þjóðveginn austanvert við Miðfjarðarvatn. — Að nýr vegur yrði lagður á þessum stað, hefur verið mikið áhugamál margra. En sjerstaklega síðan verzlun hófst á Hvammstanga, er öllum, sem til þekkja, ljóst, hve brýn þörfin er; enda liggur nú fyrir þinginu beiðni um styrk til vegarins undirskrifuð af 50 manns. Þessi vegur er nú ein vegleysa, allt einir troðningar á mýrlendi, svo að engjar eru meira og minna eyðilagðar á 11 jörðum.

Þess hefur áður verið óskað, að landshöfðingi ljeti gjöra áætlun um veginn, og fól hann það Árna vegabótastjóra Zakkaríassyni, og áætlaði hann, að vegurinn mundi kosta um 9 þús. kr., ef akbraut yrði lögð. En af því að útgjöld landssjóðs eru svo mikil, fer jeg eigi fram á, að fje sje lagt til akbrautar á þessum stað, heldur ódýrri vegar og hafa vegfróðir menn áætlað að góður reiðvegur á þessari leið muni eigi fara yfir 7 þús. kr. Jeg vil geta þess, að verzlun á Hvammstanga fer stöðugt vaxandi. Síðastliðið ár var verzlunarumsetning þar um 150 þús. kr. og nálægt $^3/_5$ af vörunum er flutt eptir þessum vegi. Þess utan stendur til, að stofnað verði rjómabú í Þverárhreppi og Víðidal. Jeg treysti því, að þessu verði vel tekið. Jeg vil taka það fram, að beiðnin er 3,500 kr. eða helmingur af því, sem áætlað er að þessi vegur muni kosta, og það er tekið fram, að til þessa verði varið jafnmiklu fje annarsstaðar frá, og landssjóðstillaginu nemur.

Á þgskj. 394 á jeg þá breyt.till., að kvennaskólinn á Blönduósi fái 50 kr. fyrir hverja námsmey í stað 40 kr. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þessa breyt.till., þar sem háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar hefur lýst því yfir, að fjárlaganefndin fjellist á það, og vona jeg einnig, að hin háttv. deild fallist á það, einkum þegar litið er til þess, að allar ráðstafanir hafa verið gjörðar til þess, að kennslan geti farið þar fram í sem beztu lagi; og í sambandi við það, vil jeg geta þess, að gróðrarstöð á að setja þar upp með vorinu, svo að kennsla í garðrækt geti farið þar fram framvegis.

En tíminn líður og jeg má ekki fjölyrða um þetta, en vil þó tala nokkur orð um ritsímann. Það er eitt atriði, sem háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) og þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafa lagt mikla áherzlu á, og það er, að fjárlaganefndin 1903 sje nú í mótsögn við sjálfa sig. Jeg er einn þeirra, sem þá voru í fjárlaganefnd, og vil jeg bera þann ósanna áburð af mjer og meðnefndarmönnum mínum. (*Stefán Sefánsson* 2. þm. Skgf.: Ekki af mjer). Jeg verð að játa, að það eru veik hálmstrá, sem minni hlutinn hangir á. Og það er eðlilegt, að þessir herrar reyni til þess að blekkja þá menn, sem eru ókunnugir málinu, þegar þeir dirfast að berja þetta blákalt fram hjer í deildinni, beint framan í andlitið á þeim mönnum, er jafnharðan geta hrakið ósannindi þeirra.

Fjárlaganefndin 1903 leggur til að verja fje til ritsíma. En svo við 3. umr. kom fram breyt.till. um, að í stað ritsíma komi: »til hraðskeytafleygis«. Þetta náði fram að ganga í deildinni.

Þá stóðu sakir svo, að samningur við hið Stóra norræna var ófáanlegur, en aptur hugðu margir, að loptritun mundi fá borgið málinu.

Háttv. Ed. breytti svo orðinu »hraðskeytafleygir« í »hraðskeytasamband«. En þegar fjárlögin komu aptur til einnar umr. í Nd., leggur fjárlaganefndin þar einróma til, að í stað: »*hraðskeytasamband*« komi: »*ritsími*«. Þetta náði fram að ganga í deildinni, og sömuleiðis frá þinginu í heild sinni.

Nefndin leggur kapp á þetta, því að ritsímasamband sje margfalt betra. Með hraðskeytasambandi meinar nefndin loptskeytasamband. Nefndin leggur þó til, til vara, að stjórninni veitist heimild til, ef henni virðist það heppilegra, að verja þessari upphæð til loptskeytasambands. Þetta sýnir glögglega afstöðu fjárlaganefndarinnar í málinu, og sú skoðun er enn þá óbreytt. Nú er málið rannsakað og leitað samninga um loptskeytasamband. Með öðrum orðum, stjórnin hefur gjört eins og henni var falið á þingi 1903. Jeg lít því eins á málið nú, sem í fjárlaganefndinni 1903, og það er min fasta sannfæring, að ritsími sje heppilegri og ábyggilegri. Það eru sem sagt veik hálmstrá, sem andstæðingarnir fljóta á, þeir sletta því framan í oss, og einnig með bakbiti og rógi reyna þeir sð slá ryki í augu almennings með því, að vjer höfum breytt skoðun vorri.

Þá vil jeg víkja mjer að ræðu háttv. þm. Mýr. (M. A.). Hann fór fögrum orðum og friðsamlegum um það, að fresta bæri málinu. Því er jeg algjörlega á móti. Það gæti orðið stórhættulegt. Jeg er ósamdóma háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að lítil líkindi sjeu til að Mikla norræna gangi frá, ef frestað yrði. Fjelagið var einmitt knúð til að gjöra samninginn, einmitt á þeim tíma, þegar það fjekk framlengingu á einkaleyfum sínum til annara landa. Nú er framlengingin fengin og fjelagið nú orðið óbundið, ef vjer höfnum samningi þess. Ekkert er eðlilegra, en fjelagið skaðist á þessari lagningu, og það hefur verið skoðun þess. Þetta yrði því til þess að baka hluthöfum þess fjárhagslegan skaða, er fjelagsstjórnin virðist skyld til að forða hluthöfum frá, ef það er hægt á löglegan og leyfilegan hátt. Það voru því einmitt þau heppilegustu tímamót, þegar samningurinn var gjörður. Að þiggja þetta boð var alveg sjálfsagt. Ef sleppt væri nú tækifærinu, væri það háskalegt og bakaði þeim hinum sömu þungrar

ábyrgðar. Sterkar líkur eru til, að það líði langur tími þangað til viðlika hagfellt samband býðist. Fresturinn hefur enga þýðingu til góðs. Hann yrði orsök til áframhalds aggs og illinda. Það yrði haldið áfram að blekkja þjóðina og ryðja í þá ósannindum, sem ekki hafa tækifæri til að íhuga málið. Þjóðin færðist æ fjær og fjær því takmarki, að geta byggt á *heppilegum grundvelli*. Frestun væri því hættuleg, skaðleg, en að öðru leyti þýðingarlaus.

Jeg get ekki endað svo ræðu mína, að jeg minnist þess ekki, að það hefur stöðugt klingt, að við, meiri hlutinn í ritsímamálinu værum háðir, fyrirfram lofaðir, bundnir. Þetta er að mínu áliti óhæfileg aðdróttun. Ritsímamálið er það þýðingarmesta mál, sem legið hefur fyrir þinginu í síðastliðin ár. Óhugsandi ætti því að vera, að sú gjörspilling geti átt sjer stað, að um $^2/_3$ hlutar af fulltrúum þeim, er þjóðin sendir á alþingi, leyfi sjer að svíkja þjóðina, kjósendur sína og eigin sannfæringu. Jeg get lýst því yfir fyrir mína hönd, og jeg er *viss* um fyrir flokkinn í heild sinni, að þetta eru hin svörtustu ósannindi, sem á oss eru borin, og óþingmannlegt að leyfa sjer slíkt. Jeg hef sett mig inn í málið eptir beztu föngum, lesið allt, sem um það hefur verið skrifað, og yfirvegað það sem bezt. Jeg talaði við kjósendur kjördæmis míns í vor, voru þar nokkrir á móti ritsímasamningnum, en það voru ekki þeir, sem kosið höfðu mig; jeg sagði þeim, að vísu væri jeg málinu þá ekki nógu kunnugur, en kvaðst þó helzt mundi hallast að ritsímasamningnum; en annars mundi jeg greiða atkvæði eptir því, sem jeg áliti heppilegast, sannast og rjettast. Jeg fyrir mitt leyti fylgi svo fast fram minni sannfæringu, að þó jeg vissi, að hún væri gagnstæð meginþorra kjósenda minna, mundi jeg samt sem áður fara eptir því, sem samvizkan segði mjer; annars teldi jeg mig ærulausan mann, þegar um jafn stórvægilegt mál og þetta er að ræða fyrir menning og framtíðarheill landsins.

Nú hef jeg fengið svo góðar upplýsingar, að jeg er í engum vafa um, hvar atkvæði mitt skal lenda. Það, sem bezt hefur sannfært mig er skýrt álit meiri hlutans og ræður hans svo og álit minni hlutans og ræður þær, er hann hefur haldið. Framkoma minni hlutans og andstæðinganna ættu einnig að sannfæra hvern mann. Það er erfitt um rök, þegar ekki hafa getað komið fram veigameiri ástæður, en fram hafa verið bornar. Framsm. minni hlutans kann þó að halda á spilum, hann hefur óneitanlega tjaldað því, sem til er, en hvernig hefur honum þá tarizt þetta úr hendi. Þar er ekkert vopn, sem býtur, ekki eitt einasta, sem að haldi getur komið. Ofstæki, blekking, stóryrði og brixlyrði hafa og klingt í blöðum þessa flokks. Það er ólík aðferð, sem beitt hefur verið af meiri hluta þingsins. Hann hefur í þessu máli forðast eins og heitan eld öll stóryrði og allar móðganir. Þess hefði þó mátt geta, að það er undarlegt, að landstjórnin skyldi ekki geta fengið Marconifjelagið til þess að setja hjer upp tilraunastöð fyrir minna en c. 36,000 kr., ef minnihlutaflokkurinn gat fengið hana til þess fyrir ekkert. Jeg minni að eins á þetta, þegar það eru aðalvarnir minni hlutans, að vjer sjeum háðir og bundnir; því að engu síður hefði mátt henda á lopti það, sem flogið hefur fyrir, að þeir sjálfir kunni að einhverju leyti að vera bundnir, og það við eigin hagsmuni.

Þá var samþ. með 14 atkv. móti 6 eptir ósk þessara 8 þingmanna, að umræðum skyldi slitið:

Lárus H. Bjarnason, Hannes Þorsteinsson, Eggert Pálsson, Stefán Stefánsson þm. Skgf., Magnús Andrjesson, Hermann Jónasson, Jón Jónsson, Ólafur Briem.

Þessir 6 þingmenn sendu forseta ósk um nafnakall við atkvæðagreiðsluna um breyt.till. á þgskj. 386:

Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Ólafur Thorlacíus, Einar Þórðarson, Ólafur Briem, Björn Kristjánsson.

ATKVGR. 1. breyt.till. (405) við 2. gr. 9., samþ. með 20 atkv.

2. breyt.till. (405) við 2. gr. 10, samþ. með 22 atkv.

3. breyt.till. (405) við 2. gr. 11 samþ. með 21 atkv.

4. breyt.till. (405) við 2. gr. 12 samþ. með 20 atkv.

1. breyt.till. (407) við 11. gr. 9 f. aths. samþ. í e. hljóði.

1. breyt.till. (398) við 12. gr. B. 1. b samþ. með 13 : 6 atkv.

1. breyt.till. (378) við 12. gr. B. 3. (Húsavík) felld 13 : 9 atkv.

1. breyt.till. (378) við 12. gr. B. 3 (Skagafj.) felld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. (395, við 12. gr. B. 7 (Vatnsfj.) felld með 18 : 2 atkv.

5. breyt.till. (405) við 12. gr. B. 7—8 aths. samþ. með 18 atkv.

1. breyt.till. (397) við 12. gr. B. 9 viðauki aths. samþ. með 20. atkv.

1. breyt.till. (390) við 12. gr. C. 2 (br. á fyrirsögn) samþ. með 15 atkv.

1. breyt.till. (390) við 12. gr. C. 2 (tölur) felld með 16 : 7 atkv.

Breyt.till. (403) við þgskj. 386 felld með 16 : 6 atkv.

1. breyt.till. (386) við 12. gr. D. (Liðurinn falli burt) felld með 17 : 8 atkv. við nafnakall, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Magnús Andrjess.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Thorlacíus,	Guðm. Björnsson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
St. Stef., þm. Skgf.,	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

2. breyt.till. (386) við 12. gr. D (loptskeyti) felld með 18 : 7 með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Magnús Andrjess.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Björnsson,
Stef. Stef., þm. Skgf.	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Jóhannes Ólafsson,
	Hermann Jónasson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Thorlacíus,
	Pjetur Jónsson,
	Stef, Stef., þm. Eyf.,
	Tr. Gunnarsson.
	Þórh. Bjarnarson.

3. breyt.till. (386) við 12. gr. D. fallin.

2. breyt.till. (398) við 12. gr. E. m. tekin aptur.

2. breyt.till. (407) við 12. gr. E. m. b. samþ. með 20 atkv.

3. breyt.till. (398) við 13. gr. A. (nýr

liður) felld með 15 : 10 atkv. með nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Hermann Jónasson,	Jóhannes Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jón Jónson,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus.	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	St. Stef., 2. þm. Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.
	Þórh. Bjarnarson.

Pjetur Jónsson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

1. breyt.til. (393) við 13. gr. B. III. c 5 felld með 17 : 6 atkv.

Breyt.till. (394) við 13. gr. B. VI. a 4 felld með 13 : 8 atkv.

Breyt.till. (381) við 13. gr. B. VI. a 5 felld með 14 : 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Jón Jónsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Kristjánss.,	Magnús Andrjess.,
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.	Ólafur Thorlacíus,
St. Stef., 2. þm. Skf.,	Pjetur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson,

2. breyt.till. (390) við 13. gr. B VI. b. 1 felld með 19 atkv.

Breyt.till. (390) við 13. gr. B VI. b. 2 felld með 19 atkv.

7. breyt.till. (405) við 13. gr. B VI. b. 4 samþ. með 15 atkv.

2. breyt.till. (393) við 13. gr. B. IX. liðurinn falli burt, felld með 16 : 6 atkv.

3. breyt.till. (393) við 13. gr. B. X. liðurinn falli burt, felld með 13 : 6 atkv.

3. breyt.till. (407) við 13. gr. B. X. aths. samþ. með 18 atkv.

4. breyt.till. (393) við 14. gr. 6 (liðurinn falli burt) felld með 18 : 6 atkv.

Breyt.till. (396) við 14. gr. 9 (Sögufj.) samþ. með 13 : 6 atkv.

Breyt.till. (391) við 14. gr. 27 (Sigf. Einars.) felld með 15 : 10 atkv. með nafnakalli vegna óljósrar atkv.gr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Björn Kristjánss.,	Hannes Hafstein,
Eggert Pálsson,	Jóhannes Ólafsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Jónsson,
Guðm. Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Kristjánss.,
Herm. Jónasson,	Ólafur Briem,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Ólafsson,
St. Stef., þm. Skgf.,	Ólafur Thorlacíus,
	Pétur Jónsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef., þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

8. breyt.till. (405) við 14. gr. 29 (aths.) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (387) við 14. gr. 30 (Valg. Lárusd.) felld með 14 : 8 atkv.

9. breyt.till. (405) við 15. gr. 1. f samþ. með 17 atkv.

3. breyt.till. (390) við 15. gr. 4 felld með 14 : 5 atkv.

10. Breyt.till. (405) við 15. gr. 7 samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. (393) við 15. gr. 8 (Iðnfjl.)

samþ. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Magnús Andrjess.,
Guðm. Björnsson,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Hannes Hafstein,	Tryggvi Gunnarss.,
Hannes Þorsteinss.,	Þórh. Bjarnarson.
Herm. Jónasson,	
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. B jarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	

Breyt.till. (393) við 15. gr. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. (402) við 15. gr. 9 felld með 13 : 8 atkv.

Breyt.till. (393) við 15. gr. 11 (liðurinn falli burt) felld með 17 : 2 atkv.

11. Breyt.till. (405) við 15. gr. 15 samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (390) við 15. gr. 17—18 (mótorb.) samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (393) við 15. gr. 18 (mótorb. Ísf.) tekin aptur.

12. Breyt.till. (405) við 15. gr. 19 (fiskiv.) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (397) við 15. gr. (viðbót við 17) felld með 17 : 2 atkv.

Breyt.till. (389) við 15. gr. (viðbót við 21) (sjóg. á Eyrarb.) felld með 17 : 2 atkv.

Breyt.till. (407) við 18. gr. (viðbót) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. (373) við 20. gr. tekin aptur.

14. Breyt.till. (405) við 20. gr. samþ. með 16 atkv. (bryggja í Stykkish.)

13. Breyt.till. (405) við 20. gr. (verksmiðja á Akureyri) samþ. með 18 atkv.

Frumv. samþ. í e. hlj. og vísað til Ed.

Á 38. fundi Ed. miðvikudaginn 16. ágúst kom frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 til 1. umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að segja örfá orð; jeg vil gjöra þá tillögu, að þegar umræðum er lokið um þetta mál, þá verði því vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að íhuga fjármál landsins.

Frumv. var vísað til annarar umr. í einu hlj.

Tillaga 2. kgk. þm. (E. Br.) um að vísa málinu til fjármálanefndarinnar var samþ. í einu hlj.

Í fjármálanefndinni (sjá A. 102 og þingsályktunartillögur III. B. 5) áttu sæti:

Jón Ólafsson,
Guttormur Vigfússon,
Jón Jakobsson,
Sigurður Stefánsson,
Valtýr Guðmundsson.

Var Jón Jakobsson formaður nefndarinnar og Jón Ólafsson skrifari og framsögumaður.

Á 42. fundi Ed., mánudaginn 21. ágúst kom fjárlagafrumv. til 2. umr. Var það rætt í köflum: fyrst 1.—11. gr., því næst 12. gr. og loks 13.—20. gr. (A. 475, 482, 483, 488, 496, 505, 507, 508, 509, 510, 511).

Framsögumaður (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga

upp á því, að fyrst verði að eins teknar til umræðu 1.—11. gr. frumv. incl.

Forseti (Júlíus Havsteen): Samkvæmt uppástungu háttv. framsm. (J. Ól.), verða 11 fyrstu greinar frumv. fyrst teknar til umræðu.

Framsögumaður (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Jeg vona, að háttv. deildarmenn hafi fengið endurprentið af nefndarálitinu, og kynnt sjer það. — Fyrst vil jeg taka það fram, að nefndin áleit rjett, að fylgja þeirri stefnu, sem háttv. Nd. hefur fylgt yfirleitt, að spara fje landsins á alla lund, og hefur hún reynt að gjöra það; niðurfærsla og burtfelling fjárveitinga nema alls, eptir tillögum nefndarinnar, um 78,000 kr.; jafnframt hefur nefndin hjer borið sig saman við háttv. fjárlaganefnd í Nd. til þess, að reyna að komast hjá því, að einstakar fjárveitingar yrðu að kappsmáli eða prætuefni.

Að svo mæltu vil jeg snúa mjer að tekjuhlið frumv., og er þar fyrst að athuga við 1. gr., að eins og frumv. liggur hjer fyrir frá háttv. Nd., þá eru tekjurnar skakkt taldar saman: 2,030, 440 kr., en á að vera: 2,040,410 kr., eða 10,000 kr. hærri, en í frumv. stendur.

Í 2. grein frumv. við 9., 10., 11. og 12. lið eru dregnar 2% frá öllu aðflutningsgjaldinu í innheimtulaun, en samkvæmt toll-lögunum frá 29. f. m. greiðist ekkert innheimtugjald af þeirri 30% tollhækkun, sem með þeim var lögleidd fyrir fjárhagstímabilið. Samkvæmt þessu hefur nefndin lagt til, að orðin »2%« falli burtu í þessum liðum; vjer höfum þar á móti ekki farið fram á, að tölurnar í útkomu liðanna hækki að rjettu hlutfalli; oss fannst engin ástæða til þess, þar sem það getur eigi orðið til skaða, þótt liðirnir reynist dálítið betur en þeir sýnast.

Jeg vil enn fremur taka fram, að gjöldin eru skakkt samantalin eins og frumv. liggur hjer fyrir; og að endingu er tekjuhallinn rangt talinn, hvort sem farið er eptir hinni röngu eða rjettu samtölu tekna og gjalda; hinn rjetti tekjuhalli er 185,489 kr. 64 aur.

Þá kemur gjaldahliðin; þó nefndin hafi ekki komið með neina breyt.till. við 8. gr. 1. c. til ráðherra, uppbót fyrir embættisbústað, 2000 kr., þá vildi hún láta geta þess, að ef ráðherrann fengi herbergi hjer í þinghúsinu til risnuhalds, þá væntir hún þess, að tekið verði tillit til þess, og dregið hæfilegt af upphæðinni til embættisbústaðar.

4. breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 482 við 10. gr. A. 5., hin fyrsta breyt.till. við gjaldahlið frumv. fer fram á það, að væntanleg símastöð á Akureyri fái ókeypis húsrúm í ráðhúsi því og fangelsi, sem á að reisa þar. Nefndinni fannst rjett, að símastöðin fengi þar húsrúm, úr því landssjóður á að kosta bygginguna að nokkru leyti; raunar var henni ekki kunnugt um það, hvort veita þyrfti meira fje til hússins, ef símastöðinni væri ætlað þar húsrúm, en þótt litlu þyrfti við að bæta, þá álítur nefndin það tilvinnandi.

Þá er 5. breyt.till. við 11. gr. 5 b.

Nefndinni er kunnugt, að eins og menn almennt voru ánægðir fyrst framan af með lækningaferðir augnalæknisins, eins hafa menn nú upp á síðkastið kvartað yfir því, að menn gætu haft hans *lítil not*; það gefur að skilja, að harla lítil not geta verið að þessari hringferð hans; hann stendur að eins við meðan skipið er á hverri höfn fyrir sig, og menn fá að eins tækifæri til að sjá framan í hann og tala við hann; skilyrði það, sem nefndin vill setja fyrir ferðastyrknum, yrði aðallega til þess, að læknirinn athugaði betur

ferðaáætlun sína, og stæði lengur við, að minnsta kosti á einum 2—3 af hinum stærri höfnum árlega; vitaskuld mundu slíkir dvalastaðir læknisins verða fáir; en jeg efast ekki um það, að notin yrðu margfalt meiri, en þau nú eru fyrir almenning.

6. breyt.till. við 11. gr. 7 f. fer fram á, að athugasemdin við þennan lið falli burtu; háttv. Nd. hefur bætt þessari athugasemd við stjórnarfrumv.; hún hljóðar svo: »Læknir spítalans hefur ókeypis ljós og eldivið í bústað sínum á spítalanum«. Nefndin álítur alls enga þörf á því, að bæta upp laun spítalalæknisins. Reynslan hefur sýnt það, að læknirinn getur sinnt öllum læknastörfum sínum á spítalanum á einum klukkutíma hvern dag; hinn tíma dagsins er hann praktíserandi læknir hjer í Reykjavík, og hefur jafnvel í sumar getað tekið að sjer, að þjóna öllu Reykjavíkurhjeraði, svo fámennt sem það er, eða hitt þó heldur.

Fleiri breyt.till. hefur nefndin ekki komið með við 11 fyrstu gr. frumv., og skal jeg ekki að sinni fjölyrða meira um þær; jeg mun reyna að gjöra betri grein fyrir þeim, ef þeim verður andmælt af háttv. deildarmönnum.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg á hjer lítilfjörlega breyt.till. á þgskj. 508 við 11. gr. 9. d., sem gengur út á, að árlegur styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði hækki úr 200 kr. upp í 300 kr. Það stendur svo á því, að jeg hef leyft mjer að koma með þessa breyt.till., að stjórn spítalans á Patreksfirði hefur sent beiðni til þingsins um hækkun á styrk til spítalans til reksturs hans árlega; jeg sendi beiðni þessa til háttv. fjárlaganefndar í Nd., en hún hefur ekki sjeð sjer fært, að taka hana til greina.

Spítali þessi hefur mjög mikla þýðingu fyrir sjómenn; á síðasta þingi lagði jeg fram lista yfir sjúklinga þá, sem á næsta ári á undan höfðu verið á spítalanum, og urðu margir þingmenn alveg forviða yfir því, hversu margir sjúklingar höfðu legið á spítalanum á einu ári; á spítalanum höfðu legið um 50 sjúklingar það ár. Flestir þessir sjúklingar eru sjómenn, og fyrir sjómenn liggur vel við að sigla þarna inn og leggja af sjer sjúklinga, og þeirra vegna væri æskilegt, að spítalavistin gæti orðið svo ódýr sem unnt er. Jeg vil því vona, að háttv. deild samþykki þessa litlu hækkun á styrknum til árslegs reksturs spítalans, því að jeg hef skilið það svo, að sjúklingarnir komi til að njóta góðs af því.

Framsögumaður (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Mjer gleymdist, að minnast á 3 breyt.till. við þennan kafla frumv.; enda er það engin furða, þar sem jeg fjekk ekki sumar þeirra fyr en hjer á fundinum.

Fyrst er það breyt.till. á þingskj 507 við 5 gr. 1., að aptan við þann lið bætist svohljóðandi athugasemd: »Heimilt er prestinum í Staðarstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eptir nánari ákvæðum kirkjustjórnarinnar«. Jeg býst við, að heyra nánari ástæður háttv. flutnm. till., og skal ekki leggja neitt ákveðið til að sinni, en vil að eins geta þess, að jeg býst við, að meiri hluti nefndarinnar muni vera henni hlynntur.

Breyt.till. á þskj. 511 kom stuttlega til umræðu í nefndinni, og mun hún ekki verða gjörð að kappsmáli, en jeg fyrir mitt leyti vil lýsa því yfir, að jeg er henni persónulega hlynntur; Öræfingar eiga yfir stór vötn að sækja á báðar hliðar til læknis, og getur opt komið fyrir, að hægt sje að komast

aðra leiðina þegar hin er ófær, og virðist því engin ástæða til, að meina þeim, að leita læknis á víxl austur eða vestur, eptir því, sem þeim er hentast í hvert sinn.

Loks er breyt.till. á þgskj. 508 við 11. gr. 9. d.; breyt.till. þessi kom lítillega til umræðu í nefndinni, en niðurstaðan varð sú, að nefndarmenn hafa óbundnar hendur, að því er atkvæðagreiðslu snertir um hana. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg er ekki á móti henni; hækkunin er óveruleg og munar landsjóð litlu, en getur verið til talsverðs styrks fyrir þennan litla spítala.

Ráðherrann: Út af ummælum háttv. framsm. um þá tilætlun nefndarinnar, að ef útbúin yrðu risnuherbergi í alþingishúsinu, þá væri dreginn hæfilegur hluti frá af upphæð þeirri, er ráðherranum er ætluð fyrir embættisbústað í 8. gr. 1. c., skal jeg leyfa mjer að benda á það, að í lögunum um skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar er fyrirskipað, að ráðherrann skuli hafa ókeypis embættisbústað sem hlut af launum sínum, og meðan sá embættisbústaður sje ekki í tje látinn, skuli greiða ráðherranum í uppbót þá upphæð, sem fjárlögin greina, með öðrum orðum, embættisbústaðurinn er talinn í lögunum nema 2,000 kr. af launum hans. Ef háttv. nefnd vill fá þessu breytt, þá verður hún að koma fram með sjerstakt lagafrumv. í því skyni, um breyting á nefndum lögum. Risnuherbergin, sem komið hefur til tals að útibúa hjer í alþingishúsinu, eiga alls ekki að vera eingöngu til afnota fyrir ráðherrann, og eru alveg óviðkomandi embættisbústað hans; þeirra vegna verður því ekkert dregið frá uppbót þeirri, sem lögin ákveða, meðan hann fær ekki sjerstakan embættisbústað.

Viðvíkjandi 2. athugasemdinni við 11. gr. 5 b. um að skylda augnalækninn til, að dvelja svo lengi á höfnum, að almenningur hafi hans tilætluð not, þá verður að breyta orðalagi greinarinnar, því ef hann á að fara kringum landið, þá er auðsætt, að hann getur ekki dvalið lengi á hverjum stað, og það því fremur sem hann einungis á að fá 300 kr. í ferðakostnað. Það getur vel verið, að það sje betra að hann dvelji langan tíma á fáum höfnum t. d., Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði, en hann hefir þó sagt mjer, að hann hafi opt getað hjálpað mönnum, þó viðkomutiminn hafi verið stuttur, annaðhvort með því að segja fólki, hvort sjúkdómur þess væri svo, að reynandi væri að koma hingað til Reykjavíkur, eða þá með ráðleggingum og meðölum. Jeg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort henni finnist ekki ástæða til að breyta orðalaginu. Í athugasemdinni við 10. gr. A. 5, um húsnæði fyrir væntanlega símastöð á Akureyri, er ekki tekið fram, hvort það á að vera ókeypis eða ekki. Þetta þarf að gjöra, því annarsstaðar í fjárlögunum er ætlað fyrir kostnaði við stöð á Akureyri, og þar með talin húsaleiga. Það er annars vafasamt, hvort símastöðin er heppilega sett í þessu húsi, og hvort ekki er heppilegra, að hafa hana í sambandi við póstafgreiðsluna. En það þarf í öllu falli að sjást, hvort það á að vera skilyrði fyrir 4,000 kr. framlaginu til þinghússbyggingar, að þar sje lagt fram ókeypis pláss fyrir símastöð.

Framsögumaður minni hlutans, Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Háttv. framsm. (J. Ól.) hefur gjört grein fyrir breyt.till. þeim, sem við þennan kafla eiga. Þó hefur hann ekki talað um eina þeirra á þgskj. 588 við 2. gr. 15, og mun það vera af því, að hann skoðar sig þar sem framsm. meiri hlutans,

Breyt.till. þessi stendur í svo nánu sambandi við 12. gr. D., að jeg sje ekki, að hægt sje að greiða atkv. um hana undir þessum kafla. Jeg vildi því skjóta því til forseta, hvort ekki mætti bíða, að greiða atkv. um 2. gr. þangað til búið er að ræða um ritsímann.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) virðist hafa alveg rjett fyrir sjer í þessu efni.

Forseti: Það er alveg nauðsynlegt, að láta atkvgr. um nefndan lið bíða, og mun henni verða hagað á þá leið.

Eiríkur Briem, (2. kgk. þm.). Jeg hef leyft mjer að koma fram með þá breyt.till. á þgskj. 507, að á eptir 5. gr. 1. bætist athugasemd þess efnis, að Staðarstaðarpresti sje heimilt, að verja 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum kallsins. Þessi heimild var gefin 1903. og var þá til ætlazt, að það næði til lengri tíma. Margar jarðir prestakallsins eru í hættu fyrir að leggjast í eyði og það, sem stendur mest fyrir, að þær byggist, er húsaleysið á þeim, því þeir, sem vildu flytja þangað, yrðu fyrst að byggja þær upp, en jarðirnar þá margar hverjar svo ljelegar, að slíkt mundi ekki borga sig. Bænaskrá hefur komið frá hlutaðeigandi presti um að láta þessa heimild standa, enda er auðsætt, að þær 600 kr., sem heimilað hefur verið, að verja yfirstandandi fjárhagstímabil, ná skammt. Eins og tekið er fram, er það undir umsjón kirkjustjórnarinnar, hvernig fjenu er varið, og sje árgjaldinu eigi varið eins og til er ætlazt, greiðist það í landssjóð. Í bænarskránni er ekki getið um, hvernig fjenu hafi verið varið öðruvísi, en að það hafi verið veitt af því til húsagjörðar, enda er ekki að vænta, að árangur sje kominn í ljós af því eptir eitt ár. Ef heimild þessi væri veitt, mundi hún eigi að eins verða til góðs fyrir prestinn, heldur og fyrir kallið í heild sinni, þar sem eignargildi jarðanna mundi haldast, ef þær væru byggðar, en leggist þær í eyði, þá er fallinn sá gjaldstofn, er árgjaldið byggist á. Eg vona því, að hin háttv. þingd. taki vel í þetta mál.

Þorgrímur Þórðarson, (þm. A.-Sk.): Jeg hef leyft mjer að koma fram með breyt.till. á þgskj. 511, við 11. gr. 4. Breyt.till. þessi fer fram á, að í stað þess að veita 150 kr. á ári til 2 Öræfaferða, þá sje þessi upphæð veitt Öræfingum, til þess að vitja læknis.

Hingað til hefur læknirinn í Hornafjarðarhjeraði farið 2 ferðir á ári suður í Öræfi til þess að ljetta undir og bæta úr þeim örðugleikum, sem Öræfingar eiga við að stríða, er þeir þurfa að leita sjer læknishjálpar.

Jeg ímynda mjer, að fáar sveitir á landinu sjeu eins illa settar hvað alla læknishjálp snertir og Öræfingar, því að austan eru þeir umkringdir af Breiðamerkursandi, en að vestan af Skeiðarársandi; en á þessum söndum eru einhver hin verstu vötn á landinu, Hjeraðslæknir þeirra er búsettur austur í Hornafirði, og þurfi þeir að vitja hans, þá er varla hægt að búast við, að þeir geti sótt hann á minna en 3—4 dögum að meðaltali, og það því að eins að vötnin og færðin sjeu ekki mjög vond. En því miður kemur það opt fyrir, að Breiðamerkursandur er alveg ófær, svo ómögulegt er fyrir Öræfinga, að vitja læknis austur í Hornafjörð, en þá getur verið bezta færi á Skeiðarársandi, svo hægt sje að vitja læknis vestur á Síðu.

Af þessari ástæðu er það, að jeg hef komið fram með þessa breyt.till. mína, að Öræfingum sjeu veittar þessar 150 kr. á ári til þess að vitja læknis, og yrði hún samþykkt, þá gætu þeir notað

styrkinn til þess, að vitja læknis annaðhvort austur á Hornafjörð eða vestur á Síðu, eptir því, sem þeim er hægast að ná í læknishjálp. Hjer er að eins farið fram á, að leyfa Öræfingum, að verja styrknum eptir því, sem þeim kemur bezt, en alls ekki að hækka hann. Þessi breyting getur orðið bæði Öræfingum og hjeraðslækninum í Hornafjarðarhjeraði til góðs, því læknirinn þarf þá ekki að fara suður í Öræfi, nema þegar hann er sóttur, og þá fær hann fylgdarmann og hesta ókeypis.

Háttv. framsm. tók breyt.till. þessari svo vel og mælti með henni, kann jeg honum þakkir fyrir, og vona jeg, að deildin samþykki hana, þar sem hún miðar að eins að því, að sem mest gagn verði af fje þessu fyrir hlutaðeigendur.

Framsögumaður (Jón Ólafsson 4. kgk.): Það er að eins stutt aths. við breyt.till. á þgskj. 507, sem jeg vildi gjöra. Jeg hef fengið þær upplýsingar, síðan jeg talaði áðan, hjá einum háttv. þm., að 20. júní þ. á. hafi ekki verið veitt meira en 25 kr. af fje því, sem heimilað er á síðustu fjárlögum, og að það hafi verið veitt til uð koma þaki ofan á hlöðu. Það lítur þess vegna út fyrir, að landssjóði muni sparast þar 575 kr. og finnst mjer því rjettast, að framlengja þessa heimild.

ATKVGR.:

1. og 2. breyt.till. (482) við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

1. breyt.till. (488) við 2. gr. tekin aptur.

2. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

3. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

4. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. (507) við 5. gr. 1, samþ. með 12 gegn 1.

5. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

6. gr. samþ. í einu hljóði.

3. breyt.till. (482) við 1. gr. samþ. í einu hljóði.

1. gr. samþ. í einu hljóði.

8. gr. frv. samþ. í einu hljóði.

9. — — — - — —

4. breyt.till. við 10. gr. samþ. með 10 atkv.

10. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. (511) við 11. gr. 4, samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. breyt.till. við 11 gr. 5. b. samþ. með 10 atkv.

6. breyt.till. við 11. gr. 7. f. samþ. með 9 atkv.

7. breyt.till. við 11. gr. 9. d. samþ. með 12 atkv.

11. gr. svo breytt samþ. í einu hljóði.

Fundarhlje.

Framsögumaður (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.):

Jeg ætla þá að minnast á breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. frumv.; er þar fyrst, að athugasemd bætist aptan við 12. gr. A. 1. a. um, að þingið ætlist til, að væntanleg aðalsímastöð landsins gæti fengið húsnæði í pósthúsinu. Svo stendur nefnilega hjer á, að landið á pósthúsið, en póstmeistarinn leigir uppi á loptinu og á eigi að hafa frían bústað; þarf því eigi annað en segja póstmeistaranum upp, þar sem hann borgar húsaleigu hvort sem er, enda mun nægilegt rúm fyrir stöðina uppi á lopti í húsinu. Með þessu sparast því húsaleiga fyrir símastöðina. Þá þykir okkur nóg, að ætla 500 kr. á ári til vagnferða til Ægisíðu í stað 600 kr. Nefndinni er kunnugt um, að flutningur þessi er orðinn mikill, og að 500 kr. er nægur styrkur til þess, og það er eigi langt frá mjer að ætla, að hægt væri að fá ferðir þessar fyrir minna en 500 kr., ef um það væri samið. Þær voru byrjaðar með 1 vagni, en nú hrökkva varla 2 til þeirra. Þá vill nefndin eigi verja nema 20 þús. kr.

til Fagradalsbrautarinnar í stað 30 þús. á fjárhagstímabilinu. Nefndin var þó eigi á eitt sátt um þetta, og þar sem jeg var í minni hluta, sleppi jeg að tala frekar um það.

Enn er það tillaga nefndarinnar, að fella burtu 12. gr. B 7., 8. og 9. lið, um vegi frá Hafnarfirði að Vogastapa, sýsluveg í Vestmannaeyjum og sýsluveg á Breiðadalsheiði. Allir vegir þessir eiga það skylt með sjer, að þeir eru *sýsluvegir*, en nefndin er algjörlega mótfallin því, að styrkja þá vegu, enda yrði það alveg ókleyft fyrir landssjóð, að leggja fram fje til þeirra allra, en ef einn er styrktur, þá koma aðrir á eptir og því er ráð fyrir þingið að kippa að sjer hendinni í tíma. Það kom líka beiðni um styrk til sýsluvegagjörðar í Barðastrandarsýslu, en með því að vjer aðhyllumst þessa frumreglu, sem jeg gat um, og nánar er tekin fram í nefndarálitinu, þá vorum við þeim styrk mótfallnir. Nefndin hefur ástæðu til að ætla, að háttv. Nd. haldi eigi fast við þessar styrkveitingar, enda sje jeg enga ástæðu til að halda fast fram veginum frá Hafnarfirði til Vogastapa, þar sem aðalsamgöngurnar eru á sjó, og að eins fáeinar hræður fara á landi, og aldrei að kalla neinir með flutninga, sem teljandi sje; helztu flutningar um þann veg munu vera þorskhausalestir austanmanna, en þorskhausana mætti hæglega senda til Reykjavíkur sjóveg. Sama má segja um veginn í Vestmannaeyjum. Jeg spurði nýlega lækninn úr Vestmannaeyjum, hversu langur vegur væri frá honum til fjarlægasta heimilis á eynni, en hann svaraði því svo, að 25 mín. ganga væri það lengsta, sem hann sem læknir gæti þurft að ganga. En þar sem svo eru litlar fjarlægðir, sje jeg enga ástæðu til þess, að búa til veg á landssjóðs kostnað. Hvað snertir veginn á Breiðadalsheiði, kannast nefndin við, að það er erfiður fjallvegur, enda fáfarinn, og aldrei víst nema af lausum mönnum, en ekki með farangur, og við gátum því eigi heldur í þessu tilfelli vikið frá frumreglu okkar, að styrkja eigi sýsluveða hreppavegi.

Þá er 14. breyt.till. við 12. gr. C 1.; er það að eins orðabreyting, sem ekkert þarf um að tala, en 15. breyt.till. fer fram á, að aptan við aths. við 1. lið bætist: »ennfremur, að fargjald fyrir Íslendinga milli Íslands og Skotlands á hvoru farrými sem er, sje eigi dýrara en $^2/_3$ af fargjaldi milli Íslands og Kaupmannahafnar, og að alþm. hafi ókeypis far með skipunum á þeim ferðum, er styrktar eru af landssjóði«. Það virðist sanngjarnt, að þeir, sem eigi fara nema til Skotlands, þurfi eigi að borga eins mikið og þeir, sem fara til Kaupmannahafnar, enda hefur fjelagið gjört þetta fargjald jafnhátt eingöngu vegna útlendra ferðamanna, og jeg hygg enga hættu á því, að fjelagið gangi eigi að þessum kostum, eptir því, sem erindreka þess fórust orð, er hann var hjer í sumar, er hann ljet í ljós, að fjelagið mundi fyrir engan mun sleppa af því, að ná í samning um ferðirnar. Hitt er altízka í útlöndum, að þingmenn hafa ókeypis far, t. d. á járnbrautum, og það væri sannarlega eigi meira hjer. 16. bryt.till. við 12. gr. C 2 fer að eins fram á, að veitingaliðirnir innan stryks aðgreinist með bókstöfum, eins og var í stjórnarfrumvarpinu; er það að eins til ljettari greiningar gjört, viðvíkjandi athugasemdunum á eptir, því að nefndin ætlast til, að sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið b. c. og d., en ráðh. á að samþykkja ferðirnar undir staflið a eptir tillögu bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli. Í stjórnarfrumv. var farið fram

á þetta, og nefndin telur það betra, enda mega sýslunefndir og bæjarstjórnir bezt vita, hvað hagar hjeraðinu, og er engin ástæða til að bera slikt undir stjórnina. Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að styrkurinn til mótorbáts á Lagarfljóti falli niður, en því var jeg eigi samþykkur og vil því eigi tala meira um það, enda munu þeir, sem því rjeðu, gjöra grein fyrir áliti sínu.

Nefndin vill bæta aths. aptan við 12. gr. D. 5. d., er hljóði þannig: »Heimilt er stjórninni, er hún ákveður, hvar talsímastöðvar skuli vera, að gjöra það að skilyrði, að sveitarfjelög leggi árlegan skerf til rekstursins».

Jeg vona, að öllum sje ljóst, að hjer er eigi að ræða um, að stjórnin *skuli* gjöra þetta, heldur að eins, að henni sje það *heimilt*, og það virðist sannarlega eigi ósanngjarnt, ef t. d. tvær sveitir, jafn hentugt settar, keppa um stöðina. Það getur líka opt verið vafasamt, hvar stöðin á helzt að vera, en þá er engin meining í, að stjórninni sje eigi *heimilt*, að velja þann staðinn, sem ódýrastur er, að öllu öðru jöfnu. Það er eigi heldur óhugsanlegt, að sumstaðar yrði boðið fje í að fá stöðvarnar.

Jeg vona, að háttv. deild hafi ekkert á móti þessari athugasemd, því að hún getur *aldrei* orðið til tjóns, en *getur* einatt orðið til bóta, eða til að auka nokkuð tekjur landssjóðs.

Þá vil jeg vikja nokkrum orðum að breyt.till. á þskj. 508 við 11. gr. 9. d., um að til sjúkrahússins á Patreksfirði verði veittar 300 kr. í stað 200; verður nefndin að álíta, að 200 kr. sje nægilegt. Hinum lið breyt.till. hef jeg þegar áður svarað, og finn eigi ástæðu til þess, að taka það upp aptur.

Þá vil jeg vikja stuttlega að breyt.till. á þskj. 488 frá minni hluta nefndarinnar, því að eigi er þörf á miklum umræðum um þetta, þar sem það hefur allt verið rætt svo ítarlega í háttv. Nd. Jeg skal að eins geta þess, að þessi flokkur hefur eigi fyr haldið því fram, að ágóðinn yrði svona mikill, eins og hann nú gjörir ráð fyrir, þar sem hann nú er 40,000 kr. af sambandinu við útlönd og 10,000 kr. af innanlandssambandinu. En þegar gjört er ráð fyrir þessum tekjum, þá þurfa 600 orð að fara milli Íslands og annara landa á dag, ef orðið kostar 50 a., en blaðafregnir helmingi minna eða 25 a. Þegar nú þess er gætt, að um helmingurinn mundi verða blaðafregnir, þá verður meðaltalið $37^1/_2$ eyrir fyrir orðið. Þetta þótti full hátt í Nd. fyrir orðið, en setjum nú svo, að byggt sje á þessu, en það verður eigi betra fyrir það, þá sjer hver maður, að það er allt of hátt áætlað, að á 6. hundruð orð fari daglega milli Íslands og annara landa. Það nær engri átt. Eins er með innanlands-sambandið. Minni hlutanum þótti það geypihátt í háttv. Nd., þegar meiri hlutinn ætlaði svo á, að 20 þús. kr. tekjur yrðu af innanlands-sambandinu með *18* stöðvum, en hjer áætlar minni hlutinn 10 þús. kr. af *4* stöðvum, er úti á andnesjum standa, og því nær enginn maður nær til. Þetta er alveg ósamrýmanlegt og bara gjört til þess, að villa mönnum sjónir. Minni hluti nefndarinnar segist miða tillögur sínar við fyrsta tilboð Marconifjelagsins, en þessi áætlun er þó ekki söm og í tilboði þessu; hygg jeg, að hún muni vera eitthvað loptkennd eins og loptskeytasambandið sjálft er. Svo er gjört ráð fyrir 54 þús. á ári annarsstaðar frá, en hvaðan? Líklega frá Dönum. En hæstv. ráðherra hefur þegar lýst yfir því, að ef símasamband verði eigi, þá fáist ekkert tillag frá þeim; orð

ráðherrans í þessu efni hafa opinberan trúverðugleik.

Að svo komnu máli, þá vil jeg eigi fjölyrða um þetta meir, en vonast eptir nýjum röksemdum og mun þá svara, en jeg vil helzt vera laus við það, sem áður er sagt og svarað, og vona jeg, að háttv. minni hluti taki þá ósk til greina, og finni nú upp eitthvert nýtt púður.

Sigurður Jensson, (þm. Barðstr.): Jeg hef komið fram með breyt.till. við þessa grein fjárlaganna á þskj. 508 um 5,000 kr. fjárveitingu fyrra árið til sýsluvega í Vestur-Barðastrandarsýslu. — Það var skorað á mig á fundi í Vestur-Barðastrandarsýslu í vor, að jeg færi fram á, að alþingi veitti 12,000 kr. til sýsluvega í þessari sýslu.

Jeg hef sent beiðni um þessa fjárveitingu til fjárlaganefndarinnar í þessari deild, en hún hefur ekki sjeð sjer fært, að taka hana til greina, jafnvel þótt nefndin viðurkenndi, að öll sanngirni mælti með þessari fjárveitingu í þessari sýslu, ekki síður en í öðrum sýslum. Hjerna um árið, þegar farið var að veita fje úr landssjóði til sýsluvega, þá spurði hinn þáverandi fulltrúi stjórnarinnar, landshöfðinginn, mig, hvort jeg vildi ekki sækja um fje fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu til sýsluvega, en jeg hafði þá ekkert umboð til þess, að fara fram á neina slíka fjárveitingu við þingið; en seinna kom þetta til tals heima í hjeraði, og vildi þá oddviti sýslunefndar ekki, að sótt væri um fjárveiting úr landssjóði til sýsluvega, fyr en sýslan hefði borgað það lán, sem hún hafði tekið úr landssjóði til að gjöra við vegina. Nú hefur hún borgað það lán, og virðist því næsta hart, að nú skuli eiga að loka dyrunum fyrir þessari sýslu með allar fjárveitingar frá þingsins hálfu til sýsluvega einmitt af því, að hún hefur fyrst borgað skuld sína til landssjóðs áður en hún leitaði tillags úr landssjóði. — Það sýnist vera hart, að láta þessa einu sýslu verða alveg afskipta í þessu efni, og vona jeg þess vegna, að þessi háttv. deild sýni þessari sýslu sömu sanngirni og öðrum sýslum hefur áður verið sýnd að því, er slíkar fjárveitingar snertir, hvað sem þeirri stefnu nefndarinnar líður, að vilja fella burt fjárveitingar til sýsluvega annarsstaðar. Það eru meðal annars fjórir fjallvegir, sem þetta fátæka sýslufjelag verður að gjöra vegi yfir og halda þeim við, og þetta eru þeir vegir, sem fjölfarnastir eru — því að auk þeirra eru margir aðrir vegir, sem hvíla á sýslufjelaginu. Það mælir því öll sanngirni með því, að þingið styrki þetta sýslufjelag með nokkurri fjárveitingu til sýsluvega, eins og gjört hefur verið við aðrar sýslur.

Svo kem jeg að þeirri breyt.till. nefndarinnar um fjárveitinguna til gufubátsferða á Breiðafirði, þar sem nefndin stingur upp á þeirri athugasemd, að sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna, og hefur mjer dottið í hug, hvort ekki væri rjett, að bæta inn í athugasemdina því ákvæði, að ef sýslunefndir ekki geta komið sjer saman um þessar ferðaáætlanir, þá skuli hvert sýslufjelag eiga kost á, að fá tiltölulegan hluta af þessum styrk, til að geta varið honum til mótorbátaferða. Jeg gæti vel trúað því, að það gæti, með tímanum, orðið stór sparnaður fyrir landssjóð, ef farið væri að nota mótorbáta á þessum fjörðum, þar sem nú er veittur styrkur til gufubátaferða. Jeg skal í þessu sambandi taka það fram, að allar böggulsendingar til Austur-Barðastrandarsýslu eru sendar til Flateyjar

með strandferðaskipunum á sumrum, til þess að hlífa landpóstunum, en svo verða þessar sendingar að komast úr Flatey til lands. Með því að nota mótorbáta til þessara flutninga, þá mundi um leið sparast fje til landpóstanna.

Annars legg jeg einkum áherzlu á þessa breyt.till. mína um fjárveitingu til sýsluvega í Vestur-Barðastrandarsýslu. Mjer finnst, að einmitt Barðastrandarsýsla hafi sjerstakan rjett til, og heimting á fjárveitingu í þessu skyni, því að ef ritsíminn og talsíminn kemst á, þá verður einmitt þessi kjálki landsins svo útundan, að öll sanngirni mælir með þessari fjárveitingu til sýsluveganna þar. Hversu mikið gagn sem kann að verða af ritsímanum fyrir aðra parta landsins, þá verður hann beinlínis til skaða fyrir þennan part landsins.

Eins og kunnugt er, þá er mikil aðsókn af Frökkum í þessari sýslu, einkum á Patreksfirði; ef ritsíminn kæmist á, mundu þeir allir flytja burt til Austurlandsins. — Að því, er snertir ritsímann og fjárveitinguna til hans á þessari grein fjárlaganna, þá ætla jeg mjer ekki að halda langa ræðu, en að eins taka það fram, að jeg mun óhikað greiða atkvæði með frestun á því máli. Jeg hef aldrei álitið, að þörfin á ritsíma fyrir Ísland væri svo afarbrýn, að tilvinnandi væri að leggja í því skyni stórmikil gjöld á þjóðina. Jeg hefði ef til vill verið með því, að ritsíminn yrði lagður til Reykjavíkur, til að byrja með, en eins og nú er ætlazt til, að koma þessu máli í framkvæmd, get jeg með engu móti gefið því atkvæði mitt; jeg álít, að ef öðrum þjóðum liggur ekki á að komast í samband við Ísland, vegna veðurfræðinnar og fiskiveiðanna, þá liggi okkur ekki á, að leggja fram svo mikið fje til þess; það er svo óendanlega margt, sem okkur liggur miklu meira á, að koma í framkvæmd. Jeg hef talað við marga kaupmenn um þetta mál, og enginn þeirra hefur álitið það afaráríðandi fyrir verzlunina; að það geti orðið til verulegs gagns fyrir sveitirnar, að þetta innlenda samband komist á, get jeg ómögulega sjeð; jeg get ekki skilið, að gagnið af honum fyrir sveitirnar geti staðið í minnsta hlutfalli við kostnaðinn. Það verða tiltölulega fáir, sem hafa nokkuð verulegt gagn af landsímanum, og hinir flestir hafa ekki gagn af honum, nema með afarkostum.

Jeg get vel skilið það, að það getur haft mikla þýðingu fyrir oss, að standa í góðu sambandi við útlönd, og fá fljótt fregnir um stórtíðindi, er verða í heiminum. Það hlýtur að geta haft, og hefur vekjandi áhrif á þjóðina, að standa í slíku samhandi við umheiminn.

Mjer kom það til hugar hjer um daginn, þegar jeg las götuauglýsingarnar um, að fregnin um atkvæðagreiðsluna í Noregi hefði borizt hingað frá útlöndum með loptskeytunum, þá fannst mjer, að þetta ætti að vera hugvekja fyrir oss Íslendinga, að sjá, hvernig þessi frændaþjóð vor stóð hjer um bil sem einn maður, til þess að bægja frá sjer útlendum áhrifum og yfirgangi. En hver eru svo áhrifin, sem þessi fregn hefur hjer? Hjer er nú einmitt sömu dagana verið að samþykkja stórmál, sem þjóðin hefur lýst yfir, að hún ekki vill láta samþykkja; hún hefur aldrei samþykkt þau gjöld, sem þetta fyrirtæki hefur í för með sjer. Þingið hefur að vísu aptur og aptur samþykkt ályktanir um ritsímalagningu, en það hefur ávallt verið gjört í þeirri hugsun, að það kæmi ekki til neinna framkvæmda, og þjóðin hefur

því áður gefið málinu lítinn gaum. Sá maður, sem á þinginu 1901 barðist mest fyrir ritsímalagningu á líkan hátt og nú stendur til að leggja ritsíma til Austurlandsins og svo landsíma til Reykjavíkur, hann tók það fram sem síðustu og helztu ástæðu sína, að það kæmi ekki til, að þetta yrði framkvæmt. Það var einmitt það, sem allir hugsuðu, þrátt fyrir allar ákvarðanir, sem samþykktar voru af fyrri þingum, að það kæmi ekki til neinna framkvæmda. En nú á að neyða þessu stórmáli upp á þjóðina, hvort hún vill eða ekki.

Er það ekki einmitt aðalatriðið í þeirri sjálfstjórn, sem vjer höfum verið að berjast fyrir um langan tíma, að þjóðin eigi að fá að ráða málum sínum, og því á þá að neyða hana til að ráðast í fyrirtæki, sem hún ekki vill? Hún þekkir bezt sinn hag og það á ekki að neyða neinum framförum upp á hana, heldur sannfæra hana fyrst um nauðsyn fyrirtækisins. Þegar lögin um gaddavírsgirðingar voru á döfinni, þá þótti einmitt sumum þingmönnum, sem nú eru með því, að samþykkja þetta að fornspurðri þjóðinni, ófært annað, en að þau væru borin undir þjóðina, og var það þó að eins um heimildarlög að ræða til þess, að veita þeim mönnum, sem æsktu þess, fje til þess að girða tún sín, Ef endilega á að veita fje til hraðskeytasambands við útlönd, þá vil jeg fyrir mitt leyti heldur hallast að loptskeytasambandi, því að svo var samþykt á þingunum 1902 og 1903. Þingið var þá komið á þá sannfæring, að framtíð þessa máls tilheyri loptrituninni, og að hún væri eins og sköpuð fyrir þetta fámenna, strjálbygða og afskekkta land. Jeg heyrði að vísu einn þm. í háttv. Nd. segja núna á dögunum, að loptritunaraðferðin væri enn þá á tilraunaskeiðinu, en eins og kunnugt er, hafa þó verið send hingað loptskeyti reglulega hjer um bil annan hvorn dag í 2 mánuði.

Annars finnst mjer hlægilegt að segja, að við getum ekki beðið eitt ár enn þá. Fyrir fáum mánuðum höfðu menn ekki hugmynd um, að mögulegt væri að koma loptskeytum hingað frá útlöndum. Hvernig geta menn þá gjört sjer í hugarlund, hve miklum framförum loptskeytaaðferðin muni geta tekið í framtíðinni? Hver getur haft hugboð um, hvaða framtíð Ísland getur átt sem millistöð í loptskeytasambandi milli Evrópu og Ameríku, en sá mögulegleiki er útilokaður um ófyrirsjáanlegan tíma að mestu leyti, ef þetta samband, sem hjer ræðir um, verður samþykkt. Jeg mun þess vegna, eins og jeg þegar hef tekið fram, óhikað greiða atkvæði með frestun málsins, og ef nokkurt hraðskeytasamband ætti að komast á, þá álít jeg, að það eigi að vera loptskeytasamband. Framtíðin mun sýna, að þetta er allt of fljótráðið, sem menn hjer hafa í huga að samþykkja.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það var út af orðum háttv. þm. Barðstr. (S. J.) að jeg bað um orðið. Háttv. þm. talaði um það, hversu gildar ástæður væru til þess að fresta þessu máli. Minni hlutinn hefur í nefndaráliti sínu tilgreint 6 ástæður fyrir því, að hann sje mótfallinn ritsímasambandinu. Fyrsta ástæðan, nfl. að samningurinn hafi verið gjörður í heimildarleysi, hefur verið svo marghrakin, að jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða um hana.

Önnur ástæða minni hlutans til að vera mótfallinn ritsímasamningnum er sú, að hann sje særandi fyrir sjálfstæð-

istilfinning vora, þar sem hann veiti Mikla norræna fjelaginu einkaleyfi í 20 ár, en það get jeg með engu móti skilið. Það ætti þá að vera særandi fyrir sjálfstæðistilfinningu manna, að gjöra hvers konar samning yfir höfuð, er bindur menn um lengri eða skemmri tima, og að þessi samningur er bundinn við einkaleyfi um visst árabil er nokkuð, sem viðgengst um allan heim, og alþ. áður hefur gjört ráð fyrir. — Þriðja ástæða minni hlutans fyrir því að vera á móti ritsímasamningnum er vilji þjóðarinnar; á hana skal jeg minnast síðar. Að því er fjórðu ástæðuna snertir, nfl. að símasambandið sje ótryggilegt, þá hefur sú ástæða minni hlutans þegar áður verið hrakin, og sýnt fram á, að símasamband sje miklu tryggilegra, og að því er fimmtu ástæðuna snertir, þá hefur líka verið sýnt fram á, að það er betur sniðið eptir þörfum þjóðarinnar, en loptskeytasamband. Loks hefur 6. ástæða minni hlutans um kostnaðinn verið mjög mikið rædd í háttv. Nd. og sýnt fram á, að sú ástæða minni hlutans er heldur ekki á gildum rökum byggð; en það, sem jeg aðallega vildi minnast á, er 3. ástæðan, nfl. að vilji þjóðarinnar hafi komið berlega fram á öllum þorra þingmálafundanna, og álít jeg, að ef á það eitt er litið, þá væri ástæða til að fresta málinu, en það er aðgætandi, að á þeim þingmálafundum, þar sem menn hafa fengið tækifæri til að heyra báðar hliðar málsins skýrðar og rökstuddar, þar hefur vilji manna gengið í gagnstæða átt, eða með símasambandi. Á flestum þeim þingmálafundum, sem haldnir hafa verið um þetta mál, hefur það að eins verið framsett frá einni hlið, en þegar þjóðarviljinn, sem þingmálafundirnir virðast bera vott um, er byggður á þekkingarleysi, eða jafnvel röngum skýrslum, þá er ekki mjög mikið tillit takandi til hans, að því er frestun málsins snertir. Það hefur ekki verið mögulegt fyrir alþýðu manna, að mynda sjer neina glögga hugmynd um þetta mál. Þingmenn, sem hafa kynnt sjer málið betur, geta miklu fremur, en almenningur gjört sjer glögga hugmynd um það. Ef þingið frestaði þessu máli, þá mundi það með því spila úr höndum sjer tækifæri, sem gefur því miklu betri kjör, en það nokkurn tíma hefur átt kost á áður í þessu máli. En að þessu slepptu, þá hefur þingið 1901 og 1903 samþykkt fjárveitingu til símasambands. Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að þjóðin hefði ekki gefið þessu neinn gaum; en hún hefur sannarlega haft tækifæri til þess, þar sem þingið hefur tvívegis veitt stjórninni heimild til að semja um þetta og veitt fje til þessa fyrirtækis með ákveðnu skilyrði, og það því fremur, sem þingið um leið leggur einmitt áherzlu á, að þetta mál sje þess eðlis, að það megi ekki lengur dragast, að koma því í framkvæmd. Í fjárlögunum 1903 er það tekið fram skýrum orðum, að verja skuli hinni ákveðnu upphæð til ritsímasambands, sem 1. og 2. borgun af 20 ára tillagi. Hjer liggur því fyrir loforð frá hálfu fjárveitingarvaldsins, loforð frá þingsins hálfu um að greiða þetta tillag áfram, þegar væntanlegur samningur væri gjörður um það af hálfu stjórnarinnar. Það hefur þess vegna alltaf verið gengið út frá því, að samningur yrði gjörður um þetta mál, og enn fremur að þingið mundi halda loforð sitt um, að halda áfram að greiða tillagið framvegis, og sje jeg því ekki, að þingið geti með nokkru móti staðið sig við, eða verið þekkt fyrir, að neita um það fje, sem það þegar optar en einu sinni hefur gefið stjórninni heimild til, og falið henni að verja til

þessa fyrirtækis. Það væri ef til vill rjett, að fresta þessu máli, ef enginn samningur hefði verið gjörður, og gildar ástæður að öðru leyti væru fyrir hendi til þess; en eins og nú er komið þessu máli, er ómögulegt að gjöra það, auk þess, sem það mundi beinlínis hafa mikinn skaða í för með sjer, þar sem vjer annars vegar mundum missa þetta góða tækifæri úr höndum oss, og svo einkum hitt, að þingið hefur lofað vissum fjárframlögum til þessa fyrirtækis.

Framsögumaður minni hlutans (Valtýr Guðmundsson, 2. þm. G.-K.): Jeg ætla fyrst að minnast á breyt.till. við 12. gr. b. 7. Háttv. framsm. meiri hlutans tók það fram, að það væri óheppileg braut, sem þingið væri komið inn á með því að veita fje til sýsluveganna, og get jeg fyllilega verið á sama máli í því atriði, en þar fyrir sje jeg enga ástæðu til að fara að svipta þá vegi styrk, sem þegar hefur verið veitt fje til að leggja, en svo er um Vogastapaveginn.

Vegur sá, sem hjer er farið fram á að veita fje til, liggur yfir ófært hraun, og nú hagar þar svo til, að ekki er hægt að hafa gagn af þeim vegi, sem þegar hefur verið lagður, nema honum verði komið í samband við gamla veginn. Fje því, sem til hans hefur verið veitt, er því sem á glæ kastað og því nær með öllu gagnslaust.

Þar syðra er vaknaður töluverður framfarahugur, og sjest það bezt á því, að einn hreppar þar hefur á síðasta fjárhagstímabili lagt til þessa vegar 500 kr., og 2,500 kr. verið jafnað niður. Þegar sýslufjelagið hefur lagt svona þungar fjárbyrðir á sig, má nærri geta, hvort vegur þessi sje ekki nauðsynlegur. Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Ó.) tók það fram, að samgöngur á sjó væru svo góðar hjer suður eptir, að vegarins þyrfti ekki með, en það er sannarlega ekki mikið gagn, sem sýslan hefur af ferðum »Reykjavíkur«, eins og ferðum hennar nú er hagað. Það er heldur ekki rjett, að það sje lítil umferð suður með sjónum. Menn koma þangað opt austan úr sveitum í fiskiferðir, og svo þurfa bændur þar syðra opt að fara bæði hingað til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Sjerstaklega vil jeg leggja áherzlu á, að áður hefur verið veitt til þessa vegar 2,500 kr. fyrir 2 ár, og að því fje er sama sem í sjóinn kastað, ef ekki verður haldið áfram veginum að minnsta kosti svo, að hann nái niður á gamla veginn. Jeg vona, að annar háttv. þm. hjer í deildinni geti lýst þessu mun betur, því hann er þar kunnugur. Þá vildi jeg minnast á eitt atriði, sem stendur í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar, að hún viðurkennir viðleitni N. d. við að spara, og að nefndin í E. d. hafi fetað í fótspor hennar. Jeg vil taka það hjer fram, að oss minni hluta mönnum finnst þetta ekki ná til allra liða. Eins og minnihluta álit vort ber ljóst vitni um, nær þetta að voru áliti ekki til gufuskipatillagsins og ritsímans; við álítum þvert á móti, að þar hafi hún sýnt hreinustu bruðlunarsemi. Jeg ætla því að snúa mjer að áliti minni hlutans. Háttv. framsm. meiri hlutans vildi lítið um það segja, og vildi bíða þangað til hann hefði heyrt framsöguræðu minni hlutans. Ræða hins háttv. 2. kgk. (E. Br.) sannfærði mig um, að málsstaður minni hlutans er góður, því þegar sá maður talar, kemur hann vanalega með skýr og greinileg rök, en því var ekki að heilsa í þetta skiptið, og er það gild sönnun þess, að illt er að verja málsstað meiri hlutans. Áður en jeg sný mjer að sjálfum ritsímanum, ætla jeg að minnast lítið

eitt á gufuskipaferðirnar. Minni hlutinn hefur ekki getað verið þar á sömu skoðun og meiri hlutinn, án þess þó að vjer sæjum oss fært, að koma fram með breyt.till., eins og málið er nú komið. Vjer viljum þó ekki láta þess ógetið, að vjer höfum verið gufuskipasamningnum ósamþykkir. Jeg get ekki betur sjeð, en að vjer með þessu móti verðum að greiða 40 þús. kr. meira á fjárhagstímabilinu, en vjer hefðum þurft, ef samið hefði verið við Thorefjelagið. Jeg sje enga ástæðu til að vera að fleygja út 40 þús. fyrir færri og verri ferðir. Hjer er ekki að tala um nema 30 ferðir, og þar af ekki nema 4 strandferðir, en Thorefjelagið bauð 36 ferðir og þar af 7 strandferðir og bauð enn fremur betri skip. Skip með rúmi fyrir 100 farþega á 1. farrými og 55 á öðru farrými, og auk þess kælirúm, allt fyrir að eins 10 þús. kr. úr landssjóði, auðvitað með það fyrir augum, að 40 þús. kr. fengjust úr ríkissjóði. Þar sem þingið ber það fyrir sig, að þessar 40 þúsundir kr. mundu ekki fást, þá er engin ástæða til að efast um, að þær fengjust. Það er orðin regla í Danmörku, að veita því fjelagi, sem Ísland semur við. Hjer er heldur ekki að tala um, að veita fjeð út úr Danmörku. Thorefjelagið er engu síður danskt fjelag en Sameinaða gufuskipafjelagið. Hjer er heldur ekki um það að ræða, að sækjast eptir tryggu fjelagi. Það er engu síður megn óánægja í Danmörku yfir því »Sameinaða«, en hjer. Það er svo langt frá, að það sje tryggt, að það stendur alveg á »Fallitens Rand«. Í vetur sem leið var það komið svo í klípu, að Privatbankinn var kominn á fremsta hlunn með að hætta að lána því. — Fyrst sótti það þá um hjálp frá stjórninni og ríkisþinginu, en það vísaði af sjer til Hafnarsjóðsins, en hann vildi heldur ekki eiga við það, og þá sáu bankarnir sjer ekki annað fært en að hjálpa því, vegna þess, að ef það hefði orðið gjaldþrota, mundi það hafa orðið stórt áfelli fyrir fjölda manna og fjelög. Jeg verð að lýsa megnri óánægju yfir því, að N. d. skuli hafa gjört samning án þess að þessi háttv. deild hafi fengið atkvæði um málið, og áður en búið var að veita fjeð.

Ef ekkert hefði orðið úr samningum við Thorefjelagið, af því að ríkissjóðstillagið hefði ekki fengist, þá hefði aldrei komið til neinnar fjárbrúkunar úr landssjóði. En samt hefðu bæði Thorefjelagið og það Sameinaða siglt hingað upp til landsins, og vjer hefðum að eins þurft að annast strandferðirnar. Viðvíkjandi strandferðunum vildi jeg skjóta þeirri athugasemd til stjórnarinnar, hvort ekki mætti fækka viðkomustöðum strandbátanna á Eyjafirði, ef sjerstakur gufubátur kemur á fjörðinn. Svona margir viðkomustaðir þar eru óþægilegir fyrir fólk, sem ferðast í kringum land.

Svo kem jeg nú að þeim stóra D.-lið 12. gr. Minni hluti nefndarinnar hefur sagt það, að ritsímasamningurinn væri gjörður í heimildarleysi. Háttv. 2. kgk. þm. kvað það marghrakið. Við sama tækifæri tók hann fram, að þar sem að 35 þús. væru á fjárlögunum, þá lægi í því heimild til að gjöra samning. Jeg skal játa það, að í því liggur heimild til að gjöra samning, en ekki hvers konar samning, sem vera skal. Jeg skal varast að segja nokkuð aunað en jeg get fært rök að. Heimildin felst í yfirskriptinni. Hún er til skýringar því, hvernig eigi að skilja fjárveitinguna. Stjórnin má ráða svo langt sem heimildin nær. En hvað langt nær nú þessi heimild? Hún nær til þess, að gjöra samning um samband

milli landa, en hvar það eigi að koma að landinu, til þess að ákveða það, vantar stjórnina heimild, og til þess að taka á móti 300 þús. frá Stóra norræna. Það er þingið, sem hefur vald til þess að ákveða landtökustaðinn. Áður var stjórninni gefin heimild til þess að ákveða það, en nú er hún fallin burtu, og það var alls ekki af vangá, að svo var gjört, því að það var einmitt stjórnin, sem lagði það til. Í athugasemdum stjórnarinnar við fjárlagafrumv. 1903 segir svo (Alþ.tíð. 1903, C. 43): »Þar eð telja má víst, eins og nú stendur á, að til þess komi ekki á fjárhagstímabilinu, að athugasemd sú, sem tengd er við ritsímafjárveitinguna í núgildandi fjárlögum, fái nokkra þýðingu í framkvæmdinni o. s. frv., þá leggur stjórnin til,að hún sje felld burtu«.

Hjer liggur fyrir óbeinlinis játning frá Alberti um, að hann ekki telji sjer heimilt, að ákveða landtökustaðinn nje um landsíma, án þess að gamla heimildin sje endurtekin, heldur að eins að semja um samband milli Íslands og útlanda, en geyma þinginu rjett til hins. Ef svona hefði verið að farið, þá hefði allt verið hjer í röð og reglu. Ef stjórn Íslands hefði farið þannig að, væri allt gott. Að samningurinn er gjörður í heimildarleysi, sjest enn þá betur á því, að hæstv. ráðherra hefur skilið fjárlögin eins og vjer. Það sjest í brjefi hans til Hage, samgöngumálaráðherra, 30. júní 1904; þar segir svo: »Da imidlertid den formelle Bemyndigelse til at vælge dette Alternativ .... ikke haves, idet en Klausul i foregaaende Finanslov . . er udeladt i den nugældende . . . .« Þarna er játning frá ráðherranum um, að hann hefur sama skilning og vjer á málinu, en svo þegar hann fer til Danmerkur og fer að tala við »stjórnfróða menn«, þá fær hann annan skilning. Hverjir voru nú þessir stjórnfróðu menn? Það voru ráðherrarnir dönsku! Þegar hann hefur talað við þá, hættir hann að skilja fjárlögin; meðan hann dvaldi hjer á íslenzkri jörðu skilur hann þau, en þegar hann stígur fæti á danska jörð, missir hann skilning sinn á þeim. Samningurinn er gjörður í bága við fjárlögin, og hann er hættuleg árás á fjárveitingarvald þingsins. Jeg vil í þessu sambandi benda á dálitið atriði, sem kom fyrir í Danmörku í vetur. Hermálaráðgjafinn þar hafði brúkað fje, sem honum hafði sparazt á einum lið fjárlaganna, til útgjalda á öðrum lið. Þetta varð til þess, að hann varð að fara frá og allt ráðaneytið með honum. Svona líta menn á fjárveitingarvaldið í öðrum löndum, og svona stranglega gæta menn þess, að því sje í engu misboðið. Það var nú að eins lítil fjárupphæð, sem þar var um að ræða. Hjer er ákveðið, að verja yfir 20—25% af tekjum landsins heimildarlaust. Það mundi samsvara 17—18 milj. í Danmörku. Ætti þingið að beygja sig og láta þetta gott heita? Hvað mun eptirkomandi ráðherra leyfa sjer, þegar fyrirrennara hans hefur leyfzt þetta og annað eins. Þeir munu geta leyft sjer allt í því trausti, að þeim muni verða það fyrirgefið. Þetta yrði líka til þess að sljófga fjárveitingarvald þingsins. Rússastjórn hefur viljað leyfa þing, en hún vill ekki sleppa fjárveitingar-valdinu, því að hún veit, að meðan hún hefur það, getur hún öllu ráðið.

Þá er enn eptir að tala um, hvort legið hefði á að gjöra þennan samning, og því verð jeg að algjörlega að neita eptir brjefum, sem farið hafa á milli stjórnanna og ritsímafjelagsins, því að af þeim sjest, að ekkert hefði gjört til, þótt það hefði dregizt, og eins hægt, að komast að samningum síðar. Og þótt

nú svo hefði verið ástatt, að ekkert undanfæri hefði verið á því, að gjöra samninginn eigi síðar en hann var gjörður, eða verða af kaupunum ella, þá var stjórninni innan handar að kalla saman aukaþing til þess að ráða fram úr þessu máli. En þar sem nú þetta er eigi, þá gjörir ekkert til um 1 eða 2 ár, því að þótt sá tími geti haft mikla þýðingu í lífi einstaklingsins, þá er eigi svo um líf þjóðanna, það er *langt*, þar kemur kynslóð eptir kynslóð.

Þá kem jeg að öðru aðalatriðinu og það er efni samningsins. Háttv. 2. kgk. þm. (Eir. Briem) gjörði gys að þeim orðum í nefndaráliti minni hlutans, að samningurinn væri særandi fyrir sjálfstæðistilfinning vora, og sagði, að þá væru allir samningar særandi, ef þessi væri það. En þetta er helber misskilningur. Samningurinn er ekki særandi, af því að það er samningur heldur af því, að það er *óhagfeldur*, *slæmur* samningur. Samningurinn er óhagfeldur og því særandi af því, að hann kveður svo á, að leggja skuli undir samgöngumálaráðherra Dana, hvenær álíta skuli að samningsrof sjeu. Dómstólunum og Íslandsráðherra er hjer alveg bægt frá, því að þegar svo er ákveðið með lögum, að eitthvað komi eigi dómstólunum við, þá er það bersýnilegt, að þeir geti eigi framar skipt sjer af því máli. Þá vil jeg minnast á einkaleyfið í 20 ár. Það er satt, að það hefur alltaf frá því fyrsta verið gjört ráð fyrir einkaleyfi, og að stjórnin gjörði samning um það, en hvað sannar það? Það sannar eigi annað en það, að alþingi vildi heldur, en verða af öllu sambandi, vinna það til að taka einkaleyfistilboði, því að þá sást enginn annar vegur. Minni hlutinn tekur þetta skýrt fram, hann heldur því fram, að ritsíma mundi rjettast að taka, *ef ekkert annað væri í boði*, en því fer nú fjarri. Jeg hef áður mælt með ritsíma, en jeg er þó ekki svo sauðþrár, að jeg láti eigi af minni skoðun, þegar þeir atburðir koma fyrir, sem gjörbreyta öllu málinu. Sá er maður að meiri, er slíkt gjörir, en sá er maður að minni, sem þverskallast. Það er gamalt latneskt máltæki, sem segir, að það sje mannlegt að villast, en að það sje verra að halda áfram í villunni. Þetta einkaleyfi útilokar ekki einungis, að nokkur maður, hvorki innlendur eða útlendur, í 20 ár geti sent nokkur símskeyti eða loptskeyti á því svæði, sem ræðir um, heldur útilokar það líka þráðlaust telefónsamband, sem ómögulegt er að segja um, hversu langt kemst áfram á næstu 20 árum, þar sem það er enn í bernsku, þótt byrjað sje. Nú geta menn talast við gegn um loptið á stuttum fjarlægðum, en loptskeytasambandið byrjaði líka með stuttum fjarlægðum, en nú geta menn sent þau hingað frá Englandi og á líkan hátt getur farið með þráðlausan telefón og hvað kann að breytast í heiminum á næstu 20 árum, getur enginn vitað. Það er heldur eigi víst, að við verðum lausir af þessum einkaleyfisklafa eptir 20 ár, því að fjelagið getur alltaf endurnýjað samninginn, ef það heimtar ekkert fjárframlagi og þá samninga á fjelagið, að gjöra við danska samgöngumálaráðherrann, en Íslandsráðherra kemur þar hvergi nærri, því að háttv. meiri hluti heldur því nú fram, að þetta sje sameiginlegt mál.

Þá er þriðja ástæðan, sem gjörir það að verkum, að jeg er mótmæltur frumv., og hún er vilji þjóðarinnar. Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. 2. kgk. þm. (E. Br.) játaði, að allur þorri þjóðarinnar væri málinu mótsnúinn, enda væri eigi gott

að neita því, þvert ofan í allar þingmálafundargjörðirnar, sem liggja fyrir þinginu. Í blaði einu kom líka nýlega skýrsla, er sýnir, hversu margir eru með og hversu margir móti, eða með öðrum orðum það eru yfir 1000 atkv. á móti, en 185 með. Þetta stendur í Ísafold, hefur því eigi verið andmælt og getur hver lesið það sem vill. Og það er ekki einungis þingmálafundirnir, sem hafa látið þetta álit uppi, heldur er það einnig hinn fjölmenni bændafundur, sem kom hjer saman, og það sýnir þó sannarlega áhuga hjá bændum úr fjarlægum sveitum, að vilja vinna það til að eyða mörgum dögum af hábjargræðistímanum, til þess að berjast fyrir því, sem satt er og rjett, að þeirra áliti. Þess utan liggja fyrir þinginu skriflegar áskoranir úr mörgum sýslum landsins t. d. Dalasýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Borgarfjarðarsýslu. Ennfremur er mjer kunnugt um, að í dag hefur komið til þingsins áskorun um, að hafna þessu máli frá 340 kjósendum af 450 í Húnavatnssýslu. Ef þetta nú eigi sýnir eindreginn þjóðarvilja, þá veit jeg eigi hvað sýnir hann, enda skal jeg fullvissa háttv. þm. um, að þótt fleiri áskoranir sjeu eigi þegar komnar, þá munu þær koma, þótt eigi verði fyr en eptir þinglok. Það er því ómögulegt, að neita því, að meiri hlutinn af þjóðinni er á móti þessu máli. Það má makalaust heita, og það er í fyrsta skiptið í þingsögu þessa lands, ef að þingið fer beint á móti þjóðarviljanum, og það einmitt nú á *fyrsta* þinginu eptir að *fyrsta* innlenda stjórnin er komin; þá á að virða vilja þjóðarinnar að vettugi og eyða fje í heimildarleysi; slíkt hefur aldrei heyrzt áður, ekki einu sinni í ráðherratíð Nellemanns, hins ramma hægri manns og provisoriska ráðherra, en *nú* þegar komin er fullkomin sjálfstjórn, að því er menn segja, *þá* á að gjöra það, *þá* á að kúga þjóðina og leggja svo miklar álögur á hana. að slíks eru eigi dæmi fyr. Það stóð hjer í einu blaði fyrir nokkru, að ekkert væri að marka öll þessi læti, þau væru bara fyrir æsingar annara blaða, en slíkt er skrítin kenning. Það eru líka til blöð af mótflokkinum, og því geta þau ekkert unnið á? Og mjer er kunnugt um það, að stráð hefur verið út um land pjesum frá háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.), en fyrir því hafa þeir ekkert áunnið? (*Jón Ólafsson:* Þeir komu á eptir þingmálafundunum). Nú, það er þá þessi árangur af þeim, að öllum þessum áskorunum rignir inn til þingsins gegn ritsímanum. Háttv. þm. hefur víst varla ætlazt til þess, þegar hann sendi þessa pjesa út um landið.

Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að allstaðar þar sem menn hefðu verið til þess, að tala vel fyrir málinu á þingmálafundum, væru fundirnir málinu hlynntir, en þetta er rangt. — Rökin hafa eðlilega allstaðar vantað, því að þau eru alls eigi til og jafnvíst er það, að nóg er ritað um þetta mál frá hlið meðmælenda þess, þótt árangurinn sje lítill. Því hefur líka verið haldið fram, að þingmálafundi og skriflegar yfirlýsingar væru ekkert að marka, heldur að eins kosningu til alþingis. En ætli það væri þá eigi rjett fyrir stjórnina, að rjúfa þingið og efla til nýrra kosninga, til þess að fá þennan sanna þjóðarvilja fram, því að þjóðin *á* að vera hæstirjettur í þessu máli, hún *á* að skera úr; væri það stjórninni og þinginu sæmilegra, að lofa henni að neyta rjettar síns, en bera hann fyrir borð. Jeg þykist sjá, að háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) er að

fletta upp stjórnarskránni, og muni ætla að fara að minna mig á, að þingmenn sjeu bundnir við sannfæringu sína, en eigi vilja kjósenda sinna, en háttv. þm. þarf alls eigi að minna mig á þetta, jeg man það ofur vel. En þegar sannfæring háttv. þm. fer eigi saman við vilja kjósendanna, þá á hver heiðarlegur þm. að segja: »Jeg er bundinn við sannfæring mína, hún er helg fyrir mig, en hún fer ekki saman við ykkar vilja, sem jeg eigi vil gjöra neitt á móti, þess vegna skila jeg aptur umboði mínu«. En engum háttv. þm. dettur þetta í hug. Nei, það er einmitt hjer, sem liggur fyrir hið dæmalausa í þessu máli, að kúga þessum ritsíma upp á þjóðina nauðuga. Látum svo vera, að þjóðin yfirleitt hafi eigi vel vit á þessu máli, en þótt svo væri, þá eigum við ekki, að setja okkur upp á þann háa hest, að vera forsjón hennar, þvert ofan í hennar eigin yfirlýsta vilja, og það væri sannarlega eigi til þess að hvetja hana og styrkja á braut sjálfstjórnarinnar, að drepa niður vilja hennar; kúga hana með því, að taka af henni ráðin eins og barni. Skaðinn gjörir menn hyggna, og skjátlist henni nú, þá gætir hún sín betur síðar.

Fjórða ástæðan gegn máli þessu er, hversu samband það, sem hjer er farið fram á, er ótryggt. Þetta þarf eigi að rökstyðja, því að það er þegar áður gjört, og mjer er óskiljanlegt, hvernig hæstv. ráðherra fer að komast að þeirri niðurstöðu, að þetta sje tryggilegra, en loptskeytasamband. Mjer hefur allt af verið það ljóst, að hætt er við bilun á landsíma, en annað mál var að vera honum meðmæltur, þegar ekkert annað var í boði. Jeg skal svo með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkur orð, er sýna, hvert álit hæstv. ráðherra hefur haft á traustleika símasambandsins. Þessi orð eru í alþingistíð. 1901, B, 1379. Þar segir hann: »En jeg álít ekki, að þessu máli sje borgið, svo framarlega sem samband Reykjavíkur við útlönd er komið undir landþræði á staurum; því fyrir utan það, að það mundi hafa í för með sjer óskljúfandi kostnað fyrir landið, að viðhalda stöðugu sambandi gegnum landþráð milli Reykjavíkur og Austurlands veturinn yfir, þá er það stopult og næsta óáreiðanlegt. — Mjer er kunnugt um, að telefónþráður hefur á einum stormdegi slitnað á 20 stöðum á $^1/_2$ mílu vegar, og hversu mikil spjöll mundi eigi einn slíkur stormdagur geta unnið á þræði, sem lægi alla leið af Seyðisfirði til Reykjavíkur«. Þetta var álit hins hæstv. ráðherra þá, þótt öðru vísi sje nú. Loptskeytasambönd fara mjög sjaldan úr lagi og það er stuttan tíma verið að endurbæta það, sem úr lagi fer. Jeg játa það, að sæsími mun sjaldan bila, en það getur líka tekið langan tíma, að gjöra við hann, enda er það eptir samningnum vítalaust, þótt 4 mánuðir líði, áður en gjört er við hann, en öllum mun ljóst hversu miklum hnekki þetta gæti valdið.

Fimmta ástæðan gegn þessu máli er sú, að sambandið er eigi eins sniðið eptir þörfum okkar og önnur tilboð, sem oss hafa borizt. Þráður þessi á að liggja um land, jafnvel um fjöll og firnindi; þess vegna munu sveitamenn mest hafa tækifæri til þess. að nota hann, en þeir hafa þess miklu minni þörf, og þeim er það miklu minna virði, en sjávarplássunum og verzlunarmannastjettinni, sem mest þurfa á slíku sambandi að halda. Það er því auðsætt, að síminn kemur þeim eigi að mestu gagni, sem helzt skyldi, og nær því eigi tilgangi sínum. Landbúnaður hefur yfir höfuð lítið að gjöra með ritsíma í samanburði við aðra

atvinnuvegi, en það ætti sannarlega að vera markmið símalagningarinnar, að efla atvinnuvegi landsins, en það verður eigi með þessu lagi. Jeg get eigi hugsað mjer, að aðrar sveitir, en hjer austur í sýslunum gætu haft verulegt gagn af síma. Það er náttúrlega gott og blessað, að styrkja alla atvinnuvegi landsins, en það má eigi láta þá sitja á hakanum, sem mest not geta haft af þessu, og mest þurfa þess við. — Ef þetta mál kemst í gegn eins og háttv. meiri hluti nefndarinnar vill, þá er að sönnu samband milli Akureyrar, Seyðisfjarðar og Reykjavíkur, en Vesturland er alveg úti lokað. — En hvað ætli þetta verði nú mikið brúkað í sveitum? Það er bezt að gjöra sjer fyrst grein fyrir, hvað það kostar. Það á að kosta 1 kr. 75 a. 1 kr. og 50 aura eptir vegalengd fyrir hverjar 3 mínútur, að fá að tala gegn um símann, en ætli það kosti ekki líka eitthvað, og það meir en lítið, að senda eptir mönnum af bæjum, þegar talað er saman innan um sveitir, því að það er þó eigi ætlunin, að leggja telefón inn á hvert einasta heimili. — Og það er þó varla meiningin, að láta símavörðinn kosta þetta, hann hefur eigi svo mikið kaup. Það kostar líka eitthvað fyrir þann, sem á að tala við, að ferðast á telefónstöðina. Kostnaðurinn mundi því verða svo mikill, að þetta yrði lítið notað. Loptskeytastöðirnar eiga aptur á móti að vera á hentugum stöðum fyrir þá atvinnuvegi, sem helzt þarf að styrkja, og ef það kæmist á, þá yrðu allir kaupstaðirnir í hraðskeytasambandi, en um landið mætti svo auðvitað síðar leggja símanet, ef það þætti borga sig og þjóðin vildi.

Jeg tek t. d. Vestfirði og Austfirði; það hefur þráfaldlega komið fyrir, að einhver fjörðurinn hefur fyllzt af síld, en ómögulegt verið að nota það til muna; tæki hefur þá vantað, svo sem salt, tunnur, skip, nótafólk, nætur; hefði nú verið »telegraf« á staðnum, þegar svo hefur borið undir, þá hefði mátt »telegrafera« til Noregs eptir salti og tunnum, en á næstu firði eptir hinu, þar sem það þá er, máske aðgjörðalaust, að bíða eptir síldargöngu. Úr þessari þörf bætir þráðlausa firðritunin ágætlega; en ritsími, sem liggur inn til dala og uppi á heiðum, mundi víst ekki gjöra mikið gagn að því, er þetta snertir; og jeg fæ að minnsta kosti ekki skilið, að hann heldur yrði að miklum notum fyrir landbúnaðinn; mjer þætti annars gaman að sjá það sannað með röksemdum, hvernig hann yrði honum að liði, svo nokkru næmi. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en heppilegra sje fyrir þjóðina og hagkvæmara, að fá loptskeytasamband; það er þó nálega $^1/_5$ þjóðarinnar, sem í kaupstöðunum býr og kemst strax í sambandið; er það álitlegur hluti þjóðarinnar; jeg álít betra, að byrja smærra og færa sig svo smám saman upp á skaptið, eptir því, sem kraptar aukast, en að takast allt of mikið í fang í fyrstu, og reisa sjer þannig hurðarás um öxl og sligast undir öllu saman.

Þá er kostnaðurinn; minni hluti nefndarinnar tekur það fram, að kostnaðurinn er miklu meiri eptir ritsímasamningnum, en tilboði því, er vjer ráðum til að taka, bæði sá beini kostnaður, stofnfje, rekstur og viðhald, og hinn óbeini kostnaður, sem aðallega er innifalinn í hærri gjöldum fyrir notkun símans, og í því, að síminn yrði miklu minna notaður, en þráðlaus firðritun, sem landið sjálft hefði til umráða og ákvæði taxta fyrir, og yrði þannig til þess að hnekkja þeim

framförum, sem annars mætti vænta af hraðskeytasambandi; eptir hinum samþykkta taxta á 10 orða skeyti frá Íslandi (Seyðisfirði) til Kaupmannahafnar að kosta 8 kr. 40 aura., og þar við bætist eflaust gjöld við landsíma, ef skeytið er ekki sent frá Seyðisfirði; nema kannske það eigi að vera gefins með landsímanum. Það hefur nú verið tekið fram, að litið eitt ódýrara verði að senda skeyti til Hjaltlands; en mjer er spurn, hversu margir munu þurfa að »telegrafera« til Hjaltlands? ætli þeir verði ekki heldur fáir. Viðskipti Íslendinga við Hjaltland eru ekki svo ýkjamikil. Taxtinn er allt of hár, og flestir munu fælast frá að nota símann, einmitt þess vegna; en ef landið sjálft hefði umráð yfir sambandinu, þá gæti það hagað taxtanum eptir þörf manna, og sambandið yrði miklu meira notað, og kæmi landsmönnum að miklu meira gagni. Þegar maður ber saman gjald það, sem ætlazt er til að greitt sje fyrir 10 orða skeyti frá Seyðisfirði til Kaupmannahafnar, við gjald af jafnlöngu skeyti frá Kaupmannahöfn til Grikklands, sem ekki er nema 4 kr. 50 a., þá sjest bezt, hversu óhæfilega hátt gjaldið er, og má vel ætla, að upphæð sú, sem landsmenn þannig að óþörfu þurfa að gjalda, geti numið stórfje á 20 árum, kannske 20—30 þús. árlega.

Ef nú ekkert annað hefði verið í boði, en þessi ritsímasamningur, þá hefði minni hluti nefndarinnar getað fallizt á, að ráða háttv. deild til að taka honum út úr neyð; einkum þar sem sú stefna var samþykkt áður; en nú er allt öðru vísi ástatt; nú eru í boði margfalt betri tilboð, sem hafa alla kosti til að bera, tilsvarandi göllum ritsímasamningsins.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er Marconi-tilboðið, »Scheme« I, í fullu samræmi við það, sem farið var fram á á síðasta þingi í athugasemdinni á núgildandi fjárlögum, að því leyti að Reykjavík kemst í beint loptskeytasamband við útlönd, og við alla þrjá kaupstaði landsins; upphæðin er að eins ekki sú sama; en hvað gjörir það, þegar þingið sjálft fjallar um málið. Ennfremur getur hið sama tilboð, þó því væri tekið af þinginu, ekki á nokkurn hátt sært sjálfstæðistilfinning þjóðarinnar, þar sem sambandið yrði eign landsins og lenti að öllu undir yfirráð þess.

Í þriðja lagi er það í samræmi við þjóðarviljann, að svo miklu leyti, sem hann hefur komið í ljós á þingmálafundum og í áskorunum til þingsins; það kann einhver að segja, að þetta tilboð hafi ekki verið borið undir þjóðina; gott og vel; jeg er fús, já, jafnvel fúsari á að fresta málinu, en halda þessu tilboði fram.

Þá er kostnaðurinn við loptskeytasambandið í samanburði við ritsímasamninginn; þrátt fyrir það, að við erum ekki á sama máli og háttv. meiri hluti í Nd. í því efni, þá skal ekkert farið út í einstök atriði stofnkostnaðar, reksturs nje viðhalds; við skulum ganga út frá því, sem veitt er á fjárlagafrumv., eins og það liggur hjer fyrir; við byggjum því á áætlun meiri hlutans til samanburðar; það getur hann víst ekki verið óánægður með.

Yfirlit hans er svo, að ársútgjöld við sambandið er 161,500 kr.; þar frá dregst svo tillag úr ríkissjóði Dana og tekjur 20 þús. kr.; eptir verða árleg útgjöld fyrir Ísland 87,500 kr. Háttv. framsm. meiri hlutans (J. Ó.) segir, að tekjurnar sjeu of lágt áætlaðar; það get jeg ekki sjeð; stöðvarnar liggja margar til sveita, og mikið af símanum yfir fjöll og firnindi; það nær

einmitt þvert á móti engri átt, að minni hyggju, að áætla 100 samtöl á dag milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.

Svo er kostnaðurinn við loptskeytasambandið; háttv. framsm. (J. Ó.) hjelt því fram, að þetta tilboð, sem við höfum ráðið háttv. deild til að aðhyllast, sje eitthvert nýtt tilboð; líklega gripið í lausu lopti; háttv. þm. getur lesið um tilboð þetta á bls. 38 í hinu prentaða ritsímanefndaráliti; þar stendur berum orðum, að sambandið verði sett á stofn, rekið og haldið við fyrir 7,078 pund á ári í 20 ár, og að allt verði að þeim tíma liðnum eign Íslands. Háttv. meiri hluti í Nd. hefur gjört þetta að krónum, rúmum 128,000 á ári í 20 ár, á bls. 84 í hinu sama nefndaráliti, og vona jeg, að háttv. þm. (J. Ó.) rengi ekki sína elskulegu flokksbræður.

Það er þetta tilboð, sem við höfum miðað við, og höfum við gjört árlegan kostnað allt að 129 þús. kr.; þar frá dregst 54 þús. kr. tillag frá Danmörk og tekjur af sambandinu 50 þús.; verður þá eptir 25 þús. kr. árlegur kostnaður eða útgjöld fyrir landssjóð; 87,500—25,000 verða 62.500 kr.; loptskeytasamband það, sem við förum fram á, verður þannig 62 þús. og 500 kr. ódyrara á ári hverju, en samband það, sem ritsímasamningurinn veitir oss.

Hjer að auki má fyllilega telja víst, að tekjurnar yrðu miklu meiri en það, sem við höfum áætlað; ef hjer kæmi loptskeytasamband, þá mundi Ísland verða millistöð milli annara landa, t. d. Ameríku og Englands. En ef ritsíminn fyrirhugaði kæmist á, þá yrði Marconífjelagið útilokað frá nokkru af leiðinni, og Stóra norræna gæti sett taxtann svo hátt fyrir skeyti til Marconífjelagsins, þó það vildi setja hjer upp loptskeytasamband við Ameríku, að það yrði frágangssök fyrir það; þetta yrði stórkostlegur óhagur fyrir Ísland; við höfum gizkað á 25 þús. kr. tekjur af þessu Ameríkulandasambandi, ef loptskeytasamband kæmist á, en búast má við, að þær yrðu margfalt meiri, jafnvel svo að oss gæti munað það á 20 árum svo miljónum skiptir.

Jeg vona, að háttv. meiri hluti rengi ekki, hversu mikið landsíminn gleypir, því sá reikningur er gjörður af háttv. meiri hlutanum sjálfum.

Síðan við skrifuðum nefndarálitið hef jeg athugað dálítið nákvæmar, hversu miklar tekjur við megum búast við af millilandasambandinu; jeg reikna eptir meðaltali í 20 ár; það getur verið, að þær yrðu ekki svo miklar fyrst í stað, en síðar mundu þær verða þeim mun meiri, svo allt jafnaði sig; allar þessar tekjur fara fyrir ofan garð og neðan hjá oss, og lenda í vösum útlendinga, ef ritsímasamningurinn nær framgangi, en lenda allar í landsjóði, ef loptskeytasambandið kemst á.

Útreikningur minn lítur svo út í lauslegu uppkasti, og má óhætt fullyrða, að víðast er of lágt reiknað.

Jeg gjöri ráð fyrir lægri taxta, en þeim, sem ráðherrann hefur samþykkt. Jeg set 50 aura fyrir orðið til jafnaðar alla leið til Kaupmannahafnar, eða 5 kr. fyrir 10-orða skeyti; það er mjög sjaldan, að hægt er að komast af með styttri skeyti; opt mundu þau verða lengri, en jeg reikna svona í jöfnum reikningi.

1. Verzlunarmenn, blaðamenn o. s. frv. í Reykjavík gjöri jeg að sendi 5 skeyti á dag; á hverjum einasta degi munu máske ekki verða send 5 skeyti, en opt, t. d. til blaðanna, verða þau miklu lengri en 10 orð, og svona jafnt reiknað í 20 ár verður þetta ekki of hátt reiknað; þetta verða 1800 skeyti

á ári á 5 kr., eða 9 þús. kr.. Jeg reikna 360 daga í árinu; alla daga ársins gjöri jeg ráð fyrir, að stöðin verði opin; það er svo allstaðar annarsstaðar, og jeg gjöri ráð fyrir því hjer líka. Jeg gjöri ráð fyrir, að flest skeyti heimti svar; það eru aðrar 9 þús. kr.; menn munu segja, að blöðin þurfi ekki að svara upp á frjettaskeyti sín; mikið rjett; en blöðin í útlöndum þurfa líka að fá frjettir hjeðan, og legg jeg að jöfnu, það sem þau þurfa, og það, sem við þurfum. Svo gjöri jeg ráð fyrir, að blaðamenn, kaupmenn o. fl. í kaupstöðum landsins þremur, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, fái 1 skeyti á dag í hvern kaupstað; það verða 1080 skeyti um árið á 5 kr. eða 5,400 kr.; hvert skeyti gjöri jeg að heimti svar; það gjöra aðrar 5400 kr., eða samtals hjá þessum þremur kaupstöðum 10,800 kr. um árið.

Þá gjöri jeg ráð fyrir, að hingað komi til lands 500 túristar árlega; það má ganga út frá því sem gefnu, að túristastraumur hingað aukist ár frá ári, og miklu nær að halda, að hann verði, að meðaltali í næstu 20 árin, miklu meiri en þetta; t. d. má taka í í sumar, að á að eins 2 skipum, sem hingað komu með túrista, voru um 500 túristar; þar að auki hefur komið mesti sægur af túristum á póstskipunum og með öðrum skipum; en því miður má varla taka mikið mark á þessu nú þegar, enda væri þá nær að telja meðaltalið 1,000 árlega; en svo mikið er víst, að 500 er enganveginn of hátt reiknað.

Hver túristi sendir að minnsta kosti 2 skeyti; eitt þegar hann kemur og annað þegar hann fer; það eru jafnvel víst, að margir þeirra mundu senda skeyti miklu optar; þegar hraðskeytasamband væri komið hjer á, þá mundu koma hingað kaupmenn og allskonar »forretningsmenn«, sem annars alls ekki geta farið hingað, og mundu þeir þá senda skeyti á hverjum degi, sem þeir væru hjer við land. En við skulum ekki reikna of hátt og gjöra að eins hverjum túrista 2 skeyti; það yrðu 1,000 skeyti á 5 kr. eða 5,000 kr. árlega um næstu 20 ár.

Þá eru veðurfræðislegar stofnanir; þær heimta skeyti tvisvar á dag allt árið um kring, kvöld og morgna; við skulum gjöra ráð fyrir frá 4 stöðum á landinu; minna getur það ekki orðið; gjörum ennfremur ráð fyrir, að 5 stofnanir fái skeytin: Í 1. Noregi og Svíþjóð, 2. Danmörku, 3. Þýzkalandi, 4. Frakklandi og 5. Englandi; það mætti eflaust bæta þeirri 6. við í Ameríku; en sleppum því í þessum reikningi; þetta yrðu 144,000 skeyti á ári á 5 kr. eða 72,000 kr.; gjörum ráð fyrir afslætti 50%, þá verða það 36,000 kr. á hverju ári, sem tekjurnar mundu nema af veðurfræðislegum athugunum.

Það er engin ástæða til að ætla það, að allar veðurfræðislegar stofnanir vildu ekki fá skeyti frá Íslandi; það þarf ekki annað, en lesa hina ágætu bók Hoffmeyers um veðurathuganir, til þess að sjá hversu stórmikla þýðingu veðurathuganir á Íslandi hafa fyrir veðurkort Evrópu; það stendur svo á, að aðal »maxima« og »minima« eru einmitt á Íslandi og í nánd við það, tilsvarandi »minima« og »maxima« í Rússlandi og Síberíu.

Vilji nokkur rengja það, að ríkin vildu leggja þetta til vegurathugana hjer, þá vil jeg leyfa mjer að vísa til þess, að sum þessara ríkja hafa samþykkt hærri upphæðir, einmitt í því skyni að fá veðurathuganir frá Íslandi; þegar Stóra norræna fór fram á það við ríkin, að »abonnera« fyrir 10,000 kr. á ári fyrir veðurathuganir, þá veittu Svíar fjeð, en sum höfðu góð orð; það

mátti nýlega sjá í blaði hjer í bænum, að Frakkar ætluðu að setja upp fleiri veðurathugunarstöðvar; þessu mun óhætt að trúa, enda þótt það stæði í »sannsöglinnar málgagni«; raunar var því bætt við, að þeir gjörðu það því að eins, að ritsími væri lagður til landsins, en þar á móti ekki þó loptskeytasamband kæmist á; þetta skoðaði jeg nú að eins sem viðbót frá ritstjóranum, nokkuð sem hann hefði fundið uppá í vissum tilgangi.

Þá má telja tekjur af skipunum; öll skip símrita, þegar þau koma og fara til landsins; það er svo allstaðar annarsstaðar og það mundi verða eins hjer; eptir síðustu skýrslu komu árin 1901—3 að meðaltali hjer til lands 373 skip; það má gjöra ráð fyrir, að skipakoman aukist að mun, og gjöri jeg þau 400; það verða 800 skeyti á 5 kr. eða 4,000 kr. á ári; útgjörðarmenu þurfa einnig opt að ráðfæra sig við skipin, og gjöri jeg það 5 sinnum minna eða 1000 kr.; þetta verða 5000 kr. samtals af skipaferðunum á hverju ári að meðaltali í 20 ár.

Þá er að geta þess, að við höfum tekjur af Færeyjum; við komum þeim í sambandið, og eigum því tekjurnar; það er varla hægt að áætla þær minna en 20 þús. kr. á ári.

Tekjurnar af »telegrömum« viðvíkjandi veðurathugunum, siglingum o. fl. til og frá Færeyjum, geta varla orðið minni en 20 þúsundir. Þá fæ jeg alls 94 þúsundir á ári, og hef jeg þó reiknað hvern einasta lið eins lágt og jeg gat. Og nú er auðvitað, að þessar tekjur munu fara vaxandi í 20 ár og verða langt um hærri; jeg ímynda mjer jafnvel, að fyrsta árið muni gefa eins mikið og jeg hef áætlað að meðaltali. Nú hefur minni hlutinn reiknað 40 þúsundir, og jeg þykist hafa gjört vel, að slá þessum 54 þúsundum af. Þó nú því ekkert tillag fengist, hvorki frá Danmörku nje Noregi, þá mætti það hlaupa upp á þessar 54 þús. Þar að auki mætti búast við 10 þúsundum af innanlandssambandinu.

Því hefur verið haldið hjer fram, að það væri algjörlega óhugsandi, að við fengjum nokkurt fje frá Danmörku, og því síður frá Noregi. Þetta þykir mjer þó nokkuð undarlegt, því allir hljóta þó að muna, að einmitt danska og ísl. stjórnin hafa verið að semja um þráðlaust loptskeytasamband fyrir Íslands hönd. Alberti fór fram á það við þingið bæði 1902 og 1903, að það veiti fje til þráðlausrar loptritunar, og fulltrúi stjórnarinnar segir um þetta á þingi 1902. (Alþ.tíð. 1902, B. 122.): »Þar sem tilboð er þegar komið til stjórnarinnar um að koma á þráðlausum »telegraf«, þá gætu samningar fullgjörzt jafnvel þegar í ár, ef stjórnin fær heimild þá, sem hún fer fram á nú með þessum fjáraukalögum, *því hún getur fengið samskonar heimild hjá ríkisþinginu nú þegar í haust eða að vetri*«.

Það er auðsætt af þessu, að Danir hafa ekkert á móti þráðlausu sambandi, nje að tillagi Dana sje varið til þess; hún lofar einmitt að veita fje til þess, og þykist viss um, að ríkisþingið verði henni sammála í þessu efni.

Þessu er ekki til neins að neita. En úr því stjórnin áður hefur viljað koma upp þráðlausu loptskeytasambandi, hvaða ástæða er þá að ætla, að nú álíti hún það algjörlega ómögulegt og vilji ekki veita einn eyri til þess? Þetta kalla jeg er að gjöra dönsku stjórninni getsakir. Að nokkrum skuli detta í hug, að hún meti meira gróðafjelag, sem er öllu fremur franskt en danskt, heldur en bræðraþjóð sína Íslendinga! Þetta er svo mikil fjarstæða, að jeg er hissa, að menn skuli leyfa

sjer, að koma fram með slíkt. Nei, svo hábölvaðir verða Danir aldrei við Íslendinga. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að heyra þessar getsakir optar. Háttv. framsm. meiri hl. (J. Ól.) tók það fram, að hann vissi ekki til, að von væri á neinum styrk frá Noregi. Hann hefur þá ekki kynnt sjer fylgiskjölin á bls. 128. *(Hannes Hafstein:* Er það Rasmussen, sem háttv. þm. á við?) Já, þar er einmitt tekið fram í þessu skjali, að norski »telegraf-direktörinn« hafi áhuga á þessu máli, og vilji leggja það til, að tillag verði veitt frá Noregi. Auðvitað er það ekki sönnun fyrir, hvernig fjárveitingarvaldið mundi snúast í þessu máli, en mjer er kunnugt, að »telegraf-direktörinn« hefur talað við fyrverandi samgöngumálaráðherrann Lövland um þetta, og hann var því mjög hlynntur. Sjálfur hef jeg talað persónulega við Steen um þetta mál, meðan hann var forsætisráðherra, og hann vildi endilega styrkja það, jafnvel ekki veita minna, en 18 þús. til »telegrafsins« árlega.

Jeg veit, af manni, sem hefur talað um þetta við Lemkul, sem nú er samgöngumála-ráðherra Norðmanna, og hann var þessu mjög hlynntur. — Það var reyndar í fyrra vetur áður en hann varð ráðherra.

Jeg veit líka af öðrum privatmanni, sem hefur talað við Lövland, sem nú er utanríkisráðherra í Noregi, og þá sagði hann hið sama. Enn fremur veit jeg, að forsætis-ráðherrann Michelsen er þessu máli mjög hlynntur. — Jeg fæ því ekki sjeð annað, en að æði-miklar líkur sjeu til þess, að Norðmenn muni snúast vel í þessu máli. Einkum þegar tekið er tillit bæði til þess, að eins og stendur, er mikið samræmi milli norska þingsins og stjórnarinnar, og svo hins vegar til þess, að Norðmenn leggja mikla áherzlu á, að komast í nánara samband við Íslendinga. Auðvitað liggur það bak við, að þeir vilja mjög gjarnan ná í Ísland og Færeyjar. Og það er víst, að væri hik á Dönum, að láta okkur fá styrkinn, þá mundi það hik hverfa, ef Norðmenn kæmu með í spilið. Því Dani langar sannarlega ekki til, að styrkja að því, að Ísland og Færeyjar sigldu undir Noreg. Mjer virðist nálega allt benda kröptuglega í þá átt, að enginn vafi geti leikið á því, að við fengjum bæði styrk frá Danmörku og Noregi.

Jeg skal ekki í þetta sinn lengja umræðurnar meira um þetta mál. — Jeg vona, að háttv. deild beri gæfu til, að ráða því þannig til lykta, að þingið þurfi ekki að bera kinnroða fyrir þjóðinni. Okkur væri allra kærast, að málinu væri frestað, og skotið undir vilja þjóðarinnar.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Það er nokkuð margt búið að segja um þetta mál, svo jeg býst við, að jeg sje búinn að gleyma einhverju af því, sem jeg annars gjarnan hefði viljað tala um, en við það verður að vera.

Viðvíkjandi Hafnarfjarðar- og Strandarveginum tók háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) það fram, að hann gæti ekki að gagni komið, nema við hann yrði bætt. Nefndin getur vel verið háttv. þm. (V. G.) samdóma um þetta; en á hvers kostnað eigi að bæta við veginn, það er annað mál. Spurningin er, hvort landssjóður eða sýsluvegasjóður eigi að kosta viðbótina. Þar sem nú þetta er engin kaupstaðarleið og enginn vöruflutningur á sjer þar stað, en vegurinn verður að líkindum að eins notaður sem kirkjuleið eða læknis, þá er mjög eðlilegt, að hjeraðsbúar kosti hann sjálfir.

Sami háttv. þm. (V. G.) minntist á

gufuskipaferðirnar. En af því engin breyt.till. við það, sem Nd. samþ., hefur komið hjer fram, er engin ástæða til, að fara mörgum orðum um það.

Jeg vil að eins taka það fram, að það er algjörlega rangt, að við hefðum fengið *jafn*-gott fyrirkomulag á gufuskipaferðirnar hjá »Thore-fjelaginu« fyrir 40,000 kr. minna verð, en hjá »Sameinaða gufuskipafjelaginu«.

Fyrst og fremst áskildi formaður »Thorefjelagsins« sjer að fá að haga 20 af 36 ferðum hingað algjörlega eptir *sinni* vild og *sínum* þörfum, svo að þá voru ekki nema 16 ferðir undir yfirráðum þingsins. Og í öðru lagi var tilboðið bundið því skilyrði, að »Thorefjelagið« fengi jafn háan styrk frá Danmörku og »Sameinaða gufuskipafjelagið« átti að fá. Sjálfur bjóðandinn var ekki vissari um það en svo, að þessi styrkur fengist, að hann kvaðst vilja vera laus við tilboðið á eptir, ef hann ekki fengist. Annað mál er það, hvort ekki hefði samt sem áður átt að taka »Thorefjelagið« framyfir, og hætta svo á, að engir samningar yrðu við neina. *Jeg* vildi það, en Nd. rjeð því máli til lykta án samþykkis vorrar deildar.

Háttv. þm. (V. G.) þótti ástæða til að fækka skipaferðum — eða viðkomustöðum á Eyjafirði sökum mótorbátanna þar. Nú verða strandferðirnar ekki nema 4 í staðinn fyrir 6—7 áður, svo að því síður er ástæða til að draga enn meira úr viðkomustöðum, enda þótt mótorbátarnir bæti talsvert. Mótorbátarnir fullnægja reyndar allt annari þörf, heldur en strandferðaskipin, þau koma frá útlöndum — þrisvar frá Kaupmannahöfn, og einusinni frá Leith — og þau hafa jafnmikið fyrir hverja ferð, hvort sem þau koma á alla staðina eða ekki. Og þó mótorbátarnir sjeu á ferðinni, hafa þessir staðir eins mikla þörf fyrir samband við útlönd og við Reykjavík og aðra staði utan Eyjafjarðar fyrir því. Það virðist því rjett, að láta sama ganga yfir þessa staði og aðra, og fækka viðkomustöðunum ekki frekar hjer, en annarsstaðar.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) fór mörgum orðum um ritsímann, og útmálaði það mjög, hvílíkt tjón það yrði fyrir kjördæmi hans, ef símasamband það, sem um er að ræða, kæmist á. Ekki veit jeg með vissu, hvort háttv. þm. (S. J.) áleit, að Barðastrandarsýsla mundi leggjast í eyði, ef síminn yrði lagður upp til Seyðisfjarðar. En það taldi hann víst, að fjölda margir mundu flytja þaðan og taka sjer bústað í nánd við landtökustað símans. Jeg vil nú minna háttv. þm. Barðstr. (S. J.) á, að það hefur heyrzt talað um, að leggja landsíma frá landtökustað sæsímans þvert yfir land, og þótt háttv. þm. Barðstr. berjist móti því með hnúum og hnjám, vitum við báðir, að sú »óhæfa« verður drýgð, og jeg vona að Barðastrandarsýsla fái álmu 1908, og komist þannig í samband við aðra staði á landinu og við umheiminn allan, og vona jeg því, að ekki verði landauðn í sýslunni fyrir þetta.

En jafnframt vil jeg geta þess, að sje það svo, að eitt hjerað eða fleiri mundu leggjast í eyði fyrir eins árs frestun á að komast í sambandið, þá bendir það til þess, að sambandið mundi hafa allmikla þýðingu fyrir þau hjeruð, sem fá það — vera ekki það óheillafyrirtæki, sem háttv. minni hluti lætur í veðri vaka. Það sýnir, að *þörfin* fyrir símasambandið hlýtur að vera *næsta brýn*.

Háttv. sami þm. (S. J.) og háttv.

2. þm. G.-K. (V. G.) álíta mjög ísjárvert, að samþykkja þetta mál á móti vilja þjóðarinnar. Það er sjálfsagt mjög ísjárvert með hvaða mál sem er, að samþykkja það gegn eindregnum vilja þjóðarinnar. En hver er vilji þjóðarinnar í þessu máli? Það er mjög hægt að *kasta því fram*, að það og það sje þjóðarvilji, en það verður stundum erfiðara að *sanna* slíkar staðhæfingar.

Vilji *þjóðarinnar* er vilji *meiri hluta allra kjósenda* í landinu, og jeg hef enga sönnun sjeð fyrir því, að meiri hluti kjósenda væri á móti ritsímasamningnum. Enn sem komið er, liggur ekki fyrir nema frá *einu einasta kjördæmi* yfirlýsing um það, að meiri hlutinn sje á móti samningnum, og meðan svo er, þá er alveg rangt og heimildarlaust að álykta, að meiri hluti *þjóðarinnar* sje á móti. Og útlit er nú fyrir — þvert mót von minni og áliti hingað til — að þetta kjördæmi (Húnavatnssýsla) sje óupplýstasta og fáfróðasta kjördæmi landsins. Að minsta kosti virðast ekki vera þar meira en 1—2 kjósendur skrifandi í hverjum hreppi, eptir áskorunum þeirra að dæma, sem jeg sá núna fyrir augnabliki. Þar eru þetta 1—2 nöfn í hverjum hreppi sýnilega rituð eiginni hendi, öll hin með sömu hönd — líklega smalans — og hvergi þó getið um, að nafn sje handsalað. — Hver trygging er svo fyrir, að slík nöfn sjeu vel fengin?

Á hinn bóginn höfum við margra ára yfirlýstan vilja þjóðarinnar til stuðnings því, að símasamband eigi að komast á. Þjóðin og þingið hafa hvað eptir annað samþykkt það, og þingmálafundir fyrri ára jafnvel skorað á stjórnina, að koma því á sem fyrst.

Við höfum meira að segja hjer till. frá háttv. minni hluta um það, að koma á hraðskeytasambandi jafndýru því, sem um er að ræða, eða jafnvel munum dýrara.

(*Valtýr Guðmundsson:* Nei, það er billegra). Ónei. Munum dýrara *fyrir oss.*

Mótspyrnan móti samningnum er, að einu kjördæmi undanteknu — aðeins frá kjósendum, sem áður hafa greitt atkvæði með þeim flokki, sem nú leiðir hana, og sýnir aðeins, að þessir menn eru leiðitamar kindur í flokknum — voru Valtýingar við síðustu kosningar, og eru Ísfyldingar enn.

Það hafa verið sendir smalar út um sveitir, til að safna undirskriptum undir mótmæli gegn þessum margnefnda ritsímasamning. En þrátt fyrir þessa smölun og þrátt fyrir öll eyðublöð frá Ísafoldarprentsmiðju, er það þó að eins í einu einasta kjördæmi, að meiri hluti kjósenda hefur fengizt til að vera á móti — og sá meiri hluti svo fenginn, sem getið hefur verið.

Þá hafa háttv. þm. verið að tala um loptritunina, hvað hún sje góð og tryggileg, og hve fegin þjóðin vilji hana.

En hver er þessi trygging fyrir því, að loptritun sje viss og áreiðanleg? Og hvar er þjóðarviljinn í *því* efni — á hverju er *hann* byggður? Hvar hefur þjóðin látið vilja sinn í ljósi um þetta?

Sannleikurinn er sá, að hávaði Íslendinga *veit alls ekkert* um loptritun, og háttv. minni hluti þingsins er engin undantekning í því efni. Að minnsta kosti er jeg viss um það, að hann hefur ekki meira vit á því, en þeir útlendu sjerfræðingar, sem hafa afar litla trú á öryggi þráðlausra sambandsins.

Í gærdag las jeg grein í amerísku

tímariti alveg ný-útkomnu í þ. m., þar sem mikilsmetinn vísindamaður telur loptritunina á tilraunaskeiðinu enn, og mestu fásinnu að byggja nokkuð á henni, þar sem síma sje kostur.

Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) og 2. þm. G.-K. (V. G.) töluðu um, að fresta málinu. Álitu þeir ekki mjög hættulegt, þó framkvæmdir á því biðu 2—3 ár. En hjer yrði, ef nú væri frestað, ekki að ræða um frestun í 2—3 ár, heldur að líkindum um 15 ár. Það er alveg víst, að ef málinu er nú frestað, þá spilum vjer úr höndum vorum tækifæri, sem engin líkindi eða von er til, að við getum fengið aptur um *margra* ára bil — hver veit hvað margra? Það bendir allt til þess, að við getum ekki fengið samband fyr en eptir 15 ár, ef við sleppum þessu góða tækifæri, sem við höfum nú. En jeg vil þá hinsvegar spyrja: hefur Ísland *ráð* á að vera sambandslaust? Hvað kostar það landið, að hafa *ekki* ritsíma? Jeg hef horft á það, að landið hefur *á einum degi* skaðast miklu meira en nemur öllum árskostnaðinum við ritsímann, og slíkt getur auðveldlega skeð aptur og aptur. Það er órannsakað og ótalið, og ekki auðið að áætla, hve mörgum tugum, og stundum ef til vill hundruðum þúsunda atvinnuvegir vorir tapa *á ári* fyrir ritsímaleysi. Þess vegna er mjög áríðandi, ekki að eins að taka *tryggilegt* samband, heldur og að taka það *nú þegar* er kostur er á því, með því að drátturinn getur skaðað oss meira, en hægt er til verðs að meta.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) ætti að vera það kunnugt, að sjávarsveitirnar hafa mjög mikla þörf fyrir símasamband, og þar sem flestir kjósendur hans búa í sjávarsveitum, ætti hann ekki að berjast móti því, að þær fengju ritsímasamband, eins og mjer virtist hann gjöra, þegar hann var að tala um það, að minni þörf væri á ritsímastöðvum í sveitunum, en í bæjunum. Það er undarlegt, að berjast á móti hagsæld og framförum kjördæmis síns og vilja stuðla að því, að það verði að bíða eptir hraðskeytasambandi um 15 ár að minnsta kosti.

Ekki skil *jeg*, að útvegsmennirnir við Faxaflóa verði honum þakklátir fyrir það.

Jeg hef nú sýnt, hvað frestun þessa máls hefði þýtt fyrir *hagsmuni* landsins.

Nú verður því ekki frestað nema með því að þingið *svíki* heit sitt, það heit, sem fólgið er í þessum orðum síðustu fjárlaga: »Fyrsta og önnur *ársborgun* af *20 ára tillagi* 35,000—35,000 kr.« Samningnum getur það ekki riptað með öðru móti, því að *hann er löglegur í alla staði, gjörður af ráðherranum með fyllstu órjúfanlegri lagaheimild* — að eins í ýmsum atriðum miklu hagfelldari fyrir oss, en alþingi hafði búizt við eða áskilið. En ef þingið nú sviki lögbundið heitorð sitt, eins og minni hlutinn vill að það gjöri, *hvað verður þá af sóma landsins?* Ef þingið gjörði þetta, þá brennimerktum við okkur sem þjóð, er engum lifandi manni, engu fjelagi, engri þjóð dytti í hug að gjöra samning við um nokkurn skapaðan hlut framar. Við yrðum að rjettu settir á bekk með Venezuëla eða öðrum barbara þjóðum, sem ekki kunna að skammast sín, og eru virtar þar eptir.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) játaði það, að það hefði verið gefin heimild í fjárlögunum til að gjöra samninginn — hvort sem vera vildi um síma eða loptritun. Jeg þakka háttv. þm. ekk-

ert fyrir það, að hann gjörir þetta nú, þó hann hafi neitað því áður við Dani og í dönskum blöðum. En »batnandi manni er bezt að lifa«. Háttv. þm. (V. G.) kannaðist við það, að það hefði verið góð og gild heimild fyrir fjenu og fyrir því, að semja um samband milli Íslands og útlanda. En hann hjelt því fram, að engin heimild hefði verið fyrir því, að leggja sæsímann til Austfjarða.

Það er satt, að enginn viss sjerstakur lendingarstaður var ákveðinn. En hvað þýðir *það*? Ekki að ráðherrann hafi brostið heimild til að lenda símanum á Austurlandi, heldur að hann *hlaut* að hafa heimild til að lenda honum hvar sem hann áleit bezt henta.

Hvað *hugsar* háttv. þm. K.-G. sjer með því að halda þeirri fjarstæðu fram, að ráðherrann hafi brostið heimild til að ákveða lendingarstaðinn. — Er hinn háttv. þm. að leika sjer, að gjöra gys að hinni virðulegu þingd. og að heilbrigðri skynsemi? Hann *játar*, að ráðherrann *hafi haft heimild til* að leggja síma *til Íslands*, en ekki til að leggja hann til Austfjarða, ekki til Reykjavíkur, ekki til Hornstranda, ekki til Hafnarfjarðar o. s. frv. Ekki heimild til að leggja hann *nokkurs staðar* í land! Heimild til að leggja símann *til* landsins, — að eins *ekki á land!!!* — af því það stóð ekki í fjárlögunum, *hvar* hann ætti að lenda! Hver heilskyggn maður getur sjeð, að þetta nær engri átt; og stjórnin *hlaut* að hafa fulla heimild til að ráða, hvar síminn kæmi á land, og mega setja hann þar, sem hún áleit heppilegast.

Athugum hvernig á stóð. Alþingi 1899 og 1901 hafði í athugasemd heimilað lending á Austurlandi.

Í athugasemdum við frumv. til fjártaga fyrir árin 1904 og 1905, er það tekið fram, að óhentugt sje að binda hendur stjórnarinnar um þetta mál; og fjárlaganefndin í N. d. segist ekki vilja gjöra neinar breytingar á þessum lið, en »fellst á að gefa stjórninni svo lausar hendur til framkvæmda málinu, sem fjárveitingin leyfir«. Þetta eru óbreytt orð nefndarinnar (sbr. Alþt. C. bls. 362).

Stjórnin hefur því haft *fulla heimild* til að gjöra samninginn, og hann átti *alls ekki* að leggjast fyrir þingið til *samþykktar*, heldur að eins *til athugunar*.

Jeg held, að hvernig sem hv. minni hluti veltir þessu máli fyrir sjer, þá geti hann aldrei hnekkt því, að þessi samningur sje gjörður með *fullri heimild í öllum atriðum;* að minnsta kosti hefur háttv. minni hluti ekki enn komið fram með eitt einasta atriði, sem ekki var heimild fyrir.

Það hefur verið sagt, að til þessa hafi þegar verið varið fje án heimildar. En ráðh. hefur ótvírætt skýrt frá því í N. d., að svo er alls ekki. Það *hefur* engu verið varið úr landssjóði enn, og á meðan er heldur engu varið án heimildar.

Þá hefur því og verið haldið fram, að hæstv. ráðh. hafi sjálfur viðurkennt í brjefi til Hage ráðgjafa, að hann hefði ekki heimild til að gjöra samninginn. Þetta hefur ráðh. sjálfur margsinnis hrakið, og þarf ekki að eyða orðum um það frekar. Að eins skal jeg taka það fram, að jeg álít ráðherrann hafi vantalað, en ekki oftalað, er hann áleit sig þurfa að leita heimildar til, að lenda símanum á Austfjörðum, lengra aptur en í síðustu fjárlög. Jeg álít heimildina fulla og skýra í þeim (»til Íslands« án nánari ákvæða).

Allir vita, að þjóðin og þingið voru búin að veita fje til fyrirtækisins og vildu fá sambandið, þó ekki væri ákveðið, hvar þráðurinn ætti að liggja

í land. Og eptir hverju átti svo ráðh. að fara, öðru en vilja þjóðar og þings? En þingið hafði áður látið álit sitt í ljós um það.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hjelt því fram, að núverandi ráðh. væri sá fyrsti, sem skildi fjárveiting síðasta alþingis á þennan hátt. Nei, á sama hátt skildu allir þingmenn þetta 1903, og þáverandi ráðgjafi vor, Alberti, tilkynnti Stóra norræna, undir eins er hann hafði undirskrifað fjárlögin, að nú væri fjeð veitt og stæði Stóra norræna til boða, ef það vildi gjöra samning.

Og svo segir háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að það hafi engin nauður rekið til þess að gjöra þennan samning þá þegar. Hvernig stendur á því, að slíkt tilboð hefur aldrei komið fyr? Það er af því, að í fyrra bauðst tækifæri, sem aldrei hafði boðizt áður. Fjelagið þurfti senn að fá endurnýjun síns einkaleyfis, og því leitaði ráðherra vor færis, að reyna að fá C. Hage, samgöngumálaráðherra Dana, er oss var mjög velviljaður í þessu máli, til að nota það færi til að knýja Stóra norræna fjelagið til að lofa að leggja símann til Íslands. Nú spyr jeg: Var þá ekki sjálfsagt að smiða, meðan járnið var heitt? Var það hættulaust að sleppa svona tækifæri fram hjá sjer? Jeg er viss um, að allir hljóta í hjarta sínu að játa, að það hefði ekki verið rjett; og jeg er líka viss um, að ef hæstv. ráðherra hefði látið þetta tækifæri ónotað, þá hefði enginn lagt á hann harðari dóm, en einmitt háttv. þm. G.-K. og hans málgögn. Þá hefði víst þotið í þeim skjá!

Þá benti háttv. þm. á annan veg, er ráðherrann hefði átt að fara, þann, að stefna til aukaþings undir haustið síðasta. Það þing hefði þá setið hjer, meðan tækifærið var að renna okkur úr höndum. Og hvað átti svo þetta aukaþing að gjöra? Það átti að samþykkja á ný það, sem síðasta alþingi var búið að samþykkja. Jeg hef aldrei heyrt það fyrri, að kallað væri saman aukaþing nokkursstaðar í heimi til þess að staðfesta fullnaðargjörðir undanfarins þings. Hefði ráðherrann gjört það, þá hefði víst heyrzt úlfaþytur um það, hvað þessi stjórn væri eyðslusöm.

Háttv. þm. fór um það mörgum orðum, hvað þessi samningur væri »særandi«. Þetta er mjer alveg óskiljanlegt.

Hvað er »særandi«?

Það, segir háttv. þm., að danski ráðgjafinn einn hafi allan úrskurðarrjett um skilning samningsins.

En þetta er ekki satt. Háttv. þm. G.-K. les samninginn, eins og gamall flokksbróðir hans les biblíuna. Hefði það staðið í samningnum, að samgöngumálaráðherrann danski ætti að skera úr ágreiningi milli fjelagsins og Íslendinga, þá hefði verið hægt að segja, að samningurinn væri særandi fyrir okkur, en það er ekki. Það stendur hvergi. Þar stendur að eins, að úrskurður samgöngumálaráðherrans um skilning á samningnum sje bindandi gagnvart *fjelaginu*. Þ. e. fjelagið afsalar *sjer* rjetti til að gjöra dómsmál úr ágreiningi um skilning samningsins. En Íslands-ráðherra og Ísland er *ekki* bundið við þann skilning. Beri ráðgjöfunum á milli um það efni, þá skera dómstólarnir úr. Þeir ráðgjafarnir eru alveg jafn rjettháir gjörðir *hvor gagnvart öðrum*.

Þetta var svo margtekið fram í Nd. um daginn, að mig furðar á því, að heyra sömu mótbárurnar hjer, sem búið er að margtala þar, og tyggja upp, og mjer liggur við að segja jórtra upp aptur fyrir löngu. Það eru sann-nefndar *aptur*göngur.

Önnur »særingin« á að vera þetta margumtalaða einkaleyfi. Mjer þætti gaman að því, ef hinn háttv. þm. gæti bent á eitthvert land, sem sæsími liggur til eða frá, þar sem *ekki* er veitt einkaleyfi til þess að reka ritsímasambönd. Viðvíkjandi þessari einkaleyfisgrýlu skal jeg annars geta þess, að það hefur tvisvar áður verið gefið einkaleyfi í þessu sama skyni, en ekkert orðið úr. Og þá heyrðist engin rödd á móti. Háttv. þm. sagði, að alþingi hefði aldrei samþykkt neitt einkaleyfi. *(Valtýr Guðmundsson:* Ekki til Stóra norræna.) Jú, einmitt til Stóra norræna ritsímafjelagsins. Tvívegis hefur það veitt fje samkvæmt tilboði þess fjelags, þar sem áskilið var einkaleyfi. Þriðja sinn veitti það fjeð svo, að það gat ekki vitað, hvort fjeð og einkaleyfið mundi lenda í höndunum á Stóra norræna eða einhverju öðru fjelagi. Það er merkilegt, ef þingið vill nú fara að afsegja að veita einkaleyfi til þess að setja upp og reka ritsímasamband.

Hvað gagnsemi ritsíma eða talsíma um landið snertir, skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar línur eptir háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem er mikill ástvinur háttv. framsm.

Hann segir á alþingi 1891: »Með því að snúa sjer að því, að leggja »telefón« eða »telegraf« (milli Rvíkur-Ísafj., Rvíkur-Akureyrar, og Akureyrar-Seyðisfjarðar) getur landssjóður með tiltölulega **litlu** *framlagi, 3—400,000 kr.*, á fám árum komið viðskiptalífinu í *betra* horf, en með því að leggja í vegabætur 4—5 miljónir króna eða meira fje á hálfri öld eða lengri tíma«.

Og 1895 samþykkir Nd. alþ. *sjálfkrafa* áskorun til stjórnarinnar um, að *veita einkaleyfi* þeim, sem um það kynni að sækja, til að leggja síma milli Bretlands og Íslands. Alþingi *biður* hjer stjórnina um að veita *einkaleyfi*. Þá er enginn einkaleyfis-skelkur í þinginu — hefur aldrei verið fyrri en nú. Þá rís enginn skjalara-skúmur upp til þess að halda fríkirkju-ræðu um einokun Dana á fyrri öldum — eins og einokun miðaldanna ætti nokkuð skylt við einkaleyfi nú á tímum.

Það hefur engin rödd heyrzt hjer á þingi í þá átt, að hafa neitt á móti einkaleyfum fyr en nú í ár. Það er fyrst nú, þegar menn eru að reyna að eyðileggja það, sem þeir hafa barizt fyrir áður. Það er líka einkennileg ósvífni, að vera að flagga með þessu, þar sem hvert einasta land hefur veitt slík einkaleyfi, og veitir þau enn í dag. Newfoundland varð t. d. að vísa Marconifjelaginu á bug, af því að loptritunin kom í bága við einkaleyfi, sem það hafði áður veitt.

Háttv. þm. sagði, að það væri ekki nóg með þetta, heldur fengi fjelagið þetta einkaleyfi í það óendanlega, ef að eins stjórn Dana vill það. Hvar stendur þetta í samningnum? Í orðunum í línunum stendur það ekki, en stendur það á milli línanna? Jeg held síður. Það stendur að eins í samningnum, að fjelagið *geti* fengið endurnýjun áfram; en með hverjum kjörum, um það stendur ekkert, nema það eitt, að vilji fjelagið ekki halda áfram án nokkurs tillags, þá má Danmörk og Ísland taka af því símann *fyrir ekki neitt.*

En jeg vil benda háttv. þm. á, að samningurinn er undirskrifaður af konungi og tveimur ráðherrum, og verður því ekki endurnýjaður nema með undirskript konungs og tveggja ráðherra aptur (þ. e. samgöngumála-ráðgjafa Dana og ráðherra Íslands).

Kannske loptritunin verði eptir 20 ár orðin svo örugg, að hún verði þá betri og ódýrri en símasamband. Væri svo 2. þm. G.-K. (V. G.) orðinn Íslandsráðherra þá, mun ekki hætt við,

að fjelagið fái endurnýjaðan samninginn, því að ráðherra Íslands neitar þá vafalaust að skrifa undir hann.

Háttv. þm. G.-K. (V. G.) fór enn á ný að berja sjer á brjóst, og kveina yfir því, að hjer sje gengið á móti vilja meiri hluta þjóðarinnar. Hvað er »meiri hluti allrar þjóðarinnar«? Það er að minnsta kosti *einn umfram helming af öllum kjósendum á landinu*. Getur nú þm. lagt fram yfirlýsingu frá meira en helmingi kjósenda á Íslandi um þetta efni? Án þess er allt hans skrum og skraf ónýtt. Eða getur það sýnt nokkurn þjóðarvilja, þó að nokkur hundruð kjósendur úr mótflokki stjórnarinnar sendi hingað einhverjar pantaðar yfirlýsingar, sem prentaðar eru í Ísafoldarprentsmiðju og sendar út af minni hlutanum og smalað undir nöfnum — vjer skulum ætla vel fengnum öllum? Það er hægt að æsa upp almúgann, sem eptir hlutarins eðli ekki *getur* haft vit á þessu máli og dæmir því blindur um lit. Háttv. þm. tekur fram í og spyr, því vor flokkur hafi ekki gjört eins mikið til að útbreiða vora skoðun. — Ja, vjer erum nú ekki á Papeyjar-buxum í vorum flokki. Vjer eigum ekki ráð á mörgum þúsundum króna til að senda út pólitiska heimatrúboðsmenn um landið, og vjer höfum enga útlendinga með auð fjár að baki voru, til að mjólka oss í þann kostnað. Hinn háttv. minni hluti er hjer einhvernveginn borinn undir betri happa-stjörnu, þeir hafa, eptir því sem verkin sýna merkin, einhver betri tök en vjer á »hinum rangláta mammon«. Því er nú miður fyrir oss. En vilji þjóðarinnar, hann er löngu feginn. Hann hefur komið fram á þingfundum fyrri ára í beiðni um ritsíma og í blöðum og tímaritum andstæðinga vorra fyrrum. Hann er fram kominn við kosningarnar til alþingis. Þessi þjóðarvilji er fenginn, segi jeg, og þessi þjóðarvilji stendur, þangað til fram koma, ekki fullyrðingar og orðaveður, stór orð og feitt flesk, heldur hreinar og skýrar *sannanir*. Háttv. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að ef þjóðin væri villt og afvega leidd í þessu, þá væri það *rjettur hverrar þjóðar* að *ærast og villast*. Það er alveg satt; en skylda *þingsins* til þess að taka nokkurt tillit til þeirra ærsla og vitleysu byrjar *þá fyrst*, þegar *meiri hluti* þjóðarinnar er orðinn ærður og vitlaus. En að svo sje hjer, á þm. eptir að sanna. Hann á eins hægt með að fara upp í tunglið í kvöld eins og að leggja hjer fram sannanir fyrir, að meiri hluti þjóðarinnar sje andstæður oss í þessu máli. Leggi hann fram hjer *sönnun* fyrir máli sínu, eða hafi drengskap til ella að játa, að sú sönnun *er ekki til*.

Hinn háttv. þm. sagði, að þetta símasamband væri alls ekki hentugt; að »telegrafinn« væri að eins fyrir verzlunina og fiskiveiðar, en ekki fyrir landbúnaðinn, og því kæmi þráðurinn gegn um landið að litlum notum. En jeg spyr: Er það ekki með þjóðlíkamann líkt og með mannlegan líkama, að velvegnun hvers einstaks lims eða líkamshluta hafi áhrif á heildina? Ef ritsíminn gjörir verzlunina tryggari, minnkar áhættuna og kostnaðinn, mun þá ekki samkeppnin láta það koma fram í verðlaginu? Græða þá ekki *allir* við það? Allir verzla þó. Mun landbúnaðurinn ekki græða líka, þótt ekki sje tekið tillit til kaupfjelagsskapar landbænda. Ef sjávarútvegurinn eflist og eykst við símasambandið, mun þá ekki landbúnaðinum vaxa við það markaður fyrir afurðir sínar, markaður meðal sjávarútvegsmanna — hinn bezti og öruggasti markaður, sem til

er? Þekkir ekki háttv. þm. neitt, sem heitir ísl. smjörgjörð og smjör-útflutningur til útlanda? Skilur hann ekki, að ritsíminn geti haft neina þýðing fyrir það?

Eða ef skæðir sjúkdómar koma upp. Hvort auðið er að hepta útbreiðslu þeirra, er opt komið undir því, að bráður bugur sje undinn að þeim ráðstöfunum. En er þá ekki munur að verða að senda menn margar dagleiðir, kannske í ófærð um vetur, til landsstjórnarinnar, eða að geta símað og fengið svar samstundis? Það getur riðið á þúsundum mannlífa, og hvert mannslíf er mikils virði — einnig til peninga metið. Og ætli að það sje að eins fiskimenn og kaupmenn, sem veikjast? Það er í svo mörgu, að síminn getur haft áhrif jafnt fyrir alla, án tillits til atvinnuvega. Jeg skal að eins minnast á alla, sem eru á ferð, að geta komið boðum heim til sín. Skyldu ekki margir af hinum háttv. þm. hjer vera þakklátir, ef þeir gætu það? Enn skal jeg nefna hafís-árin. Þegar skip liggja fyrir austan Langanes og komast ekki til Norðurlands, getur þá ekki staðið á miklu að geta samdægurs fregnað austur, ef fært yrði fyrir Horn?

Svo eru veðurathuganirnar. Hinn háttv. framsm. gat þess, að hann hefði lesið í »Reykjavik«, að það stæði til að setja hjer upp franska veðurstöð; það er alveg satt. En það er líka satt, að lóð undir byggingu í því skyni hefur verið föluð *því að eins*, að hingað komi sæsími. Yrði samið um loptritun að eins, á *ekki* að reisa þá veðurstöð. Svona trú hefur nú »meteorologiska instútitið« franska á loptskeytaaðferðinni! Ennfremur talaði hann um reynsluna, sem við hefðum fengið hjer í sumar fyrir ágæti þessarar loptritunar. Mjer er ekki ljóst, hvaða reynslu þm. á við. Því að það vissu allir áður eptir reynslu, sem annarsstaðar er fengin, að loptskeyti *geta* borizt jafnvel lengri leið. en frá Bretlandi til Íslands, einkanlega að kvöldi dags eða nóttu. En um hitt, hve öruggt þetta sje, að ekki beri út af, og það að stórum munum, um það höfum vjer *alls enga* reynslu fengið. Jeg hef nú í sumar gjört mjer það að reglu, að bera Marconiskeytin saman við hraðskeyti, sem jeg hef síðar fengið í útlendum blöðum. Og það hefur sýnt sig, að t. d. nöfn hafa stundum verið afbökuð, eða þeim alveg sleppt. Það er líka eitthvað undarlegt, að ýmsar *markverðustu* frjettirnar hafa *alls ekki komið*. Það eru göt í viðburðasöguna, og þau göt benda á, að eitthvað hafi farizt fyrir. Það er alls engin trygging fyrir því, að helmingurinn af þeim skeytum, sem send hafa verið, hafi komið hingað. Jeg veit, að hinn háttv. þm. hefur fengið tvö skeyti frá Höfn, en jeg veit líka, að öðrum privatmönnum hefur verið *neitað* um að senda hingað skeyti, hvers vegna veit jeg ekki; kannske af of miklum áreiðanlegleik?!

Hann talaði um kostnaðinn, að það væri dýrara, að senda skeyti hjeðan til útlanda, en frá Kaupmannahöfn til Grikklands. En dýrleiki sambandsins kemur lítið undir vegalengdinni, heldur langmest undir því, hve margir nota það. Jeg veit það, og jeg veit, að háttv. þm. G.-K. veit það líka, að það er opt dýrt, að senda skeyti milli staða, þar sem fátt fólk býr, þó vegalengd sje lítil. Hann ætlaði samkvæmt loptritunar-áætlun sinni, að láta oss fá skeytin send fyrir 50 aura hvert orð. Hærra er það en 45 au. milli Danmerkur og Grikklands! En þetta er einmitt meðaltal af þeim hámarkstöxtum, sem áætlaðir eru. Til Bretlands á það nú reyndar ekki eptir þeim að kosta nema $37^1/_2$ eyri fyrir

orðið. Og jeg býst við, að mjög mikill partur, jeg vil jafnvel segja meiri partur af skeytunum verði send milli Bretlands og Íslands. »Pressebureau« (blaðfregnastöð) t. d. mundi enginn vilja setja upp í Danmörku. Það væri sjálfsagt, að hafa hana á Skotlandi. Bæði betra tækifæri til að ná í frjettir og líka miklu ódýrara. Jeg skal ekki að sinni fara út í einstök atriði kostnaðarins. Jeg hefi skilið Marconí-tilboðið þannig, að það annist að eins loptritunina; það stendur hvergi, að fjelagið eigi að leggja til þá 2 síma, sem það hefur gjört ráð fyrir í tilboðinu. Og svo til þess að jafna dálitið kostnaðinn, loptritar minni hlutinn sjer ofan úr skýjunum 54 þús. kr. En ef loptritunin hefur þennan kost, að menn geti loptritað sjer peninga úr skýjunum, þá skal jeg ekki verða seinastur til þess, að samþykkja hana. En hvaðan á þetta fje að koma, í alvöru talað? Frá Dönum? Háttv. þm. sagði, að það væri óhugsandi annað, en þessar 54 þúsundir kr. fengjust af því, að Alberti hefði ráðgjört 1903, að ef til vill yrði samið um loptritun, og hefði þá án efa talið upp á tillag frá Dönum. En þetta var á þeim tíma, þegar ekkert annað var í boði. — Nú er öðru máli að gegna, og ráðgjafi samgöngumála í Danmörku hefur skýrt sagt, að um ekkert tillag yrði að tala frá Danmörk til loptritunar, úr því að símasamband væri í boði. Að neita því hjer, að Danir vilji nú styrkja loptritun, eru því engar *get*sakir. — Hjer er ekki um neina *getgátu* að tala, heldur *vissu*. Frá samningsins hlið er ekkert því til fyrirstöðu, að við setjum upp hraðskeytasamband milli Ameríku og Íslands. *(Valtýr Guðmundsson:* Fjelagið getur hindrað það með ókjörum). Það er ekki líklegt, að ætla fjelaginu það, því það mundi svo stórkostlega auka notkun símans og arð af honum. Hvað ætti fjelaginu að *geta* gengið til, að svipta sjálft sig þeim tekjuauka og arði? Það er barnalegt, að koma fram með slíkt, og jeg skil ekki, hvernig þingm. getur haldið, að mótbárur eins og þessar renni nokkrum manni niður.

Jeg ætla ekki að fara langt út í áætlan þm. G.-K. (V. G.), hún var öll í lausu lopti byggð. T. d. gjörði hann ráð fyrir því, að á hverjum degi af ársins 365 dögum færi 50 orð frá Reykjavík til útlanda og önnur 50 orð til Reykjavíkur frá útlöndum, og 1 skeyti á dag áætlaði hann frá hverjum hinna 3 kaupstaðanna til útlanda, og 1 skeyti frá útlöndum til þeirra hvers á dag. En jeg er hræddur um, að enginn hinna kaupstaðanna sendi nándar nærri svo mörg skeyti eða taki á móti; það nær varla neinni átt.

Sami háttv. þm. komst svo hátt bæði í tekju- og útgjalda-áætlunum sínum, að jeg eygði hann alls ekki; hann komst upp úr skýjunum upp í 94 þús. kr., og ætla jeg ekki að reyna til þess, að fylgja honum þangað. — Jeg ætla að eins að benda á tekjugreinarnar. Hann ætlar Færeyingum, að senda skeyti fyrir 20,000 kr. á ári; nú eru Færeyingar 15,000 að tölu, og koma þá á mann 1 kr. 33 aurar. — Ef Íslendingar, sem eru hjer á landi að tölu tæpar 80,000, notuðu hraðskeyti eins mikið, þá þyrftum við sannarlega ekki að vera að biðja um styrk frá öðrum, því að eptir sama mælikvarða væru tekjurnar af því, sem Íslendingar notuðu hraðskeytin, 106,400 kr. á ári. Þetta verð jeg að segja, að er að minnsta kosti harla einkennilegur reikningur. Hann reikn-

ar okkur 54 þús. kr. »gratis« frá Danmörku, en dregur ekkert frá í tekjunum. Danir eiga að borga og blæða fyrir sig (og Færeyinga), en vjer eigum að hirða allar tekjurnar.

Sami háttv. þm. (V. G.) sagði, að Alberti hefði farið að semja um loptskeytasamband 1902. Alberti snýr sjer til þingsins 1903 og segir, að það sjeu litlar líkur til, að við fáum ritsímasamband, og vill fá *heimild* fyrir stjórnina til að *mega* nota fjárveitinguna á fjárlögunum 1904 og 1905 til þráðlausrar firðritunar. Því lauk svo, að stjórninni var gefin heimild til þess að verja svo miklu sem nauðsyn krefði, til að koma á loptrita milli Reykjavíkur og útlanda, og milli Reykjavíkur og 3 annara stöðva á Íslandi, sinni í hverjum fjórðungi. Þingið svarar með því, að veita fjeð sem áður til ritsíma (ɔ: sæsíma) berum orðum, en veitir þó, með *athugasemd* við veitinguna, *heimild* til þess að verja styrknum á fjárlögunum 1902—1903, til loptritunar sem *neyðarúrræði*, og þá með takmörkuðum skilyrðum. Sami háttv. þm. (V. G.), var að segja frá góðum tilboðum frá Noregi. Hann nefndi í því sambandi vin minn Hermann Lehmkuhl. Það er eins og optar, að þm. *segir frá* svo mörgu, en jeg vil fyrst *sjá*, áður en jeg *trúi*. Það er allt öðru máli að gegna, hvernig *nú* horfir við; nú stöndum vjer miklu betur að vígi, en áður. Annars skildist mjer á þm. (V. G.), að Norðmenn mundu vilja »bjóða í« okkur, og vildi hann, að við ljetum líklega, sem við vildum ganga í samband við þá. En jeg vil ekki vera að hafa í frammi nein látalæti, til að meiða þá þjóð, sem við erum nú í sambandi við. Eg vil að minnsta kosti ekki háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sem boðbera. Ef þeir vilja nokkuð eiga við okkur í þessu máli, þá eiga þeir að snúa sjer til hins löglega umboðsmanns þingsins, þ. e. a. s. hæstv. ráðh. (*Valtýr Guðmundsson:* Hefur hann leitað til Noregs?). Hann hefur engin boð þaðan fengið.

Jeg orðlengi þetta ekki meir. Það er allt marghrakið, sem háttv. framsm. minni hlutans (V. G.) tók fram, Ef 2. þm. G.-K. (V. G.) hefði gengið inn á lestrarsalinn og lesið þar það, sem fram hefur komið í Nd., og þar verið sagt um þetta mál, þá hefði hann getað sparað sjer sína löngu ræðu, og þinginu dýrmætan tíma, og með því að þegja, gjört miklu meira gagn.

Jón Jakobsson, (2. þm. Húnv.): Háttv. framsm. (J. Ól.) hefur líklega gleymt því fyrir hönd nefndarinnar, að minnast á, að henni hefur orðið á sú skyssa, að breyt.till. hefur fallið úr við 11. gr., 9. lið., viðvíkjandi sóttvarnarhúsinu í Reykjavík. Það var till. nefndarinnar, að liðurinn fjelli burt. Þetta má taka upp aptur við 3. umr.

Af framkomnum breyt.till., vil jeg persónulega mæla sem bezt með breyt.till. á þgsk. 507, er snertir Staðarstaðarprestakall. (*Ýmsir:* Þetta er áður samþykkt). Já, en það hefur ekki komið fyr til umr., en á þessum fundi, svo að deildarmönnum er ef til vill ekki svo kunnugt málið sem skyldi. Það stendur eins á með þessa fjárveitingu, sem fjárveitinguna við liðinn í fjárlögunum, tekjukaflanum, 4. gr. 1., athugas. Báðar þessar fjárveitingar voru samþykktar á þinginu 1903 og var það meining fjárlaganefndanna í báðum deildum, að þær skyldu haldast óbreyttar í fjárlögunum fyrst um sinn, enda eru þær svo smáar, að þær mundu að litlum notum verða, ef þær væru að eins veittar um eitt fjárhagstímabil.

Eptir því, sem jeg tók bezt eptir, mælti framsm. (J. Ól.) ekki fram með

breyt.till. við 12. gr. B. 3. a., er fer fram á, að styrkurinn til Fagradalsbrautarinnar verði að eins 30 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, og lýsti sig mótfallinn henni. Fyrir hönd meiri hlutans get jeg lýst yfir, að hann sá ekki ástæðu til þess, að hafa þennan lið hærri en 20 þús. kr. í stað 30 þús. kr., eins og Nd. hefur sett liðinn. Orsök þessa er sú, að fyrra árið er ætlazt til, að ritsíminn verði lagður yfir landið, og því óvíst, að hægt sje að vinna nokkuð að Fagradalsbrautinni, og síðara árið er óvíst, hvort hægt sje að vinna fyrir meira, en 20 þús. kr. Og hvor upphæðin sem veitt yrði, þá verður brautinni þó ekki lokið á næstu 2 árum. Þess vegna vildi nefndin lækka þennan lið um 10 þús. kr. Frá mínu brjósti skal jeg bæta því við, að jeg teldi vel á því fara, að Austfirðingar sýndu nú dálitla þolinmæði og biðlund við landssjóð eptir allan fjárausturinn í Lagarfljótsbrúna. Þessi braut er líka sú af öllum stærri flutningabrautum landsins, er þingið hefur haft til meðferðar, sem fæstir hafa not af, því að svæði það, sem brautarinnar nýtur, munu að eins byggja 1,200—1,300 manns. Brautin verður því afardýr í samanburði við notin af henni. Það er jafnvel spurning um, hvort ekki borgaði sig betur, að landssjóður ljeti Upphjeraðsmenn fá ókeypis flutning á nauðsynjum þeirra. Jeg held, að landssjóður reisi sjer hurðarás um öxl með þessum dýru brautum, þegar viðhald þeirra bætist nú líka við. Vér erum að tala um útgjaldasúpu til ritsímans, en vjer tölum ekki um öll útgjöldin til veganna, sem nema margfaldri þeirri upphæð, sem til ritsímans er áætluð.

Háttv. framsm (J. Ól.) mælti ekki heldur með breyt.till. nefndarinnar, að 4. liðurinn í 12. gr. C., 500 kr. til mótorbáts á Lagarfljóti fjelli burt. Meiri hluta nefndarinnar þótti eðlilegast, að þessi litla upphæð yrði ekki veitt, því að annaðhvort væri fyrirtækið nytsamt og arðvænlegt eða ekki. Ef það væri arðvænlegt, þá þyrfti engan styrk, og í jafnstóru hjeraði ætti ekki að vera neinn vafi á, að þetta borgaði sig.

Þá kem jeg að 3. atriðinu í breyt.till. háttv. þm. Barðstr. (S. J.) á þgskj. 508 um styrk úr landssjóði til sýsluvega í Barðastrandarsýslu. Í sambandi við það, sem jeg áðan tók fram, skal jeg geta þess, að ef það er voði, að halda áfram flutningabrautum á landssjóðskostnað í stórum stíl, þá er voðinn enn meiri af sýsluvegunum. Illu heilli eru þeir upphaflega komnir inn í fjárlögin. Sýsluvegirnir geta orðið okkur dýrari, en allar flutningabrautir, þegar þingið með fjárveitingum sínum er búið að venja sýslurnar á að skoða landssjóð skyldan til framlaga einnig til þessara vega. Hjer er verið að opna landssjóð fyrir þeim árstraumi útgjaldanna, sem ekki verður stöðvaður. Jeg álít það samvizkuspursmál, að halda áfram á þessari leið, því ein fjárveitingin býður annari heim. Þegar Pjetur er bænheyrður, þá vill Páll fá sömu skil, enda hefur reynslan þegar sýnt, að þessar fjárbeiðnir fara í vöxt þing eptir þing.

Ef þessi breyt.till. þm. Barðstr. (S. J.) verður samþykkt, þá er jeg skyldur til að bera fram beiðni um 3,500 kr. styrk fyrir kjósendur mína til vegar frá Hvammstanga á þjóðveginn í Húnavatnssýslu. Verzlunarmagnið er þar orðið mjög mikið og vex óðum. Viðskiptin þar nema nú orðið um 150 þús. kr. á ári. Þetta má telja nauðsynjamál fyrir vestursýsluna og fullkomlega þess vert, að því væri sinnt, ef kostur væri á, því að þangað má heita

illfært vegna vegleysu, en við Hvammstanga ein bezta höfnin við Húnaflóa. Ef breyt.till. í þessa átt hrúgast inn í háttv. Ed., þá kem jeg með breyt.till. um þetta, og jeg skal gjöra mitt ýtrasta til, að hún gangi fram, ef breytingartill. þær, sem hjer liggja fyrir, verða samþykktar. Að vísu er allt þetta ráðlag hin versta kórvilla, en efamál, hvort eigi væri rjett, að gjöra hana sem geypilegasta í bili, ef vera kynni að menn fremur áttuðu sig og sneru við í tíma frá þeirri braut, sem annars hlýtur að leiða til sjóðþurrðar.

Þessar athugasemdir mínar eiga eins við breyt.till. 2. þm. G.-K. (V.-G.) um fje til vegarins frá Hafnarfirði til Vogastapa, nema hvað þær gilda í enn sterkari mæli um þann veg. Af þeim vegi verða enn minni not, en af veginum í Barðastrandarsýslu. Þessi vegur liggur út á andnes, þar sem tiltölulega fáir búa og munu nota hann. Og svo hafa þeir líka sjóinn, sem er bæði góð og greið flutningabraut.

Það er mín hjartans sannfæring, að þingið ætti að slá striki yfir styrkinn til allra þessara vega, en snúa sjer heldur að því, að brúa verstu árnar, þennan versta þröskuld og farartálma allra ferðamanna. Vegirnir mega þó heita víðast hvar *s*larkfærir.

Út af ummælum sama háttv. þm. (V. G.) vil jeg geta þess, að jeg er enn í dag sömu skoðunar og á þingi 1903, þegar jeg átti sæti í samgöngumálanefndinni, sem skipuð var hjer í deildinni. Vjer ættum semsje að sigla frítt, en leggja aðeins 10—15,000 kr. til strandferða. Það er sannfæring mín, að sú tilhögun væri margfalt heppilegri. En þegar kemur til tilboðanna, þá skiljast vegir okkar. Jeg hef enga trygging fyrir því, að þessar 40 þús. kr. úr ríkissjóði fáist veittar hverjum þeim, sem vjer kunnum að vilja semja við, Það er kunnugt, að htuthafar í sameinaða gufuskipafjelaginu fá margir ljúfa áheyrn á æðri og og æðztu stöðum í Danmörku. Við það fjelag eru riðnir mjög margir menn, sem hafa hin mestu áhrif, jafnvel bankarnir Dönsku eru fjárhagslega við það fyrirtæki riðnir. — Út frá þessu verð jeg að álykta og ganga út frá því vísu, að mótspyrna verði að minsta kosti hafin móti því, að veita einn einasta eyri til fjelags, sem keppir við Sameinaða gufuskipafjelagið. Enda er varla neinum fært, að keppa við þetta fjelag, sem bæði er stórauðugt og sem Danir þykjast svo mjög af, að þeir vilja veg þess og gengi í öllum greinum.

Jeg vildi ekki brjóta bág við fjárlaganefnd háttv. Nd. og háttv. Ed., þar sem styrkurinn til Sameinaða gufuskipafjelagsins var samþykktur þar nær í einu hljóði. Jeg taldi því tvísýnu á, að atkvæði mitt með öðru fjelagi yrði til annars, en að spilla fyrir samningum og hins vegar met jeg friðinn milli deilda of mikils til þess, að jeg vilji stofna honum í neina hættu með atkvæði mínu. En jeg hefði greitt atkvæði með hinu, að veita hvorugu fjelaginu styrk, en sú uppástunga fjekk því miður mjög lítið fylgi. Það hefði þó verið heppilegast. Því að eigin hagsmunir mundu láta fjelögin haga skipaferðunum samkvæmt þörfum landsmanna. Það fer alveg saman, þörf landsmanna á ferðunum og hvöt fjelaganna, til að græða fje á þeim. Og þótt þessu máli hafi eigi verið ráðið til lykta á *æskilegasta* hátt, þá höfum vjer þó með þessum samningi, sem gjörður hefur verið, sparað 90 þús. kr. á næstkomandi fjárhagstímabili. (*Valtýr Guðmundsson:* Hverjum er það að þakka?) Auðvitað er það mikið að þakka samkeppni

»Thore«-fjelagsins, en háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) veit vel, að það er heilinn, sem ráða verður aðallega í pólitikinni, en ekki hjartað. Pólitíkin á ekkert hjarta. Og guð hjálpi oss, ef fjárveitingum er ráðið eptir hjartanu einu. Nei, heilinn verður að hafa sitt aðalatkvæði í fjárveitingunum, skynsemin verður að segja oss, hvað sje haganlegast og rjettast, en persónulegar tilfinningar að lúta í lægra haldi.

Þá skal jeg snúa mjer að hinu mikla máli, ritsímamálinu, ekki svo að skilja, að jeg ætli mjer að elta ólar við mótbárur háttv. þm. K.-G. (V. G.), sem hann hefur endurtekið eptir minni hlutanum í háttv. Nd. og hraktar hafa verið í báðum deildum. Að eg minnist á það, kemur til af því, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), talaði um áskoranir til þingsins frá kjósendum í Húnavatnssýslu. Jeg hefi ekki talið nöfnin, en hann hefur haft tíma til þess, og ætla jeg að ganga út frá því, að hann hafi talið rjett, að það sjeu 340 nöfn af 450 kjósendum. Þeir krefjast þess, að annaðhvort sje þessu máli frestað eða ritsímasamningnum hafnað. Mjer virðist þm. »smjatta« af velþóknun, er hann var að hafa þetta yfir. Jeg er, með tilliti til atkvæðis míns um þetta mál, alls ósnortinn af áskorununum. Mjer þykir að vísu leitt, að svona margir kjósendur, þar á meðal margir kjósendur mínir, og það margir góðir drengir, skuli hafa skrifað undir þessar áskoranir. Því að bæði er þessi sýsla kjördæmi mitt, og aðseturstaður feðrakyns míns að líkindum um ½ þúsund ára, og svo sje jeg, að á meðal þessara manna eru margir góðir vinir mínir. Sje nokkurstaðar mannval á Íslandi að dugnaði og hæfileikum, þá er það einmitt í þessu hjeraði, og ef jeg hefði nokkurstaðar búizt við, að menn ljetu ginnast af pólitískum undirskriptasmölum, þá bjóst jeg sízt við því þarna. En jeg get þess, að jeg hef ekki persónulega fengið neinar áskoranir úr þessu kjördæmi, enda hefði eg ekki sinnt þeim, þótt komið hefðu. Háttv. þm. G.-K. (V. G.) gat þess, að þingmenn, sem væru á gagnstæðri skoðun við kjósendurna í þessu máli, ættu annaðhvort að skila aptur umboði sínu eða fara að vilja kjósenda sinna.

Jeg vil nú leyfa mjer að biðja þingmanninn að taka upp eintakið sitt af stjórnarskránni, og fletta upp 30. og 31. gr., sem jeg nú skal lesa upp með leyfi háttv. forseta.

Ef maður nú ber saman 30. gr. við 31. gr. stjórnarskrárinnar, þá segir í 30. gr.: »Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sje gild«. En í 31. gr. segir: »Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum«. Nú hef jeg unnið eið að stjórnarskránni, og er skylda mín að fara eptir því, því ef jeg ekki gjörði það, þá væri jeg eiðrofi, en það vona jeg, að menn geti skilið, að jeg vil sízt vera. Nú er það mín einlæg og heit sannfæring, að þessu máli verði í nánustu framtíð eigi ráðið til lykta á annan hátt betri en þann, að taka samningnum við Mikla norræna ritsímafjelagið með því, að jeg tel það fyrirkomulag bæði ódýrast, hagfeldast og tryggast. Ef jeg því ljeti af vilja mínum í þessu máli, þá hlyti jeg annað hvort að gjöra mig sekan gagnvart sannfæringu minni, með því, að vinna ekki þjóðinni í hag — eða þá í öðru lagi, að skila af mjer þingmennsku-umboðinu. En þótt jeg hefði vilja til, að leggja niður umboð mitt, þá kæmi framkvæmd hans í bága við hinn æðsta dóm, samvizkuna, sem

ekki einungis bannar manni, að gjöra það, sem illt er, heldur einnig skipar manni, að styðja góðan málstað, því ef jeg segði af mjer umboði mínu, þá legði jeg minn skerf til, að hindra framgang góðs máls, og ynni að því, að stofna málinu í bersýnilega hættu, sem stafar af því, að engin líkindi eru til, að við fengjum svona gott tækifæri optar. Það er nfl. athugandi, að Mikla norræna ritsímafjelagið hefur boðizt til, að gjöra þetta fyrir svo lítið endurgjald vegna alveg sjerstakra kringumstæðna; það stóð sjerstaklega á, og fjelagið var upp á aðra komið, og varð því að sýna tilslökun. En ef samningnum er hafnað, telur fjelagið sig laust allra mála. Jeg efast ekki um, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) kannist við það, að Mikla norræna ritsímafjelagið er samsett af ýmsra þjóðar mönnum sem hluthöfum, og aðallega frakkneskum. Vill nú þm. ímynda sjer, að fjelag þetta sje fáanlegt til frekari samninga, ef að þingið rifur þennan, og heldur háttv. þm., að þessir hluthafar fjelagsins noti ekki tækifærið til þess, að firra fjelag sitt bersýnilegu fjártapi? Nei, jeg veit, að þessi háttv. þm. er svo skynsamur og hagsýnn, að hann getur sett sig í spor þeirra. Það er því gefið, að við misstum af þessu góða boði fjelagsins, því það er boð, sem fjelagið tapar stórfje á. Er þá mögulegt, að ætlast til, að þingið sleppi þessu bezta sambandi, sem unnt er að fá, en taki í staðinn aðferð, sem enn er á byrjunarstigi, og sem sjálfur fulltrúinn þess hjer játar, að ekki sje eins örugg og hin aðferðin; það hefur erindsreki Marconi-fjelagsins hjer játað í mín eyru, enda gat hann ekki annað.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að jeg hygg, að af flestöllum dönskum fyrirtækjum sje Mikla norræna ritsímafjelagið það fyrirtæki, sem Dönum er sárast um. Því þótt útlendingar eigi mikið í fjelaginu, þá vita allir, að Tietgen kom ár sinni svo fyrir borð, að þótt Danir ættu minni hlutann í fjelaginu, þá voru þeim tryggð æðstu og arðsömustu embættin í því út um víða veröld. Eins er á sig komið með Sameinaða gufuskipafjelagið, að Danir hafa umráð yfir því, þótt margir hluthafar sjeu útlendir. Þetta er þjóðheiður Dana, að standa svona framarlega meðal þeirra, sem flytja bæði frjettir og flutning landa á milli — og þetta hefur mikla þýðingu, þegar um styrk til Marconi-fjelagsins er að ræða frá Danmörku.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) kastaði því fram, að ráðherrann hefði breytt skilningi á fjárlögunum, eptir að hann kom á danska grund. Þessi orð eru ósönn og einkennilega egnandi gagnvart honum og fortíð hans sjálfs (V. G.), því ef hann hyggur, að í Danmörku liggi sá töfrakraptur, að danskir embættismenn verði úr íslenzkum, er þeir koma þangað, þá liggur þarna þægilegt andsvar gegn honum sjálfum og bardaga hans fyrir því, að halda ráðherranum búsettum í Kaupmannahöfn. — Jeg bjóst því satt að segja tæplega við, að hann færi óbeinlínis að minna menn á framkomu sína í því máli, því jeg hjelt, að hann væri nú kominn til sannleikans viðurkenningar á því, að hún hefði ekki verið heppileg.

Þá skírskotaði sami háttv. þm. mikið í dóm þjóðarinnar í þessu máli. Það gjöri jeg raunar líka stundum, en þó ekki í öðrum málum en þeim, sem jeg treysti þjóðinni til að geta haft fullt vit á og notað sitt heilbrigða hyggjuvit. En þetta mál er þannig vaxið, að á því eru tvær hliðar, önnur »fagleg« (sjerfræðisleg), nefni-

lega hvort betra sje ritsími eða loptskeyti. en hin hliðin er sú fjárhagslega, og það þarf langa og mikla athugun á hinum ýmislegu tilboðum, til að komast að áreiðanlegri niðurstöðu í því efni. Jeg skal nú leyfa mjer, að spyrja alla þá háttv. þm., sem sitja hjer, hvort þeir ekki hafi varið miklu af tíma sínum í sumar, til þess að athuga þetta mál, svo þeir gætu verið þekktir fyrir að greiða atkvæði um það, Jeg ímynda mjer, að flestir svari því játandi. Nú segja menn, að þjóðin hafi komizt að annari niðurstöðu í þessu efni. En er þá áreiðanlegt, að það eigi að taka meira tillit til dóms alþýðunnar —, þeirra manna, sem mestmegnis hafa fengið þekkingu sína á málinu af blöðunum sem opt flytja jafnmikið af ósönnu og sönnu, eða þá í gegnum »agitatora«, sem jafnan gylla málið frá annari hlið, en sverta frá hinni — en þeirra manna, sem í ró og næði hafa hugsað málið hlutdrægnislaust?

Og þó jeg virði marga af þeim, sem skrifað hafa undir þessa áskorun, mjög mikils, þá treysti jeg þeim samt ekki til að geta dæmt rjett um málið, vegna þekkingarskorts á því. Nei, sannast sagna hlýtur sá dómur að vera óviss, og ekki sízt úr þeim hjeruðum, sem að meira eða minna leyti eru gagnsýrð af miðstöðvarhita hinna pólitisku æsinga og flokksofstækis, er út gengur frá prentsmiðju »Ísafoldar«.

Jeg sá, að skrifað var undir á prentuð eyðublöð úr prentsmiðju stjórnarandstæðinga, og hef heyrt, að menn hafi verið sendir norður, til að safna undirskriptunum. Frá binni hliðinni er ekkert gjört, og mjer vitanlega hefur hinn flokknrinn engan fjársjóð til að gjalda úr kostnað fyrir agitationsferðir um landið. Mjer finnst því full von, þó dómur, sem tilkominn er eptir þannig vaxinn undirbúning, sé nokkuð einrænn.

Áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg geta þess, að það er langt frá, að nokkur hiti sje í mjer í þessu máli. Það er síður en svo sje, enda hef jeg reynt, að skoða það hluthrægnislaust frá öllum hliðum. Þvert á móti hreyfir sjer hjá mjer hálf sorgblandin hugsun yfir því, að mjer sýnist eins og sorgleg fortíð þessa lands sje að ganga aptur. Því með öllum sínum kostum, hefur íslenzka þjóðin þó ætið haft sína galla, og einn, ef til vill, verstan, nefnilega þann, að hún þolir illa stjórn. Landið byggðist fyrst af mönnum, sem yfirgáfu land sitt af því, að þeir þoldu ekki stjórn, og því miður endurtók það sig síðar — við lok lýðveldisins — að við köstuðum frá oss sjálfstjórn vorri af því, að við ekki þoldum stjórn og of margir vildu drottnar vera. Og á svo að síðustu að heilsa þessari nýju sjálfstjórn Íslendinga með því, að gjöra hana ómögulega, jafnskjótt sem hún er fengin, með æsingum og illdeilum? Sjálfstjórn er dýrlegt hnoss, ef vel er með farið, »en vandfarið er með vænan grip«, og það, að kunna ekki að fara með hlutinn, er opt orsökin til að hann missist.

Jeg vona, að þessi háttv. deild beri gæfu til að skiljast við þetta mál á sama hátt og háttv. systurdeild og að við berum gæfu til að sjá afleiðingarnar verða þær, sem við allir óskum að þær verði; nýjar framfarir og auknar hagsældir fyrir fósturjörð vora.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það eru komnar fram breyt.till. frá nefndinni, við 7., 8., 9. og 12. lið 12. gr. um, að fella burt styrk, sem þar hefur staðið. Jeg er nú á gagnstæðri skoðun við nefndina og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), og álít fjarri sanni, að kalla það óhæfu, þótt styrkur sje

veittur úr landssjóði til sýsluvega. Það er ekki rjett hjá háttv. 2. þm. Húnv., þar sem hann sagði, að það væri enn hættulegra, að veita fje til sýsluvega en akvega, og að þingið ætti ekki að styrkja þessa vegi. Það er rjett, að það er lögákveðið, að landssjóður leggi fje til akbrauta, en ekki sýsluvega, en að það eitt sje rjett, sem í lögum stendur, er ósannað mál. Að því, er snertir fjárveitinguna til þessara vega, þá er hjer eigi öðru vísi að farið, en sagt er guð gjöri, nefnilega að hjálpa þeim, sem hjálpa sjer sjálfir. Hjer er að minni skoðun um það eitt að ræða, að hlaupa undir bagga með þeim, er vilja hjálpa sjer sjálfir. Jeg get ekki sjeð. að hættulegt sje, að styrkja sýsluvegi, því það þarf ekki annað, en heimta nóg fjárframlög á móti. En að þingið taki þá reglu, að hjálpa einungis þeim, sem hjálpa sjer sjálfir, verður til þess að pína fram fje, sem ella mundi vera ófáanlegt. Þetta álít jeg því rjetta grundvallarreglu, og í samræmi við gjörðir þingsings í öðrum greinum. Á hinn bóginn er jeg því meðmæltur, að tillag til sumra þessara vega lækki, t. d. til vegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa, því það væri álitleg upphæð, þó að eins 2000 kr. væru veittar til þess vegar og þá upphæð mætti veita með því skilyrði, að sýslurnar bættu við. Jeg hef heyrt, að fje því, sem síðasta þing veitti til vegar þessa, sje ekki varið eptir tilætlun; þar sje gjörð breið akbraut, þvert á móti því, sem áskilið var. Slíkt er rangt, og væri, ef til vill, ekki óverðskuldað, ef svo er, að þessi styrkur væri felldur alveg burt í hegningarskyni, því auðvitað má segja sem svo, að sjórinn sje hin bezta akbraut.

Að því, er snertir veginn á Vestmannaeyjum, mælir það með því, að til hans sjeu lagðar þessar 1,000 kr., að Vestmanneyjar gjalda mikið í landssjóð, og tiltölulega meira en önnur hjeruð landsins.

Breiðadalsheiðarveginn þekki jeg vel, og jeg álít það óþarflega mikið framlag úr landssjóði, að hann leggi fram allt fje til vegarins, að 1/3 parti undanskildum; jeg álít, að hægt væri, að fá hlutaðeigendur til þess að leggja fram helming kostnaðarins, og vildi jeg við 3. umr. samlaga mig við einhverja hv. þm. um að koma þessu að.

Svo er brúin á Hólmsá í Vestur-Skaptafellssýslu. Fjárveiting til hennar ætti reyndar að vera sömu skilyrðum bundin, því jeg álít, að þó brýr sjeu víða þarflegar, þá sjeu brúargjörðir ekki alltaf þarflegri en vegagjörðir. — Samt mun jeg greiða atkvæði með þessari fjárveiting, þar sem þessi sýsla hefur lítið fje fengið til vegabóta, en hjer verður jöfnuður beztur eins og annarsstaðar.

Að því er breyt.till. hv. þm. Barðstr. (S. J.) snertir, þá get jeg greitt atkv. með þeirri fjárveiting, er þar er farið fram á, þótt hún mætti reyndar að minni skoðun vera lægri, en jeg veit, að Barðastrandarsýsla, að því er vegi snertir, hefur eigi borið eins mikið úr býtum eins og sumar aðrar sýslur landsins.

Og það er ekki rjett hjá háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), að jafna Húnavatnssýslu við Barðastrandarsýslu í þessu efni, því þar er ólíku saman að jafna að því, er landssjóðsstyrk snertir til vegagjörðar undanfarin ár.

15. breyt.till. nefndarinnar, að Íslendingar fái 1/3 lægra fargjald til Skotlands en aðrir, eða þm. hafi fríar ferðir, er jeg óánægður með, og get jeg ekki gefið þeirri breyt.till atkvæði mitt sökum þess, að samningar eru þegar fullgjörðir við sameinaða gufuskipafjelagið, og sje jeg því eigi betur, en að

þetta sje að ganga á gjörða samninga. Jeg neita því eigi, að þetta gæti verið æskileg breyting, en þegar fjárlaganefndin hefur einu sinni samið við fjelagið, án þess að áskilja þetta í samningnum, tel jeg ógjörlegt að breyta þessu nú. Auðvitað getur skeð, að erindsreki fjelagsins, Aasberg, komi hingað síðar í sumar, áður en fjárlögin verða afgreidd frá þinginu, en hann kemur eigi þá sem erindsreki fjelagsins, heldur sem skipstjóri þess. Jeg get þannig eigi annað en verið breyt.till. þessari mótfallinn, því að jeg vil eigi stofna landinu í þá hættu, að ekkert verði af gufuskipaferðum frá þessu fjelagi til landsins sökum þessa lítilræðis, sem þó verður að telja samningsrof. Þetta gæti komið fram sem þingsályktunartillaga til stjórnarinnar, er færi fram á það, hvort eigi væri hægt að fá þessu framgengt við fjelagið, en að mínu áliti eigi öðruvísi.

Jeg ætla svo eigi að fara fleiri orðum um þetta atriði, en minnast nokkrum orðum á ritsímamálið, þótt það sje þýðingarlítið að bæta við það, sem þegar er sagt, enda vil jeg að eins gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Flest af mótmælum þeim, er komið hafa fram í deildinni, eru líka þegar hrakin, en þó vil jeg svara nokkrum orðum ræðu háttv. þm. Barðstr. (S. J.). Hann gat þess, að þjóðin væri mjög eindregið á móti þessu máli, og aldrei hefði komið fram eins einbeittur þjóðarvilji eins og einmitt hjer, og jeg verð að játa, að mikill hluti þjóðarinnar er allt annað en fagnandi yfir þessu máli, en ætli það væri þá fjarri vegi, að líta á, hvernig þessi þjóðarvilji er til orðinn, og gæta þess, á hvaða grundvelli hann er byggður? Engum mun blandast hugur um það, að hann á að vera byggður á stillilegri athugun og skynsamlegri yfirvegun á málinu, en það er hann eigi, heldur á æsingum og »agitatiónum«. Þessu hygg jeg verði eigi mótmælt með rökum. Það hefur eigi verið sýnd nema ein hlið málsins, og hún svert og afbökuð. Á þingmálafundunum gátu þeir sannfært kjósendur sína, sem voru þessu máli hlynntir og höfðu sett sig inn í það, sannfært þá um það, að samningur þessi væri allt öðruvísi, en frá var sagt í ýmsum blöðum og flugritum, en þegar sú fregn gaus upp, að von væri á frönsku tilboði, sem væri mörgum sinnum betra, en nokkuð, sem heyrzt hefði áður, þá var ómögulegt fyrir þá hina sömu að sanna, að svo væri eigi. Þetta franska tilboð átti því nær ekkert að kosta, og bjóða þó 18 stöðvar, og að öllu leyti vera betra en Marconítilboðið. Jeg hafði sjálfur flugrit um þetta efni í höndum mjer, en mjer var ómögulegt að mæla á móti því, af þeirri einföldu ástæðu, að jeg vissi eigi nema þetta ef til vill *gæti* verið satt. Af þessum ófögnuði og ósanninduin er þá þessi þjóðarvilji kominn. Það er eðlilegt, að menn vildu heldur sinna þessum táldrægnistilboðum, þegar þeir þekktu ekkert annað en ranga frásögn, einkum ef ritsímasamningurinn væri eigi bindandi. En hvað hefur svo orðið úr þessum digurmælum um þetta franska tilboð? Það, að það hefur hvergi komið fram enn þá opinberlega; liggur því beinast við að skoða svo, að það hafi verið helber uppspuni. Það er eigi furða, þótt slá megi ryki í augu almennings, þegar svo er farið með tölur, að 600 þús. eru gjörðar að hálfri miljón, 590 þús. að 700 þús., allt er skrúfað upp eða rakkað niður eptir því, sem þörf er fyrir málstaðinn, svo góður sem hann er. Það er ástæða til að hryggjast yfir þessu, það

gengur næst harðæri. Hjer er ekki ís eða eldur í líkamlegum heldur andlegum skilningi, eldur ósanninda og ís óskammfeilninnar. Þeirra radda og tillaga, sem eru fram komnar af þessu, get jeg eigi tekið tillit til. Jeg fer því ekkert eptir röddum þessum eða tölu þeirra. Það er ekki erfitt að fá undirskriptir manna, þegar menn eru sendir gagngjört út um allt land til þess, berandi fram ósannar eða rangsnúnar sögur, einkum þegar skynsamlega er fyrir þeim talað, eptir því sem hægt er fyrir slíkum málsstað, sjerstaklega þegar fjárhagslegu hliðinni er veifað sem rauðri dulu og farið eins með tölurnar og jeg nú benti á. En þrátt fyrir allt þetta þekki jeg þó eitt kjördæmi, þar sem einn hinn helzti atkvæðasmalinn fór heim á mörg heimili, og það til þeirra manna, sem voru á móti þessu máli í vor, en honum varð ekkert ágengt. Þetta er mjer skrifað af manni, sem er eins heiðarlegur og áreiðanlegur og hver af oss, sem sæti eigum hjer í hinni háttv. deild, og því dettur mjer ekki í hug, að efast um, að það sje satt. Hann kvartaði líka yfir ástandinu í nágrannasýslunni, þar sem því nær hver maður væri bundinn með undirskriptum og loforðum.

Jeg verð að staðfesta orð háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) um, að ef þessi samningur um ritsíma til 20 ára er særandi fyrir þjóðina, þá eru allir samningar það, sem eiga að gilda um lengri tíma. En enginn samningur er særandi, sem hagfelldur er; særandi verður samningur fyrst, þegar hann reynist illa.

Það er undarlegt og næsta óviðkunnanlegt, að heyra suma úr hinum háttv. minni hluta vera að gjöra veður út af þessu einkaleyfi í 20 ár, þegar þeir hinir sömu menn hafa áður *barizt* fyrir því með hnúum og hnefum að gefa einkaleyfi á skipaferðum kringum og til landsins og til lagningar járnbrauta í landinu, ekki einungis í 20 heldur 30 ár; meina jeg þetta til háttv. þm. G.-K. (V. G.). *(Valtýr Guðmundsson:* Já, og mundi gjöra það enn). Þar við bætist líka það, að ómögulegt er að hafa þetta á annan veg, og *allar* þjóðir veita einkaleyfi til hraðskeytasambands, og svo það, að háttv. minni hluti fer einmitt fram á 20 ára gjald úr landssjóði til hraðskeytasambands. Og hver er þá munurinn? Enginn, landið er bundið í 20 ár, eptir hvorutveggja.

Hvað kostnaðinn snertir, verð jeg að líta svo á, að breyt.till. háttv. minni hluta nefndarinnar sje dýrari, en till. meiri hlutans. Fyrst og fremst er nú það, að komist loptskeytasamband á, þá nær það að eins til kaupstaðanna, en menn út um landið hafa þess engin bein not. Og þótt þessar 54 þúsundir kr. fengjust frá Dönum og þótt 50 þúsund kr. fengjust á ári fyrir sambandið, þá yrði það samt 10 þús. kr. skaði, því að þá töpum við þessum 300 þús. kr. frá Mikla norræna, sem er sama sem rúmar 20 þús. á ári í 20 ár. En verði ritsímasamningurinn tekinn, vantar samband við Ísafjörð, og það fer varla fram úr 100 þús. kr., og þegar það er komið á, þá er það fengið, að þráður er kominn um þvert landið í stað þess, að það væru að eins kaupstaðirnir, ef Marconítilboðinu væri sinnt og það er stórkostlegt atriði. Jeg fyrir mitt leyti er því meðmæltur, að leggja álmu til Ísafjarðar á næsta fjárhagstímabili og mun samlaga mig um það atriði við háttv. deildarmenn til 3. umr., ef einhverjir vilja það. Jeg lít svo á, að Ísafjörður eigi heimting á þessu eptir því, sem gjört var ráð fyrir á síðasta þingi og alltaf

síðan þetta mál komst á dagskrá, og færi nú svo, að lagningu símans yrði eigi lokið á einu sumri, þá væri það beinlínis sparnaður, að taka þá Ísafjarðarálmuna með síðara árið, því að þá þarf eigi sjerstaklega að kosta ferðir verkamanna til þess. Álma þessi ætti að minu áliti að ganga frá Hrútafjarðarbotni til Borðeyrar, Hólmavíkur, Arngerðareyrar og Ísafjarðar, því að með því móti liggja 3 kauptún á leið hennar.

Í sambandi við þjóðarviljann, vil jeg geta þess, að »Statistik« um það efni hefur staðið í Ísafold, en hún er röng. Þar stendur, að þingmálafundur Strandamanna hafi verið þessu máli mótfallinn, en svo er eigi. Það mesta, sem hægt hefði verið að segja með sönnu, væri það, að hann væri hvorki með eða móti, og fyrst skýrsla þessi er röng í þessu atriði, þá getur hún vel verið það víðar.

Jeg get eigi sjeð, að það sje að kúga þjóðina, þótt ritsíminn sje nú samþykktur, enda þótt ef til vill meiri hluti þjóðarinnar sje á móti honum, sem þó eigi er víst, því að hún hefur valið þm. sína til þess að fylgja fram málum þeim, er á dagskrá eru, og meðal þeirra er einnig ritsíminn, og það hefur margopt verið tekið fram, að nú væri brýn þörf á að ráða því máli til lykta, og með það fyrir augum meðal annars eru þeir þingmenn valdir, sem nú eiga sæti á þingi. Sá gjörir sig því eigi sekan í broti gagnvart kjósendum sínum, er greiðir atkvæði með þessu máli; hver þingmaður er maður að meiri, ef hann fylgir sannfæringu sinni, og ef hann hefur ennþá þá sannfæringu, sem hann hafði þegar hann var kosinn, þá ber honum að sitja kyr og fara hvergi, en þeirra er skyldan að rýma sæti, sem síðan hafa breytt skoðun sinni. Það er ósæmilegt fyrir þm. að hoppa og skoppa eins og pólitísk skopparakringla á hundaþúfu af hundaþúfu.

Það er sannfæring mín, að reynslan muni síðar leiða það í ljós, að það sje allt annað en glapræði, sem gjört er nú, ef ritsímamálið verður samþykkt? og ef hægt væri að fá vilja þjóðarinnar ófalsaðan, þá hygg jeg, að hann væri málinu hlynntur. Jeg held, að jeg þyrði að lofa því, að ef jeg fengi nú tíma til þess, að tala við kjósendur mína, þá mundu þeir verða þessu máli hlynntir, og ekkert er þó fjær mjer, en að álíta, að þeir sjeu eigi eins sjálfstæðir og kjósendur yfirleitt, hvar sem er á landinu. Reynslan er jafnan ólýgnust og svo mun verða í þessu máli. Háttv. 2. þm. G.-K. (V, G.) vildi eigi kannast við, að samband þetta væri svo nauðsynlegt upp til sveita, en því get jeg eigi verið samdóma, þótt jeg játi, að þess er enn meiri þörf með sjó fram, enda einmitt ætlazt til, að síminn liggi mikið meðfram sjó, og einmitt af þessum ástæðum er jeg því hlynntur, að álman til Ísafjarðar liggi um sem flest kauptún og meðfram sjó. Vegna skipa er líka opt mikil þörf á að geta sent skeyti norður fyrir land, því að það er altítt, að skip frá Suðurlandi eru við fiskiveiðar fyrir norðan land, og jeg þekki þau tilfelli, að mikil síldarhlaup hafa komið þar, svo að þægilegt hefði verið, að geta fengið að vita um það. T. d. var það alveg nýlega á Hrútafirði, en varð mjög lítið notað, sökum þess að svo fáir vissu um það. En það er þó allt annað, en að sjávarútvegurinn einn hafi gagn af þessu, það eru allir atvinnuvegir landsins. Það fyrirtæki, sem jeg stýri, hefur haft mikinn skaða af því að jeg hef verið

fjarverandi, en hefði jeg getað sent skeyti, þá mundi það hafa haft minni skaða af fjarveru minni.

Háttv. framsm. minni hlutans (V. G.) kom með ýtarlegan reikning og fjekk út háar tekjur af loptskeytasambandinu, en af ýmsum ástæðum legg jeg lítinn trúnað á þann reikning, t. d. um áætlunina út af ferðamönnunum, sem komu hingað í sumar. Hvað sem háttv. þm. segir um það, þá held jeg, að því sje varla hægt að fá menn til að trúa, að þegar svona hópar koma, þá »telegraferi« hver og einn maður í honum á næstu mínútu til útlanda!; einmitt þegar svona hópar koma, þá er eigi sent nema eitt skeyti, eins og skiljanlegt er, og það skeyti er frá öllum hópnum í sameiningu.

Sama er að segja um það, sem sami háttv. þm. var að reikna út og áætla um veðurfræðisstöðvarnar, að þar kom þm. með alveg sömu fjarstæðurnar, því að það mundi ekki koma til nokkurra mála, að veðurstöðvarnar sendu allar sitt skeytið hver til útlanda, heldur mundu þær senda hver annari skeyti innbyrðis, og svo aðalstöðin í Rvík til útlanda. Þetta eru að eins fáeinir punktar, sem jeg að eins vildi benda á, til þess að sýna, hversu mikil fjarstæða það var, sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) var að halda fram í áætlunum sínum. Í enda ræðu sinnar var sami háttv. þm. að tala um getsakir til Dana, og hefur því þegar verið mótmælt af öðrum, svo að jeg þarf ekki að orðlengja frekar um það. Allt málæðið um hættu þjóðrjettinda vorra á sjer engan stað.

Ef um tillag frá ríkisþinginu væri að ræða í þessu máli eða frá Noregi, þá gæti að mínu áliti ekki komið til mála annað, en að fresta þessu máli; en að samþykkja þetta mál upp á svo og svo mikið tillag frá öðrum, án þess að eiga nokkra vísa von um það, en hrinda um leið frá sjer vissu tillagi annarsstaðar frá, finnst mjer ekki geta komið til nokkurra mála. — Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, enda hefur það þegar verið rætt til þrautar bæði hjer í þessari deild og og í háttv. Nd.; en jeg vil ljúka máli mínu með því að lýsa því yfir, að jeg mun hiklaust greiða atkvæði með málinu, án þess að bera nokkurn kinnroða fyrir það gagnvart kjósendum mínum, með því að jeg álít þetta mál eitt af stærstu framfaramálum landsins í heild sinni og þá líka fyrir mitt kjördæmi.

Ráðherrann: Jeg hafði ætlað mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við tillögur háttv. fjárlaganefndar við 12. gr. C. 1, en háttv. þm. Strand. hefur tekið af mjer ómakið með því, sem hann hefur tekið fram viðvíkjandi því viðbótarákvæði, sem nefndin hefur lagt til, að sett verði sem skilyrði fyrir fjárveitingunum til gufubátaferða.

Jeg er háttv. þm. alveg samdóma um það, að ef nefndin vill endilega reyna, að fá þessum viðbótarskilyrðum komið fram, þá sje eini vegurinn sá, að koma fram með þingsályktunartillögu í þá átt, og fela stjórninni að fara þess á leit. En mjer virðist raunar bæði atriðin í viðbótinni, bæði niðurfærsla á fargjaldi fyrir Íslendinga til Skotlands og þá ekki síður gjaldfrelsi alþm., vera fremur óviðkunnanleg.

Jeg ætla mjer ekki að flytja langa ræðu um breyt.till. minni hlutans við 12. gr. D. Það var að vísu margt í ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), sem jeg skrifaði hjá mjer, og ætlaði mjer að gjöra athugasemdir við, en háttv. þm. Strand., háttv. 4. kgk. þm. og háttv. 2. þm. Húnv. hafa þegar svarað öllum verulegum atriðum í ræðu háttv. þm. svo vel og ýtarlega, að jeg hef

litlu sem engu þar við að bæta, og get jeg ekki sjeð, að það standi steinn yfir steini eptir af öllum þeim mótbárum, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) var að reyna að hreyfa gegn ritsímanum; jeg þarf því fyrir mitt leyti lítið annað að gjöra, en að skírskota til þess, sem jeg hef svarað minni hluta nefndarinnar í þessu máli í háttv. Nd.

Jeg er hissa á því, að háttv. minni hluti skuli vilja tefja tímann með því að vera að vekja þessar apturgöngur frá háttv. Nd. hjer í þessari deild. Jeg sje að vísu, að þeir vilja láta líta svo út á pappírnum, að loptskeytasamband sje ódýrara en símasamband; en þeir fá það út með því að veita Íslandi skilyrðislaust 54,000 kr. tillag á ári frá öðrum löndum, og með því að áætla tekjurnar af loptskeytasambandi við úllönd og innanlands 50,000 kr.; 20,000 kr. hærra en meðbræður þeirra í Nd. hafa gjört, og 30 þús. kr. hærra en tekjur af ritsíma- og talsímasambandi um land allt, og geta allir sjeð, að þetta er fjarstæða, sem ekki þarf að eyða neinum orðum til að hrekja.

Þegar jeg les og heyri lýsingar háttv. minni hluta, bæði hjer og í Nd., á ágæti loptskeytasambandanna, og yfirburðum þeirra yfir svo úreltum(!) tækjum, sem ritsímar og talsímar eru, þá get jeg ekki annað en furðað mig á því, hversu stórþjóðirnar virðast eiga ennþá langt í land með að ná þeirri háu þekkingu og bjargfasta trausti á loptskeytasamböndum, sem minni hlutinn með sinni miklu reynslu og lærdómi í þessum efnum hefur komizt að.

Vjer höfum nýlega heyrt háttv. framsm. skýra frá því, að franska veðurfræðisstofnunin hjer í Reykjavík verður að eins reist með því skilyrði, að ritsími, verði lagður hingað upp til landsins, en alls ekki, ef loptskeyta-aðferðin yrði notuð. Annað dæmi upp á það, hversu mikið Frakka vantar á að hafa náð sama þekkingarstigi eins og háttv. minni hluti, er það, að þegar frakkneska stjórnin rjett nýskeð þurfti að koma á hraðskeytasambandi milli Cadiz og Tanger í Afríku, sem er hjer um bil 20 danskar mílur, þá var kostað upp á gamalmóðins sæsíma til þessa, en þess er alls ekki getið, að nokkrum hafi dottið í hug, að snúa sjer til þess þráðlausa. Þetta nýja sæsímasamband var opnað í sumar. Ef franskir verkfræðingar og stjórnmálamenn hefðu nú verið eins vel að sjer, og háttv. minni hluti hjer, um ágæti loptskeytasambandsins og þess miklu yfirburði yfir símann, bæði að öryggi og ódýrleika, þá hefði þetta verið samvizkulaus meðferð á landsins fje af þeirra hálfu. Og hefði franska þjóðin verið orðin eins kunnug þessum efnum eins og »Þjóðræðisfjelagið« hjer, þá hefði stjórninni væntanlega ekki haldizt þetta uppi. En svona eru nú Frakkar slyppifengir. Þeir kusu þetta dýra og slitgjarna símasamband, en þorðu ekki að eiga undir þráðlausum loptstöðvum sem fulltryggilegu sambandi, jafnvel ekki á 20 mílna svæði yfir sjó!

Mjer virðist annars auðsætt á breyt.-till. minni hlutans, að háttv. minni hluti gleymir því, að Færeyjar eiga hjer líka hlut að máli, og að þær 54 þús. kr., sem veittar eru til sæsímans af danska ríkinu, eru eins vel eða miklu fremur lagðar fram vegna Færeyja, heldur en vegna Íslands. Þessu gengur minni hluti fjárlaganefndarinnar alveg fram hjá í breyt.till. á þgskj. 488. Eptir þessari tillögu á að stofnsetja loptskeytasamband milli Íslands og útlanda (Noregs eða Skotlands og kaupstaðanna á Íslandi), en Færeyjar eru hvergi nefndar þar; Ísland á að eignast allar stöðvarnar» í góðu og gildu

standi« eptir 20 ár, fá allar tekjur af sambandinu, sem nefndin telur 50 þús. kr. á ári, og ákveða taxtana, allt gegn 25 þús. kr. framlagi á ári. En Danmörk á að borga til þessa 54 þús. kr. á ári í 20 ár, án þess að hafa neitt yfir neinu að segja, auk heldur að fá nokkuð af tekjunum, án þess einu sinni að fá samband við Færeyjar. Þetta getur maður kallað traust á bræðraþjóð vorri og göfuglyndi í okkar garð, og væri þó synd að segja, að háttv. minni hluti annars ætli Dönum svo sjerlega gott í viðskiptunum við okkur að öðru leyti. Það dylst engum, að þessar loptskeytatillögur, sem minni hluti fjárlaganefndarinnar kemur með á þgskj. 488, hafa ekki orðið sigurvænlegar eða heillavænlegar við síðustu uppvakning sína. Þær voru þó heldur skynsamlegri, eins og þær komu fram við 3. umr. í N. d., þó þær væru heldur ekki beisnar þá.

Það er mikið veður, sem hv. andstæðingar gjöra út úr hinum svo nefnda einkarjetti eða einokunarrjetti, sem ritsímafjelagið fái með ritsímasamningnum. En hvernig er svo þessum einkarjetti varið? Hann er að eins fólginn í því, sem í rauninni leiðir af sjálfu sjer, að í þau 20 ár, sem fjelagið er skyldugt til að halda á sinn kostnað sæsíma hingað til landsins, skuli ekki öðrum fjelögum verða veitt »koncession« til hraðskeytasambands milli Íslands eða Færeyja og annara staða í Evrópu. Þetta er bein afleiðing af því, að fjelagið leggur fram afarmikið fje, bæði til að koma á sæsímanum, og 300,000 kr. til landsíma, og á sjálft að hirða símagjöldin upp í kostnað sinn. Væri samningurinn við ritsímafjelagið þannig, eins og hv. minni hluti vill láta hann vera við Marconifjelagið, að ritsímafjelagið fengi miklu hærra árstillag, en Íslandstekjurnar af símanum, þá væri *fjelaginu* auðvitað ekki gefið neitt einkaleyfisloforð; en Ísland sjálft neyddist til að neita öðrum fjelögum um leyfi, til þess að *geta fengið tekjurnar*.

Það er einkennilegt, svo að jeg ekki segi skringilegt, að einmitt þeir menn, sem nú eru að fárast svo mikið út af þessum einkarjetti, er fjelagið fær, eru einmitt sömu mennirnir, sem fyrir skemmstu voru að berjast fyrir því, að öll peningaverzlun landsins kæmist í hendur útlendinga, með því að veita þeim einkarjett til seðlaútgáfu og »bankakoncession« **um 90 ár.**

Jeg man ekki betur, en að sumir þessara sömu manna hafi áður líka verið með því, að veita útlendum fjelögum einkarjett til járnbrauta hjer á landi, og jafnvel einokunarrjett til allra gufuskipaferða hjer við strendurnar um 20 eða 30 ár.

Ummæli þeirra nú eru ekki annað en skellir á fyrri framkomu sjálfra þeirra; röksemdir þeirra og ummæli geta heimfærzt að einu leyti upp á það, sem þeir vildu þá, en hjer eiga þau sjer engan stað.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði mikið um tekjurnar af þráðlausu sambandi, og hefur háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) svarað því og hrakið mikið af öfgum hans um það, en jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, að til þess að ná þeim tekjum, sem hann er að láta sig dreyma um, þá verður hann að *hækka* en ekki lækka þá taxta, sem ritsímafjelagið má hæzt taka fyrir skeyti. — Með 50 aura borgun eða rjettar $37^1/_2$ eyris borgun fyrir orðið, eins og ritsímafjelagið ætlar að taka, þá fær hann ekki þær 50 þús. kr. tekjur með þeirri »trafik«, sem nokkurt vit er í að búast við í bráð. Hin mikla hætta, sem

hann álítur stafa af töxtum ritsímafjelagsins, yrði því naumast minni, þótt breyt.till. væri tekin.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hefur tekið fram ýmislegan misreikning í áætlun háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um tekjurnar af loptskeytasambandinu, meðal annars það, að það er ekki meiningin, að allar veðurstöðvar sendi hver um sig skeyti til útlanda, heldur mundi ein aðalstöð fyrir landið safna veðurfrjettum um land allt, draga þær saman og senda skeytin út. — Hraðskeytasambandið verður þá fyrst að verulegum notum fyrir veðurfræðina erlendis, þegar búið er að leggja landsíma eptir endilöngu Íslandi, og aðalstöðin getur fengið stöðuga vitneskju um, hvernig veður hagar sjer á hverjum stað á landinu. Þetta verða aðallega tekjur fyrir landsímann, en gæfi litlar tekjur, ef að eins væri þráðlaust samband milli sárfárra endastöðva, enda svo hætt við, að illviðrin, sem skeytin ættu að segja frá í tíma, einmitt hömluðu skeytasambandinu eða gjörðu það óáreiðanlegt.

Jeg skal svo að eins stuttlega víkja að því, að jeg hef ekki getað sannfærzt af staðhæfingum háttv. minni hluta um það, að mikill meiri hluti þjóðarinnar vilji þetta mál feigt. — Á kjörskrám landsins eru nú alls 10, 110 kjósendur til alþingis, og af þeim hafa ekki nema um eitt þúsund og þrjú hundruð kjósendur, samtals á öllu landinu, með smöluðum undirskriptum eða á þingmálafundum, látið í ljósi, að þeir væru móti ritsímasamningnum. — Það er ekki nema 1/8 hluti — einn áttundi — kjósenda, og skil jeg ekki, hvernig hægt er að kalla það »yfirgnæfandi meiri hluta«, með sanni. — Það er meira að segja svo hverfandi *minni* hluti, að alls ekkert er á slíku byggjandi viðvíkjandi vilja þjóðarinnar. — Þegar ekki hefur heppnazt, að ná nema 1/8 hluta kjósenda með öllum þeim dómadags gauragangi og smölunar fargani nótt og dag, sem andstæðingar stjórnarinnar hafa látið dynja yfir þetta land í seinni tíð hvað sem kostaði, þá má með sanni segja, að ekki sje vakurt, þótt riðið sje.

Það er langt frá mjer að vilja gjöra lítið úr þjóðarviljanum; þetta mál er þannig vaxið, að í því þarf talsverða sjerþekkingu til þess, að geta uppkveðið nokkurn veginn rökstuddan dóm. Fyrst og fremst þarf þó sannar sagnir um taksta. En það vantar sorglega mikið á, að brjóstmylkingar ósanninda blaðsins »Ísafoldar« og annara slíkra blaða hafi fengið sannleikann að vita í þessu máli; og því miður eru margir, sem að eins lesa þau dáindis-blöð. Alþýða er ekki »specialisti« í telegrafmálinu; hún verður að trúa því, sem henni er sagt, og í þessu máli hefur verið lagt miklu meira kapp á, að ná eyra þjóðarinnar af þeim, sem niður hafa viljað rífa. — Þar hefur verið beitt ekki að eins dugnaði, heldur og áfergju í »agitatiónum«. Sá flokkur, sem málinu fylgir, hefur aptur á móti farið sjer hægt í fullu trausti til þess, að hið sanna kemur fram á sínum tíma, og »aptur rennur lýgi, þegar sönnu mætir«.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg ætla mjer ekki að vera langorður, af því mjer hefur komið mjög vel saman við meðnefndarmenn mína. Það var að eins 2 atriði, sem jeg vildi minnast hjer á, af því mig tekur sárt til þeirra. Það er fyrst Fagradalsbrautin. Eins og menn muna, tók stjórnin upp á fjárlögin styrk til hennar 35 þúsund kr. á fjárhagstímabilinu, 20 þúsund fyrra árið og 15 þúsund hið síðara. Það hafði að vísu verið tekið fram af

fjárlaganefnd Nd. 1903, að hún ætlaðist til, að svo mikið fje yrði veitt til brautarinnar á næsta fjárhagstímabili, að henni yrði þá lokið.

Nefndin tók það þá ennfremur fram, að hún teldi sjálfsagt að flýta þessari vegagjörð, þar sem hún væri einhver hinn nauðsynlegasti akbrautarspottinn á landinu. Háttv. Nd. hefur nú fært þessa upphæð niður um 5 þúsund frá stjórnarfrumv. og færir sem ástæðu fyrir því, að skortur muni verða á vinnukrapti fyrra árið vegna ritsímalagningarinnar. Jeg gat vel fellt mig við þessa niðurfærslu eptir atvikum, þar sem fjárhagurinn ekki leyfði að leggja fram alla upphæðina c. 60 til 70 þúsund krónur á þessu fjárhagstímabili, en aptur á móti held jeg, að það sje ekki á fullum rökum byggt, að færa nú tillagið enn niður um 10 þúsund kr. eins og háttv. meiri hluti fjárlaganefndarinnar hjer vill gjöra. Það er ekki rjett að tefja lagningu brautarinnar meira en óhjákvæmilegt er, af því að það er bæði til stórskaða fyrir hjeraðið og landssjóð; því að í þeim vegi, sem þegar hefur verið lagður, liggur mikið fje ónotað, sem að engu gagni verður. Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), ljet það í ljósi, að vjer Austfirðingar ættum að vera spakir vegna Lagarfljótsbrúar-fargansins. Jeg játa, að það er mikið fje, sem í brúna hefur verið lagt, en jeg þori að lýsa því hjer yfir, að Austfirðingar eru stjórninni og þinginu mjög þakklátir fyrir hana; en þar sem brúin er nú komin á, þarf ekki hjer að ræða gagn hennar. Það er ekki Hjeraðsbúum að kenna, hve miklu fje hefur verið varið til hennar; hún hefði ekki þurft að vera svona dýr, ef ekki hefði verið útlend, alókunnug stjórn, sem öllum samningum og framkvæmd verksins rjeði. Háttv. sami þm. talaði líka um, að Fagradalsbrautin mundi borga sig verst af öllum akbrautum landsins, og að það mundi jafnvel borga sig fyrir landssjóð, að flytja vörurnar heim fyrir Hjeraðsbúa, en þá held jeg, að háttv. þm. sje búinn að gleyma öllum þeim erfiðleikum, sem eru samfara aðflutningi þar. Jeg skal viðvíkjandi þessu benda á álit annars manns, sem jeg tek mjög mikið tillit til, en það er Jón Þorláksson, verkfræðingur landsins. Hann segir svo í brjefi dagsettu 27. júlí þessa árs, sem legið hefur frammi hjer á lestrarsalnum:

»Það má óhætt gjöra ráð fyrir, að 1,300 manns noti veginn, og verður þá sá hagnaður, sem hjer að framan er talinn. nálægt 10,000 kr. á ári hverju, þessi vegur er því líklegri til að borga sig, en flestir eða *allir* þeir veg.r, sem hingað til hafa verið lagðir hjer«.

Þetta segir nú verkfræðingurinn, sem er staddur á Austurlandi einmitt um þetta leyti. Jeg skal ekki tefja tímann með því að tala um Fagradalsbrautina meira, því jeg veit, að henni er borgið svo, að aldrei verður við hana hætt. Að eins álít jeg, að ekki eigi að tefja meira fyrir henni, en nauðsynlegt er.

Þá er það annað lítilsháttar atriði, sem meiri hluti nefndarinnar rjeði til að fella. Reyndar er þessi upphæð svo lítil, að hún gjörir hvorki að lífga eða deyða fyrirtæki það, sem styrkur þessi er bundinn við, nefnlega mótorbát á Lagarfljóti.

Mönnum kann nú að virðast það undarlegt, að beiðni um styrk til mótor-báts komi ofan úr sveit, en þeir, sem hafa sjeð Lagarfljót, 1,000—1,500 faðma á breidd og 30—55 fet á dýpt, þeir ættu ekki að undra sig á, að þessi styrkbeiðni kæmi, heldur á því að hún hafði ekki komið fyrri. Þetta er nú reyndar ekki nýtt mál, þessu hefur verið hreyft áður. 1893

var stofnað fjelag til þess að koma á gufubátsferðum á Lagarfljóti og í loforðum voru þá þegar fengnar 3,000 kr., en fyrirtækið komst þó ekki til framkvæmdar vegna þess, að við nánari ihugun þóttust menn sjá, að fyrirtækið mundi ekki geta borið sig sökum erfiðleika við kolaflutning yfir hina erfiðu fjallvegi.

Síðastliðið haust var farið að hugsa um þetta, sjerstaklega í sambandi við ummæli þingsins og fjárframlög til Fagradalsbrautarinnar. Menn vildu þá ekki standa uppi ráðalausir á miðri leið, því að þó að akbrautin kæmist upp til Hjeraðs, varð samt að flytja á hestum langar leiðir, ef báturinn væri ekki á fljótinu. Það hefur verið sagt, að þetta kostaði svo lítið, og að fyrirtækið mundi borga sig, og því þyrfti ekki að styrkja það, en það er ekki alveg rjett athugað. Hlutafjenu hefur verið safnað í vetur með 10 króna hlutum. Hluturinn hefur verið settur svona lágur, til þess að sem flestir gætu tekið þátt í fyrirtækinu. Með þessu móti safnaðist 5,000 kr.; er það einmitt nákvæmlega kostnaðurinn við bát, bryggju o. fl. Nú vitum vjer, að 2 fyrstu árin, meðan að Fagradalsbrautin ekki er búin, þá muni fyrirtækið aldrei geta borið sig, þar sem flutningar eru svo erfiðir. Það mun ekki geta svarað rentu og verkalaunum, fyr en flutningar aukast að mun, og vjer getum á Fagradalsbrautinni keyrt heim trjávið til húsabóta, sem margir verða nú að láta ógjört, eða vjer getum farið að kaupa kol og hætt að brenna sauðataðinu okkar, auk margs og margs fl. En það er aðalmeiningin með þessum litla styrk, að koma í veg fyrir vantraust á fyrirtækinu með því, að það beri sig illa fyrstu árin. Á fjárlögunum er ætlaður styrkur til gufubátsferða með ströndum fram á ýmsum stöðum innanfjarða t. d. um Eyjafjörð. Jeg vona því, að menn sjái ekki eptir svona litlum styrk til þess hjeraðs, sem aldrei hefur haft nokkur not af neinum strandferðum eða gufuskipaferðum. Jeg þori hiklaust að segja þetta, því jeg er viss um, að þó öllum styrk til gufuskipa og gufubáta yrði kippt út úr fjárlögunum, mundum vjer Hjeraðsbúar ekki verða í neinum vandræðum með nauðsynjar vorar.

Jeg hef ekki viljað »agítera« fyrir þessu og vonast til, að allir greiði hjer atkvæði og fari eptir sannfæringu sinni.

Úr því jeg stóð upp, þá ætla jeg lítið eitt að minnast á þetta stóra mál, sem allir eru að tala um. Jeg get lýst því yfir, að jeg er í fyllsta samræmi við kjósendur mína í þessu máli; bæði hef jeg það af brjefum í sumar og af þingmálafundum, sem boðaðir voru í vor með nægum fyrirvara, svo að allir áttu kost á að koma. Það hefur alltaf verið svo á Austurlandi, að ritsímamálið hefur verið hátt á dagskrá. Allir þingmálafundir hafa rætt þetta mál, og ef vjer færum að ganga í gegnum þær fundargjörðir, þá mundum vjer sjá, að þær eru allar í fyllsta samræmi við það, sem nú hefur komið fram. 1899 frjettist það, að verið væri að því, að leggja frjettaþráð til Seyðisfjarðar og að Stóra norræna mundi leggja ritsíma landveg. Þetta vakti svo mikla hreyfingu, að sýslunefndin í N.-Múl. bauðst til að leggja 10,000 kr. til þess að fá þetta hnoss. Ár þetta var að þessu leyti merkilegt; menn fóru þá að finna til þess, að þetta væri sú blessun fyrir land og lýð, að það væri þess vert að leggja svo miklar byrðar á sig. Síðastliðið haust, þegar hæstv. ráðh.

hafði gjört samning í sömu átt, urðu menn svo glaðir og lukkulegir, að það rigndi niður tilboðum um ókeypis lóðir undir stöðvar handa fjelaginu Mikla norræna — og engum lifandi manni í allri Múlasýslu datt í hug að amast við þessu.

Það hefur nú mikið verið talað um þjóðarviljann, og ýmislegt sagt um, hvað upp úr honum mætti leggja. Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) minntist á það atriði, sem eigi hafði verið talað um áður, hvernig á því hefði staðið, að þessi snúningur kom í málið.

Rjett fyrir þingmálafundina í vor kom sú fregn, að hingað væri komið tilboð frá frönsku fjelagi, sem vildi koma á loptskeytasambandi með 18 stöðvum. Fregnin um þetta tilboð barst inn á hvert heimili á Norður- og Austurlandi rjett fyrir þingmálafundina; var þessu tilboði, prentuðu, útbýtt á sjerstaklega stóran miða, er kallaðist »Fregnmiði Norðurlands« með þumlungs stórum svörtum stöfum.

Á Austfjörðum gjörði það ekki neitt annað að verkum, en að menn töldu sjálfsagt, að nefnd væri kosin til að athuga málið nákvæmlega frá rótum, til þess að koma í veg fyrir allar æsingar og misskilning í málinu. En hvað er orðið um þetta franska tilboð? Það er máske græna blaðið, sem háttv. framsm. minni hlutans er að veifa, og kemur nú fyrst fram við 2. umr. fjárlaganna hjer í deildinni, en hefur aldrei þótt frambærilegt fyrri.

Það er nú búið að svara flestu, þessu máli viðkomandi, og mikið talað um það aptur á bak og áfram. En það er eitt, sem jeg ekki hef getað skilið, en sem hefur verið haldið fram bæði af háttv. þm. G.-K. (V. G.) og flokksmönnum hans í Nd. Því hefur verið haldið fram af háttv. minni hluta, að það bæri að rjúfa þing, og stofna til nýrra kosninga vegna almenningsálitsins, sem þeir kalla. Jeg er ekki fróður um þingvenjur, en ekki get jeg skilið, að það sje nokkursstaðar í nokkru þingfrjálsu landi venja, að rjúfa þing vegna ágreinings í flokksmálum, meðan $^3/_4$ hlutar þingmanna fylgja stjórninni að málum. Er nokkur ástæða til að rjúfa þing og stofna til nýrra kosninga, þó að það heyrist utan að, að það sjeu fleiri menn út um land, en þessi fámenni flokkur hjer á þingi, sem eru á móti stjórninni? En hjer er líka þess að gæta, að það eru nærri eingöngu kjósendur þessara minni hluta þingmanna, sem hafa látið til sín heyra óánægju með gjörðir stjórnarinnar, og þau mál, sem hún hefur lagt fyrir þingið. Þegar Bændafundurinn var haldinn hjer í bænum 1. ágúst í sumar, var það almæli, sem ekki hefur verið hrakið, að þar hafi naumast nokkur maður verið í þeim flokki, sem hefði kosið þingmenn, sem heyra til meiri hlutanum hjer á þingi.

Af þessu verð jeg að draga þá ályktun, að enn sem komið er standi flokkaskipunin í landi í sömu hlutföllum við meiri hluta þingsins eins og við kosningarnar seinast 1903, og meðan svona er ástatt skil jeg ekki, að nokkrum manni detti fyrir alvöru í hug, að það sje skylda stjórnarinnar, að rjúfa þingið, nei, það verður þá fyrst, er meiri hluti þingsins ekki fylgir henni að málum. Þá sagði háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að ritsímasamband gæti naumast haft þýðingu fyrir landbúnaðinn. En jeg hef þá trú, að ritsímasambandið valdi stórstíðari framför í sjávarútveg og verzlun, en jeg hefi einnig fulla von um, að það muni einnig hafa mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn. Jeg hef þá trú, að þegar síminn verður lagður milli sjávar og Fljótsdalshjeraðs, t.

d. milli Reyðarfjarðar og Hjeraðsins, og þegar hraðir flutningar eru með akbraut á Fagradal og mótorbátum á Lagarfljóti, þá hljóti að vera afarmikið gagn að því á ýmsan hátt fyrir hinar búsælu sveitir í Fljótsdalshjeraðinu; þá geta bændur t. d. fengið að vita, þegar fullt er af síld eða fiski á Reyðarfirði, ef fólk vantar þar á staðnum til að nota sjer aflann; geta sveitabændur strax sent menn að heiman frá sjer, til þess að vinna að og veiða síld og fisk. Svona hygg jeg, að framfarirnar mundu verða í mörgu, en hjer er ekki tími til, að vera með spádóma í þessa átt, enda er það þýðingarlítið, og tíminn mun leiða í ljós þau happasælu áhrif, er símalagningin mun hafa í för með sjer fyrir land og lýð. Það eina í þessu máli, sem jeg álít ekki rjett aðfarið, og sem að mínu áliti hefði átt að fara öðruvísi, er ákvæðið um landtökustað símans. Það hefur verið mikið deilt um, hvort ætti að leggja símann á Seyðisfjörð eða Reyðarfjörð. Mjer blandast ekki hugur um, að það hefði verið margra hluta vegna haganlegra og betra, að síminn hefði komið fyrst upp til Reyðarfjarðar, en þar sem verkfræðingur stjórnarinnar, Forberg, hefur nú lagt til og Nd. fallizt á, að leggja símann til Seyðisfjarðar, mun erfitt að fá því breytt, en hinu verð jeg að slá föstu, að Reyðarfjörður hlýtur að setjast í sambandið hið allra fyrsta. Það sem aðallega mun hafa ráðið úrslitum Forbergs um landtökustaðinn, mun vera kostnaðarspursmálið; það því frekar, sem allt verður nú að spara, máske til stórskaða í framtíðinni, vegna hinnar megnu mótspyrnu gegn málinu. Því var fleygt fram í Nd., að síma á Fagradal mundi vera hætta búin af skriðum og snjóflóðum, en þetta er algjörlega rangt, enda sagt af alókunnugum manni, því að Fagridalur er sljettur dalur torfærulaus, og leiðin yfir Fagradal því miklu tryggari og betri, en yfir Fjarðarheiði, eins og öllum gefur að skilja, sem nokkuð þekkir til. Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta að svo stöddu, enda umræður orðnar býsna langar.

Valtýr Guðmundsson, (2. þm. G.-K.): Það er búið að segja margt og mikið um þetta mál, og ef á að svara því öllu, þá þarf að halda langa ræðu, en jeg ætla að takmarka mig, og tala um örfá atriði. Háttv. þm. Húnv. (J. Jak.) tók það fram, að það væri beint á móti stórnarskránni, ef þm. fylgdu ekki sannfæringu sinni. En það getur þó ekki verið á móti stjórnarskránni, ef þm. leggja niður þingmennsku, því þegar þm. er ekki í samræmi við kjósendur sína, þá á hann að leggja niður þingmennsku. Hæstv. ráðherra beindi þeirri spurningu til mín, hvort jeg vildi ganga á undan með góðu eptirdæmi, ef kjósendur mínir krefðust þess, að jeg legði niður þingmennsku. Jeg svara þessu á þá leið, að það væri guðvelkomið, að jeg færi eptir vilja kjósenda minna. En jeg veit, að í þessu máli er jeg í fullu samræmi við mína kjósendur. En það gæti komið fyrir, að ósamræmi kæmi upp í öðrum málum, og þá skal ekki standa á mjer, að leggja niður starfið, ef þess verður krafizt.

Háttv. varaforseti (J. Jak.) sagði einnig, að það væri samningsrof við Stóra norræna ritsímafjelagið, ef þingið ekki gengi að samningnum. Þetta er alls ekki rjett athugað, því að þegar slíkir samningar eru gjörðir, þá eru þeir jafnan gjörðir með þeim fyrirvara, að þingið samþykki samninginn. Þess höfum vjer ljóst dæmi; þegar kom til tals að selja Vestindisku eyjarnar

dönsku, var sölusamningur undirskrifaður af báðum stjórnum, en ríkisþing Dana neitaði, og felldi samninginn með eins atkvæðis mun.

Ennfremur tók háttv. varaforseti það fram, að mörgum Dönum væri annt um Stóra norræna ritsímafélagið og margir þeirra væru málsmetandi menn, sem mundu styðja að því, að þetta fjelag fengi einkaleyfið og styrk úr ríkissjóði, en það mundu þeir ekki gjöra, ef um útlend firðritunarfjelög væri að ræða. Fyrra atriðið er rjett og satt, en það er ekki þar með sagt, að þessir málsmetandi menn geti spillt fyrir Íslandi, því þess er að gæta, að það er ekki Marconifjelagið, sem á að fá þessar 54,000 kr. úr ríkissjóði, heldur hið íslenzka þjóðfjelag.

Marconi-fjelagið er að eins verkamaður Íslands, en sambandið er þess eign. Háttv. varaforseti (J. Jak.) sagði, að hann treysti þjóðinni að eins, þar sem hún gæti brúkað sitt heilbrigða hyggjuvit, en hjer vantaði hana bæði faglega og fjárhagslega þekkingu. Eru þingmenn þá svo drambsamir að ætla, að *þeir einir* hafi þekkingu á þessu máli, og að engir aðrir málsmetandi menn út um land geti gjört sjer grein fyrir þessu. En það er mín trú, að margir menn víðs vegar út um land hafi eins glögga greind og gott vit á þessu máli eins og bæði jeg og aðrir háttv. þingmenn. Mjer er ekki kunnugt um, að þingmenn hafi meiri skilríki í höndum, en þau, sem jafnótt hafa verið birt í blöðum og á annan hátt, svo að mönnum eru þau almennt kunn, og þó að hjer sitji 40 menn á þingi, þá hafa þeir alls ekki leyfi til að segja, að þeir sjeu betri eða skynsamari en allir aðrir.

Þá talaði háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) um franska tilboðið, og gat þess, að það mundi vera tilhæfulaus uppspuni og að eins til að villa kjósendur fyrir þingmálafundina. En hjer hef jeg skjalið, og jeg skal bjóða háttv. þm. að líta á það — það er auðvitað skrifað á frönsku — það er þetta 18 stöðva tilboð, sem er komið frá einu af þeim 3 fjelögum, sem verkfræðingur Krarup telur þau helztu loftritunarfjelög. Þetta franska fjelag hefur gjört þetta tilboð, en því hefur ekki verið haldið fram af því, að seinna komu betri tilboð frá Marconi-fjelaginu og frá Siemens & Halske. Fulltrúi þessa franska fjelags hefur fengið góð meðmæli, t. d. frá fyrv. hermálaráðherra Dana Madsen, og frá »telegrafdirektör« Meyer og það starfar t. d. í Noregi; en það er ekki þörf á, að tala um það frekar, því að nú liggja önnur betri tilboð fyrir þinginu.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) talaði um, að ekki hefði gengið með undirskriptirnar í einu kjördæmi, sem sje Strandasýslu. En hvað sannar þetta? Það sannar að eins, að menn hafa ekki skrifað undir, nema þeir hafi verið sannfærðir um, að þeir gjörðu rjett með því, að skrifa undir. Það er allt af að marka undirskript þeirra, sem hafa myndað sjer fasta sannfæringu um málið. Það þykir mjer mjög undarlegt, ef ekki er hægt að marka þessar undirskriptir af því, að sterkar »agitationir« hafi farið fram. En það er náttúrlegt, og það verður að vera svo, að »agitationir« fylgi hverju stórmáli, sem þjóðin hefur áhuga á. — Það eru mestar líkur til, að þeir, sem fá flesta á sína skoðun, muni hafa rjettast mál.

Þá hefur mikið verið talað um, að við værum jafnt bundnir við Marconi-fjelagið og um jafn langan tíma. — En við erum einmitt ekki bundnir við Marconi-fjelagið í 20 ár, við megum borga allt upp í einu, en það er miklu

betra og hægara, að hafa árs-útborganir, en því getum við hætt, hve nær sem vera vill, ef við greiðum það, sem eptir stendur, í einu lagi. — Undarlegar þóttu mjer einnig athugasemdir háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) við tekju-áætlun mína, þar sem hann hjelt, að 300 túristar mundu láta sjer nægja með að senda 1 »telegram«. — Heldur háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að allir þessir túristar eigi heima á sama staðnum, máske sama húsinu, og sendi svo allir í sameiningu skeyti heim til sín,

Mjer þótti vænt um að heyra, að bæði háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) og háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) fannst skynsamlegt, að fresta málinu. *(Eiríkur Briem:* Nei, það sagði jeg ekki). Háttv. 2. kgk. (E. Br.) sagði þó, að það væri æskilegt. En háttv. 4. kgk. (J. Ól.) taldi það fráleitt.

Það skynsamlegasta er eins og nú stendur, að fresta málinu; því þá gætu þeir, sem efa hafa í því efni, fengið vissuna fyrir því, hvort tillag fengist frá Dönum til loptritunarsambands; þá gætu menn fengið vitneskju um þjóðarviljann, því það má gauga að því vísu, að þeir sjeu margir, sem ekki hafa átt kost á, að láta skoðun sína í ljósi meðan á þingtímanum stendur. — Háttv. framsm. (J. Ól.) sagði, að það væri að eins eitt kjördæmi, sem með meiri hluta kjósenda hefði lýst því yfir, að það væri á móti ritsímasambandi. En það liggja þó fyrir áskoranir frá fleirum kjördæmum um, að hafna ritsíma-samningnum. Meiri hluti kjósenda er á móti ritsímasambandi í Húnavatnssýslu, Dalasýslu, Rangárvallasýslu og líklega í Árnessýslu, en áreiðanlega í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Háttv. framsm. (J. Ól.) sagði enn fremur, að með því, að fresta málinu spiluðu Íslendingar úr höndum sier góðu tækifæri, og yrðu þá að fresta málinu um 15 ár. En þetta er fráleitt, því í einu brjefi frá Hage, samgöngumála-ráðherranum danska, til ráðherra Íslands er komizt svo að orði: »Hvis Afgörelsen udskydes, vil Anlægget tidligst kunne ske i 1906, maaske ikke för en 1907«. *(Jón Ólafsson:* »Anlæg« er ekki samningur). Það veit jeg mikið vel, en það er þó verið að tala um samninginn í brjefinu. Það er enginn vafi á því, að Stóra norræna ritsímafjelagið átti hægt með að bíða, og var eiginlega skyldugt til þess, því þegar það fjekk einkaleyfi til þess, að leggja síma milli Englands, Danmerkur og Noregs, fjekk það leyfið með því skilyrði, að lofa því, að leggja síma til Íslands. *(Ráðherrann:* Ósatt). Einkaleyfið gamla er ekki útrunnið enn, jeg þekki vel til þess, svo að ekki er hægt að slá ryki í augu fólks, því það eru fleiri ár, þangað til gamla einkaleyfið er útrunnið.

Háttv. framsm. meiri hluta nefndarinnar (J. Ól.) sagði, að það væri gott fyrir mig, ef jeg t. d. yrði ráðherra, að mjer yrði þá betur trúað, ef samningar ráðherrans yrðu nú látnir standa óhaggaðir. Þar til er því að svara, að ef jeg yrði ráðherra, myndi mjer aldrei detta í hug, að semja án þess að hafa heimild til þess og geta sýnt hana.

Sami háttv. þm. sagði ennfremur, að jeg hefði skrifað í dönskum blöðum, að hjer væri engin heimild til að gjöra nokkurn samning, heldur væri hjer um »provisorium« að ræða, en nú játaði jeg, að heimild væri fyrir 35,000 kr. tillaginu; jeg hef aldrei sagt nje skrifað annað; jeg hef aldrei neitað, að ráðherrann mætti verja þeim 35 þúsundum kr., sem á fjárlögunum standa, til ritsíma, en því hef jeg haldið fram, að hann hefði ekki heimild til

að ákveða landtökustað, nje lagning landsíma. Annað hef jeg ekki talað; það er það, sem jeg kalla »provisorisk Foranstaltning«. Annars var þessi yfirskrift »Provisorium« yfir grein minni ekki eptir mig, heldur eptir »Politiken« sjálfa.

Hann sagði og, að Alberti hefði tilkynnt ritsímafjelaginu norræna, að nú væru þessar 35 þús. kr. til »dispositiónar«; hvað sýnir það? Það sýnir, að hann hefur algjörlega verið á sömu skoðun sem jeg, sem sje, að þær voru heimilar, en það þyrfti sjerstaka heimild um landtökustaðinn og landsímann.

Þá skal jeg og geta þess, að 1902 fór Alberti fram á tillag til loptritunar, en 1903 til annaðhvort loptritunar eða ritsíma, og hann fjekk þá heimild, það er að segja 35,000 kr., en hann fekk enga heimild um landtökustaðinn; þá heimild fór hann heldur ekki fram á. Hann fjekk það, sem hann bað um.

Háttv. framsm. tók fram, að þó að úrskurðarvaldið væri í höndum dansks ráðherra, þá væri Íslandsráðherra þó ekki bundinn. Þetta skil jeg ekki. Það stendur í samningi fjelagsins, að það eigi að hlíta úrskurði dansks ráðherra, þar með er sagt, að það eigi einskis annars úrskurði að hlíta. Hann tók það fram, að það væri ekki rjett hjá mjer, að leyfið fengist endurnýjað; það stendur þó berum orðum í samningnum (*Jón Ólafsson: Getur* en ekki *skal*).

Þá sagði hann, að ekkert land væri til án einkaleyfa, og 1895 hefðu menn hjer skorað á stjórnina, að útvega ritsíma, þó með einkaleyfi væri; það er mikill munur; það var þá nauðungarkostur, af því að ekkert annað var í boði. Það er eins í öðrum löndum; menn sætta sig við það, ef ekki er annað í boði. Loptritun hefur ekki komizt á fyr en upp á síðkastið, síðan hefur hún útbreiðzt um öll lönd. Nú er komin á loptritun milli Berlínar og Dresden og verið að koma henni á milli Berlínar og Vínarborgar við hliðina á símanum. Hún er að færast um heiminn. Það þykir víst undarlegt, að vjer Íslendingar sjeum að hlaupa yfir það, sem aðrar þjóðir brúka, þegar nýjar uppgötvanir koma fram. Ef vjer tækjum upp á því að brúka rafmagn en ekki gas, sem enn er mikið brúkað meðal annara þjóða, þá er jeg viss um, að sagt væri: »Það er ekkert vit í því, að brúka ekki gas, það gjöra allar aðrar þjóðir. Hvað viljið þið með rafmagn?« En það er nú einmitt það, sem á að gjöra, það á ávalt að nota það bezta.

Háttv. framsm. tók það ennfremur fram, að þetta »system« væri ekki áreiðanlegt, af því að opt vantaði hinar markverðustu frjettir, en aptur kæmu fregnir um kappreiðar og því um líkt. Hvernig stendur á því? Það stendur svo á því, að fregnirnar eru ekki eiginlega sendar oss, heldur ætlaðar skipum; Ameríkumenn og Englendingar telja veðreiðar mjög markverðar frjettir. Skeytin eru ekki send skipunum nema vissa daga; hina dagana getur skeð margt markvert, sem ekki eru send skeyti um.

Að því, er snertir tillagið frá Dönum, þá er bein yfirlýsing frá stjórninni um, að þeir vilji styrkja. Hinn hæstv. ráðh. greip fram í fyrir mjer í dag, svo að jeg ruglaðist í svipinn. Hann sagði, að það væri að eins »koncessión«, sem átt væri við í ræðu landshöfðingja 1902, en þar sem hann talar um *sams konar* heimild frá ríkisþinginu, sem frá alþingi, þá sýnir það, að átt er við fjárveiting en ekki »koncessión«, enda veitir ríkisþingið hana ekki, heldur *stjórnin*. Þá sagði h. háttv. framsm., að sambandið við Ameríku væri frjálst,

en það getur hið Stóra norræna ritsímafjelagið gjört ómögulegt með einokun á taxta milli Skotlands og Íslands.

Með þeim tekjum, sem jeg nefndi að kæmu frá Færeyjum, átti jeg ekki eingöngu við það, sem kemur frá Færeyingum sjálfum, heldur tekjur af þeim »telegrömmum«, sem gengju til og frá Færeyjum, meðal annars til og frá veðurfræðisstofnunum.

Jeg hef nú einnig svarað sumu af því, er hinn hæstv. ráðh. tók fram. Hann taldi það til lofs ritsímanum, að Frakkar hefðu nýlega lagt sæsíma. Það er satt, en að eins á 20 mílna svæði. Það er eðlilegt af því, að það er miklu ódýrra á stuttu færi en loptritun, þó hún sje miklu ódýrri, er um miklar fjarlægðir er að ræða.

Þá tók hann það fram, að þessar 54 þúsund kr. væru ekki til Íslands eingöngu heldur og til Færeyja. En nú ætlum vjer að hafa Færeyjar með, og hvaða ami getur þeim þá verið að því, að við fáum þær.

Hann sagði og, að mönnum þætti það særandi af því að danskt fjelag legði símann; það er misskilningur, það er ekki særandi af því, heldur af því, að það er danskur ráðherra, sem hefur úrskurðarvaldið.

Hinn háttv. þm. Strand. (Guðj. G,) talaði um ósamkvæmni í því, að vilja ekki veita einkaleyfi til þess að reka ritsímasamband í 20 ár, en láta bankann reka peningaverzlun landsins með einkaleyfi um 90 ár. Þetta get jeg ekki tekið til mín, því jeg var ekki með að flytja bankafrv. hjer á þinginu. En hvað viðvíkur járnbrautinni, þá hefði jeg glaður viljað vinna það til, að gefa einhverju fjelagi einkaleyfi til að leggja hana. Það getur verið rjett og sjálfsagt, að veita mönnum einkaleyfi til þess að koma einhverju stórmáli í framkvæmd, ef ekki er hægt að koma því í framkvæmd á annan hátt. En þetta á ekki við ritsímann, því eins og öllum er kunnugt, er hjer kostur á öðru, og meira að segja öðru betra og þar að auki ódýrara.

Sú einasta mótbára móti reikningum mínum á tekjunum, sem nokkuð hefur til síns máls, er komin frá hæstv. ráðherra. Jeg skal æfinlega vera fús á að játa það, að jeg ekki hafi á rjettu að standa, ef með rökum er mælt á móti. Hann tók það fram um veðurfræðisstöðvarnar, að það mundi að eins vera ein aðalstöð, sem fengi fregnir af smástöðvunum út um landið og telegraferaði svo til útlanda. Þetta hafði mjer ekki dottið í hug, og jeg skal játa, að það færir reikninginn dálítið niður. En það er ekki rjett, að það fari ekki frá aðalstöðinni nema eitt skeyti á dag; auðvitað verður telegraferað til allra aðal-veðurfræðisstöðva í Evrópu. Skeytin fara frá einum stað hjer í staðinn fyrir frá fjórum, en þau fara til margra staða í útlöndum. En um leið hækka þá líka tekjurnar af innanlandssambandinu, svo að munurinn verður ekki svo ýkja-mikill, þegar öllu er á botninn hvolft.

Jeg skal svo ekki þreyta menn lengur á þessu tali. Jeg býst við, að það hafi lítinn árangur hvort sem er. Jeg hef reynt að skýra málið eins vel og jeg hef getað, og háttv. deild eða meiri hluti hennar ber ábyrgð á því, sem hún gjörir. Og það vil jeg segja, að sú ábyrgð er þung; þyngri en hjá ráðherranum. Hann gjörði þennan samning, og það var auðvitað glappaskot. En nú er komið nýtt fram í málinu, sem ekki var komið þá. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að hann sem heiðarlegur stjórnmálamaður, haldi sínum samningi fram, en þingið hefur frjálsar hendur, og það er á þess valdi að

velja það, sem þjóðinni er til gagns eða hitt. Annars verð jeg að segja það, að mjer virðist hinn háttv. meiri hluti hafa mjög svo ríka tilhneigingu til þess að snúast í hring, ef hann hefur verið ósamkvæmur hæstv. ráðh. Jeg skal taka til dæmis landsdómsmálið. Það var fellt, sem áður hafði verið samþykkt með 10 atkv., að eins af því ráðherrann snerist á móti. Þetta og annað eins get jeg ekki kallað sjálfstæði, og það verð jeg að segja, að það lítur sannarlega út fyrir það, að menn, þegar til kemur, þoli ekki sem bezt návistina við ráðherrann. Hún sýnist ætla að stiga mönnum allt of mikið til höfuðsins.

Forseti gat þess, að framkomin væri beiðni um, að umræðunum yrði hætt, en að sú beiðni væri tekin aptur af nokkrum þeirra, sem höfðu undirskrifað hana; var þá beiðnin tekin upp aptur eða endurnýjuð af öðrum þingdm.; en þegar bera skyldi beiðnina undir atkvæði, tók einn beiðendanna það fram, að framsm. og ráðh. fengju að tala fyrst, ef þeir vildu. Það fór svo á endanum, að þess þurfti ekki við, að bera beiðnina undir atkv. eða nota hana.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Jeg get nú reyndar sleppt miklu af því, sem jeg ætlaði að minnast á. Það er ekki ástæða til að svara ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) mörgum orðum. Hún var öll saman þannig úr garði gjörð, að það er alveg óþarft.

Það eru tvö lítil atriði, sem jeg vildi minnast á fyrst. Viðvíkjandi sýsluveginum þarna suður, vil jeg benda á það, að þessi upphæð er ekki veitt til þess að ljúka við veginn, heldur til þess að halda honum áfram. Og um vegarspottann í Vestmanneyjum vil jeg geta þess, að læknirinn þar hefur sagt mjer, að leiðin frá sjer til fjarlægasta bæjar á eynni væri 25 mínútna gangur. Og að landssjóður fari að kosta 1,000 kr. til þess að leggja veg yfir svæði, sem ekki er nema 25 mínútna gangur, það finnst mjer mjög óþarft.

Af öllu því marga, sem talað hefur verið um ritsímamálið, er einna mest gaman að heyra um þetta franska fjelag. Um þetta fjelag segir Krarup, að það sje óþroskaðast af þessum öllum, sem tilboð hafa gjört. Og hvernig er svo þetta tilboð? Það býður 4 stöðvar í staðinn fyrir 18. — Og svo er þetta loksins *alls ekki* **tilboð.** — Þetta merkilega skjal er fleiri ára gamalt brjef til 2 danskra manna; *áætlun, en* ekki tilboð — brjef til privatmanna, en ekki til landsstjórnarinnar eða alþingis.

Og svo hefur háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) einurð til að segja oss, að þetta sje franska tilboðið, sem »Ísaf.« og »Fjósak.« gumuðu mest af í vor. *(Valtýr Guðmundsson:* Það er það). Það er nú víst »Eimreiðar«-sannleikur.

En annars er það merkilegt við *öll* loptritatilboðin, sjerstaklega Marconítilboðið, að ekki hefur verið boðin *nein* trygging fyrir því, að þau geti að haldi komið. *(Valtýr Guðmundsson:* Jú.) Það er ósatt. Nefndin gat ekki fengið *nein* boð um tryggingarfje. Því að það er engin trygging, þótt fjelag bjóði, að landssjóður megi hætta að greiða sjer tillag, ef það getur ekki efnt loforð sín. Hvar erum við staddir, ef við stöndum sambandslausir eptir $^1/_2$—1 ár. Til þess að vjer gætum gengið að þessum tilboðum, hefði tryggingin ekki mátt vera minni en 3 milj. kr., til þess að við hefðum sjálfir getað lagt *sæsíma*, ef á hefði þurft að halda og allt hitt hefði reynzt svik, tál og blekkingar.

2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að það væri afarilla frá ritsímasamningnum gengið, og hann væri í alla staði óhagfelldur. Frágangur samningsins er að mínu viti í alla staði góður, og hvað snertir hitt, að hann sje ekki hagfelldur, þá játaði þó þm. berum orðum jafnharðan, að fyrir fáum árum hefði hann verið með einkaleyfi til Stóra norræna, en þá átti það að taka þátt í tekjunum tiltölulega við fje það, sem það legði fram. (*Valtýr Guðmundsson*: Ekkert annað þá í boði.) Heldur ekki annað nú í boði, nema það, sem verra er og dýrara. Nú *eigum* við að 20 árum liðnum 1/3 sæsímans og fáum þessar 300 þús. að auki til landsíma, en eigum þó allar tekjurnar sjálfir. Þá átti samgöngumálaráðherrann danski einn að gjöra samninginn, en Íslandsráðherrann ekkert atkvæði að hafa þar um. Nú tekur Íslandsráðherrann jafnan þátt í samningunum. Það er sannarlega mikill munur á þessu og hinu, er áður var boðið. Það er sannarlega að berja höfðinu við steininn, að vilja ekki játa svona sólskæran sannleik.

Háttv. 2. þm. G.-K. sagði, að ráðherrann mætti ekki gjöra samning við aðra, nema hann hefði heimild til þess. Þetta er öldungis rjett, en hann hafði skýlausa heimild til þess hjer. Þessu til sönnunar vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp úr fjárlögunum 1904—1905. Þar stendur svo við veitinguna: »Væntanlegur *samningur* leggist fyrir alþingi *til athugunar*«.

Hvernig átti að leggja fyrir þetta þing *samning*, ef enginn hafði heimild til *að semja*? Með fjárveitingunni og þessum orðum, sem jeg las upp, er *heimild* veitt til að *semja*.

Og sú heimild getur eptir hlutarins eðli ekki verið neinum öðrum veitt, en stjórninni, þar sem enginn annar er tiltekinn, og hún annars hefur framkvæmdarvaldið á ályktunum þingsins. — Háttv. þm. segir því þetta þvert ofan í það, sem hann og allir vita, að satt er.

Þá gat háttv. þm. þess, að með einkaleyfi hefði staðið allt öðru vísi á fyrir 10 árum síðan. En hvernig stendur á nú? Erum við eina þjóðin, sem höfum betra vit á þessu, en allar aðrar þjóðir? Eru ekki útlendar þjóðir, og þar á meðal Bretar, einmitt *nú í ár* að gefa sæsímafjelögum einkarjettindi? Þessa mergð af loptskeytastöðvum um heim allan, sem háttv. þm. talaði svo mikið um, lýsi jeg hrein og bein ósannindi. (*Valtýr Guðmundsson:* Nei.) Mjer er sama hvað háttv. þm. tyggur þetta opt upp, því að það verður engu sannara fyrir það. Auðvitað koma hjer ekki til greina stöðvar á ströndum til að loptrita til skipa á hafi eða út til vita eða eyja, þar sem síma verður ekki við komið. Hann taldi upp Berlín, Wien og Dresden. Vel veit jeg það, að lopskeytastöðvar hafa á fáeinum stöðum verið settar upp á landi, til viðskipta landa milli eða innanlands; en hversu lengi hafa þær starfað? Jú, þær hafa starfað nokkra daga; sumar fáeinar vikur, en svo undantekningarlaust verið hætt við þær aptur, af því að allt hefur reynzt óáreiðanlegt. Hversu lengi hefur loptskeytasamband staðið á milli Berlínar og Dresden? (*Valtýr Guðmundsson:* Ja, víst í 1 ár.) Nei, þetta eru ósannindi, eða Eimreiðarsannleikur. Jeg les þýzk blöð, og hefði orðið þess var, ef nokkur blaðfregnaskeyti með loptrita fyndust í þýzkum blöðum. Háttv. þm. er því að skrökva hjer.

Þá sagði þm. það, að það væri ekki að marka, þótt við fengjum hjer ó-

samfelld loptskeyti hingað til Reykjavíkur í sumar, af því að þau væru eingöngu ætluð skipum, sem eru á ferð milli Evrópu og Ameríku. En háttv. þm. veit eins vel og jeg, að skip með loptritatólum fara *daglega* milli Bretlands og Ameríku aptur og fram. Svo að skeytin ættu þá að berast hingað *daglega*, í stað þess að þau koma hingað að eins á 11. kvöldstundu 2 daga í viku.

En látum þetta nú vera. Það, sem merkilegt er við þessi skeyti, sem við höfum fengið hingað í vor og sumar, er það, að varla eitt einasta má kalla að flutt hafi markverðustu tíðindin, sem orðið hafa. Allir merkustu viðburðirnir, sem gjörzt hafa, þeir hafa *ekki* borizt hingað með loptskeytum. Mundi mönnum á ferð yfir Atlantshaf ekki hafa þótt eins markverðar frjettir, að Japanar höfðu *sett her á land* á Sakhalin, eins og um kappróðra og veðreiðar og annað eins smávegis, sem loptritinn hefur flutt hingað. En þessi frjett barst alls ekki hingað með loptskeyti.

Þá er þess að geta, að háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefur byrjað hjer á nýjum sið, sem hingað til hefur ekki þekkzt á þingi. Hann ber hingað inn í salinn ósannar slúðursögur um, hvað gjörzt hafi í nefndum. Hann gat þess, að við hefðum verið búnir að koma okkur niður á einu atriði, en þá hefði ráðherrann komið inn, og sagt, að þetta ætti að vera öðruvísi, þá hefðum við heimastjórnarmenn allir sem einn maður, snúizt á móti því, sem áður var gjört og tekið undir með ráðherranum. Jeg mundi blygðast mín sárlega, ef jeg færi með svona helber ósannindi. Ráðherrann kom með nýjar upplýsingar. *(Valtýr Guðmundsson:* Þm. vissu þær líka áður). Það er ósatt mál. Jeg get vitnað undir þm. Ísfjk. (S. St.), hvort ekki komu alveg *nýjar* upplýsingar. Og háttv. þm. Ísfjk. sannfærðist við þær röksemdir alveg eins og vjer hinir. Söguaustur úr nefndum hefur hingað til ekki verið talinn heiðvirður, en það verður máske hjer eptir talið eptirbreytnisvert, að segja hálfan sannleik, eða falsaðan sannleik eða jafnvel fullkomin ósannindi úr nefndum. Þá var háttv. þm. að slá um sig með þjóðarviljanum. Þar byggði hann auðvitað á »Ísafold«, bibliu »framsóknar«-flokksins. Hún segir, að móti ritsímasamningnum hafi greitt atkvæði 1386 en með honum 621. En ef maður dregur nú þessi 1386 atkv. frá allri kjósendatölu landsins, sem mun vera 10,110

1,386

Þá kemur út 8,724

Til þess að fá út þjóðarviljann þyrfti hann þó að hafa meiri hluta kjósenda. En sá minnsti meiri hluti er þá 5055 + 1 = 5056.

Þar sem róðurinn hefur verið jafn kappsamlega sóttur eins og hjá stjórnfjendum og jafn ósleitilega að því unnið, að safna atkv., þá höfum við leyfi til að telja öll þau atkv., sem ekki eru greidd á móti ritsíma, okkur í vil. Eptir því væri með ritsíma 8,724 atkv.

Vjer meiri hluta mennirnir hjer á þingi höfum hjer rjett til að segja: »Hver, sem ekki er með þessari nýju hreyfingu, hann er á móti henni«.

Hvoru megin er þá meiri hlutinn? Háttv. þm. hjelt því fast fram, að alþingi ætti endilega að beygja sig fyrir misjafnlega fengnu nafnasafni 1300 manna, sem engin vissa er fyrir að sjeu kjósendur. Það væri nú að beygja sig fyrir »goluþyt«.

Jeg get sagt honum það, að Bretar, sem enginn mun neita um að sjeu frjálslyndir menn, þeir hafa þó leyft

sjer að ganga á móti stærri goluþyt. Á dögum Róberts Peel kom til parlamentsins áskorun frá 2 miljónum manna um að hafna tillögu einni, sem lá fyrir því þingi. En hvað gjörði hann? Hann og hans meiri hluti sinnti henni ekki, og málið gekk sinn gang. Háttv. þm. skal ekki halda það, að hjer sjeu nokkur einsdæmi á ferðum. Þá skal jeg ekki tala að þessu sinni frekar. Allar röksemdir háttv. minni hluta eru marghraktar. Háttv. þm. skal ekki halda það, að hægt sje að ögra okkur með vilja kjósendanna. Að minnsta kosti getur hann ekki ögrað mjer. *(Valtýr Guðmundsson* hlær.) Jeg sje og heyri, að háttv. þm. hlær, en hlátur þm. er fíflahlátur. Hann hlær máske af því, að jeg er kgk. þm. *(Valtýr Guðmundsson:* Já.) En þá get jeg sagt honum það, að jeg hef fleiri kjósendur að baki mjer en hann. *(Valtýr Guðmundsson* brosandi: Það er skritið.) Því að jeg er valinn eptir till. stjórnar, sem hefur meiri hluta allra kjósenda alls landsins að styðjast við. Veit hann ekki, að í þingfrjálsu landi er kgk. þm. háður *þjóðarinnar* atkvæði engu síður en þjóðkjörinn þm. Snúist þjóðin móti ráðherranum við kosningar, fer hann frá völdum, og andstæðingur hans, sem þá kæmi til valda, mundi ekki endurkjósa kgk. þm. af mótflokki sínum.

Þótt jeg vissi, að jeg ætti aldrei að sitja á þingi framar, ef jeg greiði í þessu máli atkvæði eptir sannfæring minni, þá tæki jeg mjer það ekki nærri. Jeg vildi ekki vinna það til, fyrir æfilanga þingsetu, að greiða atkvæði þannig, að að það yrði þjóð minni til tjóns, en það tel jeg henni óbætanlegt tjón, ef auðið væri að spilla þessu velferðarmáli. Til þess hef jeg ekki samvizku. En jeg vildi vinna til, að sitja ekki nema á þessu yfirstandandi þingi, heldur en að vera svo ógæfusamur maður, að skaða þjóð mína með því, að spyrna móti þessu velferðarmáli.

Jeg óska þess heitt, að þetta mál gangi greiðlega gegnum þingið. Sú kemur stund, er æsingaröldurnar lægjast, að *fullnaðar*-dómur sögunnar og þjóðarinnar verður uppkveðinn í þessu máli. Og þá — og upp frá því — mun *þeim* verða þakkað, sem greiddu atkv. *með* því, en í hinna sporum óska jeg ekki að standa, sem greiddu atkvæði móti því.

ATKVGR. um 12. gr. fjárlagafrv. 1906—1907 við 2. umr.:

7. breyt.till (482.) við 12. gr. A. 1. a. samþ. með 9 samhlj. atkv.

8. breyt.till. (482.) við 12. gr. A. 3. samþ. með 11 samhlj. atkv.

9. breyt.till. (482.) við 12. gr. B. 3. samþ. með 10 : 2 atkv.

10. breyt.till. (482.) við 12. gr. B. 7. samþ. með 7 : 6 atkv., að við höfðu nafnakalli eptir óljósa atkv.gr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Ág. Flygenring,
Jón Ólafsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Gutt. Vigfússon,	Sig. Jensson,
Jón Jakobsson,	Valtýr Guðmundss.,
Sig. Stefánsson,	Þorgr. Þórðarson.
Þórarinn Jónsson.	

breyt.till. (508.) við 12. gr. B. (nýr 8. liður) felld með 8 : 4 atkv.

11. breyt.till. (482.) við 12. gr. B. 8. samþ. með 10 : 2 atkv.

12. breyt.till. (482.) við 12. gr. B. 9. samþ. með 9 samhlj. atkv.

13. breyt.till. (482.) við 12. gr. B. 12. samþ. með 10 samhlj. atkv.

14. breyt.till. (482.) við 12. gr. C. 1. samþ. með 12 samhlj. atkv.

15. breyt.till. (482.) við 12. gr. C. 1. samþ. með 9 : 3 atkv.

16. breyt.till. (482.) við 12. gr. C. 2. samþ. án atkvgr.

17. breyt.till. (482.) við 12. gr. C. 2. samþ. með 11 samhlj. atkv.

18. breyt.till. (482.) við 12. gr. C. 4. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvæðagr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	B. M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Jón Ólafsson,
Guðj. Guðlaugss.,	Gutt. Vigfússon,
Jón Jakobsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Stefánsson,	Sig Jensson,
Valt. Guðmundss.,	Þorgr. Þórðarson,
Þórarinn Jónsson.	

2. breyt.till. (488.) við 12. gr. D. felld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 5 þm. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	B. M. Ólsen,
Sig. Jensson.	Jón Ólafsson,
Sig. Stefánsson,	Ág. Flygenring,
Valt. Gaðmundss.,	Eiríkur Briem,
Þorg. Þórðarson,	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jón Jakobsson,
	Þórarinn Jónsson.

3. breyt.till. (488.) við 12. gr. D. felld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 5 þm. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	B. M. Ólsen,
Sig. Jensson,	Jón Ólafsson,
Sig. Stefánsson.	Ág. Flygenring,
Valt. Guðmundss.,	Eiríkur Briem,
Þorgr. Þórðarson.	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jón Jakobsson.
	Þórarinn Jónsson.

19. breyt.till. (482.) við 12. gr. D. 5. d. samþ. með 8 samhlj. atkv.

12. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Það er hjer breyt.till. í tvennu lagi á þgskj. 510 við 13. gr. B. VI., b. 3, að í stað 2,300 komi 1,500. Það er upphæðin, sem ætluð er til unglingaskóla. En jeg get ekki gjört grein fyrir henni nema í sambandi við síðari hluta tillögunnar, að á eptir *m.* komi nýr liður *n.* 400—400 kr. til skólans á Heydalsá. Það eru þær 800 kr., sem jeg hef leyft mjer að taka af b, 3. Þessi fyrri liður kom nú einmitt inn á fjárlögin í tilefni af umsókn frá þessum skóla, og jeg hef í sjálfu sjer ekkert á móti, að það sje veitt svona ákveðin upphæð til allra unglingaskóla. En það er þó ástæða til að sinna breyt.till. minni, þar sem þessi skóli að Heydalsá var með þeim fyrstu unglingaskólum, sem komust á fót, og hann nú er búinn að starfa nokkur ár með góðum árangri. Þó fer jeg fram á 100 kr. lægri upphæð hvort árið, en um var sótt, en það er ekki ætlazt til, að honum verði lagt jafnmikið fje annarsstaðar frá. Þessi skóli hefur undanfarin ár verið styrktur með 120 kr. á ári, 60 kr. úr sýslusjóði og 60 kr. úr hreppssjóði. Hann hefur verið fyrir menn frá fermingu til þrítugs og hefur verið mikið sóttur, jafnvel úr Barðastrandarsýslu. Það er nú ekki fjarri, þó sýslurnar báðar, Stranda- og Barðastrandarsýsla, legðu 120 kr. til hans, en jeg álít, að hann verðskuldi meira. Jeg skal og geta þess, að þetta skilyrði, að jafnmikið sje lagt fram annarsstaðar frá, getur komið inn misrjetti. Þessi skóli er nú t. d. stofnaður með samskotum, 3,400 kr., sem skotið var saman úr sýslunni, en skólinn er skuldlaus og á jafnvel dálítið í sjóði. En nú má líka stofna skólana með lánum, og margir hafa verið stofnaðir þannig, og svo er lánið afborgað með landssjóðsstyrknum eða styrk úr sýslu-

sjóði. Það sjá nú allir, að sýsla sú, sem hjer á hlut að máli, hefur lagt mikið meira á sig með því þegar í byrjun, að leggja fram svo mikið fje, en aðrar sýslur, sem leggja fjeð fram smátt og smátt; og það er viðurkenningarvert, að skólinn skuli hafa gjört svo mikið gagn, án þess að stofna landssjóði í nokkur útgjöld. Og því meiri viðurkenningu á þessi skóli skilið, þar sem ráðanautur stjórnarinnar í skólamálum einmitt hefur tekið þennan skóla til fyrirmyndar fyrir aðra ísl. unglingaskóla. Mjer finnst því rjett, að honum sje veitt þessi upphæð, án þess gjört sje að skilyrði, að honum verði lagt jafnmikið annarsstaðar frá. Jeg treysti því ekki, að hann fái nú öllu meira annarsstaðar frá, en hann hefur fengið, því stofnkostnaðurinn er þegar lagður út, og hann getur fyllilega jafnazt á við þetta tillag.

Einn háttv. þm. úr Nd. skaut því að mjer í kvöld, að það mætti skoða leiguna af skólahúsinu sem framlag, en nú á skólinn húsið, og jeg er ekki viss um, að það sje fyllilega rjett af svona stofnun, að telja leigu eptir sína eigin eign. Að minnsta kosti get jeg ekki fellt mig við það. Jeg álít rjett, að hafa þetta hreint og klárt, og að hann fái það skilyrðislaust, sem hann hefur beðið um. Nú, og fái hann það, er það náttúrlega ekki meiningin, að hann fái nokkuð af hinni upphæðinni, sem ætluð er til unglingaskóla yfirleitt. Það er rjett, að hann hafi þessar 400 kr. hvort árið, og að hann fái þá ekki meira.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Fyrsta breyt.till., sem jeg í þessum kafla fjárlaganna þarf að minnast á, er við 13. gr. B. I. b, húsaleigustyrkinn handa lærisveinum prestaskólans, að á eptir »lærisveinum« komi: »80 kr. til hvers«. Þar næst er breyt.till. við b. 2., að neðan við athugasemdina bætist ný málsgrein, um að styrkinn megi að eins veita, »efnilegum, reglusömum og efnalitlum« piltum. Þessa sömu athugasemd hefur nefndin sett aptan við styrkveitingarnar á *öllum* skólunum. Fjárlaganefndinni þótti rjett, að taka það fram, að eptir þessu, og þessu *einu*, væri farið, því oss nefndarmönnum hefur þótt óviðkunnanlegt, að heyra, að t. d. sá pilturinn af þeim, sem útskrifuðust í vor úr hinum almenna menntaskóla, sem var lang bezt að sjer og lang efnilegastur að allri atgervi, skyldi ekki fá neinn styrk af þeirri einu ástæðu, að einn kennarinn mun hafa haft horn í síðu hans, og þózt *gruna* hann um einhvern undirróður, sem enginn gat þó sannað, og hefur að líkindum verið að öllu ástæðulaust. En þá varð að fara að leita í bænum til að fá Reykvíking til að sækja um styrk handa syni sínum. Þess vegna setur fjárlaganefndin það nú sem skilyrði við styrkveitingar allra skólanna, að efnilegir, en efnalitlir utanbæjarsveinar gangi fyrir, og vonar hún, að landsstjórnin sjái til, að stjórn skólans hagi sjer eptir því.

Þá er breyt.till. við B. II., sem að eins snertir niðurröðun liðanna, að 5. liður verði 1. liður, svo röðin verði hin sama og við hina skólana. Þar er líka bætt við sömu athugasemdinni um styrkveitingar og við prestaskólann, og loks er skipt um sæti á 5. og 6. lið við B. III. c.

Svo kemur breyt.till. 26 við B. III. c. 14 og 15, og leggur nefndin það til, að báðir þessir liðir falli burt, en það eru upphæðir þær, sem átti að veita til vinnustofu og áhalda samkvæmt nýju reglugjörðinni í hinum almenna menntaskóla. Reglugjörð þessi átti að leggjast fyrir þingið, en það hefur ei verið gjört, og því þykir nefndinni ó-

þarft að halda liðum þessum fyrst um sinn, eða veita fje til þeirra, þar til er reglugjörðin verður lögð fyrir þingið.

Þá er engin breyt.till. fyr en við B. VI. 3, að fyrir 1,500—1,500 innanstryks komi 2,000—2,000, og er það styrkurinn til kvennaskólans á Blönduósi, en að aptur á móti tillagið fyrir hverja námsmey verði lækkað að sama skapi. Upphæðin er þannig að eins flutt frá einum lið til annars, og verður hin sama utanstryks. Þegar litið er til þess, hve aðrir kvennaskólar, t. d. kvennaskólinn í Reykjavík, fá mikinn styrk, þykir nefndinni, að þessi skóli hafi orðið hart úti, og leggur því til, að breyting þessi verði gjörð.

Þá er næsta breyt.till. við B. VI. a, 5, sem er till. um, að liðurinn falli burt. Það er búið að samþykkja, að þennan skóla eigi að leggja niður, og þá undarlegt að vera að styrkja hann, og það er því skrítnara, að nefndinni hefur borizt til eyrna, að búið sje að ráða kennara fyrir næsta vetur við þennan skóla. En þetta er náttúrlega ekki bindandi fyrir þingið. Það er búið að láta í ljós, að skólinn eigi að leggjast niður, og þá telur nefndin sjálfsagt, að haga sjer eptir því.

Þá er 33. breyt,till. nefndarinnar við 13 B. VI, b, 4. Hún fer fram á það, að styrkurinn til að koma upp heimavistarskólum falli burt að þessu sinni. Þetta er tilraun, sem er að vísu góð, en nefndin telur hana ekki svo bráðnauðsynlega, að það megi ekki fresta henni, meðan fjárhagurinn er eins bágur og hann er. »Experiment« þetta er heldur ekki svo fullhugsað, að það bráðliggi á að framkvæma það.

Þá er breyt.till. við B. VI, b, 5, um það, að fjárupphæðin til umsjónarmanns með fræðslu barna falli burt. Frumv. um fræðslu barna er nú orðið svo breytt við meðferðina hjer, að flest allt það, sem þurfti umsjónar við, er fallið burt, svo nefndinni þykir ekki ástæða til að halda þessum lið, enda er óvíst, hvort frumv. um fræðslu barna kemst að þessu sinni út úr þinginu.

Þá leggur nefndin einnig til, að B. VI. 9 falli burt, en það er styrkur sá, sem að undanförnu hefur verið veittur studentafjelaginu í Reykjavík til alþýðufræðslu. Nefndinni virðist nú hafa orðið lítill árangur af þessari fræðslu, einkum í vetur, þar sem fáir aðrir fyrirlestrar hafa verið haldnir, en þeir, sem landssjóður borgar. Í annan stað hefur lítið orðið af þessum fyrirlestrum, því það gekk svo nokkra mánuði í vetur, að alltaf voru boðuð forföll hvern sunnudaginn fram af öðrum. Og nefndinni virðist yfir höfuð að tala, að stúdentafjelagið sje ekki svo liðað, að henni þyki því trúandi fyrir fje til alþýðufyrirlestra.

Þá hefur nefndin einnig lagt til, að B. VI. i, þóknunin fyrir kennslu í organslætti falli burt. Nefndinni þykir óþarfi að halda þeirri kennslu uppi á kostnað landssjóðs, og sá maður, sem nú hefur hana á hendi, hefur svo mikið að gjöra, að hann getur illa við því snúizt. Nefndinni þykir þetta því óþörf fjárveiting. En enginn hörgull nú orðið á mönnum, er kenna organslátt.

Þá er breyt.till. undir B. V. *l.* og *m.*, sem nefndin leggur til að sje felldir burtu. Það virðist sem sje ekki vera hlutverk landssjóðs heldur sveitarfjelaganna, að borga fyrir blinda og vanheila. Komist geðveikrahælið á, mætti ef til vill koma þeim fyrir þar á landssjóðs kostnað, en að veita sjerstakan styrk á fjárlögunum, þó hann sje smár og varið í góðum tilgangi, virðist nefndinni ekki rjett.

Þá er næsta breyt.till. við B. IX. um,

að styrkurinn til lögfræðings til þess að búa sig undir lögfræðiskennslu verði aptur numinn burt. Jeg býst nú við, að aðrir færi ástæðu fyrir þessari breyt.till. nefndarinnar, því jeg get ekki verið henni samþykkur, en meiri hluti nefndarinnar var henni fylgjandi og jeg vona, að hann losi mig við að gjöra grein fyrir ástæðum sínum.

Þá er enn farið fram á að fella B. X, styrkinn til þess að halda skemmtandi og fræðandi fyrirlestra. Nefndinni virðist nú svo, sem óviðast til sveita væru tæki til þess, að halda slíka fyrirlestra; það yrði líklegast sjaldan meir en stuttur upplestur með löngum griðkvenna dans á eptir. Það gæti náttúrlega hugsazt, að yrði gagn að þessum fyrirlestrum, ef fjeð væri ekki veitt, nema verulegt tilefni væri til, en nefndin leggur þó til, að liður þessi verði numinn burt.

Þá er breyt.till. við 14. gr. 7. b, að fyrir 600 innan stryks komi 720. Það er aukin þóknun til forngripavarðar, og þó eiginlega til aðstoðarmanns hans, en nefndinni þótti bezt við eiga, að setja þóknun þessa á nafn forngripavarðarins, sem ræður aðstoðarmanninn. Aths. fer fram á, að hver útlendingur, sem skoðar safnið, borgi 50 aura fyrir, svo landssjóður fái eitthvað í aðra hönd. Það er algengt um hinn siðaða heim, að menn borgi sem þessu svarar fyrir að sjá söfn, og það dregur engan, en það getur á hinn bóginn sparað landssjóði útgjöld við eptirlitið og ýms aukaverk við safnið.

Þá er næsta breyt.till við 14. gr. 10. um, að liðurinn falli niður, er það styrkur til Sögufjelagsins í Reykjavík. Engum mun dyljast, að fjelag þetta vinnur að þörfu verki, en ástæðan til þess, að meiri hluti nefndarinnar leggur þetta til, er sú, að einn nefndarmanna skýrði svo frá, að Bókmenntafjelagið væri fúst á að gefa út eitthvað af ritum þessa fjelags og borga ritlaun, en engin tilboð hefðu komið um það. Breyt.till. við 13.—31. lið er í sjálfu sjer eigi nema formbreyting á pappírnum, en það liggur þó dálítið meira á bak við, sem er það, að við vildum koma þeirri reglu á framvegis, að fá stjórninni í hendur vissa fjárupphæð, til sinna umráða, en alþingi svo ákvæði helztu fjárveitingar í þessu skyni, sem það vildi að teknar yrðu til greina af stjórninni. Eptir till. nefndarinnar er ekkert ákveðið um 6—7 hundruð kr., en sú upphæð getur breyzt, ef breytingar verða gjörðar við till. nefndarinnar. Aðferð þessa getum vjer með engu móti talið hættulega í þingfrjálsu landi, enda hefur hún verið notuð hjer áður, en var svo lögð niður 1887, með því að landshöfðingi þótti misbrúka vald þetta. Þetta gat verið eðlilegt þá, meðan stjórnin og þingið voru andstæðingar, en nú gildir eigi sú ástæða lengur; þótti okkur því æskilegt, að geta komið þessu á. Viðvíkjandi breytingunni á liðum þessum í heild sinni er ekkert að segja; það eru að eins bókstafir í stað talna, svo að eigi er þörf á að fjölyrða um það. Það eru þó nokkrir af liðunum, sem jeg verð að fara nokkrum orðum um, og það er einkum 23. liður frumv., staflið *l.* eptir breyt.till okkar, um 1,000 kr. hvort árið til cand. Boga Melsted til þess að rita sögu Íslands. Þar sem nú styrkur þessi hefur staðið í 12 ár, og enn er eigi annað komið út en landnámssagan, sem mest er tínd saman úr Landnámu og öðrum Íslendingasögum, og getur eigi talizt mjög mikið verk, og þar sem Bókmenntafjelagið enn fremur er reiðubúið til þess að gefa út, ef nokkuð væri til af framhaldi sögunnar, þá þótti okkur rjettast að

binda þetta fjárframlag einhverju skilyrði, og urðum þá ásáttir á það, að setja það sem skilyrði, að minnst 8 arkir kæmu út á ári. Þá leggur nefndin til, að 27. lið sje sleppt úr. Við álítum eigi þörf á að gefa út lýsingu á fjallvegum, og teljum heldur eigi svo mikinn fróðleik í ritsmíðum þess manns, er um fjárveiting þessa bað, að ástæða sje til að styrkja hann. Viðvíkjandi 30. lið skal jeg geta þess, að okkur þótti rjettara að bæta við »*allt að*« við báðar fjárupphæðirnar, með því að það getur alltaf komið fyrir, að ferða- og rannsókna-kostnaður nemi eigi allri upphæðinni, sökum veikinda eða annara forfalla., en við vildum hafa tryggingu fyrir því, að fje þessu væri eigi eytt til einskis.

Jeg gleymdi að geta um lækkun á 18. og 19. lið. Þótt nefndin kannist við gagnsemi bindindishreyfingarinnar, þá finnst henni þó eigi ástæða til að hafa tillagið til stórstúku Goodtemplara meira en 1,200 kr. á ári, enda er það þá sama upphæð og áður var. 18. lið vill nefndin færa niður í 200 kr.; þykir henni nóg að verja 1,400 kr. til eflingar bindindis árlega í landinu. Við báða þessa liði vill svo nefndin setja þá athugasemd, að fjelög þessi gjöri stjórninni reikning fyrir, hvernig fjenu er varið; meiri hluti nefndarmanna vildi sem sje, að vissa væri fyrir því, að fjenu væri varið til eflingar bindindis, en eigi til að útbúa þvingunarlagaáskoranir, enda virðist það eigi ósanngjörn krafa, að þingið fái að sjá, hvernig fjenu er varið.

Jeg kem þá að 15. gr. frv.; stingur nefndin þar fyrst upp á, að röð liðanna breytist þannig, að fyrst sje Hólaskóli; svo Hvanneyrarskóli o. s. frv. Svo viljum við hækka árstillag Eyðaskólans úr 1,200 kr. hvort árið upp í 2,500 kr. fyrra árið og 1.500 kr. síðara árið til þess að gjöra Eyðaskóla jafnhátt undir höfði og verklegu kennslunni í Ólafsdal, en að Eyðaskóli fái eigi þátt í styrknum eptir nemendafjölda; sparast landssjóði við þetta 1,000 kr.

Þá er næst 45. br.till. við 15. gr., sem fer fram á, að til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum veitist hvort árið allt að 2,000 kr. í stað 3,500 kr.; fannst okkur þetta sómasamleg borgun og eigi þörf á að gjöra sjerstakt embætti úr þessu, og höfum því orðað það svo. Við 15. gr. 1. i. höfum við breytt 15,000 í 18,000 til samvinnusmjörbúa; er það samkvæmt frv. um það efni, sem nýlega er komið gegn um deildina og væntanlega verður samþykkt af þinginu, svo að við búumst við góðum undirtektum undir þetta hjá háttv. deild. Þá leggur nefndin til, að 15. gr. 7. liður orðist svo: »Til Iðnaðarmannafjelagsins í Rvík, til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að koma upp og reka tekníska skóla í Reykjavík, 4,000 fyrra árið og 5,000 síðara árið«. Þetta þótti nefndinni nauðsynlegt og gagnlegt, en hún getur eigi fallizt á, að veita Iðnarmannafjelaginu sjerstaklega ferðastyrk, þar sem iðnaðarmenn fá ferðir til Danmerkur fyrir hálft verð með skipum sameinaða gufuskipafjelagsins, og fje er veitt á öðrum lið til utanfararstyrks íslenzkum iðnmönnum án tillits til, hvar þeir eiga heima á landi hjer. Enu fremur viljum við fella burtu styrkinn til teknísks skóla á Akureyri og kveldskóla á Ísafirði, enda er oss eigi kunnugt um, að þar sjeu til kennslukraptar nægilegir til slíkra skóla, og hyggjum fjárbænir þessar komnar fram mest til þess, að apa eptir Rvík. Við leggjum því til, að aðeins tekniski skólinn í Reykjavík sje styrktur; hyggjum hann geta unnið gott gagn,

þar sem hann hefur góðan skólastjóra og kennslukrapta, sem oss er eigi kunnugt um að sjeu til annarsstaðar hjer á landi. Þá finnst nefndinni nóg að veita 1,500 kr. til utanfararstyrks iðnaðarmanna *á landinu;* því fremur, sem þeir fá far fyrir hálft fargjald til annara landa. Þá hefur nefndinni litist, að bæta inn í styrk til 2 efnilegra námsmanna, til þess að nema rafmagnsfræði; ætlar annar þeirra að stunda nám þetta í Kaupmannahöfn, en hinn við Harwardháskóla í Cambridge við Boston í Massachusetts í Ameríku. Við lítum svo á, að mikil þörf muni bráðum hjer á landi fyrir menn, er hafa lagt þetta fyrir sig og vonum því eptir góðum undirtektum hjá háttv. deild, einkum þar sem þetta eru því nær þær einu fjárhækkanir, sem við höfum farið fram á. Þá var meiri hluti nefndarinnar því meðmæltur, að fella burtu 800 kr. styrk til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina mönnum við húsabyggingar, en af því að jeg var þar í minni hluta, ætla jeg ekki að fara mörgum orðum um það, enda býst jeg við, að þeir, sem voru þess hvetjandi, að nema styrkinn burtu, muni mæla fyrir sinni skoðun. Enn leggur nefndin til að hækka laun beggja yfirmatsmanna fisks úr 800 kr. á ári upp í 1,000 kr. Nefndin telur þessa stöðu mjög svo áríðandi; mönnum þessum er bannað, að hafa *nokkra* atvinnu í þjónustu kaupmanna, sem með fisk verka; menn þessir eru að kunnugra manna vitni, mjög hæfir og skylduræknir, og þótt nýjir menn fengjust í svip, þá yrðu þeir að fara utan og yrðu án efa ófúsir að halda áfram ári lengur, er þeir reyna stöðuna. Mjer er líka kunnugt um, að yfirmatsmaðurinn í Rvík varð að sleppa betur launaðri stöðu, til þess að geta tekið þetta að sjer; jeg veit með vissu, að hann segir sig *þegar í stað* frá starfinu, ef launin eigi verða hækkuð á þessu þingi. Loks viljum vjer bæta 50 kr. á ári við skrásetjara vörumerkja eins og hann hefur nú. Hvort sem starfið er meira eða minna, þá er honum þó gjört að skyldu, að leggja til skrifstofu, sem hann á að halda opinni 1 klukkustund daglega, auk þass auðvitað ljós og hita. Þegar þess er nú gætt, að menn hjer á landi eru óstundvísir, þá má ganga að því vísu, að hann sje optar ónáðaður, og það virðist því eigi of mikið, að hann hafi því nær 1 kr. á dag. Enn leggjum við til, að styrkurinn til Ísaks Jónssonar íshússtjóra falli niður. Jeg er að sönnu eigi vel kunnugur þessu máli. en eptir því, sem jeg hef spurt, er það úr vegi fyrir fiskimenn að sækja síld inn á Þorgeirsfjörð, og mundi því betra að hafa íshúsið annarsstaðar og þá meiri von styrks. Við 20. gr. frumv. leggur nefndin til, að orðin »frá útlöndum« í fyrstu málsgr. 4. liðs falli burtu, því að okkur fannst engin ástæða til þess að gjöra það að skilyrði, að skipin væru keypt frá útlöndum, því að þau geta verið jafngóð, þótt keypt sjeu innanlands. Að síðustu leggjum vjer til, að bætist aptan við 1. grein 11. liðs 20. gr. um lán til J. Reykdals: »Þó má lánið eigi fara fram úr hálfu virðingarverði«. Þessu vildi nefndin bæta við, með því að þetta er vani, þegar lánað er gegn veði í húseignum.

Þessu næst skal jeg nú minnast lítið eitt á helztu breyt.till., sem komnar eru frá öðrum, en nefndinni.

Fyrst eru þá 3 breyt.till. á þskj. 505 frá 3. kgk. þm. (B. M. Ó.). Nefndin getur ekki fallizt á þær, og þykir óviðfeldið, að samþykkja þær, ef frumv.

um fræðslu barna gengur ekki fram á þessu þingi. Nefndin ræður því háttv. deild til að fella þær.

Þá er breyt.till. á þskj. 509 frá ráðherra; meiri hluti nefndarinnar er á móti 1. breyt.till. við 13. gr. A. b. um fjárveitingu til milliþinganefndar í kirkjumálum, og mun gjöra grein fyrir tillögu sinni; jeg er ekki í þeim háttv. meiri hluta, svo jeg get það ekki.

Um aðra breyt.till. á sama skjali hefur ekki verið gengið til atkvæða í nefndinni, og hefur hver nefndarmaður frjálsar hendur að því, er atkvæðagreiðslu snertir um hana.

3. breyt.till. á sama skjali um styrk til íslenzkra kvenna til handavinnunáms hjá »Kunstflids-foreningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn, vill meiri hluti nefndarinnar fella, en þar sem jeg er ekki í þeim meiri hluta, þá býst jeg við, að hann gjöri grein fyrir atkvæði sínu í því atriði.

1. breyt.till. á þskj. 510 frá háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) gjörir enga breytingu á upphæðum frumv., og gjörir að því leyti hvorki til nje frá; viðvíkjandi hinum nýja lið, samkvæmt 2. breyt.till. á sama þskj., um styrk til unglingaskólans á Heydalsá, 400 kr. hvort árið, var að mig minnir engin ákvörðun tekin í nefndinni; það var látið vera laust og bundið, svo hver og einn nefndarmanna ræður sínu atkvæði um það.

Áður en jeg tala um breyt.till. á þskj. 506, um strandgæzluna hjer við land, þá ætla jeg að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra, hvort stjórn Íslands hefur nokkurt atkvæði um það mál.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg á hjer nokkrar breyt.till. á þskj. 505, sem jeg vildi leyfa mjer að mæla dálítið með.

1. breyt.till. gengur út á, að aptan við athugasemdina við 2. lið í 13. gr. B. VI. b. bætist ný málsgrein eins og á skjalinu stendur: »Nokkru af þessum styrk« o. s. frv. »má verja til sveitakennara, er« o. s. frv.; eins og háttv. deild er kunnugt, hefur verið samþ. hjer í deildinni með miklum meiri hluta atkvæða, að taka upp í frumv. til laga um fræðslu barna nýja grein um eptirlit með heimafræðslu; þetta var nýmæli og þess vert, að styrkja það; breyt.till. er alveg meinlaus, og gengur að eins út á það, að veita stjórninni heimild til þess, að veita þeim kennurum nokkurn styrk, sem eptirlitið hefðu; þessi heimild er heppileg, ef greinin helzt í fræðslufrumv.; gangi greinin ekki fram, þá væri gott fyrir stjórnina, að hafa þessa heimild, svo að dálitla reynslu mætti fá til næsta þings. Það kemur fram í nefndaráliti því, sem nefndin í málinu í háttv. Nd. hefur gefið, að allar líkur eru til, að frumv. gangi þar fram í líku formi eins og hjer, og yrði þá þessi viðbót, sem jeg hef leyft mjer að koma hjer með, í góðu samræmi við frumv., en gangi frumv. ekki fram, þá er engu hjer með spillt, því viðbótin gefur stjórninni, eins og jeg tók fram, að eins heimild til, að veita styrkinn; vildi nú einhver hreppur gjöra tilraun í þessu atriði, þó lögin um barnafræðslu gengu ekki fram á þessu þingi, þá væri það einmitt mjög heppilegt, að stjórnin hefði heimild til, að veita dálítinn styrk.

2. breyt.till. mín er um styrk til sunnudagaskóla, og er hún einnig í samræmi við fræðslufrumv. Raunar hefur háttv. nefnd í Nd. lagt til, að fella burtu styrkinn til sunnudagsskóla; en þó svo færi, að atkvæði frumv. um sunnudagaskóla yrðu felld úr, þá væri samt mjög æskilegt, að þessi breyt.till. mín næði fram að ganga, því þá mætti fá svo litla reynslu í þessu; þetta er

harla lítill tilkostnaður, og vona jeg, að háttv. deild samþ. breyt.till.; það er gott að hafa þessa litlu upphæð, 600 kr., síðara árið á fjárlögunum til uppörfunar fyrir menn til að gjöra tilraun með sunnudagaskóla.

Þá er loks 3. brevt.till. mín við 13. gr. B. VI., 4, að í fyrirsögn liðsins komi »heimavistarskólum« í staðinn fyrir »heimavistarbarnaskólum«. Það var tekið fram við umræður fræðslufrumv. hjer í deildinni, að barnaskólum mundi óvíða verða komið á fót til sveita; það mundi að eins geta orðið í þeim fjölmennari og þjettbyggðari landsveitum; aptur á móti var það talið heppilegt, að unglingaskólar væru reistir í sveitum, annaðhvort út af fyrir sig eða í sambandi við barnaskóla; ef nú slíkir skólar yrðu stofnaðir, þá vildi jeg, að heimild sú til styrkveitingar, er 13. gr. B. VI. b. 4 ræðir um, næði einnig til þessara skóla; það er ekkert því til fyrirstöðu, eins og gefur að skilja, að styrk megi veita heimavistarbarnaskólum, þótt breyt.till. mín verði samþ.; jeg vil að eins, að heimildin nái einnig til unglingaskólanna.

Nefndin leggur nú raunar til, að þessi liður 13. gr. B. VI. b. 4 falli burtu; en ef sú till. hennar gengur ekki fram, sem vonandi er, þá kemur breyt.till mín til greina.

Nefndin leggur enn fremur til, að þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu falli burtu; þessu er jeg mótfallinn með sjerstöku tilliti til þess, að frumv. um fræðslu barna mun verða samþ. í háttv. Nd. að mestu óbreytt, svo líkur eru til, að það nái fram að ganga á þessu þingi; því ef svo fer, þá er fjárveitingin alveg nauðsynleg; en verði það ekki að lögum á þessu þingi, þá er engin skaði skeður, því þá sparast fjeð.

Þá leggur háttv. nefnd til, að styrkur við læknaskólann, prestaskólann og hinn almenna menntaskóla sje að eins veittur efnilegum, reglusömum og fátækum nemendum; þetta hefur eptir því, sem mjer er kunnugt, ætið verið föst regla, en það er ekki nema gott, að taka það fram í lögunum; en mjer finnst, að þetta ákvæði ætti einnig að ná til húsaleigustyrksins; það er engin ástæða til að láta annað gilda um hann, en námsstyrkinn í þessu tilliti; sömuleiðis finnst mjer hálf ótilhlýðilegt, að veita t. d. piltum, sem búa hjá foreldrum sínum hjer í bænum, húsaleigustyrk; jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún treystir sjer ekki til að koma með breyt.till. í þessu efni við 3. umr. málsins.

Jeg vildi óska, að 3. breyt.till. á þgskj. 509 frá hæstv. ráðherra næði fram að ganga; fjelagið hefur sýnt Íslandi svo mikla velvild; það hefur veitt íslenzkum stúlkum ókeypis kennslu og jeg held stundum ókeypis far til Kaupmannahafnar; sjerstaklega er það vefnaður, sem það hefur kennt þeim; svo hafa þessar stúlkur flutt kunnáttu sína hingað heim á kvennaskólann í Reykjavík; þær hafa gjörzt þar kennarar og kennt nemendum skólans mjög fagran vefnað. Jeg held, að styrkurinn eigi ekki að ganga til fjelagsins, heldur til þess að kaupa fyrir vefstóla; jeg held þetta sje svo. Það er eitthvað undarlegt í því, að sýna þessu fjelagi enga viðurkenningu, þar sem það ætlast til, að að eins íslenzkar stúlkur njóti styrksins.

Ráðherrann: Jeg á hjer nokkrar breyt.till. á þgskj. 509. Liðir þeir, sem breyt.till. ræða um, voru felldir burtu í háttv. Nd., og get jeg því vísað til ástæðanna við stjórnarfrumv. og umræðanna í Nd. Fjárlaganefnd Nd.

hafði komið fram með till. um, að fjárveitingin, sem 1. breyt.till., við 13. gr. A. b. hljóðar um, 3000 kr. til milliþinganefndarinnar í kirkjumálum falli burt. Jeg hafði óskað eptir yfirlýsingu fjárlaganefndarinnar um það, hvort ætlazt væri til, að milliþinganefndin í kirkjumálum hjeldi áfram störfum sínum, eða hún hjeldi að eins áfram störfum, meðan fje það hrykki, sem veitt er til hennar á núgildandi fjárlögum. Ef jeg hefði fengið það svar, að ætlazt væri til, að hún hjeldi áfram störfum sínum upp á væntanlega aukafjárveitingu, eins og hinar milliþinganefndirnar hafa gjört, gat auðvitað þessi liður fallið burt; en áður en framsm. fengi svarað fyrirspurn minni, voru umræðurnar skornar niður, en liðurinn felldur; mjer þótti því hlýða, að spyrja háttv. Ed. einnig um þetta; eins og kunnugt er, er nefndin formannslaus sem stendur, og er því verklama; ef nefndin á að lúka starfi sínu, svo í lagi sje, þá þarf talsvert fje til þess, eptir því sem fyrverandi formaður nefndarinnar hefur skýrt frá störfum þeim, sem hún á eptir. Viðvíkjandi 2. breyt.till. við 13. gr. B. III, skal jeg vísa til ástæðanna við stjórnarfrumv., en að eins skjóta því hjer inn í, að það virðist miklu heppilegra fyrir kennsluna í skólanum, að hafa sem mest fasta kennara, en þessa miklu tímakennslu; sjerstaklega verður þetta tilfinnanlegt, ef skipta þarf 1. bekk í 2 deildir.

Um 3. breyt.till. mína á sama þgskj. við 15. gr. um styrk til stúlknanna, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) mælti svo vel með, skal jeg að eins taka það fram, að styrkurinn gengur til stúlknanna sjálfra, en ekki fjelagsins; þetta er tekið fram berum orðum í umsókninni, sem samin er og undirskrifuð af forstöðukonu fjelagsins, frú E. Gad. Það mundi vera einskonar viðurkenning um gagnlega starfsemi fjelagsins, ef þessi litli styrkur væri veittur, til að sækja skóla þess; þessa viðurkenningu á fjelagið fyllilega skilið, því það hefur sýnt oss mikla velvild og stendur í sambandi við helzta fjelagið hjer á landi, sem leggur stund á heimilisiðnað, nefnilega Thorvaldssensfjelagið.

Þá ætla jeg að minnast á fáeinar af breyt.till. háttv. nefndar á þgskj. 482. Það er þá fyrst 26. og 27. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. III. c. 14 og 15; nefndin leggur til, að þessir liðir falli burtu. Í hinni nýju reglugjörð skólans stendur, að það eigi að kenna handavinnu í skólanum; ef fjárveitingu til útbúnaðar og smíðatólakaupa er neitað, þá er ómögulegt að framkvæma þetta ákvæði reglugjörðarinnar; jeg get ekki almennilega skilið, hversvegna nefndin vill neita um fjárveitingu til þessa; jeg veit ekki betur, en að reglugjörðin sje góð og gild í alla staði, enda þótt hún aldrei nema sje að eins til bráðabirgðar; það stendur raunar í nefndarálitinu, að reglugjörðin eigi eptir umtali að leggjast fyrir alþingi til athugunar; mjer er alveg ókunnugt um þetta umtal, enda getur það varla verið nein ástæða til að neita um fjárveitinguna, þó að eitthvert umtal hafi verið í þessa átt; reglugjörðin er prentuð í Stjórnart., og þar gat nefndin kynnt sjer hana; jeg vona því, að háttv. þeild felli þessa till. nefndarinnar. Þá er 30. breyt.till. (482) háttv. nefndar við 13. gr. B. VI. a. 5. um að fella burtu styrkinn til kvennaskólans á Akureyri; þetta virðist óneitanlega nokkuð hart, þar sem vitanlegt er, að búið er að semja um hús og kennslu fyrir skólann næsta ár. Upp úr því er víst meiningin að breyta honum í nokkurskonar hússtjórnarskóla; jeg er viss

um, að það mundi vekja mestu óánægju á Norðurlandi almennt, ef skólinn væri þannig sviptur styrk hið síðasta ár, sem hann stendur.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til að koma upp heimavistarbarnaskólum, verði felldur burtu; jeg get ekki fallizt á þá till.; það væri gott að hafa upphæðina »disponibel«, ef einhverjir vildu gjöra tilraun, eins og háttv. 3. kgk. þm, (B. M. Ó.) tók svo skírt fram.

Jeg fæ heldur ekki sjeð, að rjett sje, að fella niður upphæðina til umsjónarmanns barnaskóla og alþýðufræðslu undir 5. lið 13. gr. B. VI. b. 2,300 kr. hvort árið, hvort sem gengið er út frá því, að barnafræðslufrumv. verði að lögum eða ekki; það mætti gjarnan orða fjárveitinguna svo, að greiða mætti fleirum, en einum þóknun fyrir eptirlitið, og væri þá sök sjer, þó upphæðin væri færð dálítið niður; en að fella veitinguna til eptirlitsins alveg í burtu, álít jeg mjög óheppilegt.

Þá vill háttv. nefnd fella burt 2 smáupphæðir síðara árið til blinds drengs Erlends Páls Jónssonar og vitfirrtrar stúlku, dóttur Þorkels Hreinssonar; að því er drenginn snertir, þá virðist mjer það næsta óviðfelldið, að taka nú styrkinn af honum, þar sem um svo litla upphæð er að ræða, og fyrst einu sinni hefur verið gefin von um þennan styrk vissan tíma, að veita ekki styrkinn fyrir þann tíma út. Verði styrknum kippt í burtu, þá leiðir þar af annaðhvort það, að faðir drengsins verður að taka drenginn aptur af stofnuninni, eða hann lendir á sveitina. Mjer finnst alls ekkert óviðkunnanlegt við það, að landið veiti styrk til blindrakennslu, eins og árlega er veitt talsvert fje til að kenna daufdumbum; ef við veitum fje til annars, því þá ekki einnig til hins; hvorttveggja virðist mjer jafn eðlilegt.

Þá hefur nefndin lagt til, að fella burtu styrkinn til lögfræðings til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann, 2,500 kr. hvort árið. Jeg fæ ekki vel sjeð, hvers vegna háttv. nefnd setur sig á móti þessari fjárveitingu. Henni hlýtur að vera kunnugt um það, að enginn hjer á landi er fær um að taka að sjer starfið án undirbúnings, en aptur á móti eru til menn, sem mundu verða vel færir um það eptir 1—2 ára undirbúning við erlenda háskóla. Það er harla undarlegt af nefndinni, að leggja til, að fella þessa fjárveitingu burtu, en vera jafnframt hlynnt lagaskóla; hinir sömu háttv. þm. voru jafnframt með til að samþ. lagafrv. um lagaskóla á síðasta þingi. Hvernig víkur því þá við, að þeir vilja nú ekkert fje veita til framkvæmda þessum lögum? Háttv. Nd. lækkaði styrkinn að vísu dálítið, en hún fór aldrei fram á, að fella hann burtu.

Jeg get ekki heldur sjeð, að heppileg sje sú till. háttv. nefndar, að fella burtu styrkinn undir X. 13. gr. B. til vekjandi og fræðandi fyrirlestra. Tilgangurinn með þessum styrk er einmitt jafnframt sá, að hjálpa fólki til að afla sjer skemmtana, um leið og það fær dálítla fræðslu og uppvakningu; samkomurnar, sem leiða af fyrirlestrunum, eiga eins mikið að verða til þess, að gefa fólki kost á að sjást og kynnast, eins og beinlínis að veita fræðslu, með einu orði: meiningin er, að gjöra vetrarlífið í sveitinni dálítið vistlegra og skemmtilegra, en það er nú, og þar með reyna að draga lítið eitt úr þeim straum á fólki til kaupstaðanna, sem hingað til hefur átt sjer stað; því margir halda, að fólksstraumurinn til kaupstaðanna úr landsveitunum stafi að minnsta kosti meðfram af því, hve tilbreytingalaust sveitalífið á vetrum er víða hvar í samanburði

við allar dýrðarsögurnar frá kaupstöðunum.

39. breyt.till. háttv. nefndar við 14. gr. 7. b. get jeg ekki sjeð að sje viðunandi, að því er athugasemdina snertir; það væri harla óviðfelldið, að gjöra sjer þann mannamun, að taka gjald af útlendum mönnum fyrir að sjá safnið, en ekki innlendum. Jeg skil heldur ekki, hvernig ætti að fara að framkvæma þann aðgreining sauðanna frá höfrunum í mörgum tilfellum. Hvernig ætti að þekkja sundur, hvort mennirnir væru íslenzkir eða danskir? Spyrja hvern einstakan um ætt og óðal? Heimta þjóðernisskírteini af hverjum manni, sem inn á safnið kemur, og rukka svo suma, en suma ekki? Setjum að innlendir menn og útlendir komi í einum hóp á safnið; væri þá ekki óviðfelldið, að taka gjald af útlendingnum, en ekki innlenda manninum?

Hitt álít jeg væri ráðlegra, að selja öllum aðgang á vissum dögum.

Háttv. Nd. fjellst á, að veita til verkfræðings, er væri til aðstoðar landstjórn og hjeraðsstjórnum í ýmsum framkvæmdum öðrum en vegamálum, samtals 3,500 kr. hvort árið. Háttv. fjárlaganefnd hefur fært þessa upphæð niður í 2,000 kr., með sjerstöku tilliti til þess, að hún álítur, að þetta starf geti verið hjáverk fyrir fyrverandi verkfræðing landsins. En það er mikill misskilningur, að halda, að ekki verði nægilegt að starfa fyrir verkfræðinginn, því verkfræðingur landsins er svo upptekinn hvort sem er af vegagjörðum og brúm og því, er að slíkum störfum lýtur, hann getur ekki sinnt neinu öðru. Sama upphæð, sem nú er farið fram á, hefur staðið á undanfarandi fjárlögum, en nú er hann að eins undir annari fyrirsögn. Áður voru veittar 3 þús. kr. til leiðbeiningar í húsagjörð og byggingarefnum. Sá verkfræðingur, sem hafði það fje síðasta fjárhagstímabil, er nú orðinn verkfræðingur landsins, og það er hans fyrra sæti, sem um er að ræða í öðru formi. Jafnframt öðru gæti þessi verkfræðingur leiðbeint í byggingabótum, þegar svo ber undir.

Ef breyt.till. nefndarinnar verður samþ., verður ekki hægt að fá hæfan mann til starfsins, en standi liðurinn óbreyttur, eins og hann var í stj.frv., hef jeg von um að fá góðan og efnilegan mann til starfsins. Þessi laun, sem hjer er um að ræða, eru sannarlega ekki mikil, þegar tekið er tillit til, hvað »ingeniörar« eru vel launaðir í öðrum löndum. Það er fyrir sjerstaka heppni, að maður hefur boðizt fyrir svona lítil laun, og jeg legg talsverða áherzlu á, að þurfa ekki að sleppa honum. Jeg skal í sambandi við þetta taka það fram, að biskupinn hefur farið þess á leit við stjórnina, að maður væri fenginn til að gefa leiðbeiningar við byggingar á kirkjujörðum o. s. frv. Stjórnin áleit, að beiðni biskupsins væri á mjög góðum rökum byggð, enda þótt hún gæti ekki lagt með því, að eins mikil fjárupphæð væri veitt og hann fór fram á.

Loks skal jeg taka það fram, út af breyt.till. háttv. þm. G.-K. (V. G.) við 18. gr., að jeg álít, að það sje allsendis óþarft, að gjöra það að skilyrði fyrir því, að $^2/_3$ botnvörpungafjárins gangi til strandgæzlunnar, að Íslandsráðherrann hafi atkvæðisrjett um, hvernig eptirlitinu sje hagað. Eins og jeg hef skýrt fjárhagsnefndunum, þar á meðal einnig hinum virðulega tillögumanni frá, hefur það alltaf verið venja að undanförnu, að fá tillögur Íslandsráðherrans á hverju vori, áður en eptirlitsskipið hefur lagt af stað, um það, hvort nokkru eigi að breyta í fyrirkomulagi eptirlitsins.

Íslenzka stjórnin hefur því lengi *de facto* haft afskipti þau, sem breyt.till. fer fram á. Það er því eins konar tortryggni í þessu, sem sjóliðsstjórnin á ekki skilið. Yfir höfuð að tala hefur varðskipið verið mjög fúst á að fara eptir bendingum og óskum íslenzku yfirvaldanna, enda einnig haft skipun um það frá sjóliðsstjórninni. Seinast t. d. í fyrra fór »Hekla« fyrir stjórnina tvær ferðir út af mislingunum, og hefði ef til vill ekki án þess verið hægt að hindra útbreiðslu mislinganna. Jeg álít því, að það eigi alls ekki við, að draga þetta hjer inn, sem skilyrði fyrir fullnæging sanngjarnra krafa, og legg því eindregið til, að þessi breyt.till. þm. G.-K. verði felld.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það er að eins viðvíkjandi breyt.till. hæstv. ráðherra um fjárveiting til kirkjumálanefndarinnar, að jeg vil tala nokkur orð. Nefndin kom saman í ágústmánuði í fyrra og vann þá að starfi sínu nokkuð fram í október, en störfin gengu meira til undirbúnings hinu mikla verkefni hennar, heldur en til að ljúka til fulls við nokkuð, sem nokkru verulegu nam. Kostnaðurinn við þessi störf nefndarinnar næstliðið ár mun hafa orðið um 1,800 kr. í ferðakostnað og dagpeninga nefndarmanna; þar sem þá er eigi eptir meira, en um 1,200 kr. af fje því, sem áður ur hefur verið veitt til kostnaðar við nefndina, þá var nefndarmönnum ljóst, að ef eigi yrði veitt nokkuð að mun til viðbótar við það, þá mundi nefndin eigi geta starfað saman svo lengi, að hún gæti lokið ætlunarverki sínu, eins og hún óskaði, og því fór hún fram á nýja fjárveitingu. Milliþinganefndir hljóta allt af að verða nokkuð dýrar, sjerstaklega þegar um fimm manna nefnd er að ræða, eins og hjer á sjer stað. Af þeim ástæðum, sem jeg hef nefnt, vil jeg því leggja sem bezt með nefndri breyt.till., því að verði hún eigi samþykkt, má óttast fyrir, að störf nefndarinnar verði að ýmsu leyti hálfverk, og sumt verði hún alveg að leiða hjá sjer, sem hún annars hefði talið sjer skylt að taka til meðferðar.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal ekki lengja mikið umræðurnar. Jeg ætla að minnast dálítið á breyt.till. hæstv. ráðherra á þgskj. 509. Jeg finn eiginlega enga ástæðu til að vera þeim meðmæltur. Jeg er mjög vondaufur um, að starf kirkjumálanefndarinnar verði að miklu meira liði, þótt hún fengi nú þessa fjárupphæð, sem hjer er farið fram á, enda óeyddar 1,200 kr. af hinni upphaflegu fjárveitingu, og væri rjett að sjá, hve langt það fje næði, áður en farið er að veita meira fje.

Jeg get heldur ekki verið með því, að tvískipta þeim 2,800 krónum, sem ætlaðar eru til tímakennslu við hinn almenna menntaskóla. Jeg álít það ekki heppilegt, að svo komnu máli, með því að valið á aukakennara getur alveg eins misheppnazt, sem val á tímakennara, en örðugra að losast við hann, en tímakennarana. Það er nógur kostur á að fá tímakennara, og jeg álít það engan veginn óheppilegt, þótt þeir verði nokkuð margir fyrst um sinn, þar til fengin er reynsla fyrir því, hverjir dugi bezt, því með því móti mætti fá að góða reynda kennara í embættin, ef þeim yrði fjölgað, sem líklega verður ástæða til síðar.

Mjer finnst það vera algjörlega ástæðulaust og út í loptið, að veita styrk þann, sem farið er fram á á þgskj. 509, til stúlkna þeirra, er nema hjá »Dansk Kunstflidsforening«, þegar tekið er tillit til þess, að þær hafa ókeypis kennslu og ferðastyrk, og standa

þannig betur að vígi, en margir aðrir, er nám stunda erlendis.

Að því, er snertir breyt.till. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) á þgskj. 505, þá er afstaða mín til þeirra nokkuð önnur, en áður, því nú lítur svo út, að barnafræðslufrumv. ætli að ganga í gegnum þingið. Jeg fyrir mitt leyti mun að minnsta kosti vera með því, að 1. liður verði samþykktur.

Að því, er snertir reglugjörð latínuskólans, þá var einmitt gengið út frá því 1903 hjer í þessari deild, að ef þingið semdi hana, þá mundi verða 2 ára dráttur á málinu; þessvegna var álitið hagkvæmast, að stjórnin semdi hana, og svo yrði hún á eptir lögð fyrir þingið til athugunar og breytinga. Þessu man jeg að háttv. þm. G.-K. hjelt fram. Þá skal jeg taka það fram að því, er snertir 13. gr. B. I. lið 1, að það skilyrði, sem nefndin setti, átti eigi síður við húsaleigustyrkinn. En þegar breyt.till. við frumv. voru skrifaðar, þá hefur þetta fallið úr þeim, svo nú lítur svo út, sem skilyrðið eigi ekki við báða liðina. Þá skal jeg geta þess, að því er snertir 14. gr. 7. viðvíkjandi forngripasafninu, að jeg álít heppilegast, að selja aðgang vissa daga. Jeg hreyfði þessu í nefndinni, og einmitt það sama vakti fyrir mjer eins og hæstv. ráðherra, að óþægilegt mundi verða að skilja sauðina frá höfrunum. Jeg vildi annars óska, að háttv. stjórn semdi sem fyrst skipulagsskrá fyrir safnið, svo jeg hefði að einhverju vísu að ganga um það, hvað skylda mín nær langt. Þýzki konsúllinn hefur nýlega borið mjer á brýn, að jeg hafi að ástæðulausu útilokað þýzka ferðamenn af skemmtiskipinu »Hamburg« frá safninu. Þetta er algjörlega ósatt mál. Jeg hef auðvitað lokað því, eptir að það hafði staðið opið í heilan dag fyrir ferðamennina, og alls eigi að ástæðulausu, því sú umsjón, sem var þar af hálfu konsúlsins, var ekki svo góð, að jeg gæti trúað henni fyrir safninu í því margmenni, sem þar var. Og auk þess er mjer ómögulegt að sjá, að konsúll Thomsen og Þjóðverjarnir hans eigi að vera rjetthærri, en landsins eigin börn, sem ekki eiga neina heimting á að sjá safnið, hve nær sem þau óska, og fá það eigi heldur. Jeg skal taka það fram í þessu sambandi, að jeg hef í mörg ár, hvað eptir annað, sýnt safnið bæði útlendum og innlendum á öðrum tímum, en mjer er skylt að vera þar, en allar þær sýningar eru greiðvikni af mjer, en enginn skylduskattur, því jeg tel mig alls eigi *skyldan* til að sýna nokkrum, hvorki innlendum nje útlendum, safnið, nema á hinum reglulega sýningartíma, og því síður leyfa óviðkomandi mönnum umsjón á því, sem jeg sjálfur ber ábyrgð á. Jeg skal því enn á ný ítreka það, að jeg tel mjög æskilegt og nauðsynlegt, bæði mín og safnsins vegna, að háttv. stjórn semji sem fyrst skipulagsskrá fyrir safnið.

Framsögumaður minni hlutans (Valtýr Guðmundsson þm. G.-K.): Jeg get ekki verið með breyt.till. ráðherrans við 13. gr. B. III. 2. lið, að skipta 2,800 kr. milli 1 aukakennara og tímakennara. Jeg álít, að þessi breytiug sje algjörlega ástæðulaus, því það er mjög langt frá því, að hjer sje hörgull á tímakennurum. Það væri langtum meiri meining í því, að bæta þá við föstum kennara. Jeg get ekki verið með því, að styrkurinn til skólaumsjónarmannsins falli í burtu, því jafnvel þó fræðslumálafrumv. ekki gangi í gegn, þá álít jeg að stjórninni veiti ekki af að hafa sjer skólafróðan mann til aðstoðar. Jeg vildi óska eptir

að sjerstök atkvæðagreiðsla yrði um 14. gr. 6 (Þjóðvinafjelagið). Jeg get ekki verið með því, að styrkja af landssjóði tímarit, sem jafnhneyxlanlegar greinar hafa komið í eins og nú síðustu árin.

Jeg er með því, að hækkuð sje umsjónarþóknun við Forngripasafnið, og sömuleiðis er jeg hinum hæstv. ráðh. samdóma um það, að heppilegast sje, að aðgangur að safninu sje að eins seldur vissa daga og þá jafnt fyrir alla, innlenda sem útlenda, t. d. annanhvorn dag. Einmitt þessu hjelt jeg fram í nefndinni.

Jeg sje ekki ástæðu til að veita »Sögufjelaginu« þennan styrk, sem farið hefur verið fram á, en er þar samdóma háttv. frams. meiri hlutans um það, að »Bókmenntafjelagið« ætti heldur að gefa út þær bækur, sem »Sögufjelagið« mundi gefa út, enda vantar það einmitt slíkt efni í »Safn til sögu Íslands«.

Aptur get jeg ekki verið því meðmæltur, að lækkaður sje styrkurinn til bindindisfjelaganna, því þau vinna mjög þarft og gott verk með því að koma því inn í meðvitund manna, að drykkjuskapurinn sje skaðlegur og ósæmilegur siðuðum mönnum. Einmitt á þann hátt er eðlilegast og affarasælast, að vinna móti ofnautn áfengis, en ekki með þvingunarlögum. Jeg álít því fje vel varið, sem veitt er til eflingar bindindi, þó jeg sje alveg mótfallinn allri þvingun í því efni, og legg því til, að breyt.till. nefndarinnar sje felld.

Sjerstaklega vil jeg leyfa mjer að mæla með styrk til tveggja rafurmagnsfræðinga, sem nefndin fer fram á. Það er mjög nauðsynlegt og þýðingarmikið, að sem flestir yngri menn fái tækifæri til að nema þá fræði, því miklar líkur eru til, að Ísland eigi framtið fyrir höndum sem rafmagnsland. Það er mikið ónotað afl í öllum fossum vorum og fljótum, og það verður aldrei að gagni, fyr en við sjálfir fáum vit og vilja á að hagnýta oss það. Fyrst þegar við getum gjört það sjálfir fyrir okkur sjálfa, þá fáum við hvöt eigingirninnar til að ráðast í ýms fyrirtæki, sem geta orðið til ómetanlegs gagns fyrir land og lýð.

Jeg álít því rjett, að veita á hverju fjárhagstímabili nokkurt fje til styrktar rafurmagnsfræðingum. Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að jeg þekki annan manninn, sem hjer er um að ræða, og veit, að hann er duglegur og efnilegur maður, en fátækur. Hann heitir Jón Sigurðsson og er náfrændi hans, sem við minnumst allir með virðingu — heitir líka í höfuðið á honum—. Ætti það að gjöra okkur enn ljúfara, að styrkja þennan unga mann með gamla góða, nafnið til að verða ættjörðu vorri til gagns og sóma.

Breyting sú (18. gr.), að $^2/_3$ af sektum fyrir landhelgisbrot skuli renna til varðskipsins, var gjörð í Nd. Jeg skal játa það, að það er alls ekkert óeðlilegt, þó eitthvað væri lagt fram úr landssjóði til strandgæzlu og ekkert verulegt á móti því. En undarlegt þykir mjer það, að Danir kæri sig svo mjög um jafn óverulega upphæð. Og verði þetta samþ., þá verður að gjöra það að skilyrði, að íslenzka stjórnin hafi atkvæði um strandgæzluna að einhverju leyti. Nú hefur ráðh. upplýst, að þetta sje þegar svo, og þá er það engin móðgun fyrir Dani, þó ákvæði væri um það gjörð, en oss skiptir það miklu, að við höfum rjettinn, þurfum ekki að fá þetta af náð.

Það er engan veginn sama, hvort eitthvað er gjört fyrir okkur af greið-

vikni eða við höfum rjett til að heimta, að það sje gjört, og ráða með, hvernig það gjörist. Við verðum að slá því »princípi« föstu, að hvert sinn sem við tökum á okkur skyldur, þá heimtum við rjettindi með þeim.

Jeg vil leyfa mjer að minna á þann atburð, þegar Ólafur helgi vildi ná yfirráðum yfir Grímsey. Einar þveræingur vissi vel, að hún var að eins eitt lítið útsker, sem í sjálfu sjer var ekki mikils vert, en hann benti þó á, að ekki væri í alla staði heppilegt, að sleppa henni ummælalaust og skilyrðislaust. Þetta er ef til vill ólíkt dæmi, en »princípið« kemur þó í ljós, og það er gott, þó gamalt sje.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg get ekki verið samþykkur því, að fella styrkinn til söngkennarans hjer í bænum. Ef menn hafa kynnt sjer umsókn þessa manns og þau skjöl, sem henni fylgja, þá hafa þeir sjeð, að hann hefur kennt mörgum og reynzt vel. Og það er sjálfsagt öllum ljóst, að svo framarlega, sem góður söngur — bæði í kirkjum og annarsstaðar á að útbreiðast, þá er nauðsyn á, að hafa kennara, sem eru færir til, að kenna hann, og geti gefið sig við því. Jeg álít því, að deildin ætti ekki, að fella þennan styrk.

Sömuleiðis álít jeg ekki rjett, að fella styrkinn, sem ætlaður er til kennslu blinds drengs á frumv., því sje það rjett »princíp«, að kosta kennslu heyrnar- og málleysingja af landssjóði, þá ætti að vera jafn rjett, að kosta kennslu blindra.

Breyt.till. á þskj. 505 er jeg samdóma að efninu til, en sje ekki, hvernig þær eiga að komast að. Ef barnafræðslufrumv. verður samþykkt, þá þarf ekki þennan 1. lið, því það, sem þar er tekið fram, er ákveðið í því. — Það væri þá að eins ákvæðið um sunnudagaskólana.

En ef lögin ekki öðlast gildi, þá eru til ákvæði um það, hvernig eða með hvaða skilyrðum sveitakennarar geta fengið styrk af landssjóði, svo að breyt.till. virðist vera þýðingarlítil.

Þriðju breyt.till. er jeg alveg samþykkur.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer þykir mjög vænt um, hvað breyt.till. mínar á þskj. 505 fá góðar undirtektir, og vil jeg taka það fram, að þær eru alveg óháðar því, hvort fræðslufrumv. nær fram að ganga eða ekki. Hjer er að eins um heimild að ræða, og þó veittur verði styrkur til þessara tilrauna, þá er ekki líklegt, að það verði mikið fje á næsta fjárhagstímabili.

Að því, er snertir styrkinn til sunnudagaskólanna, þá kemur að eins til greina, að veita hann síðara árið, og það með tilliti til þess, hve opt skólinn hefur verið haldinn næsta almanaksár á undan, og hve marga nemendur hann hefur haft. Ef veittar verða 75 kr. til hvers slíks skóla, eins og farið er fram á, þá má gjöra tilraunir með 8 skóla fyrir þessar 600 kr., og álít jeg það mjög æskilegt, til að hafa aflað sjer dálítillar reynslu í þessu efni, þegar næsta þing kemur saman. Jeg hef trú á þessum sunnudagaskólum, þó aðrir hafi það kannske ekki, og virðist mjer að minnsta kosti ástæða til þess, að prófa, hvernig þeir reynast.

Jeg skildi ekki vel það, sem hæstv. ráðh. og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sögðu um forngripasafnið. Þó skildist mjer svo, að safnið ætti að vera opið á vissum tímum fyrir alla gefins, og á ákveðnum tímum ætti að selja aðgang að því.

Jeg er þessu samdóma að efninu til,

en álít heppilegast, að aðgangur sje ekki seldur, nema þegar það er opnað á óvanalegum tíma að beiðni einstakra manna. Því fje, sem kæmi inn fyrir þetta, mætti svo verja til, að launa auka-umsjón þá, sem þyrfti, þegar safnið væri sýnt utan hinna venjulegu stunda, því ekki virðist mjer ástæða til þess, að láta það allt renna í landssjóð.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfj.k.): Jeg skal ekki vera langorður. Háttv. framsm. (J. Ól.) gat þess við og við, að nefndin hefði ekki verið á eitt sátt, en sumstaðar talaði hann þó í nafni allrar nefndarinnar, þar sem hún þó ekki var á einu máli, og þess vegna vil jeg leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir.

Þannig er ástatt með 13. gr. VI. B. 5, þar er jeg á sama máli og háttv. þm. G.-K. (V. G.), að ekki sje rjett, að stryka þá upphæð alveg út. — Jeg verð að álíta, að verkefnið sje svo mikið, og að margt þurfi að rannsaka, og það sje ekki hægt, að gjöra sem skyldi, nema til þess fáist sjerfróður maður. Jeg mun því í þessu atriði greiða atkvæði á móti tillögu nefndarinnar.

Ekki get jeg fallizt á, að svo brýna þörf beri til þess, að styrkja lögfræðing til þess, að búa sig undir kennarastöðu við lagaskólann. Það gæti verið, að jeg fjellist á, að veita þennan styrk, ef fjárhag landsins væri betur komið en nú er. Þótt nefndin rjeði til, að fella sumar upphæðir í burtu, þá er það ekki alltaf af því, að hún telji þær fjárveitingar í sjálfu sjer órjettmætar, heldur af því, að hún telur rjett, að láta þær bíða, unz fjárhagurinn er betri.

Mjer finnst bera helzt til mikið á því, að ekki sje nóg hugsað um fjárhag landsins, þegar atkvæðagreiðsla fer fram um hina einstöku liði.

Spá mín er sú, að þetta þing muni ekki iðra, þó að nokkuð meiri sparsemi sje sýnd í fjárveitingum nú en áður. Mjer finnst, að þeir hafi mest til síns máls, sem mest vilja spara. — En opt má sjá þess vott, að þegar þingmannanna eigin kjördæmi eiga í hlut, þá finnst þeim þingmönnum, að landssjóður hafi nógu mikið fje til að spila úr, þó þeir hljóti að vita, að það er þurrð í sjóðnum. En þetta vakti fyrir nefndinni, og af því stafa tillögur hennar um, að færa niður og fella burtu ýmsar upphæðir.

Hvað lögfræðing lagaskólans snertir, þá finnst mjer þörfin ekki vera svo brýn, og að ekki gjöri mikið, þó að styrkur til hans sje strykaður út í þetta skipti.

Jeg lít svo á, að þetta megi bíða, þangað til alþingi sjer sjer fært, að veita fje til lagaskólans.

Hvað 19. tölulið 14. greinar snertir, þá er jeg þar á sama máli eins og háttv. þm. G.-K. (V. G.), að ekki megi lækka styrkinn til Stórstúku Good-Templara. Jeg hef verið þeirrar skoðunar alla mína þingtíð, að heldur beri að hækka þennan styrk en lækka, og að það sje sómi þingsins, að hlynna að þessu heiðarlega fjelagi, sem vinnur eitthvert það þarfasta starf í siðferðisáttina, sem vinnur að því sem aðalmarki, að vekja viðbjóð á ofnautn áfengra drykkja.

Jeg lít svo á, að heldur beri að hækka styrkinn til þessarar heiðarlegu starfsemi, heldur en að skera hann við neglur sjer.

Það verða allir að játa, að bindindishreyfingin vinni mikið að siðbótum í landinu, og þess vegna er vert að styrkja hana.

Þá hefur nefndin lagt til, að lækka 2. tölulið í 15. gr. niður í 2,000 kr. — Það vakti fyrir nefndinni, að ekki mundi þurfa 2 verkfræðinga fasta, og að þessi upphæð væri nægileg til mestrar aðstoðar fyrir landsstjórnina.

Jeg er ekki samdóma því, að það eigi að stryka 12. tölul. 15. greinar út. Jeg fellst á tillögur stjórnarinnar, og tel sjálfsagt, að byggingarfróður maður sje kostaður til þess, að hafa eptirlit með kirkju- og húsabyggingum á prestssetrum. Lán þau, sem veitt eru til prestakalla, koma opt að sáralitlum notum, af því að húsin eru byggð af lítilli þekkingu, og verða svo eptirmanninum til byrðar. Það ríður því á, að það opinbera hugsi um, að vel sje frá þessum byggingum gengið, og að þær ekki verði byggðar planlaust. Jeg álít, að þessum 800 kr. til byggingarfróðs manns sje því mjög vel varið, og að upphæðin sje ekki of há.

Jeg stóð upp til að gjöra grein fyrir því, sem jeg var nefndinni ósamdóma um, þó jeg sje fjárlaganefndarmaður.

Að lokum vildi jeg minnast lítið eitt á kirkjumálanefndina. Það stendur nú máske ekki nærri mjer, að mæla á móti styrk, sem veittur er í þessu skyni, en jeg ætla, að kirkjumálanefndin hafi nú þegar leyst mikið verk af hendi, svo að nú er miklu hægra fyrir stjórnina, að vinsa úr því, sem hefur verið gjört. Jeg get ekki sjeð, að það sje of vaxið stjórninni að fullkomna verkið með aðstoð biskupsins.

Stefna mín er sú, að hjer eptir eigi þingið að fara varlega í það, að stofna milliþinganefndir. Jeg álít, að stjórnin eigi að undirbúa málin, og að þörfin sje ekki eins mikil nú á milliþinganefndum eins og áður, þegar útlend stjórn sat að völdum. Stjórnin getur nú helgað þessum störfum krapta sína, og það er engin meining í, að eyða miklu fje í þessar nefndir, sem að eins eru stjórninni til aðstoðar.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að tala örfá orð; verð jeg þó að ganga fram hjá sumu, sem sagt hefur verið, sökum þess að nú er orðið áliðið.

Jeg get fellt mig við tillögu þá um »Forngripasafnið«, að opna gegn borgun, þegar þess er beiðzt utan ákveðinna stunda. En jeg get *ekki* fellt mig við till. háttv. 1. þm. G.-K. (V. G.), að hafa það opið annanhvern daginn gegn borgun. Við það mundi komast á hinn mesti ruglingur, því að safnið er opið þrisvar í viku (mánudaga, miðvikudaga og laugardaga); ýmist yrði þá borgunardagurinn eina vikuna á mánudögum og laugardögum, og næstu viku á miðvikudag og svo frv. Það yrði til þess, að enginn myndi, hvenær það væri opið fyrir borgun.

Jeg fyrir mitt leyti hallast miklu fremur að till. hins háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) um, að taka borgun þegar það er sýnt utan reglulegra opnunarstunda.

Að því, er snertir að veita 800 kr. byggingarfróðum manni, þá get jeg með engu móti sjeð, að þess sje þörf, þar sem stjórnin hefur verkfræðing í þjónustu sinni, er gefið getur bendingar um þau efni.

Jeg er samdóma hæstv. ráðh. um, að það sje móðgandi, að hnýta nokkru skilyrði aptan við styrkveitinguna til eptirlits og strandgæzlu hjer. Ástæður háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) eru ekki rjettar. Það er sammál að verja landhelgi, en aptur er það sjermál að draga skipin inn á hafnir, og færa okkur þau.

Að því, er snertir orð háttv. þm.

Ísfj.k. (S. St.) um, að fella burt styrk til kirkjumálanefndar, er jeg samþykkur því, en jeg get ekki verið honum samdóma um aðrar milliþinganefndir. Jeg veit ekki betur, en að milliþinganefndir sjeu í öllum löndum, og það þótt stjórnin sje mannfleiri en hjer, Jeg vil halda því fram, að full ástæða væri til að setja milliþinganefnd í skattamálin.

Annars nenni jeg ekki að eltast við fleira, enda er jeg svo syfjaður orðinn, eins og flestir deildarmenn, að jeg vona, jeg gjöri þeim eins mikla þægð eins og sjálfum mjer með að hætta hjer.

ATKVGR.: 1. breyt.till (509) við 13. gr. A. b. felld með 7 : 2 atkv.

20. breyt.till. (482) við 13. gr. B. I. b. 1. samþ. með 10 shlj. atkv.

21. breyt.till. (482) við 13. gr. B. I. b. 2. samþ. í e. hlj.

22. breyt.till. (482) við 13. gr. B. II. b. samþ. án atkvgr.

23. breyt.till. (482) við 13. gr. B. II. b. samþ. án atkvgr.

2. breyt.till. (509) við 13. gr. B. III. felld með 8 : 1 atkv.

24. breyt.till. (482) við 13. gr. B. III. c. samþ. án atkvgr.

25. breyt.till. (482) við 13. gr. B. III. c. samþ. án atkvgr.

26. breyt.till. (482) við 13. gr. B. III. c. samþ. með 7 : 2 atkv.

27. breyt.till. (482) við 13. gr. B. III. c. samþ. með 7 shlj. atkv.

28. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. a. 3. samþ. með 10 shlj. atkv.

29. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. a. 4. samþ. með 12 shlj. atkv.

30. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. a. 5. felld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Björn M. Ólsen,
Gutt. Vigfússon,	Aug. Flygenring,
Jóh. Jóhannesson,	E. Briem,
Jón Jakobsson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Stefánsson,	Sig. Jensson,
Valt. Guðmundss.	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

1. breyt.till. (505) við 13. gr. B. VI. b. 2. samþ. með 7 shlj. atkv.

2. breyt.till. (505) við 13. gr. B. VI. b. 2. felld með 8 : 5 atkv.

1. breyt.till. (510) við 13. gr. B. VI. b. 3. samþ. með 8 shlj. atkv.

31. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. b. 4. samþ. með 7 : 2 atkv.

3. breyt.till. (505) við 13. gr. B. VI. b. 4. þar með fallin.

32. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. b. 5. felld með 7 : 4 atkv.

33. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. g. samþ. með 8 shlj. atkv.

34. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. i. samþ. með 7 : 1 atkv.

35. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. l. felld með 7 : 5 atkv.

36. breyt.till. (482) við 13. gr. B. VI. m. felld með 7 : 6 atkv.

2. breyt.till. (510) við 13. gr. B. VI. samþ. með 10 shlj. atkv.

37. breyt.till. (482) við 13. gr. B. IX. samþ. með 8 : 2 atkv.

38. breyt.till. (482) við 13. gr. B. X. samþ. með 9 samhlj. atkv.

13. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Borin var upp sjerstaklega 14. gr. 6. og samþ. með 8 : 4 atkv.

39. breyt.till. (482) við 14. gr. 7. b. samþ. með 12 atkv.

Athugas. aptan við þessa breyt.till. tekin aptur.

40. breyt.till. (482) við 14. gr. 10 samþ. með 7 : 1 atkv.

41. breyt.till. (482) f. við 14. gr. 18. samþ. með 7 : 2 atkv.

41. breyt.till. (482) g. við 14. gr. 19. samþ. með 7 : 1 atkv.

Athugas. (482) við liðina f. og g. samþ. með 9 : 2 atkv.

41. breyt.till. (487) l. aths. við 14. gr. 23. samþ. með 8 shlj. atkv.

14. gr. 27. í frv. felld með 9 : 4 atkv.

41. breyt.till. (482) r. við 14. gr. 30. samþ. með 12 shlj. atkv.

41. breyt.till. (482) við fyrirsögn 14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

14. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

42. breyt.till. (482) við 15. gr. 1. a. 2. samþ. í e. hlj.

43. breyt.till. (482) við 15. gr. a. 3. og 4. lið samþ. án atkvgr.

44. breyt. till. (492) við 15. gr. a. 4. lið samþ. með 12 : 1 atkv.

46. breyt.till. (482) við 15. gr. 1 i samþ. með 11 shlj. atkv.

45. breyt.till. (482) við 15. gr. 2. samþ. með 8 : 3 atkv.

47. breyt.till. (482) við 15. gr. 7. samþ. með 11 shlj. atkv.

48. breyt.till. (482) við 15. gr. 8. a. samþ. með 11 shlj. atkv.

49. breyt.till. (482) við 15. gr. 8. b. samþ. í e. hlj.

50. breyt.till. (482) við 15. gr. 9. samþ. með 10 shlj. atkv.

51. breyt.till. (482) við 15. gr. (nýr 9. og 10. liður) 9. liður samþ. með 11 shlj. atkv.

51. breyt.till. (482) við 15. gr. 10. liður samþ. í e. hlj.

52. breyt.till. (482) við 15. gr. 12. felld með 8 : 5 atkv.

53. breyt.till. (482) við 15. gr. 13. samþ. með 10 shlj. atkv.

54. breyt.till. (482) við 15. gr. 14. samþ. í e. hlj.

54. breyt.till. (482) við 15. gr. 20. samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Björn M. Ólsen,
Aug. Flygenring,	Gutt. Vigfússon,
Eiríkur Briem,	Jóh. Jóhannesson,
Guðj. Guðlaugsson,	Sig. Jensson,
Jón Jakobsson,	Þórarinn Jónsson,
Sig. Stefánsson,	Þorgr. Þórðarson.
Valtýr Guðmundss.	

3. breyt.till. (509) við 15. gr. (nýr liður) samþ. með 8 : 2 atkv.

15. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

16. gr. samþ. í e. hlj.

17. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (496) við 18. gr. felld með 7 : 4 atkv.

18. gr. svo samþ. óbreytt í e. hlj.

7. gr. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.

19. gr. samþ. í e. hlj.

55. breyt.till. (482) við 20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

56. breyt.till. (482) við 20. gr. samþ. í e. hlj.

20. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 24. ágúst kom fjárlagafrumv. til 3. umr. (A. 524, 527, 544, 545, 546, 547, 548, 549, 550, 551, 552, 555, 557, 560, 561, 563, 570, 578, 580, 588).

Eptir að umr. höfðu staðið alllanga hríð, lýsti forseti því yfir, að fundinum yrði frestað til kl. 5 síðdegis; en þá var aptur settur fundur, og voru þar allir deildarmenn viðstaddir.

Framsögumaður (Jón Ólafsson): Hjer liggur fyrir sægur af breyt.till.; jeg veit ekki einu sinni, hvort jeg hef þær allar, þær hafa verið að drífa inn alveg þangað til núna. Jeg ætla að fara aptan að síðunum og byrja á þeirri breyt.till., sem hæzt hefur númerið, það er þgskj. 570, og halda svo fram

eptir og tala um hvert þeirra fyrir sig. 1. breyt.till. frá hæztv. ráðh. er við 11. gr. 5. b.; það er viðvíkjandi ferð augnalæknisins.

Jeg hef ekki átt kost á að bera mig saman við háttv. meðnefndarmenn mína um þessa tillögu; jeg persónulega álít að hún sje til hins lakara. Vjer veitum fjeð til þess að maðurinn fari kring um landið, og þá er ekki rjett, að aðeins einn staður hafi hans full not. Jeg veit ekki hvað hinir nefndarmenn álíta; við höfðum sem sagt ekki tíma til að athuga tillöguna.

Þá er við 11. gr. 9., sú breyt.till., að bæta nýjum lið við og veita 5,000 kr. til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði. Jeg get heldur ekkert talað um þessa breyt.till. fyrir nefndarinnar hönd. Mjer finnst skrítið, að koma með svona beiðni svo seint, þar sem stjórninni hlaut þó að vera kunnugt um þetta mál áður. Slíkt gjörir mig ekki fúsari að greiða henni atkv. mitt.

Þá er breyt.till. við 12. gr. A. 1, a., þetta er einvörðu »postering« á athugasemd um, að væntanleg aðalsímastöð fái húsnæði á pósthúsinu. Athugasemdin er sjálfstæð, hvar sem hún er, og því engin ástæða til að hafa á móti þessari breyt.till.

Um breyt.till. við 12. gr. C. 1 þá get jeg sagt, að nefndin er á móti henni; það gat verið talsmál um, að nefndin hefði verið með því, að nema burt ákvæðið um ferðir alþm. En að nema það burt, að fargjald milli Íslands og Skotlands skuli vera $^2/_3$ af fari til Hafnar, er nefndin algjörlega á móti. Jeg vildi því óska, að þessi breyt.till. yrði borin undir atkv. í tvennu lagi. Jeg hef heyrt það sagt, að gufuskipafjelagið hafi þegar gjört samning um ferðir sínar, en það er ekki rjett; það var aðeins laust umtal við Nd., en alls ekki við efri deild. Vitaskuld er það, að fjelagið gæti gengið frá, en gjöri það svo vel, jeg sje ekki eptir því. Hinsvegar er engin hætta á því. Umboðsmaður fjelagsins hefur sagt það, að það væri keppikefli fyrir fjelagið að halda ferðunum. Hjer kemur hið sama fram og allstaðar á sjer stað hjá þessu fjelagi, að vilja einskorða öll viðskipti við Danmörku, en gjöra allt sem erfiðast fyrir samgöngur við Bretland.

Þá er við 12. gr. C. 2., að gufubátsferðir um Breiðafjörð sjeu undir sömu athugasemd og Faxaflóaferðirnar, það mælir það með henni, að samkomulagið milli hlutaðeigandi sýslna er ekki sem bezt, og því bezt að leggja áætlanirnar undir ráðh.

Breyt.till. við 13. gr. B. I. b. 1. getur nefndin fallizt á. Jeg skal um leið geta þess, að hún hefur sjálf komið fram með breyt.till. í þessa átt.

Sama er að segja um breyt.till. við 13. gr. B. II. a., að hún er til bóta, og á hætzv. ráðv. þökk fyrir að hafa komið með hana.

Um breyt.till. við 13. gr. B. VI. b. 4. um þóknun til manns fyrir umsjón kennslumála, hefir nefndin ekki komið sig saman. Jeg fyrir mitt leyti fellst á breyt.till.

Þá er 9. breyt.till. við 15. gr. 2. Þetta er sama og deildin felldi hjer við 2. umr. Vjer væntum því, að fá að heyra ástæður, sem gætu breytt skoðun manna í þessu efni.

Þá er breyt.till. á þgskj. 563 þess efnis, að veita Hólmfríði Árnadóttur styrk til að stunda kennslunám í K.höfn. Tillögu þessari hefur verið laumað á bak við nefndina, og mun það ekki gjöra hana fúsari til að greiða atkvæði með henni.

Breyt.till. á þgskj. 561 við 12. gr. B. fer fram á að veita styrk til varnar sjáfarágangi á Vestmannaeyjar. Jeg í-

mynda mjer, að tillögur nefndarinnar fari mikið eptir því, sem hæztv. ráðh. leggur til. Það land, sem hjer er um að ræða, er landsins eign og honum því um það kunnugt. Verkfræðingur kvað hafa skoðað svæðið og talið viðgjörð nauðsynlega.

Um breyt.till. á þgskj. 560 vil jeg ekki tala. Það fer mikið eptir umræðunum, hvort jeg greiði henni atkvæði mitt. Jeg get ekki sagt um hana fyrir nefndarinnar hönd.

Breyt.till. á þgskj. 577 fer fram á að fella 9. lið B. 12. gr. burtu. Afstaða nefndarinnar er söm og áður. Hún telur það heppilegt, að brú komist á Jökulsá, og mundi sá vegur verða mikið notaður, því hann styttir leið af Fjöllum til Hjeraðs.

Þá koma breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 555. Það er fyrst við 10. gr. A. 5., um að áskilja væntanlegri símastöð á Akureyri ókeypis húsnæði í hinu nýja ráðhúsi. Þetta var ekki tekið fram síðast, að það væri ókeypis, og því er það nú gjört.

Þá er við 3 liði breyt.till.: 13. gr. B. I. b. 2., B. II. b. 2. og B. III. c. 6. Hæztv. ráðh. hefur gjört breyt.till. samskonar efnis, en jeg held, að heppilegra sje, að fallast heldur á breyt.till. nefndarinnar.

Við 14. gr. 7. b., hefur nefndin farið fram á þá breyt., að »Forngripasafnið« skuli vera opið 4 daga í viku, frá 15. júní til 15. sept. og aðgangur seldur annanhvorn dag. Á þeima tíma er aðal-»túrista«-straumurinn hjer til landsins, svo að með þessu móti mundi vinnast upp sá kostnaður, er fer til aukinnar gæzlu safnsins.

Þá er síðasta breyt.till. nefndarinnar, að veita allt að 2,000 kr. til minnisvarða yfir Jónas Hallgrímsson. Hv. deild hefur heyrt skjal það, sem beiðninni fylgdi, og sást þar, að búið er að safna 3,000 kr. og auk þess nokkuð í loforðum, sem ekki er hægt að byggja á. Nú kostar það 6,000 kr. að »modellera« og steypa varðann og setja fót undir hann. Þegar það er athugað, að ekki hefur safnazt meira á svo mörgum árum en 3,000 kr., þá virðist nóg, að leggja á nefndina 1,000 kr. á þessu eina ári, sem eptir er, því eins og kunnugt er, á að afhjúpa minnisvarðann á 100 ára fæðingardegi Jónasar. Tillagið frá landinu getur orðið minna en 2,000 kr., því nefndin mun gjöra allt, sem hún getur gjört til að safna sem mestu fje. Þessi upphæð var sett til þess, að það væri víst, að minnisvarðinn kæmist upp. Um Jónas þarf jeg ekki að tala, háttv. þm, er svo kunnugt starf hans fyrir land og þjóð; hann naut aldrei styrks, meðan hann lifði, og er því ekki nema skylt að minnast hans nú.

Þá er breyt,till. á þgskj. 552 við 14. gr. þess efnis, að veita 400 kr. til að þýða bókina »Den Isl. Lods«. Meiri hluti nefndarinnar hefur viljað fella þessa tillögu. Jeg vil þó ekki gjöra það af þeirri ástæðu, að mjer er kunnugt, að nemendur stýrimannaskólans eru margir hverjir svo illa að sjer í dönsku, þegar þeir útskrifast, að þeir hafa bókarinnar ekki full not. Jeg vissi til, að þegar jeg var enskukennari við skólann, gátu nemendurnir ekki notast við ensk-danska orðabók.

Þá er næst breyt.till. á þgskj. 551 þess efnis, að veita Sigfúsi Einarssyni 800 kr. hvort árið til söngkennslu og tónsmíða. Þessi styrkbeiðsla er apturganga úr hv. Nd. og var felld þar, en nefndin getur alls eigi lagt með henni, enda skal jeg geta þess, hvað formið snertir, að ef þetta verður samþ., þá sprengist liðurinn, því að þessar 20,000 kr., sem eru ætlaðar til liðsins, eru eigi nægilegar. Svo er breyt.till. á þgskj. 550 um athugasemdina við styrkveitingu

Boga Melsteðs, að hún orðist svo, að skilyrði fyrir styrkveitingunni sje það, að hann sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minnst 8 örkum prentuðum á ári, í stað þess, að skilyrðið var áður það, að höf. skyldi gefa út 8 arkir á ári. Nefndin er þessari breytingu hlynnt, enda þótt bókmenntafjelagið hafi lofað, að gefa framhald sögunnar út, því það er kunnugra en frá þurfi að segja, að miklar röstur hafa verið í því fjelagi síðustu árin, svo að það er eigi óhugsandi, að fjelagið fyndi upp á því, að taka þetta loforð sitt aptur, en þá engin ástæða til þess að svipta viðkomandi styrknum, ef hann hefur nægilega mikið af sögunni í handriti. Það er, ef til vill, ekki mikil hætta á þessu, en það tekur heldur eigi til, nema þurfi. Jeg get þó nefnt dæmi upp á þetta og það fleiri en eitt, en skal láta mjer nægja, að geta þess, að fjelagið hafði eitt sinn lofað, að gefa út tölvísi Björns Gunnlaugssonar, en svo þegar eitt hepti var komið út, vildi það eigi gefa meira út, og í annað skipti byrjaði fjelagið að gefa út »brjef Hórazar« og það fór á sömu leið. Þessu líkt getur eins komið fyrir enn og eigi ólíklegt eptir því, sem fjelaginu er nú háttað. Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að breyt.till. þessi verði samþykkt.

Þá er næst breyt.till. á þgskj. 549 og um leið get jeg þá talað um br.till. á þgskj. 527, því að þessar breyt.till. eru líkar að efni, þar sem báðar fara fram á fjárstyrk til vegabóta. Allir í nefndinni, nema einn, voru á móti því, að styrkja sýsluvegi, og af því leiðir, að nefndin verður að leggja móti báðum þessum breyt.till., um leið og hún þó játar það, að mest væri á-

stæða til að styrkja sýsluveginn í Barðastrandarsýslu, og ef að sú meginregla væri brotin, að styrkja eigi sýsluvegi, þá væri sjálfsagt að taka þessa beiðni til greina. Við 2. umr. var þessi fjárbæn felld, en nú heyri jeg, að safna eigi atkv. til þess að drífa hana í gegn; en þesskonar stigamennska hefur, sem betur fer, hingað til verið ópekkt á þinginu. *(Forseti:* Það eru nokkuð hörð orð, sem háttv. 4. kgk. þm. brúkar, og munu þau eigi samkvæm þingsköpunum). Jeg get fundið orðum mínum stað, þeir taki sneið, sem eiga, og ef einhver háttv. þm. vill taka það til sín og skora á mig að segja, hvað jeg á við, þá mun jeg gjöra það, en jeg vil heldur vera laus við það.

Næst er breyt.till. á þgskj. 548 um styrk til verzlunarskóla. 4 af nefndarmönnum eru beiðni þessari mótfallnir, en einn er með henni og það er jeg. Jeg hygg, að beiðni um þetta efni sje svo vel grundvölluð, að þingið getí varla neitað henni. Þessum skóla hefur áður verið komið á fót, en er nú lagður niður sökum fjárskorts. Verzlunarmannafjelaginu og kaupmannafjelaginu hefur því komið saman um að flýja á náðir þingsins, og biðja það um styrk til þess að koma skóla þessum á stofn aptur, til þess að verzlunarmenn þurfi eigi að fara til Danmerkur til þess að nema verzlunarfræði. Fyrirtæki þetta er mjög dýrt, um 3,500 kr. á ári auk stofnkostnaðar, og því er farið fram á, að þingið veiti 2,500 kr. móti 1,000 kr. annarsstaðar frá. Fáist þetta fje eigi, verður skólanum líklega ekki komið á stofn. Kaupmannastjettin leggur mjög mikið til landsins, og þar sem ekkert er gjört fyrir hana, þá ætti hún skilið, að fá þessa bæn uppfyllta. Kaupmennirnir sjálfir græða eigi

heldur á þessu, því að þeim er sama, hvaðan nýtir verzlunarmenn koma, hvort það er frá Kaupmannahöfn eða annarsstaðar frá. Það er aptur á móti þjóðin sjálf og landið, sem græðir á þessu, enda er brýn þörf á, að mennta verzlunarstjettina; munu margir af kaupmönnum þessa lands óska, að þeir hefðu fengið betri fræðslu í öðru sinni, þótt auðvitað sumir hafi fengið þá menntun, sem nauðsynleg er. Nefndin er sem sagt öll á móti þessari beiðni, nema jeg einn.

Enn er breyt.till. á þgskj. 547. Viðvíkjandi þessari breyt.till. stendur svo einkennilega á, að 2 eru með henni úr nefndinni 1 á móti, en um hina 2 veit jeg eigi, svo að minni hlutinn varð í meiri hluta. Jeg held að tölu-vert gagn gæti orðið að þessari styrk-veiting til »Sögufjelagsins«, og þótt jeg legði á móti því síðast, þá er jeg því meðmæltur nú, sökum nýrra upplýs-inga, er jeg hef fengið. Þá kem jeg að hinni einkennilegu breyt.till. á þgskj. 546, um að 12. gr. D. falli burt, og í stað hans komi 25 þús. kr., til þess að fá Marconifjelagið til þess að halda uppi sambandi, eins og það hefur gjört í sumar, og til að undirbúa málið til næsta þings. Jeg hef sjaldan sjeð br.-till., sem jeg skil öllu minna í en þessari, því að það er búið að reisa þessa móttökustöng, svo að það getur ekkert kostað, og þá sje jeg eigi, að fje þurfi til annars, en launa manninum, sem hefur þann starfa á hendi, að vera við stöngina eina klukkustund á kvöldin, 3—4 sinnum á viku; hef jeg heyrt sagt, að launin væru 4,500 kr. á ári, en ef það er dregið frá í 2 ár 9,000 kr., þá er eptir 16,000, sem jeg eigi veit hvað á að gjöra við, því að til undirbún-ings getur það ekki verið, þetta mál er sannarlega nóg undirbúið. Það væri gaman, að fá upplýsingar um þetta hjá háttv. flutningsm.; annars verður maður að fara að gjöra sjer einhverjar hug-myndir, og þær geta náttúrlega orðið rangar. Enn er breyt.till. á þgskj. 545 um 5,000 kr. styrk til þess að koma upp heimavistar- og heimangönguskóla á Vopnafirði. Þessari fjárbæn vill meiri hluti nefndarinnar leggja á móti, þar sem fjárhagurinn er nú tæpur, og eigi svo brýn þörf á, að gjöra þetta ein-mitt á þessu fjárhagstímabili. Beiðni þessi var líka felld við 2. umr., enda þótt hún væri þá í nokkuð aðgengi-legri mynd en nú. Það lítur út fyrir, að nú eigi að hafa fáeinar heimavistir, til þess að ná í styrkinn. Að síðustu er breyt.till. á þgskj. 544 um 500 kr. til mótorbáts á Lagarfljóti. Meiri hluti nefndarinnar er henni mótfallinn, en jeg fyrir mitt leyti vildi gjarnan styðja hana. Jeg veit svo eigi af fleiri breyt.-till., en skal þó eigi ábyrgjast, að þær sjeu eigi til, því að þær hafa verið að koma nú til síðustu stundar.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það eru nokkrar breyt.till., sem jeg ætla að mæla með; er þar fyrst þgskj. 527, um veginn frá Hafnarfirði að Vogastapa. Er þar farið fram á 2,500 kr. á ári gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá. Jeg skal strax taka það fram, að ef nefndin hefði vitað, hvernig hjer er á-statt, þá mundi henni aldrei hafa dott-ið í hug að neita þessari fjárbæn. Veg-ur þessi liggur í gegn um eldhraun, og þar sem nýja veginum sleppir, er alveg ófært yfirferðar. Í veg þennan hafa áður verið lagðar nær 12 þús. kr., en þeim er alveg á glæ kastað, ef eigi er lokið við veginn. Því hefir verið slegið fram, að sýslan hafi reist sér hurð-arás um öxl með því að byrja á ak-braut, og að eigi sé þörf á henni, þar sem aðalsamgöngurnar sjeu á sjó, en jeg skal leyfa mjer að gefa þær upp-lýsingar, að þarna er eigi mögulegt, að

leggja annað en akbraut sökum hraunsins, og engum datt í hug að byrja á öðruvísi vegi. Gamli vegurinn, ef veg skyldi kalla, liggur allur í krákustigum upp og niður, austur og vestur, og er hjer um bil þriðjungi lengri, en nýi vegurinn mundi verða. Ef því veginum er eigi framhaldið, þá er öllu því mikla fje, sem til hans hefur verið varið, sama sem fleygt í sjóinn. Það hefur verið tekið fram, að ef einn sýsluvegur væri styrktur, þá þyrfti að styrkja alla sýsluvegi, en jeg neita því, enda þori jeg að fullyrða, að hvergi er eins mikil þörf og hjer á öllu landinu.

Það eru 7 stórir hreppar með hjer um bil 5 til 6 þúsund manns, sem um veg þenna þurfa að fara og þessutan margir aðrir. Hvað því viðvíkur, að sjóvegur sje hjer aðalvegurinn, verð jeg að minna á það, að opt er ófært sökum illviðra fyrir báta, og þótt þá sje opt hægt að bíða, þegar um fiskflutning og annað þesshátta er að ræða, þá geta menn það eigi venjulega, þegar brýn erindi eru, og þá er eigi um annað að gjöra, en fara landveg. Jeg skal líka geta þess, hvað áætlun gufubátsins Reykjavík snertir, að hún er svo óhentug fyrir þetta svæði, sem framast er unnt. Báturinn fer eitthvað 5 ferðir þangað suður og kemur þá að eins við í annari leiðinni í Hafnarfirði, svo að enginn getur notað hann nema aðra leiðina, og eru því neyddir til að fara eptir þessum slæma vegi, sem jeg gat um, til baka. Jeg verð því að halda því fram, að vegur þessi sje svo nauðsynlegur, að það er því nær ómögulegt, að komast þessa leið án þessa vegar. Læknirinn hefur opt orðið að ganga af hestinum, þegar hann hefur orðið að fara þessa leið, og margir hafa villzt á henni og orðið úti. Þeir, sem hafa sjeð eldhraun og orðið að fara um þau, vita bezt, hvernig þau eru, og þeir, sem hafa sjeð þennan hraunfláka og farið hinn gamla vegslóða, þeir munu varla greiða atkv. móti þessum vegi. Jeg verð því alvarlega að leggja það til, að fje þetta sje veitt bæði sakir hinna miklu þarfa, sem er á vegi þessum og til þess, að fje það, sem áður er varið til vegarins, komi að tilætluðum notum.

Þá vil jeg minnast nokkrum orðum á breyt.till. á þgskj. 552 um að veita 400 kr. til þess að þýða bókina »Den Isl. Lods« og gefa hana út með þeim myndum, sem í henni eru. Bók þessi nýtur mjög mikils álits hvervetna á Norðurlöndum; er hún í höndum allra danskra sjómanna og þýdd á mörg tungumál, enda er enginn vafi á, að það er nauðsynlegt fyrir alla íslenzka sjómenn, að hafa þessa bók, og það er sannarlega eigi miklu tilkostað, þótt landssjóður leggi til 400 kr. til þess, einkum þegar tekið er tillit til þess, hvílíku ógrynni fjár Danir hafa varið til þess að mæla upp strendur landsins, svo að mögulegt væri að gefa út þessa bók. Strandmælingarnar munu hafa byrjað hjer litlu eptir 1800, þá mældu þeir Scheel, Born og Friis, og síðan hefur því nær alltaf verið haldið áfram með mælingar þessar, og hefur kostað svo hundruðum þúsunda kr. skiptir. Þess vegna sýnist það eigi ofverk Íslendinga, að þýða þessa bók á sitt móðurmál, þá bók, sem byggist á þessum rannsóknum. Strandlengjan umhverfis landið og inn á hvern fjörð, flóa, vík og vog mun vera um 800 mílur og þegar mæla verður í mörg þúsund stöðum frá landi og út á sjó umhverfis alla ströndina, leita að skerjum og grynningum, finna flóð og fjöru á hverjum stað, mæla dýpt og margt annað fleira og marka svo allt á kort, þá sjer hver maður, hvílíkt feikna

starf þetta er, og það er sannarlega eigi mikið starf, sem oss er eptirlátið, að þýða bók, sem er stutt ágrip af hinu helzta af þessu starfi, svo við getum haft gagn af þessum mælingum. Þessi bók mun fyrst hafa verið gefin út 1822, og var sú útgáfa notuð til 1898, en frá því ári og til 1903 hefur varðskipið Díana verið við strandmælingar og eptir hennar mælingum er nú þessi nýja útgáfa sniðin, sem nú nýtur allstaðar svo mikils álits. Hjer er eigi farið fram á hærri fjárupphæð en 400 kr.; hygg jeg, að hún mætti nægja, einkum ef hægt væri að lána mótin, sem myndirnar eru prentaðar eptir í dönsku útgáfunni. Það er þörf á, að fá þessa íslenzku þýðingu, því að þótt ætla megi, að þeir, sem eru útskrifaðir af stýrimannaskólanum, skilji hana að mestu, þá eru margir fleiri sjómenn, sem eigi er hægt að búast við að skilji dönsku fremur en t. d. danskir sjómenn ensku. Við leggjum líka svo opt út kennslubækur úr dönsku, að mjer finnst háttv. þm. eigi þurfa að blöskra þetta. Jeg vil því leyfa mjer að mæla hið allra bezta með þessari breyt.till.

Þá kem jeg að breyt.till. minni og tveggja annara háttv. þingmanna á þskj. 551, og skal jeg strax geta þess, að það hefur af ógáti fallið eitt atriði úr tillögunni. Breyt.till. er við 14. gr. 12. Undir þeim tölulið eru áætlaðar 20 þúsund krónur hvort árið til vísinda og bókmennta, og er þar talið upp, hverjum hinar einstöku upphæðir skuli veittar, en ef þessi breyt.till. okkar kemst að, þá vantar þar á þessar 800 kr., og hefur fallið aptan af breyt.till., að fjárupphæðin á þeim lið frumv. hækki um 800 kr.

Eins og háttv. þingdeildarmenn sjá, þá gengur breyt.till. út á það, að veita Sigfúsi Einarssyni söngfræðing 800 kr. hvort árið til þess, að halda uppi sönglist í Reykjavík, bæði til þess, að kenna sólósöng og margraddaðan söng, og til þess, að hann geti gefið sig við því, að vinna að »compositíon« eða tónsmíði.

Jeg skal alls ekki lá háttv. fjárlaganefnd þessarar deildar, þótt hún hafi fellt burt ýmsar allstórar fjárveitingar, sem stóðu á fjárlagafrumv. eins og það kom frá háttv. Nd., með því að fjárhagurinn er fremur þröngur eptir því, sem sakir standa; en mjer þykir samt háttv. fjárlaganefnd hafa gengið nokkuð langt í, að skera burt allar þær fjárveitingar, sem ekki eru óumflýjanlega nauðsynlegar, og að því, er sjerstaklega þessa fjárveitingu snertir, þá verð jeg að líta svo á, að þessi stefna nefndarinnar gangi í öfuga átt, þegar um það er að ræða, að fella burt allan styrk, sem getur orðið til þess, að efla og glæða sönglistina hjá okkur.

Eins og kunnugt er, þá leggjum við talsvert fje til bókmennta og lista, og úr því að nokkru fje er varið til lista á annað borð, þá ætti sönglistin sannarlega að koma þar til greina. — Enda þótt sönglistin standi ef til vill ekki beint í sambandi við það, sem almennt er kallað menntun, þá er hún samt list, og þegar litið er til annara þjóða, þá eru gjörðar þær kröfur, að því er sönglistina snertir, að sá er ekki talinn sann-menntaður maður, sem ekki kann eitthvað í henni; ef gjöra ætti upp á milli okkar Íslendinga og annara menningarþjóða með tilliti til kunnáttu í sönglistinni, þá stöndum við langt fyrir aptan þær allar í þessu tilliti. Það er sönglistin, sem á að vekja og glæða hjá þjóðinni andlegt fjör og líf, og hún gjörir það vissulega miklu betur, en mörg önnur bókleg fræðsla, hversu góð sem hún

annars kann að vera; en skilyrðið fyrir því, að þessi menntun ekki fari alveg í hundana hjá okkur er það, að við viljum styrkja efnilega menn, sem hafa hug á, að helga þessari fögru list alla sína krapta og hæfilegleika. Hjer er einmitt um einn slíkan mann að ræða, þar sem Sigfús Einarsson er. Hvers vegna ættum við þá ekki að styrkja hann? Það er gamalt orðtæki, að sönglistin sje fögur list, en mögur. — Það er sorglegt, ef við nú á þessum tíma staðfestum það, — en ef við nú ekki styrkjum þennan mann með því, að veita honum þessar fáu krónur, þá staðfestum við með því orðtækið, að fögur list er mögur. Ef nokkuð er til, sem getur vakið og glætt fegurðartilfinninguna, þá er það einmitt sönglistin, og þess vegna virðist mjer það vera heilög skylda okkar, að stuðla að því, að hún komist á hærra og hærra stig hjá þessari þjóð. Það er líka fleira, sem styður þetta mál. Ef við veitum Sigfúsi Einarssyni þennan styrk, þá tryggjum við okkur þau bæði, nefnilega hann og unnustu hans frk. Hellemann. Háttv. þingdeild er kunnugt um hennar »prestationir«. Hún syngur ekki síður af list en hann. Ef þau sæju sjer fært, að geta lifað hjer, þá mundu þau setjast hjer að í bænum.

Jeg vona þess vegna, að háttv. deild sjái sóma sinn í því, að veita Sigfúsi Einarssyni þennan styrk til þess, að hann geti helgað hinni fögru list, sönglistinni, óskipta krapta sína.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg á að eins eina breyt.till., sem jeg vildi leyfa mjer að fara fáum orðum um; hún er við 12. gr. B. 6, og fer fram á, að veittar verði til sýsluvega í Vestur-Barðastrandarsýslu síðara árið 3,000 kr. gegn því, að jafn-mikilli upp-hæð verði varið til veganna annars staðar frá.

Þessi breyt.till. er lík þeirri, sem jeg bar fram við aðra umræðu þessa máls, og sem þá var felld; en sá er þó munurinn á þeim, að hjer er farið fram á, að jafn-mikilli upphæð verði varið til veganna annarsstaðar frá. — Eins og jeg þegar hef tekið fram, þá fjell þessi breyt.till. við 2. umræðu, og álitu þó margir háttv. þingdeildarmenn hana sanngjarna, og einkum var það háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), sem talaði vel fyrir henni, og enda þótt sumir háttv. þingmenn ef til vill álíti mig hlutdrægan í þessu máli, þá er háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) það þó ekki. Hann leit með rjettsýni á þetta mál, og gjörði sig ekki sekan í því, sem svo mörgum þingmönnum hættir við, nefnilega, að þegar þeir eru búnir að fá í gegn einhverja fjárveitingu fyrir sína eigin sýslu, þá hafna þeir öllum samskonar fjárveitingum, þegar aðrar sýslur eiga í hlut.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) talaði um, að það væri hreinasta óhæfa og mjög hættuleg braut, sem landssjóður gengi hjer inn á með því, að veita fje til sýsluvega; en jeg get ekki sjeð, að það sje nein hætta á ferðum, svo framarlega, sem þingið er sjálfu sjer samkvæmt, það má lengi cítera í vegalögin, þegar um það er að ræða, að útiloka einhverja sýslu frá fjárveitingu til sýsluvega; en hversu opt eru þessi lög ekki brotin, þegar einhver vill fá fjárveitingu, hvort heldur er til sýsluvega, hreppavega eða brúa.

Það er því ekki neitt hættulegt, þó að veitt sje dálitið fje til sýsluvega úr landssjóði til þessarar sýslu, þar sem þörfin fyrir það er svo afar-brýn, ef það að eins er gjört hlutfallslega við aðrar sýslur landsins.

Annars álít jeg, að það ætti að breyta þessum vegalögum, og tiltaka sjerstaklega, hvaða vegi landssjóður ætti að kosta, svo sem t. d. aðalveginn yfir Suðurland; hann ætti landssjóður að kosta.

Að því, er flutningabrautirnar snertir, þá sje jeg ekkert á móti því, að hjeruðin sjálf leggi fje til þeirra, og ef þau ekki vilja kosta neinu til þeirra, þá verður maður að líta svo á, að þau álíti þær ekki svo afarnauðsynlegar.

Að því, er hina vegina snertir, þá þarf að vera meiri jöfnuður en nú á sjer stað í fjárveitingunum til þeirra.

Ef Vestur-Barðastrandarsýsla ekki fær þennan styrk, þá þarf hún að taka stórt lán; sýslan getur með engu móti sjálf borgað allt það fje, sem hún nauðsynlega þarf til þessara vega. Er þá betra, að sýslan taki stórlán og að hún verði svo að fá uppgjöf á því eptir á? Eins og kunnugt er, hefur þingið opt samþykkt uppgjöf á lánum, en úr Barðastrandarsýslu hefur aldrei komið til þingsins nein slík beiðni.

Þar var einu sinni tekið lán til eflingar æðarvarpi, og var því láni mjög illa og óviturlega varið með samþykki amtsráðsins, en þó menn sjeu afar óánægðir með þetta lán, þá hefur þó aldrei verið beðið um uppgjöf á því.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki þessa fjárveitingu, og að hún sýni þessari sýslu sama rjettlæti og sanngirni og öðrum sýslum, sem veitt hefur verið fje í sama skyni.

Jeg þarf ekki að minnast á aðrar breyt.till., þótt nafn mitt standi á þeim; jeg hef að eins skrifað undir þær til þess að þær gætu komizt að.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er aðallega vegna breyt.till. á þgskj. 546, sem jeg ásamt 4 öðrum háttv. þm. hef leyft mjer að koma fram með, að jeg vildi leyfa mjer að tala fáein orð.

Jeg skal strax taka það fram, að þó að þetta mál sje næsta þýðingarmikið, þá álít jeg samt ekki þörf á að halda langa ræðu um það nú. Það er þegar búið að ræða það all-ýtarlega frá öllum hliðum, bæði í háttv. Nd. og hjer í þessari deild, en hins vegar vil jeg líka taka það fram, að við, sem erum í minni hluta í þessu máli, álítum það siðferðislega skyldu okkar að tala bæði í tíma og ótíma um þetta mál. Að vísu geng jeg út frá því, að það verði ekki mikill árangur af þessari ræðu minni, en þetta mál er svo mikilfenglegt, að jeg álít það hreint og beint skyldu hvers þm. og einkum okkar í minni hlutanum, að gjöra grein fyrir atkvæði okkar, því jeg þykist vita það með vissu, að allt það, sem við segjum í þessu máli, muni verða nákvæmlega athugað og dæmt af þjóðinni.

Jeg skal strax geta þess, að þessi breyt.till. okkar minni hlutans er aðallega komin fram í þeim tilgangi að fresta málinu.

Frá því jeg varð kunnugur innihaldi samnings þess, sem hæstv. ráðherra hefur gjört við Mikla norræna ritsímafjelagið, þá hefur það verið mín hjartans ósk, að þingið bæri gæfu til að taka þennan veg, að fresta málinu. Þetta var sannfæring mín, þegar jeg kom til þings, og sú sannfæring mín hefur styrkzt við það, sem komið hefur fram í þessu máli síðan. Það hafa komið fram í því svo margar og miklar öfgar og fjarstæður, að mjer virðist alls ekki heppilegur tími til þess að ráða því til lykta nú á þessu þingi. Jeg ætla mjer ekki að fara að dæmi þeirra manna, sem vilja eigna ágreininginn í þessu máli óhreinum hvötum, og enda þótt bæði mjer og öðrum háttv. þm. hafi verið borið það á brýn, þá vil jeg fyrir mitt leyti ekki gjalda

þar líku líkt, með því að ætla öðrum það, að óhreinar hvatir liggi til grundvallar fyrir atkvæði þeirra í þessu máli.

Jeg skal enn fremur í þessu sambandi taka það fram, að mjer dettur ekki í hug að áfella hæstv. ráðh. fyrir þann samning, sem hann hefur gjört við Mikla norræna ritsímafjelagið í þessu máli; jeg er viss um, að hann hefur gjört þann samning til þess að flýta fyrir því, að landið gæti fengið það hnoss, sem bæði hann og allir aðrir telja í því fólgið, að þetta afskekkta land komist í samband við umheiminn sem fyrst; en annað mál er það, þótt bæði mjer og mörgum fleirum sýnist svo, sem hæstv. ráðh. hafi tekizt miður en skyldi, að því er þennan samning snertir; enda er það ekkert undarlegt; ráðherrann er þó aldrei nema maður, og honum getur sjezt yfir margt eins og hverjum öðrum, þótt hann aldrei nema vilji gjöra sitt bezta. Jeg skal líka taka það fram, að þetta mál hefur verið sótt af allmiklu og ofmiklu kappi af háttv. meiri hluta, og það hefur orðið til þess, að háttv. meiri hluti hefur gleymt afstöðu sinni til málsins í mörgum þýðingarmiklum atriðum, og því snúizt í móti sjálfum sjer og hæstv. ráðh. í þessu máli, svo ein mótsögnin rekur aðra, og skal jeg leyfa mjer, að skýra þessa skoðun mína með fáum orðum.

Því hefur verið haldið fram og lögð mikil áherzla á það af háttv. meiri hluta í þessu máli, að hæstv. ráðh. hafi haft fulla heimild til að gjöra þennan samning; en ef við lítum á gögnin í þessu máli, þá sýna ráðh. eigin orð, að hann hefur brostið »formella« heimild til þess að gjöra samninginn. Þetta er ein af þeim mótsögnum, sem háttv. meiri hluti gjörir sig sekan í, og þar sem hann slær bæði sjálfan sig og hæstv. ráðherra á munninn. Það hefur verið talað um, að ritsímasambandið væri hnoss fyrir þjóðina. Jeg skal játa það, að þetta samband gæti, ef til vill, orðið hnoss fyrir landið, ef samningurinn væri þannig vaxinn, að nokkur von væri um beinan eða óbeinan arð af símasambandinu fyrir land og þjóð með tímanum: en jeg verð að líta svo á, að hvernig sem menn athuga samninginn, þá sje vafasamt, hvort þetta samband geti nokkurntíma orðið það hnoss, sem háttv. meiri hluti vill á líta. Því hefur verið haldið fram af minni hlutanum í þessu máli, að samningurinn sje særandi fyrir sjálfstæði vort. Að vísu skal jeg játa, að það er í sjálfu sjer ekki beinlínis fráfælandi, þótt Mikla norræna ritsímafjelagið hafi fengið einkaleyfi til ritsímans í 20 ár, heldur hitt, hvernig samningurinn um þetta einkaleyfi er úr garði gjörður. Ef ekki hefði verið um annað að velja á þessu þingi, en samninginn við Mikla norræna ritsímafjelagið, þá hefði að mínu áliti jafnvel getað komið til tals að ganga að honum, en þar sem önnur og betri hraðskeytatilboð hafa legið fyrir þinginu, þá víkur málinu allt öðruvísi við. Einkaleyfi og einkaleyfi getur verið sitt hvað; en það sem mest er um vert, er það, að tekjurnar af þessu símasambandi eru ekki okkar megin; við getum ekki gjört okkur von um eins eyris hag af þeim hluta símans, sem mest tekjuvon er af, nefnilega sæsímanum, nema þessu »terminalgjaldi«, sem enginn samningsaðilanna í þessu máli *gat* af oss tekið; annar arður lendir allur í vasa útlendinganna. Þetta er allt annað, en uppörfandi fyrir okkur.

Jeg finn að vísu ekki svo mikið út á það að setja, að einkaleyfið er bundið við 20 ár, en minni hlutinn heldur því með rjettu fram, að þetta einka-

leyfi geti orðið framlengt í önnur 20 ár eða tvisvar sinnum 20 ár, eða jafnvel heila öld. Þessu neitar háttv. meiri hluti algjörlega, og er þar enn í mótsögn við samninginn sjálfan; jeg get ekki skilið ákvæði samningsins svo, að við sjeum lausir við fjelagið eptir 20 ár, svo framarlega sem fjelagið vill halda leyfinu áfram, heldur sjeum við bundnir við það um óákveðinn tíma. Þetta er sagt með berum orðum í 2. grein samningsins; með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa upp fáar línur úr þessari gr. til sönnunar máli mínu.

Í annari grein samningsins stendur: »Þegar leyfistíminn er á enda, getur leyfið fengizt endurnýjað, Ef fjelagið vill ekki fá leyfið endurnýjað án tillags eða brjóti það leyfið af sjer, skal Danmörk« o. s. frv.

Þessi orð finnst mjer að verði að skilja svo, að við sjeum ekki lausir við samninginn, þótt þessi margumræddu 20 ár, sem einkaleyfið er bundið við, sjeu liðin, nema fjelagið vilji ekki fá leyfið endurnýjað án tillags úr landssjóði.

Þetta bendir á, að það er undir St. N. komið, hvort einkaleyfið stendur í 20, 30, 40 eða 100 ár. Vilji félagið halda áfram, að 20 árum liðnum, getur hvorki stjórnin hjer eða danska stjórnin komið í veg fyrir það. Og þar sem um svona gróðafélag er að ræða, þá mun það ekki horfa í að halda símanum, ef hann gefur ágóða í aðra hönd. Vér getum losnað við að borga tillagið eftir 20 ár, en umráð yfir símanum eða tekjur af honum fáum vjer ekki, nema St. N. vilji ekki halda einkaleyfinu. Þetta finnst mér einn stærsti og versti ókostur þessa samnings og í raun og veru frágangssök fyrir Íslendinga, þótt ekkert væri annað að honum. Háttv. meiri hluti telur símasambandið eitt áreiðanlegt, en minni hlutinn telur loptskeytasambandið líka fullt svo áreiðanlegt, eins og hjer stendur á. Um þetta má auðvitað mikið þrátta jafnvel heilt þing enn. En eitt er víst, að þetta símasamband bæði á landi og sjó verður hjer háð sömu forlögum og annarsstaðar í heiminum, þeim forlögum að bila opt og iðulega. Það er reynsla fyrir því í öðrum löndum, að landritsímar slitna mjög opt á margra mílna svæði, og vjer getum sannarlega ekki ætlað, að slíkt muni koma sjaldnar fyrir hjer, þar sem veðrátta er harðari, en víðast hvar annarsstaðar í heiminum, þar sem landsímar eru. Það er því engin ástæða til að ætla, að hjer verði undantekning frá þessari reglu frekar en annarsstaðar. Meiri hlutinn heldur því fram, að loptskeytaaðferðin sje svo óáreiðanleg, að ekki sje við henni lítandi, enda þótt slíkt samband fengist ókeypis. En hvernig fer hjer fyrir háttv. meiri hluta? Hann gefur hæstv. ráðh. aptur utanundir.

Eins og kunnugt er, byrjar hæstv. ráðherra á samningaumleitunum sínum í þessu máli einmitt við loptskeytafjelagið — Marconifjelagið í Lundúnum, með öðrum orðum: hann leitar fyrst samninga við það fjelag, sem samkvæmt bæði hans eigin orðum og meiri hlutans á þessu þingi er allsendis óáreiðanlegt.

Getur nú hugsazt öllu meiri mótsögn en þetta? Sannarlega ekki; með þessu eru hinar þyngstu sakargiptir bornar á ráðh. sjálfan fyrir sterkt kæruleysi í þessu mikilvæga máli; hann byrjar á því, að vilja útvega oss samband við umheiminn, sem eptir margendurteknum ummælum meiri hlutans er allsendis óáreiðanlegt og óábyggilegt. Lengra hefur enginn þm.

enginn meiri hluti, enginn þingflokkur komizt í öfgum og mótsögnum við sjálfan sig.

Fyrir þing í sumar voru það taldir barnórar og óvitaskapur að hugsa, að hingað væri hægt að koma loptskeytum. Reynslan hefur staðfest hið gagnstæða, og þvaður manna um, að svo og svo mörg skeyti hafi farizt í sumar á leiðinni hingað, er ekkert annað en staðhæfingar, sem er öllu líkari krökkum, en fullorðnum mönnum.

Þá vildi jeg minnast á tillagið frá Danmörku. Mjer finnst það ekki nema getsakir í garð Dana, að segja, að tillagið fáist að eins til Stóra norræna, en ekki til neins annars fjelags, er þingið kynni að semja við. Það er getsök til dönsku stjórnarinnar og ríkisþingsins, að þau sjeu svo mjög háð Mikla norræna fjelaginu, að ekkert tillag geti frá þeirra hálfu fengizt til neins hraðskeytasambands milli Íslands og útlanda, nema Mikla norræna sje þar annar samningsaðili. En allar þessar mótsagnir, getsakir, öfgar og vafningar, sem fram hafa komið í máli þessu, ættu að gjöra það öllum ljóst, að hið heppilegasta ráð, sem hjer yrði upp tekið, sje það, að málinu yrði frestað um næsta fjárhagstímabil; á þeim tíma gæti fengizt fullvissa um margt það, sem nú er í óvissu, og allur sá reykur af ósannindum og öfgum, sem nú glepur mörgum manni sjónir, væri þá að líkindum horfinn.

Því hefur verið haldið fram af háttv. meiri hluta, að engin sönnun væri fyrir því, að kjósendur vildu ekki hafa ritsímasamninginn. Jeg skal ekki mikið um það segja, en rjett er þessi staðhæfing ekki, því er öðru nær; en hinu verð jeg algjörlega að neita, að það sjeu óskir þjóðarinnar, að fá svona lagað samband. Yfirlýsingar fyrri þinga hafa meir verið til að halda málinu vakandi, en að menn byggjust við, að það kæmi til verklegra framkvæmda.

Hinn háttv. framsm. meiri hlutans fullyrti, að til væru margendurteknar óskir þjóðarinnar um svona lagað hraðskeytasamband, sem meiri hlutinn nú vill keyra á landið.

Jeg vildi, að hinn háttv. framsm. meiri hlutans vildi benda mjer á, hvar þessar margyfirlýstu óskir þjóðarinnar eru. *(Jón Ólafsson:* Þingmálfundir fyrri ára). Jeg neita því, að svo sje; það er undantekning, ef minnzt er á ritsímamálið á þingmálafundum fram að árinu 1904. Öðru máli er að gegna með þingmálafundina í vor, þar er þessum ritsímasamning mótmælt af miklum meiri hluta þeirra kjósenda, er þá fundi sóttu. Auðvitað er ekki hægt að »dókúmentera« vilja þjóðarinnar með atkvæðagreiðslu, en aldrei hafa komið fram eins eindregnar yfirlýsingar á þingmálafundum móti nokkru máli, eins og móti þessum ritsímasamningi stjórnarinnar. Þessar þingmálafundargjörðir hafa nú verið prentaðar, og þó heldur meiri hlutinn því fram, að meiri hluti þjóðarinnar muni í raun og veru vera samningi þessum hlynntur. Það var þó tekið fram af háttv. 2. kgk. þm. (E. B.), að mikill meiri hluti kjósenda, sem hefðu látið uppi álit sitt á málinu, væri samningnum mótfallinn, en að það væri sprottið af einhliða skoðun á málinu. Það getur ekki verið, að það sje af einhliða skoðun á málinu, því það eru miklu fleiri blöð, sem draga taum samningsins, en hin sem eru á móti honum, en hitt er líka víst, að blöðum stjórnarinnar hefur ekki tekizt að sannfæra þjóðina í þessu máli.

Það hefur verið unnið af kappi af hálfu beggja flokkanna. Það er hart að koma fram með það á þinginu, að þar sem ekki hafi komið fram yfirlýstur vilji frá fleirum en 1600—1700 kjósendum, að þá sjeu allir hinir á bandi stjórnarmanna. Þetta þykir mjer einkennileg röksemd. *(Jón Ólafsson:* Stend við hana). Þm. getur fyrir mjer staðið, setið og legið við hana. Þessar vikur, sem liðið hafa, síðan þingið var sett, hafa fært oss heim sanninn um, að þingmálafundargjörðirnar eru byggðar á nákvæmri og rökstuddri umhugsun og yfirvegun þessa máls. Það hafa æ heyrzt fleiri og fleiri raddir, sem hafa beðið um að fresta málinu, og nýlega komu hingað áskoranir frá yfir 400 kjósendum, sem staðfestu það, sem kjósendur sögðu í vor, og að þeir, sem ekki hafa greitt atkvæði á móti, sjeu með samningnum, er varla öðrum truandi til að segja, en háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.). Það er ljótt að vera að tala um, að kjósendur landsins sjeu leiksoppar og ginningafífl. Þeir, sem slíkt segja, munu fá að sjá það, að það hefnir sín, þó seinna verði. Jeg vil taka það hjer fram, að sá vilji, sem hefur komið fram, hefur verið sá, að Ísland kæmist í samband við umheiminn, og þá fyrst og fremst höfuðstaðurinn. Vjer verðum að fara varlega út í þennan mikla kostnað. Hann verður að standa í einhverju hlutfalli við gagnið, sem vænta má að landið hafi af þessum afardýra landsíma frá Austfjörðum til Reykjavíkur. Vjer verðum þó að gá að því, að vjer erum ekki nema 80 þús. Engin þjóð mun nokkru sinni hafa varið svo miklu fje hlutfallslega til símasambands, sem meiri hlutinn nú fer fram á. Hvað viðvíkur landsímanum, þá mun ekki mikið hafast upp úr honum á við það, sem til hans þarf að kosta; en eitt er víst, að þegar byrjað er á svona lagningu, þá koma allir hlutar landsins á eptir og heimta samband frá yztu nesjum til innstu dala. Það hefur nýlega verið sagt hjer, að þingið hefði reist sjer hurðarás um öxl með vegalögunum. Mundi nú ekki verða sagt hið sama um ritsímann? Það verður ekki látið staðar numið með aðallínuna; það verður heimtað, að leggja álmur um landið þvert og endilangt, og af þessu mundi leiða, að leggja yrði hinar voðalegustu tollálögur á þjóðina, sem hægt er að hugsa sjer. Tollálögur eru sjálfsagðar til að standast kostnað við bráðnauðsynleg fyrirtæki, en til annarar eins fjarstæðu og þetta eru þeir það ekki. Þegar það er óvíst, hvort gagnið samsvarar nándarnærri kostnaðinum, þá er sannarlega varlega farandi í sakirnar fyrir eins fámenna og fátæka þjóð, og við erum. Vegna allra þessarar fjarstæðna, ágreinings og mótsagna, sem í máli þessu eru, finnst mjer óskiljanlegt, að menn skuli ekki vilja fresta því. Jeg vil segja, að það sje harla ónógt, að fara að sumrinu og rannsaka þær leiðir, er síminn á að liggja um, og það af ókunnugum mönnum. Íslendingum getur sjezt yfir í þeirri rannsókn; auk heldur útlendum að rannsaka leiðina; það er ekki alltaf, að þó að ein leið virðist góð að sumrinu, að hún sje það þá að vetri til, það hagar svo allt öðruvísi til hjer á þeim árstíma. Allt mælir með að fresta málinu; þjóðin getur áttað sig betur á því, og þing og stjórn verður betur undir það búin. Frestun málsins getur ekki orðið til annars, en að seinka því um tveggja ára tíma, fyrir því höfum vjer skýrar yfirlýsingar valdhafanna í Danmörku. Loptskeytaaðferðin er á svo hörðu framfarastigi, að hún gæti á þessum tíma verið orðin svo fullkomin, að ekki væri umtalsmál

annað en taka hana. Allt hrópar til okkar að steypa þjóðinni ekki út í þennan voðakostnað. Hæstv. ráðh. væri heldur enginn ógreiði gjörður með þessu, það er eðlilegt, að hann gangist ekki fyrir því að hafna ritsímasamningnum, en allir þjóðkjörnir þm. ættu að minnsta kosti að gjöra það í bráðina. En haldi þeir samningnum fram og keyri hann í gegn, þá er jeg viss um, að háttv. meiri hl. er að smíða líkkistu handa sjer og hana úr heilum borðum saman rekna. Jeg vildi, að vjer gætum skilist þannig, að vjer gætum sagt kjósendum vorum, að vjer ekki höfum rasað fyrir ráð fram. Framsm. meiri hlutans talaði með skopi um breyt.till. minni hlutans, en allt skop er mjer fjarri. Jeg verð að frábiðja mjer og flokksbræðrum mínum allt slíkt. Jeg hef aldrei fundið eins vel til þeirrar ábyrgðar, sem á mjer hvílir sem þm., eins og í þessu máli. Háttv. framsm. var að tala um, hvað ætti að gjöra við þessar 25 þús. Það er náttúrlega veitt stjórninni til umráða. Hjer þarf mikið að undirbúa, og vjer ákváðum upphæðina þess vegna svona ríflega. Undirbúningur landlínunnar þarf að fara fram jafnt á vetri sem sumri, undir leiðsögn kunnugra manna, sem geta sagt, hvernig hjer hagar til. Náttúruöflin hjer eru svo sterk og landslaginu þannig háttað, að jeg sje ekkert eptir því fje, sem fer til hyggilegs undirbúnings. Oss fannst því betra að ákveða upphæðina of háa en of lága. Það er svo langt frá því, að mjer finnist nokkuð skoplegt í þessu máli, að það er þvert á móti mörg nótt í sumar, sem jeg hef ekki getað sofið af áhyggjum fyrir því. Mjer þykir engin skömm að því að segja þetta hjer frammi fyrir hinni háttv. deild. Fátækt og fámenni þjóðarinnar heimta það, að vjer reisum oss ei hurðarás um öxl; vjer eigum að sníða oss stakk eptir vexti. Jeg vildi óska, að hamingjan gæfi, að þetta mál mætti snúast til góðs fyrir land og lýð.

Ráðherrann: Jeg hef komið fram með breyt.till. við 11. gr. 5. b., að í stað þess ákvæðis við styrk þann, sem augnlækninum er ætlaður til læknisferðar kringum landið: »að dvöl hans á helztu viðkomustöðum strandferðaskipanna verði svo löng, að almenningur hafi hans tilætluð not«; komi: að hann á hverri hringferð hafi að minnsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eptir samráði við stjórnarráðið. Þetta álít jeg heppilegra vegna þess, að þessar 300 kr., sem um er að ræða, hrökkva ekki til þess, að haga ferðinni svo, að hann geti haft langa viðdvöl á hverjum viðkomustað. Hingað til hefur hann gjört ýmist, að fara hringinn í kringum landið allt, án þess að hafa lengri dvöl á neinum stað sjerstaklega, eða þá að dvelja lengri tíma á einhverjum hinna stærri viðkomustaða strandferðaskipanna. Eptir því, sem hann hefur skýrt mjer frá, hefur hvert af þessu sína kosti. Þó að hann hafi ekki staðið við nema stutta stund í hverjum stað, þá hefur orðið tími til þess, að skoða sjúklinga og segja þeim, hvort að þeir gætu fengið verulega hjálp við augnveiki sinni með því að koma suður og hann gæfi þeim ráð.

Hjer er meiningin, að sameina báðar þessar aðferðir, með því að hann á hverju ári gjöri hvorttveggja, að koma á sem flestar hafnir og dvelja á einhverri lengri tíma.

Önnur breyt.till. mín er við 11. gr. 9. að aptan við l, bætist nýr liður: m, til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á

Seyðisfirði (fyrra árið) 5,000 kr. Þegar fjárlagafrv. var tilbúið, var ekki komin skýrsla til stjórnarráðsins um það, að sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði hefði fokið, og verður því að setja þetta inn á fjárlögin nú.

Þriðja breyt.till. við 12. gr. A. 1. a. er að eins formbreyting og þarf ekki að fjölyrða um hana.

Fjórða breyt.till. við 12. gr. C. 1. fer fram á, að orðin í niðurlagi athugasemdarinnar: »Ennfremur að fargjald — — styrktar eru af landssjóði«, falli burt. Þetta ákvæði, sem sett var inn við síðustu umræðu hjer í deildinni, kemur ekki vel við, þar sem það er kunnugt, að búið er að semja við gufuskipafjelagið eða rjettara sagt, taka tilboði með tilteknum skilyrðum, þar sem þessir skilmálar ekki voru fram teknir. Mjer finnst alls ekki sæmilegt, að bæta inn í samninginn skilyrðum, að öðrum umsemjandanum fornspurðum. Fjárlaganefndir deildanna hafa samið fyrir allt þingið, og hlýtur því að sitja við þá samninga. Jeg hef talað við umboðsmann fjelagsins, skipstjóra Aasberg, sem nú er nýkominn hingað aptur, um þetta, og spurði hann, hvort hann gæti gengið að þessum nýju skilyrðum. En hann sagðist vera búinn að skýra fjelaginu frá samningnum og ekki hafa neitt umboð til þess, að samþykkja breytingu, o: standa við tilboð fjelagsins, ef skilmálum sje breytt af þingsins hálfu. Hann hefur aðeins umboð til að ganga inn á lítilfjörlegar breytingar á ferðaáætlunum, eins og um hafði verið talað, áður en hann fór hjeðan á dögunum. Þær breytingar, sem hjer er um að ræða, eru ekki þess eðlis, að þær geti haft neitt verulegt að þýða í »ökonómisku« tilliti. Sú gamla venja, að hafa fargjald jafnhátt frá Danmörku og Skotlandi er fremur að skoða sem ívilnun við þá, sem til Danmerkur fara eða þaðan koma, heldur en sem iþynging fyrir þá, sem að eins fara til Skotlands. Gjaldið er miðað við þá mörgu ferðamenn, sem frá Skotlandi koma, og engin ástæða til þess, að gefa þeim ívilnun í fargjaldinu, enda fylgir Thorefjelagið sömu reglu eins og Gufuskipafjelagið í því, að hafa fargjaldið jafnhátt til Skotlands og til Kaupmannahafnar. Hitt væri mjög óviðkunnanlegt, að fara að gjöra greinarmun á fargjaldi manna eptir þjóðerni; það er sama og það, að gjöra greinarmun á útlendum mönnum og innlendum við inngöngueyri á forngripasafnið, eins og um var talað við 2. umræðu þessa máls. Hitt síðara atriðið í viðbótarskilyrðinu, að allir alþingismenn skuli hafa ókeypis far með skipunum, hvernig sem á stendur ferðum þeirra, finnst mjer, satt að segja, ástæðulaus og fremur óviðkunnanleg krafa.

5. breyt.till. er við 12. gr. C. 2, og er meiningin með henni, að ákvæði það, sem nú gildir um Faxaflóabátinn, sje einnig látið gilda um Breiðaflóabátinn, og að ekki aðeins áætlunin heldur og samningar við útgjörðarmenn sje dregnir inn undir samþykki stjórnarráðsins. Þetta er nauðsynlegt, þar sem margar sýslunefndir eiga hlut að máli, sökum þess, að erfitt er að fá samkomulag milli sýslunefndanna. En í Ísafjarðarsýslu er öðru máli að gegna, því þar er aðeins ein sýslunefnd, sem um málið fjallar. Við Eyjafjörð eiga aðeins 2 sýslunefndir hlut að máli, en þar er svo hægt um að koma á sameiginlegum fundi, að ekki er neitt varhugavert við að láta ákvæðið halda sjer um þann lið.

Sjötta breyt.till. við 13. gr. B. I. b. 1. er, að á undan »12 lærisveinum« komi: »allt að«, og orðin: »styrk má aðeins veita« o. s. frv. til enda athuga-

semdarinnar, komi í sjerstakri málsgrein, er eigi við báða liðina 1 og 2. Þessi breyt.till. þarf engra skýringa við.

Sjöunda breyt.till. við 13. gr. B. II. a. er alveg í samræmi við síðastnefnda breyt.till. (um prestaskólann) og er því eigi heldur ástæða til að fjölyrða um hana.

Þá er 8. breyt.till. við 13. gr. B. VI. b. 4, að í stað orðanna: »Þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu«, komi: »Til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúningsráðstöfunum og reglugjörðum, er stjórnarráðið setur þar um, allt að 2,500 kr.« Þetta orðalag er sett í fullu samræmi við grein í frv. um fræðslu barna, er samþ. hefur verið hjer í deildinni. En ástæðan fyrir því, að jeg hef komið fram með þessa breyt.till., er jafnframt sú, að það er ekki heppilegt, að stjórnin sje bundin við einn mann, þannig, að ekki sje hægt að nota einnig hjálp fleiri manna, ef á þarf að halda til þessara starfa og undirbúnings.

Níunda breyt.till. fer fram á, að í 15. gr. 2 komi í stað »2,000 — 2,000« »3,500 — 3,500«. Það er til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum. Þessi upphæð (3,500) var samþ. í háttv. Nd., en var breytt í 2,000 hjer í deildinni við 2. umr. Ef þessar 2,000 kr. eru látnar standa, gjörir fjárveitingin ekkert gagn, því stjórnin getur engan hæfan mann fengið fyrir þessa upphæð. Háttv. framsm. nefndarinnar hjer (J. Ó.) sagði, að 2,000 kr. væri nægilegt sem þóknun handa fyrv. verkfræðing landsins fyrir störf hans að sumrinu til, en í fjárlögunum er önnur fjárveiting (12. gr. B. 2.), sem stjórnin getur notað til þess að borga honum þau störf, er hann getur á hendur tekizt. En til þess að fá annan sjerstakan verkfræðing, fyrir utan vegagjörðaverkfræðing landsins, til leiðbeiningar og forstöðu í ýmsum öðrum verklegum fyrirtækjum lands og hjeraða, er 2,000 kr. upphæð ekki nægileg, ef það er duglegur og góður maður. Jeg skal geta þess, að stjórnin hefur augastað á efnilegum verkfræðingi, sem gefið hefur kost á sjer fyrir 3,000 kr. kaup og 500 kr. í ferðakostnað, en fæst ekki fyrir minni laun. Ef hin háttv. þingdeild á annað borð vill styðja verklegar framkvæmdir á þennan hátt, þá verður að hækka fjárveitinguna aptur, eins og farið er fram á í breyt.till.

Þá er einn liður, sem á að koma fram við eina umr. í Nd., og það er fjárveiting til fjárkláðaskoðunar..

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að hraðskeytamálinu. Viðvíkjandi þessu máli eru komnar fram tvær breyt.till., önnur er sú, að fresta málinu, hin fer fram á, að veita 125,000 kr. til álmu til Ísafjarðar. Það er að bera í bakkafullan lækinn, að tala meira um þetta mál, það er búið að hrekja svo opt mótbárur og frestunarástæðu minni hlutans, að það er ekki þörf á að gjöra það frekar. Jeg fyrir mitt leyti er þegar svo opt búinn að segja mína skoðun á málinu, að mjer er farið að leiðast að endurtaka það. Jeg ætla að eins að drepa á fáein atriði, þó flestu sje áður svarað.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) heldur, að það geti orðið stórgróði fyrir Mikla norræna ritsímafjelagið af tekjunum, sem það fái af sæsímanum hingað til landsins, og að það sje því mikið keppikefli fyrir fjelagið, að fá leyfi til símalagningarinnar, hvað sem öðru líður. Hafi háttv. þm. kynnt sjer, hversu miklar fjárupphæðir ganga til þess, að leggja sæsímann, kosta rekstur hans og halda honum við, auk þeirra 300 þús. króna, sem fjelagið leggur til

landsímans, og hins vegar hverja borgun fjelagið í hæsta lagi *má* taka fyrir símskeyti, þá hlýtur hann vissulega að hafa geysi háar hugmyndir um væntanlega notkun símans, og þá einnig um þörfina, sem er fyrir símann. Það er meira en lítil »trafik«, sem þarf til þess, að skeytasendingar með 37½ eyris verði að meðaltali fyrir orðið, gjöri ekki að eins að borga 20 ára »*amortisation*« á stofnfjenu, sem er áætlað 2 miljónir, og ársútgjöldin, sem hljóta að verða talsverð, bæði í Hjaltlandi, Færeyjum og hjer, heldur jafn vel gefi mikinn nettó-afgang. Ef þörfin væri svona afarmikil fyrir telegraf, þá væri vissulega ekki vel gjört nje viturlegt að halda fram frestun málsins, og er það reyndar heldur ekki, þótt viðskiptaþörfin sje nokkru minni.

Eins og tekið hefur verið fram, og alkunnugt er, hefur fjelagið að undanförnu ekki viljað taka að sjer að leggja sæsíma hingað til lands, nema fyrir mjög hátt tillag. Í tíð Tietgens var talið, að tillagið þyrfti að vera 360,000 kr. til þess að ráðist yrði í fyrirtækið. Nú hefur fjelagið tekið þetta að sjer fyrir 89 þús. kr. árgjald, 54 þús. frá ríkissjóði og 35 þús frá Íslandi; að fjelagið hefur tekið þetta að sjer nú fyrir svona lítið, kemur sumpart af því, að símalagning er orðin ódýrari en áður, sumpart af því, að fjelagið hefur vonazt til að fá þann tekjuhalla, sem talinn er vís af sæsímanum, bættan upp óbeinlínis á annan hátt, með rjettindum, sem önnur ríki veita, og sem *að nokkru leyti* standa í sambandi við þessa símalagningu.

Háttv. þm. (S. St.) var mjög hræddur við einkaleyfi það, sem fjelagið fær í 20 ár, og sagði, að vel gæti svo farið, og væri jafnvel mjög líklegt, að eptir þessi 20 ár, sem fjelagið á að hafa einkaleyfi hjer við land, mundi það fá einkaleyfi sitt endurnýjað um önnur 20 ár, og svo áfram í 60 ár, eða jafnvel 100 ár. Enda þótt orðið »leyfi« í 2. gr. samningsins væri skilið sem einkaleyfi, þá er það þó alveg víst, að eptir samningnum er alls ekki að ræða um rjett til nema að eins einnar endurnýjunar á honum, og þá án alls tillags, bæði frá Íslandi og Danmörku.

En setjum svo, að fjelagið eigi heimtingu á framlengingu einkaleyfisins, að þessum 20 árum liðnum, í 20 ár aptur, þá eru mjög litlar eða alls engar líkur til þess, að fjelagið færi nokkru sinni fram á slíkt, eins og jeg nú skal sýna fram á.

Leyfi það, sem Mikla norræna hefur hjá Danmörku, Englandi, Noregi og Svíþjóð til sæsímasambands milli þessara landa, og sem átti að vera útrunnið árið 1912, hefur í fyrra og í ár fengizt framlengt til ársins 1926, eða einmitt til sama tíma, eins og ritsímasamningurinn fyrir Færeyjar og Ísland gildir fyrir, og útrennur einmitt á sama tíma, sem einkaleyfið fyrir Ísland.

Fjelaginu var alls ómögulegt að færast í fang ritsímalagninguna til Íslands, og skuldbinda sig til að halda uppi sambandinu á sinn kostnað og sína ábyrgð í 20 ár, nema það hefði hin umgetnu leyfi sín jafn lengi, því að það liggur í augum uppi, að það getur ekki staðið sig við, að hafa dýr »kabel«-skip og önnur áhöld, sem jafnan þarf að hafa til taks til viðhalds sæsímum, ef það ætti engan síma á svæðinu milli Noregs-Svíþjóðar-Danmerkur-Englands-Íslands, nema þennan eina milli Hjaltlands, og Íslands, sem svo lítil arðsvon getur af verið; það fær víst hver maður skilið, sem vill skilja það, að þessi símaspotti mundi ekki

bera þann kostnað, og þar að auki gefa eitthvað upp í rentur af stofnfje og föst ársútgjöld.

Það er því augljóst, að endurnýjun »koncessiónanna« til símasambands milli Danmerkur-Englands-Sviþjóðar-Noregs er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að til þess geti komið, að Mikla norræna fari fram á endurnýjun á Íslands-leyfinu að 20 árum liðnum; og það er ekki líkindi til, að sú endurnýjun fengist, ef orðin væri nokkur arðsvon fyrir ríkin sjálf, að reka þessi sambönd. En ef svo væri í þessum fjölmennu löndum, að ríkin álitu engu tapað með því að framlengja sín leyfi til fjelagsins, þá skil jeg ekki, að það gæti fremur verið tap fyrir Ísland, að láta aðra hafa veg og vanda, tekjur og útgjöld af símarekstrinum, ekki meiri en »trafikin« er hjer í samanburði við hin löndin.

Það var vissulega mjög miklum erfiðleikum bundið, og kostaði miklar samningsleitanir og fyrirhöfn fyrir dönsku stjórnina, að fá svo í haginn búið hjá hinum ríkjunum, að tiltök væru, að ritsímafjelagið tækist símalagninguna á hendur, og einnig fjelagið sjálft, eða hinn góðkunni formaður þess, hefur mikið erfiði á sig lagt, og mikið viljað til vinna, til þess að styðja framgang málsins, ekki í gróðavon, heldur til þess að bæta úr sárri þörf. Það er vissulega rangt og ómaklegt, að ætla þessum mönnum vjelráð og illan tilgang.

Þá sagði háttv. þm. (S. St.), að framlag úr ríkissjóði mundi að líkindum fást eins til loptskeytasambands, eins og til Mikla norræna. En það get jeg með fullri vissu sagt háttv. þm., að það getur í öllu falli ekki orðið, nema ríkisþingið í Danmörku breyti skoðun sinni og skilyrðum, og taki frumkvæði til þess að hjálpa fáeinum mönnum hjer á landi til þess að ónýta konunglega »koncessión«, sem þegar er gefin til miklu betra og tryggara sambands.

Að núverandi samgöngumálaráðherra telur óheimilt, að verja danska styrknum til annars en ritímasambandsins, hef jeg lengi vitað, en auk þess hefur mjer þessa dagana borizt brjef, sem hann hefur ritað skrifstofustjóra, konferenzráði Ól. Halldórssyni, upp á fyrirspurn frá *honum* um þetta efni, er þar komizt svo að orði:

» . . . jeg anser det for hævet over enhver Tvivl, at den af Rigsdagen paa sidste Finanslov vedtagne Bevilling paa 54,000 kr. i Anledning af Islandskablet *kun* kan udbetales til det store Nordiske Telegrafselskab, og at jeg derfor ikke paa nogen Maade vil anse mig for beföjet til at anvende dem paa anden Vis — saa meget mindre, som det yderligere Vederlag, der var stillet store Nordiske Telegrafselskab i Udsigt for Kablets Overtagelse, nemlig Forlængelsen af dets Koncessioner paa Kablerne til England og Sverige, allerede — efter vidtlöftige Forhandlinger med disse Lande — *er* tilsagt Selskabet paa bindenda Maade«.

Það væri þannig brigðmælgi bæði við fjelagið og hin önnur ríki, ef Danir færu að kippa burt tillaginu til Stóra norræna, sem einnig hefur verið veitt til 20 ára eins og hjer. Fjelagið hefur í þetta sinn fengið skilyrðislausa framlengingu símaleyfisins hjá ríkjunum, en það eru lítil líkindi til, að það endurtaki sig eptir 20 ár, nema alveg sjerstakar ástæður verði þá til þess.

Háttv. þm. (Sig. St.) fór nokkrum orðum um það, að eptir því sem meiri hluti ritsímanefnefndarinnar kæmist að orði um Marconifjelagið og óáreiðanleik þess, þá væri alveg eins og verið væri að snoppunga *mig,*

sem hafði getað verið að semja við slíkt fjelag. En því fer fjarri, að svo sje. Samningatilraunir mínar við Marconifjelagið voru sjálfsagt áframhald af því, sem á undan var gengið, áður en jeg tók við, og byggðust auðvitað á því, að ekki væri um annað betra að gjöra; háttv. þm. var, og er það vel kunnugt, að á alþingi 1902 og 1903 voru engin minnstu líkindi til þess, að Mikla norræna vildi taka að sjer símalagningu hjer til lands. Aptur á móti var þá bæði Kaupmannahafnarfjelagið Warburg & Arntzen etc. að reyna fyrir sjer á ýmsa vegu um þráðlaust samband hingað, sem átti að ná eigi að eins til Reykjavíkur, heldur og til hinna kaupstaðanna þriggja. Marconifjelagið hafði hjer íslenzkan agent, Einar Benidiktsson, sem á alþingi 1903 gekk mjög fast að samgöngumálanefndinni með meðmæli sín með Marconifjelaginu. Enda var fyrir hans till. og hvatir sett inn í fjárlögin ákvæði um, að verja mætti ritsímaupphæðinni til þráðlauss sambands, eða hitt þó öllu heldur, að verja mætti allri upphæðinni, þegar fyrra árið, til þess að koma á þráðlausu sambandi aðeins til Reykjavíkur, ef trygging væri fyrir, að hinir kaupstaðirnir kæmust í sambandið fyrir lok fjárhagstímabilsins. Úr danska fjelaginu varð ekkert annað en »umþeinkingar«, en umboðsmaður Marconifjelagsins hjelt áfram að halda því fram við stjórnina, og strax eptir að stjórnarskiptin urðu, kom brjef til min um það, að Marconifjelagið vildi gjarnan semja við Ísland »*direkte*«. Jeg fór til London, áður samningur var gjörður við Mikla norræna ritsímafjelagið til þess að fá endanleg svör uppá brjeflegar umleitanir, sem ekki hafði verið svarað til hlítar, og ganga fyrir endann á því, hvað Marconifjelagið ýtrast sæi sjer fært að lofa, og hvað væri hið allra minnsta fje, sem það vildi láta sjer nægja með. Boð fjelagsins voru alveg óaðgengileg að öllu leyti, eins og kunnugt er.

Mjer hefur verið borið á brýn, bæði í vissrar tegundar blöðum hjer í bænum og í ræðum sumra andþæfinga, að jeg hafi átt að segja, að þráðlaust samband væri ekki nýtandi, þótt við fengjum það fyrir alls ekkert. Þetta er eins og margt annað, sem heyrzt hefur úr þeirri átt, útúrsnúningur einn og rangfærsla á orðum mínum; allt rifið út úr rjettu sambandi, og framsett þannig, að meiningin verður allt önnur en til var ætlazt. Jeg hef aldrei sagt, að fá þráðlaust samband, væri gagnslaust og ekki nýtandi, þótt við gætum fengið það fyrir ekkert; en hitt sagði jeg við umræðurnar í Nd., að þráðlaust samband væri, að minnsta kosti enn sem komið er, ekki þess um komið, hefði ekki það magn í sjer, að það *gæti* fullnægt sama hlutverki og gjört sama gagn í viðskiptalífinu og menningarlífinu eins ritsímar og talsímar. Til þess er þráðlausa sambandið of óvist og eigi auðið að takmarka skeytasendinguna við þá menn eina, sem skeytin eiga að fara til. Jeg ljet því í ljósi, að jafnvel þótt við gætum fengið loptskeytasamband sett upp ókeypis, þá væri þörf á ritsíma og einkanlega talsímasamböndum eptir sem áður. Eins og allir vita, eru lítil líkindi til þess, að bætt verði innan skamms úr þeim agnúum, sem á þráðlausri firðritun eru; allir, sem tæki hafa til þess, geta náð skeytunum; það er komið undir ýmsum veðurbrigðilegum atvikum, mismunandi sólarljósi og segulmagni jarðar, hvort þau berast áreiðanlega; það er þannig mjög ótryggt og ófullkomið í samanburði við símana, sem bera skeytin, öruggt og áreiðanlega, án þess aðrir

geti náð þeim en móttökustöðin. Hinsvegar verður því ekki neitað, að þráðlaus firðritun er aðdáanleg uppfinding, og er afarmikið betri, en ekkert, þar sem annað samband er ómögulegt, t. d. milli skipa innbyrðis á sjó úti, milli skipa og lands, og þar sem annars háttar svo, að ekki er hægt að leggja síma.

Að fjelagið sjálft hefur efazt um öryggi sambandsins, sjest bezt á því, að það enga tryggingu vildi setja; að mega halda eptir af tillaginu er engin veruleg trygging; setjum svo, að vjer hefðum sleppt af öðrum góðum og tryggilegum boðum til þess að taka loptskeytasamband, og það svo reynzt ófullnægjandi; hvaða gagn hefði þá verið að því fyrir okkur, að mega halda eptir tillaginu? við hefðum misst af ágætu hraðskeytasambandi og setið eptir með sárt ennið, skömmina og skaðann.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) minntist á það, að þjóðin hefði ekki látið í ljósi neinn vilja, að því er hraðskeytasamband snertir. Þessu verð jeg að neita; það hefur komið fram mjög ákveðinn vilji í þá átt, og skal jeg nefna til dæmis, að sýslunefndin í N.-Múlasýslu með kjörnum fulltrúum úr S.-Múlasýslu og að viðstöddum alþingismönnum sýslnanna, skoraði með fundarályktun 1898 á stjórnina að koma því til leiðar, að sæsíminn yrði látinn koma á land á Austfjörðum, og að bjóða Mikla norræna ritsímafjelaginu allt að 150,000 kr. framlag af landssjóði sem tillag til landsímalagningar frá Austurlandi yfir Akureyri til Reykjavíkur og Ísafjarðar, og lýsti sýslunefndin því yfir, að svo framarlega sem alþingi skyldi ekki vilja veita þetta tillag, þá væri sýslan fús til þess að veita af sýslusjóði allt að 10,000 kr. tillag til landsímalagningarinnar; það er mjög líklegt, að kjósendur í þessum sýslum hafi staðið bak við fulltrúa sína, að minnsta kosti var þessari áskorun nefndanna ekki mótmælt af neinum. Um sama leyti barst stjórninni svipuð áskorun frá amtsráðinu í Norður- og Austuramtinu. En um þingmálafundi er mjer ókunnugt um það leyti, en líklegt er, að þeir hafi gjört svipaðar ályktanir.

Háttv. þm. (S. St.) sagði einnig, að engin þjóð hefði eytt tiltölulega svo miklu fje til hraðskeytasambands, eins og ætlazt er til, að vjer gjörum. Þótt svo væri, sem jeg ekki veit, þá sannar það harla lítið. Vjer erum fámennir og lifum dreifðir yfir stórt land, svo það er engin furða, þótt hraðskeytasamband verði oss dýrara að tiltölu en stórþjóðunum, sem í þjettbýli lifa; samt er það víst, að sumar þjóðir hafa orðið að leggja mikið í sölurnar, til þess að koma á hjá sjer góðu hraðskeytasambandi; í Noregi var t. d. gjört hlje á öllum öðrum samgöngufyrirtækjum, meðan verið að koma lagi á hraðskeytasamband þar í landi um og eptir miðja síðustu öld. Þeir komu þá þegar þræði eptir endilöngu landi, og hef jeg það fyrir satt, að enn standi staurar margir norðan fjalls í Noregi, sem reistir voru 1850, allt svo fyrir 50 til 60 árum, og eru þeir þó ekki gagndreyptir, eins og nú tíðkast. Þetta sýnir eitt með öðru haldið í hrakspánum um, að símastaurarnir hjer á landi munu detta sundur annan hvorn dag, og ekki endast nema litla hríð.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) lagði áherzlu á það, að fjárframlögunum til talsímasambands væri ekki lokið með þeim fjárveitingum, sem í þessu fjárlagafrumv. standa; aðrar sveitir mundu vilja fá talsíma, og kostnaðurinn yrði ókleyf-

ur. Jeg ætla að vona það, að aðrar sveitir sem flestar komist sem fyrst í sambandið, og að landssjóði endist máttur til að styrkja það í framtíðinni, eins og vert er, en landssjóður mun alls ekki leggja til allt það fje, sem til þess þyrfti; sveitirnar sjálfar yrðu að leggja nokkuð til; kæmist þannig almennt samband um allt land, þá mundi það einmitt verða til þess, að aðalsíminn borgaði sig þeim mun betur; sambandið mundi verða hin bezta lyptistöng allra framfara, og þær mundu aptur bera kostnaðinn við símann.

Þá talaði háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) um, að varhugavert væri að ráða málinu til lykta nú á þessu þingi, heldur ætti að fresta því. Þegar jeg heyri háttv. andstæðinga vera að hrósa því, hve heppilegt ráð það sje, að fresta þessu velferðarmáli, þá getur mjer ekki annað en dottið í hug það, sem gjörðist á þinginu 1901; þar var minni hluti þingsins líka á því, að heppilegast væri eptir atvikum, að fresta einu stórmáli þjóðarinnar, til þess að reyna, hvort ekki yrði með því móti komizt að betri kjörum; að *því* leyti var líkt ástatt og nú. En að öðru leyti stóð afarólíkt á; þá var minni hlutinn, sem hlut átti að máli, svo öflugur, að aðeins munaði einum manni á meiri hluta og minni hluta á þinginu. Nú er minni hluti í þessu máli að eins fáir menn, örlítið brot af þinginu, sem setur sig á móti vilja og sannfæring meiri hlutans. *Þá* var óhugsanlegt, að neitt misstist að neinu leyti við að fresta málinu. *Nú* er fresturinn hið sama sem að hafna ritsímasambandi, sem landið hefur svo lengi þráð, eyðileggja málið gjörsamlega fyrir ófyrirsjáanlega tíma. Þá hafði verið barið fram í Nd. með eins atkv. mun stjórnarskrárfrumvarp, sem *ekki* fór fram á flutning stjórnarinnar inn í landið. Ný frjálslynd stjórn komst um það leyti að í Danmörku, og þeir, sem höfðu gjört innlenda stjórn að aðalkröfu sinni, voru hræddir um, að ef alþingi samþykkti frumv., þar sem ekki væri andað neitt í þessa átt, heldur þvert á móti, en *felldi* tillögur um heimastjórn, eptir að hljóðbært var orðið um stjórnarskiptin, þá mundi verða óhægra aðstöðu með þær kröfur gagnvart hinni nýju stjórn; þess vegna vildi minni hlutinn, að Ed. samþykkti ekki að svo stöddu frumv. Nd., heldur frestaði að taka ákvörðun, þangað til búið væri að leita hófanna við hina nýju stjórn í Danmörku. En hvernig tók þáverandi meiri hluti í þetta þá? Sömu mennirnir, sem nú vilja fresta þessu máli og bera fyrir sig, að það sje í þeim tilgangi gjört, að reyna að fá betri kjör, þeir ætluðu þá af göflum að ganga yfir því *apturhaldi*, sem þeim þá fannst lýsa sjer í því að koma fram með slíkt, og þverneitaði minni hlutanum um að taka nokkurt minnsta tillit til óska hans, þótt munurinn væri svona lítill í atkvæðaafli. Blöðin þeirru lifðu lengi »hátt« á því, hvað það væri mikið apturhaldseinkenni að vilja »fresta«. Einn virðulegur þm., sem nú situr hjer í deildinni, skrifaði og skrifaði sjer til lítils sóma í dönsk blöð og við danska frjettasnata hverja níðklausuna á fætur annari um *apturhalds*-seggina, sem hefðu viljað *fresta* þessu stórmáli.

En nú! Nú á það að vera það eina þjóðholla framfararáð, að fresta þessu stórmikla framfaramáli, sem hjer er um að ræða. Svona breytast skoðanirnar og aðferðirnar eptir kringumstæðunum.

Það er ein fjarstæðan, sem frestunarflokkurinn í þessu máli er að sístagast á, að Hage ráðherra hafi sagt, að afleiðingin af því, að fresta ákvörðun um málið í fyrra, væri engin önnur en sú, að síminn yrði þá lagður ekki fyr en 1907. En þetta

er rangskilið eða rangfært. Hage er í hinu tilvitnaða brjefi að eins að tala um, að það þurfi að flýta ákvörðuninni um lendingarstað sæsímans, hvort hann ætti að koma til Austurlands eða Suðurlands. En á undan þeirri ákvörðun hlaut önnur að vera gengin, nefnilega ákvörðunin um, hvort fresta ætti samning við Mikla norræna fjelagið yfir höfuð *eða ekki*. Þá ákvörðun þurfti að taka strax, og afleiðingin af því að fresta því að segja af eða á um það aðalatriði, *gat orðið* og *hefði*, eptir því sem síðar er fram komið, orðið sú, að tækifærið hefði liðið fram hjá okkur ónotað, og ekkert orðið úr neinu; þá hefði ekki verið hjer ástæða til að gleðjast eða hryggjast yfir ritsímanum, og háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) hefði ekki haft eins margar vökunætur yfir honum í sumar, eins og hann kvaðst hafa haft.

En jeg segi fyrir mig, að jeg er sannarlega glaður yfir því, að hafa ekki gört það glappaskot, að sleppa tækifærinu úr höndum Íslands, hefði jeg gjört það, þá hefði jeg ekki getað litið framan í hina háttv. andstæðinga mína, eins og jeg gjöri nú.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) var að tala um *líkkistu*, er hjer væri verið að smíða. Mjer þykir ekki ósennilegt, að háttv. minni hluti muni með ofurkappi sínu og allri aðferð í þessu máli, hafa grafið sjálfum sjer gröf, þótt hann hafi ætlað hana öðrum. Hann hefur teflt svo djarft, og dregið svo mikla víxla upp á góðmennsku þeirra manna, er hann vill leiða, að ekki er ólíklegt, að það hefni sín. En ef svo ætti að fara, að þetta mál ætti að verða að fótakefli fyrir meiri hlutann og stjórnina, sem jeg bið alls engan kviðboga fyrir; ef þetta mál ætti að verða »pólítísk líkkista« fyrir mig, eins og mjer skildist á háttv. þm. Ísfjk. (S. St.), þá mundi jeg virkilega ekki harma það, ef málið að eins kemst í gegn, og ritsímanum er borgið. Á engu öðru máli væri stjórninni betra að falla; það yrði skammgóður vermir fyrir þá, sem fella hana á því máli, og þeim lítill heiður fyrir framtíðarinnar dómi.

Jeg veit vel, að það eru mjög margir, er minni hlutanum fylgja í þessu máli, sem gjöra það í »góðri trú«, að berjast móti þessu máli, af því þeir hafa lagt trúnað á rangar fortölur og blekkjandi útlistanir og áætlanir. En sumir háttv. herrar í minni hlutanum hjer á þingi vita vel, hvað þeir eru að gjöra; þeir hafa frá upphafi »skorið refina« eða verið með í, að setja upp vefinn, til þess að koma fyrir kattarnef þessu stórmerkilega framfaramáli þjóðarinnar, að minnsta kosti fyrst um sinn. — Hvað þeim gengur til þess, mega þeir sjálfir bezt vita, jeg ætla engum getum um það að leiða.

En svo er hamingju Íslands fyrir þakkandi, að tilræðin lánast ekki. — Jeg treysti því fastlega, að tilraunir þeirra verði allar til ónýtis, og að mál þetta megi verða landi og lýð til góðs. Mjer þykir leitt, að háttv. þm. Ísfjk. (Sig, St.) gjörir sjer svo miklar áhyggjur út af máli þessu; en jeg vona, að hryggð hans snúist í gleði, og að svo bregði við, þegar málið er orðið samþykkt og afgreitt af þingsins hálfu, að það haldi ekki vökum fyrir honum framvegis.

Á síðasta og yfirstandandi fjárhagstímabili höfum vjer varið 170—180 þús. kr. til útrýmingar fjárkláðanum; vjer leggjum í Lagarfljótsbrúna og Fagradalsbrautina um 180 þús. kr.; þetta eru álitleg útgjöld og árangurinn eða ágóðinn fyrir landið í heild sinni óvís. En samt er jeg viss um, að bæði háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) og aðrir

sofa rólega fyrir þessum útgjöldum í fullu trausti til þess, að landið rísi vel undir þeim. Hvers vegna skyldu menn þá fremur gjöra sjer andvökunætur út úr þessum kostnaði, sem hjer er um að ræða. Aðrar grýlur svo sem »einokunar«-grýlan o. fl. eru svo fjarstæðar og fráleitar, að um það er ekki eyðandi orðum.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson): Jeg ætla fyrst að minnast á 3 atriði, sem fjárlaganefndin ætlaðist til að tekin væru fram í deildinni, en fallið hafði úr hjá mjer. Það eru að eins bendingar til stjórnarinnar, en ekki breyt.till. við neina liði frumv.

Viðvíkjandi biskupsembættinu vildi nefndin láta í ljósi þá skoðun, að ef það losnaði fyrir næsta þing, ætti ekki að veita það embætti. Það er að eins bending til stjórnarinnar. Einnig vildi nefndin láta þess getið, að ef losnaði söngkennara og leikfimiskennara sýslanirnar við hinn almenna menntaskóla, þá mætti komast af með minna fje til þeirra kennara. Þetta ætlast nefndin til, að stjórnin hafi í huga, ef skipti kynnu að verða á kennurum í þessum greinum; en það er ekki meiningin, að breyta launum þeirra manna, sem nú hafa þessi störf á hendi.

Um breyt.till. þær, sem minnzt hefir verið á í umræðunum, skal jeg taka þetta fram. Hæstv. ráðh. var sárt um, að breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. 9. yrði ekki látin standa. Nefndin ætlast til, að gjörður sje munur á fargjaldi fyrir Íslendinga og útlendinga, sem fara milli Skotlands og Íslands. Ef hæstv. ráðh. athugaði þetta betur og læsi alla athugasemdina, þá sæi hann, að það er gjörður munur á Íslendingum og útlendingum, þar sem Íslendingum er veitt undanþága við kaup á fæði með skipum sameinaða fjelagsins. — Jeg skal skjóta því til hæstv. forseta, að skipta atkvgr. um þessa liði athugasemdarinnar.

Hæstv. ráðh. minntist á sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði, að í vor hefði eigi legið fyrir nein skýrsla um, að það væri fokið, svo að eigi hefði verið hægt, að setja í fjárlagafrumv. fjárveitingu til þess. Jeg hafði ekki og nefndin ekki heldur neitt á móti því, að veita fje til endurbyggingar þess, en nefndin kunni ekki við, að það væri eins og farið á bak við hana með þetta. Nefndin hyggur, að upphæðin til hússins sje óþarflega há, en hún vonar, að ekki verði meira fje notað en með þarf.

Jeg sje, að hjer er komin ein apturganga: vegurinn frá Hafnarfirði til Vogastapa. Háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Flyg.) hugði, að að eins þyrfti að fara veginn til þess, að sannfærast um, að nauðsyn sje á honum. Jeg get sagt háttv. þm. það, að jeg hef farið veginn. Til hans hefur verið kostað miklu fje, og þurfi því að halda honum áfram, til þess að bæði fjeð og vegurinn komi að notum. Þetta heyrir maður allt af. En það er ekki talað um það, að það þurfi allt af, á hverju þingi, að veita fje bæði til þessa og annara vega, sem einu sinni er byrjað að leggja fje til úr landssjóði. Þessi vegur verður sannarlega dýr landinu, þegar hann er búinn.

Sami háttv. þm. minntist á styrk til Sigfúsar Einarssonar; sagði, að allar fagrar listir í landinu eyddust, ef þessi styrkur væri eigi veittur. Það er nú ekki víst, að allir álíti þennan söngfræðing svo mikinn listamann. Hann sagði líka, að búast mætti við andlegu myrkri yfir landið. Jeg álít enga hættu á því. Þegar drottinn segir: »verði ljós« í listanna heimi, þá skapast önnur ljós en Sigfús Einarsson.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) talaði svo

frómt um það, að hann ætti ekki neinn þátt í aðdróttunum þeim frá flokksmönnum hans, sem varpað er framan í meira hluta þingsins. Það gleður mig um þann mann. Hann reyndi að finna ósamkvæmni í því, að ráðherrann leitaði fyrst til Marconí-fjelagsins. Ráðh. hefur tekið af mjer ómakið og svarað þessu nægilega. — En ef samninga hefði átt að gjöra við það fjelag, þá hefði verið sjálfsagt, að heimta tryggingu, t. d. 3 milj. króna, svo að við gætum lagt okkar eiginn sæsíma á eptir. En fjelagið vildi aldrei neina trygging setja. Svo að þetta er því nokkuð annað. Með því að vilja ekki setja neina tryggingu, þá hefur fjelagið sýnt, að það treystir ekki sjálft á loptskeytasamband sitt, og því er óþarfi að lá okkur.

Sama háttv. þm. (S. St.) tók sárt til þess, að tekjurnar af sæsímanum skyldu lenda í höndum útlends fjelags. Skyldi það ekki vera særandi fyrir Norðmenn, Svía og Breta, að horfa á tekjurnar af sæsímunum til þeirra ríkja ganga til Mikla norræna fjelagsins? Það er sem sje alveg eins hjá þeim, og hjer er gjört ráð fyrir. Nei, ef þær þjóðir geta borið það, þá ættum vjer Íslendingar líka að geta það. Íslendingar hafa, mjer vitanlega, ekki fundið til neins sársauka í hjörtum sínum út af styrknum til sameinaða gufuskipafjelagsins, Styrkurinn er hjer, eins og endranær, veittur þeim, sem ómakið leggur fram.

Það er annars skrítið, að flokkur, sem kenndur er við »fram« og kallar sig »framsóknarflokk«, skuli fárast svo mikið út af þessu og vera með úrtölur. Háttv. þm. var mjög sár yfir því, að talað væri með skopi um tillögur minni hlutans og ekki með tilhlýðilegri virðingu, þar sem jeg sagði, að þær væri sprottnar af þrákelkni. Jeg hafði fyrir mjer byrjunina á ræðu háttv. þm., þar sem hann tók fram, að hann vissi það fyrir fram, að það væri ekki til neins, að bera fram þessar breyt.till. Til hvers er háttv. minni hluti að koma með þessar breyt.till., þegar hann gengur að því vísu, að það sje ekki til neins? Jeg álít mjer og öðrum vorkunnarmál, þó að við nefnum slíkt atferli þráa.

Háttv. þm. (S. St.) fjekkst mikið um, að hann hefði þjáðst af svefnleysi út af þessari óhæfu, sem hjer væri verið að fremja. *(Sigurður Stefánsson:* Jeg sagði aldrei óhæfu!) Getur verið, að þm. hafi ekki nefnt það orð, en flokkur hans kallar það meira að segja »óhæfuna« miklu«. Jeg ímynda mjer, að þetta mál hafi haldið vöku fyrir fleirum; vona, að samvizkan hafi ásakað fleiri en hann í þessu máli. Háttv. þm. hjelt, að enginn í heimi, annar en jeg, gæti haldið fram þeirri skoplegu kenningu, að meiri hluti kjósenda væri okkar megin, þar sem hann hefur ekki látið í ljósi skoðun sína á þessu máli. En jeg hygg, að við höfum fyllstu ástæðu til þess, að telja meiri hluta kjósenda okkar megin. Okkar flokkur hefur ekkert gjört til þess, að ná í undirskriptir kjósenda undir yfirlýsingar í þessu máli. Flokkurinn álítur þess ekki þurfa, og hann hefur heldur ekki fje til að ausa út á báðar hendur í smala og annan kostnað. — En andstæðingaflokkur okkar hefur gjört menn út til þess, að húsvitja bæ frá bæ, og samt hefur hann ekki fengið meira en 1300 rúm til þess, að skrifa nöfn sín á þessa seðla, sem sendimennirnir hafa riðið með »upp á fikkann«.

Jeg veit, að annar en jeg hefur sagt þessi orð: »Hver sem ekki er móti mjer, hann er með mjer«. Háttv. þm. skopast víst ekki að þessari grundvallarsetningu, annar eins guðsmaður. Og

jeg er viss um, að þessi orð getur meiri hluti óhikað gjört að sínum orðum í þessu máli.

Jeg skal nú sýna fram á, hvort ýkjamikið er byggjandi á þessum prentuðu áskorunarblöðum, sem »Ísafold« hefur verið að útbýta. Ef hæstv. forseti vill leyfa, skal jeg lesa kafla úr brjefi úr Húnavatnssýslu, sem gefur góða bendingu um, hve goluþyturinn er staðgóður. Þessi kafli er dagsettur 17. þ. m. og hljóðar svo:

»Hjer er sá gauragangur, að jeg næ ekki upp í nefið á mjer. N. N.[1]) hefur riðið hjer um hrepp í gær og dag til að safna undirskriptunum undir áskorun til þingmanna vorra um að leggja niður þingmennsku, ef þeir vilja ekki í öllu aðhyllast gjörðir »bændafundarins« svo kallaða í Reykjavík, hvað undirskriptar- og ritsímamálið snertir. Hann er búinn að hlunnfara ýmsar lítilsigldar sálir hjer í sveit; en flestar dauðiðrar þær eptir, síðan þeim hefur verið skýrt *rjett* frá málavöxtum. Það er bezt að telja ekki vissar undirskriptirnar úr N. N. hreppi..... Þessi hluti Húnavatnssýslu *er,* þrátt fyrir þetta, *sá sami sem hann var við síðustu kosningar*«.

Þetta er nú ein bending um, hvernig undirskriptirnar eru fengnar og hve staðgóðar þær reynast, þegar sannleikurinn kemur í ljós. Og þá er jeg hræddur um, að eptirsmölunin verði erfiðari.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það eru nokkrar breyt.till., sem jeg ætla að minnast á.

Fyrst er breyt.till. hæstv. ráðh. við 11. gr. 9. Jeg lýsi því yfir, að jeg er, eins og við 2. umr., á sama máli og hann, að ekki sje rjett af háttv. Ed., að láta þessa athugasemd standa í frv. Sameinaða gufuskipafjelagið hafði hjer mann til samninga, og honum var sleppt burtu, án þess að fram á þetta væri farið. Hjer var kosin nefnd í deildinni einmitt með þessa samninga fyrir augum. *(Jón Ólafsson:* Aldrei kosin til þess). Jú, einmitt til þess. Jeg álít, að nefndin hafi vanrækt starf sitt, hafi hún ekki tekið fram allt það, sem henni fannst nauðsyn til bera í þessu máli. *(Jón Ólafsson:* Jeg neita þessu algjörlega; nefndin átti aldrei kost á því). Jeg hygg, að fjárlaganefnd Nd. hafi ekki sýnt nefndinni hjer neitt ranglæti. Annars álít jeg þetta ekki þýðingarmikið, frá hvorri hlið sem það er skoðað. Það er að vísu sanngjarnt, að fargjaldið sje lægra milli Skotlands og Íslands heldur en milli Kaupmannahafnar og Íslands. En eins og hæstv. ráðh. tók fram, er óeðlilegt, að fargjald sje mismunandi fyrir Íslendinga og aðra. Það væri gott auðvitað, að þm. gætu átt víst ókeypis far með skipunum, en það var slæmt, að nefndin sá þetta ekki nógu snemma, ekki fyr en búið var að sleppa umboðsmanni fjelagsins. Hann er nú hjer aptur kominn, Aasberg skipstjóri, og hef jeg átt tal við hann í dag. Kveðst hann ekki hafa neina heimild til þess, að ganga að þessari breytingu. Jeg álít það óvirðingu fyrir þessa háttv. deild, að láta standa þessa umtöluðu athugasemd þvert ofan í gjörða samninga. og jeg veit, að háttv. Nd. fellir það burt, ef þetta kemur þannig lagað til hennar. Í þessu tilliti tel jeg rjett, að fjárlögin fari hjeðan aptur eins og þau komu. En annars var það mjög leitt fyrir háttv. fjárlaganefnd, að hún skyldi vanrækja svona starf sitt.

Þá er breyt.till. á þgskj. 561 við 12. gr. B., að eptir 6. lið bætist inn nýr liður, sem verði 7. liður; það er styrkur til varnar sjávarágangi á vegi í Vestmannaeyjum. Þetta er sami lið-

[1]) Nafninu sleppi jeg með vilja. — *J. Ó.*

urinn, sem felldur var hjer við 2. umr. Þá vissi jeg ekki, að ástæðurnar væru eins sterkar fyrir þessu, eins og nú. Jeg hugði, að átt væri við veg milli húsanna í kauptúninu, en svo er ekki. Meiningin er, að leggja veg fram með sjónum, fyrir framan húsin og fiskkrærnar. Mjer hefur verið skýrt frá, að kantur hafi verið hlaðinn úr grjóti gegn sjávargangi, en hann hafi ekki dugað. Er álitið ómögulegt, að verja kambinn með öðru en að hlaða öflugan garð og steinlíma hann. Hjer er ekki beint um vegagjörð að ræða, heldur garð til þess að varna skemmdum af sjávarágangi, þó að það verði vegur jafnframt. Og þó að háttv. þingdm. sjeu ekki mikið með vegagjörðum, þá vona jeg, að þeir verði þó með þessu. Þetta er líka í fyllsta máta rjettmæt krafa frá Vestmannaeyingum, sem aldrei hafa beðið um styrk úr landssjóði til neinna slíkra fyrirtækja.

Jeg skal svo ekki orðlengja það frekar, en vona, að háttv. deild samþykki þennan lið.

Stærsta breyt.till. er á þgskj. 560 og hljóðar upp á 125 þúsund kr. Það er fyrir símaálmuna á Ísafjörð úr Hrútafjarðarbotni. Jeg tók það síðast fram við 2. umr., að aðalástæðan fyrir þessari fjárveitingu væri sú, að það væri sjálfsagt, að þessi talþráður til Ísafjarðar gengi fyrir öllum öðrum talþráðum landsins. Á síðustu fjárlögum hefur alltaf verið gjört ráð fyrir því, að allir kaupstaðirnir kæmust í símasamband hver við annan, hvort sem síminn lægi yfir land eða ekki. Og tilboð þau og uppástungur, sem minni hlutinn hefur komið fram með, eru allar miðaðar við samband milli allra fjögra kaupstaðanna. Jeg hef tekið það fram áður, að mjer finnst það ekki fullnægjandi, þó samband verði milli Seyðisfjarðar, Akureyrar og Reykjavíkur, og jeg væri ófúsari að leggja fje til símans, ef Ísafjörður ætti að verða út undan. Jeg sje t. d. enga ástæðu til þess, hversvegna Seyðisfjörður ætti að ganga á undan Ísafirði, ef ekki yrði að leggja sæsímann á land þar, því Seyðisfjörður er minni bær og línan til Ísafjarðar kemur þar að auki að miklu gagni. Líklegast kemur hún til að liggja um 3 kauptún, Borðeyri, Hólmavík og Arngerðareyri og ef til vill líka um Steingrímsfjörðinn, en það er margt, sem mælir með því, að hún liggi einmitt um Steingrímsfjörð. Að því er Ísafjörð sjálfan snertir er sama, hvar hún liggur. En þegar það er athugað, að þráðurinn er sjerstaklega ætlaður fyrir sjávarútveginn, þá er svo sjerstaklega ástatt þarna, að Ísafirði í því tilliti eru ekki önnur sambönd nauðsynlegri en sambandið við Steingrímsfjörð auk sambandsins við höfuðstaðinn og við útlönd. Steingrímsfjörður er einn með fiskisælustu fjörðum landsins; það er fjörður, sem síld gengur í mjög mikið og þar að auki er hann alþekktur fyrir þessa ágætu beitu, sem fæst þar. Það er hinn alkunni smokkfiskareki, sem opt kemur á Steingrímsfjörð, svo smokkfiskurinn liggur þar hrönnum saman í fjörunni eins og þarahrúgur. Þá eru opt farnar lestaferðir af Ísafirði til þess að sækja smokkfiskinn, en það er þá opt farið að slá í hann og hann orðinn skemmdur, og jeg veit það, að Ísfirðingar þættust hafa meira gagn af talsímasambandi við Steingrímsfjörð en vel flesta aðra staði. Önnur ástæða mín um daginn, þegar jeg drap fyrst á þetta, var líka það, að jeg er ekki svo sannfærður um, að það verði búið að leggja þráðinn frá Seyðisfirði til Reykjavíkur á næsta sumri, svo það yrði að kosta menn líka síðara árið til þess að ljúka því verki, en þegar

því væri lokið, mætti nota þá til þess að leggja línuna áfram til Ísafjarðar, og það er gagnlegra fyrir landssjóðinn að láta þá hafa eitthvað að gjöra, úr því hann á annað borð verður að kosta þá.

Það er vitanlega satt, að þetta eykur tekjuhallann til muna, svo að hann verður líklega um 250 þúsund í stað 120 þúsund. Þó er að því gætandi, að tekjuhallinn, þrátt fyrir þetta mikla fyrirtæki, verður ekki eins mikill á þessu þingi eins og á síðasta þingi. Og með hækkuninni á tollunum ímynda jeg mjer að tekjuhallinn verði minni, en hann reyndist nú, ef álman til Ísafjarðar er tekin strax í beinu áframhaldi af aðallínunni. Það er von þó mönnum þyki kostnaðaratriðið athugavert, því það kostar auðvitað mikið fje, ef farið er að leggja talþræði um allt land. En jeg held þó, að þetta sje ekki eins ægilegt eins og af er látið, því þó þráðurinn verði lagður áfram til Ísafjarðar, verða það ekki meira en 77 þús., sem hin árlegu útgjöld nema. En þegar það er borið saman við það vegafje, sem lagt hefur verið úr landssjóði á undanfarandi þingi, og það nemur 210 og 211 þúsund hvort árið, þá finnst mjer ekki gjörandi eins mikið úr þessu, eins og gjört er. Það er vorkunn, þó mönnum til sveita ofbjóði þetta í svip, en jeg hjelt, að þingmenn, sem opt og einatt hafa verið stórtækir á landsins fje, — jeg vil aðeins minna á Lagarfljótsbrúna, þurfi ekki að láta sjer vaxa þetta svo sjerlega í augum. Það er líka að því gætandi, að nú á þessum fjárlögum hafa sparazt 45 þús. kr. til hins sameinaða gufuskipafjelags, og það er þegar dálaglegur skildingur upp í þessar 77 þús. Mjer finnst því, að menn þurfi ekki að láta fjárspursmálið verða að neinni grýlu. Það er auðvitað, að ef landssjóður ætti einn að leggja talþráðanet um allt landið, þá yrði það æði útlátasamt fyrir hann, en til þess verður ekki ætlazt, og ef þjóðin fer fram á það, verður auðvitað að hækka öll gjöld til landssjóðs. Annars skil jeg ekki í þeim þingmönnum, sem einu sinni voru með 30 ára einkaleyfi fyrir sameinaða gufuskipafjelagið og lítilfjörlegar samgöngubætur austur um sýslur, eins og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þegar hann á þinginu 1894 mælti fram með þessu og stakk upp á að leggja járnbraut, sem aldrei hefði borgað sig, austur um Árnes- og Rangárvallasýslu; að hann skuli nú vera að fást um 20 ára einkaleyfi til ritsíma og láta sjer ofbjóða ekki hærri fjárupphæðir. Járnbrautin átti þó að kosta 120 þúsund kr. á ári, og samt barðist þingmaðurinn af alefli fyrir henni. Hann var heldur ekki þá hugsunarsamari um vilja þjóðarinnar, en það. að hann vildi demba þessu á hana fyrirvaralaust á aukaþingi, sem stóð ekki nema mánaðartíma. En þm. er kannske vorkunn; hann var þá nýgræðingur á þingi og hann hefur lært betur síðan, að haga seglum eptir vindi, þó hann nú raunar hafi kúvent æði opt. Þetta er nú ein kúvendingin hans og því er ekki að vænta, þó þessi einstaka hjartagæzka og umönnunin, sem hann nú sýnir fyrir hag þjóðarinnar, standi ekki í fullu samræmi við framkomu hans áður. Jeg þarf ekki að minna á framkomu hans í bankamálinu og stjórnarskrármálinu, því það hefur verið gjört svo opt, en á þetta hefur ekki verið minnzt, svo það er rjett, að draga það fram nú í sambandi við baráttu hans, framsóknarmannsins, á móti ritsímanum.

Jeg vildi mega bæta því við hjer, að mjer þykir jeg hafa unnið þarft verk, þar sem jeg sagði það um franska

tilboðið við aðra umræðu, að það liti helzt út fyrir, að það hefði verið tilhæfulaus uppspuni, úr því þessi ummæli min gjörðu það að verkum, að það kom fyrir dagsins ljós. Það kom þá fram sem optar hjá þessum háttv. minni hluta hjer á þinginu, að það að vísu voru ekki helber ósannindi, sem hann hafði borið fram, en þó svo, að það jafngilti því, þar sem öðruvísi var sagt frá tilboðinu en það í raun og veru var, því eins og það er, er það með öllu óaðgengilegt. Það er því öldungis það sama og það hefði aldrei komið fram, þar sem það er 10 sinnum verra en öll hin tilboðin. Mig furðar aðeins á því, að háttv. þm. skyldi ekki fyrirverða sig að láta það sjást.

Það, sem háttv. sami þm. sagði um túristana, að þeir, ef þeir, eins og í sumar, væru t. d. 300 á sama skipi, mundu senda 300 skeyti heim til sín, þá ætla jeg ekki að svara því. Jeg get óhræddur lagt það undir dóm háttv. þingdm., hvor okkar muni þar hafa rjettara fyrir sjer. Jeg vissi vel, að þeir eiga hvorki heima í sama húsi nje heldur sömu borg, en munu þó getað látið sjer nægja það eina skeyti, sem sent er um komu skipsins á þann og þann stað. Það kemur strax sama dag í öllum heimsins blöðum, og allir ættingjar og vinir ferðamannanna geta lesið það þar að kvöldi. Það er miklu nær að halda, að þeir noti landsíma hvor í sínu lagi, þegar þeir eru dreifðir út um allt land og vilja láta kunningja sína vita, hvernig þeim líður.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði, að 20 ára einkaleyfi gæti verið sitt hvað í hinum einstöku tilfellum, og jeg skal játa, að svo getur verið; það fer eptir því, hvernig samningurinn er. En mjer fannst hann byggja aðallega á tekjum þeim, sem mætti búast við. Jeg er nú ekki svo mjög trúaður á þessar tekjur, en jeg held þó, að jeg hafi miklu meiri trú á þeim, en þm. Ísfjk. Jeg skil hans röksemdir bezt af öllu því, sem fram er komið frá minni hlutanum í þessu máli, því málstað háttv. þm. G.-K. skil jeg alls ekki. Ef háttv. þm. G.-K. er eins viss og hann þykist vera um tekjurnar af Marconiloptrituninni, þá hefði verið miklu ráðlegra fyrir fjelagið, til þess að koma sínu máli fram, að eiga sjálft tekjur sínar og lækka þá heldur tilboðið. Það hefði þá átt að bjóða okkur 10—20 þús. fyrir hlunnindin, sem það vildi fá með einkaleyfinu, eða lækka tillagið um 54 eða jafnvel 94 þús. kr. Því tilboði hefði verið örðugt fyrir okkur að neita. Þó þm. Barðstr. (S. J.) spyrði eins og hann spurði, þá er það sjálfsagt ekki af elsku til Stóra norræna, en það sæmir ekki þm. að drótta því að meiri hlutanum, að hann láti stjórnast af slíkum hvötum í atkvgr., þar sem við höfum Stóra norræna ekkert upp að unna, en álítum það að eins bezta boðið, sem það býður.

En jeg byggi mína skoðun á því, að háttv. þm. G.-K. og Ísfjk. hafi ekki neitt sjerlega sterka trú á þessum tekjum, sem þeir eru að tala um, þó þeir gjöri þær miklar á pappírnum. Jeg veit, að Marconifjelagið mundi geta reiknað þetta út sjálft og boðið sambandið fyrir alls ekkert, ef það þættist hafa svo mikinn hagnað af því. Hvað snertir endurnýjun leyfisins eptir 20 ár, þá er það satt, að það væri öðru máli að gegna, ef það væri áreiðanlegt, að það ætti að standa meir en 20 ár. En samkvæmt orðum hæstv. ráðh. finnst mjer enginn vafi vera á

því, að þó það yrði framlengt, yrði það ekki gjört opt, og því sízt um 20 ár, nema því að eins, að fjelagið fengi leyfið jafnlengi framlengt hjá öðrum ríkjum. Það fer aldrei að fara fram á að fá þennan eina þráð framlengdan, svo mikinn hagnað hefur það víst ekki af honum. En láti aðrar þjóðir sjer sæma og telji það nauðsynlegt að lengja leyfið, þjóðir eins og Englendingar, Norðmenn og Danir, sem hjer eiga einmitt hlut að máli, þá er það sannarlega merki þess, að loptritunin á ekki svo mikla framtíð fyrir sjer, og þá getum við látið okkur lynda að notast við það áfram, sem aðrar þjóðir okkur meiri telja tryggilegast og bezt.

Það var ekki rjett, sem háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) sagði, að við hefðum álitið það fjarstæðu, að loptskeyti gætu náð hingað til lands, og menn hefði varla dreymt um það. Jeg er nú ekki draumspakur, en þó voru bæði jeg og aðrir sannfærðir um, að þetta væri hægt, þar sem þau áður hafa borizt lengri veg, en það sem veikti mig í trúnni á áreiðanleik þeirra, var hitt, hve dræmt og óreglulega þau hafa borizt hingað til Reykjavíkur.

Um vilja þjóðarinnar talaði jeg við 1. umr. og þarf ekki að taka það upp aptur. Það er margt rjett í því, sem hv. þm. Ísfjk. (S. St.) sagði, og jeg þykist ekki geta fullyrt það með hv. framsm. (J. Ó.), að þjóðarviljinn sje með meiri hlutanum á þingi, hann er eins og háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) og jeg höfum tekið fram, sjáanlega í gagnstæðri átt sem stendur. En sá þjóðarvilji hefur ekki byggzt á bjargi, miklu fremur á sandi, sem þegar minnst vonum varir, getur grafizt undan honum. Eins og jeg tók fram við 2. umr. gæti jeg vel skilið í þeirri tillögu, að fresta málinu. Þessi uppástunga hefur við mest rök að styðjast hjá háttv. minni hluta, og mjer finnst nokkurskonar frestun liggja á bak við öll þessi tilboð þeirra, því tilboðin sjálf eru byggð á allt of litlum áætlunum til þess, að þeim sje takandi. En þó jeg viðurkenni, að það sje byggt á skynsamlegum ástæðum að fresta málinu, get jeg samt ekki verið með því, því, í fyrsta lagi er það þinginu vansi, að ganga bak orða sinna, og ganga frá umboði því til að semja, sem það veitti stjórninni; í öðru lagi tefur frestunin fyrir gagni því, sem leiðir af ritsímasamhandinu bæði fyrir atvinnuvegi og verzlun landsins, og í þriðja og síðasta lagi, er það allliklegt, ef við frestum málinu og göngum frá samningnum við Stóra norræna, þá sleppum vjer úr höndum vorum einmitt því tækifæri, sem hrindir málinu í sem bezt horf. Af þessum ástæðum get jeg ekki verið með frestun málsins.

Þá ætla jeg að lokum að leyfa mjer að segja fáein orð viðvíkjandi breyt.-till. á þgskj. 550 við 14. gr. 12, 1, styrkinn til cand. mag. Boga Melsteðs. Athugasemd við liðinn fer fram á, að styrkurinn sje bundinn því skilyrði, að höfundurinn komi út 8 örkum á ári. Jeg skal nú játa, að það er full ástæða til, þó menn vilji sjá einhvern árangur af þessari styrkveitingu, sem staðið hefur nú um allmörg ár, en þar sem það verður ekki heimtað, af höfundurinn gefi út svo dýrt verk sjálfur, þá er það sama og leggja þessar krónur á vald annara, t. d. Bókmenntafjelagsdeildarinnar í Kaupmannahöfn, sem nú hefur gefið út nokkuð að riti þessu. Sje það satt, að hann nú síðasta árið hafi ekki getað komið þessum 8 örkum að, þá finnst mjer hart að leggja skuldina fyrir það á hann. Annaðhvort er að veita styrkinn með

skilyrðum, sem styrkþega er sjálfrátt að fullnægja, eða veita hann ekki með neinu skilyrði. Ef nú Bókmenntafjelagið vill ekki halda áfram að gefa út sögu hans, þó hún sje fullbúin í handriti, þá fær hann ekki styrkinn, og Bókmenntafjelagsstjórnin getur alltaf barið því við, að henni hafi boðizt önnur rit, sem enn nauðsynlegra sje að komi út; en það er hart, að maðurinn skuli gjalda þessa, ef hann getur sýnt, að handritið er til. Jeg leyfi mjer því að mæla með breyt.till. og vona, að háttv. þdm, þyki þetta að öllu leyti sanngjarnt og greiði atkv. sitt með því.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vil leyfa mjer að fara fáum orðum um nokkrar af breyt.till., sem komið hafa fram við þessa umr. málsins.

Vil jeg þá fyrst minnast á breyt.till. á þgskj. 527 um fjárveitingu til vegarins frá Hafnarfirði til Vogastapa. Fjárveiting til þessa vegar stóð fyrst á stjórnarfrumv., síðan var hún samþ. í Nd., en svo felld hjer í Ed. við 2. umr. með eins atkvæðis mun.

Það hefur því þótt ástæða til að fara enn þá fram á fjárveitingu til vegarins, og er hún nú færð niður um 600 kr. á fjárhagstímabilinu frá því, sem áður var.

Háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Fl.), hefur lýst svo vel þörfinni fyrir þessa vegabót, að ekki þarf að gjöra það betur, og get jeg því að mestu sparað mjer það.

Það er mjög áríðandi, að bæta nokkru við þennan veg, sem þegar hefur verið lagður, því hann endar inni í miðju hrauni, og getur ekkert verulegt gagn að honum orðið, fyr en hann kemst alla leið út úr hrauninu. Það er alls ekki meiningin, eins og slegið hefur verið fram, að þingið sje með því bundið til að veita fje til vegarins alla leið að Vogastapa, heldur að eins, að svo miklu verði við bætt, að hann geti komið að notum.

Ef litið er til þess, hve miklu fje þessi sýsla hefur varið úr sínum eigin vasa til að gjöra vegabætur, þá er augljóst, að hún á hjálp skilið frekar mörgum öðrum. Hún hefur lagt fram — án þess að taka lán, og með því að leggja á sig aukin gjöld — um 10,000 kr. til Hafnarfjarðarbrautarinnar, og 5,000 kr. til vega annars staðar í sýslunni nú á síðustu árum. Þetta sýnir svo mikinn áhuga um vegabætur, að fullkomin ástæða er til að viðurkenna hann, og styrkja sýslubúa í þessari þarflegu viðleitni. Jeg vona því, að háttv. deild sjái ástæðu til að samþ. þessa breyt.till. á þgskj. 427.

Þá er breyt.till. við sama lið á þgskj. 561, þar sem farið er fram á, að veittar sjeu 1,000 kr. fyrra árið, til að endurbæta veg í Vestmannaeyjum, og vernda hann gegn sjávargangi. Jeg skil ekki vel, hvernig þeir háttv. þm., sem ekki hafa komið í Vestmannaeyjar, og vita ekki, hvernig hagar þar til, geta mælt mjög með þessari fjárveitingu, en verið á móti því, að veitt sje til vegarins frá Hafnarfirði að Vogastapa.

Hæstv. ráðherra tók það fram, að með þessu fje ætti að varna skemmdum á landssjóðsjörðum.

Jeg hjelt, að jeg væri alveg eins kunnugur þar í eyjunum, eins og hæstv. ráðherra, sem aldrei hefur komið þangað, og veit jeg ekki betur, en þessi vegur, sem um er að ræða, hljóti að vera aðalgatan í kauptúninu, því um aðra vegi þar er mjer ekki kunnugt, að þeir geti legið fyrir skemmdum af sjávargangi. Það sýnir sig líka, hvað íbúar kauptúnsins eru »interessaðir« fyrir þessu máli. Það getur því ekki verið um neina landssjóðsjörð að ræða,

en um aðalgötuna í kauptúninu, og sje jeg ekki svo mjög brýna nauðsyn á, að styrkja kauptúnið til að gjöra við hana, frekar en önnur kauptún landsins við götur sínar.

Um breyt.till. á þgskj. 557 viðvíkjandi brú á Jökulsá er ekki ástæða til að fjölyrða, því hún er tekin aptur.

Við 2. umr. var talað töluvert um breyt.till. við 12. gr. C. 1. um að skylda gufuskipafjelagið til að láta Íslendinga fá far milli Íslands og Skotlands fyrir $^2/_3$ vanalegs fargjalds, og að alþingismenn hefðu frítt far með skipum fjelagsins. Því hefur verið haldið fram, að ekki sje hægt að koma þessari breyt.till. að, af því maðurinn, sem samið var við, sje farinn. Nú vill svo vel til, að maðurinn er kominn aptur, svo hægt væri að ná tali hans. En þó maðurinn væri ekki kominn aptur, þá væri sjálfsagt að samþ. þessa breyt.-till., til þess að mótmæla þeirri aðferð, sem fjárlaganefndin í Nd. notaði í þessu máli. Í þessari deild var kosin nefnd til að semja við gufuskipafjelagið í samráði við nefndina í Nd.

En nefndin úr Ed. kom að eins einu sinni á fund með nefndinni í Nd. Og þegar það kom í ljós, að nokkrir menn hjeðan voru ekki samdóma hinum, þá var Ed. nefndinni vikið til hliðar, og hún fjekk ekki einu sinni tækifæri til að tala um málið, hvað þá semja við fulltrúa fjelagsins, því hún var ekki kölluð á fund eða spurð ráða eptir það.

Allir hljóta að sjá, að hjer var beitt gjörræði, sem ekki á að þolast. Svo er sagt, að nefndin í Nd. hafi samið fyrir hönd þingsins, en nefndin hjer hafði umboð þessarar deildar,, og hún var alls ekki með við þennan samning, svo það er algjörlega rangt, að hann sje gjörður í umboði þingsins, svo framarlega, sem Ed. heyrir því til.

Þess vegna ætti Ed. að samþ. þessa breyt.till., þó það væri að eins gjört til að mótmæla aðferð Nd., því það er mjög varhugavert, að koma á þeirri þingreglu, að önnur hvor deildin geti alveg tekið fram fyrir hendurnar á hinni, að henni fornspurðri. Enda lá ekkert á að slá þessu föstu, því maðurinn gat vel beðið.

Það hefur alls enginn bindandi samningur verið gjörður um þetta. Þingið á ekki að semja um þetta, heldur stjórnin á þeim grundvelli, sem þingið ákveður. Þingið gefur stjórninni að eins heimild til að semja, og sú heimild getur ekki fengizt, fyr en fjárlögin eru löglega samþ.

Jeg tek það því upp aptur, að þingið hefur engan bindandi samning gjört.

Jeg verð að taka í sama streng og háttv. framsm. (J. Ól.), að fjelaginu væri guðvelkomið að hætta við, ef þessu yrði breytt. Það væri kannske það allra bezta. Það er einmitt vilji margra þingmanna, og hefur komið í ljós á mörgum þingmálafundum, að æskilegast væri, að ekkert tje yrði veitt til gufuskipaferðanna.

En það er engin hætta á, að samningurinn strandi á þessu atriði, og væri mjög hart, ef Nd. gæti sett Ed. þannig stólinn fyrir dyrnar, að hún gæti ekkert gjört nema það, sem Nd. skipaði henni.

Þá er hjer breyt.till. á þgskj. 570 við 13. gr. B. VI. b. 4 frá ráðherra, sem fer fram á breytingu á ákvæðum stjórnarfrumv., sem var samþ. óbreytt í Nd. við allar umr., um þóknun til umsjónarmanns yfir barnaskólum og alþýðufræðslu.

Þetta er auðsjáanlega gjört með tilliti til þess, sem samþ. var um þetta efni í frumv. um fræðslu barna.

Jeg vil geta þess, að þessi ástæða er

fallin burtu nú, því að þessu ákvæði fræðslufrumv. var breytt í Nd., eins og háttv. þm. hlýtur að vera kunnugt, þar sem frumv. var útbýtt hjer í dag. Ákvæði stjórnarfrumv. var þar samþ. með 15 : 10 atkv. Jeg sje því enga sanngjarna ástæðu til þess, að samþ. þessa breyt.till. nú.

Það er annars dálítið undarlegt, að þessi breyting skuli vera á ferðinni hjer á þinginu nú, því það er öllum kunnugt, bæði utan þings og innan, að vissum manni hefur verið veittur styrkur í 4 ár, til að rannsaka menntamálin og undirbúa lýðmenntunarlöggjöf landsins, og jafn-kunnugt er hitt, að bæði þingið og stjórnin hefur talið sjálfsagt, að þessi maður yrði valinn til þess starfa, sem umræddur útgjaldaliður á að verjast til.

Nú get jeg varla skilið, að hægt sje eða sómasamlegt, að bjóða minna en 2,500 kr. slíkum manni til þess astarfs, og þess vegna er sjálfsagt, að upphæðin sje látin óskipt.

Jeg get því ómögulega skilið, hvað þessi breyting á að þýða, eða hvers vegna stjórnin vill sjálf breyta sínu eigin frumv. einmitt nú. Hún hefur þó ætlazt til, að upphæðin veittist einum eptir frumv. að dæma. Enda er öllum það fullkomlega ljóst.

Jeg get vel hugsað mjer, að ástæða hefði verið til þess, að breyta þessu, ef maðurinn, sem styrkurinn var ætlaður, hefði reynzt ónýtur, svo að það yrði að fá annan betri mann, og kostur væri á honum.

En þessu er alls ekki þannig varið. Jeg verð að geta þess, að maðuriun hefur verið viðurkenndur fyrir verk sín bæði utan þings og svo hjer í deildinni, þar sem háttv. formaður fræðslumálanefndarinnar (B. M. Ó.) lýsti því yfir, að þó hann hefði ekkert gjört annað en samið skýrslurnar um barnafræðsluna hjer á landi, þá væri það mikið verk og mjög þarft.

Það virðist því eitthvað skrítið, að vera að breyta frá fyrirætlun sinni í þessu efni nú.

Það er mjög nauðsynlegt, að hafa einmitt þennan mann til að starfa að menntamálum landsins, og enginn stendur betur að vígi með að geta unnið þar þarft og mikið verk en hann, þar sem hann er sá eini maður, sem verulega hefur lagt stund á, að setja sig inn í menntamál vor og aflað sjer góðrar þekkingar í þeim efnum yfir höfuð.

Það mundi hafa stórkostlega þýðingu, að stjórnin hefði ráðanaut í menntamálinu á líkan hátt og búnaðarfjelögin hafa. Það er öllum ljóst, að mikið af búnaðarframförum landsins á síðustu árum eru að þakka ráðanautum búnaðarfjelagsins. Smjörbúin t. d. eru vafalaust að mestu þeim að þakka, og allir vita, að mikil búnaðarbót er að þeim fyrirtækjum.

Á líkan hátt og ráðanautar búnaðarfjelaganna, þá ætti þessi ráðanautur stjórnarinnar í menntamálum landsins, að ferðast um, halda fyrirlestra um menntamál og hjálpa mönnum til, að koma skólunum í heppilegt horf. — Þetta gæti haft ómetanlega þýðingu fyrir þjóðina og sá maður, sem til þessa hefur ætlaður verið, er án efa mjög efnilegur til, að leysa verkið vel af hendi.

Jeg vona því, að þingið sjái sóma sinn í því, að víkja ekki frá þeirri stefnu, sem það hefur haft í þessu máli, og felli því þessa undarlegu tillögu ráðherrans.

Svo vildi jeg minnast lítið eitt á styrkinn til kand. Boga Th. Melsteðs. Nú kemur fram tillaga um það, að breyta þeim skilyrðum, sem sett voru um þennan styrk, og samþ. við 2.

umr. með samhljóða atkvæðum. — Skilyrðið var það, að hann yrði að láta gefa út 8 arkir af Íslendingasögu á hverju ári, svo að hann gæti fengið styrkinn. Jeg fæ ekki betur sjeð en þetta sje alveg sama skilyrðið eins og hjá hinum sagnfræðingnum — Jóni Jónssyni — er sett, og hvers vegna á að gjöra þennan mun á mönnunum.

Melsteð hefur fastan útgefanda að ritum sínum, svo engin hætta er á, að hann geti ekki látið þau koma út. *(Jón Ólafsson:* Það hefur hinn líka). Já, það er vel hægt að slá því fram hjer, en hvernig ætlar háttv. þm. að sanna það?

Samkvæmt breyt.till. á þskj. 550, þá þarf ekkert að koma út ritsmíðum Boga Melsteðs. Þar stendur þetta, sem jeg með leyfi hæstv. forseta vil lesa upp: »Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minnst 8 örkum prentuðum á ári«.

Eptir þessu á að vera nóg, að maðurinn sýni handrit, þó hann neiti að láta gefa það út, eða það sje alveg ómögulegt til útgáfu. Það á að eins að vera »fullbúið til prentunar«, hvað sem öðru líður. Þó nú »Bókmenntafjelagið« standi og biðji höfundinn um ritið til útgáfu, þá getur hann bara vísað því á bug með handritið í hendinni, því hann þarf alls ekki að láta gefa það út. Það er nóg, að hann sýni það 3—4 mönnum, og svo búið.

Þar sem háttv. þm. Strand. (G. G.) tók það fram, að »Bókmenntafjelagið« hefði neitað að gefa út rit Boga Melsteðs, þá er það ekki satt, (jeg ber það ekki á háttv. þm., að þau ósannindi sjeu hans eigin), því fjelagið fjekk ekki neitt tilboð um, að fá að gefa þau út.

Á síðasta vorfundi var samþ. að gefa út framhald sögunnar, en eptir því, sem mig minnir, þá þóttist höfundurinn ekki hafa handritið til fyr en á næsta ári.

En hvers vegna er svo verið að gjöra þennan mun á mönnunum? Jeg sje ekki aðra ástæðu en þá, að annar maðurinn fylgir meiri hluta í pólitík, en hinn minni hlutanum. Mjer finnst það ljeleg ástæða, þegar um þetta er að ræða, en það er líklegt, að háttv. meiri hluta virðist hún nægileg. *(Jón Ólafsson:* Þeim er gjört jafn hátt undir höfði). Nei, en þó jeg sje í öðrum flokki en Bogi Melsteð, þá vil jeg engan veginn, að honum sje gjört lægra undir höfði en Jóni Jónssyni. Jeg vil að eins að það sama gangi yfir þá báða.

Það kvað eiga að láta nefnd skoða handritið hjá Boga og dæma um það, hvort það sje gefandi út. En ef nefndin dæmir það ófært, þá er ekki víst, að það yrði gefið út. En þá á samt sem áður að veita styrkinn, enda þótt ritið sje svo illa gjört, að ómögulegt sje, að gefa það út?

Eða er það rjett og sanngjarnt, að veita styrk fyrir að skrifa eitthvað, sem einskis er vert, ef það er að eins sýnt og sannað, að brúkað hafi verið blek og pappír?

Nei, þessu verður ekki neitað, að annar maðurinn á að láta gefa út það, sem hann skrifar, en hinn á bara að skrifa, en hann er *alls* ekki bundinn við, að láta gefa það út. Þetta er munurinn, sem gjörður er á þessum tveimur mönnum, því verður alls ekki neitað, og hann er svo ósanngjarn, að jeg vona, að háttv. deild felli tillöguna.

Þá er breyt.till. á þgskj. 547 um styrk til »Sögufjelagsins«, sem felldur var hjer í deildinni við 2. umr. Jeg vona, að eins fari nú, því eins og jeg

tók fram þá, er ekki ástæða til að veita í tvennu lagi styrk til þess sama. Bókmenntafjelagsdeildin í Kaupmannahöfn hefur óskað eptir því, að fá samskonar rit og »Sögufjelagið« gefur út í »Safn til sögu Íslands«, svo engin vandræði ættu að vera með að koma þeim á prent, þó »Sögufjelagið« sæi ekki fyrir því.

Þá skal jeg fara nokkrum orðum um breyt.till. á þgskj. 546, eða öllu heldur um athugasemdir þær, sem við þær hafa verið gjörðar.

Allir skilja það, að það er aðalatriðið fyrir okkur í þessu efni, að fá málinu frestað. Og það var rjettilega tekið fram af háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), að bak við þær breyt.till., sem við höfum komið fram með, hefur einmitt legið það, að við vildum helzt af öllu fresta málinu. Við höfum orðið að koma fram með þessar breyt.till. vegna þess, að meiri hlutinn hefur fylgt fram máli sínu með svo miklum ákafa, og það hafa legið fyrir betri tilboð en það, sem meiri hlutinn vill ganga að. *(Jón Ólafsson:* Eintóm hylliboð). Nei, alls ekki. En það væri langbezt að fresta málinu, því allar líkur eru til, að miklu betri boð komi fram en enn þá eru fengin. Og ef maður mætti treysta því, að stjórnin hefði góðan vilja á að útvega góð og hagkvæm boð, og í því efni vildi taka tillit til vilja þjóðarinnar, þá er jeg sannfærður um, að þessu máli yrði betur til lykta ráðið, en nú er hægt að gjöra. Stjórnin ætti að geta útvegað miklu betri boð en privatmönnum er hægt, og það er mjög undarlegt, að vilja ekki gjöra slíkt.

Hæstv. ráðh. játaði það, að hann hefði ekki í síðustu fjárlögum haft heimild til að ákveða landtökustað sæsímans. Það var mjög gott, að hann skyldi þó loksins fást til þess nú. Aptur hjelt hann því fram, að hann hefði haft fulla heimild til þessa samkvæmt eldri fjárlögum. En jeg verð að geta þess, að sá hængur er á öllum íslenzkum fjárlögum, að þau gilda að eins fyrir eitt einasta fjárhagstímabil. Og enda þótt þessi nafnlausa »*Fortolkning*« hæstv. ráðh. væri tekin gild, þá er samt sem áður engin heimild fyrir þessu, því það stendur berum orðum í athugasemdinni, sem heimildina veitti, að hún gilti *ekki* nema fyrir fjárhagstímabilið.

Háttv. framsm. tók það fram, að jeg hefði viðurkennt, að hann hefði haft heimild til að gjöra samninginn; það er að nokkru leyti rjett. Jeg kannast jafnan við, að hann hafi haft leyfi til að ákveða með samningi um 35 þús. kr. árgjald í 20 ár, en til þess að gjöra samning um landtökustað og landsíma hafði hann enga heimild. Hann tók það fram, að það yrði enginn gróði af sæsíma; það er mjer nær að halda, að minnsta kosti fyrst í stað. En sökin er sú, að sæsími á löngu svæði er dýrari en ódýrari á stuttu svæði heldur en loptskeytasamband.

Hann tók það enn fram, að fjelagið hafi í þetta sinn átt erfitt með að framlengja »koncessiónina« og þess vegna gjört þennan samning. En hvað sýnir það? Það sýnir, að það var gróði, sem ríkin vildu sjálf taka við; þeim líkaði ekki við fjelagið. Það er engin hæfa fyrir því, að þess hafi verið þörf að gjöra samninginn svona fljótt, það er mjer fullkunnugt.

Þá las hann upp brjef frá samgöngumálaráðherranum til skrifstofustjóra síns, Ólafs Halldórssonar; jeg gjöri ekki mikið úr því, það mun vera beinlínis pantað til að brúka hjer á þinginu. Meðan ekki er hróflað við samningnum, er það gefið, að það er ekki hægt að semja við neitt annað fjelag.

Hann sagði og, að engin trygging væri boðin af hálfu Marconifjelagsins. Því verð jeg að mótmæla kröptuglega, því að í brjefinu stendur, að til boða sje: »usual guarantee«; það er dæmalaust, að vera að tala um, að ekki sje nein trygging þvert ofan í það, sem skýlaust stendur í brjefinu. En má jeg þá spyrja, hver er tryggingin af hálfu þess Stóra norræna? Engin, nema að draga má af tillaginu, ef samningurinn er rofinn.

Þar sem hæstv. ráðh. tók fram, að staurarnir í Noregi stæðu enn óhaggaðir frá því um 1850, þá verð jeg að efast um það. (*Ráðherrann:* Það er satt). Það er hægt að segja það. (*Ráðherrann:* Vill þm. segja, að það sje ósatt?) Jeg vil að minnsta kosti segja það satt, sem hann lýsti lýgi hjer í deildinni, að hann hefði sagt í neðri deild, að ekki ætti að taka tilboði Marconifjelagsins, jafnvel þó að það fengizt fyrir ekkert. Jeg heyrði það með eigin eyrum og hef borið mig saman við marga þm., sem heyrðu það líka og áheyrendur tugum saman. Jeg legg engan trúnað á staurana í Noregi, meðan engar sannanir eru fyrir hendi.

Hann sagði og, að frestun væri apturhald; það hefur opt verið bent á, að frestun væri apturhald, og það með rjettu, því hún hefur opt verið notuð í því skyni. En hjer er alveg sjerstaklega ástatt. Hann sagði, að vjer ætluðum að drepa málið. Alls ekki. Hvenær höfum vjer sagt, að vjer vildum ekki hraðskeytasamband? Það er svo langt frá því, að vjer höfum sjálfir komið með tilboð um það. Já, meira að segja, minni hlutinn hefur lýst yfir því, að hann vildi heldur ritsímann heldur en ekkert. Það er því ekki hægt að bregða okkur um apturhald. Hann sagði, að vjer vildum gjöra betur, þegar vor tími kæmi. Já, það er einmitt það, sem vjer viljum. Í nefndarálitinu stendur, að vjer hefðum heldur gengið að þessu heldur en engu, en þar sem nú bæði tryggilegra og ódýrara samband er til boða, þá viljum vjer það heldur.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að jeg hefði viljað veita 30 ára einkaleyfi til járnbrautarlagningar hjer; já, það vildi jeg sannarlega og vil enn þann dag í dag, ef það stæði til boða. (*Guðjón Guðlaugsson:* Það fjelag átti líka að fá gufuskipaferðirnar). Já, líka gufuskipaferðirnar, en miklu betri og ódýrari og svo járnbrautirnar að auki.

Þá minntist hann á franska tilboðið, sagði, að það væri þó ekki eintóm ósannindi um það, en það væri tifalt verra en hin. Þegar það birtist, þá var það hið bezta; fjelagið bauðst til að koma á sambandi milli útlanda og Íslands og 18 staða á Íslandi fyrir 1 milj. 50 þús. franka, eða 756 þús. kr. En síðan hafa komið betri tilboð, þess vegna hefur þetta ekki verið lagt fram.

Jeg skal nú ekki fara mörgum orðum um málið sjálft, það hefur verið rætt fram og aptur, og flest verið tekið fram, sem mælir með því, að því sje ekki ráðið til lykta nú, og þeir, sem ekki hafa getað sannfærzt af þeim röksemdum, sem fram hafa komið, munu ekki gjöra það hjer eptir.

En þar sem háttv. framsm. sagðist ekki skilja, hvað ætti að gjöra við þessar 25 þús. kr., þá er það ofboð skiljanlegt; þær eru veittar stjórninni, og hún á að verja þeim til Marconistöðvarinnar hjer og til þess, að búa málið undir næsta þing.

Björn M. Ólsen: Jeg á hjer breyt.-till. (550) um styrkinn til kand. Boga Melsteðs. Jeg er þakklátur háttv. framsm. fyrir undirtektir hans, og jeg álít ekki, að hinn háttv. þm. G.-K. hafi komið með neitt, sem gæti hnekkt

því að þessi styrkur yrði samþykktur. Yfir höfuð fannst mjer í ræðu hins háttv. þm., koma fram óvild eða kali til kand. Boga Melsteðs, sem er þm. til litils sóma. Jeg skil ekki, að það sje af öðru en því, þegar hann talar um þann mun, sem gjörður sje á Jóni og Boga. Annað hvort hefur hann ekki lesið fjárlögin, eða þá hann talar móti betri vitund, og segir ósatt af ásettu ráði. Jeg skal með leyfi hins hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp það skilyrði, sem sett er fyrir 1,200 kr. styrknum til Jóns sagnfræðings Jónssonar: »Af þessari upphæð greiðist 400 kr. á ári sem ritlaun fyrir sagnfræðilegar ritgjörðir, 50 kr. fyrir hverja örk«. Það er þá aðeins minni parturinn (þriðjungurinn) af þessari upphæð til Jóns, sem er bundinn nokkru skilyrði. 800 kr. eru honum veittar alveg skilyrðislaust. En aptur á móti er *allur* styrkur Boga bundinn skilyrði, sem hann sjálfur getur ekki ráðið við, heldur er komið undir góðvild bókmenntafjelagsins.

Kand. Bogi Melsteð hefur sagt mjer, að það hafi aldrei staðið á handriti frá sjer, heldur hafi staðið á fjelaginu að prenta. Hinn háttv. þm. G.-K. staðhæfir, að þetta sje öfugt (*Valtýr Guðmundsson*: Já). Hinn háttv. þm. heimtaði áðan stranglega sönnun af hæstv. ráðh. fyrir staðhæfingu hans um ritsímastaurana í Noregi. Má jeg spyrja hann: Hvaða sönnun hefur hann nú sjálfur fyrir þessari staðhæfingu sinni? Hjer stendur maður á móti manni, háttv. þm. G.-K. móti Boga Melsteð, og er ómögulegt að fá neina sönnun á hvoruga hlið. En jeg treysti að minnsta kosti fullt eins vel sannsögli Boga Melsteðs, eins og sannsögli hins háttv. þm. G.-K. (V. G.). Jeg skal annars ekki fjölyrða um þennan lið, en vildi aðeins taka fram, að þar sem hinn háttv. þm. sagði, að höfundurinn gæti haft handritið til, en neitað að láta það af hendi, og þannig fengið styrkinn, þó að hann ekki vildi láta prenta það, þá skil jeg ekki, að það geti orðið að meini. Fyrst og fremst eru flestir höfundar svo gjörðir, að þeir vilja gjarnan koma ritum sínum sem fyrst á prent, þegar þeir eru búnir með þau, og þar að auki er Bogi Melsteð svo góður drengur, að hann mundi ekki fara að neita fjelaginu um handrit. Það ábyrgist jeg. Jeg tek það ennfremur fram, að Íslandssaga er ekki rit, sem borgar sig að gefa út. Ef »Bókmenntafjelagið« bregzt, þá getur hann ekki fengið forleggjara. En það getur Jón fengið, það er mjer kunnugt um. Það eru tveir forleggjarar, sem hafa keppt um að gefa út rit hans; það eru þesskonar rit sem ganga út. (*Valtýr Guðmundsson:* Hann skrifar svo miklu betur). Íslandssaga verður með tímanum dýrt rit, og er ekki við alþýðu hæfi; það er engin gróðavon að gefa það út, svo að kand. Bogi Melsteð á allt undir »Bókmenntafjelaginu«.

Þá vildi jeg minnast lauslega á breyt.till. (555), um húsaleigustyrkinn til nemenda á prestaskólanum, læknaskólanum og hinum almenna menntaskóla. Jeg vildi að þetta um menntaskólann væri tekið aptur. Það stendur svo sjerstaklega á. Húsaleigustyrkur er nokkurskonar »appendix« við heimavistirnar. Mjer er kunnugt um, að það hefur alltaf verið »praxis«, að veita heimavistir því að eins bæjarmönnum, að þær sjeu auðar. Utanbæjarmenn ganga alltaf fyrir. Það hefur verið farið eptir iðni piltanna og reglusemi. Jeg hef ekkert á móti athugasemdinni, en hún ætti að vera við heimavist-

irnar. Jeg vildi skjóta því til hæstv. forseta, að bera þetta upp í þrennu lagi, hvern skóla sjer.

Þá vildi jeg minnast á styrkinn til »Sögufjelagsins«. Jeg greiddi atkv. með honum við 2. umr., en jeg greiði ekki atkv. með honum aptur. Það liggur í því, að eptir fyrirsögninni fyrir 12. lið eru stjórninni ætlaðar til umráða 20 þús. alls, en nú eru þegar veittar af þessari upphæð 19,350 kr.; það eru þá aðeins 650 kr. eptir og væri nú »Sögufjelaginu« veittar 600 kr., hefði stjórnin eptir 50 kr. til umráða, og það sjá allir, að er sama sem ekki neitt. Jeg greiði því atkv. á móti till. »Sögufjelagið« fær kannske einhvern styrk frá stjórninni. Jeg tek það fram, að það hefur góðan tilgang og hefur gjört talsvert, en það hefur verið galli á gjöf Njarðar, að útgáfur þess hafa ekki verið vel vandaðar. Samt sem áður vildi jeg gjarnan, að því hefði verið veittur einhver styrkur, en eins og nú stendur, sje jeg ekki, að það sje fært að klípa 600 kr. af fje því, sem stjórninni er ætlað.

Jeg ætla loks að gjörá litla athugasemd um gufuskipaferðamálið; jeg get ekki með neinu móti verið með því, að vjer förum hjer að raska þeim samningi, sem fjárlaganefndin í Nd. gjörði við fulltrúa gufuskipafjelagsins með því að setja inn nýjar kröfur. Mjer finnst það sjerstaklega ekki vera þinginu sæmandi, að fara nú að áskilja þingmönnum ókeypisfar með skipinu. Það mundi verða lagt oss þingmönnum út til minnkunar. Jeg vildi óska, að þetta hefði aldrei komið fram. Og þó ekki væri neitt annað, þá væri þetta ærið nóg til þess, að jeg greiddi atkvæði á móti þessu. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) var mjög harðorður í garð fjárlaganetndarinnar í Nd. út af því, að hún hefði beitt gjörræði í gufuskipaferðamálinu og sagði, að rjett væri að samþykkja þetta atriði, þó ekki væri til annars en að mótmæla þessari aðferð fjárlaganefndarinnar. Þessi orð eru ekki viturlega töluð. Þau miða ekki til annars enn að vekja rig á milli deildanna, en það er ekki hollt fyrir góða samvinnu milli þeirra. Við megum ekki gleyma því, að í háttv. Nd. er meira fjölmenni en hjer, svo að hætt er við, að hún beri oss ofurliði, ef vjer gætum ekki hófs.

Ráðherrann: Jeg var ekki inni þegar háttv. þm. G.-K. hjelt ræðu sína, en mjer er sagt, að hann hafi verið allharðorður í minn garð. Hann á líka venju ttl þess, að vera skarpari á bak en brjóst. Í því jeg kom inn, var hann að vefengja, að ritsímastaurar stæðu enn í Noregi frá því skömmu eptir 1850. Ingeniör Forberg sagði mjer það, og mjer kemur ekki til hugar að efast um, að hann hafi hermt þetta alveg rjett. En ef þeir hafa staðið svo lengi í Noregi, þá sje jeg ekki betur, en þeir ættu líka að geta staðið lengi hjer. Jeg heyrði og, að háttv. þm. var að hnykkja á ósannindum þeim, sem sómablaðið »Ísafold« hefur flutt um ummæli, er jeg á að hafa haft í Nd. um þráðlausu firðritunina, og þóttist þessi þm. hafa heyrt orðin sjálfur, kannske það sje þá hann, sem er sögumaður blaðsins? Vill háttv. þm. kannast við það? Það vill nefnílega þannig til, að það verða engin vandræði úr því, að fá fleiri til að vitna um það atriði. En um þennan tilbúning þeirra fjelaganna er annars ekki orðum eyðandi. Það er ekki fyrsta og verður líklega ekki síðasta ranghermið þeirra í minn garð. En það er einkennilegt og eptirtektavert, að þessir sómamenn skuli þurfa að að *búa sjer sjálfir* vindmyllurnar, sem þeir eru að reyna að slá sjer upp á

að ríða niður með burtstöngum sínum á la Don Qvixote.

Jeg skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál, enda er nú orðið áliðið. Jeg vildi að eins taka það fram, viðvíkjandi till. um að breyta styrknum til eptirlits með kennslumálum, að jeg held því fast fram, að ekki sje heppilegt að binda sig við einn mann í því efni, því síður að fjárveitingin sje bundin við vissan mann. Stjórnin þarf að hafa sem óbundnastar hendur, svo hún geti notað færustu kraptana, eptir því, sem á þarf að halda.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Það er fjarri mjer, að jeg vilji lengja umræðurnar mikið, en jeg á hjer breyt.till., sem jeg kom hjer að, þegar mikla skæðadrífan gekk yfir deildina. Breyt.till. gengur út á að veita stúlku 500 krónu styrk til að menntast. Það leit ekki út fyrir, að breyt.till. fyndi náð fyrir augum háttv. framsögumanns. Hann var mjög gramur yfir því, »að henni hefði verið laumað inn«. Jeg veit nú eiginlega ekki, hvað háttv. framsm. meinar með þessu, því engin skylda hvílir á þm. að fara til framsm. eða fjárlaganefndar og spyrja hana, hvort maður megi koma með breyt-till. Það ætti kannske helzt að auglýsa þær fyrst í »Reykjavíkinni«. Mjer virðist nokkuð undarlegt, þar sem ótal karlmönnum er veittur styrkur til ýmislegs, að svo hart skuli vera tekið í taumana, þegar kvennmaður leitar styrks. — Enginn efast þó víst um, að þörf sje á góðum kennslukonum. Og nú vill svo til, að þessi stúlka hefur almennings orð á sjer fyrir dugnað, og Páll sál. amtmaður Briem gaf henni hin allra beztu meðmæli sín. Stúlkan hefur lagt sig í mikinn kostnað til að mennta sig, og skuldar þannig 1000 krónur í bönkunum. Nú getur hún ekki menntað sig meira sakir efnaleysis, nema þingið vilji styrkja hana. Jeg kom með þessa breyt.till. til þess, að hafa hana sem einskonar prófstein á deildina. Mjer þykir gaman að sjá, hvort menn líta svo hjer á stöðu kvennfólksins í mannfjelaginu, að engin ástæða sje til að styrkja það, þó karlmenn sjeu styrktir hjer hver á fætur öðrum.

Úr því jeg stóð upp, þá skal jeg líka minnast á bókina »Den islandske Lods«, sem beðið er um 400 kr. styrk til þýðingar á. Háttv. framsm. taldi það sem ástæðu, að nemendur af stýrimannaskólanum kynnu ekki dönsku. Annað hvort hefur hann viljað niðra skólanum eða gjöra sig hlægilegan. Annars tel jeg þessa breyt.-till. svo langt frá því, að hún verði samþ., að jeg minnist ekki frekar á hana, af því jeg þykist viss um, að þeir munu fullkomlega geta komizt af án þessarar þýðingar. Og ef styrkurinn til þýðingarinnar verður veittur, þá er það ljóst dæmi upp á muninn, sem gjörður er á kvennfólki og karlmönnum.

Þá skal jeg rjett minnast á Vogastapaveginn. Háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Fl.), og fleiri, sagði fyrir nokkru, að vel hefði verið hægt að leggja hann og koma honum alla leið gegn um hraunið fyrir þá peninga, sem í hann væru komnir. Það er að segja reiðveg, og jafnvel gat hann þess, að hann mundi gróa upp sökum umferðarleysis. Jeg minnist þess nú ekki, að háttv. þm. hafi á þessu þingi verið svo fús á að leggja fram fje til ræktunar landsins, að hann vildi svo mikið í sölur leggja til þess að fá slægjuland á veginum. Svo mætti jafnvel búast við því, að Hafnfirðingar mundu þurfa að fá lán til sláttuvjelakaupa til þess að nytja þetta makalausa engi. Jeg vænti

þess fastlega, að háttv. deild felli þennan lið. Mjer virðast þessar fjárveitingar til vega vera orðnar nokkuð iskyggilegar seinustu árin. Síðustu 12 árin hafa yfir 120 þúsund kr. verið brúkaðar til vega á ári að meðaltali og 12 þúsund kr. til viðhalds flutningabrautum. Þessi fjárframlög ern stórkostleg og því ástæða til að takmarka þau, hvað sýsluvegina snertir, því það álít jeg ekki rjett »princip« í.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á gufuskipafjelagið. Jeg skal taka það fram, að ferðirnar eru mjög óheppilegar fyrir Norðurland, sjerstaklega að í september eru engar ferðir á suma staði. Þetta er því verra sem nauðsynlegt er, að ferðir sjeu á allar hafnir síðari part júlímánaðar, um miðjan ágúst og miðjan september. Smjörbúin eiga mjög erfitt með að nota þessar ferðir. Jeg vona fastlega eptir, að þetta verði nákvæmlega tekið til athugunar og lagfært eins og hægt er.

Guttormur Vigfússon, (þm. S.-Múl.): Jeg ætla að eins að tala nokkur orð um breyt.till. á þgskj. 544 um styrk til mótorbáta á Lagarfljóti. Við tókum tillöguna upp aptur, af því þessi póstur var felldur með svo litlum atkvæðamun; jeg hef jafnvel ástæðu til að ætla, að liðurinn hafi verfð felldur fyrir óhapp eða misskilning. Þessi styrkur er þar að auki svo lítill og óverulegur,og beðið um hann einusinni fyrir allt, svo jeg hefi fulla von um, að hann verði nú samþykktur af háttv. deild. Jeg álít ekki, að þess gjörist þörf, að rökstyðja þessa styrkbeiðni aptur; jeg skal að eins minna á, hve miklum erfiðleikum flutningar eru bundnir í þessu hjeraði, og ef deildarmenn margir þekktu til hinna sjerstöku erfiðleika, sem búendur á Jökuldal verða að sæta með vöruflutninga árið um kring, og hins mikla hags, sem þeir hljóta að hafa af fyrirtæki þessu, er jeg nærri viss um, að þeirra einna vegna mundi þessi litla fjárupphæð verða veitt.

Sigurður Stefánsson, (þm. Ísfjk.): Sem þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar verð jeg að halda því fast fram, að Ísafjörður eigi að komast í þetta fyrirhugaða ritsímasamband samtímis hinum kaupstöðunum, og þess vegna hef jeg skrifað undir þessa breyt.till. ásamt háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) og 5. kgk. (Ág. Fl.). En skyldi svo ólíklega fara, að breyt.till. á þgskj. 546 yrði samþykkt, þá tek jeg fyrir mitt leyti glaður breyt.till. aptur. En ef kaupstaðirnir Akureyri og Seyðisfjörður komast í sambandið, þá sje jeg ekki, hvaða ástæða væri til að útiloka Ísafjarðarkaupstað. Það væri virkilega hart, ef Ísafjörður og Vesturlandið yfirhöfuð ættu að bíða um óákveðinn tíma eptir þessu sambandi, þegar lítið er á það, að þessi kaupstaður ásamt Vestfjörðum er sá hluti landsins, sem mesta hefur verzlun og fiskiveiðar næst höfuðstaðnum sjálfum, en fyrir þessar atvinnugreinar er sambandið einkum nauðsynlegt. Jeg tók það fram hjer um daginn og endurtek það enn, að samband hinna landsfjórðunganna við umheiminn mundi verða Vesturlandi miklu fremur til tjóns en hags, meðan Ísafjörður ekki kemst í sambandið; þaðan mundi hverfa enda sú »trafik«, sem nú er þar, til þeirra staða, er í sambandið væru komnir, og þannig hnekkja framförum þessa fjórðungs, sem þó hefur einna drjúgast lagt til landsþarfa um langan aldur. Jeg er þar að auki sannfærður um, að það gæti verið sparnaður að því, að halda línunni áfram til Ísafjarðar, jafnskjótt og Austfjarðalínunni er lokið, sem samkvæmt áætlun stjórnarinnar og meiri hlutans verður á næsta ári. Já, en svo segja menn, að það sje ekki búið að

rannsaka þetta svæði svo vel sem skyldi, en til þess er nægur tími á þessu næsta fjárhagstímabili samkvæmt yfirlýsingum stjórnarinnar og meiri hlutans; hvernig sem því er litið á þetta atriði, þá virðist ekkert geta verið á móti því, að þessi kaupstaður komist að mestu leyti samtímis við hina kaupstaðina í ritsímasambandið.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en ítreka það, að þetta mál er auðvitað mjög mikið áhugamál fyrir Ísfirðinga, og þeir virðast eiga heimting á því, þar sem það samkvæmt gildandi fjárlögum er skýrt ákveðið, að allir kaupstaðir landsins eigi samtímis að komast í þetta hraðskeytasamband, ef það á annað borð kæmist á. Jeg skal taka það fram, að Ísfirðingar mundu eigi gjöra veður út af því, þótt eigi yrði lokið við lagningu álmunnar til Ísafjarðar á næsta fjárhagstímabili, ef þeir sæju viðleitni á því að sinna kröfum sínum í þessu efni, og byrjað væri á verkinu, áður næsta alþing kæmi saman. En það væri ósanngirni og órjett gagnvart Ísfirðingum, ef þessi fjárveiting, sem hjer um ræðir, yrði eigi samþykkt.

Ráðherrann: Mjer væri ekkert kærara, en ef Ísafjörður kæmist í hraðskeytasambandið þegar á næsta fjárhagstímabili. En fjárhagnum er þannig varið, að jeg hef eigi þorað að koma fram með tillögu í þessa átt. Enginn er fúsari að játa það, að Ísafjörður á alveg eins heimting á að komast í þetta samband og aðrir kaupstaðir, en ástæðan til þess, að eigi er gjört ráð fyrir álmu til Ísafjarðar á þessu fjárhagstímabili er sú, að landið má ómögulega missa þessar 300,000 kr. frá Mikla norræna fjelaginu til landsíma, en það tillag er því skilyrði bundið, að sími sje lagður frá Seyðisfirði til Reykjavíkur fyrir októberlok 1906, og meira en það kemst landssjóðurinn ekki yfir í bráð fjárhagsins vegna. En á næsta fjárhagstímabili er að mínu áliti sjálfsagt að láta það sitja fyrir öllu öðru, að leggja álmu til Ísafjarðar, sem helzt ætti að verða jafnframt að sem mestu gagni fyrir aðra Vestfirði eptir því sem föng eru á. Það eina, sem hægt er að gjöra nú, er að ákveða það svo, að eigi verði frá því vikið, að álman til Ísafjarðar verði sú allra fyrsta, sem lögð er á landssjóðs kostnað. En fjárhagurinn er eigi það eina, sem stendur í veginum fyrir því, að Vestfjarðaálman geti orðið tekin á fjárhagstímabili því, er í hönd fer. Það vantar líka alveg nákvæmar áætlanir um kostnaðinn. Menn eru ekki einu sinni á eitt sáttir um, hvar lína þessi á að liggja; sumir vilja láta hana liggja meðfram sjó og um Steingrímsfjörð, en aðrir um heiðar fyrir ofan fjarðarbotna, til þess að hægra verði að koma öllum fjörðunum í símasamband; sumir vestur Barðaströnd um Bíldudal og svo norður til Skutulsfjarðar, með sæsímaspottum yfir Arnarfjörð og Dýrafjörð. Þetta er allt órannsakað, en þarf vandlega að athugast. Að miða nú þegar fjárveitingarupphæð við nokkra tiltekna af þessum stefnum, væri óráð. Væri fje veitt »upp á slump« nú þegar, er hætt við því, að tekin yrði sú leið, er fjeð væri næst að hrökkva til, hvort sem hún að öðru leyti væri heppilegust eða ekki. Jeg get því eigi verið því meðmæltur að veita fjeð, að órannsökuðu máli. Jeg vona þó, að enginn h. háttv. deildarmanna gruni mig um, að jeg vilji eigi samband við Ísafjörð.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Ólafsson, 4. kgk. þm.): Jeg verð að svara nokkrum atriðum, sem að fram hafa komið í umr. Viðvíkjandi Vogastapaveginum, skal jeg geta þess, að alþingi veitti árið 1903 þá upphæð,

sem það áleit að nægði til þessa vegar, og þá var það skýrt tekið fram, að það ætti eigi að vera til akbrautar, heldur reiðvegar, en svo er þessu breytt í því trausti, að hægt mundi, að fá meira fjárframlag. Hjeraðinu einu er því um þetta að kenna. Þegar háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um veginn í Vestmannaeyjum, þá var auðheyrt, að hann var eigi lengur þingm. þess kjördæmis. Því verður eigi neitað, að eign landssjóðs er þar hætta búin, ef sjór getur gengið yfir götuna fram með ströndinni, og því finnst mjer rjett, að leggja eitthvað til vegar þessa. — Jeg skal eigi fjölyrða um álmuna til Ísafjarðar, enda er hjer eigi um annað að ræða, en hvort hana skuli leggja 1907 eða 1908, með því að allir eru samdóma um, að hún skuli vera sú fyrsta. Jeg býst við, að verði samþykkt hjer í deildinni, að leggja hana á næsta fjárhagstímabili, þá muni háttv. Nd. eigi fella hana úr, heldur bæta mörgum fleiri álmum við, og þá fer heldur að óvænkast fjárhagurinn. — En vilji nú þessi háttv. deild eigi leggja meira til símalagningar, en hjer verður samþykkt við þessa umræðu, þá koma fjárlögin í sameinað þing, og það mundi verða 40—60 þús. kr. skaði fyrir landssjóð á fjárhagstímabilinu, eptir reynslu þeirri, sem á því er frá gömlum tímum og eins og þingsköpin eru nú.

Háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) mæltist til þess, að borin væri upp í tvennu lagi 2. breyt.till. nefndarinnar á þskj. 555; má auðvitað vel láta það eptir honum, en jeg sje þó enga ástæðu til þess, því að jeg ímynda mjer, að skólastjórnin sjái svo um, að eigi fái aðrir piltar heimavist, en þeir, sem iðnir eru og efnilegir.

Það er engin mótbára gegn styrknum til »Sögufjelagsins«, að það sprengi liðinn, ef samþykkt verður, því að breyt.till. um, að hækka þennan lið úr 20 þús. upp í 21 þús., er nú í prentun, og getur því komið á hverri stundu.

Viðvíkjandi styrkbeiðslunni á þskj. 563, þá verð jeg að segja það, að það er illt, að taka slíkt fyrst upp til 3. umr., þegar nefndin er alveg búin að ljúka við starfa sinn. Jeg fyrir mitt leyti er honum eigi samdóma.

Hvað snertir ummæli háttv. 6. kgk. þm. (Þór. J.) um gufuskipaferðir á Norðurlandi, skal jeg geta þess, að hann verður í því efni, að snúa sjer til fjárlaganefndar Nd., því að hún er einvöld í þeim efnum, en hjer er eigi til neins að tala um það.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þskj. 555 sþ. með 11 samhlj. atkv.

1. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 7 : 1 atkv.

2. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 8 : 3 atkv.

3. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 527 samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 3 þm., og sögðu

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	B. M. Ólsen,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Ólafsson,
Gutt. Vigfússon,	Eiríkur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jakobsson,
Sig. Jensson,	Sig. Stefánsson,
Valtýr Guðmundss.,	Þórarinn Jónsson.
Þorgr. Þórðarson.	

Breyt.till. á þskj. 549 felld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk 3 þm., og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðj. Guðlaugss.,	B. M. Ólsen,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Ólafsson,
Sig Jensson,	Ág. Flygenring,
Valt. Guðmundss.,	Eiríkur Briem,
Þorgr. Þórðarson.	Gutt. Vigfússon,

Nei:
Jón Jakobsson,
Sig. Stefánsson,
Þórarinn Jónsson.

Breyt.till. á þskj. 561 samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	B. M. Ólsen,
Ág. Flygenring,	Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Jakobsson,
Gutt. Vigfússon,	Sig. Jensson,
Jóh. Jóhannesson,	Sig. Stefánsson,
Þórarinn Jónsson,	Valt. Guðmundss.
Þorg. Þórðarson.	

Breyt.till. á þskj. 557 tekin aptur.

4. breyt till. á þskj. 570, 1. liður, felldur með 7 : 4 atkv.

4. breyt.till. á þskj. 570, 2. liður, samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Gutt. Vigfússon,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Ág. Flygenring,	Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,	Sig. Stefánsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Valt. Guðmundss.,
Sig. Jensson,	Þorgr. Þórðarson.
Þórarinn Jónsson.	

5. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 8 : 1 atkv.

Breyt.till. á þskj. 544 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 546 felld með 8 : 5 atkv.

Breyt.till. á þskj. 560 samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Björn M. Ólsen,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Eiríkur Briem,
Sig. Jensson,	Gutt. Vigfússon,
Sig. Stefánsson,	Jón Jakobsson.
Valt. Guðmundss.,	

Já:
Þórarinn Jónsson,
Þorgr. Þórðarson.

6. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 8 samhlj, atkv.

2. breyt.till. á þskj. 555 (2 fyrstu liðir) sþ. í einu hlj.

2. breyt.till. á þskj. 555 (síðasti liður) sþ. með 8 : 2 atkv.

7. breyt.till. á þskj. 570 samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. á þskj. 545 felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Björn M. Ólsen,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Ólafsson,
Gutt. Vigfússon,	Eiríkur Briem,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jakobsson,
Valt. Guðmundss.,	Sigurður Jensson,
Þorgr. Þórðarson.	Sig. Stefánsson,
	Þórarinn Jónsson.

8. breyt.till. á þskj. 570 samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 580 samþ. með 9 : 2 atkv.

3. breyt.till. á þskj. 555 samþ. með 9 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á þskj. 555 samþ. með 9 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 552 felld með 7 : 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 550 samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 551 felld með 8 : 5 atkv.

Breyt.till. á þskj. 547 samþ. með 8 : 2 atkv.

Breyt.till. á þskj. 588 samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei;*
Björn M. Ólsen,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Sig. Jensson,
Ágúst Flygenring,	Sig. Stefánsson,
Eiríkur Briem,	Valt. Cuðmundss.,
Guðj. Guðlaugsson,	Þórarinn Jónsson,

Já: *Nei:*
Guft. Vigfússon, Þorgr. Þórðarson.
Jón Jakobsson.

9. breyt.till. á þskj. 570 felld með 8 : 4 atkv.

Breyt.till. á þskj. 548 felld með 8:2 atkv.

Breyt.till. á þskj. 563 samþ. með 7 : 4 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með áorðnum breytingum í einu hljóði, og afgreitt til forseta Nd.

Á 47. fundi Nd. laugardaginn 26. ágúst kom frumv. til fjárlaga fyrir árin 1906 og 1907 til einnar umr. í Nd. alþ. Þegar umr. höfðu staðið til kl. 3, frestaði forseti fundi til kl. 5 síðdegis. Var þá fundur aptur settur, og umr. haldið áfram, og stóðu þær til kl. 7½. Allir á fundi. (A. 589, 597, 599, 602, 603, 604, 605, 606, 608, 611, 614, 615, 617, 619, 620, 621, 622, 627).

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Tíminn er orðinn naumur til alls nú, og þess vegna hefur fjárlaganefndinni ekki verið hægt að athuga þetta frumv. eins vel, og æskilegt hefði verið, og sama er að segja um breyt.till. þær, sem fram hafa komið við það hjer í deildinni.

Jeg vil fyrst leyfa mjer að tala um breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 611, og tek jeg þær fyrir eptir röð.

Fyrsta breyt.till. við 12. gr. B. 3. a, fer fram á, að þessi liður hækki um 10,000 kr. Nefndin hefur ekki haft mikið á móti því, sem Ed. hefur gjört viðvíkjandi vegunum, en breyt.till. á þessum lið finnst henni ekki á rökum byggð. Ef breyting Ed. stæði, mundi af því leiða, að veginum yrði eigi lokið á fyrra ári fjárhagstímabilsins næsta á eptir. Það mundi skorta á fullar 40 þús. kr. til þess að veginum sje lokið fram yfir það, sem í fyrirliggjandi frumv. stendur, og ef áætlun bilar, þá meira. En að vinna fyrir meira en 30—35 þús. kr. á einu sumri í sama landsfjórðung, mun reynast óheppilegt. Annars gjörir nefndin þessa breyt.till. að engu kappsmáli, og yfir höfuð vill hún fara sem vægilegast í að breyta því, sem Ed. hefur gjört.

2. breyt.till. á þgskj. 611 um að fella 7. liðinn í 12. gr. B. er í samræmi við till. beggja nefndanna. Liðurinn var felldur burtu við 2. umr. í Ed., eptir till. nefndarinnar þar, en svo var honum komið inn aptur við 3. umr. Nefndin getur ekki sjeð, að ástæða sje til að gjöra þessum vegi hærra undir höfði en öðrum, sem til álita hafa komið, og virðist miklu minni ástæða til þessarar fjárveitingar, en margra annara, sem deildin hefur fellt.

3. breyt.till. á þgskj. 611 við 12. gr. C. 1, fer fram á, að ákvæðið, sem Ed. hefur sett um það, að menn skuli fá ⅛ afslátt af fargjaldi milli Íslands og Skotlands, skuli falla burt. Þetta ákvæði kemur í bága við þann samning, sem nefndin í Nd. gjörði við fulltrúa fjelagsins, og væri hægt að segja, af fjelagið væri gabbað, ef samningnum yrði breytt. Hins vegar ætti þetta að vera hvöt fyrir stjórnina til að fara fram á það við fjelagið, að fargjaldið yrði lækkað eitthvað.

Þá er 4. breyt.till. við 12. gr. D 6, um ritsímann til Ísafjarðar. Aðaltill. nefndarinnar er, að liðurinn falli burt. Það er ekki af því nefndin álíti ekki þurfa eða eiga að leggja þessa álmu til Ísafjarðar, að hún leggur þetta til, heldur þvert á móti. Nefndin álítur, að þetta eigi að gjörast svo fljótt, sem auðið er, en nefndin álítur, að því verði ekki við komið, fyr en eptir næsta þing. Það þarf að rannsaka vel símastæðið hjer, því um fleiri leiðir er

að velja, og allar áætlanir um það enn þá byggðar í lausu lopti. Nauðsynlegt væri að rannsaka símaleiðina vel og gjöra nákvæmar áætlanir um kostnaðinn. Næsta þing þarf að ákveða að sínu leyti, eins og þá er vegalögin voru samin, hverjar ritsímalagningar landið tekur að sjer, og þegar slíkt er gjört, er ekki heppilegt, ef eitthvað er ráðið, sem kemur þar í bága. Það er ekki heppilegt fyrir stjórnina að ákveða það upp á sitt eindæmi, eptir því að dæma, hvernig gengið hefur með ritsímasamninginn. Mjer þykir mjög ólíklegt, að stjórnin vilji taka slíkt að sjer.

Þessar ástæður valda því, að nefndin leggur til, að liðurinn falli burt. En það vill hún jafnframt taka fram, að hún álítur skylt, að leggja símann til Ísafjarðar sem fyrst.

Varatillöguna höfum við gjört til þess, að tryggja það, að stjórnin sje ekki neydd til að láta leggja símann strax, hvað sem það kostar, heldur geti látið rannsaka það ýtarlega, og samkvæmt þeirri rannsókn skorið úr, hvort það sje vert, að byrja á þessu fyr, en eptir að næsta þing hefur látið álit sitt í ljósi um það. Þó línan yrði ekki lögð fyr en eptir þing 1907, þá væri hægt að fá efni og búa allt sem bezt undir áður.

5. breyt.till. við 13. gr. B. VI. b 4, er að eins leiðrjetting á prentvillu.

6. breyt.till. er við sama lið og fer fram á, að í stað 2,500—2,500 komi 3,000—3,000 til aðstoðar við eptirlit með barnafræðslunni. Eptir skýringu hæstv. ráðherra á barnafræðslufrumv., eins og það lá fyrir í gær, kom það í ljós, að það gæti komið fyrir, að stjórnin þyrfti að nota fleiri en einn aðstoðarmann. Nefndin fjellst á, að þetta væri rjett, en þó áleit hún nauðsynlegt, að hafa einn vissan mann, ef stjórninni svo sýndist, sem gjörði þetta að aðalstarfi sínu, og það jafn vel, hvort sem barnafræðslufrumv. nær fram að ganga eða ekki. Það er svo afarþýðingarmikið mál, menntamálið, að það þarf að vinna alvarlega og kappsamlega að því, að koma fræðslulöggjöfinni í »organíska« heild.

Þó vel og vandlega hafi verið að þessu unnið, þá er þó margt og mikið ógjört, sem gjöra þarf. Það þarf að gjöra fleiri ára rannsóknir um menntunarástand þjóðar vorrar, áður en hægt er að ákveða með neinni verulegri vissu, hvernig menntastofnunum landsins verði haganlegast fyrir komið. Rannsóknirnar hafa aðallega gengið í þá átt, að rannsaka skólafyrirkomulag og menningarmeðul annara þjóða, en það þarf líka að athuga, á hverju menning vor hafi þrifizt um margar aldir, og hvað nýtilegt er í því. Það má ekki kasta því fyrir borð öllu, sem bezt hefur gagnað hingað til, og orðið að furðanlegu liði. Þetta er nú mitt álit á þessu máli, og álít jeg því mjög heppilegt, að stjórnin hefði einn vissan mann, sem hún veldi sjer til aðstoðar, og teldi sjer heppilegan til samvinnu.

Þetta eru ástæðurnar til þess, að við höfum lagt til, að liðurinn hækki um 500 kr. hvort árið.

7. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. VI. f. fer fram á styrk til stúdentafjelagsins í Reykjavík. Þetta stóð í stjórnarfrv.; nefndin hjer fjellst á, að það stæði, en Ed. hefur breytt því, hvernig sem á því stendur.

Hvort það fer illt orð af stúdentafjelaginu, það veit jeg ekki, en hitt er víst, að í því eru margir nýtir og duglegir menn, og ættu þeir að geta haldið fræðandi og menntandi fyrirlestra fyrir fólkið. Að líkindum yrðu slíkir

fyrirlestrar vel sóttir, og stjórnin ætti að eiga hægt með að líta eptir meðferð fjárins, þegar þetta er rjett undir handarjaðrinum á henni.

8. breyt.till. fer fram á, að veittar sjeu 400 kr. hvort árið til kennara í organslætti í Reykjavík. Ed. hefur fellt þennan styrk, en okkur finnst full ástæða til að veita hann. Þessi kennari hefur veitt mönnum ofan úr sveitum ókeypis kennslu í organslætti, og af því margir eiga örðugt með að kaupa sjer slíka kennslu, er rjett og sanngjarnt, að styrkja kennarann til að veita hana, því með því bætir hann kirkjusöng landsins og smekk almennings.

Kennarinn hefur einnig hugsað sjer, að stofna söngfjelag hjer í bænum, sem nemendur utan úr sveitunum gætu gengið í, og það er þarft verk og gott.

Þá er breyt.till. við 14. gr. B. stafl. f. Eiginlega eru þetta tvennskonar breytingar, önnur formbreyting en hin efnisbreyting.

Efnisbreytingarnar eru, að styrkur til bindindisfjelaganna færist upp í hið sama, og samþ. var hjer í deildinni áður. Fjárlaganefndinni er ekki ljóst, hvers vegna þessu var breytt í Ed.

Bindindishreyfingin er mjög góð og virðingarverð, og verðug styrktar af opinberu fje. Og meiri ástæða er til að styrkja hana í því formi, sem hún nú er, en að styðja aðflutningsbann.

Hjer er ennfremur tekinn upp aptur styrkurinn til að gefa út lýsingu á ísl. fjallvegum. Jeg hef reynslu fyrir mjer í því, að þetta getur haft þýðingu bæði fyrir útlenda og innlenda ferðamenn.

Ennþá leggjum við til, að styrkurinn til »Sögufjelagsins« falli burt, því þó umsóknin sje vel skrifuð og skemmtileg, þá virðist nefndinni rjettara að styrkja að eins eitt fjelag til að gefa út slík rit, sem »Sögufjelagið« gæfi út. »Bókmenntafjelagið« gefur einmitt út »Safn til sögu Íslands«; það ætti Sögufjelagið« að styðja og þaðan fá styrkinn. Hinsvegar er okkur þetta ekkert kappsmál, og verði styrkurinn veittur, þá leggjum við til, að varatillaga háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) verði tekin til greina.

Nefndin leggur til, að formbreytingin, sem Ed. hefur gjört hjer, sje ekki sþ., en að stafliðirnir standi sem aðalliðir eins og áður.

11. breyt.till. við 15. gr. fer fram á, að varið sje 20,000 og 10,000 kr. til fjárkláðaskoðana. Þetta er gjört eptir tillögum stjórnarráðsins, sem byggðar eru á áætlun um kostnaðinn, sem hljóti að verða við þetta á næsta fjárhagstímabili. Ætlazt er til, að 2 skoðanir fari fram 1906 á svæðinu frá Jökulsá á Sólheimasandi norður um til Hjeraðsvatna, og 3 skoðanir í hinum hluta landsins sama árið. Ennfremur fara fram 2 skoðanir 1907 á svæðinu frá Hjeraðsvötnum vestur og suður um að Jökulsá á Sólheimasandi. Auk beinna útgjalda við skoðanirnar er ætlað nokkurt fje til yfirumsjónar og tóbakskaupa o. fl., sem nauðsynlegt þykir. Eptir áætlun stjórnarráðsins þarf til þess allt að 33,000 kr., en nefndin fer að eins fram á 30,000 kr. með samkomulagi við ráðherra. Þessi fjárveiting mælir með sjer sjálf og er sjálfsögð, því það mun vera mest áríðandi, að eptirskoðanirnar sjeu gjörðar sem allra bezt, svo öll hin mikla fyrirhöfn og kostnaður, sem af útrýmingu fjárkláðans hefur leitt, verði ekki að ónýtu.

Nefndin hefur ráðizt í að setja aptur inn fjárveitinguna til Ísaks Jónssonar til íshússbyggingar. Þessi fjárveiting var samþ. hjer áður, og vonum við, að deildinni hafi ekki snúizt hugur síðan. Maðurinn á vafalaust þennan

styrk skilinn, og íshúsið hefur mikla þýðingu, að minnsta kosti fyrir byggðarlagið, sem næst liggur, og er þar víða fiskisælt, ef beita er nóg.

Viðvíkjandi 13. breyt.till. við 20. gr., þá leggur nefndin til, að orðin: »frá útlöndum«, sem Ed. felldi úr, sjeu aptur tekin inn. Og vil jeg leyfa mjer að skírskota til háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) um það efni, því hann er manna bezt inni í þeim málum.

Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að hinum einstöku breyt.till., sem fyrir liggja.

Á þgskj. 597 er styrkbeiðni til heimavistar- og heimangönguskóla á Vopnaf.

Nefndin var þessari beiðni hlynnt, auðvitað í sambandi við styrk þann, sem stóð á frumv. til heimavistarskóla, en Ed. hefur fellt hann burt; mun nefndin því leggja með þessari tillögu.

Á þgskj. 599 eru tvær breyt.till., hin fyrri um að hækka styrkinn til póstvagnaferða austur að Ægissíðu úr 500 kr. upp í 600 kr., svo sem áður hefur verið; Ed. hafði fært styrkinn niður um 100 kr. úr 600 niður í 500; samkvæmt þeim ástæðum, sem Ed. hafði fyrir lækkuninni, mun fjárlaganefndin leggja á móti þessari breyt.till. Hin breyt.till. er um styrk til akbrautar upp Skeiðin. Nefndin var andvíg þessari styrkveitingu, þó veitingin væri samþ. hjer í deildinni, en Ed. hefur fellt hana burt. Nefndin hefur ekki meira á móti að leggja styrk til þessa vegar en annara, hyggur jafnvel, að hann eigi að ganga fyrir öðrum vegum; en hann verður að vera háður sömu örlögum, sem aðrir vegir, sem nefndin er nú á móti að þessu sinni.

Á þgskj. 602 er breyt.till. við 12 gr. D. um að sá liður falli burt, en til hraðskeytasambands komi 25 þús. kr. Það ætti ekki að þurfa framar langar ræður um ritsímamálið, menn eru búnir að svala sjer á því. Þessi till. gengur í þá átt, að ráðizt verði í það stórræði að hafna ritsímasamningnum; það væri örþrifaráð, þó eitthvað betra væri í boði, en það er ekki; heldur og meira að segja með frestun málsins væri máske sleppt góðu tækifæri. Þess utan er tillagan byggð á lausa lopti, engin áætlun um hvað þessi stöð muni kosta. Eins er um þessa rannsókn; til hennar virðist ekki þurfa að kosta miklu, að dæma eptir framkomu hv. flutnm. tillögunnar. Þessir agentar sem hjer hafa flutt loptskeytatilboðin, sem minni hluti vildi endilega taka, hafa ekki kostað neitt landsmenn eða landið svo menn viti, og þeir hafa þó enga rannsókn gjört nema á kortinu.

Á þgskj. 603 er nýstárleg tillaga, sem aldrei hefur komið fram við allar þessar 6 umræður fjárlaganna, hvorki í efri nje neðri deild. Hún fer fram á að veita Hanson nokkrum fje til að leita að málmum. Þetta getur naumast komið til athugunar nú, því það væri ekki heppilegt fordæmi, að samþ. allstóra fjárveitingu, sem fyrst kemur tillaga um við 7. umr. fjárlaganna. Auðvitað gjörir nefndin það að engu kappsmáli.

Á þgskj. 605 er breyt.til. frá þm. Dalam. um 6000 kr. til uppmælingar á Breiðafirði. Hún hefur áður komið fram hjer í deildinni og verið mótmælt af nefndinni, ekki af óvild, heldur af því, að nefndin taldi rjettast, að stjórnin undirbyggi málið, áður en veitt yrði fje til þess af þinginu.

Breyt.till. á þgskj. 606 fer fram á fje til flutningabrautar frá Húsavík; nefndin lýsti yfir því við 4. umr., að hún gæti ekki fallizt á þessa styrkveitingu. Leyfi jeg mjer að skírskota til þess, sem jeg þá sagði um þetta.

Á breyt.till. 608 er beiðni um fje til vegar yfir Breiðadalsheiði 5,000 kr. gegn 1/3 af hálfu sýslunnar. Þetta var samþykkt áður hjer í deildinni, og er að vísu viðfelldnara með athugasemdinni, en efri deild hefur fellt það, en nefndin verður að svara því sama sem áður um aðra vegi: ef ein styrkveiting er samþ., fljóta fleiri með.

Á þgskj, 614 eru breyt.till. frá ráðh. fyrst um tvo liði, sem hv. Ed. hefur fellt burt, til handavinnuhúss og smíðatóla fyrir hinn almenna menntaskóla. Nefndin sjer ekki heppilegt að fella þessa liði burtu, þar sem þetta er reglugjörðaratriði. Er nefndin því meðmælt því, að þessir liðir verði sþ. 2. breyt.till. er á sama þgskj. um, að orðin í athugasemdinni við 13. gr. B. VI, b. 3. falli burt; nefndin lætur það hlutlaust, leggur enga áherzlu á það. Þá er og frá ráðherra á sama þgskj., að styrkurinn handa kennara hins væntanlega lagaskóla og fjeð til að halda skemmtandi fyrirlestra, sem Ed. hefur fellt burtu, bætist inn; meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur.

Þá er og frá ráðh. breyt.till. á 15. gr. um, að hækkuð verði upp í 3,000 kr. laun verkfræðings landsins, sem Ed. hafði lækkað. Eptir upplýsingum hæstv. ráðherra fæst maður sá, er stjórnin hafði augastað á, ekki fyrir minna; það er því ekki ráðlegt, að vera á móti breyt.till., þó að upphæðin sje nokkuð há.

Á þgskj. 615 er breyt.till. frá háttv. þm. Ak. (M. K.), er fer fram á styrk til iðnaðarfjelagsins og iðnskóla á Akureyri, og á þgskj. 620 er beiðni frá hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) um styrk til iðnskóla á Ísafirði.

Nefndin er mótfallinn þessum styrkveitingum af því, að hún telur rjettast, að hugsa sem mest um, að fullkomna samskonar skóla í Reykjavík, enda er víst, að í Reykjavík fæst góð kennsla, en aptur á móti er vafasamt um, hvort hún fengist á Akureyri og Ísafirði.

Á þgskj. 621 er breyt.till. frá háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), einum nefndarmanna, um að 13. gr. B. VI. b. 4. orðist svo, að sú upphæð sje þóknun til mag. art. Guðm. Finnbogasonar. Nefndin getur ekki fallizt á, að þingið ákveði neinn vissan mann til þessa starfs, þótt hún sje ekki þessum manni mótfallin; jeg fyrir mitt leyti er honum mjög meðmæltur; en það á ekki við, að binda hendur stjórnarinnar í þessu efni.

Þá hefur verið beðið að geta þess, að það er tillaga manna austanfjalls, að traðargarðar í túni verði teknir til greina, þegar skipt er úr landssjóði styrk til búnaðarfjelaga. Jeg man ekki, hvort um þetta var talað, þegar reglurnar voru samdar um úthlutunina 1901, en oss kom saman um í fjárlaganefnd, að fallast á þessa tillögu.

Meira hef jeg ekki ástæðu til að fara orðum að, að sinni.

Forseti: Jeg vil vekja athygli hinnar háttv. deildar á því, að á þgskj. 614 er prentvilla undir 3. tölulið. Þar stendur: »Til sýslun. o. s. frv. 3,000 kr.«, en á að vera 3,000 kr. fyrra árið og 5,000 kr. seinna árið. Jeg hef handritið fyrir mjer, og þar er það greinilegt. Sömuleiðis er á þgskj. 621 auðsjáanlega prentvilla undir 1. lið í kaupi Guðm. Finnbogasonar. Það stendur 2,050 kr. en á að vera 2,500 — Á sama þingskjali undir 2. tölul. er og prentvilla; maðurinn er ekki Jóhannesson heldur Jóhannsson; styrkurinn á að vera 350 kr., en ekki 50 kr., þetta vil jeg biðja menn að leiðrjetta.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg gleymdi að minnast á tvær breyt.till.

Önnur er á þingskjali 621, 2. Styrkur til Lárusar Jóhannessonar til leikfimisnáms. Maður þessi hefur hin beztu meðmæli og er af öllum, sem þekkja, talinn hinn hæfasti í þessari mennt; er því nefndin því hlynnt, að þessi litla fjárveiting verði veitt. Hin breyt.-till. er á 619, og fer fram á málþráðarlagningu austur til Ægissíðu. Svo framarlega sem samþ. verður málþráðalagning til Ísafjarðar, þá væri sanngjarnt, að þessi yrði samferða. En af sömu ástæðum, sem jeg tók fram um símalagningu til Ísafjarðar, vill nefndin ekki, að veitt sje fje til þess nú, en telur hyggilegt, að báðar þessar lagningar verði samferða, þegar þingið sjer sjer það fært, þó svo að Ísafjafjarðarlínan sitji fyrir.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það eru tvær breyt.till., sem jeg á á þingskjali 621; framsm. hefur lýst yfir því, að hann væri annari þeirra meðmæltur; hina minntist hann ekki á; hefur líklega ekki verið henni meðmæltur. (*Pjetur Jónsson:* Jeg minntist á hana). Þá bið jeg fyrirgefningar, jeg hef ekki heyrt það.

Ástæðan fyrir hinni fyrri breyt.till., styrknum til Guðm. Finnbogasonar er sú, að ummæli og breyt.till. hæstv. ráðh. hafa gefið ástæðu til að ætla, að þessi fjárveiting væri ekki ætluð honum, heldur einhverjum öðrum. Þetta virðist mjer vera í mikilli mótsögn við það, sem stendur í athugasemdum stjórnarinnar aptan við fjárlagafrumvarpið.

Þessi breyt.till. mín, og tillögur og ummæli stjórnarinnar í fjárlagafrumv. eru í fullu samræmi við tilætlun undanfarinna þinga. Jeg get vel borið um það, því að jeg hef verið í fjárlaganefndum undanfarinna þinga, og sömuleiðis í kennslumálanefndum. Það hefur ætíð verið ætlazt til þess, að einmitt þessi maður hefði þetta verk með höndum. Árið 1901 var honum fyrst veittur styrkur til þess, að kynna sjer menntamál erlendis. Fór hann síðan utan og kynnti sjer skólafyrirkomulag með nálægum þjóðum; lagði hann síðan, er hann kom út hingað, skýrslu fyrir alþingi. Þá hefur hann og ritað þá bók, er flestum mun kunn og fengið hefur hrós hvervetna, þar sem hennar hefur verið minnzt, í öllum blöðum. Þetta sýnir, að maðurinn hefur sett sig vel inn í málið, og þingið verið heppið í vali sínu. Enda sýndi þingið, að það kunni að meta verðleika þessa manns, er það eptir samhljóða tillögum menntamála- og fjárlaga-nefndar veitti honum óbeðið styrk til þess að kynna sjer skóla- og fræðslumál hjer á landi og undirbúa lagasetning um unglinga- og barnafræðslu

Að þingið síðasta hafi litið svo á, að hann væri sjálfkjörinn til þessa starfa, sjest best á því, að breyt.till., sem fram kom um, að binda ekki fjárveitinguna við nafngreindan mann, var felld með miklum atkvæðamun. Mig minnir, að það væri háttv. 1. þm Árn. (H. Þ.), sem gat þess í umr. um till. þessa, »að það sje eins og verið sje að undirbúa »yfirkennslustjóra embætti«. Með því að fella till. sýndi þingið, að það leit einmitt svo á þessa fjárveitingu, eins og þm. Árn. sagðist frá; sýndi berlega, að það vakti fyrir mönnum, að undirbúa einmitt þennan mann undir það, að takast á hendur umsjón með skóla- og fræðslumálum landsins.

Nú hefur Guðm. Finnbogason lokið þessum rannsóknum og ferðum. Hann hefur lagt fyrir þingið mjög ýtarlega og fróðlega skýrslu um árangurinn af þessum rannsóknum og bera þær vitni um það, að hann hefur stundað þetta

starf með elju og alúð. Hann hefur lagt mikla vinnu í þetta og þingið lokið lofsorði á það. Í mentamálanefndaráliti í Ed. er honum mikið hrósað, og framsm. nefndarinnar hjer hefur því yfir, að hann hafi unnið mikið gagn. En það er ekki að eins þingið, sem er ánægt með hann, heldur stjórnin líka. Hún hefur notað hann til þess að koma fram með upplýsingar og tillögur við samningu reglugjörðar hins almenna menntaskóla og gagnfræðaskólans á Akureyri.

Það hefur ekkert borið á öðru, en það hafi verið góð samvinna milli hans og stjórnarinnar, og loks býst þjóðin eindregið við því, að Guðm. Finnbogason haldi áfram þessu starfi sínu. Hann hefur helgað krapta sína þessu starfi og þegar eytt 4 beztu árum æfi sinnar til undirbúnings undir þetta þýðingarmikla lífsstarf. Hann hefur neitað stöðu með 2,500 kr. launum, til þess að geta gefið sig óskiptan við þessu starfi. Menn kunna að segja, að það sje ekki eins mikil þörfin eptirleiðis, og sjerstaklega ef fræðslufrumv. nær ekki fram að ganga, en jeg er á gagnstæðri skoðun. Framsm. fjárlaganefndarinnar er á sama máli og jeg í þessu máli, og það gleður mig mjög. Hann segir, að það þurfi mann til þess, að undirbúa lagasetningar um fræðslumál landsins, og koma nýju og betra skipulagi á allt, sem þar að lýtur, og þá ekki síður til þess, að leiðbeina fólki í því, sem lýtur að uppfræðslu og uppeldi barna. Jeg er alveg sömu skoðunar, og skal ekki tefja tímann á því að hafa upp allt, sem hann sagði um þetta mál.

Breyt.till. hæstv. ráðh. bendir í þá átt, að stjórnin ætli ekki að nota krapta og þekkingu G. F. framvegis. Þetta virðist þó undarlegt, þar sem þessi maður hefur unnið að undanförnu fyrir hvatir og tilstilli þings og stjórnar. Ráðh. ljet orð sín falla þannig, að hann vildi ekki binda sig við neinn sjerstakan mann, og hann áliti það bezt, að stjórnin þyrfti ekki að vera bundin að lögum við einn einstakan mann sjer til ráðaneytis. Jeg er á sama máli. En jeg hef ekki haft minnstu hugmynd um fyr en núna nýlega, að nokkur vafi gæti verið á því, að stjórnin gæti notað aðstoð og leiðbeiningar þessa manns framvegis eins og hingað til og því síður, að það ætti að svipta hann þessu starfi.

Þetta kom mjer alveg á óvart, þar sem mjer er kunnugt um, að ekki er nema tæpur mánuður síðan, að stjórnin hefur notið aðstoðar hans. Þá samdi hann reglugjörð fyrir gagnfræðaskólann á Akureyri. Það hlýtur því að vera á þessum síðasta mánuði, að augu stjórnarinnar hafa opnazt fyrir því, að hún gæti ekki notað þennan mann lengur. Á þessum tíma hlýtur það að hafa komið fyrir, sje það annars nokkuð, sem vakið hefur vantraust stjórnarinnar á honum. G. F. veit ekki neitt um, hvað það getur verið. Jeg hefi spurt hann að því. — Þetta seinasta starf hans, í kennslumálum fjell stjórninni vel í geð, og síðan hefur hann ekkert að þeim málum unnið fyrir stjórnina, svo henni hefur hvorki getað líkað vel eða illa við hann í þeim efnum þennan síðasta mánuðinn. En það leggur í augum uppi, að ekkert annað en það, sem að einhverju leyti lýtur að þessu starfi hans, má hjer til greina koma.

En sje svo, að stjórnin geti ekki með rjettu fundið að starfsemi G. F., að því er að fræðslumálum lýtur, þá er engin ástæða til að veita þessa fjárupphæð öðrum en G. F., og jeg vonast til, að hv. þm. greiði því atkvæði sitt. Jeg get ekki sjeð, að stjórninni geti verið

það óljúft að hafa hann í ráðum hjer eptir eins og áður. Jeg treysti því, að hæstv. ráðh. fari að vilja þingsins, ef ekkert það hefur komið fyrir, sem gjörir það að verkum, að manninum beri að hafna. Jeg vil ekki láta þessa góðu krapta ónotaða þjóðinni til þrifa. Jeg og margir aðrir eru sannfærðir um það, að G. F. sje langhæfasti maður til þessa starfs, sem við eigum völ á. Jeg vonast einnig til, að hann verði eptirleiðis jafnsamvinnugóður við stjórnina sem hingh til.

Björn Bjarnarson (þm. Dalam.) Jeg á breyt.till. á þgskj. 605, sem jeg skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um. Framsm. gat þess, að hún hefði komið við fyrri umr. hjer og hefði fallið. En það getur, ef til vill, hafa verið af því, að jeg fjekk ekki tækifæri til að skýra málið fyrir hinum háttv. þingdm., þar sem umræðurnar voru skornar niður, áður en jeg gat tekið til máls.

Framsm. gat þess, að nefndin hefði í sjálfu sjer ekki verið á móti þessum styrk. Og það gladdi mig, að nefndin gekk inn á það, að verkið væri mjög nauðsynlegt. En hún sagðist ekki hafa fje til þess að leggja fram, og að málið sje ekki nægilega undirbúið. En jeg verð að leyfa mjer að spyrja um það, hvað þarf að undirbúa undir fjárveitinguna. Þegar Hvammsfjörður var mældur upp, veitti þingið fje til þess, með því skilyrði að Dalasýsla legði 1/4 kostnaðarins til uppmælingarinnar. Nú er farið fram á, að veitt verði 6000 kr. til uppmælingar á nauðsynlegum leiðum á Breiðafirði með sama skilyrði. Þegar Hvammsfjörð átti að mæla upp, fjekk stjórnin flotastjórn Dana til þess að takast það verk á hendur, án þess að annan undirbúning þyrfti, og jeg sje ekki, að nú þurfi að viðhafa annan undirbúning eða aðra aðferð, en þá var höfð.

Verkið er afarnauðsynlegt af því, að á Breiðafirði er mjög mikið af skerjum og grynningum, straumum o. fl. Það er stórhættulegt fyrir stærri skip að fara um hann. Fastar skipaferðir verða því alsendis ómögulegar. Það er afar áríðandi, að mæla upp þær línur eða svæði, sem skipin eiga að ganga eptir inn á helztu stöðvarnar. Meðan ekki er mælt upp, er örðugt að fá vátryggð skip inn á Breiðafjörð. Það hefur verið reynt, að fá vátryggingu á skipum á Breiðafirði á Englandi, Ameríku og Norðurlöndum. Það hefur ekki tekizt. Að vísu hefur stöku sinnum tekizt, að fá menn til að skjótast inn í innri hluta fjarðarins, en hafa þá stundum líka rekið sig á sker, sem enginn þekkti. Þegar skipstjóranir hafa komið heim til sín, hafa þeir skýrt frá því, að mesti háski væri að fara inn á Breiðafjörð, og hefur það auðvitað ekki bætt úr.

Jeg vona líka, að þingið taki vel í þetta. þar sem að sýslurnar veita svona drjúgan skerf af kostnaðinum, sem sýnir greinilega, hvaða nauðsyn þeim þykir á, að þetta verk verði framkvæmt. Ef þetta fje fengist. hygg jeg, að það mundi vera nóg.

Úr því að jeg er staðinn upp, þá held jeg, að jeg verði að fara nokkrum orðum um 1 eða 2 breyt.till., á þgskj. 608 fyrst. Þar er farið fram á 5,000 kr. til vegagjörðar á Breiðadalsheiði; þar er galli á, að það er ekki útilokað, að það megi taka þennan 1/3 hluta af sýsluvegagjaldi.

En hingað til hefur verið áskilið, að svo mætti ekki vera. Það hefur hingað til verið heimtað, að ekki mætti verja lögboðnum gjöldum eins og sýslu- eða hreppavegagjaldi upp í tillag

frá sýslufjelögunum, heldur þyrfti tillag þeirra að vera frjálst framlag.

En þegar sýslufjelögin vilja leggja á sig allháar upphæðir, þá er það næg sönnun fyrir því, að um stórt nauðsynjamál sje að ræða. Afstaða mín frá þessu máli um landssjóðsstyrk til sýsluvega er, að landssjóður eigi að styrkja vegagjörðir á öllum fjölförnum sýsluvegum, sem ekki má ætla að sýslusjóðir og sýsluvegasjóðir geti staðið straum af. Það eru margir sýsluvegir á landinu, sem eru eins fjölfarnir og eins nauðsynlegir, eins og þjóðvegir landsins, og geti þingið með litlum styrk bætt þá vegi, þá álít jeg, að mikið sje til unnið.

Þá er hin breyt.till. á þgskj. 606. Hún finnst mjer hálfspaugileg, þar sem farið er fram á, að veita 6 þús. kr. til flutningabrautar. Hversu langa flutningabraut er hægt að leggja fyrir einar 6 þús. kr.?, 4—600 faðma. Það finnst mjer spaugilegt, að byrja á verki, sem ekki er meira en $^1/_8$ úr mílu.

Þetta sýnir, að komið er með þetta fram fremur til spaugs, en ætlazt sje til, að veruleg vegagjörð verði framkvæmd fyrir þessa peninga. Hvað þessi orð mín snertir, skírskota jeg til ræðu háttv. flutningsmanns við 3. umr. fjárlaganna.

Að endingu vona jeg, að háttv. deild sjái, hve nauðsynlegt er, að nauðsynlegustu leiðir á Breiðafirði verði mældar upp, og greiði atkv. með því, að til þess verði veittar úr landssjóði 6,000 kr. með því skilyrði, sem jeg hef tekið fram.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg stend að eins upp til þess að beina 2 spurningum til háttv. flutnm. að breyt.till. á þgskj. 602.

1. Hversu mikið af þar nefndum 25 þús. kr. á að ganga til Marconifjelagsins, hve mikið til framhalds loptskeytasambandi því, sem við höfum haft í sumar, og hve mikið til undirbúnings hraðskeytamálinu til næsta þings.
2. Hefur Marconifjelagið »koncessión« eða leyfi stjórnarinnar á Englandi, til þess að senda skeyti til annara landa?

Úr því jeg stóð upp, get jeg ekki varizt þess, að lýsa ánægju minni yfir því, að andstæðingar vorir í Ed. virðast allir hafa gengið inn á vora skoðun í ritsímamálinu. Öðru vísi verður samróma atkvæðagr. þeirra fyrir Ísafjarðarálmunni ekki skilin. Því hefur raunar verið fleygt, og þess enda nýlega getið í blaði, að þetta mundi vera fleygur, en jeg vil ekki ætla háttv. andstæðingum vorum það, að þeir taki móti betri vitund þátt í fyrirtæki, sem aðalblað þeirra hefur kallað »óhæfuna miklu«. Jeg vil miklu heldur trúa því, að þeir hafi snúizt; það væri þeim til sóma.

Og um leið vil jeg geta þess, að það er enginn meiningamunur milli háttv. 3 efri deildar manna úr vorum flokki, sem greiddu atkv. með Ísafjarðarálmunni, og vor hinna. Við viljum allir koma öllu landinu sem fyrst í talsímasamband. Munurinn er bara sá, að háttv. 3 flokksbræður í Ed. eru ofurlítið bráðlátari en vjer hinir. Vjer viljum fyrst láta rannsaka allar leiðir, áður en veitt er fje til álmunnar á fjárlögunum. Hinir halda, að hin tiltekna upphæð hrökkvi, hvernig sem fer.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg ætla mjer yfirleitt ekki að minnast á aðrar breyt.till. en þær, sem jeg er flutnm. að. En samt verð jeg að drepa ofurlítið á eina breyt.till. aðra. Fjárlaganefndin hefur komið með breyt.till. um það, að styrkurinn til »Sögufjelagsins« falli burt.

Háttv. framsm. (P. J.) gat þess, að umsóknin til fjárlaganefndarinnar hefði verið einkennileg og allskemmtileg. Umsækendurnir bjuggust við, að skjal þetta mundi hafa svo góð áhrif á nefndina, að hún mælti með styrknum, en sú von hefur brugðizt hraparlega, því það virðist vera fátt, sem nefndin leggur meira kapp á, en að koma fjárveitingu þessari fyrir kattarnef.

Þar sem framsm. sagði, að »Sögufjelagið« ætti að vinna í sambandi við »Bókmenntafjelagið«, þá getur það ekki átt sjer stað, því að »Bókmenntafjelagið« prentar venjulegast frumritaðar sagnfræðislegar ritgjörðir í »Safni til sögu Íslands«, en sjaldnar gömul söguleg heimildarit, en það er einmitt verksvið »Sögufjelagsins,« að gefa út slík rit, svo að hlutverk þessara tveggja fjelaga falla alls ekki saman. Mjer þykir mjög skrítið, hvað fjárlaganefndin gjörir þetta að miklu kappsmáli. En samt vil jeg heldur en að styrkurinn falli, mæla með því, að háttv. deild samþ. breyt.till. háttv. þm. Borgf., að láta »Sögufjelagið« fá 30 kr. fyrir hverja örk, sem það gefur út, allt að 600 kr., því að þótt slíkur styrkur sje af mjög skornum skammti, þá er hann þó betri en ekki, og jeg ræð því deildinni eindregið til að fella till. fjárlaganefndarinnar.

Jeg á ásamt fleiri háttv. þingdm. 2 breyt.till. á þgskj. 599. Er hin fyrri við 12. gr. A. 3, um styrkinn til póstvagnferða, að færa hann nú upp aptur úr 500 kr. í 600 kr., eins og samþ. var hjer í Nd. Það er undarlegt, að Ed. skuli hafa fært þetta niður um 100 kr. Þetta finnst mjer harla smásmyglislegt og óviðurkvæmilegt. Háttv. framsm. (P. J.) skirskotaði í ástæður Ed. fyrir þessari úrfellingu, en gat þess ekki, hverjar ástæður það hefði verið. En jeg var við í Ed., er þetta var til umr., en heyrði ekki, að bornar væru fram neinar ástæður. Framsm. gat þess að eins lauslega, að hugmyndin væri sú, að af þessu ætti að klípa, unz tillagið fjelli alveg niður. Hann sagði, að ferðirnar mundu borga sig vel, en því er ekki svo varið. Maðurinn, sem hefur ferðir þessar á hendi, er duglegur maður og atorkusamur, og hann hefur skýrt mjer frá, að hann mundi hætta, ef styrkurinn yrði færður niður. Ferðirnar gjöra mikið gagn og veita mörgum mikið hagræði, og það er hálf kauðalegt að klípa nú 100 kr. af þessari upphæð, sem staðið hefur óhreyfð næstliðin 6 ár eða síðan 1899.

Jeg á aðra breyt.till. á sama þgskj. (599) um fjárveitingu til akbrautar frá Flatholti upp Skeiðin að Stóru-Laxá. Ed. felldi þessa fjárveitingu alveg burtu, en jeg treysti því, að þessi háttv. deild setji hana inn aptur, því að hún var samþykkt hjer áður með allmiklum atkvæðamun. Jeg hjelt jafnvel, að háttv. fjárlaganefnd mundi taka hana upp, en sú von brást. Samt var háttv. framsm. ekki svo harður á móti þessari breyt.till.; sjer líklega, að það er ekki til neins. Jeg minntist dálítið á þetta mál, er það var fyrir deildinni síðast, og ætla ekki að taka það upp aptur, en læt mjer að eins nægja, að benda á, að 13,000 kr. framlag frá sýslubúum er nægilega skýr sönnun fyrir nauðsyn vegarins. Frekari sannanir þarf alls ekki. Þessi eina er einhlít til þess, að þingdeildin sinni þessari fjárveitingu. Menn eru ekki svo fúsir að leggja á sig útgjaldabyrði, nema það sje til nauðsynlegra fyrirtækja, og jeg vil leyfa mjer að segja, að það sje hrein og bein skylda þingsins, að rjetta hjer hjálpandi hönd þeim, sem vilja hjálpa sjer sjálfir. Jeg ímynda mjer því, að mál þetta mæti

ekki neinni verulegri mótspyrnu nú fremur en áður.

Þá á jeg eina varaviðaukatill. á þgskj. 619 ásamt með háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.). Hún er meinlaus í sjálfu sjer, þótt fjárapphæðin sje nokkuð há. Hún stendur í sambandi við veitinguna undir 12. D. 6. í fjárlagafrumv., eins og það var samþ. í Ed. við 3. umr., þ. e. fjárveitinguna til ritsímaálmu til Ísafjarðar. Þar stendur undir 12 D. 5., að 4,000 kr. megi verja til rannsóknar og undirbúnings undir símalagningu til Ísafjarðar og Ægissíðu. Þar eru þessar tvær línur settar öldungis samhliða, gjörðar öldungis jafnrjettháar, eins og þær eiga að vera. Og jeg bjóst við því, að þeir þm. í Ed., sem eiga þar hlut að máli, t. d. þm. Ísafjarðarkaupstaðar, mundi láta sjer nægja þessa veitingu í fjárlögunum, því að hún sýnir beinlínis, að það er tilætlunin, að línur þessar verði lagðar á landssjóðskostnað. En svo er smellt inn í Ed. 125,000 kr., beinni fjárveitingu nú þegar til Ísafjarðarálmunnar. Standi sú veiting óhreyfð hjer, þá krefjumst við, sem flytjum breyt.-till. á þgskj. 619; jeg og háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.), að 50,000 kr. verði nú veittar til málþráðarlagningar milli Reykjavíkur og Ægissíðu. Sú vegalengd er um 100 kílómetra, alveg torfærulaus, og þarf ekki að rannsakast. Það er alveg sjálfsagt, að leggja þráðinn meðfram flutningabrautinni; getur ekki komið til mála að hafa hann annarsstaðar. Upphæðin, 50,000 kr., er auðvitað sett nokkuð af handahófi, en við hyggjum, að hún muni hrökkva langt. Þessi málþráðarlagning er mikið áhugamál manna þar eystra, og áskoranir hafa komið til okkar þm. Árness- og Rangárvallasýslu, um að greiða fyrir þessu máli sem bezt. Og það er nú komið að því leyti í dágott horf, að veitingin í fjárlögunum (12 D. 5.), 4,000 kr., til undirbúnings og rannsóknar á talsímalagningu til Ísafjarðar annarsvegar og frá Reykjavík til Ægissíðu hins vegar, er næg sönnun þess, að verkið verður unnið síðar á landssjóðskostnað, og að álman til Ægissíðu hafi sömu forrjettindi og Ísafjarðarlínan. En jeg tel mjög óheppilegt, að veita nú þegar fje til Ísafjarðarálmunnar, með því að leiðin frá Stað í Hrútafirði þangað vestur er alveg órannsökuð. Getur vel verið, að miklu heppilegra væri, að leggja álmuna vestur um Dali til Bíldudals og sameina kaupstaðina í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum við Ísafjörð; en auðvitað verður sú álma dýrari. Jeg skal að lokum taka það fram, að verði liðurinn um Ísafjarðarálmuna felldur burtu úr frumv., þá tökum við flutningsmenn þessarar viðaukatill. okkar aptur, en að öðrum kosti látum við hana koma til atkvæða og væntum þá þess, að háttv. þingd. gjöri henni ekki lægra undir höfði, en hinni álmunni, því að fyrir okkur vakir það eitt, að fá það viðurkennt af þinginu, að þessar báðar línur sjeu jafnrjettháar og eigi að sæta sömu forlögum, eins og þær líka eru báðar settar í sama númeri í fjárveitingunni í 12. gr. D. 5.

Einar Þórðarson (2. þm. N. Múl.): Jeg ætla að eins að tala fáein orð með breyt. till. á þgskj. 597. Það er víst öllum ljóst, sem eitthvað hafa fengizt við barnafræðslu, hve ábótavant henni er hjer á landi, og eptir skýrslum, sem fyrir liggja, kemur þetta enn betur í ljós, að því er snertir skólana í þorpum og kauptúnum landsins. Þegar jeg sá það á stjórnarfrumvarpinu, að hún ætlaði að stofna heimavistarskóla fyrir börn, þá gladdi það mig, og jeg álít, að sú tillaga hafi í meðferðinni hjer í deildinni heldur tekið

bótum, þar sem styrkurinn var ekki lengur einskorðaður við það, að skólarnir væru til sveita. En nú hefur háttv. Ed. fellt liðinn burtu. Jeg hef því leyft mjer, af því breytingin hjer í deildinni var gjörð með sjerstöku tilliti til bænarskrár þeirrar, sem lá fyrir þinginu frá Vopnfirðingum, að koma með þá breyt.till., að þingið veiti 5,000 kr. fyrra árið til heimavistarbarnaskóla á Vopnafirði. Mjer finnst jafnvel frá almennu sjónarmiði ófært, að þetta þing liði svo, að það veiti ekki neina upphæð til tilrauna í þessa átt, og jeg tók það fram við 2. umr. hjer í deildinni, að rjett væri að byrja, þar sem skólinn gæti verið hvorttveggja í senn, heimavistarskóli fyrir sveitirnar nærlendis, en heimangönguskóli fyrir eitthvert kauptúnið. Nú hagar einmitt svo til á Vopnafirði, að hægt er að sameina þetta hvorttveggja, og jeg þekki fáa heppilegri staði til þessarar tilraunar. Jeg hef líka áður tekið það fram hjer í deildinni, að málið hefur fengið sjerstaklega góðan undirbúning heima í hjeraðinu, og að til er stór skólasjóður, sem tryggir það, að skólinn komist á. En hann er að minni hyggju hvergi betur settur, því kauptúnið er í uppgangi og stór og blómleg sveit hringinn í kring. Eptir byr þeim, sem mál þetta fekk áður hjer í deildinni, vona jeg, að það nái nú fram að ganga. Það er ekki gjört í trássi við háttv. Ed., því jeg skal leyfa mjer að geta þess, að það var af misskilningi, að samskonar till. var felld þar.

Svo vildi jeg með fám orðum leyfa mjer, að vekja athygli á styrknum til Fagradalsbrautarinnar. Stjórnin lagði til, að 35 þús. kr. yrðu veittar til hennar. Það var síðan hjer í deildinni lækkað niður í 30 þús., og nú í Ed. ofan í 20 þús. Fjárlaganefndin hjer í deildinni hefur nú lagt það til, að styrkurinn verði aptur færður upp í 30 þús., og mjer finnst ekki verða farið hóflegar í það mál. Allt það fje, sem lagt er og lagt verður til brautarinnar, liggur eins og ónotaðir peningar á fjöllum uppi meðan brautin er ekki komin alla leið. Hinsvegar hefir verkfræðingur landsins reiknað það út, að brautin fullgjörð mundi gefa af sjer 10 þús. kr. arð árlega, og lagt mikla áherzlu á. að hún sæti fyrir öðrum vegum. Jeg vona því, að háttv. þingd. samþykki þessa till. fjárlaganefndarinnar. Af því vegagjörð þessi hefur sætt nokkrum mótbyr, hef jeg ekki farið fram á hærri upphæð, en vona, að þingd. samþykki þá upphæð, sem fjárlaganefndin hefur stungið upp á.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg á hjer breyt. till. á þgskj. 615, sem jeg ætla að leyfa mjer að fara um nokkrum orðum.

Þegar fjárlögin fóru hjeðan til háttv. Ed., þá voru á þeim veittar til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri 2,000 kr. hvort árið eða helmingi hærri upphæð, en nú er farið fram á. Þessi fjárveiting gekk mótstöðulítið gegn um deildina. Þess vegna er ekki þörf á því fyrir mig að tala mikið um þetta, því jeg býst við, að háttv. þingd. hafi ekki breytt skoðun sinni, og það því síður, sem hjer er farið fram á helmingi lægri upphæð. Ástæðan til þess er sú, að Ed. hefur strykað þessa fjárveitingu út. Hvers vegna hún hefur gjört það, er mjer óljóst, nema ef vera skyldi til þess að rífa það niður, sem þessi deild hefur gjört. Jeg þarf ekki að taka upp ástæðurnar, sem jeg færði fyrir þessari styrkveitingu við 2. umr., en fyrst jeg nú er staðinn upp, get jeg ekki stillt mig um að minnast

á, hvernig landsfje er varið til sjermenntunar hinna ýmsu stjetta í landinu.

Það er óhætt að segja, að mikið er gjört til þess, að veita hinum ýmsu stjettum landsins sjerþekkingu. Ekki þarf annað en benda á skólana: búnaðarskólana, sjómannaskólann, presta- og læknaskólann. Kennaraskólinn er nú á leiðinni, og lagaskólann er þingið líka búið að samþykkja. En það lítur þó svo út, eins og sumar stjettir eigi að verða út undan. Verzlunarstjettin hefur enn ekki fengið neinn skóla, og handa iðnaðarmönnum er að eins þessi iðnskólavísir í Reykjavík, sem styrktur er af almannafje. Annars lítur svo út, sem Ed. álíti, þegar er að ræða um einhvern lítinn skólastyrk til þessara stjetta, að sjermenntunin sje þeim jafn skaðleg, sem hún er hinum stjettunum nauðsynleg.

Jeg ætlaði ekki að lengja umræðurnar. En mjer finnst sú stefna æði athugaverð, sem ekki vill styðja menntunarviðleitni þessara stjetta eins og annara stjetta landsins. Mönnum vex það ekki í augum, þó varið sje um 500 kr. árlega fyrir hvern nemanda í hinum almenna menntaskóla, og 2—300 kr. fyrir hvern lærisvein á gagnfræðaskólunum, en ef um það er að ræða, að leggja fram lítilræði til menntunar iðnaðarmanna, þá kemur undir eins annað hljóð í strokkinn. Jeg ber nú samt það traust til háttv. þingdm., að þeir samþykki þessa styrkveitingu, þar sem að eins er farið fram á, að láta fyrri liðinn standa. Ed. virðist hafa fengið samvizkubit út af niðurskurði sínum, og lýsir það sjer í því, að hún hefur breytt til með styrkinn til utanfarar, og veitt hann iðnaðarmönnum ekki einungis í Reykjavík, heldur og annarsstaðar af landinu. Að vísu er þetta ekki nein stór upphæð, einar 1500 kr., en það hefur þó orðið til þess, að jeg er fallinn frá því, að halda seinni liðnum fram.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en mjer þætti leiðinlegt, ef skoðanir deildarinnar hafa breyzt svo á þessum stutta tíma, að hún samþykki ekki tillögu mína.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Breyt.till. sú, sem jeg er viðriðinn á þskj. 620, fer fram á, að lagðar verði 600 kr. á ári til kvöldskóla iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði. Tillaga, sem fór í líka átt, var áður samþykkt hjer í deildinni, en hún var felld í Ed. eins og tillagan um styrk til iðnaðarmannaskóla á Akureyri. Jeg vona nú, að háttv. þingd. viðurkenni, að það sje ekki síður nauðsynlegt fyrir Ísfirðinga og Akureyringa, að hafa kvöldskóla handa iðnaðarmönnum sínum en fyrir Reykvíkinga. Að því, er snertir iðnaðarmannafjelagið á Ísafirði, þá hefur það látið sjer annt um, að koma á slíkum skóla, og síðastliðinn vetur, hefur það haldið uppi lítilsháttar teikni- og kvöldskóla. Ef það nú fengi þennan styrk, mundi mikið gott af leiða, ekki einungis fyrir Ísafjörð og nágrennið við hann, heldur fyrir iðnaðarmannastjettina á öllu Vesturlandi.

Viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 608, sem jeg flyt ásamt háttv. þm. V.-Ísf., þá er það samskonar tillaga og samþykkt var hjer í deildinni við 2. umr., en Ed. hefur fellt; það er styrkurinn til vegarins á Breiðadalsheiði. Þingið hefur áður veitt fje til vegagjörðar á þessari heiði, og veiti það nú þessa upphæð, tel jeg víst, að það verði nóg og komi ekki optar fyrir þingið, og væri það sjálfsagt mörgum kært.

Þá kem jeg að breyt.till. á þskj. 602. Þar er farið fram á, að allur liðurinn 12. gr. D, falli burt, eða með öðrum orðum, að ritsímamálinu verði frestað.

Jeg get nú verið stuttorður um þessa tillögu, því umræðurnar um það mál eru orðnar miklar áður. Þó get jeg ekki stillt mig um að segja, að mig stórfurðaði á því, að heyra háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) bera annað eins á borð fyrir deildina eins og það, að ritsímasamningurinn væri gjörður í fullri lagaheimild og hvíldi á þingræðislegum grundvelli. — Og þetta sagði hann eptir allar þær umræður, sem verið hafa um þetta mál. Jeg get ekki annað sagt, en að mig stórfurðar á því. Maður skyldi ætla, að þingmaðurinn hefði haft svo mikið annríki, að hann hefði ekki tekið eptir því, að það þvert á móti hefur verið sýnt fram á það hvað eptir annað, hve að fjarri því fer að samningurinn hafi við fjárlagalega heimild að styðjast. Vjer höfum orð hæstv. ráðherra sjálfs fyrir þessu, játningu hans fyrir því, að hann hafi ekki haft heimild til, að gjöra samninginn. — Að varpa sliku og því um líku fram, nær því engri átt, og ef háttv. framsm. fjárlaganefndarinnar (P. J.) er læs, og lítur í fjárlögin síðustu, þá hlýtur hann að sjá, að samningurinn er ekki gjörður eptir neinni þingræðislegri reglu, heldur þvert ofan í fjárveitingarvald þingsins. Það er leiðinlegt, að þurfa að vera að endurtaka þetta, en þegar verið er að varpa fram þessum sleggjudómum hvað eptir annað, þá neyðist maður til þess.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Hann spurði, hvað mikið við ætluðumst til að Marconifjelagið fengi af þessum 25,000 kr., sem við förum fram á að verði veittar. Mig furðar nú raunar á því, að hann skuli koma með aðra eins fyrirspurn, því tillagan ber það með sjer, að það er samningamál milli þess og stjórnarinnar, hvað það fær mikið; eins og það einnig er sjálfsagður hlutur, að stjórnin noti ekki meira, en nauðsynlegt er til þess að undirbúa málið og gjöra frekari tilraunir. Sami háttv. þm. spurði að því, hvort Marconifjelagið hefði nokkurt leyfi frá Bretastjórn til að senda skeyti til Íslands; jeg fullyrði, að svo sje; það hafa verið send hingað skeyti í allt sumar. Þar sem sami þm. sagði, viðvíkjandi atkvæðagreiðslunni í Ed. um álmuna til Ísafjarðar, að sá flokkur þar, sem jeg telst til, hefði skipt skoðun í málinu, með því að greiða atkvæði með þessari álmu, þá skil jeg ekki í þeirri röksemdaleiðslu. Jeg get sagt háttv. þm. það, að þetta er ekkert flokksmál, enda mun svo reynast í deildinni hjer í dag, að jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með því, að álma sje lögð til Ísafjarðar, því að það hefur einatt verið tilætlun þingsins, að Ísafjörður kæmist jafnsnemma í hraðskeytasamband, eins og hinir kaupstaðirnir. En þar sem stjórnarliðar í báðum deildum hindra það, að komið sje á loptskeytasambandi til Ísafjarðar sem annara kaupstaða, hvaða aðra leið er oss þá unnt að fara, til að koma Ísafirði í hraðskeytasamband? Sú tillaga var og einmitt flutt af einum þingmanni stjórnarflokksins í Ed. (þm. Strand. Guðj. G.). Þetta er því alls engin mótsögn. Hins vegar höfðu flokksbræður okkar í Ed. komið fram með það sem aðaltillögu sína, eins og vjer nú gjörum, að fresta málinu.

Framsm. fjárlaganefndarinnar tók það fram, án þess þó að færa nokkur rök að því, að hann áliti það örþrifaráð, að hafna ritsímasamningnum, nema sýnt væri fram á, að hann væri hættulegur fyrir þjóðfjelagið. Jeg hjelt nú, að það hefði verið sýnt fram á það nægilega við umræðurnar um þetta mál, að fyrirkomulag það, er ritsíma-

samningurinn fer fram á, er einmitt stórhættulegt, þar sem hann bindur oss í 20 ár, og ef til vill miklu lengur við þetta eina samband; þó sæsiminn sje bilaður mánuðum saman, og þó höfuðstaðurinn vegna bilunar á landsímanum sje sambandslaus vikum saman, þá megum við ekki leita fyrir oss neinstaðar annarsstaðar, en eru allar bjargir bannaðar, og skýring á samningnum, og annað vald lagt í hendur dönsku stjórninni. Jeg held, að það sje fyllilega sýnt fram á það með þessu, að þetta ritsímasamband er ekki heppilegt fyrir þjóðfjelagið. Jeg held, að öllum þingmönnum megi vera þetta ljóst, og enda líka framsm. fjárlaganna, nema hann hafi verið svo niðursokkinn í einhverjar bitlingabeiðnir, að hann hafi ekki mátt vera að, að taka eptir því, sem talað hefur verið, og ekki kynnt sjer skjöl málsins.

Jeg býst nú ekki við, að breyt.till. okkar, viðvíkjandi frestun málsins, hafi mikinn byr, en við flutningsmennirnir vildum þó, að háttv. þm. gæfist enn einu sinni kostur á, að láta skoðun sína í ljósi um það atriði, enda gott, að það sjáist æ betur og betur, hvernig fulltrúar þjóðarinnar meta vilja hennar. Jeg þarf ekki að tala frekar um, hve mikla þýðingu það hefur, að fresta málinu; það hefur háttv. þm. Mýr. (M. A.) sýnt svo glögglega fram á við 3. umr. fjárlaganna. Allt er í fyllstu óvissu um ritsímakostnaðinn, og óhætt að fullyrða, að kostnaðurinn hefur verið áætlaður allt of lágt. Jeg öfunda ekki stjórnina á þinginu 1907, þegar hún leggur fram fjárbeiðnir, til þess að fylla upp í gloppurnar í kostnaðaráætlunum sínum, og þarfnast aukafjárveitinga, er óefað nema alls 100—200 þús. króna. Þá verður gaman að sjá, hverra áætlanir reynast rjettari. Háttv. þingdm. hafa og aptur og aptur borið það fram, að ef þingið aðhylltist loptskeytasambandið, þá mundi enginn styrkur fást úr Danmörku. En jeg hef sýnt fram á, að þetta er ástæðulaus ótti. Danmörk mun vera eins fáanleg til þess að styrkja loptskeytasamband, eins og sæsímann, ekki síst þar sem það sparar Dönum fje, og viðvíkjandi þessu atriði hef jeg vitnað í ræðu stjórnarfulltrúans á þingi 1902. En hvað sem þessu líður, þá ber þó að fresta málinu til þess að vissa fáist í þessum efnum. En það er nú þýðingarlítið, að tala meira í þessu máli, þar sem því hefur verið lýst yfir af hæstv. ráðh., að jafnvel þó loptskeytasamband fengist fyrir ekkert, þá væri þó rjettara, að taka ritsímasambandið, og þm. stjórnarflokksins fylgja honum í þessu, sem fleiru, hvað sem öllum röksemdum líður. En jeg er í engum vafa um það, að ef hæstv. ráðherra hefði ekki gjört samning þenna og þættist því verða að koma málinu fram, til þess að þurfa ekki að sleppa völdum, þá mundu atvæði flestra eða allra, háttv. þm., falla öðruvísi, og enginn vilja við ritsímasamningnum líta.

Ráðherrann: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fullyrti, að Marconífjelagið hefði heimild frá ensku stjórninni, til þess að halda uppi loptskeytasambandi milli Bretlands og Íslands. Þetta fullyrti einnig háttv. þm., þegar jeg innti eptir þessu við 2. umr. Bæði hann og aðrir af flokksmönnum hans hafa haldið því fram, að allt væri klappað og klárt í þessu efni. Mjer fellur það illa að þurfa að skýra frá því, að þetta er alveg rangt hjá hinum heiðruðu þm. Jeg hef rjett nýlega fengið brjef frá utanríkisráðaneytinu, þar sem mjer er send fyrirspurn frá sendiherra Breta fyrir hönd brezku stjórnarinnar um það, hvernig standi á þessu loptskeyta-

sambandi milli Reykjavíkur og Bretlands í sumar, og hvort nokkurt leyfi hafi verið fengið til þessa sambands frá Íslandi. Af skjölum málsins sjest, að Marconi-fjelagið hefur sótt um leyfi til þessa sambands hjá ensku stjórninni fyrri part sumarsins.

En það leyfi hefur enn ekki verið veitt, og þar sem brezka stjórnin þegar hefur veitt Mikla norræna »concessíón« af sinni hálfu til sæsímasambands milli Hjaltlands og Færeyja, þá er víst meir en efasamt, hvort brezka stjórnin veitir Marconifjelaginu þetta leyfi, að minnsta kosti án samskonar leyfis hjeðan eða samþykkis. Um það skal jeg ekkert segja að svo stöddu, en jeg get þessa til þess að sýna, hve áreiðanlegar eða hitt þó heldur fullyrðingar minni hlutans eru viðvíkjandi því, er að loptskeytasamböndunum þeirra lýtur. Jeg ætla svo ekki að tala meira um þetta hraðskeytasamband, hvorki um þráðlaust eða þráðsamband í þetta sinn; jeg vona, að þegar þetta moldviðri af ranghermum, sem upp hefur verið þyrlað af andstæðingum málsins, er liðið hjá, geti þjóðin áttað sig á öllu og sjeð, hvað frammi hefur verið haft. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þarf ekki að bera svo mikinn kvíðboga fyrir því, að áætlanirnar reynist vitlausar, enda mundi honum víst falla allt of illa, ef svo færi. Hann talaði um, að hallinn mundi nema hundruðum þúsunda; mjer skildist jafnvel, að hann reiknaði í milljónum, sem á mundi vanta áætlanirnar. En hann getur verið rólegur. Það verður ekki einusinni margir tugir þúsunda, sem skakkar. Þetta sjest allt á sínum tíma. Það mun koma í ljós, að hann er ekki spámaður í þessu efni, hversu spámannlega sem hann annars er vaxinn.

Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 614. Allar þessar till. eru kunnugar hinni háttv. deild, því þær hafa verið samþykktar hjer áður, en voru felldar í háttv. efri deild; fyrsta breyt.till. fjell þar með þeirri röksemdarleiðslu, að handavinnustofa væri alls ekki nauðsynleg fyrir hinn almenna menntaskóla, meðan reglugjörð skólans hefði ekki verið lögð fyrir þingið til athugunar; jeg ætla ekki að færa meiri rök fyrir þessari breyt.till., því jeg hef gjört það áður, en vona, að hún verði samþ.

Þá legg jeg til, að úr athugasemdinni við 13. gr. B. VI. b. 3 (styrkur til unglingaskóla) falli þessi orð burtu: »eptir tillögum umsjónarmannsins yfir barnaskólum og alþýðufræðslu«.

Í frumvarpinu um fræðslu barna, er gjört ráð fyrir manni, er hafi umsjón með þessum skólum og fræðslumálum yfir höfuð. En nú eru lítil líkindi til, að þetta frumvarp verði að lögum frá þinginu, og þá verður ekki til nein lögákveðin sýslan, er þetta ákvæði geti átt við. En hitt er sjálfgefið. að taki stjórnin sjer aðstoðarmann til eptirlits með alþýðufræðslunni, þá mun hún neyta aðstoðar hans í þessu efni. Það þarf því ekki og er ekki rjett. að láta þessa aths. standa í fjárlögunum. Það er alveg rjett athugað af háttv. 2, þm. Skgf. (St. St,)., að fjárveitingin til umsjónar með fræðslumálum er hvorki ætluð Guðmundi Finnbogasyni eða nokkrum fyrirfram ákveðnum manni, heldur mun stjórnin, þegar þar að kemur, taka sjer þann mann til aðstoðar, sem hún álítur bezt fallinn til þessa starfa og hefur bezt traust á af þeim, sem í boði eru. Háttv. þm. Skgf. vill losa stjórnina við þá fyrirhöfn, að velja sjer aðstoðarmanninn, og binda fjárveitinguna til eptirlitsins við tiltekið nafn, ákveðinn mann; honum er þannig meira umhugað um það, að tiltekin persóna fái atvinnu við þetta, heldur en hitt,

að einhver eptirlitsmaður sje án manngreinarálits; því ef fjárveilingin væri bundin við nafn, eins og hann vill og dæi þessi tiltekni maður, sem fjárveitingin væri við bundin, þá væri engin heimild til að nota fjeð sem borgun handa öðrum. Það væri með öðrum orðum ekki lengur laun fyrir opinbert starf, hver sem það vinnur, heldur bitlingur eða persónuleg laun til eins manns.

Þetta álít jeg óheppilega stefnu, og efast jeg um, að háttv. þm. hafi hugsað út í, hvað hann var að gjöra, þegar hann bjó til þessa breyt.till. Jeg ætla mjer hjer ekki að fara neitt út í það, að meta verðleika eða ágæti Guðmundar Finnbogasonar. Hinu held jeg föstu, að það er »*princip*«rangt, að taka fram fyrir hendurnar á stjórninni í þessu efni. Hjer er um starf að ræða, sem stjórnin þarf að fá gjört, hvort sem Guðm. Finnbogasonar nýtur við eða ekki. Það er nákomið samvinnustarf við stjórnina, starf sem stjórnin ein ber ábyrgð á. Jeg treysti því svo sanngirni og dómgreind háttv. þingd., að hún felli þessa breyt.ttll. háttv. 2. þm. Skgf., og láti stjórnina hafa frjálsar hendur í þessu efni.

Þá hef jeg enn fremur tekið upp till. um, að styrkur verði veittur lögfræðing til að undirbúa sig til að verða kennari við lagaskólann. Jeg skírskota til þess, sem jeg hef áður sagt um þenna lið hjer í deildinni. Ástæðuna fyrir styrk til sýslunefnda til þess að halda uppi skemmtandi fyrirlestrum, eru áður kunnar, og legg jeg til, að þessi styrkur, sem háttv. Ed. hefur fellt, verði tekinn upp aptur.

Þá legg jeg loks til, að verkfræðingur, sem aðstoðar landsstjórnina og hjeraðsstjórnir, fái 3,000 kr. laun og 500 kr. í ferðakostnað.

Svo framarlega sem menn viðurkenna, að þörf sje á þessum verkfræðing, þá hljóta menn að hallast að breyt.till. minni og sjá, að ómögulegt er að fá verkfræðing fyrir 2,000 kr. árslaun. Það verður að hækka þau upp í 3,000 kr. Jeg skal svo ekki tala frekar um breyt.till. mínar að sinni. Vegna þess hve áliðið er, hef jeg orðið að fara fljótt yfir sögu.

Forseti frestaði fundinum, sem hafði nú staðið í rúma 3 tíma, til kl. 5.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S.-Þing.): Jeg stend að eins upp, til að lýsa því yfir, að fjárlaganefndin tekur aptur breyt.till. sína á þgskj. 611 undir 7. tölulið.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Sk.): Það er fátt og lítið, sem jeg í raun rjettri hef um fjárlögin að segja, eins og þau nú liggja fyrir, en jeg stend upp af því, að þetta margþvælda ritsímamál gefur enn einu sinni tilefni til þess. Um aðrar breyt.till. er mjer hjer um bil sama hvað upp snýr eða niður. Mjer finnst engin meining vera í því, að samþykkja eða fella neitt, sem getur valdið kappsmáli í Ed., því þá er fjárlögunum stofnað í þá hættu, að komast í sameinað þing, en þann glundroða ber að forðast.

Nefndin hefur lagt til, að 7. liður í 12. gr. B. falli burt. Þessi fjárveiting til vegagjörðar frá Hafnarfirði til Vogastapa kemur mjer ekki beint við, en jeg vil mæla á móti því, að hún falli burt. Þegar það var samþykkt áður hjer á þinginu, að veita fje til þessa vegar, þá var það gjört með það fyrir augum, að það yrði að ljúka við verkið og með því skilyrði, að sýslufjelagið eða aðrir legði einnig til fje.

Upphaflega var beðið um, að veita upphæð í eitt skipti fyrir öll, sem til verksins þurfti; en eptir meðferð málsins hjer í deildinni, var það samþ., að veita árlega upphæð móti framlagi frá

sýslunni, til þess verkinu væri lokið. Mjer finnst þess vegna þingið hafa gefið óbeinlinis loforð í þessu máli, svo að ekki væri vansalaust að stryka fjárveitinguna nú út og hringsnúast í málinu. Það er ekki rjett fyrir þingið, að kippa að sjer hendinni, og taka styrkinn burtu í miðju kafi, þegar svo er ástatt. Jeg skal svo ekki fara mörgum orðum um þessa margþvældu 12. gr. D.

Mjer finnst umræður um það mál vera orðnar sviplíkar því forkveðna: »klippt var það, skorið var það«, sögðu kerlingarnar; hjer tala menn fram og aptur um, að engin lagaheimild hafi verið til að gjöra samninginn og svo aðrir, að hann hafi verið gjörður í fullri lagaheimild.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje skýrt sýnt fram á það í skjölunum, sem fylgja nefndarálitinu, að bæði þjóð og þing hefur áður látið vilja sinn ótvírætt í ljósi. Vilji þingsins hefur komið fram bæði í fjárlögunum og þingsályktunum; þar var svo skýr vilji og ótvíræð yfirlýsing, að það hefði gengið glapræði næst, ef ráðherrann ekki hefði gjört samninginn, eins og málið lá þá fyrir, í sept. 1904, og þá hefði stjórninni verið legið á hálsi aðgjörðaleysi hennar og það með góðum rökum. Jeg ætla ekki nú að ganga inn á hitt atriðið, sem haldið er fram, að samningurinn sje hættulegur, því það á sjer engan stað, hvort sem litið er á kostnað, öryggi eða einkaleyfi o. s. frv.

Þá vil jeg víkja lítið eitt að breyt.-till. nefndarinnar á þgskj. 911 undir 4. staflið, sem leggur til, að 12. gr. D. 6. falli burt.

Þessi 6. liður hefur bætzt inn í Ed., þar hefur verið samþykkt að veita 125,000 kr. til málþráðarlagningar frá Hrútafirði til Ísafjk. Því hefur verið haldið fram, að kostnaðaráætlunin um símalagningu frá Seyðisfirði til Reykjavíkur sje ónákvæm, en það er ekki rjett; sú leið hefur þrisvar verið rannsökuð, bæði af ingeniör Forberg og Hanson. Hjer eru því ábyggilegar áætlanir. En hvað snertir línuna frá Hrútafirði til Ísafjarðar, þá hefur hún eigi verið eins rannsökuð, og áætlanirnar um hana þess vegna ekki eins áreiðanlegar. Nú getur vel komið fyrir, ef því »principi« verður fylgt, að landssjóður skuli kosta símalagning inn í öll hjeruð á landinu, en að hjeruðin kosti aukalínurnar, að önnur stefna verði heppilegri fyrir símalínuna frá Hrútafirði til Ísafjarðar, heldur en sú, sem nú er hugsuð, nefnilega stefna suður um Dala- og Barðarstrandar-sýslu, og það er enginn vafi á því, að sú stefna væri að mörgu leyti mikið heppilegri og kæmi öllum Vestfjörðum að gagni, en sú lína yrði líklega dýrari. Ef stjórnin kemst nú að þeirri niðurstöðu, að heppilegra sje, að leggja símann þessa leið, þá er kostnaðurinn við þetta óviss og leiðin ekki athuguð enn.

Ef háttv. deild samþykkir, að 6. liður í 12. gr. D. skuli standa, þá má búast við, ef syðri línan verður valin, að þá hrökkvi þessar 125 þús. kr. ekki til.

Jeg skal hvorki mæla með eða móti tillögunni, en jeg greiði atkvæði með greininni, eins og hún stendur nú í fjárlögunum, með þessum fyrirvara, en það stendur ekki á miklu í sjálfu sjer, hvort þessi símalína verður lögð fyrir eða eptir 1907, og jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvaða stefna verður valin, en jeg mundi fremur hallast að syðri línunni, því að þá kemst allt Vesturland í símasambandið um leið.

Onnur atriði, viðvíkjandi landsímanum, er jeg alls ekki hræddur um, að fari fram úr áætlun, nema að það sje að kenna slysum eða óhyggilegri framkvæmd. En framkvæmdin verður að vera á ábyrgð stjórnarinnar. Jeg skal benda á, að það getur einmitt haft talsverða þýðingu, að fjárveitingin standi, eins og hún er. Því ef svo færi, að landsímalagningunni væri ekki lokið 1. október 1906, væri það miklu síður tilfinnanlegur hnekkir fyrir framkvæmd málsins í heild sinni, ef það þá mætti leggja aðra línu um leið 1907.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til þess, að fara dýpra inn á þessar breyt.till. Jeg mun greiða atkvæði móti flestum þeirra, sjerstaklega þeim, sem hafa nokkur veruleg áhrif á fjárhaginn.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Það voru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja út af till. minni um styrkinn til mag. Guðm. Finnbogasonar. Hæstv. ráðherra fórust orð á þá leið, að það væri óhæfa, að troða manni upp á stjórnina á þennan hátt. Það er ekki um neitt slíkt að tala, heldur að eins um það að veita vissum manni fje til þess að inna af hendi vissan starfa. Hæstv. ráðherra tók það ekki fram, að það væri útilokað að neinu leyti, að Guðmundur Finnbogason hefði þennan starfa á hendi, og þess vegna ætla jeg í trausti til þess, að hæstv. ráðherra taki tillit til vilja undanfarandi þinga, og til þess, hversu vel mag. Guðm. Finnbogason hefur leyst sín störf af hendi, og líka í trausti til þess, að hann meti nokkurs mín orð í þessu máli, að taka till. mína aptur.

Viðvíkjandi hinni till. minni um styrkinn til Lárusar Jóhannssonar, vona jeg, að deildin samþykki hann. Hann er svo lítill, að eins 350 kr., og það stendur svo sjerstaklega á, að það vantar einmitt leikfimiskennara við Akureyrarskólann. Þessi maður hefur fengið ágæt meðmæli frá Askov háskóla, sem liggja hjer fyrir þinginu og er að öllu hinn efnilegasti.

Björn Krisjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg á hjer breyt.till. á þgskj. 603 um það, að veita Hanson styrk til þess, að leita að málmum hjer í jörðu. Eins og fjárlaganefndinni var kunnugt, sóttu tveir menn um styrk til þessa, en hún hefur ekki tekið það til greina. Háttv. framsm. nefndarinnar þótti þetta einkennilegt, að jeg skyldi taka þetta upp nú. Að jeg kom með þessa till., er vegna þess, að jeg álít, að það hafi svo feykimikla þýðingu, hvort málmar finnast hjer í jörðu, svo teljandi sje. Og til þess að fá vitneskju um það, er það nauðsynlegt, að menn, sem hafa reynslu í því efni, ferðist um landið. Þeir verða þá ýmislegs áskynja, sem fólk hefur tekið eptir, en gefið lítinn gaum að. Og það getur opt komið að gagni. Þetta er að eins tilraun nú í næstu tvö árin, sem ekki kostar afarmikið. Þessi maður hefur sótt um að leita að málmi í landareignum landssjóðs. en till. er samt orðuð almennt. Jeg ætlast reyndar ekki til, að þingið veiti styrk til þess, að leita að málmum í jörðum privatmanna, því að privateignum fylgja þeirra námur, eða svo munu menn almennt líta á rjettindi til náma, en jeg gekk út frá því, að ef hann fengi styrkinn, mundi stjórnin ráða því, hvar hann skuli leita.

Menn kunna að koma með þá mótbáru, að þessi maður hafi engin meðmæli. En það er ómögulegt að fá neitt vottorð eða próf í því, að leita að málmum. Það þarf praktíska æfingu og glöggt auga, það er ekki einhlítt að kunna svo og svo mikið í jarðfræði; þess vegna velja

menn ekki jarðfræðinga til þess starfa, nema þeir þá hafi fengið sjerstaka æfingu í því að finna málma.

Þessi maður er glöggur og athugull, það er mjer sjerstaklega kunnugt um. Hann tekur vel eptir öllu landslagi, hirðir alla einkennilega steina o. s. frv. Jeg er viss um, að hann mundi ekkert eptir skilja, sem orðið gæti til þess að finna málma, ef þeir fyndust hjer ofanjarðar, eða teikn til málma. Það var eingöngu honum að þakka, að málmurinn fanst hjerna inni í mýrinni. Hann kom þar að, þegar verið var að taka upp nafarinn, og tók strax eptir því, að það var eitthvað málmkennt, sem kom upp á honum. Það er mjer vitanlega enginn maður hjer á landi, sem hefur þessa sjeræfingu, nema Hanson. Jeg vildi þessvegna óska þess, að hin háttv. deild vildi taka sem bezt í þetta mál.

Fleiri breyt.till. á jeg ekki, nema þá á þgskj. 602. En hana hefur háttv. framsm. minni hlutans í hraðskeytamálinu (Sk. Th.) talað um. Að eins vildi jeg minnast á nokkur orð, sem hinn hæstv. ráðh. sagði, út af brjefi, sem hann segist hafa fengið, fyrirspurn frá ensku stjórninni um það, hvort Marconi hefði fengið leyfi til þess að senda hingað hraðskeyti. Það hefur líklega komið flatt upp á hæstv. ráðh. og alla deildarmenn, því enginn mundi hafa haldið, að samningurinn við Stóra norræna gengi í gildi, fyr en ritsímasambandið er komið á, en það virðist þó vera svo, eða að minnsta kosti virðist það vera uppi á teningnum hjá samgöngumálaráðherranum danska. Það er þá fyrsta þýðingin hans á ritsímasamningnum. Og einkennilegt mætti það heita, ef *enska* stjórnin færi ótilknúð að gjöra þessa fyrirspurn. Ætli hið Stóra norræna hafi ekki farið á stúfana til þess að framkalla þessa fyrirspurn?

Þar sem hinn hæstv. ráðh. sagði, að Stóra norræna hefði »concession«, þá efast enginn um það. En »concessión« þarf ekki að þýða einkaleyfi, bara leyfi. Einkaleyfi getur það ekki heldur verið, því að Marconifélagið hefur fengið leyfi til þess, að senda loptskeyti til Íslands. Jeg vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar línur úr nefndaráliti meiri hlutans, á bls. 17, bréfi frá Marconifélaginu, dagsettu 18. maí 1904, sem hljóða svo:

»Í sambandi við allsherjarsamkomulag við ensku stjórnina um móttöku og sendingu á þráðlausum skeytum eptir Marconi-aðferð á öllum póst- og hraðskeytastöðvum um allt konungsríkið, hefur verið sjeð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi við hið fyrirhugaða hraðskeytasamband milli Bretlands og Íslands, þannig, að skeyti, sem eru send til eða frá Íslandi eftir þráðlausri firðritunaraðferð, verða afgreidd af brezku póst- og firðritunaryfirvöldunum«.

Þetta sýnir greinilega, að Marconi hefur fengið leyfi, þrátt fyrir það, þó Stóra norræna hafi »concessión«; enda þýðir »concessión« ekki ávallt einkaleyfi. Milli Englands og Hollands og Englands og Belgíu eru bæði ritsíma- og loptskeytasambönd. Þar eru þó ekki veitt nein *einkaleyfi* til þess að reka firðritunarsambönd, heldur að eins *leyfi*.

Þá er eitt atriði í þessu máli, sem ekki hefur verið athugað, hvorki í Ed. nje Nd. Það er það, hvernig landssjóður er settur, þegar búið er að samþykkja fjárframlagið til ritsímans. Hann er svo settur, að Stóra norræna hefur fengið *einkaleyfið* til að hafa hraðskeytasambönd til og frá Íslandi um

óákveðinn tíma. Nú er það kunnugt, að Marconifjelagið hefur sett stöng sína upp í *fullri lagaheimild*, og getur látið hana standa svo lengi, sem það vill, og jarðareigandi er því samþykkur. Ritsímasamningurinn fer því sjáanlega í bága við stöng Marconifjelagsins. Marconifjelagið getur haldið áfram að senda hingað skeyti, og gjörir það að líkindum; eða að öðrum kosti fer það fram á talsverðar skaðabætur, og slíkar skaðabætur gætu orðið ærið þungbærar fyrir landssjóð, ef Marconifjelagið vill halda fram rjetti sínum, því leyfi hefur það einnig um óákveðinn tíma til þess að nota einstaks manns eign hjer til að senda frá henni loptskeyti og að taka á móti þeim, og það voru engin lög til 1. júlí, sem hindrað gæti þennan samning. Það er því augljóst, að ritsímasamningurinn var einnig af þeirri ástæðu gjörður í lagaheimildarleysi. Það voru engin lög til, er heimiluðu ráðherranum að gjöra slíkan *einkaleyfis*-samning. Og það er eins augljóst, að landssjóður getur orðið fyrir skaðabótum til ritsímafjelagsins danska, ef stöngin stendur, en til Marconifjelagsins, ef því verður meinað að senda skeyti. *(Lárus H. Bjarnason:* Misskilningur). Jeg gjöri ráð fyrir, að dómstólarnir skeri úr því. Það var þetta atriði, sem jeg vildi benda á. Jeg vona, að þó að þetta væri tómur misskilningur, sem verður að sanna mjer með skýrari rökum, en háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) gjörir, þá taki deildin tillit til vilja þjóðarinnar í þessu máli. Það er enginn misskilningur, því hann hefur verið látinn svo ótvíræðlega í ljósi.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) hefur ekki þorað að hætta breyt.till. sinni viðvíkjandi Guðm. Finnbogasyni undir exina, og það held jeg að hafi verið hyggilegt af honum.

En það vil jeg taka fram út af ummælum hans, að jeg gaf ekkert það í skyn, að hann geti haft nokkra átyllu til að halda, að hann »prótégé« stæði öðrum nær til þess, að verða tekinn til þessa starfa.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefur misskilið bæði það, sem jeg skýrði frá, og líka það, sem hann las upp sjálfur. Jeg sagði ekki, að samgöngumálaráðherrann hefði skorizt í þetta mál. Jeg sagði, að það, sem hingað til hefur verið sagt, væri ósatt, að Marconifjelagið hafi leyfi af hálfu ensku stjórnarinnar eða fyrir hennar leyti til þess að halda uppi loptskeytasambandi við Ísland. En þó fjelagið ekki hafi það enn, er auðvitað ekki þar með sagt, að það kunni ekki að geta fengið það síðar. En enn er leyfið óveitt. Enska stjórnin hefur ekki synjað. En hún hefur, áður en hún svari, spurt dönsku stjórnina, hvort fjelagið hafi nokkurt leyfi hjer.

Háttv. þm. heldur auðsjáanlega, að það sje öllum frjálst að setja leyfislaust upp hraðskeytasambönd við önnur ríki. *(Björn Kristjánsson:* Hvaða íslenzk lög banna það?) Það eru engin sjerstök íslenzk lög til um það efni, en Ísland hlýtur þar að fylgja sömu reglum, sem gilda og gilt hafa eptir hinum almenna þjóðarrjetti fyrir ríkið í heild sinni og öll ríki.

Að halda, að Marconifjelagið hafi öðlazt nokkurn rjett við það, að gjöra þessar tilraunir, er fjarstæða. Þeir hafa sett þessa stöng upp í leyfisleysi, og af meinleysi hefur það látið vera hlutlaust. Það hafa að eins verið »prívat«-tilraunir. Engin starfreksla fyrir almenning. Það liggur ekki hjer fyrir, hvort áframhald muni verða leyft eða ekki. En að fjelagið eða *þeir fjelagar* eigi nokkurn rjett á skaðabótum, þótt framhald væri bannað, er svo kátbros-

legt innfall, að jeg vil ekki einu sinni eyða tíma þingsins til þess að svara slíkri fjarstæðu.

Að eins vil jeg benda á það, að það er afar einkennilegt og eftirtektavert, að hv. þm. er eins og að *hóta* þinginu, að landið skuli verða fyrir fjárútlátum, ef Marconifjelagið ekki fær einhverja úrlausn. Eins og rjettur ritsímafjelagsins eptir samningnum komi í bága við þessa stöng eða hún við hann! Hinn svonefndi »einkarjettur« fjelagsins er að eins í því fólginn, að meðan það hefur leyfið, verður ekki öðru fjelagi *veitt* »*concessión*« til hins sama (6. gr. samningsins). En leyfisrjettur fjelagsins byrjar ekki, fyr en sæsíminn er tekinn til starfa (sbr. 2. gr. samningsins).

Eggert Pálsson (þm. Rangv.): Jeg á hjer 2 breyt.till. á þingskjölunum 599 og 605. Hinn háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hefur nú þegar vikið orðum að br.till. þessum og mælt með þeim. Breyt.till. önnur á þskj. 599 hljóðar um það, að hækka styrkinn til póstvagnaferða milli Reykjavíkur og Ægissíðu úr 500 upp í 600 kr., eins og hann hefur verið að undanförnu, og eins og þegar háttv. *Nd. skildi* við frumv. Hin háttv. Ed. hefur sem sje fundið ástæðu til þess, að spara þarna 100—eitt hundrað—krónur. Hvaða ástæðu hún hafi fært fyrir þessari sparnaðartilraun sinni, hef jeg að vísu eigi sjálfur heyrt eða sjeð, en mjer hefur borizt það til eyrna, að ástæðan hafi verið sú, að póstvagnaferðirnar mundu borga sig svo vel. — En það hygg jeg þó, að það ekki rjett álitið, eptir því, sem póstvagnaeigandinn hefur sjálfur sagt. Hann hefur sagt, að þessar ferðir gætu alls ekki borgað sig, og sízt ef styrkurinn væri lækkaður nokkuð, en hitt er annað mál, af því maðurinn er einbeittur og duglegur, sem heldur þeim uppi og tregur til, að hætta við störf sín í miðju kafi, þá er ekki víst, að þessi lækkun verði til þess, að hann hætti ferðunum. En það finnst mjer, að þingið ætti ekki að nota sjer.

En þó að nú svo væri, að ferðir þessar borguðu sig nokkurn veginn — sem jeg tel ekki vera — þá ætti það ekki að koma þannig út, að þetta litla tillag til ferðanna væri lækkað úr því, sem er, heldur væri hitt nær sönnu lagi, að fargjald og flutningsgjald með vögnum þessum væri ofurlítið lækkað frá því, sem þau eru og hafa verið. — En það hefur ekki verið gjört, heldur heldur hvorttveggja sjer enn þá í hjer um bil í sama verði, og fyrst var ákveðið, er ferðirnar byrjuðu. Og bendir það ótvíræðilega í þá áttina, að ferðir þessar hafi ekki þótt vera jafn arðvænlegar, og háttv. Ed. gjörði sjer í hugarlund. Það er og líka mjög sennilegt, að arðurinn sje ekki miklum mun meiri nú en fyr, þegar litið er á það, að allur kraptur bæði mannkraptur og hestskraptur hefur stigið all-mikið í verði síðan. En hvorttveggja þarf vitanlega til þess, að halda ferðunum uppi.

Viðvíkjandi þessum vagnferðum er þess að gæta, að þær eru ekki að eins fyrir austursýslurnar, heldur eru þær líka mjög notaðar af mönnum hjer fyrir sunnan, þegar þeir bregða sjer austur í sveitirnar til að ljetta sjer upp. Það er miklu þægilegra fyrir menn að geta ferðast með vögnunum, heldur en að þurfa að vera marga daga áður út um allar sveitirnar hjerna syðra, Mosfellssveit, Kjós og Kjalarnes, til þess að útvega sjer hesta. Og þó að margir gætu notað vagna smjörbúanna til ferða og til flutnings austur, þá yrðu þeir aptur í vandræðum með að komast suður, þar sem vagnarnir eru þá fermdir smjöri. Jeg sje því ekki ástæðu til, að klípa

þessar 100 kr. af styrknum. Að vísu skal jeg játa, að það er lofsvert af háttv. Ed. að spara, en þetta finnst mjer þó of smámunasamt.

Á sama þgskj. (599) er einnig önnur breyt.till., sem snertir mig, að því leyti sem nafn mitt stendur við hana. Hún er um fjárveitingu til flutningabrautar upp Skeiðin frá Flatholti upp að Laxá. Það hefur verið tekið fram af þeim, sem til þess standa næstir, hve mikil nauðsyn er á þessari flutningabraut. Og get jeg sem kunnugur á þessu svæði einnig vottað, að svo er. Það hefur verið bent á það, að flutningabrautin frá Stokkseyri og Eyrarbakka upp Flóann komi bændunum í upphluta sýslunnar ekki að hálfum notum, þar sem þeir koma ekki vögnum að nema hálfa leiðina, og verða svo að afferma vagnana og flytja klyfjarnar á hestum, eins og almennt tíðkast. En það er líka annað atriði, sem jeg tel skylt að taka til greina, það atriði, að sýslubúar bjóðast til að leggja fram meira en helming kostnaðarins, eða 13,000 kr. af þeim 25,000 kr., sem áætlað er að brautin kosti. Þegar bólar á slíkri framfaraviðleitni í hjeruðunum, ætti það að vera þinginu til ánægju og gleði, og það ætti því að vera enn fúsara til þess að mæta slíkum mönnum á miðri leið og rjetta þeim hjálparhönd í áhugamálum þeirra.

Þá er breyt.till. á þgskj. 609, varaviðaukatillaga. Háttv. Ed. hefur nefnilega sett inn í frumv. Nd. fjárveitingu, 125 þús. kr., til ritsíma frá Stað í Hrútafirði til Ísafjarðar. Þegar frumv. fór úr háttv. Nd., var gjört ráð fyrir því, að bæði þessi álma og álma austur til Eyrarbakka og Stokkseyrar og allt að Ægissíðu gangi fyrir, þegar búið væri að leggja aðalritsímann frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Til undirbúnings þessu hvorutveggja voru veittar 4.000 kr. Þetta ætluðum við þm. Árnesinga og Rangæinga að láta okkur nægja í þetta sinn. En þegar háttv. Ed. bætti þessari fjárveitingu inn, fannst okkur, að ef hún fengi að standa hjer í deildinni, þá væri einnig rjettmætt og sjálfsagt, og samkvæmt því, sem ályktað var hjer áður í deildinni, að símalagningin austur að Ægissíðu yrði henni samfara. Og um þessa álmu má einnig taka fram, að leiðin, sem hún á að liggja yfir, verður að sjálfsögðu með þjóðveginum, svo að því leyti má segja, að hún sje fyllilega rannsökuð, En við ætlum samt eigi að krefjast þess, að þessi álma komist inn á fjárlögin í þetta sinn, nema því að eins, að Ísafjarðarálman fái að standa hjer í deildinni. En þá höldum við líka fast fram þessari breyt.till. og þykjumst hafa fyllsta rjett til þess, enda væntum við þá einnig, að þeir háttv. þm. greiði henni atkv. sitt, sem samþykkja álmuna til Ísafjarðar.

Ólafur Briem (1. þm. Skf.): Jeg vildi minnast á eitt atriði. Það er viðvikjandi styrk til lögfræðings til að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann. Þessi liður stóð í frumv. stjórnarinnar, en háttv. Ed. hefur fellt hann burtu. Hæstv. ráðh. hefur komið fram með breyt.till. á þgskj. 614, um að taka þessa fjárveitingu upp, en fjárlaganefndin hefur ekki gjört það að sinni tillögu. Jeg hygg nú, að háttv. Nd. fari ekki að etja kappi við háttv. Ed. um þetta atriði.

Það hefur verið tekið fram, að það væri engin sjerstök nauðsyn á því að hraða stofnun lagaskólans, þar sem enginn hörgull væri á lögfræðingum og fjöldi af embættislausum lögfræðiskandidötum. Jeg gjöri nú ekki mikið úr þessari mótbáru; jeg skoða það ekki sem aðalætlunarverk lagaskólans

að búa menn undir embætti, heldur eigi kennarar hans sjerstaklega að rannsaka hin eldri lög vor og anda þeirra og koma samræmi í lagasetning vora.

Jeg ætla að benda hjer á veg, sem jeg býst við, að fara megi í þessu máli. Hjer er til sjóður, sem það ætlunarverk hefur, að styrkja unga kandídata til frekari menntunar. Það er sjóður Hannesar Árnasonar prestaskólakennara. Vextir þessa sjóðs nema árlega á þriðja þúsund kr. Svo er til ætlazt, að vöxtunum sje varið til að styrkja einn mann í samfleytt 4 ár til vísindanáms, sjerstaklega til að leggja stund á heimspeki. Að vísu eru ákvæði skipulagsskrár þessa sjóðs nokkuð þröng, svo að það er hæpið, að lögfræðingur, jafnvel þó hann legði stund á rjettarheimspeki, gæti fengið styrk úr sjóðnum, en sje svo, þá álít jeg það mikilsvert, að skipulagsskránni yrði breytt þannig, að allir þeir menn, sem búa sig undir að verða kennarar við æðri menntastofnanir vorar, gæti hlotið styrk af þessum sjóði. Það er ekki sjerlega eptirsóknarvert, að fá marga heimspekinga hjer á landi, sem ekki hafa neina fasta stöðu í landsins þarfir, svo að það er ekki sýnilegt, að landið hafi mikið gagn af sjóðnum með sama fyrirkomulagi, og nú er. Ef þar á móti skipulagsskránni væri breytt í þá átt, að styrkinn gætu hlotið allir þeir menn, sem leggja vilja stund á þær vísindagreinir, sem kenndar eru við hinar æðri menntastofnanir hjer á landi, þá mundi sjóðurinn koma að margfalt meiri notum.

Í háttv. Ed. var það tekið fram, að nú sem stæði væri enginn maður hjer til, sem væri vel hæfur til þessa starfs og hefði hug á að takast það á hendur. Og jeg fyrir mitt leyti verð að leggja áherzlu á, að til þess starfs veldist maður með miklum yfirburðum, en meðan menn vita ekki, hver sá maður er, sem styrksins kynni að verða aðnjótandi, get jeg ekki sjeð, að hægt sje að greiða atkv. með tillögunni nema að nokkru leyti í blindni.

Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Á þgskj. 622 á jeg eina breyt.till. Hún fer fram á að veita mag. Ágúst Bjarnasyni 600 kr. styrk til þess að gefa út heimspekisfyrirlestra. Þessi maður hefur stundað heimspeki við háskólann í Kaupmannahöfn og tekið magisterpróf með bezta vitnisburði. Þar að auki hefur hann vitnisburðarbrjef frá prófessornum í heimspeki við háskólann, Höffding, þar sem hann fer mjög miklum lofsorðum um Ágúst. Eptir að hann hafði lokið prófi, fjekk hann styrk af sjóði Hannesar Árnasonar til frekari menntunar í þessari grein, og fór hann þá til Þýzkalands, til að fullkomna sig þar í heimspeki. Þegar svo Ágúst kom hingað aptur, hefur hann haldið á síðastliðnum vetri að jafnaði einu sinni á viku samstæða fyrirlestra um heimspekileg efni, sem hann kallaði stutt yfirlit yfir sögu mannsandans. Þó að margir væru þeir, sem á þessa fyrirlestra hlýddu, þá mundu eflaust miklu fleiri gjarnan vilja verða þeirra aðnjótandi, og það yrði með því móti einu, að þeir yrðu prentaðir.

Bókmenntafjelaginu hefði staðið það nærri að gefa fyrirlestrana út. En högum þess félags er svo varið nú sem stendur, að það getur það ekki. Þá var ekki eptir annað ráð, en að leita til þingsins.

Jeg hygg, að þeir, sem fyrirlestrana heyrðu, álíti þá þess verða, að fleiri megi verða þeirra aðnjótandi. Jeg hef talað við mann, sem flestum fremur hjer á landi ber skyn á slík efni, og hefur hann lokið lofsorði á þá. Mjer

finnst leitt, ef engir aðrir en Reykvíkingar geta fengið að njóta þess fróðleiks, sem felst í fyrirlestrum þessum. Íslendingar eru margir hverjir svo fróðleiksfúsir, skynsamir og íhugandi menn, að þeir hefðu víst ánægju af að lesa um tilraunir mestu spekinga meðal mannkynsins til þess að ráða þyngstu gátur tilverunnar, eða hvað þeir hafa kennt um guð og heiminn og ákvörðun mannsins. Um það hljóða fyrirlestrar þessir. Í vetur var gefinn út einn af þessum fyrirlestrum, en það verð jeg að segja, að til þess hefur valizt víst sá, er sízt skyldi. Í honum koma fram skoðanir, sem jeg get alls ekki álitið rjettar; þótt margt sje einnig vel sagt í honum, þá hefði jeg þó ekki getað mælt með styrkveitingu til að gefa *hann* út. En jeg þykist geta fullyrt, að minnsta kosti um þá fyrirlestra, sem jeg heyrði, að hinir muni vera lausir við þessa galla, og að þess ar skoðanir komi ekki fram í þeim. Yfirleitt hygg jeg fyrirlestrana þess verða, að styrkur sje veittur til að gefa þá út, svo að almenningi gefist kostur á að kynnast þeim.

Af því að í fyrri breyt.till. var ekki talað um, hve mikinn styrk borga skyldi fyrir hverja örk, hef jeg ásamt háttv. þingm. Borgf. (Þórh. B.) komið með aðra breyt.till. á þgskj. 627 við hina fyrri, sem setur þau takmörk fyrir styrknum, að fyrir örkina sjeu borgaðar 50 kr.

Vil jeg svo mæla sem bezt með því, að þessi litla fjárveiting verði samþykkt af háttv. deild.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg skaut þeirri spurningu til háttv. þm. N. Ísf. (Sk. Th.), hvað mikið kostaði að halda loptskeytaútbúnaði Marconífjelagsins, sem hjer hefur verið settur upp. Háttv. þm. svaraði mjer því, að það væri samningamál milli ráðherrans og Marconífjelagsins, en þetta er ekkert svar. Háttv. þm. hlýtur að geta svarað ákveðnara. Hann hlýtur að hafa gjört sjer ljósa hugmynd um þetta atriði, hafi hann ekki gripið á 25 þús. kr. út í loptið.

Jeg gjöri ráð fyrir 4,000 kr. til undirbúnings hraðskeytasambandinu til næsta þings, auk 4,000 kr. til rannsóknar á Ísafjarðarálmunni. Og ættu þá 20,000 að ganga til stangarinnar inn við Rauðará, eða upphrópunarinnar, eins og sumir kalla stöngina. En það nær vitanlega engri átt, að borga 20 þús. kr. eða *nokkuð því líkt* fyrir jafn ómerkilegt tæki. Hún flytur að eins frjettir hingað, og það ekki nema með höppum og glöppum. En þó að Tyrkinn rjeðist á okkur, væri okkur lífs ómögulegt að segja til þurftar okkar. Það er akki mikið gefandi fyrir annað eins áhald.

Jeg spurði sama háttv. þm. líka um það, hvort Marconífjelagið hefði nokkra »concessión« til þess að reka þetta loptskeytasamband, og fullyrti hann, að svo væri. En nú hefur hæstv. ráðherra upplýst, að það er alls ekki. Og úr því að svo er, er ekki til nokkurs skapaðs hlutar að hugsa lengur til Marconís.

Annars bendir ýmislegt, sem nú þessa síðustu daga hefur fram farið, á, að það sje ekki lengur flokksmál hjá háttv. minni hluta að hafna ritsímanum. Samflokksmenn háttv. þm. N.-Ísf. í háttv. Ed. hafa allir saman greitt atkv. með því að leggja ritsíma-álmu til Ísafjarðar. Það sýnir, að trú þeirra á loptskeytasambandið er farin að bila, en traustið til ritsímans farið að vaxa. Og nú segist háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) líka ætla að greiða atkv. með Ísafjarðarálmunni. Ekki færi jafn vandaður maður og stefnufastur og hann er, að leggja neinni »óhæfu« lið, fyrir það eitt að hann hefði ekki getað

afstýrt henni. Háttv. minni hluti hlýtur að vera snúinn frá villu síns vegar, og það er honum til sóma.

Annars hefur nýlega komið fram atriði, sem bendir á, að Marconisambandið sje ekki eins mikill kostagripur, eins og látið hefur verið af. Frakkar hafa nýlega lagt sæsíma yfir Miðjarðarhafið milli Cadix og Tanger. Og er það víst alveg óhætt að trúa Frökkum til þess að hafa hjer valið rjett.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hjelt því fram, að það væri ómögulegt, að banna Marconifjelaginu, að nota stöngina við Rauðará framvegis, sem hingað til, og hann bætti því við, að landssjóður yrði vafalaust dæmdur til að borga Marconi stórar skaðabætur, ef amast yrði við honum hjer, en þetta nær engri átt. Líklegt, að það verði ekki bannað, að hafa stöngina þar, úr því að hún stendur á einstaks manns lóð, en það er hægt að banna að nota hana. Þingið hefur hvað eptir annað samþykkt hin og þessi bannlög, t. d. bann gegn tilbúningi áfengis, bann gegn innflutningi ýmsra alidýra, og þó hefur engum manni, er þótzt hefur skaðast við það, dottið í hug, að heimta skaðabætur fyrir.

Þetta er svo ljóst, að því verður ekki mótmælt. Annars hefði háttv. þm. átt að sjá, hvernig ögrun minni hlutans með dómstólunum út af tollögunum reiddi af, áður en hann fór aptur að ögra með þeim út af Marconi.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.) lagði á móti styrknum til lögfræðings til að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann. Mjer kom það óvart, að slík mótmæli skyldu koma frá flokki, sem kallað hefur sig »framsóknarflokk«, og sjerstaklega kom mjer það á óvart, að mótmælin skyldu koma frá þessum háttv. þm.

Krafan um lagaskóla er jafn gömul stjórnbótarkröfu vorri, enda er nú skólinn fenginn á pappírnum, en nú er barizt á móti því, að koma honum af pappírnum og út í lífið.

Háttv. þm. sagði, að engin nauðsyn væri nú sem stæði á lagaskólanum, með því að til væru nógir lögfræðiskandídatar. En þar til liggja þau svör, að lögfræðiskandídatarnir íslenzku frá Kaupmannahöfn kunna ekki neitt í lögum, sem eru *sjerstaklega íslenzk*, og slíkum lögum fjölgar ár frá ári, eptir að vjer fengum löggjöf út af fyrir oss. Að ætla sjer að bíða eptir því, að Íslendingar hætti að sækja til háskólans, það er blátt áfram firra; þeir sækja þangað náttúrlega, meðan ekki er í annað hús að venda.

Það er því síður nokkuð athugavert við, að reisa lagaskóla hjer, sem lög má kenna hvar í heiminum sem er.

Þá vitnaði háttv. þm. í það, að breyta mætti sjóði Hannesar Árnasonar. En það er ekki áhlaupaverk. Skipulagsskrám fyrir opinberum sjóðum, sem stofnaðir eru með einstakra manna sjóðum, er víst mjög sjaldan breytt, enda á það svo að vera.

Jeg skal líka benda háttv. þm. á, að íslenzk rjettarheimspeki er alls ekki til; rjettarheimspekin nær til allra þjóða. Enda þurfum vjer ekki sjerstaklega á henni að halda. Vjer þurfum sjerstaklega að afla oss þekkingar í *rjettarsögu* vorri og á gildandi lögum. Og íslenzk rjettarsaga verður ekki numin innanlands, svo að vel sje. Hjer vantar bæði sjerfræðinga í því efni og bækur. Aptur á móti eru vel fróðir menn í þeirri grein út á Þýzkalandi, sjerstaklega 2 lærisveinar próf. Konr. Maurers. Og líka má benda á lögfræðisrit Vilhjálms heit. Finsens, hæstarjettardómara, sjerstaklega rjettarsögu hans, sem

að eins er til í handriti í Kaupmannahöfn.

Þá var það ekki síður merkilegt, að háttv. þm. skyldi slá því fram, að engir lögfræðingar væru til, sem væru hæfir til þessa starfs. Er hann svo kunnugur íslenzkum lögfræðingum, ísl. lögnemum og ísl. lögum, að hann geti dæmt um það? Jeg get sagt háttv. þm., að einn af lögfræðiskennurunum við Kaupmannahafnarháskóla segist þekkja marga íslenzka lögfræðinga, sem vera mundu vel hæfir til þess, enda er jeg viss um, að finna mætti hæfan mann til þess, innanlands eða utan.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.]: Jeg hef leyft mjer að koma fram með eina litla breyt.till., og af því að jeg kom með þessa sömu breyt.till. við 3. umr. hinnar fyrri meðferðar málsins og talaði fyrir henni þá, þá átti jeg von á, að henni yrði nú vel tekið og hún yrði ekki fyrir miklu hnjaski; en mjer er sagt, að háttv. þm. Dal. (B. B.) hafi talað á móti henni. Jeg var ekki við, þegar hann talaði, og mjer er sagt, að orð hans hafi verið í spaugi, eða hann hafi ímyndað sjer, að jeg kæmi með þessa till. að gamni mínu. En svo er alls ekki, og vona jeg, að þessi háttv. þm. verði með henni, þegar jeg segi honum það, sem hann raunar mátti vita, að mjer er full alvara með hana.

Jeg sýndi, eins og jeg gat um, fram á það um daginn, að fyrirtæki það, sem hjer er um að ræða, væri mjög nauðsynlegt og á fyllilega löglegum grundvelli byggt, svo að jeg gjöri mjer von um, að einmitt lítillætið og nægjusemin mæli með breyt.till. minni. Jeg get að mestu leyti látið mjer nægja, að skírskota til þess, sem jeg sagði þá, en skal þó aptur taka það fram, að hjer stendur mjög einkennilega á, einkennilega að því, er snertir veginn milli Húsavíkur og Laxamýrar. Þessi vegarspotti er hjer um bil míla á lengd, liggur eptir sjávarbökkum og er opt auður og ófær til dráttar eða aksturs, eins og við köllum, á vetrum, þó bezta dragfæri sje þegar kemur fram í Laxamýri eptir ánni. Þessi kafli mundi því verða til mikils gagns, ef hann væri vel gjörður, ekki síður á vetrum en sumrum. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að þótt 6,000 kr. dugi ekki til fulls, þá er hin alkunna Búðará rjett hjá Húsavík, og hjer um bil 300 föðmum sunnar önnur á, og eru þær báðar brúaðar að nafninu til. En það væri góðra gjalda vert, ef gjört yrði við báðar þessar brýr — því þær þurfa báðar aðgjörðar við — og vegarspottinn fullgjör milli þeirra. Jeg ímynda mjer, að háttv. þm. skilji nú vel, hvers vegna um þetta er sótt, og verði með því, að veitt verði fje til þessa vegar, þar eð einnig hjer er um fulla lagaheimild að ræða.

Þessar brýr, sem jeg gat um, eru báðar svo hrörlegar, að af þeim hafa opt leitt óhöpp og áföll fyrir menn og skepnur, þó að manntjón hafi aldrei hlotizt af þeim, sem betur fer.

Jeg vænti þess, að háttv. deild athugi þetta og taki það til greina, sem jeg segi í fullri alvöru, og samkvæmt nákvæmri þekkingu, að þetta fje mundi gjöra mikið gagn, ef veitt væri, og það engu síður, heldur miklu fremur, að mínu áliti, en margar aðrar fjárveitingar, sem þingið samþykkir. Eins og jeg hef áður tekið fram, þá eru skorður þær, sem vegafjenu áttu að vera settar, raskaðar með því, að veita einnig fje til þjóðvega og sýsluvega.

Nú er einnig komin breyt.till. frá háttv. þm. Árn. um akbraut frá Bitru að Laxá, og er það eðlilegt og nauðsynlegt, þó hún sje ekki í lögum. En þá finnst mjer líka rjett, að taka tillit

til þessarar breyt.till., sem er í fyllsta samræmi við vegalögin, eins og jeg hef margtekið fram, að flutningabraut þessi er *fyrirskipuð* í vegalögunum. Jeg vænti því, að tillagan verði samþykkt.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ætlaði að eins að gjöra stutta athugasemd, út af þeirri upplýsingu hæstv. ráðh., að hann hefði fengið fyrirspurn frá brezku stjórninni um það, hvort Marconifjelagið hefði leyfi til að senda loptskeyti milli Íslands og Bretlands.

Mjer fyrir mitt leyti fundust nú þessar upplýsingar nokkuð óljósar, og þar sem svo undarlega vikur við, að engum hefur gefizt kostur á að sjá þetta brjef, er ekki gott að segja, hvernig í því liggur. En hitt stendur óhaggað, að Marconifjelagið hefur tilkynnt ráðherranum það 18. maí 1904, að það hafi slíkt leyfi, og víst er um það, að slíkar skeytasendingar hafa átt sjer stað nú um tveggja mánaða tíma; það er öllum vitanlegt. Það var annars leitt, að hæstv. ráðh. skyldi fara að minnast á þetta brjef, því jeg er hræddur um, að landsmenn kunni að líta svo á þetta, sem brjefið sje til orðið fyrir tilstilli sjálfs ráðherrans að einhverju leyti, ef til vill fyrir milligöngu Stóra norræna ritsímafjelagsins, og að það verði því skoðað sem einn þátturinn í þeim viðjum, sem ráðherrann hefur nú um hrið verið að snúa, til þess að ritsímasamningurinn mætti síður mótspyrnu, og auðveldara yrði að binda landið á klafa hjá útlendu auðvaldi um tugi ára.

Að öðru leyti hefur háttv. 1. þm. G.-K. (B. B.) tekið það skýrt og greinilega fram, að stöngin var reist í fullri heimild, þar sem engin lög eru til um það hjer á landi, að ekki megi nota loptið milli Íslands og útlanda, til þess að senda loptskeyti í gegnum það, hvert sem vill. Og auðvitað hefur brezka stjórnin, sem ekki þekkir íslenzk lög, litið svo á, að hjer giltu samskonar lög, eins og annarsstaðar í þessu efni; en þessi lög eru fyrst að skapast á yfirstandandi alþingi, svo að það tjáir ekki að mótmæla þessu, eða því skyldi hæstv. ráðherra ella hafa lagt fyrir alþingi frv. um ritsíma o. fl., ef slíkra laga væri eigi þörf? Að skírskota í »internationalar« reglur, nær engri átt, enda gætu þær ekki hafa orðið til, síðan loptskeyta-aðferðin var upp fundin, því að síðan eru enn að eins örfá ár.

Þetta er því ekkert annað en fjarstæða og firrur, sem lögfræðingar hjer í deildinni geta kastað út, til að reyna að slá ryki í augu þeirra, sem ekkert þekkja til slíkra mála. Ef Marconifjelagið lætur sjer um það hugað, að hafa stöngina hjer áfram, þá er enginn efi á því, að það getur haft hana, og afleiðingin getur þá auðvitað orðið sú, að Mikla norræna ritsímafjelagið höfðar skaðabótamál. Og þó að ráðherrann segi, að það muni hindrað, að stöngin fái að standa, þá held jeg, að Marconifjelagið, þó að hæstv. ráðh. tali — mjer liggur við að segja mannalega — kjósi heldur, að leita úrskurðar dómstólanna, en að hlýða ráðstöfun umboðsstjórnarinnar, þyki því þetta máli skipta. En að Marconifjelagið sótti ekki um leyfi, kom auðvitað af því, að það þurfti þess ekki, vegna þess, að engin lög voru til í þá átt, og enginn sem gat gefið slíkt leyfi; ráðherrann hafði hvorki vald til þess, að leyfa það nje banna.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H.). Það getur verið, ef alþjóðareglur eru til um hraðskeytasamband, að þá gildi þær í Litla-Rússlandi — eptir því sem

sagt er af rjettarfarinu þar — en þær gilda víst ekki annarstaðar. En mjer þótti skrítið, að hann, svo glöggur maður, sem hann óneitanlega er, skyldi koma með það, að Marconífjelagið ætti að fá 21,000 kr. á ári, ef það hjeldi starfi sínu hjer í Reykjavík áfram. Það felst ekki í breyt.till. okkar, og það hefur enginn sagt. Það er stjórnin, sem á að semja um þá upphæð, og þurfi hún t. d. ekki meira en 4,000 kr. til framhaldsrannsókna, og eitthvað svipað til Marconífjelagsins, þá er afgangurinn óeyddur. — En fyrir okkur flutningsmönnunum vakti það eitt, að stjórnin hefði nóg fje í höndum í þessu skyni, þar sem rennt er blint í sjóinn með það, hvað Marconífjelagið kann að heimta.

Þar sem því er haldið fram, að ýtarleg rannsókn hafi átt sjer stað á þeim vegi, sem landsíminn á að liggja um, þá er jeg þar á gagnstæðri skoðun, því þó útlendur verkfræðingur hafi farið um þessar slóðir um hásumartímann, þá er það engin rannsókn, svo sem raun mun vitni bera. — Það er landið í vetrarhjúpnum, og í vetrarhríðunum, sem mest var þörfin á að rannsaka.

Þar sem háttv. þm. Snæf. (L. H.), benti á, að jafnmögulegt væri að banna Marconífjelaginu, að hafa stöngina hjer, eins og leggja toll á vín, þá er þetta tvennt svo ólíkt, sem frekast má verða. Er það ekki allt annað, að ráðast á eignarrjett manna, en að leggja toll á vörur? Eignarrjetturinn er friðhelgur, samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, og þingið getur að vísu »expróprí-að« eignir manna, en að eins gegn fullum bótum.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki, að svara fleiru, enda vil jeg hjeðan af ekki vekja langar umræður út af þessu ritsímamáli, því það er löngu sýnt, að meiri hluti háttv. deildar hefur sett sjer, að láta ekki sannfærast í þessu máli.

En hvað viðvíkur ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sem var byrjuð áður en jeg kom á fundinn, þá hefur það, eptir því, sem jeg heyrði, og hef haft spurnir af, verið mest gjallandinn, sem einkenndi hana, en mergurinn öllu minni, eins og stundum optar hjá þeim háttv. þm. Jeg heyrði, að hann sagði, að það væru firrur og grýlur, sem minni hlutinn hjeldi fram í þessu máli, en það er hægt að slá slíku fram, og láta það hljóma svo hátt, að ræðumaður rifi nær þakið af húsinu, og myndi jeg geta kallað engu lægra, ef jeg vildi, en slíkt eru ekki sannanir. Jeg vil svo ekki fara að taka upp aptur þær umr., sem hafa orðið um þetta mál, nje um þau höpt, sem verið er að leggja á þjóðina. — Úrslit málsins eru á ábyrgð meiri hlutans, sem ráðið hefur á þinginu.

Jóhannes Ólafsson (þm. V. Ísf.) Jeg hef komið fram með breyt.til. á þgskj. 608, og hún var samþykkt við 2. og 3. umr., við hina fyrri meðferð málsins hjer í deildinni, en svo hefur Ed. fellt hana, og jeg sje, að fjárlaganefndin ætlast ekki til, að hún sje tekin upp aptur.

Jeg skal leyfa mjer að segja nokkur orð, til þess að leiðrjetta það, sem háttv. framsm. sagði um það, að fjárveitingin væri því skilyrði bundin, að sýslufjelagið legði fram fje til þess að fullgjöra veginn. Það er ekki svo, og breyt.till. er ekki óaðgengilegri, en hún var áður. Háttv. þm. Dal. (B. B.) var að finna að þeirri athugasemd, að sýslufjelagið ætti að leggja til $^1/_3$ af kostnaðinum, en það vill nú einmitt þannig til, að það var sjálfur þm. Dal., sem kom með þessa athugasemd, svo hann getur ásakað sjálfan sig fyrir

hana, en ekki aðra. Jeg vona svo, að breyt.till. mín mæti sömu viðtökum nú og áður.

Ráðherrann: Jeg gat þess áðan, að háttv. þm. G.-K. misskildi bæði brjef, sem *jeg* vitnaði í, og brjef, sem *hann* las upp sjálfur, og nú hefur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), tekið upp sama misskilninginn aptur, svo jeg skal leyfa mjer, til þess að leiðrjetta þann misskilning, að lesa upp aptur þessi orð úr brjefinu frá Marconifjelaginu, sem þeir misskilja svo merkilega; þar segir svo: »Í sambandi við allsherjar samkomulag við ensku stjórnina um móttöku og sendingu á þráðlausum skeytum eptir Marconisaðferð á öllum póst- og hraðskeyta-stöðvum um allt konungsríkið, hefur verið sjeð fyrir bráðabirgðarfyrirkomulagi við hið fyrirhugaða hraðskeytasamband milli Bretlands og Íslands, *þannig að skeyti, sem eru send til eða frá Íslandi, eptir þráðlausri firðritunaraðferð, verði af greidd af brezku póst- og firðritunar-yfirvöldunum*«.

Hjer stendur þá *alls ekkert* um þá spurningu, sem hjer er um að ræða, *alls ekkert* um neitt leyfi frá ensku stjórninni til skeytasambands við Ísland. Það stendur aðeins, að Marconiskeyti verði afgreidd frá póst- og firðritunar-yfirvöldunum, eða með öðrum orðum, að skeytin geti haldið áfram hvort sem vera vill með pósti eða símum enska ríkisins. Náttúrlega, *ef* nokkuð verður úr slíku sambandi á annað borð. Það sem í þessu brjefi stendur, er ekkert annað en drýgindi út úr þeim almenna samningi, sem Marconifjelagið fjekk í fyrra eða hitt eð fyrra við póststjórnina ensku um sending skeyta til og frá Marconistöðvum, gegnum síma ríkisins, gegn *terminal*-gjaldi.

Þar að auki ímynda jeg mjer, að verið geti, að brjef þetta sje ekki sem allra nákvæmast, eptir ýmsu öðru frá því fjelagi að dæma, og þó það væri nákvæmt, þá snertir það ekki þetta mál agnarögn, eins og þegar sjest á því, að fjelagið sótti alls ekki um »concessión« í Englandi til sambands þaðan við Ísland, fyr en *30. júní* **1905**, en brjefið, sem vitnað er í, er skrifað *18. maí 1904*.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) ljet skiljast á sjer, að brjefið frá ensku stjórninni til utanríkisstjórnarinnar í Danmörku mundi vera pantað af mjer í gegnum Mikla nærræna ritsímafjelagið. Jeg skil ekki í, að hann skuli geta fengið sig til að segja aðra eins fjarstæðu með þeim spekingssvip, sem hann setti upp. Hann sagði, að þetta væri »einn hlekkurinn í þeirri keðju, sem verið væri að klafabinda Ísland með hjá »útlendu stórgróðafjelagi«. Jeg held það væri rjettara að segja, að þessar síðustu aðfarir og skaðabótahótanir þeirra fjelaganna úr minni hluta ritsímanefndarinnar, sje einn hlekkur í þeirri keðju, sem þeir hafa reynt að snúa utan um sannleikann í þessu máli.

Fyrirspurnin frá ensku stjórninni, sem er framkölluð af umsókn Marconifjelagsins, er ekki sprottin af umhyggju fyrir Íslandi, heldur af umhyggju fyrir hagsmunum Englands, og fastheldni við þær alþjóðareglur, er ríkin almennt fylgja. Ensku stjórninni hefur þótt það skrítið, ef gengið hefði verið bak við Englendinga í leyfisveiting til hraðskeytasambands við England, og vildi vita, hvort svo væri. Hefur auðsjáanlega þótt ósennilegt, að Marconifjelagið hefði ekkert á að byggja annað en tilmæli »Oppositiónarinnar« og samninga við hana.

Ástæðan fyrir því, að ríkin eru sár í slíkum efnum, er ekki eignarjetturinn

ekki peningarjettindi, það eru stórpólitiskar ástæður »quam maxime«, sem hjer koma til greina.

Jeg ætla ekki að fara að kíta við háttv. þm. N.-Ísf., viðvíkjandi rjetti Marconifjelagsins, til þess að nota stöngina hjer. Hann gaf í skyn, að Marconifjelagið mundi ekki fara að beygja sig fyrir hjerlendum yfirvöldum, en mundi halda málinu lengra. Það getur nú verið, en jeg held þó, að það ætti að hugsa sig betur um, áður en það fer í mál, heldur en kaupmennirnir hjer hafa gjört áður en þeir fóru að tala um málið sitt út af tollunum. Jeg ímynda mjer, að það væri ekki vanþörf á fyrir fjelagið, að fá upplýsingar hjá vitrari mönnum heldur en þessir kaupmenn hafa gjört, áður en það fer að hóta máli.

Stóra norræna ritsímafjelaginu hefur ekki verið lofað öðru en því, að ekki skuli verða veitt »concession« til annara til Evrópusambands, meðan leyfistíð þess stendur, en það er 20 ár frá því sæsíminn er kominn í gagnið. Það er engin hætta á því, að það loforð verði brotið. Marconifjelagið hefur enga »concession« fengið hjer. Ef það vill halda áfram sambandi, eptir að leyfi ritsímafjelagsins er byrjað, þá er það mál milli þeirra fjelaganna eingöngu.

En hvað fer á milli Mikla norræna ritsímafjelagsins og Marconifjelagsins þurfum við sannarlega ekki að skipta okkur af, enda er það spá mín, að Marconifjelagið hafi ekki til langframa freistingu til að halda áfram þessu samb., nema það fái því betri borgun hjá viðsemjendum sínum.

Jeg skil ekki samræmið í því, að Marconifjelagið mundi ótilkvatt halda áfram að senda *ókeypis* loptskeyti hingað, og jafnvel fara í mál, ef nokkur hafi á *móti* því, og hinu, að farið er fram á 25,000 kr. árstillag til þess að fá fjelagið til að halda áfram með stöngina, sem nú er síðasti neyðarplanki háttv. minni hluta, seinasta klórið í bakkann.,

Jeg get verið samdóma háttv. þingmönnum um það, að nóg er búið að tala um þetta mál, og jeg skil ekki, að þeir skuli geta vænt sjer nokkurs árangurs af því, að vera að vekja upp þessar apturgöngur og hrönglа upp þessum hrófatildrum, þegar grundvöllurinn, sem byggt er á, er ekkert annað en aska.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vil leyfa mjer, að tala að eins örfá orð til að taka það fram, að það er engin vissa fyrir því, að leyfið sje ekki fengið, enda þótt það væri rjett, sem hæstv. ráðherra sagði um það, hvenær um það hefði verið beðið, en sem jeg efa mjög.

Það er vitanlegt, að Marconifjelagið hefði ekki verið að fá leyfi til að senda skeyti frá Íslandi og til Íslands með símum Englands, ef það hefði ekki haft leyfi til að senda þau hingað og hjeðan sem loptskeyti,

Ekkert er heldur að athuga við það, þó hv. deild felldi fjárveitinguna til ritsímans, því þá er auðvitað, að það stæði þá opið fyrir öllum hraðskeytafjelögum heimsins að fá leyfi til að senda hraðskeyti hingað.

Það getur því ekki verið neitt því til fyrirstöðu, að Marconifjelagið fengi leyfi til að koma hraðskeytasambandi á hjer, enda þótt það væri ekki búið að því enn, og enda þótt Mikla norræna fjelagið hefði fengið leyfi, sem það aldrei notaði vegna þess, að vjer ekki vildum leggja fram fje til þess.

Það hlýtur því að vera auðsætt öllum mönnum, að mótmæli hæstv. ráðherra gegn þessu eru alveg þýðingarlaus, og frásögnin um umsókn Marconifjelagsins til ensku stjórnarinnar,

Og það mun mega telja víst, að *enska* stjórnin hefur naumlega verið svo viðkvæm fyrir þessu máli, að fara að senda fyrirspurn; sennilegra er, að hið »Stóra norræna« hafi útvegað þetta skjal og að það sje af líkum rótum runnið og brjef Krarups um loptskeytin.

Framsögumaður Pjetur Jónsson, (þm. S.-Þing.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að athuga fáar af ræðum þeim, sem haldnar hafa verið, og skal ekki vera langorður.

Viðvíkjandi ummælum háttv. 1, þm. Árn. (H. Þ.) um »Sögufjelagið«, vil jeg geta þess, að nefndinni er það ekkert kappsmál, hvort styrkurinn til þess verður veittur eða ekki. Enn þess vil jeg geta, gagnvart því, sem hann sagði um: »Safn til sögu Íslands«, að jeg man ekki betur, en að í því hafi staðið fleira, en nýsamdar ritgjörðir, og einmitt gömul ritverk, eins og það sem »Sögufjelagið« gefur út. Það getur verið, að munurinn hafi verið sá, að það hafi vantað prentvillur í þau. Annars veit jeg ekki, hver hann ætti að vera.

Um póstvagninn, sem háttv. sami þm. minntist á, ætla jeg ekki að þræta. Það eru smámunir, og sjálfsagt alveg sama um hann að segja og áður er fram tekið.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um iðnaðarmannaskóla á Akureyri, og fór allhörðum orðum um það, hve hugsunarlausir menn væru um að styrkja iðnaðarmenn til náms. Þetta er að óþörfu mælt, því jeg veit ekki til. að eins vel hafi gengið með að koma upp nokkrum skóla, eins og iðnaðarmannaskólanum í Reykjavík, og er ómögulegt með rjettu, að bera þinginu á brýn, að það hafi ekki sinnt þeim málum með sanngirni og velvilja. Nei, það hefir ekki gengið eins vel, að fá styrktan skóla handa neinni stjett landsins, eins og iðnaðarmannastjettinni. En þessari styrkveitingu vill nefndin víkja frá sjer, því það er hvort sem er ómögulegt að sinna öllu, sem vert væri að sinna og maður vildi þó gjarnan, ef hægt væri.

Háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) hjelt því fram. að þingið væri skuldbundið til að halda áfram, að styrkja veginn frá Hafnarfirði til Vogastapa, og mætti ekki sóma síns vegna víkja frá fyrirætlun sinni í því efni.

Jeg man ekki, hvort saga þess máls nær lengra til baka en til 1903. En það man jeg, að þá flutti jeg orð fyrir fjárlaganefndina, og í þeim liggur engin skuldbinding til þess að halda styrknum áfram. Það getur vel verið, að einhver hafi hugsað sjer, að styrkurinn skyldi halda áfram, en því hefur alls ekki verið lofað. Og þar sem nú er neitað nálega öllum veitingum til vega, virðist ekki frekari ástæða til að styrkja þennan veg en aðra.

Sú eina athugasemd, sem ætti að hafa þýðingu, er sú, að nefndin áleit, að þetta ætti ekki að verða akvegur heldur reiðvegur, og veitti styrkinn í því skyni, og hefði þá styrkurinn dregið lengra á götu, en þessu hefur ekki verið fullnægt, svo þá ætti þingið því síður að vera bundið við að veita fjeð. Jeg legg því enn til, að liðurinn verði felldur. *(Björn Kristjánsson:* Hvað er reiðvegur?). Í sambandi við þetta vil jeg minnast á akbrautina inn Reykjadal frá Húsavík. Flutningsmaður mælti svo vel með breyt.till. þeirri, að jeg gæti engu við það bætt til bóta, þó jeg vildi, enda ætla jeg að greiða atkvæði móti þeirri fjárveitingu samkvæmt stefnu nefndarinnar í öllum slíkum tilfellum. En jeg vil geta þess, að þm. mega reiða sig á það, að þeir geta

með góðri samvizku eins greitt atkv. með þessum vegi eins og hinum öðrum, sem tillögur eru um, eða miklu fremur jafnvel, því hjer er að ræða um einn fjölfarnasta veg landsins, að undanteknu nágrenni Reykjavíkur.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fór nokkuð hörðum orðum um framsögu mína gagnvart breyt.till. hans um ritsímann, og mótmælti hann því, að samningurinn væri byggður á fullri lagaheimild og þingræðislegum reglum, og áleit mig ekki læsan, ef jeg hefði ekki sjeð þetta. Jeg álít, að jeg sje í fullum rjetti, þó jeg segi, að þetta mál hafi ekki verið miður flutt af meiri hluta en minni hluta á þessu þingi, og það sje fullsannað, að samningurinn sje gjörður í fullri heimild, bæði lagalega og þingræðislega.

Það vildi svo til, að jeg skýrði frá því í ræðu á þingi 1903, hvað jeg áliti þjóðarvilja, sem ætti að taka tillit til, fram yfir þingmálafundargjörðir, »flokksprógrömm« og annað slíkt, sem breytist frá degi til dags.

Jeg benti á, að sá þjóðarvilji, sem komið hefur stöðuglega fram á þingi áður, hann sje þjóðarvilji. Þetta var tekið til inntekta af mótflokknum þá, og blöðin tóku það upp. En hafi það verið satt þá, þá er það satt nú.

Nú er það ómótmælt, að samningurinn er gjörður samkvæmt vilja fyrri þinga. *(Skúli Thoroddsen:* Því er margsinnis mótmælt). Og ef það er ekki þingræði, að farið sje eptir vilja þjóðarinnar á þingi, hvað er þá þingræði?

Til þess að vefengja, hvað verið hafi vilji þingsins 1903, er farið að lögskýra orð í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar í Nd. þá. Sá, sem hefur skrifað þessi orð, ætti að vita bezt, hvað í þeim liggur. Vil jeg með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa þau upp og skýra þau lítið eitt.

»Nefndin gjörir engar breyt. við þennan lið *og fellst* á að gefa stjórninni svo lausar hendur til framkvæmda málinu, sem fjárveitingin leyfir«.

Nefndin »fellst á«, að gefa stjórninni frjálsar hendur. Og stjórnin fer fram á að hafa sem lausastar hendur samkvæmt athugasemd stjórnarinnar við þennan lið fjárlagafrumv. 1903. Það er sú athugasemd, sem hjer er »fallizt á«. Hvað hefur svo þingið fallizt á annað en það, að gefa stjórninni lausar hendur?

Og ef þetta er vilji þingsins 1903. ef það vill gefa útlendu stjórninni frjálsar hendur, því skyldi þá ekki nýja stjórnin innlenda mega sæta sömu kjörum? Jeg fæ ekki betur sjeð, en svo hljóti að vera, og því fremur sem þessi stjórn eptir spádómum manna og tilætlunum átti að verða þingræðisstjórn, eins og hún þegar er orðin.

Viðvíkjandi tillögunni um, að halda uppi Marconistöð hjer, þá viðurkenndi hv. flutningsmaður, að áætlunin um það væri byggð í lausu lopti, svo um hana þarf engum orðum að eyða.

Undarlegt er það, að hv. flutnm. áleit, að það þyrfti svo afarmikla rannsókn um loptskeytasambandið. Áætlun minnihlutans í ritsímamálinu um loptskeytasamband þótti fyr á þinginu byggð á rannsókn, og ef svo er, þá ætti ekki að þurfa að veita fje til slíkra rannsókna, fyrst búið er að gjöra þær.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (1) á þskj. 599 við 12. gr. A. 3, felld með 13 : 9 atkv.

1. breyt.till. nefndarinnar á þskj. 611 við 12. gr. B. 3. a., samþ. með 14 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 606 við 12. gr. B. 3, felld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu

nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundss.,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Thorlacíus,
Magnús Kristjánss.,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Ólafsson.	Stef. Stef., þm. Eyf.,
	Stef. Stef., þm. Skf.,
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

2. breyt.till. (2) á þskj. 599 við 12. gr. B. 6., samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Jón Magnússon,	Hannes Hafstein,
Björn Bjarnarson,	Herm. Jónasson,
Björn Kristjánsson,	Jón Jónsson,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Einar Þórðarson,	Pjetur Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Hannes Þorsteinss.,	Tryggvi Gunnarss.,
Jóh. Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	

Breyt.till. á þskj. 608 við 12. gr. B. (nýr liður milli 6. og 7.) samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Herm. Jónasson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Thorlacíus,
Magnús Andrjess.,	Pjetur Jónsson,
Magnús Kristjánss.,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson.
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	

2. breyt.till. á þskj. 611 við 12. gr. B. 7, felld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgreiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Hermann Jónasson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson,	Einar Þórðarson,
Lárus H. Bjarnas.,	Guðl. Guðmundss.,
Pjetur Jónsson,	Guðm. Björnsson,
Stef. Stef., þm. Skgf.	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Jóhannes Ólafsson,
	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Ólafur Thorlacíus,
	Skúli Thoroddsen,
	Stef, Stef., þm. Eyf.
	Tr. Gunnarsson.
	Þórh. Bjarnarson.

3. breyt.till. á þskj. 611 við 12. gr. C. 1, samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. á þskj. 602 við 12. gr. D. felld með 17 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara þingm., Skúla Thoroddsens, Björns Bjarnarsonar, Ólafs Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Ólafs Thorlacíusar og Ólafs Briems, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Magnús Andrjess.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Ólafur Thorlacíus,	Guðm. Björnsson,
Skúli Thoroddsen,	Hannes Hafstein,
St. Stef., þm. Skgf.	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

4. breyt.till. á þskj. 611 við 12. gr. D. 6. (liðurinn falli burt), samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk nokkurra þingmanna, og sögðu

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Hannes Hafstein,	Björn Bjarnarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Herm. Jónasson,	Guðm. Björnsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Jóh. Ólafsson,
Magnús Andrjess.,	Jón Jónsson,
Ólafur Briem,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkvæði og telst því með meiri hluta.

Varatill. á þskj. 611 hjer með fallin.

Breyt.till. á þskj. 619 tekin aptur.

1. breyt.till. á þskj. 614 við 13. gr. B. III. nýr liður, sem verði 14. liður, samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Björn Bjarnarson,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Eggert Pálsson,
Hermann Jónasson,	Guðl. Guðmundss.,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnason,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Andrjess.,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

1. breyt.till. á þskj. 614 við 13. gr. B. III, síðari liður, sem verði 15. liður, samþ. með 16 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þskj. 614 við 13. gr. B. VI. b. 3., samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánss.,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Magnús Andrjess.,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacíus,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóhannes Ólafsson,	St. Stef., þm. Skgf.,
Jón Jónsson,	Þórh. Bjarnarson.
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Kristjánss.,	
Pétur Jónsson,	
St. Stef., þm. Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.	

Breyt.till. á þskj. 597 við 13. gr. B. VI. 3., samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. á þskj. 597 við 13. gr. B. VI. 4. tekin aptur.

Breyt.till. á þskj. 621 tekin aptur.

5. breyt.till. á þskj. (611) við 13. gr. B. VI. b. 4 (orðabreyting) sþ. án atkv.

6. breyt.till. á þskj. 611 við 13. gr. B. VI. b. 4. felld með 16 : 9 atkv.

7. breyt.till. á þskj. 611 við 13. gr. B. VI. f. felld með 13 : 9 atkv.

8. breyt.till. á þskj. 611 við 13. gr. B. VI. g. sþ. með 16 atkv.

3. breyt.till. á þskj. 614 við 13. gr. B. VIII., að komi nýr liður IX., samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Guðm. Björnsson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónass.,	Magnús Andrjess.,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.,	St. Stef., 2. þm. Eyf.
Ólafur Thorlacíus,	St. Stef. 2. þm. Skgf.
Pjetur Jónsson,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Breyt.till. á þskj. 614 við 13. gr. B., að komi nýr X. liður, felld með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Guðl. Guðmundss.,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,	Jóh. Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Andrjess.,
Herm. Jónasson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Thorlacíus,
Magnús Kristjánss.,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Tryggvi Gunnarss.	St. Stef., 2. þm. Skf.,
	Þórh. Bjarnarson.

10. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. 10, sþ. með 15 atkv.

9. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. 13. f. sþ. með 13 atkv.

Breyt.till. á þskj. 611 *og* þskj. 604 við 14. gr. 13. sþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á þskj. 627 við breyt.till. á þskj. 622, sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. á þskj. 622 við 14. gr. 13. (nýr liður n) sþ. með 17 atkv.

9. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. f. sþ. með 13 atkv.

9. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. g. sþ. með 19 atkv.

9. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. o. (nýr liður) sþ. með 14 atkv.

9. breyt.till. á þskj. 611 við 14. gr. t. felld með 13 : 5 atkv.

Breyt.till. á þskj. 617 við 14. gr. t. sþ. með 18 atkv.

Breyt.till. á þskj. 614 við 15. gr. 2 sþ. með 13 : 6 atkv.

11. breyt.till. á þskj. 611 við 15. gr. 6. sþ. með 22 atkv.

Breyt.till. á þskj. 615 við 15. gr. (nýr liður) samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Herm. Jónasson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Andrjess.,
Hannes Þorsteinss.,	Pjetur Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Þórh. Bjarnarson.
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef., 2. þm. Skf.	

Breyt.till. á þskj. 620 við 15. gr. (nýr liður á eptir 7. lið) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. á þskj. 603 við 15. gr. (nýr liður á eptir 13. lið) felld með 13 : 9 atkv.

Breyt.till. á þskj. 605 við 15. gr. (nýr liðnr á eptir 18. lið) felld með 14 : 2 atkv.

12. breyt.till. á þskj. 611 við 15. gr. (á eptir 22. lið nýr liður) samþ. með 17 atkv.

2. breyt.till. á þskj. 621 við 15. gr. (nýr liður á eptir 22.) samþ. með 16 : 4 atkv.

13. breyt.till. á þskj. 611 við 20. gr. 4. málsgrein, samþ. með 19 atkv.

Frumv. í heild sinni samþykkt í einu hljóði, og endursent til forseta Ed.

Á 48. fundi Ed. mánudaginn 28. ágúst. kl. 7 árdegis, lagði forseti fyrir deildina fjárlagafrumvarpið og afhenti það fjármálanefndinni. Leitaði forseti samþykkis deildarinnar til að taka mætti frumv. fyrir á fundi þeim, er ákveðinn var áður, klukkan $11^1/_2$ árdegis í dag, og samþykkti deildin það í einu hljóði. Ráðherrann hafði og veitt leyfi sitt til þessara afbrigða frá þingsköpunum. Á fundinum kl. $11^1/_2$ árdegis s. d. ákvað forseti, að fresta umræðunum um fjárlögin til fundar kl. 5 síðdegis, og var það þá tekið til umr. Allir á fundi. (A. 630, 633, 637, 638).

Framsögumaður (Jón Ólafsson, 4. kgk.): Nefndarálitið er mjög stutt og jeg sje ekki neina ástæðu til að lengja það með ræðu. Við höfum lagt til, að breyt.till. verði ekki samþykktar, svo að fjárlögunum verði ekki stofnað í voða með því, að þau komi í sameinað þing.

Jeg skal leyfa mjer að benda á nokkrar prentvillur, sem því ver og miður hafa læðzt inní. Á bls. 9 (saml. á 12. gr.) eiga að standa 806,287 kr., á bls. 16 (saml. 13. gr.) 297,196 kr., á bls. 22 (saml. 14. gr,) 100,260 kr. Samlagðar útgiptir í 7. gr. bls. 3, eiga að vera 2,242,199,64. Tekjuhallinn á bls. 29 verður: 201,789,64. Aðrar prentvillur held jeg ekki að sjeu í frumv. Eins og jeg tók fram, hef jeg ekki fleira fram að færa og ætla því ekki að orðlengja þetta meira að sinni.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg á hjer nokkrar breyt.till. 2 þeirra ganga í sparnaðaráttina, en ein þeirra mundi hafa stærri útgjöld í för með sjer, en það sem sparast á hinum tveimur. Eiginlega sje jeg enga ástæðu til, að taka þessar breyt.till. til baka, en hinsvegar hef jeg litla von um, að þær gangi í gegn, því jeg heyri, að mönnum er svo illa við, að fjárlögin fari í sameinað þing. Mjer þótti vera æði illa tekið í fjárveitinguna til sýsluvega í Barðastrandarsýslu hjer í deildinni, en ekki hefur frumv. batnað í því efni við að fara niður í hattv. Nd. Yfir höfuð að tala þótti mjer atkvæðagreiðslan í háttv. Nd. vera nokkuð undarleg. Jeg vil ekki gjöra mönnum þær getsakir, að hrossakaup hafi farið þar fram, en hitt er víst, að sumir voru þar æði örir á fje við samþingismenn sína. Jeg álít því nokkra þörf að laga ýmsar af þessum fjárveitingum, og það mun vera skoðun fleiri hjer í háttv. deild, en hinsvegar eru þeir svo hræddir við sameinað þing. En jeg á dálítið erfitt með að skilja þessa hræðslu, því sömu mennirnir eru það þó, sem eiga þar atkvæði um fjárlögin, eins og þeir, sem hafa fengizt við þau í báðum deildum. Mjer þykir því nokkuð undarlegt, að vantreysta sameinuðu þingi svo mjög, að það fari skynsamlega að ráði sínu. Auk þess virðist mjer

nokkuð vafasamt hvort efri deild á að slá þeim vana föstum, að háttv. Nd. deild hafi alltaf seinasta orðið í þessu þýðingarmesta máli þjóðarinnar. Menn vita, hvernig Ed. er skipuð, sumpart af konungkjörnum mönnum, sumpart af mönnum, sem Nd. velur upp í hana. Jeg álít, að það sje algjörlega rangt, að koma því lægi á, að Nd. taki allan rjett frá henni. Heppilegast er að gefa deildunum kost á að greiða óbundið atkvæði um þau mál, sem verulegur ágreiningur er um. Að því, er 3. lið snertir, er mjer það ekki eins mikið kappsmál og áður. Það var mjög óheppilegt, að þessi till., sem var varatillaga í Nd., skyldi verða felld. Jeg tek nú samt breyt.till. mínar til baka. Það er ekki af þeirri ástæðu, að jeg álít það sje rjett, að efri deild gefi nokkuð af sínum rjetti, heldur ekki af því, að jeg sje hræddur við, að fjárlögiin komi í sameinað þing, nei, það er mest af tilhliðrunarsemi. En jeg tek þó því að eins mínar breyt.till. til baka, að háttv. þm. Barðstrendinga taki líka sína. Því ef nokkar breyt.till. fer í sameinað þing, þá læt jeg auðvitað mínar fara.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Jeg er háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) mjög þakklátur fyrir sanngirni hans. Jeg er honum fullkomlega samdóma um, að það væri mjög óheppilegt fyrir Ed. að gefa nokkuð eptir af rjetti sínum við Nd. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Fjárlögin komu í seinasta lagi til okkar, og hefði fjárlaganefndin í Ed. ekki fylgzt allt af með því, sem gjörðist í háttv. Nd., þá hefðu fjárlögin ómögulega getað verið búin, án þess þingið hefði verið framlengt lengur.

Jeg skal líka benda á, að þó samvinnan í milli fjárlaganefndanna hafi verið góð, þá hefur verið mikið sundurlyndi í sjálfum fjárlaganefndunum. Og hvert það ríki, sem er sjálfu sjer sundurþykkt o. s. frv. Af þessu hefur leitt, að Nd. hefur kollvarpað svo miklu fyrir fjárlaganefndinni, og það gefur okkur aptur litla ástæðu til að vonast eptir, að okkur mundi verða mikið ágengt í sameinuðu þingi. Jeg skal enn fremur leyfa mjer að benda á, að Ed. þarf framvegis ekki að vera eins hrædd við að láta fjárlögin fara í sameinað þing. Ástæðan til þess eru þingskapalögin, sem nú hafa verið afgreidd frá þinginu. Eptir þeim má ekki í sameinuðu þingi taka upp aðrar breyt.till. en þær, sem koma frá þeirri deild, þar sem málið var seinast í. Jeg skal geta þess, að stundum áður hefur það kostað landið ærna peninga, að láta fjárlögin fara í sameinað þing. Í fyrra kostaði það að eins 3,000 kr., en stundum hefur það kostað tífallt meira. Í þetta sinn ímynda jeg mjer, að við græddum lítið við, að fjárlögin færu í sameinað þing, og jeg get því ekki annað en lagt til, að breyt.till. verði felldar.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg sje enga ástæðu til að taka breyt.till. aptur, en hins vegar býst jeg ekki við, að hún fái góðan byr, úr því háttv. fjárlaganefnd er svo mikið á móti því, að fjárlögin fari í sameinað þing. Jeg skal játa það, að mjer finnst, að margt þyrfti að lagast í fjárlagafrumv. Og jeg er fullkomlega samdóma háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) um það, að það sje ekki rjett fyrir Ed. að sleppa öllum rjetti til að hafa áhrif á fjárlögin. Jeg tek ekki mína breyt.till. til baka, ekki meðan nokkur von er um, að hún gangi í gegn.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Af því, að jeg býst við, að þetta verði síðasta umræða fjárlaganna á þessu þingi, þá vil jeg lýsa því yfir fyrir hönd minni hlutans, að þótt hann nú greiði

atkv. með fjárlögunum í heild sinni, þá er það eigi svo að skilja, að hann vilji taka á sig nokkra ábyrgð á þeim, einkum 12. gr. C. og D. Lögin eru því á ábyrgð hins háttv. meiri hluta, en minni hlutinn tekur engan þátt í henni.

ATKVGR.: Allar breyt.till. á þgskj. 633 og 637 teknar aptur af flutningsmönnum, en 1. og 2. breyt.till. á þgskj. 633 tekin upp af þm. Barðstr. og var þá

1. breyt.till. á þgskj. 633 við 12. gr. B. 3. a. felld með 10 : 3 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 633 við 12. gr. 7.—9. lið felld með 10 : 2 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá alþingi.*

II. Fjáraukalög fyrir árin 1904 og 1905.

Á 3. fundi Nd., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905 til 3. umr. Frumv. var umræðulaust vísað til 2. umr. og fjárlaganefndarinnar.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. águst, kom frumv. til 2. umr. (A. 286, 333, 337, 348).

Framsögumaður (Pjetur Jónsson, þm. S, Þing.): Vegna þess, að annríkið hefur verið svo mikið, ímynda jeg mjer, að menn hafi ekki lesið nefndarálitið rækilega, og skal jeg því víkja að þeim liðum, sem frekast koma til umræðu. þó jeg hafi litlu við nefndarálitið að bæta. Frnmv. þetta hefur ekki sætt sjálft neinum breytingum hjá nefndinni; hún hefur að eins komið með nokkrar viðaukatillögur og eina lítilfjörlega orðabreytingu. Viðaukatillögurnar eru þessar:

1. Viðaukatill. við 4. gr., 1. lið fer fram á fjárveitingu til leikfimishúss og áhalda við gagnfræðaskólann á Akureyri. Jeg hef minnzt á þetta við umræður fjárlaganna, og gjört grein fyrir því, en eins og gefur að skilja, er ekki hægt að framfylgja því skilyrði, að leikfimiskennsla geti fram farið, ef ekki eru til þess hús og áhöld. Jeg vona því, að þetta verði álitið sem skylduverk gagnvart skólanum, og að háttv. þingd. greiði atkvæði með því. Jeg býst við, að stjórnin hafi ekki tekið þetta á frumv., af því að engin krafa kom fram um það frá skólastjórninni.

Næsta viðaukatill., sem er við 4. gr. 2. lið, fer fram á það, að taka nú inn á fjáraukalögin 1,000 kr. til sjera Gísla Skúlasonar til utanfarar, til þess að læra að kenna heyrnar- og málleysingjum. Tillaga þessi er komin frá stjórninni og á vafalaust við rök að styðjast. Prestur sá, sem að undanförnu hefur gegnt kennslu þessari, er, eins og kunnugt er, dáinn, og það verður að fá mann í hans stað, en það er bezt, að það sje prestur, til þess að hann jafnframt geti kennt málleysingjunum kristindóm og fermt þá. Hvaða styrkupphæð sje hæfileg, kann nefndin ekki að dæma um, en upphæð sú, sem til er tekin, er eptir tillögum stjórnarráðsins.

Þá er 3. viðaukatilll. við 5. gr. 2. lið

til greiðslu á kostnaði við fjárkláðaskoðanir í Norður-Múlasýslu í desember og janúar 1903—04, 417 kr. 50 a. Þó skoðun þessi að mestu leyti hafi verið gjörð ófyrirsynju af hálfu Davíðs Jónssonar, verður nefndin þó að leggja með því, að landssjóður borgi hana. Þegar Davíð kom austur, fann hann svo mikla torveldni á að koma böðun á, þar sem bæði skorti hús og hey handa skepnunum, að hann framfylgdi ekki skipun þeirri, sem var um böðun, en fyrirskipaði almenna skoðun og að baða þar, sem kláða yrði vart. Nú hefur allt af verið lítið um kláða í Múlasýslum. Þegar Myklestad frjetti um þessar aðgjörðir, reið hann yfir fjöll og firnindi og fyrirskipaði almenna kláðaböðun. En þegar til þess kom að borga átti skoðunina, kvað stjórnarráðið sig ekki hafa heimild til þess að borga hana, af því hún væri ekki liður í útrýmingu fjárkláðans, og mun það rjett vera. Aptur á móti lítur nefndin svo á, að sveitafjelögin sjeu heldur ekki skyldug til að borga hana, því hún fór ekki fram eptir tilhlutun sveitarstjórnarvaldanna, heldur að tilhlutun manns þess, sem var fyrir Myklestad, svo að það væri þá hann, sem ætti að borga hana. En þar sem þetta eru mistök, og það getur leikið nokkur vafi á, hvar skuldin eigi að lenda, og nefndin álítur bezt að forðast óánægju út af þessu, leggur hún til, að upphæð þessi verði greidd úr landssjóði, og það því fremur, sem svo vel var vikið að kláðaböðuninni yfirleitt. Árangurinn af henni er raunar ekki fullviss enn, en þó furðanlegur, og menn hafa ekki getað gjört ráð fyrir honum betri. Þess vegna getum við vikizt vel við þessum litla aukakostnaði.

Jeg skal geta þess, að í 3. lið aptarlega er prentvilla, þar stendur »reikningur«, en á að vera »reikningarnir«. Í þessu sambandi má líka geta þess, að skoðunin fór ekki einungis fram í Norður-Múlasýslu, heldur líka í Suður-Múlasýslu og í Austur-Skaptafellssýslu. Nefndinni barst einnig beiðni frá þm. A.-Skaptf. (Þorgr. Þ.) um, að taka inn á aukafjárlögin kostnaðinn þar, en þar sem reikningarnir þaðan eru ekki enn endurskoðaðir og í samræmi hver við annan, áleit nefndin, að hún gæti ekki tekið þessa upphæð inn í frumv., því ef reikningarnir væru endurskoðaðir, mundu þeir ef til vill verða settir eitthvað niður. Enn efndin lætur í ljósi, að það sje sjálfsagt, að sama gangi yfir þann kostnað, og jeg get út af breyt.till. þeirri, sem fyrir liggur, og sömuleiðis breyt.till. frá 1. þm. S.Múl. (Ól. Th.) lýst yfir því, að nefndin getur ekki haft á móti, að þessir reikningar verði borgaðir úr landssjóði, þegar búið er að endurskoða þá. Hitt er komið undir hæstv. ráðh., hvort eigi að setja þá inn á aukafjárlög nú, eða gefa stjórninni heimild til að borga þá, og setja á næstu aukafjárlög. Það er að eins álitamál, hvort eigi að gjöra það nú þegar, eða hafa það eins og nefndin stingur upp á.

Þá er 4. viðaukatill. nefndarinnar, fjárveiting til 2 yfirmatsmanna á fiski. Þessir menn voru sendir til Spánar í fyrra vetur til þess að kynna sjer meðferð á fiski, og þeir hafa skýrt frá, að þeir hafi orðið að leggja 800 kr. í ferðakostnað. Upp í það fengu þeir 400 kr. frá þinginu, en þá eru eptir 400 kr., þar í talið kaup fyrir menn, er settir voru í stað þeirra. Nefndin áleit eðlilegt, að þeir fengju þetta borgað að nokkru, en fannst þó, að þeir ættu að kosta ferð sína að nokkru, því, hver sem fær stöðu, á að búa sig

undir hana. Leggur því nefndin til, að þeim sje endurgreiddar 200 kr. hvorum.

Nefndin vjek að því eptir ósk formannsins fyrir Búnaðarfjelagi Íslands, hvernig henni sýndist, að verja ætti því, sem eptir er af fje því, sem veitt var til kjötsölutilrauna; það voru taldar 1,400 kr., en nú mun það ekki vera meir en 1,200 kr. Nefndinni finnst vel til fallið, að koma því til leiðar, að numin sje slátrunaraðferð erlendis. Eptir þeirri reynslu, sem jeg hef fengið við meðferð og sendingar á kjöti, hefur mjer fundizt það varða mestu og vera mestur vandinn að fá fjenu vel og hreinlega slátrað.

Svo held jeg, að jeg hafi ekki fleira að athuga. Nefndin leggur það til, að frv. verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því, að þessum viðaukatill. verði skotið inn í.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að svara því, sem háttv. framsm. skaut til mín, hvort jeg vildi heldur, að kostnaðurinn við skoðunina í Austur-Skaptafellssýslu væri strax tekinn inn á fjáraukalögin, eða stjórninni veitt heimild til þess að borga hann. Jeg sje nú ekki, hvernig hægt sje að gefa löglega heimild fyrir greiðslunni, nema eins og hjer er farið fram á, með því að taka það inn á fjáraukalögin og með því að ákveða, hvað greiða megi mest. Annars er jeg þakklátur hinni háttv. fjárlaganefnd fyrir meðferð hennar á tillögum stjórnarfrumv., sem hún hefur lagt til að verði samþykktar óbreyttar.

Framsögumaður (Pjetur Jónsson): Jeg gleymdi að geta um eina breyt.-till. við frumv., sem komin er frá nefndinni um að veita 2,000 kr. til þess að fullgjöra brúna á Hítará, og lækkar þá vegafjeð til Vesturamtsins nú á fjárlögunum að sama skapi. Svo hefur stjórnin líka stungið upp á að kaupa hús á Hallormsstað, og álítur nefndin rjett að veita þá upphæð, sem til þess þarf; það mælir með sjer sjálft.

ATKVGR.: 2. gr. samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. (337) við 3. gr. frá nefndinni (þskj. 337) samþ. í einu hljóði.

3. gr. samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. við 4. gr. við 1. lið (þskj. 286) samþ. með 24 atkv.

Breyt.till. við 4. gr., styrkurinn til sira Gísla Skúlasonar samþ. með 23 atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. í einu hljóði.

5. gr. samþ. í einu hljóði.

Viðaukatillaga við 5, 5 til greiðslu á fjárkláðaskoðun í N.-Múl.sýslu samþ. í einu hljóði.

Viðaukatillaga 5, 3 til fiskimatsmanna 400 kr. samþ. í einu hljóði.

Viðaukatillaga um að kaupa hús á Hallormsstað samþ. með 18 atkv.

Breyt.till. á þskj. 333 aptan við 5. gr. um greiðslu á fjárskoðun í Austur-Skaptafellssýslu samþ. í einu hljóði.

Breyt.till. á þskj, 348 um greiðslu á kostnaði við fjárskoðun í Suður-Múlasýslu samþ. í einu hljóði.

1. gr. samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði.

A 36. fundi Nd. mánudaginn 14. ágúst, kom frumvarpið til 3. umr. (A. 380). Samþykkt var, að 3. og 4. liður í 5. gr. skipti um sæti. Var frumv. síðan umræðulaust samþ. í einu hljóði og afgreitt til forseta E. d. til að leggjast fyrir þá deild.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst kom frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905 til 1. umr. (A. 404).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frumv. verði vísað til fjármálanefndarinnar, því að frumv. til fjáraukalaga fyrir 1902 og 1903 var vísað til hennar og þó snertir þetta frumv. meira verkahring hennar, en frumv. til fjáraukalaga 1902 og 1903.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjármálanefndarinnar samþ. með 9 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A. 404, 519).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Þetta mál hefur verið rökstutt með því stytzta nefndaráliti, sem jeg enn þá hef sjeð. Jeg skal ekki tala langt mál um þetta, en að eins leggja til, að það verði samþ.

ATKVGR. 1.—5. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 atkv.

Á 44. fundi í Ed. miðvikudaginn 23. ág. kom frv. til 3. umr. (A. 404, 540).

Framsögumaður (Jón Ólafsson 4. kgk. þm.): Þessi breyt.till., sem fram er komin frá nefndinni, stafar af beiðni, sem kom fram í morgun frá prestinum, sem hefur forstöðu fyrir málleysingjakennslu. Beiðni hefur áður komið til þingsins frá kennslukonunni við málleysingjaskólann, Margrjeti Bjarnadóttur, um styrk að upphæð 500 kr. til utanfarar og til þess að kynna sjer málleysingjakennslu í Danmörku.

Á fjáraukalögum þessum eru 1,000 kr. ætlaðar prestinum til þess að fara utan og kynna sjer þessa kennslu. Í beiðni prestsins til þingsins, sem oss barst nú í morgun, skýrir prestur frá því, að hún gjöri það að skilyrði fyrir því, að hún haldi áfram kennslunni við skólann, að hún fái þennan styrk; og er þá við búið, að kennslan leggist niður um hríð. Af þessu vill nefndin taka þessa fjárbeiðni til greina.

Presturinn getur þess í brjefi sínu, að hann taki lítinn þátt í kennslunni, og það er enginn vafi á því, að hún gjörir mest að skólahaldinu, því hann hefur eingöngu umsjón með kennslunni, og býr nemendurna undir fermingu.

Vjer leggjum því til, að þessar 1,000 kr., sem prestinum eru ætlaðar til utanfarar, verði færðar niður í 600 kr., og að varið verði 400 kr., til þess að styrkja kennslukonuna til þess að kynna sjer þessi kennslustörf í útlöndum. Vjer álítum sem sje, að 600 kr. sjeu prestinum nægilegar til tveggja til þriggja mánaða dvalar erlendis. Enn fremur vil jeg geta þess, að skilyrðið fyrir því, að skólinn fái að njóta kennslukrapta þessarar konu er það, að hún fái þennan styrk, og vona jeg því, að hin háttv. deild samþ. þessa fjárveitingu.

Enn fremur skal jeg geta þess, að þetta þarf ekki að verða þessum lögum til tafar, því það er nægur tími til þess að ræða þau við eina umr. í Nd.

Ráðherrann: Jeg hefi verið bundinn við umræður inni í Nd., og ekki vitað fyr en í þessu augnabliki, að komin væri fram tillaga um, að færa niður þá upphæð, sem presturinn hefur sett upp fyrir að fara utan og nema heyrnar- og málausra-kennslu, og sem háttv. Nd. hefur orðalaust samþykkt.

Það getur vel verið, að heppilegt sje,

að veita þessari stúlku siglingarstyrk, — jeg hef alls ekki sjeð nje heyrt neitt um beiðni hennar fyr en nú — en að taka upphæðina til hennar af umsömdum kostnaði prestsins, finnst mjer alveg ógjörningur.

Jón Ólafsson: Það eru einmitt orð prestsins, sem hafa gjört það að verkum, að vjer leggjum til, að þessi styrkur sje þannig veittur. Vjer álítum, að tveggja mánaða dvalar tími erlendis sje nægur fyrir prestinn, þar sem hann að sjálfsögðu hefur lært talsvert af kennslukonunni.

Þessi kennsla þykir mikil hlunnindi, og finnst oss því ekki úr vegi, að hann leggi eitthvað sjálfur til úr sjálfs síns vasa, til þess að undirbúa sig til þess, að taka í móti þessum hlunnindum. Vjer hyggjum, að þessar 600 kr. muni nægja, sjerstaklega ef hann tæki far á 2. farrými, sem jeg verð að álíta fullboðlegt.

Ráðherrann: Presturinn þyrfti ekki að sækja um það til þingsins að fá styrknum þannig breytt, því hann gæti að eins borgað stúlkunni 400 kr. af styrk þeim, sem honum er ætlaður, ef honum er mikið áhugamál að halda kennslukonunni, sem jeg efast ekki um, því hún mun vera starfi sínu mjög vel vaxin.

Jeg vil taka það fram, að nauðsynlegt er fyrir prestinn að búa sig sem bezt undir þennan starfa, þar sem hann þarf að hafa yfirumsjón með allri kennslunni og þarf því að kunna og þekkja allt, sem að kennslunni lýtur, svo að hann geti jafnvel kennt kennslukonum, ef hann þarf á nýjum að halda.

Jeg álít því, að ekki sje rjett að klípa af þessum styrk hans, þar eð öll sanngirni mælir með því, að hann verði hins sama aðnjótandi í þessu efni, sem fyrirrennari hans.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer er talsvert kunnugt um þetta mál, þareð jeg var milligöngumaður stúlkunnar til þess að fá þennan styrk. Jeg þekki hana persónulega, og veit, að hún hefur mjög gott álit og er elskuð og virt af nemendunum, og hið sama orð ber presturinn henni í brjefi því, sem hann skrifar sem meðmæli með henni og komið hefur í morgun.

En jeg veit, að hún hefur sagt, að það væri skilyrði fyrir því, að hún hjeldi áfram við málleysingjakennsluna, að hún fengi 500 kr. styrk, en hún mun nú láta sjer nægja 400 kr. Presturinn sagði, að það væri mjög mikill skaði fyrir skólann, ef hún færi frá honum, og ekki auðfyllt það rúm, sem hún ljeti eptir, þar sem hún er orðin mjög vön við þetta starf.

En aptur á móti veit jeg ekki, hvort rjett er að lækka styrkinn til prestsins, en samt held jeg, að 600 kr. sjeu fullnægjandi. Enn fremur ber að gæta þess, að þar sem þessi 1,000 kr. fjárveiting er stíluð upp á hans nafn, þá er engin skylda, sem á honum hvílir að miðla henni af þeim; það væri þá að eins út af neyð, ef hann gjörði það.

Jeg álít það mjög illa farið, ef stúlka þessi fær ekki þennan utanfararstyrk, því þó einhver kynni að fást í hennar stað, má búast við, að sá kennari yrði ekki í fyrstunni eins hæfur kennari og hún. Jeg mun því gefa þessari breyt.-till. atkvæði mitt.

Jón Ólafsson: Jeg skal leyfa mjer, að geta þess, að þessi kona hefur verið forstöðukona skólans síðan sjera Ólafur sálugi Helgason dó, og hefur tekizt mætavel, svo jeg hygg, að prestur geti mikið af henni lært. Auk þess held jeg, að nógu margir mundu fást til að taka í móti þessum hlunnindum, og því áleit nefndin ekki nema sanngjarnt, að hann legði eitthvað fje í sölurnar til þess, að gjöra sig sem hæfastan og bezt vaxinn þessu starfi.

Ráðherrann: Mjer finnst einlægast, að veita prestinum þennan utanfararstyrk og láta hann svo um það, að styrkja stúlkuna; hann er bundinn, ef hann tekur að sjer skólann, við samning við stjórnina um að sjá fyrir kennslukröptum við skólann.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg vil að eins spyrja háttv. framsm. að því, hvort presturinn hafi gjört það að skilyrði fyrir því, að hann taki að sjer skólann, að honum verði veittur 1,000 kr. utanfararstyrkur, og hann sje ráðinn með því skilyrði; ef svo er, þá álít jeg ekkert efamál, að það eigi að veita honum þennan styrk á fjáraukalögunum.

Jeg get ímyndað mjer, að það geti leitt til mestu vandræða, ef presturinn neitaði að taka skólann að sjer, þegar til kæmi, af því hann hefði ekki fengið þann styrk til utanfararinnar, sem honum hafði verið heitið, þegar hann tókst á hendur að taka skólann að sjer.

Skólinn hefur undanfarin ár verið á prestssetrinu og að líkindum hefur allmiklu verið kostað til hans; ef afleiðingin af því, að styrkurinn yrði lækkaður um 400 kr., yrði sú, að flytja yrði skólann af prestssetrinu, þá er jeg mjög hræddur um, að sá flutningur mundi kosta öllu meira, en nemur þessari lækkun. Hin háttv. nefnd mundi þá sannfærast um, að betra hefði verið að samþykkja styrkinn eins og hann var, þegar samið var við prestinn, að taka skólann að sjer. En hafi engir samningar verið gjörðir, þá er allt öðru máli að gegna.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er samdóma hæstv. ráðherra um það, að forstöðumaður skólans þurfi eigi að síður að vera fær um að kenna, en kennslukonan; til þess að hann geti haft nokkurt verulegt gagn af utanför sinni, þarf hann að vera utan meira en tveggja mánaða tíma; það er ekkert gagn að svo stuttum tíma; það er mikill vandi að kenna daufdumbum, miklu meiri vandi, en að kenna unglingum, sem hafa óskert mál og heyrn. Jeg lít svo á málið, að presturinn þurfi ekki að eins að vinna þennan styrk upp við utanför sína, heldur að hann þurfi að leggja talsvert til frá sjálfum sjer, þó að hann fái 1,000 kr. styrk. Jeg legg því til, að fjárveitingin standi óbreytt, eins og hún er í fjárlagafrv.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, að forstöðumaðurinn ætti að vera eins vel að sjer og kennslukonan, þá vil jeg taka það fram, að þó hann fengi þennan styrk og meira til, þá mundi hann ekki komast þar með tærnar, sem stúlkan hefur hælana í kunnáttu þeirri, er hjer er um að ræða.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, að við skyldum láta prestinn borga utanför stúlkunnar, þá vantar alla tryggingu fyrir því, að hann gjöri það, eða hafi, ef stúlkan fer frá skólanum, annan kennara í hennar stað.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg álít, að fjárlaganefndin hafi rjett í þessu máli, og að það gjörði lítið, þó að presturinn þyrfti að kosta einhverju til frá sjálfum sjer; það vita víst allir, sem hafa eitthvert nám stundað, að hið opinbera borgar ekki allan kostnaðinn, heldur þurfa menn að leggja til úr sínum eigin vasa. Það er svo með alla aðra, sem búa sig undir eitthvert starf, og jeg sje ekki, hvers vegna að hjer ætti endilega að gjöra undantekningu frá reglunni; það skiptir líka nokkru í þessu máli, hvort presturinn hefur boðizt til starfans, eða stjórnin beðið hann.

Jeg hef heyrt, að það sje ekki einu sinni presturinn, sem ætli að hafa skólann, heldur ætli ekkja fyrirrennara hans að standa fyrir honum, en presturinn hafa að eins umsjón með skólanum; þar að auki hefur komið fram við umræðurnar, að starf prestsins sje miklu minna, en kennslustúlkunnar; mjer þætti því illa farið, ef stúlkan fengi ekki styrkinn.

Ráðherrann: Eins og jeg tók fram, vissi jeg ekkert um þessa styrkbeiðni stúlkunnar, fyr en nú á fundinum. Við prestinn hefur ekki verið gjörður formlegur samningur ennþá, en hann hefur gjört það að skilyrði fyrir því, að takast starfið á hendur, að hann fái til utanfararinnar 1,000 kr., sem er sama upphæð og áður hefur verið veitt í þessu skyni, og mun hann haga borgun fyrir þjónustu brauðsins í fjarveru sinni eptir þessu. Það þekkja víst flestir háttv. deildarmenn, hvað þarf til svona utanfarar, og að presturinn því verði ætið að leggja nokkuð til úr sínum vasa, þótt hann fengi þessar 1,000 kr.; jeg sje því ekki neina ástæðu til að veita honum ekki jafnháan styrk og áður hefur verið, það því síður, sem það getur horft til vandræða, ef hann gengur úr skaptinu nú.

Það er orðið svo áliðið, að lítill tími er til að leita samninga við aðra í haust, enda er skólinn heppilega settur, þar sem hann er, og því ákjósanlegt, að fá einmitt þennan unga, efnilega prest til að takast forstöðuna á hendur. Hann getur svo, ef þörf gjörist, hjálpað stúlkunni til utanfarar, og verður að gjöra það, ef hún setur það upp sem skilyrði fyrir því að vera kyr, og hann vill halda henni. Allir samningar verða gjörðir við hann; mjer er ókunnugt um það, hvort ekkjan ætlar að standa fyrir matreiðslu til skólans; ef hún gjörir það, þá eru það samningar milli prestsins og hennar.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er nú fengin full vissa fyrir því, að prestur þessi getur ekki haft starf þetta á hendi, nema hann haldi stúlkunni; það er því nauðsynlegt, að hún fáist til að vera við skólann. Mjer finnst því allt mæla með því, að henni verði veittur styrkurinn; þar á móti er ekki sama þörfin að því, er prestinn snertir; það mundu verða nógir prestar til þess að taka að sjer skólann, ef þessi fengist ekki.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer finnst rangt, að blanda þessu tvennu saman, styrknum til prestsins og styrknum til stúlkunnar; það væri æskilegast, að bæði gætu fengið styrk þann, er farið er fram á að þau fái. Það er nauðsynlegt, að presturinn geti orðið svo fullnuma í starfinu, að hann geti kennt út frá sjer, og haft alla yfirumsjón með fræðslunni. Mjer finnst ómögulega megi klípa af styrknum til prestsins; það má veita stúlkunni styrk þann, sem hún biður um, eins fyrir því, þó að presturinn fái þessar 1,000 kr.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mjer þykir annars nokkuð undarlegt með þennan prest; fyrst sækir hann um starf, sem hann er óhæfur til að leysa af hendi; svo sækir hann um styrk til þess að verða hæfur til að gegna starfanum; og svo þegar það er fengið, þá kemur upp úr dúrnum, að hann getur ekki orðið hæfur til starfans, og þá leitar hann um styrk til þess að gjöra aðra hæfa til hans. Mjer finnst satt að segja, að háttv. stjórn hefði átt að ganga úr skugga um, hvort enginn annar prestur hefði viljað takast þennan starfa á hendur, fyrst þetta er svo mörgum annmörkum bundið.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Mjer finnst hreinn óþarfi að tala svo mikið um þetta mál; hæstv. ráðherra hefur sagt, að nóg væri að veita 1,000 kr. utanfararstyrk í þessu skyni; hvernig því svo er skipt milli prestsins og kennslukonunnar, kemur ekki þinginu við. Stjórnin sjer um, að kennslan fari fram í lagi, en presturinn á við kennslukonuna, hvort hún tekur að sjer kennsluna eða ekki.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skyldi vera ánægður með þetta, ef hæstv. ráðherra lýsti því yfir, að presturinn styrki stúlkuna til utanfarar.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Stúlkan gjörir styrkinn að skilyrði fyrir því, að hún haldi áfram að kenna við skólann; það væri víst ekki ofverk prestins, að styrkja stúlkuna til utanfarar; en hann hefur enga skyldu í því efni, og gæti svo farið, að stúlkan yfirgæfi skólann; það væri mikill skaði fyrir skólann; fyrirrennari prestsins fjekk að því, er mig minnir, ekki hærri utanfararstyrk, og sá þó fyrir kennslu við skólann. Jeg ímynda mjer, að hægt sje, að fá einhverja aðra presta til að taka að sjer skólann, og að ekki þurfi þess vegna að vera að ganga eptir þessum presti.

Ráðherrann: Það er ekki rjett hjá háttv. framsm. (J. Ól.), að presturinn hafi sótt um starfa, sem hann ekki kunni að gegna; skólahúsið stendur á prestssetrinu, og var því sjálfsagt að reyna, að fá hann til að taka að sjer skólann; hann er fús að taka að sjer skólann, ef hann fær 1,000 kr. styrk til utanfarar. Mjer finnst ekki rjett, að sleppa tökum á þessum presti, þar sem það sparar fje, að hann taki að sjer skólann; og það er ekki heppilegt, að binda fjárveitinguna þannig löguðu skilyrði, að hann ætti að greiða utanför stúlkunnar; það yrði hann að eiga um við sjálfan sig.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg álít það rjett, sem hæstv. ráðherra hefur tekið fram í þessu máli; stjórnin hefur beðið um þessa fjárveitingu til þess að geta hafa daufdumbrakennslu í landinu í lagi; og ef þingið veitir það, sem stjórnin biður um í þessu skyni, þá á það heimtingu á því og getur reitt sig á, að svo verði; um leið og þingið veitir fjeð, þá gefur það í skyn, að það reiði sig á forsjón stjórnarinnar að því, er kennsluna snertir. Ef þingið hins vegar neitar um það fje, sem stjórnin biður um í þessu skyni, eða veitir nokkuð af því öðrum, en stjórnin hefur farið fram á, er engin trygging fyrir því, að stjórnin geti haft daufdumbrakennsluna í svo góðu lagi, sem hún hefur ætlað sjer, og þingið vill. Jeg mun því greiða atkv. gegn breyt.till. háttv. nefndarinnar.

ATKVGR. Breyt.till. (450) við 4. gr. frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 4.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj. og afgreitt til forseta Nd. til meðferðar í deildinni.

Á 48. fundi Nd., 28. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A. 559, 583); var það samþ. umræðulaust með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

II. Samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1902 og 1903.

Á 3. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. júlí kom frumv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árin 1902 og 1903 til 1. umr.

Forseti kvaðst ekki vita, hvort menn vildu, að málinu væri vísað til 2. umr. eða kosin nefnd í það strax og því síðan vísað til 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg get ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að málinu verði þegar vísað til 2. umr., og því næst kosin nefnd í það.

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.) stakk upp á þriggja manna nefnd, sem var samþykkt, og í hana kosnir:

Guðl. Guðmundsson með 24 atkv.
Ólafur Briem — 24 —
Magnús Kristjánsson — 17 —

Í nefndinni var Guðl. Guðmundsson kosinn formaður og Ólafur Briem skrifari og framsögumaður.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frv., A. 169, 171).

Framsögumaður (Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.); Jeg skal geta þess, að reikningslaganefndin hefur ekki álitið nauðsynlegt, að koma fram með neinar ákveðnar tillögur til þingsályktunar út af athugasemdum yfirskoðunarmannanna við landsreikningana, eins og þó er gjört ráð fyrir í þingsköpunum. Þessa aðferð byggði nefndin á því, að hún áleit óþarflega umsvifamikið, að bera fram tillögu til þingsályktunar, þegar að eins er um smáatriði að ræða, og enginn verulegur ágreiningur milli stjórnarinnar og nefndarinnar. Það væri fyrst ástæða til þessa, ef að verulegur ágreiningur kæmi fram við umræðurnar.

Þær tillögur, sem yfirskoðunarmennirnir hafa gjört, eru ekki margar, og flestum þeirra er svo háttað, að þær þurfa ekki frekari skýringu, en fram eru teknar í nefndarálitinu. Þó hafa þeir gjört tvær tillögur viðvíkjandi viðlagasjóðnum, sem jeg vil minnast á.

Önnur tillagan er, að eptirleiðis verði engin lán veitt úr viðlagasjóði nema samkvæmt skýlausri lánsheimild í niðurlagsgrein fjárlaganna. Að undanförnu hefur það komið fyrir, að landsstjórnin hefur veitt slík lán án sjerstakrar heimildar, og hefur ekkert verið að því fundið. En þegar lánsstofnanir landsins eru orðnar eins öflugar og vel á veg komnar, eins og nú er orðið, þá er miklu minni þörf á slíku. — Enda eru viðlagasjóðslán eiginlega sjerstök hlunnindi; ýmist engin afborgun áskilin eða þá á löngum tíma og með litlum rentum.

Þess vegna er mjög eðlilegt og sanngjarnt, að fjárveitingarvaldið ráði lánunum, og noti þau til að styrkja nytsamleg fyrirtæki.

Hin tillagan er, að lánum, sem veitt hafa verið úr viðlagasjóði gegn veði í húseignum í Reykjavík, verði sagt upp með missiris fyrirvara.

Nefndin fellst á þessa tillögu, en ekki ætlast hún til þess, að öllum lánunum sje sagt upp nú þegar, heldur sje þess gætt, ef landssjóður þyrfti á fjenu að halda, þá sje þeim sagt upp í tæka tíð, og sætt lagi eptir því, sem hægt er, svo það kæmi ekki mjög tilfinnanlega niður á hlutaðeigendum.

Ein tillaga yfirskoðunarmannanna er, að landsreikningunum verði útbýtt á sama hátt og Stjórnartíðindunum.

— Vegna þess, að nokkur fjárframlög leiða af slíku, væri kannske ástæða til að bera þá tillögu undir atkvæði. En ef engin mótmæli koma fram, má að líkindum skoða það, sem samþykkt af deildinni.

Jeg vil leyfa mjer að víkja dálítið frekar að starfi yfirskoðunarmannanna, en nefndarálitið gjörir. Í tilefni af landsreikningnum fyrir árið 1902 (athugagreinin 17, tölul. 3, um burðareyri undir embættisbrjef) hafa yfirskoðunarmennirnir spurzt fyrir um það, hvort nægileg trygging væri fyrir því, að embættismenn ekki misbrúkuðu rjett sinn til þjónustufrímerkja; sjeu þeir sýktir af hinum almenna »frímerkja-feber«.

Menn geta nú reyndar sagt, »að enginn hafi á spurningunni«. En orð þessi verða ekki skilin öðru vísi, en að hjer sje gefið í skyn, að embættismenn misbrúki þennan rjett. Nefndinni fannst ekki rjett gjört, að kasta þessu fram um heila stjett manna, þar sem allir eiga óskilið mál. En hefðu yfirskoðunarmennirnir ástæðu til að ætla einhverjum einstökum slíkt, þá hefðu þeir átt að rannsaka það og skora á stjórnina, að beita því ákvæði, sem postlögin heimila, sem sje, að láta hlutaðeigandi pósthús halda reikning yfir notkun þjónustufrímerkja frá þeim, sem grunur leikur á í því efni.

Nokkuð svipaða athugasemd gjöra yfirskoðunarmenn landsreikninganna í athugagr. 18, tölul. 2, viðvíkjandi kostnaði við sóttvarnir, þar sem þeir kveða þannig að orði: »Er það í almæli, að skarlatssóttarreikningar sumra læknanna hafi verið allháir«. Og í tillögum sínum árjetta þeir þessa athugasemd með svo felldum orðum: »Verulega tryggt gegn ásælni einstakra manna er hið opinbera alls ekki, að því er snertir sóttvarnar-kostnaðarreikninga læknanna«.

Svo framarlega sem þetta er á nokkru byggt, þá er full ástæða til, að rannsaka, hvort þessi almannarómur sje á rjettum rökum byggður. Til þess að geta rannsakað þetta, þá þarf að hafa í höndum alla hina sjerstöku reikninga og fylgiskjöl þeirra, og að þeirri rannsókn lokinni, væri fyrst tími til, að gjöra ráðstafanir til, að hindra slíka ásælni; þá fyrst væri ástæða til að skora á stjórnina, að hafa strangt eptirlit með öllum slíkum reikningum, og færa þá niður, ef þeir reyndust ósanngjarnlega háir. En það verður ekki sjeð, að yfirskoðunarmennirnir hafi haft neitt af þessum sjerstöku reikningum eða skjölum, og þess vegna fer miður vel á því, að sjá slíkar getsakir ganga eins og rauðan þráð gegn um athugasemdirnar.

Það hefur allt af verið siður, að þegar yfirskoðunarmönnunum hafa fundizt landsreikningarnir eitthvað óljósir, þá hafa þeir fengið hina sjerstöku sundurliðuðu reikninga til yfirlits. Enda er það beinasta leiðin til að komast að rjettri niðurstöðu, að leita upplýsinga í fylgiskjölum sjerstöku reikninganna og þá fyrst leita ýtarlegri upplýsinga hjá stjórninni, þegar fylgiskjölin hafa ekki reynzt nógu nákvæm eða greinileg. En í þetta sinn hafa yfirskoðunarmennirnir haft öfuga aðgjörð; ekki leitað upplýsinga í fylgiskjölunum, heldur látið sjer nægja rannsóknarlaust að gjöra athugasemd um það, sem þeim hefur þótt óljóst eða efasamt.

Sú aðferð er bæði óviðkunnanlegri og svarar ekki eins vel tilganginum.

Jeg vil að eins benda á þetta, en alls ekki gjöra það að deiluefni.

Viðvíkjandi sjálfu frumv. landsreikn-

inganna, læt jeg mjer nægja að skírskota til nefndarálitsins.

Vitanlega er það ekki gott, að undanfarin ár hefur peningaforði landssjóðs verið rangt tilfærður í landsreikningunum, En nefndin væntir þess, að við samning næsta reiknings verði úr því bætt, svo enginn glundroði verði í því efni í framtíðinni.

Nefndin leyfir sjer að gjöra að eins eina breyt.till., sem gjörð er grein fyrir í nefndaráliti um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902—1903 6. gr. Leggur hún til, að reikningurinn sje lækkaður um 75 kr. Þessar 75 kr. voru borgaðar fyrir flutning á holdsveikum manni Guðjóni Jónssyni frá Rekavík bak Höfn í Sljettuhreppi á holdsveikraspítalann í Laugarnesi, án þess amtmaður hefði skipað fyrir um flutninginn, sem þó er skilyrði fyrir því, að kostnaðurinn við flutninginn eigi að greiðast úr landssjóði samkvæmt lögum 4. febr. 1898. Því hefur reyndar verið haldið fram, að ýms atvik mæli með því, að upphæð þessi verði veitt. — En hitt er víst, að ekki hefur verið fylgt þeim reglum við flutning mannsins, sem þurfti til þess, að hann gæti orðið fluttur á kostnað landssjóðs. — Nægar upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir, svo það er undir þinginu komið, hvort það verður samþykkt eða ekki. En nefndin álítur þennan gjaldlið ekki lögheimilan.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg vil leyfa mjer að víkja nokkrum orðum að því atriði, sem hinn háttv. framsm. talaði seinast um í ræðu sinni, og sem hann vill láta leita um sjerstaks úrskurðar deildarinnar. Mjer er kunnugra um þetta mál, en hæstv. ráðh., því að það var komið fyrir áður en hann tók við stjórn.

Þessar 75 kr., sem hjer er um að ræða, voru borgaðar fyrir flutning á holdsveikum sjúklingi frá Sljettuhreppi hingað til Laugarnesspítala. Sjúklingur þessi var að vísu ekki sveitarómagi, en allsendis efnalaus. Hlutaðeigandi hjeraðslæknir skoðaði manninn, og ljet það álit sitt í ljósi, að sjúkdómurinn væri orðinn hættulegur öðrum, og nauðsynlegt eptir atvikum, að sjúklingurinn yrði sem fyrst fluttur á holdsveikraspítalann. Hreppsnefndin skarst þá þegar í leikinn eða rjettara hreppsnefndaroddvitinn og ljet þegar flytja hann suður. Ef formlega hefði verið að farið, þá hefði hreppsnefndin, eins og háttv. framsm. segir, átt að fá fyrirskipun amtsins um þetta, samkvæmt 8. gr. laga 4. febr. 1898. um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala, en enginn efi gat á því leikið, að amtmaður mundi hafa fyrirskipað flutninginn, En með því móti hefði það dregizt allt of lengi með flutning sjúklingsins, svo að hreppurinn rjeðst í að borga flutninginn í von um að fá kostnaðiun endurgoldinn af landssjóði. Mjer finnst ekki rjett, að hanga hjer of mikið í bókstafnum. Jeg tel hreppsnefndaroddvitann hafa breytt rjett, að öðru leyti en því, að hann hefði átt að fá samþykki amtsins eptir á, en það finnst mjer eigi svo mikil synd, að hann ljet þetta undanfalla, að hann eigi þessvegna að borga sjálfur flutningskostnaðinn. Jeg hygg, að það hafi verið rjett að greiða umræddar 75 kr. úr landssjóði, og legg svo til að við svo búið sje látið standa.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Hinn háttv. framsm. nefndarinnar (Ól. Br.) gjörði ekki miklar athugasemdir við tillögur yfirskoðunarmanna landsreikninganna; það voru eiginlega að eins 2 athugasemdir, sem hann gjörði og sem jeg síðar mun víkja að.

Sem annar yfirskoðunarmaður er

jeg nefndinni þakklátur fyrir, hvernig hún hefur tekið undir okkar tillögur. Hún hefur aðhyllzt þær flestar, þar á meðal nær allar þær, er fóru fram á, að umframgreiðslur, þótt smáar sjeu, skuli teknar á fjáraukalög, sem stjórnin færðist undan að gjöra. Þetta er líka alveg rjett stefna, þótt um litlar fjárupphæðir sje að ræða. Að þessu leyti hefur nefndin alveg fallizt á ástæður okkar yfirskoðunarmanna í þessu atriði.

Einstöku smátillögum yfirskoðunarmannanna hefur nefndin vikið frá. Í athugasemdunum við landsreikninginn fyrir 1902 höfum við lauslega vikið að því, hvort ekki væri æskilegt, að færa verð alþingistíðindanna nokkuð niður, en þetta hefur nefndinni ekki þótt þurfa og fundizt verðið nógu lágt. En fyrir okkur vakti, að ef verðið væri fært niður úr 3 krónum á yngri árgöngunum (hinir eldri munu seljast með niðursettu verði), þá mundi það auka útbreiðslu þeirra meðal almennings, og það væri æskilegt. En jeg sje ekki ástæðu til að gjöra þetta að neinu áherzluatriði.

Mjer þykir vænt um, að nefndin er samþykk tillögum okkar viðvíkjandi lánum, sem veitt eru úr viðlagasjóði, nefnilega að þau sjeu ekki veitt án skýlausrar heimildar í fjárlögunum. Það virðist heldur engin knýjandi nauðsyn til þess, úr því að nú er orðið svo auðvelt að fá lán annarsstaðar. Þá fellst og nefndin á þá tillögu okkar, að lánum, sem veitt eru úr viðlagasjóði gegn veði í húseignum í Rvík, skuli sagt upp með missirisfyrirvara. Það virðist engin ástæða vera til þess, að veita t. d. efnuðum mönnum hjer í Reykjavík sjerstök hlunnindi, eins og þeim nú eru veitt með þessum afborgunarlausu lánum úr landssjóði. Nú hagar einnig öðruvísi til en áður, er flest lán þessi voru tekin, því að nú er orðinn svo greiður aðgangur að lánsstofnunum hjer í bænum. En aðalástæðan til þessarar breytingar er sú, að landssjóður má ekki binda fje sitt í miður hagkvæmum lánum.

Út af athugasemdum okkar við landsreikninginn fyrir 1903 (Tekjubálk I. 21) getur nefndin þess í áliti sínu, að því hafi verið hreyft nú á þingi í sambandi við tollmálið, að rjett væri að leggja skatt á innlenda vindlagjörð. En þessu sama atriði er einmitt hreyft í athugasemdum okkar og tekið fram í okkar tillögum, áður en þetta kom til tals við tollmálið hjer í deildinni; þetta hefur nefndin ekki athugað, en þessa hefði vel mátt geta, um leið og hún gat þess, að við hefðum vikið að endurskoðun tolllaganna 8. nóv. 1901, að því er tollendurgreiðslu snertir.

Viðvíkjandi fjárveitingunni til vitans á Reykjanesi (nefndarálit, flgskj. 169, II. 16) vil jeg geta þess, að í fjárlögunum fyrir 1902—1903, var vitaverðinum veitt 200 kr. persónuleg launauppbót á ári; Jón vitavörður Gunnlaugsson deyr seint á árinu 1902, svo að af þessum 200 kr. voru þá ekki borgaðar nema 166 kr., og sparast þá það ár 34 kr. og öll upphæðin 200 kr., síðara árið, og í landsreikningnum hefur öll hin veitta upphæð í fjárlögunum til vitans, alls 2,480 kr., verið talin, en í þeirri upphæð eru þassar 200 kr. fólgnar og í því liggur skekkjan. Spurningin er þá um, hvort stjórnin hafi þá ekki haft heimild til að verja þessum spöruðu 200 kr. til annara nauðsynlegra útgjalda vitans. *(Guðl. Guðmundsson:* Nei).

Í athugasemdunum fyrir árið 1903 höfum við skotið því undir úrskurð fjárveitingarvaldsins, hvort ekki væri

rjettast, að taka þá upphæð til aukafjárveitingar, sem varið hefur verið á árunum 1902—1903 til útrýmingar fjárkláða, fram yfir hina ákveðnu fjárveiting. Nefndin hefur fallizt á þessa tillögu, og er jeg henni þakklátur fyrir það, einkum vegna þess, að stjórnin hafði sjerstaklega haft á móti því, að taka þessa upphæð í fjáraukalög, og skirskotaði í nefndarálit kláðanefndarinnar í Nd. á alþingi 1903, en við endurskoðunarmennirnir hjeldum því fram, að yfirlýsingar í nefndaráliti væru allt annað en ákveðin fjárveiting, og þá skoðun okkar hefur landsreikninganefndin algjörlega aðhyllzt.

Jeg hef nú ekki meira að athuga við nefndarálitið í heild sinni, en vil nú víkja að þeim tveimur athugasemdum, sem hinn hv. frmsm. (Ól. Br.) fann að, og gjörði töluvert veður úr.

Þessar tvær athugasemdir eru líka einmitt þær hinar sömu, sem stjórnin tók nokkuð óstinnt upp fyrir okkur endurskoðunarmönnum, þótt lítil ástæða væri til, því að þær eru harla meinlausar í sjálfu sjer. Hin fyrri er áhrærandi burðareyri undir embættisbrjef, og þykir mjer rjettast, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp athugasemd okkar um þetta með svari ráðherrans og ástæðum fyrir tillögu okkar. (Háttv. sessunautur minn [L. H. B.] hefur slengt reikningunum saman fyrir mjer, en jeg skal samt finna þetta fljótlega). Þetta ódæði hljóðar þá þannig:

Athugasemdir yfirskoðunarmanna (Landsr. 1902):

Gjaldabálkur 17. gr.

»3. Umframgreiðsla á endurgjaldi handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef hefur orðið . . . . . kr. 1191,93

Umframgreiðslan á þessum gjaldlið er í þetta skipti í allra hæsta lagi, en hefur líklega verið rjettmæt og nauðsynleg. En samt viljum vjer leyfa oss að spyrja um, hvort nægilegt og fulltryggilegt eptirlit sje haft með því af hálfu stjórnarinnar, að embættismenn geti ekki vanbrúkað þennan rjett sinn, sjeu þeir t. d. sýktir af hinum almenna »frímerkjafeber«, eins og svo margir góðir menn eru«.

(*Lárus H. Bjarnason*: Svarið). Svar ráðherrans — nú samt undirstrykað af háttv. sessunaut [L. H. B.] — er svo hljóðandi:

»3. Að endurgjald handa embættismönnum og sýslunarmönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef hafi þetta ár farið fram úr áætlun er ekki óeðlilegt, því að bæði gekk í gildi á árinu ný reglugjörð um notkun þjónustufrímerkja, og fjell til útgjalda mikið af kostnaði við sendingu með póstum á manntalsskýrslunum í tilefni af manntalinu 1. nóv. 1901«. (*Lárus H. Bjarnason:* Meira). Háttv. sessunautur skal fá að heyra það allt saman.

»Hefði verið nærgætnara að athuga þetta, heldur en koma með alveg ástæðulausa og nærgöngula aðdróttun til embættismanna«.

Og svo vil jeg síðast leyfa mjer að lesa upp svar okkar yfirskoðunarmanna upp á svar ráðherrans í sambandi við tillögu okkar. Það er svo hljóðandi:

3. »Svarið er nokkurn veginn fullnægjandi, að því er snertir skýringuna á því, hvers vegna burðareyrir undir embættisbrjef hefur svo mjög farið fram úr fjárveitingu í þetta sinn. En hins vegar þóttumst við hafa fullan rjett til að vekja eptirtekt á því, að þessi útgjaldaliður í fjárlögunum sje ekki rjetthærri en hver annar, og að minnast mætti á hann í þá átt, að æskilegt væri að eptirlitið með slík-

um greiðslum væri sem bezt, eins og hverjum öðrum útgjöldum, og í því lá ekki nein »ástæðulaus eða nærgöngul aðdróttun til embættismanna«. En hins vegar verður því ekki neitað, að eptirlitið, sem unnt er að hafa með þessu, er mjög ófullnægjandi, og menn verða því að reiða sig á samvizkusemi hvers embættismanns, að hann vanbrúki ekki þennan rjett, enda vonum við, að það sje óhætt, og þykir ekki ástæða til að gjöra frekari tillögur um það efni.

En það er hins vegar undir fjárveitingarvaldinu komið, hvort það vill samþykkja þá ofborgun, kr. 1191,93, er orðið hefur á þessum lið«.

Þetta er allt það, sem gjört er veður út af, og með þessu er fyllilega svarað öllum ummælum háttv. framsm. (Ól. Br.); hjer er ekki vikið á annað, en að haft sje eptirlit með þessu, það er að eins vakin eptirtekt á, hversu mikil umframgreiðsla hafi orðið á þessum gjaldlið, og að hann þurfi athugunar við, eins og aðrir gjaldaliðir; sje að því leyti ekki rjetthærri en aðrir; en hjer í felst engin aðdróttun til embættismanna, að þeir svíki.

Skylt þessu eru sóttvarnarreikningar læknanna. Eins og við hitt, vikum við að því, hve kostnaðurinn væri mikill, eins og vonlegt var vegna skarlatssóttarinnar. Við efumst um, að eptirlitið meðþessum reikningum sje fulltryggilegt, og því gjörðum við fyrirspurn um það, en fengum ófullnægjandi svar. Því er nú einu sinni svo varið, að eptirlitið er ekki fullnægjandi, en það má sjálfsagt treysta því, að læknarnir noti sjer það ekki. Jeg get ekki sjeð, að við yfirskoðunarmenn eigum nokkra ofanígjöf skilið, þótt við dræpum lauslega á þessi tvö atriði. Það er auðvitað rjett frá nefndarinnar sjónarmiði, að víta það, er henni finnst aðfinnsluvert; »kritíken« er þar að sjálfsögðu efst á baugi, en vel hefði jafnframt háttv. framsm. mátt geta þess, er honum líkaði vel, enda hefur það að vísu verið gjört í nefndarálitinu.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætla ekki að grípa fram fyrir hendur háttv. framsm., en vil að eins víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Vestm. (J. M.) og háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.).

Gagnvart háttv. þm. Vestm. vil jeg segja það, að það kom ljóst fram í ræðu hans, að þessar 75 kr., er greiddar voru fyrir flutning hins holdsveika manns, hafi verið greiddar án þess, að lögleg skilyrði væru fyrir hendi. Það er á þingsins valdi, hvort það samþykkir þessa lögleysu; landsreikninganefndin leggur til, að það sje ekki gjört. Hreppsnefndin á að endurgjalda landssjóði aptur þessa upphæð.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), tók þessar athugasemdir viðvíkjandi hinum einstöku reikningum, sem nefndin gjörði — utan nefndarálits — sem ávítanir persónulegar, en það er ekki rjett skilið; það eru ekki ávítanir þótt vakið sje máls á því, að eitt eða tvö atriði mættu betur fara. Það er tekið fram fyrir endurskoðendur eptirleiðis, en er ekki ávítun til þessara manna, sem enn eru nýjir og óreyndir. En af þessu koma þeir með athugasemdir, sem gjarnan hefði mátt sleppa. Það var þeim í sjálfsvald sett, að heimta af landsstjórninni þá reikninga, sem þeir þurftu til þess að byggja ekki athugasemdir sínar í lausu lopti. Að því, er burðareyri snertir, lítur út fyrir, að yfirskoðunarmennirnir hafi ekki verið vel kunnugir, hvernig háttar til með hann. Reikningar um burðareyri eru aldrei teknir gildir nema

þeim fylgi kvittanir frá póstafgreiðslumönnum. Það var yfirskoðarmönnum svo innan handar að heimta fram alla reikninga og fylgiskjöl og fá á pósthúsinu skilagrein fyrir frímerkjasölunni. Þegar þeir höfðu fengið þessi skjöl, þá gátu þeir rannsakað reikningana. En þeir hafa ekki gjört það, heldur gjört athugasemdir í lausu lopti um það, sem þeir voru skyldir til að rannsaka.

Sama er að segja um athugasemdir þeirra við reikninga læknanna; ef þeir hefðu fundið eitthvað athugavert við þá, áttu þeir auðvitað að geta um það; en þeir hafa ekkert skeytt um að rannsaka þá, bara kastað fram þessum athugasemdum í blindni.

Að því er snertir þær 75 kr., sem á reikningunum eru, þá er það ekki svo mjög vegna upphæðarinnar sem þess, að jeg vil ekki, að því »principi« sje raskað, að greiða ekkert það úr landssjóði, sem ekki eru bein lög fyrir, að jeg er á móti því, að þær sjeu samþykktar.

Jón Magnússon (þm. Vestm.). Það er alveg rjett, sem háttv. þm. V.-Sk. sagði, að þessar 75 kr. fyrir flutning holdsveiklingsins voru greiddar án þess full lögmæt skilyrði væru fyrir hendi, en hitt tel jeg efasamt, að rjett sje hjá honum, að hreppssjóður þurfi að borga kostnaðinn. Eigi landssjóður ekki að greiða hann, þá á hreppssjóður því síður að gjöra það. Samkvæmt lögum 4. febr. 1898 á hreppssjóður að eins að greiða þann kostnað, sem leiðir af flutningi þeirra holdsveikra manna, sem á sveit eru. Þess vegna er jeg hræddur um, að ef farið verður fram á, að kostnaðurinn verði endurgoldinn, þá verði oddviti sjálfur að borga hann. En það var í rauninni alveg rjett og skynsamlegt af oddvita, að bregða svo skjótt við, og þess vegna á hann það ekki skilið, að kostnaðurinn lendi á honum. Jeg vona, að háttv. deild líti meira á skynsamlega framkvæmd oddvitans, en nokkurn formgalla hjá honum, ólögfróðum manni.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg bjóst einmitt við hvin úr þessari átt, sem raun varð líka á, að hann kom úr, sem sje frá háttv. þm. V.-Sk.

En ummæli hans voru ekki á nægum rökum byggð. Það lítur út, eins og hann ætlist til, að yfirskoðunarmenn heimti fram sjerreikninga fyrir hverju atriði, sem þeir gjöra athugasemd um. Það hafa fyrri yfirskoðunarmenn ekki gjört, enda er það optast óþarft, af því að hin prentuðu fylgiskjöl eru optast nægileg. Við höfðum ekki hugsað okkur, að fara að sanna neina sök upp á embættismenn, og heimtuðum því enga sjerreikninga, enda vissum við, að þótt við hefðum fengið þessa reikninga og reynt að rannsaka þá nákvæmlega, þá er því svo varið, að við hefðum alls ekki getað staðhæft neitt um, hvort svik hefðu verið í frammi höfð eða ekki.

Það verður að vera komið undir dánumennsku hvers eins, hvort hann gefur rjettan reikning í þessu efni, bæði að því er burðareyri og sóttvarnarkostnað snertir. Það er lítt eða ekki unnt, að »kontrollera« það.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg ætla að eins að víkja að till. þeirri, sem nefndin hefur aðhyllzt, að engin lán væru framar veitt úr viðlagasjóði, nema samkvæmt skýlausri heimild í fjárlögunum. Það hefur verið margra ára föst venja, að embættismönnum hefur verið veitt lán út á húseignir, sem þeir hafa haft til íbúðar, og þannig hefur það orðið nokkurs konar forrjettur embættismanna, að sitja fyrir með lán úr viðlagasjóði, til að koma sjer upp embættisbústað, en svo fram-

arlega, sem engin andmæli koma fram móti þessari till., verður afleiðingin sú, að þessi forrjettur embættismanna er afnuminn. Þetta kom til athugunar í nefndinni, og það þótti engin ástæða til að halda þessum forrjetti, þar sem embættismenn eiga jafnan kost og aðrir, til þess að fá lán út á húseignir í bönkum landsins.

Út af orðum háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), um hina miklu umframgreiðslu á endurgjaldi handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef 1902 og 1903, vil jeg benda honum á, að orsakirnar til þess eru raktar í nefndarálitinu.

Það er kunnugt, að á þessu tímabili breyttist venja sú, sem áður tíðkaðist, að póstsendingar fóru frá einu pósthúsi til annars frímerkjalausar, en um það bil, sem nýju póstlögin komu í gildi, var tekin upp sú regla, að nota þjónustufrímerki til þeirra sendinga.

En það eru ekki bein útgjöld fyrir landssjóð, það er tekið úr einum vasanum og borgað í hinn; kostnaðurinn fyrir landssjóð er ekki innifalinn í öðru en prentun á frímerkjunum, með því landssjóður fær borgun fyrir þjónustufrímerkin eins og önnur póstfrímerki, um leið og þau eru keypt á pósthúsunum.

Ráðherrann: Út af því, sem háttv. framsm. sagði seinast um lán til embættismanna út á húseignir, skal jeg taka það fram, að það gæti þó í vissum tilfellum verið ástæða til þess, að embættismenn hefðu forrjett til láns úr landssjóði til húsbygginga, sjerstaklega embættismenn út um landið, sem skipað er að búa á einhverjum vissum tilteknum stað, þar sem ef til vill ekkert húsnæði er að fá, og það getur auðvitað opt verið þeim mjög í óhag; þeir geta þurft að byggja eða kosta miklu til á annan hátt. Þegar slíkt leiðir af opinberum fyrirskipunum — t. d. breyting á læknishjeraði eða því líku, þá finnst mjer það ekki nema sanngjarnt, þó lítið eitt sje hlaupið undir bagga með þeim, til þess að útvega þeim hagfelt og ódýrt lán. Ef engin hefur á móti því, vildi jeg því mega líta svo á, að heimilt væri, þegar sjerstaklega stendur á í þessu efni, til að veita húsbyggingalán embættismönnum, einkum til sveita.

Guðmundur Björnsson: Jeg get ekki leitt það hjá mjer, að minnast nokkrum orðum á eina aths. endurskoðunarmannanna, það er aths. við 11. gr., að sóttvarnar-reikningar læknanna hafi verið of háir; jeg tek undir með háttv. þm. V-Sk., að slík ummæli eru alveg órjettmæt; það er skylda endurskoðunarmanna að rannsaka þess konar mál. Eins og þetta liggur fyrir, kastar það skugga á heila stjett embættismanna, læknastjettina. Jeg álít það alveg óviðurkvæmilegt og ósæmilegt að koma fram með slíkar ásakanir, án þess að færa sönnur fyrir máli sínu. Mjer væri ekkert kærara, en að mínir reikningar væru skoðaðir; jeg uni ekki við það mótmælalaust, að slíkt sje sett á prent um læknastjettina í heild sinni. Jeg er fyrnefndum háttv. þm. samdóma um það, að þetta ætti að vera bending til endurskoðunarmanna framvegvegis, um að fara ekki þannig að ráði sínu.

Að því er snertir þessar 75 kr., sem greiddar hafa verið fyrir flutning holdsveiks manns, þá held jeg, að háttv. deild ætti ekki að gjöra þær að þrasmáli, heldur borga þær úr landssjóði. Hjer er verið að ræða um stofnun, holdsveikraspítalann, sem á að losa þjóðina við þennan herfilegasta sjúkdóm, sem til er í heiminum, og þingið má ekki skera of mikið við nögl

sjer, eða gjöra sjúklingum að nokkru leyti erfitt fyrir að komast á spítalann. Því meira, sem sjúklingunum er gjört í hag, því meiri aðsókn verður að spítalanum. Jeg mæli með því, að ekki sje farið að heimta þessar 75 kr. endurgoldnar af viðkomandi hreppi.

Guðlaugur Guðmundsson: Jeg hef litlu að svara háttv. 1. þm. Árnesinga. Hvernig embættismenn gætu fengið endurgoldna meiri upphæð, heldur en þeir hafa látið úti og hafa kvittun fyrir, get jeg ekki skilið, nema að þeir hafi falsað kvittun, eða stolið frímerkjunum. Það eru engir aðrir vegir til. Sýslumenn og póststjórn, og allir þeir, sem þjónustufrímerki nota, eru vændir um fals eða svik. Háttv. þm. hefur kannske ekki vitað, hvað hann meinti, en það er ómögulegt að taka það á annan veg.

Það, sem veldur þessari miklu umframgreiðslu, er það, að 1. júlí 1902 kemur ný reglugjörð, sem leiðir af sjer töluverða hækkun. Það eru fleiri atriði, sem gjöra það að verkum. Það eru fleiri, sem nota þjónustufrímerkin. Ábyrgðargjald fyrir sendingar, sem eru minni en 300 kr. virði, færist úr 5 og upp í 16 aura. Það er 11 aura hækkun á hverri sending. Þetta hefðu háttv. endurskoðunarmenn átt að vita, þá hefðu þeir ekki hleypt þessu af stokkunum (H. Þ. Við vissum það vel), Því trúi jeg ekki, því þá hefðu þeir gjört þessar getsakir á móti betri vitund. Jeg trúi ekki háttv. þingmanni!

Hvað snertir þessar 75 kr., skal jeg að vísu ekki gjöra þær að þrasmáli. En jeg álít þó rjett, að telja þær talsvert eptir, eða að minnsta kosti geta þess, að þó landsjóður sje látinn borga þær í þetta sinn, muni hann aldrei verða látinn gjöra slíkt framar.

ATKVGR. Tekjuliður 1—24 samþ. í e.-h. Brt. á þingskj. 171 felld með 18 atkv. gegn 4. Gjaldaliður 1—12 samþ. í e. h. Gjaldaliður 13—16 samþ. í e. h.

Málinu vísað til 3. umr. í e. h.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 31. júlí var frv. tekið til 3. umr. (A. 253), og var það umræðulaust samþ. í einu hlj. og síðan afgreitt til forseta Ed. með tilmælum um, að leggja það fyrir deildina.

Á 27. fundi í Ed. föstudaginn 4. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 253).

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að máli þessu sje vísað til fjármálanefndarinnar, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillagan um að vísa málinu til fjármálanefndarinnar felld með 7 : 5 atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 7. ágúst kom frumv. til 2. umr., og tók enginn til máls.

ATKVGR.: Tekjuliðir frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Gjaldaliðir frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Aths. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Ed. mánudaginn 14. ág. kom frumv. til 3. umr. Enginn tók til máls, og var frv. í heild sinni samþ. með 9 atkv. samhlj., og frumv. síðan afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

IV. Fjáraukalög fyrir árin 1902 og 1903.

Á þriðja fundi Nd., þriðjudaginn 4. júlí var frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1902 og 1903 tekið til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.) stakk upp á því, að málið gengi til 2. umr., og því síðan vísað til reikningslaganefndarinnar.

Hvorttveggja samþ. umræðulaust í e. hlj.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frv., A. n. 170).

Framsögumaður (Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.): Það er nú fátt, sem jeg hef að bæta við nefndarálitið. Það var að eins eitt atriði, sem nefndin var í vafa um, nfl. hvernig hún ætti að snúa sjer viðvíkjandi 7. gr. fjáraukalaganna, þar sem farið er fram á, að veittar verði 640 kr. 26 aur. til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði í viðbót við áðurveittar 4,000 kr.

Nefndin varð þess nfl. áskynja, að húsið væri ekki lengur til, það væri fokið í stormi, er gjörði næstliðinn vetur, og þótti henni óviðkunnanlegt, að veita fje til húss, sem komið er út í veður og vind. Nefndin leitaði upplýsinga hjá stjórnarráðinu og víðar, en gat að vísu ekki fengið þær fullnægjandi, og þótti þó ekki fært eptir atvikum að fara fram á, að láta endurborga þetta, nje gjöra ábyrgð gildandi á hendur stjórninni fyrir það. Nefndinni er að vísu kunnugt um, að það er heldur stormasamt á Seyðisfirði, en henni var þó ekki fullljóst, hver orsökin var til þess, að þetta hús landssjóðsins skyldi fjúka fremur en aðrar byggingar, og væntir hún þess, að fram komi ýtarlegri skýringar á því við umræður hjer í deildinni.

Jeg skal geta þess, að afleiðingin af atkvæðagreiðslu þeirri, sem nú er nýfarin fram um samþykkt á landsreikningunum er sú, að niður fellur breyt.-till. nefndarinnar við fjáraukalögin tölul. 5. Sömuleiðis er tekin aptur breyt.till. við tölul. 3. Að því er þá breyt.till. snertir, skal þess getið, að á fjárlögunum var reyndar að eins veittur ferðastyrkur handa einu læknisefni, sem er lögákveðinn 300 kr., en með því læknaefnin, sem áttu tilkall til ferðastyrksins urðu 2, leiddi það af sjálfu sjer, að upphæðin hlaut að aukast um helming, upp í 600 kr., og af því þetta er lögákveðið gjald, er óþarfi að taka það inn á fjáraukalög.

Loks er ein upphæð í 5. gr. fjáraukalaganna, um bókakaup til prestaskólans 1902 sem urðu 182 kr. 70 aur. hærri en veitt var. Nefndin áleit raunar enga þörf á að fara fram yfir þær 300 kr., sem veittar voru til þessa, en hún hefur fengið upplýsingu um, að það sem brúkað var umfram þessa upphæð, hefur sparazt árið áður (1901), svo þessa umframgreiðslu má skoða sem nokkurskonar uppbót fyrir það, sem vanborgað var undanfarandi ár.

Að endingu skal jeg geta þess, að nefndin hefur viljað fylgja sömu stefnu og yfirskoðunarmenn landsreikninganna í því, að taka á fjáraukalögin allar þær upphæðir, sem ekki væri skýlaus lagaheimild fyrir, en þetta gjörði nefndin til þess, að gefa ekki stjórninni á neinn hátt undir fótinn með það, að hún mætti fara út fyrir fjárlögin.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Líklega mun sú athugasemd háttv. nefndar í áliti hennar, að það muni hafa verið fyrir vanrækslu eða handvömm, að sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði fauk,

beinast að landsstjórninni, og þá má ske einkum að yfirvaldinu á staðnum, bæjarfógetanum. Jeg finn skyldu mína til að lýsa yfir því, að þetta er ekki að kenna neinni vanrækslu eða handvömm bæjarfógetans á Seyðisfirði, og ekki getur hjer nein sök bitnað á hinni núverandi stjórn. Að öðru leyti skal jeg leyfa mjer að skýra þetta mál nokkru nánara.

Til framkvæmda á fyrirmælum sóttvarnarlaganna frá 6. nóvbr. 1902, 6. gr., — um að sóttvarnarhús skuli vera til í hverjum kaupstað landsins —, var á fjáraukalögum fyrir 1902 og 1903, samþykktum á alþingi 1902, veitt 4,000 kr. upphæð til sóttvarnarhúss á Akureyri. Eins og kunnugt er, hafði Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson aðstoðað stjórnina við samning þessara sóttvarnarlaga, og í ýmsu verið ráðunautur hennar, að því er heilbrigðismál snertir. Af hálfu landshöfðingja var því leitað ráða nefnds læknis um það, hvernig þessari upphæð yrði bezt varið eptir tilgangi sínum.

Taldi hann ráðlegast, úr því upphæðin væri ekki meiri, að reyna að bjargast við svonefnt »Döckers«-skýli. Þetta var þá tekið til ráðs, þess farið á leit við konsúl Thomsen hjer á staðnum, að hann pantaði »Döckers«-skýli hæfilega stórt frá Þýzkalandi, og fjekkst það fyrir lítið eitt meira en 4,000 kr. Af því Guðm. læknir Björnsson þannig hafði verið þáverandi stjórn hjálplegur og var talinn manna fróðastur um þessa hluti, þá var hann af þáverandi stjórn (landshöfðingja) beðinn að skrifa hjeraðslæknínum á Seyðisfirði um, hvernig bezt væri að fara með skýlið, og var það tilætlunin, að það yrði ekki sett upp þegar, heldur væri efnið í skýlið sjálft geymt í einhverju húsi (vörugeymsluhúsi), en að eins hlaðinn undir það grunnur, svo hægt væri að setja það upp, hvenær sem á þyrfti að halda. Jafnframt var bæjarfógetinn á Seyðisfirði beðinn að taka á móti húsinu og ráðstafa því eptir tillögum hjeraðslæknisins á Seyðisfirði. Hver brjef farið hafi milli Guðmundar hjeraðslæknis Björnssonar og hjeraðslæknisins á Seyðisfirði, veit jeg ekki, en húsið var sett upp eptir ráði hjeraðslæknis þessa, grunnur hlaðinn undir það fyrst, og það síðan stjórað niður, eins og sjest á lýsingunni í brjefi bæjarfógetans 10. nóv. 1904, og var húsið að öllu leyti fullgjört, nema hvað það var ójárnklætt, en það lagði bæjarfógeti til í nefndu brjefi, að gjört yrði. Áður en það yrði gjört, fauk húsið, því 14. jan.; skýrir bæjarfógetinn frá því í brjefi, að húsið sje fokið, og þó hafi verið fullsæmilega gengið frá því. Svona liggur nú í þessu máli og getur vel verið, að þannig löguð skýli geti ekki staðið á Seyðisfirði, sje þar veðrasamara en annarsstaðar.

Sumir telja það ef til vill heppilegt, að húsið fauk tómt, áður en sjúklingar voru komnir í það, en þá hefði það ef til vill ekki fokið, því það eru dæmi til þess hjer í Reykjavík, að hús fjúka tóm, en jeg þekki ekkert dæmi til, að hús hafi fokið hjer eptir að fólk er flutt í þau.

Það mætti segja, að fyrverandi stjórn hafi farið nokkuð freklega í fjárframlögin, og að það hefði ef til vill verið betra að byggja þar timburhús fyrir 4,000 kr., en þess ber að gæta, að slíkt skýli, sem sett var upp á Seyðisfirði, er þannig úr garði gjört, að auðvelt var að sótthreinsa það, en aptur er það um almenn timburhús að segja í þessu sambandi, að komist sumar skæðar sóttir í þau, þá er ómögulegt að sótthreinsa þau, svo að sú einasta

tryggilega sótthreinsun á þeim er að brenna þau.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg var nú raunar dauður við umr. í málinu á undan, (um landsreikningana), en nú get jeg risið upp aptur við umr. í þessu máli. Einmitt af því að í 2. gr. nefndarálitsins um fjáraukalagafrumv. (þgskj. 170) er einmitt svar upp á hina síðari ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), um landsreikningafrumv. Háttv. framsm. sagði í þeirri ræðu sinni, að umframgreiðslan í fjárlögunum áhrærandi burðareyri hefði *eingöngu* verið vegna nýju póstlaganna 1901, og óþarft hefði verið af okkur yfirskoðunarmönnum að gjöra nokkra athugasemd um þetta. En í nefndarálitinu á þgskj. 170, sem háttv. þm. hefur skrifað undir, stendur, að það sje *meðfram* af breytingu á póstlögunum, og þó *einkum* af því að frímerki hafa verið meira notuð í þarfir póststjórnarinnar, en áður tíðkaðist, að endurgjald fyrir burðareyri hafi farið svo mjög fram úr áætlun bæði árin 1902 og 1903 (þ. e. 1,191 kr. 93 a. 1902 og 2,333 kr. 77 a. 1903). Það var sjálfsagt af okkur yfirskoðunarmönnum, að vekja máls á þessari miklu umframgreiðslu, af hverju sem hún stafaði. En eins og jeg hef áður getið um, þá höfðum við aldrei hugsað okkur að rannsaka burðareyrisreikninga embættismanna; vissum. að það mundi verða árangurslaust verk.

Að því er tillögurnar í þessu nefndaráliti snertir, þá hef jeg ekki neitt um þær að segja, þær eru í fullu samræmi við tillögur okkar og uppástungur.

Við fjáraukalög stjórnarinnar er það að athuga, að þar er prentvilla í 5. gr.; þar standa 522 kr. 14. a. kr. en eiga að vera 522 kr., 13 a. eins og sjá má á samlagningunni.

Guðm. Björnsson, (2. þm. Rvk.); Af því mín var getið í sambandi við sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði, skal jeg leyfa mjer að bæta svolitlu við skýrslu háttv. þm. Vestm, (J. M.) í málinu. Ef um það er að ræða, á hvern sökin fyrir að húsið fauk, á að falla, þá er ekki að ásaka yfirvaldið á Seyðisfirði um það, en vilji menn endilega ásaka einhvern fyrir það, skal jeg gjarnan taka á móti þeirri ásökun, því það var að mínum ráðum gjört, að svona hús var keypt, en jeg tek aðeins á móti ásökun þessari til þess að láta hana berast og skila henni aptur til hins rjetta hlutaðeiganda, hinnar háttv. þingdeildar, því það liggur í angum uppi, að þegar aðeins eru veittar 4,000 kr., þá er ekki hægt að byggja sóttvarnarhús svo í nokkru lagi sje. Sóttvarnarhús þurfa að vera, að ýmsu leyti, allt öðru vísi en önnur sjúkrahús; það þarf að vera mjög auðvelt að sótthreinsa þau. Fyrir 4,000 kr. er ómögulegt að reisa slík hús. Mjer var á hinn bóginn kunnugt, að þessir »Döckers«-skálar eru mikið brúkaðir víða um lönd, tíðast yfir sjúklinga, sjerstaklega þegar næmar sóttir koma upp, og þörf er á meira rúmi, en til er á sjúkrahúsum. Eru skálar þessir einkar vel til þess fallnir, af því að auðvelt er að sótthreinsa þá, og þess vegna rjeði jeg til þess að útvega þannig lagað sjúkraskýli. Jeg ætlaðist til, að það yrði keypt, en þó ekki sett upp fyr en á þyrfti að halda, og hugði jeg, að það með því móti gæti endzt langa lengi, úr því það væri svo sjaldan notað. Jeg var beðinn um að skrifa hjeraðslækninum á Seyðisfirði og tók það fram, að mig minnir, í því brjefi, að setja ekki skýlið upp, nema til reynslu, svo jeg veit ekki, hvers vegna það var látið standa fram á vetur.

Ekki veit jeg heldur, hversu vandlega það var sett niður, en það hefur líklega verið gjört eins vel og unnt var; það er varla veðrasamara á Seyðisfirði, en í öðrum löndum, svo að ekki þurfti það að fjúka fyrir þá sök. En mjer hefur verið sagt, að húsið hafi að vísu verið strengt niður, en með þverstrengjum yfir mæninn í stað þess að það tiðkast í öðrum löndum, að stjóra húsið niður á hornum upp við þakbrúnirnar.

En ástæðan fyrir því, að jeg stóð upp, var nú raunar ekki sú, að bera neitt blak af mjer fyrir þessar aðgjörðir, heldur vildi jeg leyfa mjer að brýna það fyrir hinni háttv. þingd., að hve nær sem til þess kemur, að reisa sóttvarnarhús hjer eða annarsstaðar, þá nær það engri átt, að nýtilegt sóttvarnarhús fáist fyrir einar 4,000 kr., það er ómögulegt.

ATKVGR.: 2. gr. samþ. í einu hlj.

Viðaukatill. við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

3. gr. samþ. í einu hlj.

4. gr. samþ. í einu hlj.

Viðaukatill. við 4. gr. sömul.

Breyt.till. við 5. gr. 3. lið tekin aptur, en breyt.till. við 4. lið 5. gr. samþ.

5. gr. samþ. í einu hlj. með áorðnum breyt.

6. gr. samþ. í einu hlj.

7. gr. samþ. í einu hlj.

Viðaukatill., sem verður 8. gr. frv., samþ. í einu hlj.

1. gr. álitst samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 25. fundi Nd. mánudaginn 31. júlí kom frv. til 3. umr. (A. 206).

Framsögumaður (Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.): Jeg hef orðið þess var, að ummæli reikningslaganefndarinnar um 7. gr. fjáraukalagafrv. hafa af sumum verið skilin svo, að í þeim lægi ásökun til bæjarfógetans á Seyðisfirði fyrir það, að sóttvarnarhúsið hafi fokið; en jeg vil taka það skýrt fram, að nefndin hefur aldrei álitið, að svo væri, enda var það líka upplýst við 2. umr. þessa máls, að bæjarfógetinn á hjer enga sök. Eptir að málið var til 2. umr., hefur nefndin átt kost á að sjá brjef, sem farið hafa milli bæjarfógetans og stjórnarinnar, snertandi þetta mál, og sanna þau ljóslega það, sem hjer hefur verið tekið fram.

Út af orðum hins háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) við 2. umr. þessa máls vil jeg taka það fram, að jeg get ekki fallizt á skoðun hans, þar sem hann áleit, að þingið ætt sök á því, að svo hraparlega tókst til með hús þetta. Þessa skoðun sína rökstuddi hann með því, að þingið hefði veitt allt of lítið fje til þess að byggja þetta hús, svo að nokkurt lag væri á, því að einar 4000 kr. væri hvergi nærri nægileg fjárveiting til þessa.

Látum þá svo vera, að þetta fje hafi verið ónógt; en þá voru tveir vegir stjórninni fyrir hendi:

Annaðhvort að brúka meira fje en veitt var, enda hefur það líka verið gjört í þessu tilfelli, þó að sjálfsagt hefði þurft meira, eða — eins og hjer hefði verið hið eina rjetta — fresta byggingu hússins, þar til þingið veitti meira fje, svo að hægt væri að byggja húsið hæfilegt og búa svo um, að fulltryggilegt væri.

Það hefur líka sýnt sig, að ekki var nauðsyn, að vinda svo bráðan bug að byggingunni, fyrst menn hafa komizt af til þessa dags, enda þótt húsið eyðilegðist.

Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 254).

Jón Ólafsson (4. kgk.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu sje vísað til fjármálanefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárlaganefndarinnar með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi Ed., föstudaginn 11. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 254, 353).

Jón Ólafsson (4. kgk.): Eins og deildin sjer, hefur nefndin ekki látið prenta breyt.till. í nefndarálitinu. Þar eru að eins leiðbeiningar til stjórnarinnar. Jeg þykist ekki þurfa að fjölyrða um þetta mál.

ATKVGR.: 1.—8. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr.

Á 35. fundi Ed., mánudaginn 14. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A. 254).

Jóhannes Jóhannesson, (1. þm. N.-Múl.): Jeg skal láta í ljósi, að jeg er samdóma nefnd þeirri, er sett var í þetta mál, einnig hvað snertir athugasemdina um sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði, þó með þeim fyrirvara, að jeg get eigi fylgt nefndinni, ef í athugasemdinni felst aðdróttun til stjórnar þeirrar, sem nú situr að völdum. Ákvörðun um byggingu sóttvarnarhússins og fyrirkomulag þess var tekin og framkvæmd af hinni fyrri stjórn, og á því að beina aðdróttuninni til hennar eða öllu heldur ráðanauts hennar í sóttvarnarhúsmálinu. Á Seyðisfirði er nú, eins og menn vita, ekkert sóttvarnarhús og jeg hef ekkert getað fundið um það í fjárlögunum nú eptir 2. umr. í háttv. Nd.; aptur á móti sje jeg, að töluverðu fje á að verja til þess að fullgjöra sóttvarnarhúsið í Reykjavík. Jeg vil þessvegna leyfa mjer, að gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvað stjórnin hafi gjört eða ætli sjer að gjöra, til þess að því ákvæði sóttvarnarlaganna verði fullnægt, að sóttvarnarhús skuli vera á Seyðisfirði.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Jeg skal taka það fram, að í athugasemdunum við frv., sem nefndin gjörði, en engin aðdróttun til stjórnarinnar, enda vissi hún eigi, hverjum um þetta var að kenna, hvort það var skuld stjórnarinnar, læknis eða jafnvel bæjarfógetans á Seyðisfirði, en hitt vissi hún, að húsið fauk og því þótti henni ástæða til að brýna fyrir stjórninni að byggja eigi aptur á sama hátt.

Ráðherrann: Jeg skal leyfa mjer að svara nokkrum orðum fyrirspurn háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um það, hvað stjórnin ætlaði sjer að gjöra viðvíkjandi sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði. Hingað til hefur stjórnin ekkert verulegt gjört í því máli fyrir þá sök, að hún hefur enga áskorun fengið um það frá lækni eða sýslumanni á Seyðisfirði, enda var fjárlagafrumv. stjórnarinnar tilbúið áður en hún frjetti um fok sóttvarnarhússins, svo að hún gat ekki tekið neina fjárveitingu upp í frumv. til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði. En nú vona jeg, að háttv. fjárlaganefnd Nd. komi sjer saman um breyt.-till. við fjárlagafrumv. í þessu efni, á fundi, sem einmitt nú stendur yfir, en verði það eigi, þá væri háttv. Ed. trúandi til þess að setja ákvæði um þetta inn í fjárlögin. Í öllu falli mun jeg sjá um, að tillaga komi fram um

þetta efni, áður fjárlögin eru útrædd. Stjórnin hefur ekki getað haft ljósa hugmynd um, hversu mikið fje mundi þurfa, enda fer það nokkuð eptir því, hvað mikið er eptir af gamla húsinu, en það hef jeg enga skýrslu fengið um. Það er sjálfsagt, að stjórnin tekur til greina bendingar nefndarinnar um að hafa bygginguna trausta. Mjer er ekki vel kunnugt um, hvernig hin forna bygging var; en eptir því sem jeg veit bezt, var það tilætlunin, að húsið stæði eigi alltaf, heldur væri sett upp þegar á þyrfti að halda, en annars tekið sundur og geymt í húsi, og mun þessi tegund húsa hafa verið valin til þess að sótthreinsun yrði hægri og fullkomnari í hvert skipti. Þessar ráðstafanir voru um garð gengnar, áður en stjórnarskipti urðu, og voru gjörðar í samráði við lækna. En hvernig sem það nú hefur verið, þá sýndi reynslan, að þesskonar hús eru ekki hentug hjer, og verður tilraunin því ekki endurtekin.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.) Mjer, sem bæarfógeta á Seyðisfirði, var falið að láta reisa húsið, en þar með fylgdi engin fyrirskipun um, að húsið ætti eigi að standa allt af, enda hefði að öðrum kosti verið nauðsynlegt, að byggja pakkhús til þess, að geyma það í, en til þess var ekkert fje, enda ekkert á það minnzt af stjórnarinnar hálfu. Jeg hygg líka, að tafsamt mundi hafa orðið, að hafa þetta svona, því að húsið var stórt og fullkomið dagsverk fyrir marga menn að setja það saman.

Mjer hefur komið til hugar, að landsstjórnin mundi geta komizt að góðum kjörum, ef hún semdi við bæjarstjórnina á Seyðisfirði um að fá húspláss í sjúkrahúsi bæjarins. Jeg held, að plássið uppi á lopti í þessu húsi mundi vera nóg, og það mundi verða tiltölulega ódýrt. Þetta væri að mínu áliti heppilegt, og jeg vil skjóta því til hæstv. ráðherra, því að annað hvort verður að byggja nýtt hús eða sjá fyrir húsrúmi.

Um það, hvort slysið, er húsið fauk, verði gefið bæjarfógetanum á Seyðisfirði að sök, skal jeg leyfa mjer að skírskota til ummæla framsm. í þessu máli í Nd. við 3. umr.

Ráðherrann: Það væri efalaust mjög heppilegt, ef hægt væri að fá húsrúm í sambandi við sjúkrahúsið á Seyðisfirði, en jeg efast um, að hægt sje að hafa sama húsið fyrir sjúkrahús og sóttvarnarhús sökum sýkingarhættu.

Jeg býst við, að almennum sjúklingum þætti óviðkunnanlegt að vera í húsi, þar sem ef til vill svarti dauði eða aðrar þvílíkar pestir eru, enda væri það óforsvaranlegt, nema mjög vel væri skilið á milli sóttvarnar- og sjúkrahúsdeildarinnar, t. d. alveg aðskildir inngangar og þykkur veggur á milli, og allt annað gæzlulið.

Jón Ólafsson: (4. kgk. þm.) Þar sem engin breyt.till. liggur fyrir, þá sje jeg enga meiningu í þessum umr. Eptir mínu áliti var það betra, að húsið stóð alltaf, til þess, að það gæti fokið þegar enginn var í því, því að það hefði sannarlega ekki verið þægilegt fyrir sjúklingana, ef húsið hefði fokið ofan af þeim. Þótt jeg sje pappírssali, þá er mjer ókunnugt um, hvar takmörkin eru milli pappa og pappírs, en þótt það nú hafi verið pappi í húsinu, þá finnst mjer það lítil meðmæli, því að hvað gott, sem annars má segja bæði um pappa og pappír, þá hygg jeg þó, að allir verði að játa að hvorugt er gott byggingarefni.

ATKVGR. Frv. í heild sinni sþ. með öllum atkv. og afgreitt til stjórnarinnar, sem lög frá alþingi.

V. Hækkun á aðflutningsgjaldi.

Á 3. fundi Nd., þriðjudaginn 4. júlí kom frv. til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi til 1. umr.

Ráðherrann: Það er orðið fullljóst, að tekjur landssjóðs eptir núgildandi lögum nægja enganveginn til að fullnægja þörfum landsins og það hefur því reynzt, að undanfarin þing hafa ekki getað gjört fjárlögin úr garði tekjuhallalaust.

Sömu ástæður, sem voru þess valdandi, að þingið 1903 gat ekki komizt hjá því, að áætla á fimmta hundrað þúsund króna tekjuhalla á fjárlögunum þá, voru enn fyrir hendi, þegar það fjárlagafrumvarp var samið, sem nú er lagt fyrir þingið, eru enn fyrir hendi. Auknar þarfir og kröfur til hins opinbera gjöra það að verkum, að jafnvægi fæst ekki, nema breyta til á einhvern hátt.

Liggur því fyrir eitt af tvennu: annaðhvort að auka tekjurnar, eða draga úr gjöldunum. En ekki virðist hægt að draga svo mikið úr gjöldunum, að nokkru nemi nema því að eins, að tekið sje óhæfilega fyrir framfara viðleitni þjóðarinnar. Það verður því að auka tekjurnar og það nú þegar, en hitt er vandamikið álitamál, á hvern hátt það skuli gjört.

Tekjur landsjóðs má auka með því, að auka tollana eða föstu skattana eða hvorttveggja. Tolla og skatta má auka annað hvort með því að hækka þá tolla og skatta, sem nú eru, eða leggja á nýja tolla og skatta. Að því, er sjerstaklega snertir skattana, skal það tekið fram, að eigi virðist nein þörf á að fara að hugsa til breytinga á þeirri löggjöf vorri, því hún er í ýmsu orðin á eptir tímanum og óhentug. — Skattalögin þrenn frá 1877 voru að vísu vel samin og að ýmsu leyti góð á sínum tíma. Það er gott og vel gegnumfært samræmi í hugsuninni í þessum lagaboðum, sem öllsaman mynda eitt tekjuskattskerfi. En tímarnir breytast, og lög þessi hafa á ýmsan hátt reynzt miður hentug í framkvæmdinni.

Atvinnutekjurnar hafa viljað teljast illa fram, og skatturinn hefur því einkum hitt þá, sem hafa föst laun á einhvern hátt, miður hina, sem tekjur hafa haft af verzlun, iðnaði o. s. frv. Húsaskatturinn, sem er einn liður í tekjuskattskerfinu, hefur komið misjafnt niður af því, að veðskuldirnar, sem dregnar eru frá virðingarverði til skatts, geta margopt verið borgaður að meiru eða minna leyti, þótt ekki sje þess getið í veðmálabókum, eins og hinsvegar húseigandi getur verið sárskuldugur, þótt ekki sje þinglesin veðskuld á húsi hans. Ábúðar- og lausafjárskatturinn er í eðli sínu óviðkunnanleg álaga á fyrstu lífsnauðsynjar og atvinnutæki, og ákvörðun þess skatts hefur allt of mikla fyrirhöfn í för með sjer. Allt þetta þarf að taka til athugunar, svo fljótt sem unnt er. Að því, er snertir gildandi toll-lög, býst jeg við að ýmsum þyki og í nokkru ábótavant, þótt yfirleitt sjeu toll-lög vor hentug og notadrjúg. Jeg býst því við, að ástæða þætti til að endurskoða þau að einhverju leyti, um leið og skattalögin væru endurskoðuð. En slíkt tekur tíma. Eins og tekið er fram í athugasemdunum við frumv. það, sem hjer liggur fyrir, hefur stjórnin þegar haft nokkurn undirbúning til endurskoðunar á skattalöggjöfinni, en sumpart er tíminn allt of naumur, sumpart þótti hlýða, að slíkt mál fengi fyrst nokkurn undirbúning á þingi, áður en farið væri að gjöra lagafrumv. um það efni. Jeg býst við, að nefnd verði sett í því

skyni á þessu þingi, og svo annaðhvort milliþinganefnd sett eða stjórninni falið að undirbúa málið til næsta þings. En krafan um tekjuauka þolir ekki svo langa bið.

Jafnvel þó föstu sköttunum verði gagngjört breytt, og nokkur tekjuauki geti á sínum tíma fengizt með hentugra fyrirkomulagi þeirra, þá er það sannfæring mín, að eptir því sem til hagar hjer á landi, muni ógjörlegt að fá allan þann tekjuauka, sem þarf, með aukning fastra skatta, heldur verði aðallega að ná tekjunum með tollum. Þegar því til þess kemur að finna veg til þess að auka tekjurnar til bráðabirgða, meðan verið er að hafa nauðsynlegan undirbúning til nýrra skattalaga, blandast mjer ekki hugur um, að rjettasti og hentugasti vegur til þess er að auka núgildandi tolla eptir þörfum.

Það sem hjer er farið fram á, er engin breyting á tollstofnunum, heldur að eins dálítil uppfærsla á gjaldínu. Með því að setja jafnt hundraðsgjald á *allar* nú tollskyldar vörur, vinnst það, að tollaukinn kemur nákvæmlega *eins* niður á gjaldendur, eins og tollarnir nú, og eykur því ekki áhalla úr því, sem nú er. Uppfærsla þessi mundi ekki íþyngja neinum um of. Vörur þær, sem nú eru tollaðir hjer, eru víða annarsstaðar hærra tollaðar en hjá oss, og flestallar mjög hentugur og rjettlátur gjaldstofn. Ef einhver er ósamþykkur »princípunum«, í löggjöf vorri, getur hann huggað sig við, að hjer er að eins um bráðabirgða ráðstöfun að ræða. Sje tollhækkun þessari, sem hjer er um að ræða, flýtt, og frumv. þetta geti orðið fljótt að lögum, þá mundi auk tekjuaukans á næsta fjárhagstímabili einnig fást talsvert upp í tekjuhallann á núverandi fjárhagstímabili og er það nauðsynlegt. Ég tel það líklegt, að frumv. verði vísað til fjárlaganefndarinnar, því hjer er eingöngu um fjárhagslegt spursmál að ræða. Þó vil jeg ekki að sinni gjöra það að uppástungu minni, en vona, að málið fái sem beztan og greiðastan gang í gegnum þingið.

Skúli Thoroddsen, (þm. N.-Ísf.): Þó að frumv. það, sem hjer liggur fyrir, sje ekki stórt, þá er það þó allþýðingarmikið, og það mun koma flestum landsmönnum mjög á óvart. Það hafði ekkert kvisast um það, að stjórnin ætlaði að leggja þannig lagað frumvarp fyrir þingið. Yfir höfuð hefir hin hv. stjórn farið býsna hljótt með ýmsar gjörðir sínar, að því er virðist, og hefði jeg kunnað því betur, að blöðum og þingmálafundum hefði gefizt færi á að ræða þetta mál, svo að þjóðinni hefði gefizt kostur á, að láta í ljós álit sitt um það, en þar sem menn ekki hafa átt von á þessu frumv., hafa fáir eða engir þingmálafundir, að því er mjer er kunnugt, lýst skoðun sinni á breytingum á tollalöggjöf landsins, enda kvisaðist það í vetur, að stjórnin ætlaði ekki að auka álögur landsmanna á þessu þingi, þar sem henni þætti það, sem von var, fremur óviðfeldið, að láta það vera eitt af sínum fyrstu verkum, að fara að leggja nú gjöld á þjóðina.

Niðurstaðan hefur þó orðið sú, að stjórnin hefur fundið sig knúða til þess, að fara fram á að leggja um 300 þús. kr. aukagjöld á þjóðina á næsta fjárhagstímabili, og er það eigi lítil upphæð, þegar þess er gætt, að þjóðin er ekki fjölmennari en 70—80,000, og efnahagur almennings yfirleitt mjög bágur. Stjórnin álítur, að þessi leiðin, að hækka aðflutningstollana um 30%, hafi verið umsvifaminnst, til að ná tekjum í landssjóðinn, og jeg skal líka játa, að til þess þurfti ekki mikil heilabrotin, en jeg get ekki verið hæstv.

ráðh. sammála um, að þetta komi tilfinnanlega ljettast og sanngjarnast niður á gjaldendunum. Frumv. fer fram á, að hækka áfengistollinn um 30%, og fer það í beinan bága við óskir bindindismanna, því flestir bindindismenn líta svo á, að því meiri tekjur, sem landssjóður fái af aðfluttum áfengisdrykkjum, því örðugra verði, að koma á bannlögum, er algjörlega hepti allan aðflutning áfengra drykkja, því að þegar tekjur landssjóðs af áfengistollum nema alls um 380 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, eins og gjöra má ráð fyrir, ef tollhækkun þessi kemst á, þá er ekki hlaupið að því, að finna aðra tekjustofna, er gætu bætt landssjóði tekjumissinn, ef bannlög kæmust á, og hlýtur áfengistollurinn því að reynast að því skapi örðugri þröskuldur, sem hann er hærri. — Þetta hafa »Goodtemplarar« sjeð, og eru mjög andvigir allri hækkun áfengistolla, enda hafa þinginu í sumar borizt áskoranir úr fjölda mörgum kjördæmum, er mótmæla slíkri tollhækkun, og þær óskir tel jeg þinginu skylt að meta.

Þá er einnig farið fram á, að hækka tóbakstollinn um 30%, og mundi sú hækkun nema 15 aur. á hverju tóbakspundi, svo að tollurinn yrði þá 65 aur. á pundi hverju, og tel jeg vafasamt, að landssjóður fá nokkurn verulegan tekjuauka af þeirri hækkun, þar sem hætt er við, að aðflutningur tóbaks mundi minnka að því skapi, sem tollhækkuninni nemur, og vindlatollurinn hverfa, þar sem tollhækkunin kemur svo þungt niður á vindlum, að menn yrðu tilneyddir, að kaupa að eins innlenda vindla, og efla vindla-iðnaðinn hjer á landi. Vindlatollurinn yrði því í raun og veru verndartollur, en yki ekki tekjur landssjóðs að neinu leyti, en minnkaði þær að líkindum öllu fremur.

Hækkunin á kaffi- og sykurtollinum, er nema mundi nær 140 þús. kr. á fjárhagstímabilinu, verð jeg einnig að telja hana mjög viðsjárverða; því verður ekki neitað, að sykurinn er nauðsynjavara, og um kaffið má sama segja, að því er alla þá menn snertir, sem ekki hafa mjólk, og er það einkum efnaminnsti hluti þjóðarinnar í verzlunarstöðum og sjávarþorpum. Tollhækkun þessi lendir því einkum á fátækasta hluta þjóðarinnar, á verkamönnum í kaupstöðum og verzlunarstöðum, og á þurrabúðarmönnum, þeim hluta þjóðarinnar, er sízt má við því, að bera hækkuð gjöld, og þeim hluta þjóðarinnar, er alþingi hefur til þessa sínt mjög lítið, þar sem landbændurnir, er mjólkurráðin hafa, geta miklu fremur sparað sjer kaffi- og sykureyðslu, og hefur þó alþingi látið sjer mjög annt um það á síðustu þingum, að styrkja þá stjett á ýmsar lundir.

Jeg skal eigi að þessu sinni fara langt út í það, hvaða vegur mundi tiltækilegastur, þegar um það er að ræða, að auka tekjur landssjóðs, en að eins minna á það, að á síðasta alþingi var vakið máls á hreifanlegum »factúrutolli« (tolli, sem miðaður er við innkaup aðfluttrar vöru), og ákvæði þá þingið í hvert skipti, eptir fjárþörfinni, hvaða prócentutal skyldi innheimta innan takmarka þeirra, sem sett væru í lögunum. Slíkan toll mundi verzlunarstjettin, eptir verzlunarsamkeppninni, helzt leggja á þær vörur, sem bezt þættu þola hann, hlífa nauðsynjavörunum, en láta tollinn heldur koma niður á munaðarvörunum, glysvarningi og »manúfaktúr«-vörum, sem allir játa, að rjett væri að tolla, enda þótt ekki hafi þótt tiltækilegt að ráðast í

slíka tolla hjer á landi, vegna tilkostnaðar við tolleptirlit. — Enn fremur má og benda á, að húseignirnar í landinu, sem fjölgar ár frá ári, virðast eigi illa til þess fallnar, að hærri skattar hvíldu á þeim til landssjóðs, en nú er, ef brýn þörf væri á tekjuauka fyrir landssjóðinn; en út í þessa sálma skal jeg eigi fara lengra að þessu sinni.

Jeg hef nú minnzt á aðalmótbárurnar, sem mjer virðast mæla gegn frumvarpinu, en svo er og á annað að líta, og það er það, að hjá þjóðinni er vöknuð töluverð óánægja yfir því, að stjórnin hafi ekki farið svo nákvæmlega eptir fyrirmælum fjárlaganna, sem vera ætti, og er það því mjög skiljanlegt, að þjóðinni þyki viðsjárvert að fá slíkri stjórn meira fje í hendur, en brýnasta þörf er á, því leyfi stjórnin sjer, að ráðstafa meira fje, en henni er veitt á fjárlögunum, eða verja því á annan hátt, en þar er áskilið, þá er fjárveitingarvald þingsins orðið harla þýðingarlitið. — Meðan þingið hefur eigi fjallað um fjárlagafrumvarpið, verður og eigi sagt, hvort þörf sje á auknum gjalda-álögum á þessu þingi, og þar sem svo er að sjá, er litið er í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, sem meginu af þessum nýju álögum eigi að verja til að koma fram fyrirtæki, er stjórnin hefur ráðizt í án samþykkis fjárveitingarvaldsins, og mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur tjáð sig móthverfan, þá er hætt við, að það gjöri þessar auknu álögur eigi vinsælli hjá þjóðinni.

Að öllu þessu yfirveguðu, finnst mjer ástæða til, að máli þessu sje nú vísað til sjerstakrar nefndar, svo að það verði íhugað sem rækilegast, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að kosin verði 5 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnson (þm. Snæf.): Jeg ætla að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), þar eð ráðherrann er genginn úr salnum til þess að sinna embættiserindum í Ed., enda tala jeg ekki í hans umboði, heldur að eins fyrir sjálfan mig og nokkra skoðunarbræður.

Háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.) fann það fyrst að frumv., að það kæmi þjóðinni á óvart, en þetta er ekki rjett. Honum, eins og öðrum, má vera það minnisstætt, að allir þingmenn hafa, að minnsta kosti á tveim síðustu þingum, búizt við því, að auka þyrfti tekjur landssjóðs, en það má auðvitað gjöra með mörgu móti. Það má gjöra það með láni, með því að skerða viðlagasjóð og með því að auka skatta og tolltekjur. Lánsleiðina tel jeg ófæra, og verði tekjuhallinn hjer eptir líkur því, sem hann hefur verið hingað til, yrði það skammgóður vermir, að leggjast á viðlagasjóð. Og er þá að eins um hitt að ræða, að færa tekjurnar upp. En það má aptur gjöra með tvennu móti; annaðhvort með því, að hækka hinar föstu, eða hiuar lausu tekjur. Af föstu tekjunum er ekki hægt að hækka ábúðar- og lausafjárskattinn, og þó húsa- og tekjuskattur væri hækkaður eitthvað, þá hrykki það heldur ekki langt, og þá er að eins einn vegur eptir: að hækka hinar lausu tekjur. — Að því er vínfangatollinn snertir, skil jeg ekki, að bindindismönnum megi ekki standa nokkurnveginn á sama um það, með hvaða móti baráttan gegn áfenginu er háð. Það yrði ef til vill bezt að banna aðflutning þess, en það má líka stemma stigu fyrir vinnautninni með því, að hækka tollana, því að því dýrara sem áfengið verður, því fremur má búast við að nautn þess minki. — Þá fann háttv. ræðum. það að tóbakstollinum, að ef hann yrði hækkaður svo

mjög, þá mundi rísa upp tóbaksgjörð í landinu, og það aptur draga úr þessum tekjuauka, en þó svo færi, kvíði jeg því ekki svo mjög, því það mætti leggja skatt á sjálfa tóbaksgjörðina, ef hún drægi svo mjög úr tolltekjunum. Að því er kaffi- og sykurtollinn snertir, þá er jeg í mjög miklum vafa um, hvort rjett sje að auka sykurtollinn. Sykurinn er nauðsynjavara, og er því efasamt, hvort tollhækkun á honum sje fyllilega rjettlát. En það er ekki nóg að líta á það eitt, tollar eru sjaldan rjettlátir. Það verður líka að líta á hitt, að varan sje svo útgengileg, að búast megi við, að hún kasti einhverju til muna af sjer. Og það gjörir sykurinn flestum tollstofnum framar.

Sami háttv. þm. (Sk. Th.) tók það fram, að tollar þessir væru ekki heppilegir. Hann vildi heldur hafa svokallaðan »faktúrutoll«, er lagður væri á verzlanirnar, og verzlanirnar legðu svo aptur á vörur sínar, en háttv. þm. gleymdi því, að hjer ber allt að sama brunni, því að þó að verzlanirnar væru látnar borga þennan »faktúrutoll«, þá yrðu þær að eins miðill á milli landssjóðs og almennings. Almenningur borgaði tollinn eins fyrir það. Og jeg trúi því tæpt, að stjettarbræður háttv. þingm. mundu ekki leggja tollana á útgengilegustu vörurnar, hvað sem háttv. þingm. kynni að gjöra, og kaffi og sykur og yfir höfuð tollskyldu vörurnar eru einmitt útgengilegustu vörurnar.

Þá hef jeg svarað athugasemdum þeim, sem háttv. þm. hreyfði við tollagafrumv. En hann kom fram með tvær athugasemdir aðrar, sem raunar mætti gjöra að einni athugasemd. Hann taldi það varhugavert, að fá stjórn þeirri fje í hendur, sem hefði eigi fyllilega hagað sjer eptir fjárlögunum, og það því síður, sem búast mætti við, að fje þessu yrði varið til framfarafyrirtækja, sem þjóðin væri ekki hlynnt. Með báðum þessum athugasemdum átti ræðum. við ritsímann. Það verður að vísu ekki varið, að þjóðin hefur litið nokkuð svart á þetta mál, en henni hafa líka verið glaptar sjónir í því, bæði í blöðunum og á þingmálafundunum. Stjórnin hafði, samkvæmt 12. gr. fjárlaganna, stafl. D., lögheimild til að gjöra samning um ritsímann. Það sjest ljósast á því, að hún *átti* að leggja *samninginn* um það fyrir þingið til *athugunar*. Í orðum þessum felst, mjer liggur við að segja, »katagórískur imperatív« (skilyrðislaust skylduboð) um, að gjöra samninginn.

Það er heldur ekki rjett, að stjórnin hafi tekið óveitt fje til þessarar ritsímalagningar. Hún hefur að eins ráðstafað fje því, er þingið veitti og landinu áskotnaðist frá ritsímafjelaginu, einmitt fyrir forgöngu ráðherrans. Eptir samningnum má binda landtökustað og Reykjavík saman án nokkurs fjárframlags frá þjóðinni. Það er á þingsins valdi, að velja um, hvort það heldur kýs hið ódýra, en þá auðvitað ótryggara samband eða það dýrara og tryggara.

Þá held jeg, að jeg hafi tekið það fram, sem jeg ætlaði út af ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og með því ráðh. nú er kominn í salinn, skal jeg ekki fara fleirum orðum um málið að svo stöddu.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mjer finnst spurning sú liggja hjer fyrst fyrir, hvort setja eigi sjerstaka nefnd í þetta mál, eða vísa því til fjárlaganefndarinnar. En þar sem nú þetta mál stendur í svo nánu sambandi við

fjárhag landsins, og það í sjálfu sjer er svo einfalt, virðist mjer heppilegast, að fjárlaganefndin fái það til meðferðar. Það getur auðvitað komið fyrir, að síðar verði valin nefnd fyrir öll skattamál og tollmál landsins og henni verði falið, að undirbúa frumv. til næsta þings og þá yrði þetta auðvitað bráðabirgðarráðstöfun. En ef ráðast ætti í að endurskoða alla skatta- og tolllöggjöf vora, þá yrði hún svo ákaflega umfangsmikil, að það mundi tæplega búið á þingi, sem hefur svo mikið að gjöra, eins og lítur út fyrir með þetta þing, og málameðferðinni verður hagað, eins og forseti gjörði ráð fyrir. Vjer getum því ekki vænzt, að á þessu þingi verði því neitt útkljáð til frambúðar, heldur eitthvað gjört til undirbúnings tolla- og skattamálum, sem næsta þing svo rjeði til lykta. En til þess þarf að ræða það ýtarlega og til þess að ihuga þau þarf að kjósa sjerstaka nefnd, sem ekki verður valin á þessum fundi, því til þess þarf sjerstaka þingsályktunartill. Jeg sting því upp á, að þessu máli verði vísað til fjárlaganefndar.

Magnús Kristjánsson, (þm. Ak.): Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar, hvorki þetta sinn, nje endra nær á þinginu í sumar; en það vill svo til, að hjer er þegar framkomið mál, sem jeg get ekki leitt hjá mjer algjörlega. Það er enginn efi á því, að það verður að auka tekjur landssjóðs, en um það, hver leiðin sje heppilegust til þessa, eru skiptar skoðanir. Jeg lít svo á, að hækka megi að mun tollana á mörgum vörutegundum, en aptur á móti er það varhugavert, að hækka suma tolla, t. d. kaffi- og sykurtollinn. Hann álít jeg ekki rjett eða fært að hækka, því bann ber svo þungt niður á vissan hluta þjóðarinnar. Jeg hygg, að liðinn sje sá tími, þegar eitthvert olnbogabarn varð að vera á heimilinu, en hjá oss hefur sjómannastjettin verið það til skamms tíma. En jeg tel það sjálfsagt, að sjómenn hafi jafnrjetti við aðrar stjettir, og að þeim verði ekki íþyngt um fram þær. En kaffi, og sykurtollurinn kemur einmitt harðast niður á þeim. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um sjálft tollaatriðið, því jeg er frumv. að öðru leyti samþykkur. Þó er það annað atriði, sem jeg verð lítið eitt að minnast á. Fari svo, að tollar verði hækkaðir »procentvis« (um ákveðna hundraðatölu), þá fæ jeg ekki annað sjeð, en að með því sjeu aukin laun þeirra embættismanna, sem hafa tollheimtuna á hendi. Þannig löguð hækkun innheimtulauna dugar lítið hvern einstakan innheimtumann, en upphæðin öll mundi nema c 5—6 þúsund krónum, eptir þeim tolltekjum. sem frumvarpið gjörir ráð fyrir. En jeg býst við, að þjóðin verði þessu eigi hlynnt, og því get jeg eigi vel fallizt á, að höfð verði jafnhá innheimtulaun og áður, ef breyting þessi á tollunum kemst á.

Ráðherrann: Jeg var því miður ekki viðstaddur, þegar háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði. Mjer hefur verið sagt, að hann hafi beint ræðu sinni að ritsímamálinu og viljað hefja brýnu um það. En það mál liggur hjer alls ekki fyrir, og finn jeg ekki ástæðu til að fara út í það að svo stöddu. Jeg vildi að eins leyfa mjer að endurtaka það, að nauðsynlegt er að búa til nú þegar lög um tekjuauka, svo tekjuhallinn verði ekki of mikill, og þurfa þau að koma sem fyrst frá þessu þingi. Jeg hygg, að ekki sje hægt að segja með sanni, að tollhækkun sú, sem farið er fram á, komi ranglega niður. Ræðumaður kvað hafa sagt, að það yfir höfuð væri varhugavert, að samþykkja tekjuauka fyrir landssjóð, þar sem

stjórnin hafi ekki farið eptir fjárlögunum.

Þetta get jeg ekki með neinu móti kannast við og vísa þessu á bug sem ástæðulausri getsök. Jeg leyfi mjer að staðhæfa, að stjórnin hafi í engu brotið á móti fjárlögunum nje öðrum lögum, heldur farið eptir vilja þings og þjóðar, eptir því sem hún hafði bezt vit á, en þó að háttv. þm. hefði haft einhverja átyllu til þess að segja eitthvað í þessa átt, þá þyrfti samt sem áður að auka tekjur landssjóðs, til þess að skerða ekki viðlagasjóðinn eða til þess, að sökkva ekki landinu í skuldir. Það væri að minni hyggju röng fjármálapólitík, að eyðileggja fjárhag lands síns til þess að koma fram óhug á stjórninni. Vjer þurfum margs og mikils með, en til þess að standast kostnað þann, sem nauðsynlegar framfarir hafa í för með sjer, þurfum vjer tekjur, sem komi inn árlega, því jeg býst við, að hvorki háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) nje aðrir vilji taka fyrir alla framfaraviðleitni.

Jeg get ekki annað sjeð, en rjett sje að vísa málinu til fjármálanefndar og óska, að sú tillaga verði borin upp. — Að því er ræðu háttv. þm. Ak. (M. Kr.) snertir, um það að laun sýslumanna ykjust við tollhækkunina, þá er það aukaatriði, ekki tilgangur heldur óveruleg afleiðing, Aðalatriðið er það, að tekjur landssjóðs aukast. Innheimtunni fylgir ábyrgð og fyrirhöfn, sem eykst með auknum tollum, og jeg sje ekki ástæðu til að færa niður þær 2%, sem sýslumenn fá fyrir innheimtuna. Eptir þeirri reynslu, sem jeg hef sem sýslumaður, væru þeir naumast of haldnir af þeirri litlu þóknun. Jeg verð því að halda því fram, að þetta ætti ekki að geta orðið frv. til foráttu hjá neinum.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg held, að frumv. þetta komi mönnum ekki á óvart. Aðalatriðið er, hvort tekjuaukinn kemur rjett niður. Þegar »undirballancinn« er orðinn svo stórkostlegur, eins og gengið var frá síðasta fjárlagafrv., að hann nemur allt að 400 þús. kr., hljóta menn að vera við því búnir, að auka þurfi tekjurnar, því slíkan tekjuhalla geta menn ekki sætt sig við til lengdar.

Það er ekki heldur hægt að spara svo, að taka fram fyrir allar framfarir og framsókn. Jeg hygg líka, að menn viti það, að ráðstafanir þessar eiga ekki að gilda nema til bráðabirgða, svo sem fyrir fjárhagstímabilið, enda hygg jeg, að enginn undirbúningur hafi enn verið gjörður undir varanleg lög í þessu efni.

Þó ritgjörð Jóns Krabbe hafi verið lítið rædd á þingmálafundum og ekki rædd eins og þörf væri á, hygg jeg, að það hafi legið opið fyrir þjóðinni, að að þessu bæri, að auka þyrfti tekjurnar, og það þegar á þessu þingi. Frumv. það til fjárlaga, sem var lagt fram í dag, gjörir ráð fyrir tæplega 375 þús. kr. »undirballance«.

Eitthvað þarf nú til bragðs að taka í bráðina, til þess að láta tekjur og útgjöld mætast. Hvort þetta, sem farið er fram á í fyrirliggjandi frumv., muni nú vera rjetta leiðin, eða hvort þinginu muni heppnast að finna aðra betri, skal jeg ekki um dæma að svo komnu; en jeg vil vinna að því, að tekjuhallinn verði minni, heldur en síðast, og minni heldur en á fjárlagafrv. því, sem nú liggur fyrir. Jeg vil þá heldur bæta við tekjurnar, því að jeg sje ekki, að unnt sje að draga svo úr útgjöldunum, að nægilegt sje, enda þurfum vjer að styrkja ýms nauðsynja fyrirtæki. Þetta er stefnan. Að því er meðferð málsins snertir — og þar sem

frumv. þetta stendur í beinu sambandi við fjárlagafrv. — er jeg með því, að það gangi til fjárlaganefndarinnar, og vil jeg gjöra það að beinni till. minni, að frumv. þessu sje vísað til fjárlaganefndarinnar.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að segja örfá orð. Sumt af því, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, virtist mjer lýsa nokkuð einkennilegum hugsunarhætti. Hann vill láta auka tolla á áfengi, og telur bindindismennina mega una því vel, þar sem vínnautnin muni þá minnka, en ef vínnautnin minnkar í landinu sakir tollhækkunarinnar, næst eigi sá tilgangur frumv., að auka tekjur landssjóðs, svo að frá því sjónarmiði yrði frv. þá lítils virði. Háttv. ræðumaður hrakti heldur ekki mótbárur mínar gegn tóbakstollinum. Ef tóbaksgjörð kæmist á í landinu og vindlagjörðin ykist, þá mætti að vísu leggja skatt á hana, en hjer liggur eigi fyrir neitt frumv. í þá átt, nje heldur hefur stjórnin ráðgjört, að koma fram með það, svo að væntanlega biði það þá næsta þings; en þá leiddi tollhækkunin þó að minnsta kosti ekki til þess, að afla landssjóði tekna á næsta fjárhagstímabili.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hrakti heldur ekki þau ummæli mín, að »faktúrutollur« mundi reynast heppilegri, en tollur á nauðsynjavörum, svo sem kaffi og sykri. Þeir, sem þekkja nokkuð til verzlunar, vita, að það er hægt fyrir kaupmenn, að jafna slíkum tolli á vörurnar eptir því, sem verzlunarkeppnin gjörir eðlilegast, í stað þess, að tollar á einstöku vörutegundum verða að lenda á þeim vörum, sem tollaðar eru, en ekki öðrum. — Auðvitað yrðu kaupmenn að fá upp »faktúrutollinn«, sem önnur gjöld, er á verzluninni hvíla, en almenningi mundi það hentugra, að tollarnir lentu á glysvarningi og kramvöru, sem flestir geta sparað sjer, heldur en á nauðsynjavörum, sem kaffi og sykri, er enginn fátæklingurinn telur sig geta án verið.

Mjer þótti leitt, að ráðherrann skyldi ekki vera nærstaddur, er jeg flutti ræðu mína. Jeg minntist ekki einu orði á telegrafmálið. Jeg vissi, sem var, að það er ærið viðkvæmur punktur, og benti því ofur hæversklega á það, að raddir hefðu heyrzt um það, að ráðherrann hefði ekki farið nákvæmlega eptir fyrirmælum fjárlaganna, og má hæstv. ráðherra eigi furða sig á því, þótt bergmál slíkra radda heyrist einnig hjer í þingsalnum, því jeg get ekki verið samþykkur því, sem jeg heyrði hæstv. ráðherra halda fram í þingveizlu fyrsta þingdaginn í sumar, er hann sagði, að þingmenn ættu ekki, að vera »málpípur goluþytsins utan af landsbyggðinni«. Þvert á móti er það skoðun mín, að enda þótt þingmenn sjeu, eptir ákvæðum stjórnarskrárinnar, að eins bundnir við sannfæringu sína, beri þeim þó siðferðisleg skylda til þess, að taka sem allra mest tillit til vilja þjóðarinnar.

Í frumv. stjórnarinnar er gjört ráð fyrir, að tekjuhallinn verði 374,834 kr. 64 a., en það er enn ósjeð, hvort þingið eigi lítur svo á, sem spara megi nokkuð af því fje, sem stjórnin hefur áætlað til útgjalda í fjárlagafrumv., t. d. að því er snertir fjárframlögin til ritsímans, gufuskipafjelagsins o. fl., og því alveg ósjeð, að hleypa þurfi landinu í skuldir, sem nokkru nemur, þó að tollhækkun þessi fái eigi framgang nú á þinginu, enda lít jeg svo á, sem sum útgjöld, er stjórnin gjörir ráð fyrir í öðrum frumv., sem hún hefur lagt fyrir þingið, sjeu ekki svo bráðnauðsynleg, að ekki mætti fresta þeim, t. d. 100 þúsund króna til ráðherra-

bústaðar, og jafn vel bókasafnsbyggingunni, sem ráðgjört er að kosta muni 160 þús. króna.

Jeg vil svo ekki orðlengja meira um þetta, en vænti þess, að nefnd verði látin fjalla um málið.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að segja örfá orð. Jeg vissi ekki betur, en að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði minnzt á ritsímamálið beinlínis, því að jeg var ekki viðstaddur, þegar hann talaði, en nú heyri jeg, að hann hafi talað um það »undir rós«, en raunar þannig, að enginn gat misskilið, hvað hann ætti við, eptir því sem blað hans hefur látið — og kemur það nokkuð í sama stað niður.

Háttv. þm. talaði í þá átt, að árangurslaust mundi að hækka tóbakstollinn, af því að það gæti orðið til þess, að innlend tóbaksgjörð ykist svo mjög, að ekkert græddist á tollhækkun.

En þar eð sami tollur er á unnu og ónunnu tóbaki, 50 aur. á hvert tóbakspund og ónunnin tóbaksblöð, þá skil jeg ekki, hvernig þingmaðurinn meinar þetta. Því fer fjarri, að það sje nýtt fyrir mjer, að vindlagjörðin íslenzka dragi úr *vindlatollinum*, og mjer hefur meira en dottið í hug, að stinga upp á skatti á innlenda vindlagjörð, af því munurinn á tóbakstolli og vindlatolli er allt of mikill. En jeg hugði, að rjettast mundi, að láta það atriði bíða, þangað til skattamálin eru öll tekin fyrir, því að hjer er um smámuni að ræða í samanburði við tekjuauka þann, sem þarf. En auðvitað má og búa til lög um þetta efni á þessu þingi. Það væri fljótgjört.

Að því er snertir faktúrutoll þann, er háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) drap á, álít jeg margt að athuga, þó að jeg fari ekki út í það nú. Auk þess, sem það mundi vera miklum erfiðleikum bundið og jafnvel ómögulegt, að heimta hann inn hjá prívatmönnum, sem pöntuðu sjer vöru smátt og smátt, einir út af fyrir sig eða í smærri fjelagsskap, eru ýmsar aðrar misfellur á sliku, er gætu orðið óheillavænleg höpt á verzlun og viðskiptalíf.

Háttv. þm. blandaði inn í ræðu sína tali um ráðherrabústað og byggingarsjóð; en með því að þar er um sjálfstætt frumv. að ræða, að breyta fasteign í fasteign, sem ekkert getur snert fjárlögin nema því að eins, að háttv. þm. vildi jeta upp í ársútgjöldum landsins andvirði Arnarhóls- og Örfæriseyjar, sem ætlazt er til að myndi byggingarsjóðinn, þá leiði jeg hjá mjer að svara þessum útúrdúr hans.

Háttv. þm. fór með rangt mál, er hann hafði eptir mjer, að jeg hefði sagt í veizluræðu, að vonandi væri, að þingmenn yrðu ekki málpípur skoðananna utan af landi; það voru ekki mín orð, heldur hitt, að jeg minnti á, að þingmenn væri handhafar að sjálfstjórnarvaldi þjóðarinnar, en *ekki* hljóðpípur fyrir hvern goluþyt, sem gysi upp hingað og þangað.

Þar sem háttv. þm. kvaðst verða að trúa því, að jeg hafi farið utan við fjárlögin, af því að hann hafi lesið það í blöðunum, og menn yrðu að byggja á því, sem í blöðunum stæði, þá eru þessi ummæli harla einkennileg í hans munni. Mundi hitt ekki sannara, að honum sje einmitt manna bezt kunnugt um, af hverjum ástæðum þessar blaðastaðhæfingar eru sprottnar, og hverjir það eru, sem standa bak við þennan »sannleikann«. Að hann þurfi að sækja skoðanir sínar um þetta efni í blöðin sín, það er ekki vel sennilegt. Eða þá hefði verið lítið á að byggja, *áður* en blaðarykið byrjaði.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vildi að eins mega bera af mjer brixlyrði þau, er hrutu af vörum hv.

þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) út af vínfangatollinum. Mín orð voru þau, að bindindismönnum mætti standa á sama um það, með hvoru mótinu væri barizt gegn Bakkusi, hvort heldur með innflutningsbanni eða hækkun tolls, þar sem hvorttveggja miðar til hins sama. Og jeg sje ekki, að það sje nein hugsunarvilla í því að ímynda sjer, að tolltekjurnar af áfengi kunni að aukast nokkuð, þótt hóti minna yrði drukkið en nú. Það er enganveginn sagt, að vínnautnin minnki að sama skapi sem tollurinn eykst.

Háttv. þm. sagði, að tóbakstollurinn gæti valdið því, að settar yrðu á fót tóbaksverksmiðjur hjer á landi, en slíkt verður að líkindum ekki fyrir næsta þing, og er þá hægt að tolla innlenda tóbaksgjörð. Það er óþarfi, að setja undir lekann, fyr en lekinn er dottinn á.

Enn fremur sagði háttv. þm., að jeg hefði farið með rangt mál og sagt, að viðlagasjóður væri 2 miljónir króna, en það voru ekki mín orð, heldur, að sjóðurinn væri *kringum* 2 miljónir, og vil jeg sýna, að það er nærri sanni, með því að lesa upp nokkrar tölur úr frumv. því til laga um samþ. á landsreikningnum fyrir árin 1902—1903, sem lagt er fyrir deildina.

Eignir viðlagasjóðs voru 31. des. 1903	kr.	1,105,261,54
Tekjueptirstöðvar landssjóðs s. d.	—	46,598,02
Peningaforði landssjóðs s. d.	—	549,469,81
Í landsbanka á hlaupar.	—	120,000,00
Samtals	kr.	1,821,329,37

og það er ekki alllangt frá 2 miljónum króna.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Hæstv. ráðherra tók fram í byrjun ræðu sinnar, að tollafrumvarp þetta væri að eins bráðabirgðarráðstöfun, til þess að finna ráð til þess, að standast útgjöldin, er fara sívaxandi,

Lít jeg því á frv. þetta sem neyðarúrræði af því, að stjórnin hefur sökum tímaleysis ekki haft tök á að taka málið til svo rækilegrar meðferðar, sem nauðsyn bar til, því að ef vel væri þyrfti gagngjörð breyting að verða á öllum tollalögum landsins. Það, sem hjer er um að ræða, er ekki, hvort þessi vegur sje heppilegur, heldur hvort hann sje þolanlegur. Og ef þetta væri að skoða sem frambúðargjörð, væri jeg eindregið á móti frumvarpinu.

Háttv. þm. Snæf. minntist á toll á vínföngum frá sjónarmiði bindindismanna. En tollhækkun er ekki ráðið til að minnka drykkjuskap í landinu.

Um hækkun tóbakstollsins er það að segja, eins og bent hefur verið á, að innlend tóbaksgjörð getur dregið úr tekjum landssjóðs. Vindlatollurinn 1899 var 20 þús. kr., en 1903 12 þús. kr. Sú venjulega afleiðing tollhækkunar kemur ekki fram fyr en á 3. ári eða í fyrsta lagi á 2. ári, sökum þess, að kaupmenn hafa optast haft ráðrúm til að byrgja sig upp að vörum, áður en tollurinn kemst á, og er því hætta á, að þetta ekki komi að fullum notum fyr en 1907.

Í þessu frv. eru ýms atriði, sem þarf vandlega að athuga, því að til hvers er að reyna til að auka tekjur landssjóðs, ef tilgangurinn næst ekki?

Þess vegna legg jeg það til, að kosin verði sjerstök nefnd í málið þegar í dag eða við 2. umr., því að jeg álít óráðlegt að hlaða ofmiklu á fjárlaganefndina.

Ráðherrann: Jeg vil að eins gjöra örlitla athugasemd um vindlatollinn.

Það mun rjett vera, að hann hafi farið upp í c. 20 þúsundir árið 1899; en árin á undan var hann ekki svo hár. Árið 1896 var hann 9,328 kr., árið 1897 var hann 10,375 kr., árið 1898 9,301 kr.

Ástæðan fyrir því, að hann fór svo hátt árið 1899 var sú, að þegar það frjettist, að þingið þá hækkaði vindlatollinn um 100%, þá hlupu kaupmenn og aðrir til, og pöntuðu sjer stórar byrgðir af þessari vörutegund, áður tollhækkunin kæmi í gildi; það var eðlilegt, að innflutningurinn yrði minni árið eptir, bæði af því, að byrgðinnar frá 1899 voru til, og af því að stofnsettar voru innlendar vindlaverksmiðjur.

Það er því ekki rjett, að miða rírnun vindlatollsins við árið 1899, því það var undantekningarár og verður ekki ályktað af samanburði við það ár, að tollhækkunin út af fyrir sig hafi minnkað innflutninginn síðan.

Pjetur Jónsson(þm. N.-Þing.): Það var tekið fram, að tollhækkun á tóbaki gæti að líkindum orðið til þess, að tóbaksgjörð kæmist inn í landið.

Þetta getur vel orðið afleiðingin. En eins og hæstv. ráðherra tók fram, getur það tæplega komið til greina, nema viðvíkjandi vindlagjörðinni. En það er þó aðgætandi, að þó að tollurinn sje ekki hár, að eins 50 aura á pundið af vindlatóbakinu, þá hef jeg þó heyrt vindlamenn geta þess, að úrgangurinn væri svo mikill, að allt að einni krónu legðist á hvert pund þess tóbaks, sem hægt væri að brúka í vindla.

Jeg er þakklátur háttv. þm. N.-Ísf. fyrir það, að hann veik að »faktúrutollinum«, sem jeg studdi á þingi 1903.

Jeg er einnig algjörlega sammála háttv. þm. V.-Sk., að frv. þetta sje neyðarúrræði, eða úrræði einungis í bráð. Að lokum vil jeg stinga upp á því, að ef málinu verður ekki vísað til fjárlaganefndar, þá verði því vísað til annarar umr., án þess nefnd sje kosin nú, svo að hægt verði að ræða toll- og skattamálin nánar, áður en slík nefnd verður sett. —

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það, sem liggur fyrir, er það, hvort kjósa skuli sjerstaka nefnd eða vísa málinu til fjárlaganefndar.

Jeg kýs hið síðara; vil telja þetta bráðabirgðarráðstöfun út af tekjuhallanum mikla, sem varð 1903, og hlýtur að verða nú. Jeg vil ekki hafa þessa hækkun lengur en næsta fjárhagstímabil, þá getur skattmálið í heild sinni verið íhugað fyrir þing 1907.

Helzt hefði jeg kosið, að þegar þinginu væri það orðið ljóst, að þetta væri eini vegurinn nú í bráð, til að fá tekjurnar til að standast á við hin óhjákvæmilegu útgjöld, þá væri frv. hraðað sem allra mest, til þess að misrjetti yrði ekki milli kaupmanna, en líklega verður þess eigi kostur.

Það er þetta bráðabirgðarfyrirkomulag. sem glögglega kemur í ljós með því, að vísa frv. til fjárlaganefndar.

ATKVGR. Frumv, var vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Till. um að vísa frv. til fjárlaganefndar samþykkt með 16 : 5 atkv.

Á 6. fundi Nd. föstudaginn 7. júlí kom frumv. til 2. umr. (A. 44, 46).

Framsögumaður meiri hlutans Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þetta er eitthvert stytzta stjórnarfrumvarpið, en það er stórt að efni. Það stefnir að því, að koma jafnvægi á milli tekna landsins og gjalda. Það er ekki síður áríðandi fyrir hvert land en fyrir hvern einstakling, að tekjur og gjöld haldist í hendur, svo hæfilegt jafnvægi sje á. Annars getur ekki vel farið. Í landsbúskap vorum er langt trá því að þetta æskilega jafnvægi eigi sjer stað, því, tekjuhallinn er nú áætlaður nál. 375,000 kr. og mun varla minnka, ef á þessu þingi geng-

ur líkt og á undanförnum þingum, og það hefur maður ástæðu til að ætla, og á þinginu síðast var skilið við með jafnmiklum eða meiri halla. Þess vegna var það bein skylda stjórnarinnar, þegar hún kom fram með tekjuhalla í fjárlagafrv., að gjöra einhverja ráðstöfun til tekjuauka, svo ekki þyrfti að sökkva landinu í skuldir eða jeta upp viðlagasjóðinn.

Það er svo vandasamt og umfangsmikið mál að gjöra gagngjörða breytingu á skattalögum landsins, og engin von var til, að stjórnin gæti komið því við fyrir þetta þing.

Það er satt spakmæli, að »sparnaðurinn er mikill skattur«, og er vafalaust rjett að spara allt, sem unnt er. En það er svo margt, sem ómögulegt er að spara og ekki má spara. Við, með allan okkar frumbýlingsháttt, erum neyddir til að herða á fjárkröfunum til allskonar atvinnubóta í landinu. Og þó við spörum allt, sem hægt væri að spara, verður það ekki nóg til að halda jafnvægi á tekjum og gjöldum.

Vitaskuld má taka lán, en það verður þó að borgast einhverntíma. Sjerstaklega þarf það að vera meginregla við lántöku, að lánið sje notað til arðbærra fyrirtækja. Jeg tel ófært, að taka lán til að jeta það upp jafnharðan. Og að ganga á viðlagasjóðinn, er sama sem að útiloka þjóðina frá mörgum atvinnubótum. Til viðlagasjóðs verður allt af að leita með nýjar stofnanir, brýr og hvað annað, sem kallar að, fram yfir hin árlegu gjöld, og þá eigi síður með öll lánin til atvinnubóta.

Stjórnin hefir stungið upp á, að hækka tollana, þá sem nú eru fyrir, og það hefur meiri hluti fjárlaganefndarinnar aðhyllzt, en með þeirri verulegu breytingum, að það sje að eins bráðabirgðaráðstöfun, af því ekki sje tími til að finna betri leiðir að svo komnu. Með þessu vill nefndin láta það álit sitt uppi, að ekki eigi á þessu þingi að taka neina ákveðna stefnu í því, hvernig eigi að láta tekjur og gjöld standast á framvegis. Við vorum sumir í töluverðum vafa um það, hvort leggja ætti toll á sykur, sem í raun rjettri er beinlínis nauðsynjavara. Jeg hafði yfirlýsing frá kjósendum mínum um það, að þeir hallist að tollhækkun á öðru en sykri. Mjer er persónulega illa við að hækka sykurtollinn, en það veit jeg, að hann kemur þó einna jafnast niður eptir efnum. En sem sagt, meiri hluti fjárlaganefndar varð nú á því, að skilja ekkert undan, þar sem þetta er þó ekki nema ráðstöfun til bráðabirgða, og það mundi eigi veita af því, að fá nú þennan 300,000 kr. viðauka.

Þó þetta ráð verði því tekið nú, er ekkert á móti því, að þingið taki jafnframt tollmál landsins til alvarlegrar athugunar; fjárlaganefndin ætlast beint til þess með því að vilja ekki setja frambúðarlög um þetta.

Helzt hefði jeg kosið, að þetta gengi svo fljótt, að enginn kaupmaður hefði tíma til að byrgja sig áður en lögin næðu gildi, Slíkt er alltítt hjá öðrum þjóðum til þess, að stórkaupmenn geti ekki komið að gróða »spekúlatiónum« á tollhækkuninni, og gott væri að geta komið í veg fyrir þann ójöfnuð, að kaupmenn hjer í Reykjavík sættu betri kjörum en kaupmenn út um land, og væri það sjerstaklega áþreifanlegur ójöfnuður, ef svo kynni að vera, að kaupmaður hjer búsettur byrgði upp útibú sitt með tollminni vörum, en keppinautur hans á staðnum hefði, vegna þess að honum var ókunnugt um, hvað til stóð.

Breyt.till. (46) frá tveimur þm., sem fer fram á, að ekki greiðist iunheimtu-

gjald af þessum tollauka. Jeg get lýst því yfir, að nefndin getur ekki fallizt á það. Það er allt af verið að bæta störfum á sýslumennina án sjerstakrar borgunar, og víða þurfa þeir að hafa umboðsmenn, sem hafa 1% í innheimtulaun, og þyrftu þá að borga umboðsmönnum sínum úr eigin vasa, að því er þennan hluta snertir.

Sem sagt, sá meiri hluti nefndarinnar sjer ekki annað fært, en að samþ. frumv. stjórnarinnar með þessari takmörkun, að skoða það að eins sem bráðabirgða úrræði, og er síður en ekki með þessu tekin upp nokkur ákveðin stefna í skattalöggjöf landsins.

Framsögumaður minni hlutans (Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um frv., því í nefndarálitinu eru skýrt teknar fram ástæðurnar fyrir því, að minni hlutinn ekki gat fylgzt með meiri hluta fjárlaganefndarinnar í því, að ráða h. háttv. deild til, að samþykkja frumv. Jeg vil að eins gjöra fáeinar athugasemdir til viðbótar. Eins og skýrt er frá í athugasemdum stjórnarinnar, nemur tollhækkunin um 300 þús. kr. eptir meðaltali tollteknanna 1899—1903. Þessa miklu byrði á að leggja á bak þjóðarinnar, að henni alveg fornspurðri; meira að segja, stjórnin ætlaðist víst í fyrstu til þess, að þetta yrði samþykkt hjer á þinginu áður en menn væru til fulls búnir að átta sig á því, hvort brýn nauðsyn beri til þess, að auka tekjurnar svo mjög, — en það ætti að vera föst regla, að auka aldrei gjöld á þjóðinni, að nauðsynjalausu — en nú er það orðið ofan á, að málinu verði ekki hraðað fremur venju, eða meir en lög leyfa. Til þess að frumv. kæmi að fullum notum, skal jeg játa, að það í rauninni væri sjálfsagt, að hraða málinu, því ef það gengur sinn vana gang í gegnum þingið, kemur það eingöngu niður á kaupmönnum utan Reykjavíkur, en kaupmenn hjer í Reykjavík geta búið sig undir breytinguna, og gætu pantað svo miklar vörur, að þær nægðu fram á næsta fjárhagstímabil.

Við sáum eigi í fljótu bragði, hvort brýn nauðsyn var til þess, að hækka tekjurnar svona mikið. Á fjárlagafrv. er tekjuhallinn að vísu talinn 374 þús. kr., en það er óathugað, hvort það, sem þeim halla veldur, sje bráðnauðsynlegt; því það er sitt hvað, nauðsyn og bráð nauðsyn. T. d. eru taldar 2 stórupphæðir, sem enginn enn getur sagt um, hvort þær sjeu svo bráð-nauðsynlegar. Það er tillagið til hins sameinaða gufuskipafjelags og kostnaðurinn við lagningu ritsímans. Vjer vitum eigi enn, hversu viturlegt og ráðlegt það er, að samþykkja þessa tvo útgjaldaliði, og vjer vitum ekki einu sinni, hvort þeir þurfa, að koma til útborgunar á þessu fjárhagstímabili. — Þarna eru þá strax tvær útgjaldagreinar, sem jeg álít, að spara mætti að miklum mun, eða jafnvel gætu fallið alveg burt.

Jeg býst nú við, að menn spyrji, hve nær fjeð, sem landssjóður hefur til umráða, sje of mikið. Er ekki nóg við fjeð að gjöra? Eða er fjeð nokkurn tíma einu sinni nógu mikið. — Jeg verð að játa, að fjeð getur aldrei eða ætti aldrei að vera of mikið, og heldur ekki mundum við verða í vandræðum með að nota það; þó vil jeg gjöra þá athugasemd, að fje getur orðið of mikið í höndum þeirra manna, sem ekki kunna með fje að fara.

Þá er önnur spurningin: Er frumv. þetta heppilegt og rjettlátt? Þó auka þurfi tekjur landsins, er ekki víst, að það eigi að gjörast á þennan hátt.

Spurningarnar verða því tvær: Eykur frumv. þetta tekjurnar? og: á að auka tekjurnar á þennan hátt? Við skulum fyrst athuga hækkunina á vínfangatollinum. Ætli hann hækki og ætli tekjur landssjóðs verði meiri fyrir það? Það verður ekki sagt með neinni vissu. Það eru til skýrslur frá ýmsum löndum, sem sýna, að hækkunin á vínfangatolli og vínnautnin standa í engu föstu sambandi hvort við annað. — Það er hvort tveggja til, tolltekjurnar geta bæði hækkað og lækkað, því vínnautnin getur minnkað svo, að tekjuaukinn verði enginn. Það lítur út fyrir, að vínnautnin fylgi öðrum reglum, en hækkun og lækkun á verði vínsins.

Þá kemur tóbakið. Þess ber að gæta, að þar er tollurinn hæstur, og að vindlagjörð er þegar byrjuð í landinu. Þeir menn, sem stunda þessa vindlagjörð, mundu því auka framleiðslu sína að miklum mun, en það drægi úr tekjum landssjóðs, því með hinum háa tolli á vindlum mundu menn kynoka sjer við, að kaupa útlenda vindla. Þá gæti vel farið svo, að tekjurnar af vindlum og tóbaki yrðu ekki eins miklar og ráð er fyrir gjört. — Efnið í vindlana er að vísu tollað, en tollurinn á óunnu tóbaki er miklu lægri. Nú eru það einmitt þessar tvær vörutegundir, sem vel hefðu getað þolað, að tollurinn hefði orðið hækkaður á; en eins og jeg nú hefi sýnt fram á, eru tolltekjurnar á þessum tveimur aðalvörum — víni og tóbaki, einkum vindlum — mjög svo vafasamar.

Því næst komum við að kaffi- og sykurtollinum. Þegar að því er gætt, á hverjum tollur þessi kemur þyngst niður, þá kemur það í ljós, að hann kemur harðast niður á sjómönnum, þorpa- og kaupstaðalýð landsins. — En einmitt þessi hluti landsbúa hefur minnst gjaldþol, og þó eru einmitt þessar vörutegundir nauðsynjavara fyrir þá. Tollurinn er þegar afar hár í samanburði við gjaldþol þeirra manna, sem bera hann, en sje tollurinn ranglátur eins og stendur, verður hann þó enn ranglátari, sje hann hækkaður. Þannig sjest, að tekjuaukinn af þeim vörum, sem þyldu tollhækkun, er vafasamur, en tekjuaukinn af þeim vörum, sem í raun og veru ekki þola tollhækkun, af því að fátækir menn eiga að borga hann, er ranglátur. Þetta er nóg fyrir mig til þess, að samþykkja ekki frumv.

Jeg skal játa það með háttv. framsm. meiri hl. (Þórh. B), að sjá verður um, að tekjur og útgjöld standist á; en þá verður að nota þær heppilegustu leiðir. Ef við getum ekki sparað fje, á þingið að athuga vandlega útgjaldagreinar okkar, og geti þingið ekki dregið úr útgjöldunum að mun, sem jeg býst ekki við, verður það að reyna að finna einhverja heppilegri og rjettlátari leið til þess að auka tekjurnar, og takist þessu þingi það ekki, þá er betra að ganga á viðlagasjóðinn, eða taka lán, þangað til sú heppilegasta leið er fundin.

Nú hefur verið stungið upp á nefnd til að fjalla um tolla- eða skattamálin í heild sinni, er komi fram með tillögur um, hversu koma megi fyrir skattalögum landsins á sem heppilegastan hátt. Meðan nú verið er að finna þetta út, álít jeg miklu heppilegra og rjettara, að taka lán, en að vera að demba á þjóðina nýjum álögum, því annars ímynda jeg mjer, að ef eins væri ástatt á næsta þingi, eins og nú, mundu þessi bráðabirgðalög verða framlengd og ef til vill einhverju bætt við.

Svo held jeg, að jeg hafi ekki fleira að athuga að sinni.

Ólafur Ólafsson, (2. þm. Árn.): Af því jeg er mótfallinn frumv. og tollhækkun þeirri, sem það fer fram á, vil jeg gjöra grein fyrir afstöðu minni. Framsm. minni hl. nefndarinnar (St. St. þm. Skgf.) hefur raunar tekið margt fram af því, sem jeg ætlaði að segja, en jeg leyfi mjer þó að bæta nokkru við og láta uppi álit mitt.

Málinu var vísað til fjárlaganefndarinnar. Það lítur nú út fyrir, að henni hafi ekki þótt það tiltakanlega bragðgott, því bæði klofnaði nefndin, og svo hefr meiri hluti hennar sett það ákvæði inn í frumv., að lögin gíltu að eins í tvö ár. Sú niðurstaða bendir óneitanlega á, að nefndinni hefur þótt meira en smálítið athugavert við málið. Það er ekki titt, að semja lög, sem gilda að eins 2 ár. Jeg lít svo á, sem tillaga meiri hl. sje gjörð til þess að bæta frumv. í munni, bæði fyrir sig og þjóðina. Það er heldur ekki vanþörf á því!

Braut sú, sem hinn háttv. meiri hl. hefur komizt inn á, er að mínu áliti óviðkunnanleg og æði varhugaverð; hún leiðir auðveldlega til óstöðugleika og óvissu í fjármálum vorum, og sje henni haldið áfram, geta nýjar tollbreytingar eða hækkun á tollunum komið eins og skrugga úr heiðríku lopti eða eins og skollinn úr sauðarleggnum, þegar menn varir sízt.

Jeg tel það líka sennilegt, þegar litið er til reynslunnar, að þetta muni ekki að eins ná til ársins 1907, heldur muni lögin verða framlengd, því að fjárþörfin kunni að verða þá söm og nú.

Jeg get, hvernig sem á er litið, ekki verið frumv. sinnandi, og skal jeg nefna ástæður mínar fyrir því.

Jeg álít, að frumv., svona hálfgjört, sje ótímabær burður, en ótímabært er bæði það, sem kemur fyrir rjettan tíma og hitt, sem kemur eptir dúk og disk.

Fjárlagafrumv. fer að vísu fram á aukning útgjaldanna, en jeg álít eigi sjálfsagt, að þeirri aukning sje slegið fastri nú þegar. Jeg vildi fyrst vita það fyrir víst, hvort við þurfum nokkurrar hækkunar á útgjöldunum langt fram yfir það, sem títt hefur verið. Jeg tel það svo sem ekki sjálfsagt, að allir póstar fjárlagafrumv. gangi í gegn, og ef 2 stærstu póstar þess ganga ekki í gegn, álít jeg ekki sjálfsagt, að hækka tekjurnar. Fyrst þegar víst er, hvað ofaná verður, þarf að taka til þeirra ráða að auka fjeð. En það væri auðvelt að skipa nefnd, sem tæki málið til ýtarlegrar íhugunar, þegar sá rjetti tími er til kominn, og sjeð er fyrir endann á stærstu útgjaldapóstum fjárlaganna, og jeg efast alls ekki um, að þá kynni að finnast betri ráð, heldur en þessi sannkölluðu neyðarúrræði. Og færi svo ólíklega, að þau fyndust ekki, þá mætti jafnan grípa til þessara örþrifaráða. Það er ekki enn liðin nema vika af þingtímanum, og mætti því rannsaka málið á mikið víðtækari grundvelli. Jeg lái ekki stjórninni, fyrst hún þykist viss um, að tekjuhallinn hljóti að verða svona mikill, þó hún vilji hækka tolltekjurnar; en jeg er ekki sannfærður um þörfina. Þar skilur milli mín og hennar og hennar manna.

Jeg skal þá víkja að efni frumv. Að því er tóbakstollinn snertir, er jeg fyllilega samþykkur flutnm. minni hlutans, og vík jeg því strax að brennivínstollinum, sem svo er nefndur. Jeg get ekki verið hækkun þessari samþykkur vegna þess, að hún fer í öfuga

átt. Mjer hefur í mörg ár verið illa við þennan gjaldstofn. Jeg álít, að áfengið sje þjóðarböl, sem við eigum að útrýma, og að við eigum ekki að gjöra áfengisbölið að mjólkurkú landssjóðs. Það er viðbjóðslegur gjaldstofn, og jeg álít, að hverjum eyri, er rennur í landssjóð af honum, fylgi *blóð og tár*.

Það er að vísu álit sumra, að hækkunin á áfengistollinum muni minnka vinnautnina. En það er að minni hyggju skakkt álitið; því sá, sem hefur sterka fýsn til áfengra drykkja, kaupir þá, hvað sem þeir kosta. Fyrir því er margföld, sorgleg reynsla. Afleiðingin af tollhækkuninni er það eitt, að gjöra bölið verra, sjeð frá siðferðislegu sjónarmiði, því, að því skapi, sem tollurinn er hærri, því fleiri peningar verða teknir frá konum og börnum drykkjumannsins.

Svo lít jeg nú á.

Goodtemplar reglan heldur uppi heiðarlegri baráttu, til að fá böli þessu útrýmt, t. d. með því, að fá bannaðan allan innflutning á áfengi, og þarfari barátta verður varla háð á þessu landi. En nú kemur þetta; nú fer frumv. þetta fram á að hækka áfengistollinn, og verður það með því að slagbrandi gegn aðflutningsbanninu; því þeir, sem búa fyrir landssjóðinn, munu að líkindum fara að eins og hver annar hygginn bóndi: að láta kýr þær, sem hreyta mest í skjólu landssjóðs, lifa sem lengst. Það vill segja með beinum orðum, að því meiri sem tekjurnar eru af gjaldstofni þessum, því meir munu menn skoða huga sinn um að nema hann úr lögum.

Kaffi- og sykur-tollinn og hækkunina á honum er mjer mjög illa við, því jeg álít, að það sjeu tollar á lífsnauðsynjum þjóðarinnar. Hann kemur líka svo dæmalaust ranglátlega og misjafnt niður; mest á þá, sem sízt þola hann, sem sje fátæklinga í kaupstöðum og við sjávarsíðuna. Sveitabændum gjörir hann ekki eins mikið til, því þeir hafa mjólkina. Jeg hef verið yfir 2 tugi ára í sveit og þá hefur það tvisvar eða optar komið fyrir, að kaffi og sykur hlupu í geypiverð; en bændur, eða að *minnsta* kosti hinir hagsýnustu á meðal þeirra hagnýttu sjer þá mjólkina og kjötið, en spöruðu kaffi- og sykur-kaupin eptir megni, eins og rjett var; þetta athvarf hafa sjómenn ekki. Sjómannastjettin er lögð í einelti með þessari aukningu á tollunum. Nauðsynjar þær, sem þeir að sjálfsögðu þurfa, eins og t. d. kjöt og smjör, eru allt af að hækka í verði, svo að nú lifir mikill hluti af sjómannastjettinni ekki á öðru en brauði og margaríni. Það er vonandi, að brauðið verði seint tollað, en tollur á margaríni vofir yfir á hverri stundu, og þegar búið er að hækka það í verði, væri þeim eigi of gott, þó þeir hefðu kaffi og sykurmola með þurru brauðinu. Það er hægt fyrir ríka menn og embættismenn að segja, að ekkert muni um þessa fáu aura. En þurrabúðarmaðurinn getur ekki talað í þessum tón. Allt hans líf er strit og stríð, og jafnvel mörgum sinnum miklum lífsháska bundið, og hann munar um hverja 10 aura, já, meir að segja hvern 1 eyri. Hann verður að velta hverjum smápening lengi í lófa sínum, áður en hann lætur hann úti. Hann verður að leggja höfuð sitt í bleyti um það, hvernig hann eigi að spara hvern eyri. En á þessum mönnum, á þessum fátækasta hluta þjóðarinnar, kemur frumv. harðast niður. En jeg vil ekki vera með í þessu.

Hjer við bætist eitt atriði enn. Opt hafa á síðari árum heyrzt kvartanir um það frá sjómönnum, að þingið hafi

gjört meir fyrir landbúnaðinn, en fyrir sjávarútveginn. Jeg álít, að ekki hafi verið of mikið gjört fyrir landbúnaðinn, og meira þurfi að gjöra fyrir hann enn þá, en þrátt fyrir það á ekki að spyrna fæti við sjómannastjettinni. Þingið á ekki að hafa neina stjett landsins fyrir olnbogabarn. Sumar kvartanir sjómanna eru á rökum byggðar; þeir hafa orðið útundan að sumu leyti; um það er ekki að þræta. En þessum kvörtunum sjómanna vil jeg ekki í þingsins nafni svara með því, að leggja nýjan toll, nýjan skatt á lífsnauðsynjar þeirra.

Það er ein ástæða enn fyrir því, að jeg get ekki verið frumv. hlynntur, og hún er sú, að mjer líkar ei að öllu leyti fjármálapólitik stjórnarinnar. Mjer virðist ekki sýndur nógu mikill sparnaður í sumum atriðum, og jeg vil því ekki samþykkja nýjar álögur, sízt af öllu þá þær, sem jeg þar að auki veit um að þjóðin ber nauðug, og sem eiga að brúkast til þess, sem þjóðinni er þvert um geð.

Hjá háttv. framsm meiri hlutans (Þ. B.) heyrði jeg bóla á því, að við, sem erum móti frumv., vildum engar framfarir; jeg mótmæli því í mínu nafni; en jeg vil ekki aðhyllast nein stökk, sem þjóðinni er búinn voði af. Óviturleg framhlaup eru engar framfarir, heldur þvert á móti. Menn kunna að segja, að jeg beinist helzt að því, að rífa niður en vilja ekki byggja upp; en svo er ekki. Spyrji menn, hvað jeg þá vilji, þá hef jeg þar til mörg andsvör. Jeg álít nógan tíma til skynsamlegra og viturlegra framkvæmda, þó horfið sje af þessum miður góða vegi. En sje um tvennt að velja, þá kýs jeg af tvennu illu hið minna, að taka lán, heldur en að auka tollana, eins og hjer er farið fram á. Annað svarið er það, sem háttv. framsögum. meiri hlutans líka tók fram: að spara, það er einmitt það, sem jeg vil gjöra.

Jeg vil engum peningum fleygja í sjóinn, engum eyri fleygja í óráðsíuforæðið. Þá þarf enga nýja skatta í þetta sinn. Jeg vil ekki fleygja 150 þús. kr. í sameinaða gufuskipafjelagið, sem er sama sem að fleygja þeim peningum í sjóinn. En sú upphæð ein nemur helmingi af því, sem hjer á að leggja á þjóðina. Jeg álít, að jeg fylgi hinum sanna þjóðvilja með því að veita eigi þessu fjelagi einn eyri, eða að minnsta kosti sem allra minnst.

Þá er þriðja svarið það, að við erum ekki svo verulega fjelausir, ekki í eins miklum fjárkröggum og stjórnin lætur. Það liggur t. d. fyrir þingdeildinni frumv. til laga um opinberar byggingar, og heimild til þess að selja ýmsar landssjóðseignir, svo sem Klapparlóð, Örfærisey og Arnarhól, og er gjört ráð fyrir, að fyrir þær fáist 300 þús. kr. Jeg er fyllilega samdóma háttv. framsögum. meiri hlutans um það, að illt sje að gjöra eigur landssjóðs að eyðslufje, en eitthvað verður að gjöra, og þessar 300 þús. kr. er nákvæmlega það sama, og farið er fram á að leggja á þjóðina. Þetta sýnir þó, að við erum ekki í vandræðum með peninga.

Tilgangurinn með frumv. þessu, er jeg nefndi, er að byggja fyrir andvirði hinna seldu lóða 2 hallir, og er áætlað, að önnur kosti um 100 þús. kr., en hin um 160 þús. kr. Eptir vanalegri reynslu mun óhætt að bæta 50 þús. kr. við báðar. En jeg kann satt að segja ekki við það, að sama árið sem við leggjum nýja skatta á fátækasta hluta landsmanna, reisum við veglegar og dýrðlegar hallir. Það meiðir tilfinningar mínar og það er spá mín, að það meiði tilfinningar fleiri manna.

Jeg vil spara. Jeg álít, að á fjárlögunum sjeu upphæðir, sem geti

verið lægri, jeg vil ekki kaupa neitt dýrara, en þörf er á. Jeg vil ekki leggja á nýja skatta, og jeg vil ekki og ætla ekki að samþykkja þau útgjöld, sem að þessu sinni gjöra nýja tolla eða skatta nauðsynlega.

Ráðherrann: Margt af því, sem þeir sögðu hinir tveir háttv. þm., sem talað hafa, fellur saman. Sömu mótbárur og sömu röksemdir hjá báðum.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að þessi tollhækkun kæmi á þjóðina, að henni fornspurðri, en þetta er alveg ástæðulaus mótbára, og á miklu síður við þetta frumv. en flest önnur. Þetta mál um aukning teknanna hefur verið uppi hjá þjóðinni. Þingmalafundirnir hafa, hver um annan þveran, gjört ráð fyrir því, að ekki yrði komizt hjá að auka tekjur landssjóðs með tollhækkun þegar á þessu þingi; á undanfarandi þingum hefur verið gengið út frá því sem vísu; sjerstaklega á síðasta þingi kom það mjög skýrt og ótvírætt fram, og jeg minnist þess glöggt, að eitt af því, sem stjórninni var legið einna mest á hálsi eldhúsdaginn 1903, var einmitt það, að hún skyldi ekki þá hafa komið fram með tillögu um tollhækkun. Jeg man og, að þessi vegur, sem hjer var farinn, að hækka núgildandi tolla, var einmitt nefndur í þessari deild af fleirum en einum.

Háttv. þm. þótti þetta mál koma of snemma inn á þingið, toldu ekki tíma til kominn að hugsa um slíkt, af því, að ekki væri víst, hvort samþykkt yrðu útgjöld, sem fram á er farið. En einmitt af því, að stjórnin hefur farið fram á talsverð útgjöld umfram tekjur, svo tekjuhalli er á fjárlagafrumv., neyðist stjórnin til þess þegar í stað, að láta þingið vita, hvernig hún hugsi sjer þann tekjuhalla bættan. En úr því það er hljóðbært orðið, á hverja vörutegund er ætlazt til að tollaukinn falli, þá er nauðsynlegt, að hraða málinu sem mest, til þess að tekjuaukans gæti sem fyrst og lögin verði að þeim notum, sem til er ætlað, og það þegar á þessu yfirstandandi fjárhagstímabili. Háttv. þm. Skgf. talaði um, að það væri verið að þvinga málið ólöglega áfram. Þetta á sjer engan stað. En jeg get vel sagt háttv. þm., að jeg hafði hugsað mjer, að ef þingið vildi fallast á þetta frumv., þá mætti á *löglegan hátt*, með undanþágu frá þingsköpum, flýta því svo, að það kæmist út til staðfestingar með skipi, sem fer hjeðan 9. júlí, og var málið þannig undirbúið, að það hefði getað látið sig gjöra. Þetta er nú orðið um seinan. En samt tel jeg sjálfsagt, að flýta málinu sem mest, því óvæntar ferðir kunna að falla.

Háttv. þm. hjelt, að tollhækkunin mundi koma eingöngu niður á kaupmönnum utan Reykjavíkur, því Reykjavíkurkaupmenn mundu fá svigrúm til að byrgja sig upp, svo að þeir þurfi engar tollvörur að kaupa, meðan lög þessi gilda. En fyrst er nú eptir að sjá, að þeir fái þetta svigrúm. Í öðru lagi á jeg bágt með að trúa því, að allir Reykjavíkurkaupmenn sjeu svo peningaðir, að þeir geti pantað vörur þessar til margra ára í senn *(Stefán Stefánsson:* Jeg sagði, langt fram á tímabilið). Slíkt gæti auk þess orðið skaði fyrir þá, því ekki er að vita, nema vörurnar lækki í verði í útlöndum miklu minna, en tollhækkunin nemur, og biðu kaupmenn þá tjón af.

Háttv. framsm. minni hlutans sagði, að ekki bæri brýna nauðsyn til að hækka gjöldin, þó sá tekjuhalli sje á fjárlögunum, sem frumv. greinir; en hjer við er að athuga, að það eru mörg væntanleg stór útgjöld, sem ekki eru nefnd í fjárlagafrumv. svo sem t, d. kostnaður til fyrirhugaðs geðveikrahælis, sem áætlað er að kosti

68,000 kr.; einnig kemur víst frumv. fyrir þingið um að byggja brjóstveikrahæli; þess utan þarf útgjöld til gaddavírskaupa, kennaraskólabyggingar, o. fl. Tekjuaukinn, sem farið er fram á, er líka það minnsta, sem hægt er að stinga upp á.

Jeg held, að báðir háttv. þm. hafi stungið upp á sömu leiðinni til að minnka útgjöldin, nefnilega að fella burt fje það, er gengur til sameinaða gufuskipafjelagsins, og fjárveitinguna til ritsímans. En jeg get ekki að því gjört, að mjer þykir það miður »framsóknarlega« mælt. Jeg hef að vísu sjálfur verið þeirrar skoðunar, að fjárframlagið til sameinaða gufuskipafjelagsins sje allt of hátt eptir gjaldþoli voru, og jeg hef þá von, að betri kjör kunni að nást á þessu þingi. En að fella burt allan styrk til strandferða, er ógjörningur. Jeg er hræddur um, að fólk út um landið mundi kunna illa slíku ráðlagi, að kippa burt þeim samgöngum eða takmarka þær að miklum mun. En þó eitthvað lánist að spara af kostnaðinum til strandferðanna, þá liggur í augum uppi, að það gæti ekki numið $^1/_2$, $^1/_4$ eða jafnvel $^1/_{10}$ aukningar þarfarinnar. Um ritsímamálið vil jeg ekki tala mikið í þetta sinn; til þess mun verða tími seinna, en það vil jeg segja, að ef háttv. þm. vilja láta landið fá eitthvert hraðskeytasamband, þá kostar það fje, hvort sem valinn er sími eða þráðlaust samband. Eptir öllu því, sem enn er kunnugt um þráðlausu samböndin, mundu þau kosta miklu meira en síminn, svo ekki væri það sparnaður fyrir landið, að hafa þar skipti. Tal hinna háttv. þm. um sparnað á ritsímaliðnum er því meiningarlaust, nema því að eins, að þeir með öllu vilji alveg hafna öllu hraðskeytasambandi við útlönd og innanlands, og svipta landið alveg því lengi þráða færi, sem nú loks er fyrir hendi, til þess að verða aðnjótandi þessa mikla menningartækis. Mig minnir, að háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) tæki fram fleira af »ónauðsynlegum útgjöldum«, er hann svo nefndi. Hann gat þess, að í ráði væri, að verja jafnmiklu til byggingar halla eins og til tekjuaukans, og skildist mjer, að hann vildi nota það fje upp í tekjuhallann, sem ætlazt er til að gangi til stofnunar byggingarsjóðsins. *(Ólafur Ólafsson:* Nei, nei). Meining hans er þá, að selja jarðirnar Arnarhól og Örfærisey og jeta þegar upp andvirði þeirra uppí árleg gjöld. Annars er meiningarlaust, að nefna þau gjöld í þessu sambandi, nema hann ætli að bæta upp allan tekjuhalla með þeim c. 12,000 kr., sem ætla má að fengizt gæti í vexti af andvirði jarðanna, ef þær seldust þegar í stað fyrir það verð, sem stjórnarfrumv. um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga gjörir ráð fyrir. En það næði skammt, auk þess, sem langt kynni að verða þeirra tekna að bíða.

Þá hafa háttv. þm. talað mikið um, hvort rjettlátt væri, að auka tekjurnar á þann hátt, sem fram á er farið. Jeg get ekki sjeð, að neinn annar vegur til bráðabirgðatekjuauka geti verið rjettlátari. Löggjafarvaldið hefur slegið því föstu, að rjett sje að tolla einmitt þær vörutegundir, sem hjer er um að ræða. Menn vita, hvernig þessir tollar koma niður, og með því að binda tekjuaukann við hundraðsgjaldshækkun á núverandi tollum, vinnst það, að tollaukinn kemur nákvæmlega eins niður eins og tollarnir nú. Þetta er aðeins gjört til bráðabirgða. Það þarf að endurskoða bæði skattalöggjöfina og tolllöggjöfina. Stjórnin gekk út frá því, að á þessu þingi mundu verða settar nefndir í báðum deildum til þess

að undirbúa það mál. Tími hafði ekki unnizt til þess fyrir þing, og til slíks getur heldur ekki unnizt tími á þessu þingi. Hjer er að eins hægt að marka fyrir stefnunni, og svo undirbúa málið til alþingis 1907. En tekjuaukann þarf strax, og til þess er þetta lagafrumv. framborið, að útvega tekjur, meðan verið er að rannsaka skattamálin nánar.

Jeg skal ekki þrátta um samband þessarar tollhækkunar við bindindismálið. Mjer er ómögulegt að skilja, að dálítil vínfangatollshækkun sje þröskuldur í vegi fyrir . aðflutningsbanni. Eins og kunnugt er, nemur vínfangatollurinn nú 220,000 kr. á fjárhagstímabilinu, en með hækkuninni c. 280,000 kr., og jeg get ekki skilið, að þessi mismunur geti gjört það að verkum, að erfiðara yrði að koma á aðflutningsbanni; það þarf hvort sem er að útvega svo miklar tekjur í skarð vínfangatollsins, að ekki munar um nokkrar þúsundir meira eða minna. Jeg gæti betur skilið þessar mótbárur, ef engar tekjur væru af vínföngum, en eins og nú er, er mjer þessi hugsun hulin ráðgáta.

Þá sagði háttv. framsm. minni hlutans, að hækkunin gæfi litla von um tekjuauka, því að vel gæti svo farið, að menn drykkju minna, ef tollurinn væri hækkaður, en það skil jeg ekki, að bindindismönnum ætti að vera svo amalegt; slíkt ætti fremur að vera þeim kært. Það var einnig sagt, að tekna væri ekki að vænta af vindlatolli, ef þessi tollauki kæmist á.

En það er hvorttveggja, að jeg tel næsta óliklegt, að þeir menn, sem nú kaupa þá 6,000 vindlakassa, er til landsins flytjast árlega — meira er það ekki nú — þeir mundu naumast láta þvingast til að fara að reykja tóma illa innlenda vindla, þótt tollurinn hækkaði um $^3/_{10}$ hluta, enda væri hægt að koma í veg fyrir, að innlendu vindlarnir yrðu of ódýrir með því að leggja skatt á vindlagjörð hjer á landi.

Báðir háttv. þm. gjörðu mikið númer úr kaffi- og sykurtollinum og kvörtuðu yfir, að sá tollauki lenti á þeim fátækustu. Háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) fór mörgum skáldlegum og hrífandi tilfinningarorðum um þetta, sem mjer þótti unun að hlýða á, en ekki get jeg sagt, að röksemdirnar væru að því skapi sláandi. Jeg álít, að því meiri risna og eyðsla sem er á einu heimili, þess meira kaffi og sykur sje brúkað þar. Þó að sykur og kaffi kunni að vera og sje mörgum nauðsynjavara, þá er það þó hjer á landi hvorttveggja brúkað *einnig* sem óhófs- og munaðarvara; það er óhætt að fullyrða, að það er að eins lítill hluti af þessum vörutegundum, sem gengur til eiginlegra nauðsynja. Því meiri »lúksus« — því meiri sykureyðsla.

Háttv. þm. talar eins og hjer væri að ræða um afarmikla íþyngingu. Maður skyldi halda, að hjer væri að ræða um *30 aura* hækkun á hverju sykurpundi, í stað 30% af núverandi tolli, eptir því hve mjög þeir berja vængina. En hækkunin á sykurtollinum, 30% af tollinum, nemur aðeins $1^1/_2$ eyri á pundið, og kaffitollshækkunin 3 aurar á pundið.

Það er mjög vafasamt, hvort sykur mundi hækka í verði hjá kaupmönnum þrátt fyrir tollinn, að minnsta kosti er þetta lítið í samanburði við verðbreytingar á útlendum . markaði. Á heimili, sem brúkar 300 pd. af sykri yfir árið, nemur tollhækkunin 4 kr. 50 a. á ári og getur slík hækkun naumast með rjettu kallast harðýðgisleg þvingun. Náttúrlega væri bezt, ef hægt væri, að finna toll, sem ekki snerti fátæklingana, en það er

naumast að því hlaupið. En annars fæ jeg ekki sjeð, að gjöldin komi mest á tómthúsmenn, eins og minni hlutinn segir í nefndaráliti sínu. Má jeg í þessu sambandi skjóta þeirri spurningu til háttv. minni hluta, hvort hann ímyndar sjer, að orðið »tómthúsmaður« sje dregið af því, að búa í »tómu húsi«, eða hvort þar að lútandi orð í nefndarálitinu á aðeins að vera hrifandi mælskublóm. Hingað til hef jeg álitið, að orðið »tómthús« kæmi af danska orðinu »Tomt« (húsalóð) og táknaði hús á mældri lóð í mótsetning við jarðarhús. Sultar- eða seyrumerking hef jeg ekki vitað að í þessu orði ætti að liggja.

Tillögurnar um að taka af viðlagasjóðnum eða taka lán til þess að standast venjuleg ársútgjöld eru hvorartveggja jafn fráleitar. Viðlagasjóðinn megum við ekki missa, og lán þarf aptur að borga. Er þá naumast holt að binda ókomnum árum þann bagga, að borga ekki að eins það, sem þá þarf til ársútgjaldanna, heldur einnig það, sem menn þurfa að eyða nú í nauðsynleg útgjöld auk vaxta af því.

Að mæla á móti þessu frumv., er að gjöra sig sekan í óhæfilegu apturhaldi, því fæst ekki þessi tekjuauki, verður að l epta nauðsynlegustu framkvæmdir. Þessi tekjuauki, sem hjer er farið fram á, fer ekki í sjóinn, en í sameiginlegan sjóð landsins, landinu til gagns, en háttv. þm. hafa talað svo um fje þetta, sem það færi til einskis. Jeg vona, að málið gangi leiðar sinnar svo fljótt og greitt sem auðið er, og það er ósk min, að hin háttv. deild samþ. frumv. óbreytt.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Vegna þess að umræður eru nú þegar orðnar all-langar, ætla jeg ekki að hreyfa við sjálfu tollhækkunarspursmálinu í þetta sinn, en að eins lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. með frumv. til 3. umr., því að jeg álít, að mönnum veiti ekki af þeim tíma til að íhuga málið nákvæmlega.

Það er breyt.till., sem hjer liggur fyrir, er jeg ætla að fara nokkrum orðum um. Hún er fram komin af þeirri ástæðu, að jeg og meðflutningsmaður minn litum svo á, að þó að lögin um hækkun á aðflutningsgjaldi næðu fram að ganga, þá mundi ekki fyrir þá sök starfi innheimtumanna aukast að nokkrum verulegum mun. Við álitum, að margir af innheimtumönnum mundu ekki hirða um að taka hlut á þurru landi, og ekki fáum við betur sjeð, en að innheimtulaun þau, sem þeir nú hafa, sjeu viðunanleg. Þessi hækkun innheimtulaunanna mundu ekki draga hvern einstakan mikið, en hins vegar virðist okkur, að upphæðin í heild sinni muni landssjóð nokkuð, þótt ekki sje um meira að ræða en 5 til 6 þús. kr. Við álitum, að þessu fje yrði á engan hátt betur varið, en að verja því til einhverra þeirra nauðsynjafyrirtækja, sem nú eru í fæðingu hjer á landi; því að með því móti gæti svo farið, að þetta fje bæri margfaldan ávöxt.

Háttv. þm. Borgf., framsm. meiri hluta nefndarinnar, gat þess, að hann áliti þetta atriði fremur þýðingarlítið, þar sem ekki væri um meira fje að ræða. Jeg get vel skilið, að þeim mönnum, sem eru vanir að hafa mikið landsfje undir höndum — mjer dettur ekki í hug að segja: til að bruðla með, heldur til að útbýta — finnist þetta lítilræði, þó að mjer finnist ástæða til að spara þetta fje til annara nauðsynlegra útgjalda.

Önnur ástæðan, sem háttv. þm. Borgf. færði fyrir því, að ekki væri rjett að samþykkja þessa breyt.till. var

sú, að sýslumenn yrðu opt og tíðum að láta aðra menn innheimta tollana, og gæti þá svo farið, að sýslumenn yrðu að borga þeim innheimtulaun úr sínum vasa. Þetta er mjer óskiljanlegt, vegna þess að jeg hygg, að það tilfelli komi ekki fyrir, að nokkur gjaldheimtumaður feli öðrum að innheimta að eins gjaldauka þann, sem hjer er um að ræða, heldur tollinn í heild sinni. Get jeg ekki annað sjeð, en þá liggi beint við, að innheimtulaun umboðsmannsins standi í sama hlutfalli við innheimtulaun sýslumannsins, sem verið hefur.

Ástæður þær, sem fram hafa komið móti till., virðast mjer svo ljettvægar, að jeg finn ekki ástæðu til að fara um þær fleiri orðum, enda munu þeir nú margir orðnir, sem óska þess að fá orðið.

Guðmundur Björnsson (þm. Rvk.): Því hefur verið hreyft hjer í dag, að þessi nýja skatta-álaga muni koma mjög flatt upp á þjóðina. Það get jeg ekki skilið af þeirri ástæðu, að á mörgum þingmálafundum undanfarin ár hefur það verið látið í ljósi, að nauðsyn bæri til að auka tekjur landssjóðs og það með tollum, en ekki með beinum sköttum. Jeg get því ekki betur sjeð, en að stjórnin sje hjer í fullu samræmi við vilja þjóðarinnar, þar sem hún í þessu frumv. fer fram á það, að hækka tollana. En þá er hjer tvennt, sem kemur til greina: [1]) hversu stórar þessar álögur eiga að vera, og [2]) hvar þær eiga helzt að koma niður. Það er gjört *ráð* fyrir tekjuhalla á fjárlögunum; þegar hann er kominn í ljós, *þá* fyrst er hægt að sjá, hversu mikil þörf er á nýjum álögum.

Það hefur opt verið tekið fram hjer í dag, að ekki megi jeta upp eignir landssjóðs; en það kalla jeg að jeta upp eignir landssjóðs, að verja þeim til hlaupandi ársútgjalda. Annað mál er það, þó landið seldi eitthvað af eignum sínum, og verði fjenu til einhverra gagnlegra fyrirtækja, seldi t. d. jarðeign til þess að koma sjer upp húseign. Landið þarf að byggja bókhlöðu, kennaraskóla, ráðherrabústað, geðveikrahæli, heilsuhæli handa brjóstveikum o, s. frv. Þetta eru líka fasteignir; jeg tel það alls enga fjarstæðu, að selja einhverjar fasteignir, jarðeignir landssjóðs og verja andvirðinu til opinberra bygginga, enda hefur háttv. stjórn nú lagt fyrir þingið frumv., sem fer í þá átt; jeg fæ með engu móti sjeð, að það sje að jeta upp eignir landsins.

Mjer finnst efasamt, að tekjuhallinn þurfi að verða eins mikill og áætlað er í fjárlögunum, en hins vegar má telja víst, að hann muni verða talsverður, og óhjákvæmilegt, að þingið leggi á einhverja nýja skatta, og þá samkvæmast almenningsvilja, að þeir komi fram í tollhækkun. En þá er spursmálið, hvaða vörur þoli frekast tollhækkun og hvaða vörur sízt. Aðallega er um fjórar vörutegundir að gjöra, nefnilega tóbak, kaffi, áfengi og sykur.

Engin mótmæli hafa komið fram á móti hækkun tóbakstolls; það eitt hefur verið tekið fram, að innlend tóbaksgjörð mundi fara í vöxt og tekjuaukinn af hækkun tóbakstollsins þess vegna verða lítill, en hæstv. ráðh. tók það fram, að þegar á þessu þingi mætti líka leggja toll á innlenda tóbaksgjörð.

Jeg get ekki samsinnt þeim, sem segja, að kaffi sje lífsnauðsyn, nje heldur þeim, sem gjöra kaffi og sykri jafnhátt undir höfði. Sykur er matvæli, næringarefni (*Stefán Stefánsson*, 2. þm. Skagf.: Vissi framsm. það ekki?), en kaffi ekki; það hefur sama sem ekkert næringargildi.

Ef fólk á erfitt með að neita sjer um kaffi, þá á það sannarlega engu síður erfitt með að neita sjer um tóbak, og frá því sjónarmiði mætti einsvel kalla tóbakið lífsnauðsyn; jeg þekki fátæklinga betur en margir aðrir, og mjer er vel kunnugt um, hvernig viðurværi þeirra er háttað. Jeg hef sjeð fátækt fólk leggja sjer til munns þurrt rúgbrauð og svart kaffi, og sama hef jeg jafnvel sjeð það gefa börnum sínum. En þessu og öðru eins er alls ekki bót mælandi. Þegar harðna fer í búi, væri miklu hollara fyrir fólk að kaupa sjer einhver næringarefni fyrir þá peninga, sem það eyðir í kaffi.

Að því er snertir hækkun á tóbaks- og kaffitolli, er jeg frumv. samþykkur; en lengra get jeg heldur ekki fylgt því. Þegar til áfengisins kemur, er jeg alveg á sama máli sem háttv. sessunautur minn (Ól. Ól.), Hugur þjóðarinnar hneigist nú æ meira og meira að því, að útrýma algjörlega áfengi ásamt öllu því böli, sem því fylgir; hæstv. ráðh. gat þess í ræðu sinni, að sjer skildist svo. sem áfengistollurinn gæti að vísu orðið þröskuldur á vegi aðflutningsbanns, ef áfengið hefði áður verið ótollað, en vildi ekki viðurkenna, að toll*hækkun* hefði neitt að segja. Því er alls ekki þannig varið, það verður því erfiðara að losa sig við áfengið, sem tollurinn hækkar meira og landið hefur meiri tekjur af áfengissölunni; vjer bindindismenn viljum lækka þröskuldinn, ekki hækka hann. Hvað því viðvíkur, að vínnautnin mundi minnka við tollhækkunina, þá er það sama sem að segja, að engrar tekjuaukningar sje að vænta af hækkuninni, en þá kæmi hún heldur ekki að tilætluðum notum. Enda hefur hin háttv. stjórn auðvitað ekki búizt við þessu, heldur hinu, að vínnautnin mundi haldast hjer um bil óbreytt, tolltekjan aukast. Og það hefur líka allstaðar sýnt sig, að tollarnir hafa litla sem enga þýðingu fyrir útrýmingu vínnautnarinnar.

Að því er snertir sykurtollinn, er það mín skoðun, að hvernig sem annars fer með skattamál landsins, megi aldrei leggja toll á helztu lífsnauðsynjar manna. En allra helzta lífsnauðsynin er maturinn, og vjer *verðum* að afla oss ýmissa matvæla frá öðrum löndum.

Höfuðskilyrðin fyrir almennri velliðan eru þau, að allir hafi næga atvinnu, og að þær nauðsynjar sjeu sem ódýrastar, sem enginn getur án verið. Jeg vil ekki gjöra mönnum erfiðara að lifa í þessu landi; jeg vil að þeim mönnum, sem hjer búa og hingað koma, sje sem auðveldast að afla sjer hinna helztu lífsnauðsynja, Þessvegna vil jeg ekki hækka toll á matvælum, en sykur eru matvæli; því getur enginn neitað. Jeg legg ekki mikið upp úr þeim ummælum nefndarinnar, að þetta sje að eins bráðabirgðaráðstöfun. Það fer opt svo, að menn gjöra sjer nýjar skattálögur að góðu, þegar frá líður, hversu ránglátar sem þær eru. Það er gamalt máltæki, að gamlir skattar sjeu góðir skattar.

Af þessum ástæðum greiði jeg ekki atkvæði með þessu frumv. óbreyttu, en vil að því sje vísað til þriðju umr. ef vera mætti, að það kæmi þar fram í einhverri annari mynd, svo að jeg geti gefið því atkv. mitt.

Eggert Pálsson, (1. þm. Rang.): Hjer hafa þegar orðið all-langar umr. um þetta frumv., enda má það eðlilegt heita, þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða.

Framsm. minni hlutans (St. St., 2. þm. Skf.) tók það fram, að mönnum væri þessi tollhækkun mjög ógeðfeld, en á því þarf engan að furða, þótt svo væri, því menn vilja að jafnaði í lengstu lög komast hjá því að borga skattana, enda þótt þeir í ýmsum efnum heimti eyðsluna. Sá sannleikur kemur að sjálfsögðu fram hjer á þinginu sem annarsstaðar, að það er hægra að eyða fje en afla þess.

En hvað sem því líður, kemur þó öllum saman um, að eitthvað þurfi að gjöra til þess að tekjur og útgjöld landssjóðs geti staðizt nokkurn veginn á, og það virðist eigi annað geta legið fyrir, en að auka tekjur hans á einhvern hátt. Og þótt sumir segi, að til þess að ráða fram úr þessu, sje tíminn nægur, þegar fjárlögin eru gengin fram, þá sýnist það eitthvað keimlíkt því að ætla sjer að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann. Því, ef að vana lætur, mun eigi langt verða eptir þingtímans, þegar fjárlögunum er lokið.

Til þess að fá tekjur og útgjöld landssjóðs til að standast á, hafa sumir lagt áherzluna á að spara sem mest í öllum greinum, og skal jeg að vísu játa, að sparnaður er góður, ef hann ekki tálmar þrifum og framförum þjóðarinnar. En það reynist optast svo, að það er hægra að slá því fram, að menn eigi að spara, en að standa við það í reyndinni. Og margir þeirra manna, er tala hæst um sparnaðinn, virðast gleyma honum, þegar að því kemur, að útbýta fje landsins. Mjer er það sem öðrum full-ljóst, að eitthvað verður að gjöra til þess að auka tekjur landssjóðsins, svo ekki þurfi að við hafa óþarfan og skaðlegan sparnað, og þess vegna neyðist jeg til að greiða frumv. þessu atkv. mitt, enda þótt mjer líki það eigi sem bezt. Og er það sjerstaklega vínfangatollshækkunin, sem mjer geðjast ekki að, ekki af því að jeg játi ekki, að hjer sje um sannan óþarfa, og meira að segja skaðræði að ræða, sem verðskuldi að bera háan toll, heldur af því, að sterkar raddir hafa heyrzt um það hjá þjóðinni, að ekki beri að hækka vínfangatollinn, með því að slík hækkun geti orðið aðflutningsbanni á vini til tálmunar. Jeg hefði því helzt kosið, að þingið hefði getað tekið fullt tillit til þessara radda. En mjer er ekki sýnilegt, að það geti það að þessu sinni, því slíkt mundi raska hugsuninni í frumv., sem fer fram á jafna prósenthækkun á öllum gildandi tollum, ef farið væri að undanskilja vínfangatollinn einan. Það er líka hjer sú bót í máli, að meiri hluti nefndarinnar hefur komið fram með þá breyt.till., að lögin gildi að eins næsta fjárhagstímabil. Og þó að sumir hafi gjört lítið úr því, að þetta eigi að vera að eins bráðabirgðaráðstöfun, þá gjöri jeg fyrir mitt leyti mikið úr því, því vegna þess hefur þó sjerhver þingmaður atkv. sitt óbundið á næsta þingi í þessu efni, þegar sá tími er útrunninn, sem þessi ráðstöfun gildir fyrir. Það eru þannig aðallega fjórar ástæður fyrir því, að jeg greiði atkv. mitt með þessu frumv.:

I. að í frv. er öllum tollum gjört jafnt undir höfði, en ekki ráðizt á neinn einstakan;
II. að ráðstöfun þessi gildir að eins fyrir næsta fjárhagstímabil;
III. að þeir, sem eru í raun og veru hlynntir aðflutningsbanni, geta eigi látið þessa tollhækkun raska skoðun sinni í því máli;
IV. að tekjur og útgjöld landssjóðsins geta að öðrum kosti ekki komið til að standast nokkurn veginn á, og sem er sú ástæðan, er mestu varðar.

En á hinn bóginn vil jeg taka það fram, að nauðsyn muni bera til að

skipa á þessu þingi nefnd til að íhuga skattamálin yfir höfuð, til þess að hún geti gefið stjórninni þýðingarfulla bendingu í þeim efnum. Og verði það, þá vænti jeg þess, að sú nefnd, sem og stjórnin, taki fullt tillit til þeirra ráða, sem komið hafa fram um nauðsyn aðflutningsbannsins, og hagi tillögum sínum í skattalöggjöfinni eptir því.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg tek það fram, að jeg lít sömu augum á málið og við 1. umr. Jeg skoða tollhækkun þessa sem neyðarúrræði til þess, að bæta úr fyrirliggjandi þörf. *Annaðhvort* verður að samþykkja þessa tollhækkun *eða* taka lán, *eða* eyða innstæðufje landsins, *eða* jeta upp fasteignir þess. Jeg álít fyrsta kostinn skástan, þó með því skilyrði, að breytingartillaga meiri hluta nefndarinnar um, að lög þessi standi að eins til ársloka 1907, verði samþykkt. Því það er mun hægra með því móti, að segja nei við frekari fjárframlögum á næsta þingi og óliku viðkunnanlegra, en að nema þá strax úr gildi aptur lög, er komið hefðu fram sem endanleg lög. Með breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar er því slegið föstu, að þetta sjeu að eins bráðabirgðarlög.

Jeg hef tekið það fram áður, að jeg teldi það heppilegt, að hafa einhverja af tollum landssjóðs breytanlega og þessi lög gætu einmitt orðið til þess, að reyna hvernig það gefst. Og einn kost enn má telja á þessu fyrirkomulagi. Ef menn með hreyfanlegum tollum, sem hækka og lækka eptir því, sem þörfin krefur, venjast á það að leggja á sig til hinna ýmsu framkvæmda og fyrirtækja, verða ef til vill sumar af kröfunum til þingsins lægri, en verið hefur.

Jeg skal þó taka það fram enn þá einu sinni, að jeg í raun og veru er því mótfallinn, að greiða atkvæði með hækkun á vínfangatolli. En hjer er um ekkert »princip« að ræða, heldur að eins bráðabirgðarráðstöfun, sem jeg eptir atvikum verð að fallast á, af því þarfir landsins krefjast þess, og þetta er eini vegurinn, sem er mögulegur að sinni. Jeg verð að taka það skýrt fram, að hefði þetta átt að vera endanlegt, hefði jeg verið frv. þessu mótfallinn.

Tveir háttv. ræðumenn hafa bent á, að ráða mætti bót á fyrirsjáanlegum tekjuhalla með því, að spara alveg tillagið til Sameinaða gufuskipafjelagsins og fje það, sem verja megi til ritsíma. En þó svo væri, þá mundu önnur fyrirtæki, vegir, brúagjörðir, vitar, hafnir o. fl., koma í þessara stað; þá mundi það, sem næst er, strax láta á sjer bóla og krefjast jafnmikilla eða meiri fjárframlaga, svo hjá þeim verður ekki komizt. Jeg ímynda mjer og, að mönnum skiljist það, að ef þeir heimta framkvæmdir og framfarir, verða þeir einnig að takast á hendur skuldina og byrðina, sem þeim fylgja, því allar framfarir kosta eitthvað. Heimti menn framkvæmdir, verða menn að sætta sig við að borga það, sem þær kosta.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það er ekki svo að skilja, að jeg sje að trana mjer fram í þessu máli, en háttv. framsm. meiri hlutans ýtti heldur undir mig með að standa upp, og því gjöri jeg það.

Háttv. sessunautur minn og framsm. minni hlutans (2. þm. Skagf.) fann stjórninni það til foráttu og líklegast flokknum líka, að það ætti að lauma frumv. þessu inn á þjóðina. Orð þessi eiga sjer engan stað. Þingið og ekki sízt einstakir þingmenn úr hinum flokknum hafa langa lengi verið við því búnir, að leið þessi yrði farin. Því til sönnunar skal jeg með leyfi

hæstv. forseta leyfa mjer að lesa upp örstuttan kafla úr einni ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) 1901 og annan kafla síðar úr ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), á þingi 1903. Háttv. þm. N.-Ísf. sagði meðal annars 1901 (sbr. Alþtíð., B., 432 bls.): »Þá lít jeg svo á, að það sje ekki svo óheppilegur rekspölur, þó lagðir sjeu á ýmsir óbeinir tollar, og það er náttúrlega fyrirsjáanlegt, að það geta ekki liðið nema örfá ár, þangað til tolla verður margar fleiri vörutegundir, því allt af eru kröfurnar til landssjóðs að vaxa; menn eru að heimta meiri fjárframlög úr landssjóði, heimta betri samgöngur og þess háttar. Þessum kröfum, hversu sem þær eru á góðum rökum byggðar, getur landssjóður ekki fullnægt, *nema að auka tekjur sínar*«. — Ummæli þessi sýna, að þetta er ekkert nýtt mál fyrir þingi eða þjóð, það sem sagt er í þingsalnum er sagt í áheyrn þjóðarinnar. Og enda þótt svo væri, að þetta kæmi þjóðinni nokkuð á óvart, þá er svo um flest önnur mál. Þingið fær opt til meðferðar ýms frumv., sem koma yfir þingið eins og skrugga úr heiðskíru. Það verður illa við því gjört. Svo hefur t. d. ganga tolllaganna verið hingað til, og margra fleiri laga, og mætti þá eins segja um þau, að þau hafi komið þjóðinni á óvart.

Háttv. 2. þm. Skagf. sagði, að drífa ætti fram frumv. þetta nú á þinginu fyrirvaralaust. Það er ekki rjett. Að minnsta kosti veit jeg ekki til, að neitt samsæri hafi verið stofnað í því skyni, enda mundi jeg ekki hafa greitt því atkvæði. Það er hjer farið í vasa þjóðarinnar eptir hjer um bil 150 þús. kr. á ári, og slík frumv. álít jeg að ræða eigi á vanalegan hátt.

Háttv. sessunautur minn gat þess og, að Reykjavíkurkaupmennirnir mundu græða á slíkri málameðferð, með því að þeir gætu þá pantað byrgðir sínar í tíma, en kaupmönnum út um land væri það fyrirmunað. Þetta er rjett, en því ráða staðhættir, og þessu verður aldrei komizt hjá. Þeir eru næst þinginu og vita ávallt, hverju framvindur, jafnóðum og það gjörist. Þess vegna geta þeir allt af sjeð við lekanum og sett undir. Svo reyndist það þegar lögin frá 22. septbr. 1899 og tolllögin frá 1901 voru á ferðinni. Og þó málinu með samþykki ráðherra og þings væri nú flýtt svo, sem frekast er unnt, yrði ekki hjá því komizt, að Rvíkurkaupmennirnir gætu pantað og fengið vörur sínar, áður en lögin kæmust í gildi.

Háttv. sessunautur minn og framsm. minni hlutans sagði enn fremur, að ekki væri brýn nauðsyn til hækkunar á tollinum. Tekjuhallinn var 1903 áætlaður 218 þús., en varð um 400 þús., svo óhætt má bæta 200 þús. við. Nú er hallinn áætlaður um 375 þús. og þó þar frá sje dregið það sem ætlað er til ritsíma, 254½ þús., þá eru þó enn eptir 125 þús. kr. í tekjuhalla, auk 200 þús., sem ráðgjöra má að þingið bæti við í ár, líkt og 1903, og þess vegna er, hvernig sem á er litið, óhjákvæmilegt að reyna, með tollhækkun þessari, að koma jöfnuði á milli tekna og útgjalda.

Því ekki dugar að slengja öllum tekjuhallanum á þá, er koma eptir oss. Við verðum sjálfir á einhvern hátt að reisa rönd við honum. Þetta má nú að vísu gjöra á ýmsa vegu. Það mætti skerða viðlagasjóðinn. En það vildi jeg sízt gjöra. Í orðinu viðlagasjóður liggur, að hann á að vera hjálp í viðlögum, og þess þarf sannarlega með á landi, þar sem menn lifa svo að segja milli steins og sleggju, eða rjettara, íss og elds, íssins að utan og eldsins innan að. En það eru til

fleiri vegir. Það eru til fastir skattar, sem í fljótu bragði sjeð, kynni að mega hækka, en þó mundi sú hækkun að minnsta kosti hrökkva skammt. Ábúðar- og lausafjárskattinn er naumast hægt að hækka að svo stöddu, og húsaskatt og tekjuskatt varla til mikilla muna.

Og eru þá að eins eptir óbeinu skattarnir, eða með öðrum orðum tollarnir. Tolltekjurnar má auka á tvennan hátt, með því fjölga tollstofnunum, en það hefði margbrotið og dýrt tollheptirlit í för með sjer, og með því að hækka tolla þá, sem nú eru í lögum. Það er beinasti og einfaldasti vegurinn, og leyfi jeg mjer því til sönnunar, að vitna til orða þeirra, sem jeg ætla að lesa upp úr Alþ.tíð. 1903, eptir háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), B-deild 302. bls.

»Háttv. framsm. gat þess einnig, að útgjöldin yxu hraðar en tekjurnar. Þess vegna þyrfti að finna nýja tekjustofna, til þess að landssjóður gæti staðizt væntanleg útgjöld til framkvæmda. Þessu er jeg samþykkur. En til þess er líka annar vegur, sem sje sá, er nægja ætti fyrst um sinn, að gjöra einhverjar af hinum gömlu tolltölum *hreyfanlegar þannig, að þingið gæti á hverju fjárhagstímabili ákveðið upphæðina hærri eða lægri eptir því sem þörf krefði*«. Með öðrum orðum, háttv. þm. leggur hjer sömu ráðin og hæstv. ráðh.

Háttv. sessunautur minn ljet loks í ljós kviðboga fyrir því, að bráðabirgðalög þessi mundu lifa lengur en til væri ætlazt, en það er ekkert annað en spá. Lögunum er fyrirfram skammtaður skammur aldur. Þau bera það sjálf með sjer, að þau ganga úr gildi 1907, verða þá sjálfdauð.

Verði þau vakin upp aptur á þingi 1907, þá er það af því, að þau eiga það skilið, og þá er ekkert að óttast. En líki þau ekki þjóðinni, veslast þau út af, eins og þeim er ætlað.

Jeg, eins og fleiri háttv. deildarmenn, greiði þó nauðugur atkv. með hækkun á sykurtollinum, en það verður að gjöra fleira en gott þykir og jeg gjöri það af því, að lögunum er skammtaður svo skammur aldur. Aptur á móti get jeg ekki sjeð, að það sje ósamrýmanlegt með hækkuðum vínfangatolli, að áfengisnautnin minnki nokkuð og landssjóður geti þó haft nokkurn tekjuauka af áfenginu fram yfir það, sem er; það þarf ekki annað til þess, en að drukkið verði litlu minna en nú er drukkið, eða að vínnautnin minnki ekki að sama skapi og tollurinn eykst. Og fari svo, mega báðir vel við una, bindindismenn og landssjóður.

Jeg hefði hikað mjer við að greiða atkv. mitt með frv., eins og það kom frá stjórninni, en eins og það er nú, get jeg vel verið því hlynntur.

Framsögumaður meiri hlutans (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Það er að eins eitt, sem jeg þarf að taka fram eða bæta við það, sem sagt hefur verið, og það er, að þessi tollhækkun gat ekki komið þjóðinni á óvart. Þingið síðasta var kallað »milljónaþingið«, og svo mikið var búið að tala um það, að menn töldu víst, að jöfnuði meðal tekna og útgjalda yrði ekki náð nema með nýjum álögum. Og sannarlega kom það ekki síður þjóðinni á óvart þá en nú, þegar kaffi- og sykurtollurinn var lagður á í fyrstu. Það mun alltaf reynast svo, þegar um nýjar álögur er að ræða, að menn kveinka sjer, þegar fara verður í budduna.

Mjer þótti vænt um að heyra það hjá hæstv. ráðh., að það væri ætlun hans, að þingmenn þegar á þessu þingi settust á rökstóla til þess að ræða um og rannsaka alla skatta- og tolla-

löggjöfina og undirbúa það mál til næsta þings og finna þann veginn, sem vænlegastur er til að koma fjárhag landsins í betra horf.

Jeg verð að játa það, að jeg er ekki tollunum mjög hlynntur. ef þeir eiga að verða aðal-tekjustofnar landssjóðs. Það er alltaf hætt við, að óbeinu tekjurnar venji þing og þjóð á eyðslusemi, þar sem föstu skattarnir og beinar tekjur venja menn á gætni í öllum fjárframlögum. En eins og nauðsynin er nú á, að auka tekjur landsins og kröfurnar margar, sje jeg engin önnur úrræði en að taka tollhækkuninni í bili.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), sagði það því nær orði til orðs, sem jeg vildi hafa tekið fram, og er jeg honum mjög þakklátur fyrir það. Jeg vildi líka, úr því orðið er svona framorðið nauðugur auka umræðurnar og ekki verða til þess að vekja neinn háttv. ræðumanna upp aptur, en þó get jeg ekki stillt mig um, að minna háttv. meðnefndarmenn og framsm. minni hlutans, 2. þm. Skgf, (St. St.) á það, að hann var með mjer á fundi nýlega í búnaðarþinginu, og þar vorum við báðir alveg sammála um nauðsynina á stórum auknum fjárframlögum, það er eitt af svo mörgu, sem hleypir fram útgjöldunum, og taka verður þá og aðra peninga einhversstaðar frá.

Í annan stað má svo allt af búast við, að eitthvað dragi líka úr tekjunum. Nú er í Ed. komið fram frumv. um stofnun sjerstaks fiskiveiðasjóðs fyrir Ísland. Hinn góðfrægi yfirmaður á varðskipinu, kapt. Schack, sem nú, því miður, er um það leyti að yfirgefa okkur, hefur talað fyrir þessari hugmynd, og megum við kunna honum þökk fyrir. Hún er svo vaxin, að hún kippir mörgum tugum þúsunda úr landsjóði, sem ekki verða framar eyðslueyrir til vanalegra ársútgjalda. Svona rísa kröfurnar hver af annari, og þess vegna verðum vjer á einhvern hátt að reyna að auka tekjur vorar. Við getum á þessu þingi að vísu ekki bundið neinn enda á fjárhagsfyrirkomulagið, en við verðum þó nú í bráðina að girða fyrir það, að landið sökkvi ekki niður í neinar fjárhagslegar ófærur.

Framsögumaður minni hlutans Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.) Jeg hef ekki í mótmælum háttv. ræðumanna gegn nefndaráliti minni hlutans fundið neitt verulegt, sem jeg þarf að mótmæla. Það eru þó fáein atriði, sem jeg þarf að hreyfa við.

Jeg kunni því illa, að heyra hæstv. ráðh, bregða mjer um það, að jeg hefði vænt hann um undirhyggju. (*Ráðherrann:* Jeg tók mig á orðinu!) Nú, jæja, annars ætlaði jeg að mótmæla því. Jeg veit ekki heldur til, að jeg eða flokksmenn minir sjeum að smíða honum neitt fótakefli. Jeg kann því yfir höfuð að tala illa, að heyra það alltaf kveða við, að allar aðfinnslur og mótmæli þeirra manna, sem eru ekki á bandi stjórnarinnar, hljóti að vera sprottnar af flokkshatri, og að mótflokkurinn beiti undirhyggju — jeg tek orðið upp — þó hann komi fram með ýmsar rjettmætar mótbárur og fylgi fram því, sem þeir álíta sannast og rjettast.

Ráðherrann sagði, að öllum væri jafn-iþyngt með tollunum, jeg mótmæli þessu líka, því það er auðsætt, að tollarnir geta komið misjafnt niður á mönnum, ef þeir neyta tollvaranna misjafnlega mikið, þó tollhækkunin sje jöfn á öllum vörutegundunum. Þannig geta landbændur, þegar kaffitollarnir hækka, sparað við sig kaffi að miklum mun, og kemur hann þá ljett niður á þeim. (*Ráðherrann:* Það verða að eins 3 aurar á hverju kaffi-

pundi, sem tollhækkunin nemur). Já, 3 aurar eru líka peningar, og það dregur sig saman, þó lítið sje, og svo er að því gætandi, að kaupmenn leggja allt af meira á vöruna, en tollhækkuninni nemur. Hækkunin kemur því til að nema meiru, en hún er á pappírnum í athugasemdum stjórnarinnar við frv., og það verða fátækustu stjettir landsins, sjómenn og tómthúsmenn, sem þessi byrði leggst þyngst á.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók það fram, að kaffið væri engin *lífs*nauðsynjavara, Hann þurfti ekki að taka það fram. jeg vissi það fullvel. En honum yfirsást, að benda á eitthvað annað, er gæti komið í þess stað og meiri næring væri í. Einhver gat þess líka, að jeg hefði sagt, að tóbakstollurinn yrði svo gífurlegur, að vindlatollurinn gæti alveg horfið með aukinni vindlagjörð í landinu. Þetta hef jeg ekki sagt, en auðvitað getur vindlatollurinn horfið að mestu, og þá verður að tolla innlendu vindlana til þess að fá í skarðið.

Ráðherrann endaði ræðu sína með því að segja, að það væri óhæfilegt apturhald, að vera á móti frumv. þessu. Þetta er heldur ekki rjett. Jeg er að vísu á því, að við getum ekki sparað, en jeg held því á hinn bóginn fast fram, að það megi ekki hækka álögurnar á þjóðinni, nema brýna nauðsyn beri til, nema í lífsnauðsyn, en lífsnauðsyn tel jeg það eitt, ef á að vinna þjóðinni eitthvert ómetanlegt gagn með hinum auknu fjárframlögum. Kalli menn þetta apturhald, þá má eins tala um, og kalla það óhæfilega bruðlun, að fá stjórninni ríflegt fje í hendur til vafasamra fyrirtækja, fje, sem þar að auki er tekið úr vasa landsmanna með óheppilegum og ranglátum tollálögum.

Jeg er sammála háttv. framsm. meiri hlutans um, að við getum ekki sparað að nokkrum mun; jeg get bara ekki fallizt á, að þetta sje heppilegasti vegurinn, til þess að auka tekjurnar. Það mátti til bráðabirgðar taka lán eða skerða viðlagasjóðinn. Tekjurnar verður að auka, en eg sje ekki, að við þurfum að hrapa að því, og hyggilegra sje að bíða eptir tillögum hinnar væntanlegu skattanefndar.

Háttv. þm. Rvk. bar það upp á mig, að jeg hefði sagt, að þetta kæmi flatt upp á þjóðina. Það hef jeg aldrei sagt, en hitt leyfi jeg mjer að segja, að þetta sje gjört að þjóðinni fornspurðri. Þó skal jeg játa, að ef þetta á annað borð á að verða að lögum, þá vil jeg flýta sem mest fyrir frumv. þessu til þess að forða því, að kaupmenn hjer í Reykjavík komist undan rjettum álögum. Jeg vil engan stein leggja í veginn fyrir, að girt verði fyrir það. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.), var að tala eitthvað um það, að jeg hefði borið þeim á brýn samsæri um að koma frumv. sem fljótast í gegn um þingið. Mjer hefur aldrei komið það til hugar, og því síður talað það, svo þetta var algjörlega gripið úr lausu lopti. Og þar sem háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) talaði um, að jeg legði til, að byrgja brunninn, eptir að barnið væri dottið ofan í hann, þá er það heldur ekki rjett. Jeg rjeði til að setja strax nefnd í tollmálið. Nefndin gat verið skipuð svo snemma, að nægur tími yrði til að íhuga málið vel, og þó nógu fljótt til þess, að einhverjar ályktanir yrðu teknar um málið fyrir þinglok.

Stefán Stefánsson (2. þ. Eyf.): Áður en gengið er til atkv. um frumv. þetta, vildi jeg gjöra grein fyrir mínu atkv. Jeg játa, að þetta frumv. er fram komið af brýnni nauðsyn, og að því leyti

hefur það sín miklu meðmæli; að eins hef jeg það út á það að setja, að það hefur ekki fyr komið fram, svo það hefði getað orðið rætt á þingmálafundum.

Jeg man það, að þegar menn óskuðu eptir hinni nýju innlendu stjórn, voru þær kröfur gjörðar til hennar, að hún yrði framkvæmdasöm framfarastjórn. En það verða allir að játa, að til þess að gjöra miklar framkvæmdir þarf mikið fje; jeg fæ því ekki sjeð, hversvegna menn vilja varna því, að það verði lagt fram til eflingar þeim ýmiskonar framförum, er þjóðin nú óskar eptir.

Það er þegar fyrirsjáanlegt, að »Underballance« muni verða á fjárhagstímabilinu, og að af viðlagasjóði verði að taka eigi svo litla upphæð, en eigi sú stefna í fjármálum að verða ráðandi í þinginu, gæti jeg vel skilið, að þingmenn fengju orð í eyra frá þjóðinni. En þar sem ekki er sýnilegt, að nú á þessu þingi verði tími til, að koma í nokkurt viðunandi horf tolla- og skatta-löggjöf landsins, þá sje jeg ekki, að annar vegur sje fær, en að auka tekjurnar með því að hækka tolla. Einstaka tolla vildi jeg ógjarnan hækka, t. d. sykurtoll og vínfangatolla; sykurtollinn ekki vegna þess, að það er nauðsyujavara, og vínfanga tollinn af því, að jeg er aflutningsbanni hlynntur, og bindindi ann jeg sem velferðarmáli þjóðarinnar. En jeg ber það traust til þroska þingsins, að þegar þar að kemur, að frumv. um aðflutningsbann kemur fyrir þingið, verði þessi hækkun því ekki til fyrirstöðu, og sykurtollinum má segja það til meðmæla, að hann greiðir allur fjöldinn af landsmönnum, svo einum einstökum er þar ekki tilfinnanlega íþyngt fremur en öðrum. Með þetta fyrir augum sje jeg ekki ástæðu til að breyta frumv., eður undanfella einstakar tollskyldar vörur; jeg álít það óhjákvæmilegt, að fjeð fáist.

Jeg er búinn að taka það fram, að þó að vínfangatollur hækki um 30%, þá ætti það ekki að vera »slagbrandur« fyrir aðflutningsbanninu. Þetta er nauðsynlegt neyðarúrræði, að eins um stundarsakir eða um næsta fjárhagstímabil, og greiði jeg því atkvæði mitt með frumv.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að segja örfá orð. Háttv. þm. Skgf. gaf í skyn, að það væri óþarfa bruðlun í fjárlagafrumv., og það væri ein aðalorsökin til tollhækkunar; þörfin á tekjuhækkun er vissulega ekki ný; hún á meðal annars rót sína að rekja til tekjuhalla frá síðasta þingi, en einkanlega til vaxandi þarfa, sem núverandi tekjur geta ekki fullnægt, og hvað snertir ummæli hans um »bruðlun«, þá eiga þau sjer engan stað. Ef hátt. þm. sæi allar þær fjárbeiðslur, er liggja á skrifstofu stjórnarráðsins, þá er jeg viss um, að jafnvel hann mundi játa, að þarfirnar og nauðsynjarnar eru margar, og að það er að eins sáralítið, sem hægt hefur verið að taka til greina af því á þessu fjárlagafrumv. Mörg af þessum fyrirtækjum eru þannig vaxin, að það er því að eins forsvaranlegt, að fresta fjárframlagi til þeirra, að önnur *ennþá nauðsynlegri* framfarafyrirtæki *verði* að sitja í fyrirrúmi. En jafnóðum og eitt framfarafyrirtæki er frá hendinni eða fellt burt, troða sjer fram herskarar af nýjum þörfum. Annars vil jeg að eins geta þess, að mjer finnst dálítill tilgjörðarkeimur af öllum þessum harmatölum yfir því að tolla aðra eins lífsnauðsynjavöru eins og sykur. Við höfum skatt á öðrum lífsnauðsynjum, sem ekki eru síður nauðsynlegar; á það minnist enginn. Það er skattur á ábúð manna, sem er lífsskilyrði í sveit-

um, skattur á kúnni, sem heldur lífinu í fátæku heimili, skattur á fleytunni, sem fátæklingurinn sækir sjer í soðið á, skattur á lífsnauðsynlegasta búpeningi. Þetta talar enginn um. Það er eitthvað hjáróma í þessu. Í flestum öðrum löndum er sykur tollvara. Jeg efast um, að auðið sje að finna nokkurn toll, sem kemur jafnar og rjettlátar niður, heldur en einmitt sykurtollurinn.

ATKVGR.: Breyt.till. við 1. gr. á þgskj. 46, samþ. með 13 : 9.

1. gr. samþ. með áorðnum breytingum með 16: 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara þingmanna: Skúla Thoroddsens, Ólafs Briems, Einars Þórðarsonar, Ólafs Thorlacíusar, Jóhannesar Ólafssonar, Björns Kristjánssonar, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Thorlacíus,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen,
Jóh. Ólafsson,	St. Stef., 2. þm. Skf.,
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.	
Þórh. Bjarnarson.	

Guðl. Guðmundsson greindi ástæður fyrir því, að hann greiddi ekki atkv.

Breyt.till. við 2. gr. frá meiri hluta (44) nefndarinnar samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. að viðhöfðu nafnkalli með 19 : 6 og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Ólafur Briem,
Eggert Pálsson,	Ólafur Ólafsson,
Guðl. Guðmundss.,	Skúli Thoroddsen,
Guðm. Björnsson,	St. Stef., 2. þm. Skf.,
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí skýrði forseti frá því, að hann hefði fengið svo hljóðandi áskorun frá 8 þingdeildarmönnum.

»Með því að æskilegt er, sökum jafnrjettis kaupmanna á landinu, að frumv. til laga um hækkun á aðflutningstolli verði sem allra fyrst að lögum, leyfum vjer oss undirskrifaðir að skora á hinn háttv. forseta Nd. alþingis, að hraða umræðum frumv. sem mest má verða í deildinni, og leita leyfis deildarinnar til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, sem nauðsynleg eru í því skyni, að frumv. geti orðið útrætt í deildinni á morgun«.

Neðri deild alþingis, 7. júlí 1905.
Björn Bjarnarson, Hermann Jónasson, Árni Jónsson, Pjetur Jónsson, Jón Jónsson, Þórhallur Bjarnarson, Jóhannes Ólafsson, Tryggvi Gunnarsson«.

Að fengnu samþykki ráðherrans, bar forseti málið undir deildina, en atkv.-

greiðslan var óljós, svo að hún var endurtekin með nafnakalli.

Afbrigðum frá þingsköpum var neitað samþykkis með 8 atkv. gegn 17, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Hannes Þorsteinss.,
Eggert Pálsson,	L. H. Bjarnason,
Guðl. Guðmundss.,	Magnús Andrjess.,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Herm. Jónasson,	Skúli Thoroddsen.
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 8. fundi Nd., 10. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A. 48, 49).

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Enda þótt það sje að líkindum þýðingarlítið, þar sem meiri hlutinn hefur lagt svo mikið kapp á að koma þessu frumv. fram, þá hef jeg, og fleiri þm. þó leyft oss að bera fram breyt.till., til þess að bæta úr allra verstu agnúunum, sem oss þykja á því vera. Þessar breyt.till. fara fram á, að tollhækkunin skuli hvorki ná til sykurs nje áfengis.

Að því, er snertir sykurinn, hefur verið sýnt rækilega fram á, að hann sje nauðsynjavara, sem ísjárvert sje að hækka toll á, og var það einkum hv. 2. þm. Rvk. (G. B.), sem lagði mikla áherzlu á þetta atriði.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að þessi hækkun sykurtollsins væri ekkert tilfinnanleg, þar eð hún nemur ekki meiru, en $1^1/_2$ eyri á pundi, og kæmi því skatturinn mjög ljett niður á fátækari hluta þjóðarinnar, þar sem sykureyðslan á heimilunum færi eptir efnahagnum, og yrðu það því einkum efnaheimilin, sem borguðu þennan toll, af því þau eyddu mestum sykri.

Jeg get ekki samþ. þessa skoðun, hæstv. ráðh., því að jeg álít sanni nær, að fátæku heimilin eyði hlutfallslega meiru af sykri, svo að tollurinn komi tiltölulega þyngst niður á þeim. Ástæðan til þessa er sú, að fátæklingarnir verða opt að spara sjer mjög feitmeti, því íslenzka smjörið er þeim of dýrt, og margir þeirra eru enn ekki farnir að að læra að jeta erlent smjörlíki (margarine); að minnsta kosti er þessu svo háttað á Vesturlandi, þar sem jeg þekki bezt til.

Margir fjölskyldumenn hjer á landi hafa ekki meiri árstekjur, en 300—500 kr. Af þessu verða þeir að lifa — opt með 3—5 börn. Setjum nú svo, að slík fjölskylda þyrfti 300 pd. af sykri, 60 pd. af kaffi og 30 pd. af exporti á ári. Verzlunarmennirnir vilja auðvitað hafa eitthvað fyrir snúð sinn, geta ekki lagt út tollinn fyrirfram, án þess að fá eitthvað fyrir, að minnsta kosti sem góðri rentu svarar, svo að telja má víst, að 2 aurar leggist á hvert sykurpund, og, eptir sömu reglu, 4 aurar á hvert kaffipund, og hvert pund af exporti eða kaffibæti. Þessi verðhækkun á sykrinum nemur þá alls 6 kr og á kaffinu og exportinu 3 kr. 60 a., svo að álögurnar á þessari fjölskyldu, sem á að lifa á 300—500 kr. um árið, aukast þá alls um hjer um bil 10 kr., eða 2—3% af öllum árstekjunum.

Þó að oss, sem hjer erum innan veggja, þyki þetta ekki mikið, og látum oss jafnvel ekki fyrir brjósti brenna, að »spandera« 10 kr. í einn morgun-

verð — eins og vjer gjörðum í gær, er kapt. Schack var kvaddur — þá eru það miklir peningar fyrir fátæka fjölskyldumenn. Það er sama sem 5 daga vinna um sláttinn. Og kæmi slíkur tollur á menn sem beinn skattur, þá mundi rísa Ramaóp um land allt, svo að heyrast mætti — jafnvel inn í þennan háttv. þingsal. — Og þó að menn veiti tollhækkun þessari minni eptirtekt, af því að hjer er um óbeinan skatt að ræða, þá eru gjöldin þó hin sömu, hvernig sem þau eru á menn lögð, og hvort sem menn veita þeim meiri eða minni eptirtekt.

Jeg vona, að háttv. meiri hluti hallist því að þessari breyt.till., ekki sízt, þar sem háttv. framsm. tók það fram, að hann væri í raun og veru mótfallinn sykurtollinum. Sama tók háttv. 2. þm. Eyf. (St. St.) fram, og þykir mjer mjög undarlegt, ef hann verður nú með frumv., en móti þessari till. Jeg get ekki skilið, að menn geti friðað samvizkuna með því að segja, að atvikin og aðstaðan neyði þá til að samþ. frumv. stjórnarinnar, fyrst þeir eru í raun og veru á móti frumv. í hjarta sínu, því að hjer er ekki um knýjandi þörf að ræða, og alveg ósjeð enn, að nokkurrar tollhækkunar þurfi.

Um áfengistollinn er það að segja, að flestir þingmálafundir hafa óskað þess, að hann væri ekki hækkaður, og ennfremur skorar framkvæmdarnefnd Good-Templara á þingið, að hækka hann ekki. Þeir álíta sem sje, að því meiri tekjur sem landið hefur af áfenginu, því örðugra verði að koma á aðflutningsbanni, sem þó sje eitt af aðalvelferðarmálum þjóðarinnar. Og Good-Templarar eru orðnir fjölmennir á voru landi, svo að vilji þeirra er vilji mikils hluta þjóðarinnar.

En að friða samvizku sína með því, að þetta sje að eins til bráðabirgða og lögin eigi að eins að gilda til 31. des. 1907, það er undarlegt, því það atriði hefur litla þýðingu. Það er mjög hætt við, að þingið kunni að grípa til sama úrræðis aptur, og enginn er kominn til að segja, að fjárkröfurnar verði minni, eða fjárhagurinn betri árið 1907, en nú. Þegar þingið er einu sinni komið inn á þessa braut, er hún opin og hætt við, að hún verði fjölfarin.

Það er vandaminna að smella 30% tollauka á í ár, en að finna önnur betri úrræði. Og nokkrar líkur eru til þess, að í næsta skipti nægi ekki 30%, en veiti ekki af 50—60%, og svo getur lengi gengið koll af kolli.

Jeg skildi ekki vel það, sem háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði, — jafn ákafur bindindismaður eins og hann er, og svo drengilega sem hann hefur fylgt bindindismálinu á þingi —, þar sem hann áleit það ekki »princípbrot«, þó að hann fylgdi hækkun á áfengistolli, og huggaði sig við, að þetta væri aðeins bráðabirgðarráðstöfun. Vil jeg mælast til þess, að háttv. þm. gjöri ljósari grein fyrir þessu — frá sínu sjónarmiði. Og þykir mjer undarlegt, ef hann ekki aðhyllist breyt.till., því að gjöri hann það ekki, dylst það ekki, að hann er í allmiklu ósamræmi við fjelagsbræður sína, Good-Templara.

Þó hin háttv. deild aðhyllist breyt.till., þá er þó allmikið eptir, sem landssjóður getur fengið auknar tekjur af, t. d. kaffi, export, tóbak o. fl.

Lækkun teknanna, sem af samþykkt þessara breyt.till. leiðir, mundi nema um 172,000 kr. á fjárhagstímabilinu, en öll tollhækkunin nemur 298,000 kr. — eptir athugasemdunum við frumv. stjórnarinnar. Verða því 126,000 kr. eptir handa stjórninni, til að spila úr, og má þó eitthvað með það gjöra.

Að lokum vil jeg ekki undir höfuð leggjast, að þakka hinum háttv. þm.

Snæf. (L. H. B.) fyrir þann sóma, er hann sýndi mjer, er hann las upp kafla úr einni þingræðu minni frá 1901. Jeg á því ekki að venjast — og allra sízt úr þeirri átt — að vera »citeraður«, eins og biblían. En það verð jeg að segja um leið, að jeg fæ ekki sjeð, hvað sú ræða getur sannað eða ósannað í þessu máli. Jeg sagði þar, að þörf kynni að verða á auknum gjaldaálögum, til að framkvæma ýmislegt, sem framkvæma þyrfti hjer á landi; en af því leiðir ekki, að jeg hljóti að vera meðmæltur hverskonar tollhækkun, á hvaða vörutegund sem er, eða hvernig sem á stendur.

Auk framangreindra ástæða eru einnig pólitiskar ástæður, sem knýja mig til þess, að vera móti frumv. stjórnarinnar, og vera á móti því, að fá henni aukið fje í hendur; það eru framkvæmdir hinnar háttv. stjórnar við samninginn um ritsímann, þar sem hún gjörði sjer lítið fyrir, og virti fjárveitingarvald alþingis að vettugi. Að svara því tiltæki stjórnarinnar á þann hátt, að veita henni meira fje til umráða, finnst mjer eiga illa við, og einmitt þess vegna er jeg mjög hikandi í því, að styðja að því með mínu atkvæði, að hún fái meira fje í hendur, en nauðsynlegt er, til að halda öllu í nokkurnveginn þolanlegu horfi.

Ráðherrann: Jeg get með engu móti fallizt á breyt.till. þá, er fram er komin frá nokkrum háttv. þm. við þetta frumv., því ef menn bæði taka burtu hækkun á sykri og vínföngum, þá verður lítið eptir af frumv. Jeg fæ alls ekki sjeð, að þessar miklu mótbárur á móti sykurtolli sjeu á rjettum rökum byggðar; jeg er sannfærður um, eins og jeg hef áður tekið fram, að sykur sje ekki tiltölulega mest brúkaður af fátæklingum. Hin mikla sykurbrúkun landsins stafar að mínu áliti mikið af því, að svo mikið af sykri er brúkað til óþarfa; það er ekki lítið af sykri, sem að eins er brúkað til sælgætis hjer á landi. Jeg tók eptir því, þegar jeg var lögreglustjóri á Ísafirði, að þá er drukknir menn voru teknir fastir, höfðu þeir vanalega kandíssykur í vösunum, og víst er um það, að mikið af kandís er brúkað til að bryðja að nauðsynjalausu. Jeg hef annars þá von, að menn verði annaðhvort mjög lítið eða alls ekkert varir við tollhækkunina á sykri, því að nú er sykur í háu verði utanlands og mikil líkindi til, að sú vara lækki bráðlega í verði og verði ódýrari, en ekki dýrari, þó að tollurinn hækki um þennan $1^1/_2$ eyri. Jeg get heldur ekki skilið mótbárurnar á móti þessari hækkun á vínfangatollinum, eða hvernig hún geti orðið Þrándur í Götu fyrir aðflutningsbanni. Þessi tollhækkun er bráðabirgaráðstöfun. og jafnvel þó lögin ætti að gilda áfram, þá getur þessi hækkun ekki verið neinn þröskuldur, því þó engin hækkun komist á í þetta sinn, þá þarf hvort sem er mikinn undirbúning og miklar ráðstafanir til að finna annan gjaldstofn í staðinn fyrir vínföng, ef aðflutningsbann verður leitt í lög. Þessu víki allt öðruvísi við, ef enginn tollur væri nú á áfengi.

Út af ummælum háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) um það, að vínfangatollurinn »væri viðbjóðslegur tollur«, datt mjer í hug sagan um Vespasianus keisara og Titus son hans, þegar hann lagði skatt á keröldin í þófaramyllunum, sem Títusi þótti svo »viðbjóðslegt«. Jeg held, að háttv. þingm. færi eins og Títusi, að hann fyndi alls enga lykt af skattpeningnum, ef honum væri brugðið upp að vitunum á honum, og að hann væri jafnvel til með að þiggja eitthvað af þeim varn-

ingi, t. d. til nytsemisfyrirtækja í kjördæmi sínu, ef kostur væri, þótt hann væri kominn í landssjóð fyrir vínfangatoll, hversu illt sem háttv. þingm. kann að þykja brennivín.

Viðvíkjandi prósentu-tali háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða, en vildi óska, að háttv. þingm. brúkaði færri prósentur af spádómum en fleiri af röksemdum í andróðri sínum gegn frumv. þessu. Það gloppaðist upp úr honum í niðurlagi ræðu hans, að ein orsökin fyrir mótspyrnu hans á móti þessu frumv. væri flokkspólitísk ástæða, nefnilega sú, að hann vildi ekki að núverandi stjórn fengi sje til framkvæmda, og mun þetta vera hreinn sannleikur; hefði hann getað sparað sjer allt annað í ræðu sinni; mjer hefur fyrir löngu verið ljóst, sð hjer hefur allt annað ráðið hjá honum, en að eins tollapólitík, því á síðasta þingi kom hann með orð og ummæli um tekjuauka landssjóði til handa, sem þetta frumv. er í fyllsta samræmi við. En nú er annað á seiði hjá honum. Hann um það. Við sjáum nú hvað setur. En í þetta sinn skal háttv. þm. ekki heppnast að fá mig út í brýnu um ritsímamálið, til þess er nógur tími síðar. Það liggur ekki fyrir nú.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Meiri hlutinn leit svo á, að frumv. gæti ekki komið að haldi nema að allar tollskyldu vörurnar væru teknar með, vegna þess að það er óhjákvæmilegt, að fá á komanda fjárhagstímabili tekjuauka, sem nemur einum 300,000 kr.

Mjer fannst ræða háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) snúast meir að því að mæla gegn hækkun tolla yfir höfuð, af þeirri ástæðu, að tollarnir kæmu þyngra niður á fátæklingum. Jeg hef áður vikið að því atriði og deili eigi um það. Í dæminu, sem háttv. þm. nefndi um heimili með 10 manns, er borgaði 10 kr. í tollauka, þykir mjer nokkuð ríflega áætlað, að gjöra ráð fyrir að það fátæka heimili brúki 90 pd. af kaffi um árið; mjer finnst, að 70 pd. væri yfrið nóg, og sparnaðurinn á þeim 20 pd. kæmi þá til jafnaðar við tollhækkunina. 300 pd. af sykri finnst mjer aptur á móti ekki of mikið, því jeg skoða sykur sem nauðsynjavöru, og vil ekki draga af eitt einasta pd., og jeg get ekki verið hæstv. ráðh. sammála um, að sykur sje mest til sælgætis. En þó að sykurtollur að vísu megi teljast matvælatollur, hefur hann þann viðurkennda kost, að koma einna rjettlátlegast niður eptir efnum.

Það var rjett athugað, að í mínu kjördæmi vildu menn ekki fá tollinn á sykri hækkaðan, þó að þeir sættu sig við aðra tollhækkun, og byggjust við henni.

Að því, er snertir áfengistollinn, hef jeg engu að bæta við það, sem hæstv. ráðh. sagði. Jeg get ekki sjeð, að templarar eða bindindismenn þurfi að álíta, að þeir brjóti »princip« sín, þó að þeir í nauðsyn landsins samþykki þessa hækkun um stundar sakir. Mjer er ekki vel kunnugt um, hversu ákveðinn vilji almennings er í því efni. Þó að í sjávarþorpum, þar sem templarafjelögin hafa all-mikil áhrif, kunni að vera töluverður áhugi í þá átt, að innleiða aðflutningsbann, þá er allt öðru máli að gegna um bændur til sveita; vilji bænda mun vera fremur eindreginn um að hækka toll á vínföngum, og þeir vilja ekki innleiða aðflutningsbann. Vínnautn til sveita má heita sára-lítil, og það er því eðlilegt, að bændum sje ósárt um, þó að aðrir borgi toll, sem þeir sjálfir að mestu

leyti eru lausir við. Þá skoðun bænda hef jeg opt orðið var við í mínu kjördæmi.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), reiknaði, að samkvæmt brt. mundi tollhækkunin nema 130,000 kr. á fjárhagstímabilinu, en það er alveg ónógt, þegar litið er á tekjuhallann á yfirstandandi fjárhagstímabili og til þess alveg fyrirsjáanlega tekjuhalla, sem verður á næsta, *þó að* sleppt væri tilliti til nýrra sjerstakra útgjalda eins og ritsíma. Hvorki mjer nje háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), er það ókunnugt að þetta, sem nefndin heldur fram, er það allra minnsta, sem hægt er að komast af með, til þess að fá nokkurn jöfnuð á tekjur og gjöld landsins. Þann tekjuhalla, sem þingið 1903 — miljónaþingið — setti sig í, þarf þingið í ár að leiðrjetta nú.

Einu úrræðin verða að fá tollinn á öllum þessum vörutegundum hækkaðan, og háttv. þm. N.-Ísf. er ekki vel samkvæmur sjálfum sjer, er hann segir, að hann hafi litla von um, að þingið komist hjá tollhækkunarbrautinni til tekjuauka fyrir landið, en telur þó hins vegar fráleitt, að fylgja þessu frumv. nú.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Út af ummælum hins hæstv. ráðherra um það, að ýmsir brúki sykur til óþarfa og sælgætis, skal jeg ekki fortaka, að það eigi sjer stað. Það getur verið, að krökkum sje stundum gefinn sykurmoli, sem þau vel gætu komizt af án. En þeir menn, sem nóg hafa að bíta og brenna, ættu að fara varlega í það, að kalla sykureyðslu fátæklinganna óþarfa. Þó að fólk í sjávarplássum brúki mikið af sykri, þá getur það alls ekki hneixlað mig. Ummæli hæstv. ráðherra eru að sjálfsögðu sprottin af viðkynningu hans við sjómenn kringum Ísafjarðardjúp. en þó að hann hafi fundið sykurmola á 2—3 mönnum *(Ráðherrann:* Fleiri), sem hann hefur látið taka fasta, finnst mjer það ekki neitt tiltökumál, því að þessir menn hafa nálega aldrei kjötmeti sjer til viðurværis, en lifa nærri eingöngu á soðningu, svörtu kaffi, og brauðamat, opt viðbitslitlum, og er það þá ekki eðlilegt, að þeir eyði nokkru af sykri? Gjörðu þeir það ekki, mundu ýmsir þeirra naumast halda heilsunni. Þeir fara á sjó um miðjar nætur, og koma opt ekki aptur að, fyr en um hádegi, og eru næringarlausir á sjónum. Það situr sízt á oss, sem höfum við betri kjör að búa, að bregða þeim um óhófssemi, er slíku lifi lifa.

Hæstv. ráðherra gat ekki skilizt það, að hækkunin á sykurtollinum um $1^1/_2$ eyri væri sama sem 2 aura verðhækkun á sykurpundinu. En það er þó ekki nema eðlilegt, að kaupmenn taki nokkra rentur af þeim peningum, sem þeir leggja út. Þar að auki sýnist mjer sykurtollurinn koma sjerstaklega illa niður nú, þegar sykurinn er í mjög háu verði. Það getur auðvitað vel verið, að hann lækki í verði seinna, en það er engu síður tilfinnanlegt fyrir því. Menn fást ætíð síður um þá verðhækkun, sem stafar af því, að varan sjálf hækkar í verði á markaðnum; hana verða menn að sætta sig við, nauðugir viljugir. En þegar um hækkun er að ræða, sem þing þjóðarinnar skapar, þá verður það að sjá svo um, að hún komi þannig niður, að hún verði sem minnst tilfinnanleg.

Jeg get ekki skilið, hvernig hæstv. ráðherra getur farið að segja, að hækkun áfengistollsins geti ekki komið í bága við aðflutningsbann, þar sem jeg hefi þó sjeð þess getið í blöðunum, að einn þingmaður hafi, er hann bauð sig fram til þingmennsku, heitið því,

að flytja það mál á þessu þingi. *(Guðmundur Björnsson:* Já). Ráðherrann ætlar ef til vill, að það muni ekki verða samþykkt; *(Ráðherrann:* Nei, ekki að tala um); en það kemur þing eptir þetta þing, og það er sizt að fortaka, að það verði þá ekki samþykkt á þingi 1907, þó að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi.

Þar sem hæstv. ráðherra taldi það víst, að það væri *sjerstaklega* af pólitiskum ástæðum, að jeg væri mótmæltur þessu frumv. stjórnarinnar, þá er það ekki rjett. Jeg lýsti því sjálfur yfir, að það væri *jafnframt* af pólitiskum ástæðum, en hitt eru getsakir. — Það gefur að skilja, að mótspyrna mín móti þessu frumv. er aðallega sprottin af því, hvernig jeg lít á tollmál landsins.

Háttv. þm. Borgf. (Þórh. Bj.) sagði, að það bæri svo mikla nauðsyn til, að auka tekjur landssjóðs, að mál þetta yrði fram að ganga! En stjórnin getur samkvæmt heimild frá síðasta þingi tekið 500 þús. kr. lán, hve nær sem hún vill, og þegar svo er í garðinn búið af þingsins hálfu, þá verður naumast sagt, að um brýna nauðsyn sje að ræða. En hver getur líka sagt, að hún gjöri það ekki, þó að tollarnir verði hækkaðir? Jeg ljet einnig þá skoðun í ljósi, að vera mætti, að stjórnin gripi til þessa úrræðis aptur, að hækka tollana á líkan hátt af því, að það væri svo handhægt, og jeg get ekki vitað, hvort hinni háttv. stjórn verður búið að detta nokkuð nýtt snjallræði í hug á þingi 1907. *(Þórh. Bjarnarson:* Þingnefnd í sumar). Já, það er nú leiðinlegt, að stjórnin skuli þurfa að láta þingnefndirnar segja sjer það, hvaða stefnu hún eigi að fylgja, að því er snertir skattalöggjöf landsins; hún ætti heldur að vita það sjálf. Mjer finnst það ekki vel viðkunnanlegt, að stjórnin sitji með tóman heilann, og ætli þingnefndum, að reyna að troða einhverju inn í það tóma rúm, í stað þess að geta sjálf bent á stefnuna í þessu efni.

Jeg ætla svo ekki að svara fleiru af því, sem háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) sagði, nema að eins því, er hann drap á, að tekjur landsins af vínföngum væru þegar orðnar svo miklar, að það drægi minnst um þessa hækkun, þegar að því kæmi, að banna aðflutning áfengis.

Jeg get ekki verið honum sammála um það. Mönnum þykir miklu skipta um 80—90 þús. kr. Einhversstaðar verður að taka þær, ef áfengissölunni verður hætt.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mjer kom alls eigi óvart, að mikill ágreiningur yrði um það, hvernig ætti að fara að því, að útvega landssjóði tekjur til þess, að fá minnkað þennan tekjuhalla, sem fyrirsjáanlegur er í fjárlögum vorum. — En hitt er mjer lítt skiljanlegt, að menn geti haft á móti því, að útvega landssjóði auknar tekjur þegar í stað. — Á þingi 1903 kom jeg fram með skýrslu, sem þá var álitin rjett af báðum þingflokkum, og sýndi sú skýrsla með órækum tölum, að alþingi hefur allt af um undanfarin tuttugu ár aukið fjárveitingar til hinna eiginlegu framfaramálefna; til lækna- og heilbrigðismála, alþýðufræðslu, vísinda og bókmennta, skáldskapar og lista, samgöngumála og atvinnuvega. En hinir aðrir liðir fjárlaganna hafa á sama tíma staðið í stað.

Jeg get ekki sjeð, að fjárlagafrumv. það, er fyrir liggur, fari í nokkru út úr þeirri stefnu, sem þannig er mörkuð af þingi og þjóð, og sýnir stjórnin í þessu, að hún er þingræðisstjórn og

þjóðræðisstjórn að því, er snertir fjárlögin að minnsta kosti. Þess vegna finnst mjer ekki, að þingið nú geti komizt hjá því, að leggja til þær tekjur, sem þarf til að fylgja fram jafnskýlausri stefnu og komin er hjer fram í fjármálunum. Hitt væri að breyta stefnunni og ætlast til þess, að stjórnin ekki væri framkvæmdasöm framfarastjórn. Það væri reglulegt apturhald.

Jeg veit vel, að það verður ágreiningur um suma pósta á fjárlögunum, eins og ritsímann, en nálega allir eru þó sammála um það, að það þurfi að leggja fram fje til hraðskeytasambands og þá kemur í líkan stað niður fjárhagslega skoðað, því að ársútgjöldin hækka stórum. Þess vegna finnst mjer, að þeir menn, sem berjast móti stjórninni í þessu atriði, berjist móti þjóðarviljanum, sinni eigin fyrverandi stefnu.

Á alþingi 1903 var þræta á milli þingdeildanna út af tekjuhallanum. — Efri deild hjelt því fram, að það væri skaðlegt fordæmi í honum, og vildi því fresta *ýmsum fjárframlögum* þangað til tekjur væri nægar til þess. — Neðri deild hjelt því fram, að það þyrfti ekkert fordæmi að vera, þó í eitt skipti væri gripið til fyrirliggjandi sjóðseigna og peningaforða. En ef þetta þing hefur sömu aðferð og 1903, þá eru gefin mjög skaðleg fordæmi. — Þetta er það, sem hefur komið mjer á þá skoðun, að vjer nú verðum að gjöra bráðabirgðarráðstöfun um það, og setja síðan undir lekann með gagngjörðri endurskoðun á tollmálum landsins.

Nú þegar vjer höfum fengið þingræðisstjórn, ættum vjer að láta hana hafa nóg handa á milli til þeirra framkvæmda, sem af henni eru heimtaðar. Að skera við nögl fjárveitingar vorar nú, það væri jafnóheppilegt og að fá góðri konu ónógt fje til heimilisþarfa. Á meðan vjer áttum undir útlendri stjórn að búa, ókunnugri og áhugalitilli, lögðum vjer fram síhækkandi fjárveitingar, eins og áður er sagt. Nú ættum vjer því fremur að gjöra það, þegar vjer höfum fengið alinnlenda þingræðisstjórn. Vjer þurfum að láta hana hafa nóg fje til þess, að geta framkvæmt þjóðarviljann, hvort sem ráðherrann heitir þetta eða hitt. Háttv. þm. N.-Ísf. ljet í ljósi í fyrri ræðu sinni, að hann væri á móti þessu tollfrumv. með fram af *pólitiskum* ástæðum. En í síðari ræðu sinni dróg hann úr þessu nokkuð, og taldi þá ástæðu að eins í og með, og gladdi það mig, því að öðrum kosti virtist mjer hjer vera að bóla á »visnunarpólitik«.

Það hefur mjög verið um það fengizt, hve þessi tollhækkun væri tilfinnanleg, og það væri ekki rjett, að skella henni á svona óvörum. Jeg sje ekki, að það komi óvörum, þótt gjöld til landssjóðs hækki. Það hefur lengi bysnað fyrri. Það veltur mest á því, hve einlæglega menn vilja *leggja sig* fram. Jeg skal taka til dæmis útrýming fjárkláðans, Til hans þurfti svo stóra fjárveitingu, að önnur eins hefur aldrei verið samþ. á þingi. Hún var þó ráðin í snatri á einum utanþingsfundi, af því allir þm. fylgdust að. Þá var skellt á þjóðina um 200,000 kr. beinum útgjöldum, og enginn möglaði, og þó kemur sá tími, að þessi greiðsla verður að skatti á landsbúa. En nú var þetta ekki allt. Það sem á landsbúa var lagt þar að auki var ekki minna. Böðun fór fram á Norðurlandi í nóvember 1903. eptir þetta allra versta sumar síðan 1882. Jeg fyrir mitt leyti fargaði af fóðrum fullum $^1/_{10}$ af mínu sauðfje, og fóður þessa $^1/_{10}$ hluta stóð rjett heima, að fór upp

í hinni fyrirskipuðu inngjöf böðunarfjárins. Þetta var kostnaður, sem allur þorri manna lagði fram auk annars böðunarkostnaðar, og alveg möglunarlaust. Þetta nefni jeg sem dæmi um það, hvað menn gjöra og geta þegar menn vilja. Hitt er auðvelt, að telja almenning á þá skoðun, að hjer sje um tilfinnanleg gjöld að ræða og óþörf. Það þarf ekki annað, en að skrifa blaðagrein til þess. Það er tiltölulega ljett, að æsa upp hinar lakari og lítilsigldari hvatir almennings, þegar um fjárlög er að ræða; en það er illa gjört, að hlynna þannig að því lakasta í þjóðinni, lubbaskap og lítilmennsku. Það er alkunnugt, að tollar og skattar hljóta ætíð að koma tiltölulega ójafnt niður. Við því verður aldrei gjört *til fulls*, og verður öldungis eins fyrir því að notast við tolla og skatta, En auðvitað verður það að vera hlutverk þings og stjórnar, að gjöra þá löggjöf sem rjettlátasta; en til þess þarf tími og undirbúningur.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.) óskaði að taka til máls, en forseti neitaði honum um það, af því að hann væri búinn að tala tvisvar í málinu við þessa umr.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.). Áður en gengið er til atkvæða, verð jeg að gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Jeg tók það þegar fram við 1. umr., að í aðalatriðunum er jeg frv. samþykkur, og að jeg teldi nauðsynlegt að auka tekjurnar, þó jeg raunar kynni illa við tollhækkun á kaffi og sykri. Jeg hafði hugsað mjer, að koma fram með breyt.till., um að hækka ekki tollinn á kaffi og sykri, en auka hann því meira á þeim tegundum, sem ekki geta talizt nauðsynjavörur; jeg hef síðan talað við ýmsa, bæði utan þings og innan, og er kominn að þeirri niðurstöðu, að það hefði ekki verið svo ljett, ef ekki alsendis ómögulegt, að koma henni fram. Hjer hefur líka verið megn mótspyrna af hálfu bindindismanna gegn hækkun á vínfangatollinum, svo því síður mundi breyt.till. mín hafa náð fram að ganga; það lítur út fyrir, að ekki sje tími til á þessu þingi, að yfirvega tolla- og skattamál landsins. Það yrði aldrei gjört til fulls. En þau þurfa grandgæfilegrar íhugunar. Nú munu allir á einu máli um það, að þingið geti ekki látið fjárlög frá sjer fara með þeim tekjuhalla, sem nú er, og hann eykst sjálfsagt að miklum mun áður en lýkur; gæti jafnvel farið fram úr $^1/_2$ miljón króna.

Við þurfum ekki annað, en líta á allar þær fjárbænir og kröfur um fjárframlög, sem daglega rignir inn á þingið, til þess að sannfærast um, hve fjárskorturinn er tilfinnanlegur; það er óumflýanlegt, að taka margt af fjárbænum þessum til greina, ef þingið á að geta heitið framfaraþing. En þá verðum við að fá einhverjar tekjur, sem vegi upp á móti þeim. Nú eru fram komnar tvær breyt.till. við tolllagafrv., er gjöra það miklu aðgengilegra, svo að jeg nú mun greiða atkvæði mitt með frv.; það er til gott og gamalt máltæki, er segir, »Nauðsyn brýtur lög«. En í þessu tilfelli má segja: »Nauðsyn skapar lög«.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vildi að eins benda háttv. þm. N.-Ísf. á það, að annað hvort hefur hann ekki lesið erindi stórstúku Good-templarreglunnar til þingsins, eða lesið það eins og fjandinn les biblíuna. Í erindi þessu stendur ekki annað en það, að Good-templarreglan hefði álitið það heppilegra, að sá tekjuauki, sem þingið telur óhjákvæmilegan, feng-

ist með öðrum tollstofnum, en vínföngum. Í skjalinu felst ekki annað en kurteisleg áskorun til þingsins um, að það taki til íhugunar, hvort ekki megi finna aðra gjaldstofna; enda kemur þetta bert fram í niðurlagi brjefsins, er hljóðar svo: »Vjer felum hinu háttv. alþingi þetta til yfirvegunar og góðra úrræða«. Það er því ekkert »princip«-brot hjá mjer, þó jeg greiði atkvæði með þessum bráðabirgðarlögum. Hinn háttv. þm. tók einmitt sjálfur upp ástæður þær fyrir því, sem jeg tók fram við 2. umr. málsins og sem hann fann að voru rjettar. Það er þess vegna helber lokleysa, að jeg með þessari skoðun minni sje kominn í ósamræmi við stefnu bindindismanna; það liggur alveg fyrir utan þetta mál.

Jeg tók það einnig fram við 2. umr., að það er sitt hvað að samþykkja lög, sem af sjálfu sjer falla úr gildi 31. des. 1907, eða að greiða atkvæði sitt með fullnaðarlögum. Jeg er viss um, að þm. skilst þetta líka, hvort sem hann nú vill kannast við það, eða ekki.

ATKVGR.: Breyt.till. (á þgskj. 49) felld með 17 atkv. gegn 8.

Frumvarpið í heild sinni samþ. með 17 atkv. Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.) vildi láta leita mótatkv., en forseti kvað þess enga þörf.

Á 9. fundi Ed., þriðjudaginn 11. júlí, kom frumv.til 1. umr. (A. 56.).

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Þetta mál, sem hjer liggur fyrir, hefur verið all-mikið rætt í Nd., og gjörðar þar talsverðar breytingar á því. Jeg skal játa það, að þegar jeg sá þetta frumv., þá þótti mjer ýmislegt athugavert við það. Í fyrsta lagi þótti mjer það dálítið athugavert, að frumv., sem snertir jafnmikið efnalegt ástand landsins og þetta, skuli enginn hafa vitað neitt um, fyr en þing er sett, og ennfremur þótti mjer dálítið athugavert, hversu mikið kapp hefur verið lagt á að flýta því. Jeg og fleiri þingmenn höfum búizt við því, að þetta frumv. mundi eigi verða afgreitt frá þinginu fyr, en þingmenn hefðu fengið nokkurnveginn ljósa grein um það, hvernig fjárhagur landsins mundi verða samkvæmt fjárlögunum.

Frumv. sem þetta um hækkun skatta á þjóðinni á ekki og má ekki þingið smþ. nema því að eins, að menn sjeu sannfærðir um, að brýn þörf sje á því, og meiri hluti þjóðarinnar telji það alveg nauðsynlegt. Það má nú að vísu segja, að því er þessa skattahækkun snertir, að hún sje nauðsynleg eins og nú horfir við; en jeg hygg, að ef á fjárlagafrumv. stjórnarinnar hefðu ekki staðið aðrir en hinir venjulegu útgjaldaliðir eins og hingað til, þá hefði þetta frumv. að líkindum ekki verið borið fram af stjórninni, eða að minnsta kosti ekki verið álitið svo mikið lífsspursmál að þvinga því í gegnum þingið, áður en þingmenn hafa getað fengið nokkurn veginn ljósa hugmynd um fjárhag landsins á komandi fjárhagstímabili; en jeg get heldur ekkki skilið, hvað þessi flýtir á að þýða, því að jeg býst við, að þessi lög verði að ganga sinn lögskipaða gang, sem önnur lög frá þinginu, og að ráðh. muni sjálfur þurfa að fara til Kaupmannahafnar og bera þau upp fyrir konungi í ríkisráðinu.

Jeg lít svo á, að þótt þingið afgreiddi þetta frv. sem lög þegar í stað, og þau hlytu staðfestingu konungs, þá væri vafasamt, hvort það væri lögleg meðferð á frumv. samkvæmt stjórnarskránni, að það ekki væri borið upp fyrir konungi í ríkisráðinu eins og hver önnur lög; að þessu leyti er

þessi flýtir mjer alveg óskiljanlegur. Svo er annað atriði, sem mjer þótti ankannalegt við þetta frumv. nefnilega það, að þessi lög eiga að eins að gilda fyrir fjárhagstímabilið. Þetta finnst mjer undarlegt; því að þeir, sem álíta, að nú sje þörf á þessum tekjuauka, hljóta einnig að álíta þörf á honum á næsta fjárhagstímabili; fyrir mjer vakir, að hún muni verða enn þá meiri en nú.

Jeg hef heyrt því borið við, að á næsta þingi eigi öll skattamál að takast til rækilegrar yfirvegunar, en þó svo væri, þá væri ofur-hægt fyrir næsta þing, að nema þessi lög úr gildi. Þetta er í fyrsta sinn, sem tollög hjer frá þinginu eru með þessum ankannalega »appendix«.

Jeg get ekki minnzt á tollhækkunina án þess um leið að minnast á útgjöldin í fjárlagafrumv.; þar er sem sje alveg nýr útgjaldaliður, sem ekki hefur staðið þar hingað til.

Ef sá útgjaldaliður stæði ekki á fjárlögunum nú, þá mundi tekjuhallinn vera miklu minni, já, svo lítill, að *nú* væri alls óvíst, að bæta þyrfti nýjum tollum á þjóðina. Það vita allir, að það eru fjárframlögin til hins fyrirhugaða ritsíma, sem jeg á hjer við, og því máli horfir svo við, að um það eru mjög skiptar skoðanir meðal þjóðarinnar, og mun ekki of mikið sagt, að allur þorri þingmálafunda þeirra, sem haldnir hafa verið, hafi verið mótfallnir því máli í því horfi, sem það er frá stjórnarinnar hálfu.

Jeg skal ekki fara út í að rannsaka lögmæti ritsímasamnings þess, er gjörður hefur verið; til þess er ekki ástæða að þessu sinni, en jeg tek málið frá sjónarmiði gjaldenda og afskiptum þingmálafundanna af því. Þjóðin mun ekki til lengdar skorast undan auknum tollálögum til þess að standast þau útgjöld til þeirra fyrirtækja, sem hún telur sjer til verulegra hagsbóta og framfara, en þegar þjóðin sjálf er nálega einróma á móti einhverjum útgjaldalið, þá hljóta að renna 2 grímur á flesta þjóðfulltrúa að greiða atkvæði með því, virði þeir annars nokkuð vilja kjósenda sinna; það má vera, að stundum sjeu skoðanir þjóðarinnar á ýmsum málum ekki sem rjettastar, en hún á samt sem áður heimtingu á, að fulltrúar hennar taki tillit til þeirra, og greini þá verulega á við kjósendurna í mjög mikilsvarðandi þjóðmálum, þá er ekkert sjálfsagðara, en þingmaðurinn leggi niður umboð sitt, svo kjósendur eigi kost á þeim fulltrúa, er fylgir fram skoðunum þeirra. Þetta er grundvöllur undir öllu þjóðræði og þingræði.

Nú er því svo varið, með þennan ritsímasamning, að hann leggur svo miklar byrðar og skuldbindingar á herðar þjóðarinnar, að hún treystir sjer naumast til að bera þær, telur þær kröptum sínum ofvaxnar, og landinu allt annað en hagkvæmar. Þetta er og alleðlilegt, eptir því sem efnahagur landsins er nú sem stendur. Því neitar enginn, að ritsímasamband við umheiminn sje mikið hnoss fyrir oss sem aðrar þjóðir, en það er svo með ýms hnoss, að þótt gott sje að geta orðið þeirra aðnjótandi, þá verður efnahagurinn að ráða.

Hygginn búmaður getur sjeð, að hann vantar margt, sem er til verulegra endurbóta og framfara fyrir búskap hans, en hann hikar samt sem áður við, að afla sjer þess, telji hann það efnum sínum ofvaxið, svo að hann með því mundi reisa sjer hurðarás um öxl, og máske verða þar af leiðandi efnalega ósjálfstæður og ver farinn en áður. Sami hugsunarháttur á að ríkja hjá þjóðinni. Auðvitað er það

ekki sannað, að kostnaður sá, er leggst á þjóðina af þessari ritsímalagningu, sje ókljúfandi, en allur þorri þjóðarinnar mun þó nú líta svo á það mál, að þjóðin geti ekki risið undir honum. Fyrir mjer stendur þetta hraðskeytamál ekki þannig, að vjer þurfum endilega að taka annaðhvort ritsímasamband eða loptskeytasamband. Þegar jeg kom til þings, gat jeg allt eins búizt við, að jeg gæti með hvorugu verið sökum þess, að hvor aðferðin sem valin væri, gæti haft þann kostnað í för með sjer, sem jeg teldi þjóðinni ofvaxið að leggja út í. En þegar nú sá stærsti útgjaldaliður á fjárlagafrv. hefur vakið svo mikla óánægju og mótmæli hjá þjóðinni, þá finnst mjer alls ekki rjett, að þingið svo að segja gleypi við frumv. til tollhækkunar, er beinlínis hlýtur að leiða af þannig auknum útgjöldum.

Jeg tala þessi orð bæði frá mínu eigin sjónarmiði og frá sjónarmiði allrar þjóðarinnar. En sjerstaklega vil jeg taka fram afstöðu mína gagnvart þessu máli sem þingmaður Ísafjarðarkaupstaður og Vestfirðingur, því að af henni leiðir, að mjer er ómögulegt að greiða atkvæði með frv. Eins og kunnugt er, þá á ritsíminn, samkvæmt þeim samningi, sem gjörður hefur verið, að liggja að eins frá Seyðisfirði yfir Akureyri til Reykjavíkur, og er mjer ekki kunnugt um, að hann eigi að ná til annara staða, þótt vera megi, að á því verði breyting síðar. Nú geta allir sjeð, að jeg sem þm. fyrir það kjördæmi, sem ekkert gagn hefur af ritsímanum og þeim stórkostlegu útgjöldum, sem hann hefur í för með sjer, geti naumast verið með þessari tollhækkun, og það því síður, sem hún hlýtur að koma einna þyngst niður á kjósendum minum, sem flestir eru fátækir þurrabúðarmenn. Þeir eiga að bera þessa hækkuðu tolla, en fá ekkert af þeim hlunnindum, er gjört er ráð fyrir að ritsímasambandið hafi í för með sjer. Jeg verð að líta svo á, að Vestfirðir sje sjerstaklega mitt kjördæmi, og ver farið eptir en áður með þeim samningi, sem gjörður hefur verið; því að allt viðskiptalíf hlýtur að dofna á Vestfjörðum; »trafikin« hverfur frá þeim stöðum, sem ekki standa í ritsímasambandi til hinna, sem njóta þeirra hlunninda, og að því leyti verður hinn fyrirhugaði ritsími beinlínis apturför frá því, sem nú er, fyrir Ísafjarðarkaupslað, og alla Vestfirði. Jeg hygg, að flestir háttv. þm., sjerstaklega úr Vestfirðingafjórðungi, muni líta á málið frá þessu sjónarmiði.

Fyrir mjer og efalaust fleirum hv. þm. hefði þessi tollhækkun horft allt öðruvísi við, ef frumv. þetta hefði ekki komið fram fyr en fjárlögin voru athuguð, og þingmenn höfðu fengið yfirlit yfir fjárhag landsins. Jeg geng sem sje út frá því, og vona fastlega, að enginn háttv. þm. hafi bundið atkvæði sitt í ritsímamálinu, sem þjóðin nær einróma hefur tjáð sig mótfallna í því formi, sem það er frá stjórnarinnar hendi. Að flýta þessu tollfrv. svo mjög til þess, að það geti komið kaupmönnum á óvart, og að hægt sje að ná í dálitið meiri tekjur en annars, finnst mjer vera lítilsigldur hugsunarháttur og langt fyrir neðan virðingu þingsins, og jeg er viss um, að ef frumv. stjórnarinnar hefði verið samþykkt óbreytt, þá hefði sá tilgangur frumv. að auka tekjurnar, betur náðst, en með þessari ankannalegu breytingu Nd., að tollhækkunin gildi að eins fyrir fjárhagstímabilið. Með þessum orðum hef jeg viljað lýsa skoðun minni á þessu máli.

Ráðherrann: Mjer fannst öll rök-

semdaleiðsla hv. þm. Ísfjk. (S. St.) byggjast á því, að hann væri óánægður með ýmsa gjaldliði á fjárlögunum, þar á meðal sjerstaklega fjárveitinguna til ritsímans, og að hann þess vegna gæti ekki greitt atkv. með frumv. því, sem hjer liggur fyrir. Hann gekk með öðrum orðum út frá því, að ef sumir háir útgjaldaliðir, sem nú eru á fjárlagafrumv., fjellu burt, þá væri ekki nein þörf á tekjuauka, ekkert með peninga að gjöra í sameiginlegan sjóð landsins.

En þetta er fjarstæða ein. Löngu áður en nokkur líkindi voru til þess, að til ritsímalagningar gæti komið á þessu fjárhagstímabili, var það almennt viðurkennt af þingi og þjóð, að ekki yrði hjá því komizt að auka tekjur landssjóðs að verulegum mun.

Þetta höfðu menn sannfærzt um af því, að á hverju þingi reyndust þarfirnar að vera meiri en tekjurnar. Undir eins og eitthvað verulegt var lagt fram til allsherjar þarfa eða almennra framfarafyrirtækja, varð tekjuhalli á fjárlögunum, og hann sívaxandi. Ekki var ritsími nje talsímalagning á dagskrá alþingis 1903, og varð tekjuhallinn á fjárlögunum samt á fimmta hundrað þúsund, auk þeirra gjalda, sem ákveðin voru í öðrum lögum en fjárlögum. Á síðasta þingi var stjórninni ekki legið eins mikið á hálsi fyrir neitt, eins og það, að hún hefði *ekki* komið fram með neitt tollfrumv., enga tillögu um tekjuauka fyrir landssjóðinn, og var þetta talið óþolandi apturhald. Það var bent á, að beinasti vegurinn væri að hækka tollana, en að halda áfram með tekjuhalla ár eptir ár, og jeta þannig upp viðlagasjóðinn, væri að stofna landinu í voða. *Nú* kemur stjórnin fram með frumv. um tekjuhækkun til þess að vega á móti hallanum á fjárlagafrumv. En viti menn! Þá er allt í einu orðið allt öðru máli að gegna. Sömu mennirnir, sem í hitt eð fyrra mest vittu stjórnina fyrir að koma *ekki* fram með frumv. um tekjuauka, þeir æpa nú enn þá hærra til þess að víta stjórnina fyrir að hafa komið með slíkt frumv., og róa móti því öllum árum!

En sannleikurinn er, að þó ekki væri annað um að gjöra, en að bæta tekjuhallann frá þinginu 1903, þá væri næg ástæða til að koma fram með þetta frumv., og samþykkja það. En það eru nægar aðrar ástæður. Öll framfarafyrirtæki í stærri stíl verða að hætta, öll framfaraviðleitni, sem hið opinbera styrkir, að takmarkast og kippast aptur, ef landssjóðstekjurnar eru ekki auknar. Það er ekki að eins ritsíminn, sem að kallar.

Að vísu eru í þetta sinn útgjöldin til ritsímans langstærsti útgjaldaliðurinn af þeim upphæðum, sem ætlaðar eru til nýrra fyrirtækja; en þó að þau útgjöld stæðu ekki á fjárlögunum, þá væru samt vissulega nóg nauðsynleg fyrirtæki, sem koma þyrfti í framkvæmd, landinu til heilla og framfara; ráðstafanir og fyrirtæki, sem eru svo nauðsynleg, að jeg sje ekki neitt, sem getur afsakað að láta þau bíða, nema að eins það, að önnur, enn þá stórvægilegri og tilkomumeiri nauðsynjafyrirtæki, eins og ritsíminn, kalla að, sem komin í framkvæmd mundu verða til ómetanlegs gagns og framfara fyrir landið.

Ef ritsímafjárveitingin hefði ekki verið á þessu fjárlagafrumv., þá hefðu verið þar tillögur um fjárframlög til annara fyrirtækja, sem ekki hefðu kostað minna fje. Nóg er af þörfunum, og nóg er af beiðslunum. Ef háttv. þm. ekki trúir mjer, þá get jeg ljeð honum laglegan bunka af sýslunefndatillögum um áhugamál hjeraðanna. Ef

hann læsi það allt, mundi hann sjá, að það er ekki einhlýtt að stryka ritsímann út til þess, að landssjóður hafi nóg fje.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.), tók það fram, að þetta frumv. um tollhækkun hefði komið flatt upp á þingið og þjóðina, og fann að því, að lagt hefði verið kapp á að flýta því. Það er ekki rjett, að það hafi komið flatt upp á þing eða þjóð, að stungið yrði upp á tollhækkun eða tekjuauka. Hitt *átti* og mátti eptir hlutarins eðli til að fara dult, hverjum vörutegundum ætti að hækka á, ef tollhækkunin átti að geta komið að tilætluðum notum, sem bráðabirgðaráðstöfun, til þess að útvega tekjuauka þegar á yfirstandandi fjárhagstímabili, upp í tekjuhallann frá síðasta þingi. Af sömu ástæðu var alveg sjálfsagt að flýta því sem mest, til þess að kaupmenn gætu ekki um land allt ónýtt tilgang frumv., eða dregið úr árangrinum, með því að byrgja sig upp með einmitt þessum vörum, áður lögin kæmust í gildi. Sjerstök ástæða til að flýta málinu eptir að það er orðið hljóðbært hjer í Reykjavík og grennd, er sú, að fyrirbyggja misrjetti — koma í veg fyrir, að kaupmennirnir hjer verði betur settir, en kaupmenn út um land í því að fá byrgðir sínar, áður en tollurinn hækkar.

Þá efaðist háttv. þm. Ísfjk. um, að hægt væri að fá þessi lög staðfest nú þegar af H. H. konunginum, án þess að þau væru borin upp í ríkisráðinu. Ut af þessu skal jeg benda á, að málið *hefur verið* lagt fyrir konung í ríkisráðinu. Þetta frumv. er lagt fyrir þingið með fyrirfram fengnu samþykki H. H, konungsins. Það er því ekkert athugavert við, að nota hjer þá aðferð, sem opt er viðhöfð, þegar afgreiða þarf eitthvert mál, sem annars er ríkisráðsmál, sjerlega fljótt, eða á þeim tíma, þegar ekki er haldinn ríkisráðsfundur, nfl. að fá konungsstaðfestingu utan ríkisráðs, upp á svo kallaða »corróbóratíón« eptir á. Jeg get sent þetta lagafrumv. til H. H. konungsins nú þegar til staðfestingar, og svo fengið »corróbóratíón« hans á næsta ríkisráðsfundi, sem haldinn verður, eptir að jeg kem til Kaupmannahafnar í haust. Fyrir þessu hef jeg gjört ráð við konunginn.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði enn fremur, að það væri ankannalegt, að frumv. gilti að eins fyrir næsta fjárhagstímabil; en það get jeg ekki sjeð að sje rjett athugað. Það hefði auðvitað ekki þurft að taka það fram í frumv., því að það hefði mátt láta sjer nægja að fella lögin úr gildi á næsta þingi, um leið og skattamál og tollmál landsins verða tekin rækilega fyrir. Það hefur alltaf verið meiningin, að þetta frumv. væri að eins millibilslög, þangað til önnur ráðstöfun væri gjörð; og meiningin hefur verið, að á þessu þingi væri lagður einhver grundvöllur undir endurskoðun skatta- og tolllaga, er þá gæti orðið útkljáð á þinginu 1907. Þá hefðu þessi millibilslög auðvitað að sjálfsögðu fallið úr gildi um leið og önnur eldri tolllög. Jafnvel þótt þetta ákvæði standi, að lögin gildi fyrir fjárhagstímabilið, er vel hægt að fella þau úr gildi fyr með lögum á næsta þingi. En verði engin ný tillaga samþykkt, þá falla þau úr gildi án sjerstakra ráðstafana. Jeg sje ekkert merkilegt, því síður »ankannalegt« við það.

Það er að vísu »*præmatúrum*«, ótímabært, að vera að fara út í ritsímamálið í sambandi við þetta tollmál. Ritsímamálið liggur ekki fyrir, og síðar verður nóg tækifæri til að ræða

um það. En jeg skal þó svara einstökum atriðum í röksemdum háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) örfáum orðum.

Það er þá fyrst, að háttv. þingm. gefur sjer sjálfur það, sem hann er að sanna, að mikill meiri hluti þjóðarinnsje á móti því máli. — Þó að lukkazt hafi með meira og minna harðfylgi og fortölum að fá fundi, sumpart samansafnaða í því skyni, til þess að samþykkja einhverjar yfirlýsingar og ályktanir, sem einstöku forkólfar hafa fengið frá höfuðstöðvum »stjórnfjenda« hjer í Reykjavík og komið með á fundina, þá sannar það ekki mikið um sannan vilja þjóðarinnar, hver nöfn sem menn svo gefa þessum fundum, kalla þá þingmálafundi eða annað. Það er ekki nema örlítill hluti af öllum kjósendum landsins, sem sótt hefur slíka fundi, og svo má eigi gleyma því, að margir fundir, fullt eins merkir, hafa látið alveg það mótsetta í ljósi, lýst ánægju yfir ritsímanum og aðgjörðum stjórnararinnar í því máli. Það er ekkert framkomið, er sýni, að fleiri sjeu því máli móthverfir en hlynntir. Háttv. þm. gjörði því allt of mikið úr því, hve þægt það verk mundi verða þjóðinni, að hafna veitingu fjár til ritsíma.

Eins gjörði háttv. þm. allt of mikið úr útgjöldum þeim, sem af ritsímanum leiða, og málaði með allt of svörtum litum áhrif þeirra útgjalda á fjárhag þjóðarinnar. Vjer höfum lagt fram engu minna fje til annara fyrirtækja, án þess að oss hafi vaxið það svo mjög í augum. Án þess að mjer detti í hug að telja það eptir, þá skal jeg að eins minna á, að þingið 1903 veitti stórfje til útrýmingar fjárkláðanum, án þess að hafa neina vissu fyrir, að það mundi takast, heldur varð öllu fremur að skoðast sem tilraun, sem margir höfðu og hafa enn litla trú á að geti verið einhlýt. Jeg vona hins bezta um það. En þegar fjeð var veitt til þess, þá var í öllu falli engin vissa fyrir, að fyrirtækið mundi heppnast, og var það töluvert meiri upphæð, en ætlazt er til, að landssjóður leggi til landsímalagningarinnar. Þegar nú þannig svo stórum upphæðum hefur áður verið varið til fyrirtækja, er engin vissa var fyrir, að mundi verða að tilætluðum notum, án þess þjóðin æðraðist af því, þá virðist það vera ástæðulaus getsök móti þjóðinni, að hún láti sjer vaxa í augum og æðrist af, að leggja nokkuð í sölurnar til þess að koma í verk menningarfyrirtæki, sem er svo stórvægileg framför fyrir land og lýð, að ekki er hægt að gjöra grein fyrir því í stuttu máli, hver gagngjörð breyting af því mun leiða í menningaráttina fyrir alda og óborna.

Þegar ritsíminn er kominn á, og talsímar um landið, og menn hafa um hríð vanizt þeim þægindum og því gagni, sem leiðir af þessum dásamlegu menningartækjum, þá munu þeir fáir verða á þessu landi, sem iðrast eptir því fje, sem lagt hefur verið fram til að fá þetta, eða kunna þakkir þeim, sem viljað hafa spilla því.

Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) var að því leyti betri og lógiskari, en sumir vinir hans í Nd., að hann vann það til þess, að geta notað ritsímakostnaðinn sem mótbáru á móti tollhækkunarfrumv., að lýsa sig hálfvegis mótfallinn öllu hraðskeytasambandi bæði síma og þráðlausu sambandi. Í Nd. kom það fram, að sömu mennirnir; sem notuðu þá mótbáru gegn tekjuhækkuninni, að fella ætti ritsímakostnaðinn úr gjöldunum, þeir voru því meðmæltir, að verja ærnu fje til þráðlauss hraðskeyta-

sambands, eða þorðu í öllu falli ekki annað, þegar þeir voru inntir eptir því, hvort þeir vildu meina þjóðinni allt hraðskeytasamband við umheiminn, en að gefa í skyn, að þeir vildu ólmir hafa þráðlaust samband. En þráðlaust samband, t. d, Marconísamband, kostar Ísland eptir öllum tilboðum, sem jeg hef sjeð, miklu meira en símsambandið, svo að þau skipti eru sízt því til stuðnings, að fella tollaukann. Það þarf þvert á móti miklu *meiri* tollhækkun til þess að standa straum af loptskeytasambandi, heldur en símasamningnum, sem háttv. andstæðingar tala svo vel um! — En þó að nú háttv. þm. Ísfjk. hafi — af því hann er skýrt höfuð og skynugur í röksemdum — reynt að smjúga frá þessari mótsögn nú í dag, þykist jeg alveg fullviss um, að hann greiðir atkvæði með loptskeytasambandi, áður þessu þingi lýkur — að minnsta kosti tvisvar — ef ekki þrisvar. Og hvar er þá þetta »argúment« hans á móti tollhækkuninni, sem hann otar nú svo mjög.

Að endingu sagði háttv. þm Ísfjk., að hann sem þm. fyrir Ísafjarðarkaupstað gæti ekki verið hlynntur tollhækkunarfrumv. þessu vegna þess, að ritsíminn yrði ekki lagður til Ísafjarðar, og að sá kaupstaður yrði ver settur eptir en áður, ef síminn kæmist á. Sem svar gegn þessari staðhæfingu háttv. þm. er það að segja, að ritsímamálið er ekki ástæðan fyrir tollhækkuninni, heldur yfirleitt þarfir þjóðarinnar, nógar aðrar, ef ritsíminn gengur frá, eins og jeg þegar hef tekið fram; en að segja að Ísafjörður sje *ver* settur eptir að ritsíminn er kominn á en áður, það er staðhæfing, sem ekki nær neinni átt. Í fyrsta lagi er það auðvitað meiningin, að Ísafjörður komist í samband sem allra fyrst, helzt árið 1908, og þá verður hann eins settur og aðrir kaupstaðir landsins. En hann verður strax, þegar línan er komin frá Austurlandi til Reykjavíkur, afarmiklu betur settur, en hann er nú. Síminn liggur yfir Hrútafjörðinn, og á sumardaginn má komazt frá Ísafjarðardjúpi á einum sólarhring þangað, að vetrarlagi á tveimur eða þremur. Það er stórmikill munur á því, að geta haft samband við umheiminn eða við fjarlæga staði hjer á landi á svo stuttum tíma eða að geta það alls ekki, eins og nú er. Það er því hrein fjarstæða, að Ísafjörður yrði ver settur, en hann er nú. Það nær blátt áfram engri átt. Hann getur þegar haft eins mikið gagn af símasambandinu eins og aðrar byggðir landsins, er liggja jafnlangt frá stöðvunum. Samband Ísafjarðar við útlönd verður þegar *þeim mun* betra, sem leiðin til Staðar er styttri en leiðin til útlanda. Að kostnaður við símalagning frá Stað í Hrútafirði að Djúpi mundi nema hundruðum þúsunda, er alltof hátt reiknað. Eptir áætlun Sonne verkfræðings kostar sú álma 56 þúsund kr., að mig minnir; en það er nú ef til vill vel lágt, og þá er Djúpið eptir.

Tollhækkun þessi er að eins fjárlagaspursmál. Hún er sprottin af þörf á að auka tekjur landssjóðs til þess, eða jafna tekjuhalla, sem ekki hefur orðið hjá sneitt á næst undanförnum þingum, til þess að ekki þurfi beinlínis að slá sjer á apturför í öllum áhugamálum hjeraða og lands. Að ráða til að leggjast á viðlagasjóðinn eða sökkva landinu í skuldir til þess, að standast ársútgjöldin, er svo aum fjármálapólitik, að það er jafnvel ekki gjörandi fyrir þá, sem þykjast hafa fengið lífstíðarfestu á öllum þjóðvilja, þjóðhylli, þjóðfylgi og — þjóðræði — að slá slíku fram, þótt ekki sje nema í viðlögum,

til þess að reyna að eyðileggja mál í höndunum á stjórninni. Og betri, rjettlátari og minna tilfinnanlegan bráðabirgðarveg til þess að auka tekjurnar nú þegar, heldur en þann sem farinn er í frumv. þessu, hef jeg ekki heyrt neinn háttv. andstæðing benda á.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Hinn háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) sagði, að jöfnuður hefði getað fengizt á útgjöld og inntektir landssjóðs, ef ritsímamálið væri ekki. Hinn háttv. þm. hlýtur að sjá, er hann athugar þetta betur, að honum skjöplast, því að það var eigi jöfnuður síðast milli tekna og gjalda á fjárlögunum og eigi heldur þar áður, og þó var ritsímamálið þá eigi til fyrirstöðu. Útgjöldin hafa ætið vaxið árlega eins og eðlilegt er, og svo gengur enn. Ef vjer lítum á vilja einstaklinganna, án þess að taka tillit til þingmálafundanna, þá hef jeg gaman af að sjá, hverjir það eru, sem eigi óska nýrra fjárframlaga, en það er nú einu sinni svo, að sá sem vill hærri útgjöld, hlýtur einnig að vera meðmæltur hærri tekjum. Hver og einn verður að taka þeim afleiðingum og beygja sig fyrir þeim. Hinn háttv. þm. og aðrir. sem andæfðu frumv. í neðri deild, bentu, að því er jeg veit til, eigi á annað rjettlátara ráð til þess, að fá jöfnuð gjalda og tekna. Þeir hafa eigi getið þess, að rjett væri að hækka aðra skatta, t. d. lausafjárskatt eða ábúðarskatt, en einhversstaðar verða þó aukin útgjöld að koma fram, með öðrum orðum, tekjurnar verða að hækka, og þeir, sem óska breytinga, verða að koma með ný ráð. Þetta er fjáraukaspursmál, spursmál um nauðsynlega aukning teknanna og því verður að samþykkja það. Málið stendur eigi í nokkru sambandi við ritsímamálið og þeim tveim málum er að ástæðulausu blandað saman, því að tekjuaukans, sem leiðir af frumv., er nú ræðir um, er þörf, þótt ritsímamálið væri eigi til.

Þetta orð »yfirþjóðvilji«, sem háttv. þm. og nokkrir aðrir eru farnir að veifa með og á að þýða vilja þann, sem kemur fram á þingmálafundunum, er kynlegt orð, því að þingmálafundirnir eru mjög ósamhljóða. Margir af þeim eru pukursfundir og sýna því engan sannan þjóðarvilja. *(Valtýr Guðmundsson:* Eins og hjer á Seltjarnarnesi?) Nei, það var enginn pukursþingmálafundur hjer. Það væri undarlegt að setja þingmálafundi yfir þingið sjálft. Til þess að mögulegt væri að gjöra það, þyrfti að vera eitthvert eptirlit með þingmálafundunum eins og t. d. er með kosningum til alþingis, en það er eigi. Alþingi er að sjálfsögðu hið hæsta, enda væri annað óhugsandi. Þess vegna skil jeg eigi orðið »þjóðræði«. Þjóðræði og þingræði er hið sama, eða þjóðræði er vitleysa ein. Þjóðin kýs eptir vilja sínum þingmenn til þess að láta í ljósi vilja sinn á þingi. Jeg get eigi talið það annmarka á frumv., að það var eigi kunnugt fyr en á alþingi, því að svo hefði átt að vera um öll tollfrumvörp. Annars sje jeg eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um frumv., en vona að það gangi greitt gegnum deildina.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið, því að í neðri deild var höfð 7 manna nefnd.

Ráðherrann: Málinu var í neðri deild vísað til fjárlaganefndarinnar, en eigi kosin nein sjerstök nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillagan um nefnd felld með 8:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	Björn M. Ólsen,
Sig. Jensson,	Aug. Flygenring,
Sig. Stefánsson,	E. Briem,
Valt. Guðmundss.	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jón Jakobsson,
	Jón Ólafsson,
	Þórarinn Jónsson,

Á 10. fundi Ed. fimmtudaginn 13. júlí kom frv. til 2. umr. (A. 56,71.)

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Það mun nú að vísu vera svo, að þýðingarlaust er fyrir mig og aðra óháða menn hjer í þessari háttv. þingdeild, að leitast við að sporna við því, að frv. þetta nái fram að ganga í óbreyttri mynd. Það sýndi sig svo berlega við 1. umr. frv., að meiri hlutaflokkur sá á þinginu, sem »stjórnin styðst við« — eins og hæstv. ráðherra komst þá að orði — og því hefur ábyrgð á gjörðum hennar og þingsins gagnvart þjóðinni, hefur heitið stjórninni fylgi sínu til þessa einnig hjer í deildinni, þar sem hann felldi þá tillögu minni hlutans, að skipa nefnd til þess að íhuga frv., sem þó er ætlazt til að dembi yfir 300,000 kr. auknum álögá þjóðina. Betur gat háttv. meiri hluti ekki sýnt, að hann var búinn að binda sig í málinu, og þá jafnframt, hve litlu hann lætur sig það skipta, þótt ranglátum ólögum sje dembt á þjóðina nauðuga, og það án þess, að bert sje orðið, að brýna nauðsyn beri þar til.

Jeg er þessu frv. svo algjörlega mótfallinn af ástæðum þeim, sem jeg nú skal reyna að taka fram, að jeg get eigi látið því ómótmælt, að frv. nái fram að ganga og verði að lögum.

Jeg er í fyrsta lagi mótfallinn frv. af því, að jeg álít það ranglátt frv.

Jeg álít það rangt, að taka aðflutningsgjaldið eitt fyrir sig af tekjum landssjóðs, og hækka það allt jafnt, sjerstaklega sykurtollinn. Ef nokkurt vit eða nokkur heil brú er í skattalöggjöf þessa lands — og því hef jeg engan heyrt eða sjeð neita —, þá er það bersýnilega rangt, að taka einn skattinn og hækka hann gífurlega, þótt svo væri að auka þyrfti tekjur landsjóðs, en láta hina skattana halda sjer óbreytta. Það er t. a. m. ómótmælanlegt, að kaffi- og sykurtollurinn kemur tiltölulega lang-harðast niður á þurrabúðarmönnum við sjóinn, og daglaunamönnum í kaupstöðunum.

Allt öðru máli er að gegna með t. a. m. tekjuskattinn og húsaskattinn. Þessir skattar hvíla þyngst á embættismanna- og verzlunarstjettunum.

Vitagjaldið hvílir nær eingöngu á útlendum skipaútgjörðarmönnum, ábúðar- og lausafjárskatturinn á landbændunum.

Mjer er nú spurn: Er nokkurt rjettlæti í því, að láta aukningu á tekjum landssjóðs, þótt nauðsynleg væri, lenda, ef ekki eingöngu, þá aðallega á hinum fátæku þurrabúðarmönnum og daglaunamönnum, en láta embættisstjettina, verzlunarstjettina, hina útlendu útgjörðarmenn og landbændur, sleppa að miklu leyti við hana.

Hvers vegna hefur háttv. stjórn eigi farið fram á, að hækka þessa skatta eins og aðflutningsgjaldið? Eða þá útflutningsgjaldið? Það er nú raunar í sjálfu sjer óeðlilegur skattur að miklu leyti, þar sem hann hvílir eigi á hinum útlendu hvalveiðamönnum og fiskiveiðamönnum, sem reka þá atvinnu hjer. En það er almennt viðurkennt, að þessi skattur hefir engin áhrif á fiskverðið hjer á landi, og má því segja, að útflutningsgjaldið á fiski hvíli á verzluninni, og er þá ekki eins ástæða til að hækka það og t. a. m. sykur-

tollinn? Því mun nú verða svarað, að skattar þeir, sem jeg hef nefnt hjer, sjeu svo miklum mun lægri en aðflutningsgjaldið, að landssjóð munaði tiltölulega lítið um jafna hækkun á þessu. Til þessa liggja þau svör, að þótt svo væri, þá mundi það ekki rjettlæta hitt, að sleppa þeim, og því mætti ekki hækka þá tiltölulega meira en aðflutningsgjaldið.

En þessu er ekki þannig farið. 30% hækkun á ábúðar- og lausafjárskattinum, eins og hann er áætlaður í fjárlagafrumv. fyrir næsta fjárhagstímabil, mundi nema 25,800 kr., á húsaskattinum, 4,800 kr., á tekjuskattinum, 9,600 kr., á vitagjaldinu 6,000 kr., og á útflutningsgjaldinu 39,000 kr., eða samtals 85,200 kr.

Jeg er mótfallinn frv. þessu af því, að jeg álít, að það nái ekki tilgangi sínum nema að nokkru leyti.

Um vínfangatollinn er það að segja, að mótstöðumönnum áfengisnautnar verður stöðugt meira og meira ágengt. Vínsölu og vínveitingastöðum fækkar, og áfengisnautn minnkar að miklum mun.

Svona er það að minnsta kosti þar sem jeg þekki bezt til. Þegar nú hjer við bætist verðhækkun sú á áfengi, sem eðlilega leiðir af tollhækkuninni, er jeg í miklum vafa um það, hvort áfengisnautnin á næsta fjárhagstímabili minnkar ekki svo, að tollhækkunarinnar gæti ekki á vínfangatollinum. Þetta væri nú í sjálfu sjer gleðilegt; en frumv. nær þá ekki þeim tilgangi sínum, að auka tekjur landssjóðs með hækkuðum vínfangatolli.

Tollhækkun á vindlum frá því, sem nú er, mun leiða til þess, að vindlar hætta að flytjast inn í landið, meðan eigi er lagður skattur á innlenda vindlagjörð, og til þess verður eigi sjeð að stjórnin hafi gjört neinar ráðstafanir.

Brottfall vindlatollsins, sem á árunum 1899—1903 hefur numið um 16,000 kr. að meðaltali árlega, nemur tollhækkuninni á miklu tóbaki, svo vafasamt er, hvort fóbakstollurinn mundi hækka, sjerstaklega þar sem verðhækkun tóbaksins, sem leiðir af tollhækkuninni, mun draga mjög úr tóbaksbrúkuninni.

Tekjur landssjóðs af kaffi- og sykurtolli mundu að sjálfsögðu hækka nokkuð; en þar sem sykrið að minnsta kosti er viðurkennt nauðsynjavara, er það sorgarefni, að tekjuaukinn skuli stafa mestmegnir af hækkun þessa tolls.

Brjóstsykurtollurinn mundi hverfa af sömu ástæðu og vindlatollurinn.

Jeg er frumv. mótfallinn af því, að ekki er hægt að líta öðruvísi á, en að með því verði lögleiddur — ekki einasta verndartollur, heldur banntollur til hagsmuna fyrir innlendan bittertilbúning, vindlagjörð og brjóstsykurtilbúning. Þessar iðnaðargreinir sje jeg ekki að sjeu svo mikils verðar fyrir landið, að ástæða sje til að vernda þær með slíkum tölum.

Jeg er mótfallinn frumv. af því, að mjer getur ekki skilizt, að fjárhag landsins sje enn svo komið, að rjetta verði hann við með ranglátum álögum á alþýðu manna.

Fjárlagafrumv. stjórnarinnar um næsta fjárhagstímabil gjörir að vísu ráð fyrir nálega 375,000 kr. tekjuhalla, en það er svo langt frá því, að nokkur viti enn, hvernig það lítur út, er það verður að lögum, að það hefur jafnvel verið bent á stórar fjáruppliæðir á því gjaldamegin, er megi spara að miklu leyti eða fella burtu.

En gjörum ráð fyrir, að bezt verði að útvega landssjóði aukið fje, þá vil jeg leyfa mjer að benda á það, að lánsheimild sú, sem þingið veitti stjórn-

inni 1903, er enn í fullu gildi, og jeg fyrir mitt leyti tel það rjettara og hyggilegra, ef nauðsyn krefur, að taka lán, er endurborga má með *rjettilega* og *sanngjarnlega* álögðum sköttum, heldur en að ná í bráðina tekjum í landssjóð með ranglátum álögum á nokkurn hluta þjóðarinnar sjerstaklega.

Jeg er loks frumv. mótfallinn af því, að jeg álít að þingið, ef það samþykkir það, komist inn á hála braut. Að vísu hefur verið sett inn í frumv. það ákvæði, að það eigi ekki að gilda lengur en til loka næsta fjárhagstímabils.

En hvernig fer, ef þinginu 1907 þykir vanta tekjur? Vel getur svo farið; því þótt frumv. til nýrra skattalaga verði lagt fyrir alþingi 1907, er engin vissa fyrir því, að það verði útrætt á því þingi, og það ætti ekki að verða það, ef háttv. stjórn heldur þeim upptekna hætti, að gefa mönnum eigi kost á að kynna sjer stjórnarfrumv. fyrir þing, því að þjóðin á heimtingu á því, að geta látið uppi álit sitt um jafnmikilsvert mál áður en því er ráðið til lykta. — Það er því engan veginn víst, að ný skattalög komist á 1907 og þá vantar auðvitað tekjur. Mun þá ekki hætt við, að þingið grípi þá til sama óyndisúrræðisins og nú, og hækki einhvern skattinn um svo og svo marga af hundraði, og þá væntanlega þann skatt, sem kemur harðast niður á þeim, sem fæsta talsmenn eiga á þingi.

Af framangreindum ástæðum verð jeg fyrir hönd kjósenda minna og mín vegna, að mótmæla því, að frumv. þetta verði gjört að lögum, og að leggja ábyrgðina á því, ef svo fer, yfir á þá stjórn, sem hefur knúð það í gegnum þingið, og þann flokk á þinginu, sem hefur stutt hana til þess, og gjört henni það kleyft.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil leyfa mjer að mæla fáein orð fyrir breyt.till. þeirri, sem jeg og annar háttv. þm. höfum leyft okkur að koma fram með við frumv. þetta.

Við höfum borið þessa breyt.till. fram til þess, að draga ofurlítið úr þeirri byrði, sem leggst á þjóðina með frumv. því um tollhækkun, sem hjer er til umræðu. Það er ekki svo að skilja, að við sjeum fyllilega ánægðir með frumv., þótt þessi lagfæring, sem breyt.till. okkar fer fram á, komist að; en við verðum samt að álíta, að hún sje til verulegra bóta. Frumv. þetta hefur verið knúð fram með svo miklum hraða, að það hefur ekki verið hægt að taka það til gagngjörðrar endurskoðunar og endurbótar. Það hefði, ef til vill, mátt gjöra það, ef það hefði verið sett í nefnd, en þessi háttv. deild vildi ekki samþ., að frv. væri athugað í nefnd.

Við flutnm. þessarar breyt.till. höfum þessvegna að eins tekið þessa einu vörutegund, sykrið, og förum fram á, að það sje undanskilið tollhækkun, og væri það ekki svo lítil lagfæring á þessum lögum. Jeg hef allt af verið mótfallinn sykurtolli. Jeg álít, að leggja toll á þá vörutegund, sje hjer um bil sama, sem að leggja toll á brauðið, sem menn borða. Það er ekki hægt að rjettlæta toll á þessari vörutegund, á sama hátt og vjer getum rjettlætt toll á hinum vörutegundunum, sem lagður er tollur á. Þegar lagður er tollur á áfengi, tóbak og jafnvel kaffi, þá getum vjer sagt við gjaldendur, að þetta sjeu ekki beinlínis nauðsynjavörur, og vilji þeir komast hjá að borga tollinn, þá geti þeir sparað við sig og keypt minna af þessum munaðarvörum. En um sykrið er allt öðru máli að gegna. Það er

beinlínis nauðsynjavara, sem ekki er hægt að vera án.

Menn verða þó ætíð að lifa, og það eru viss næringarefni, sem eru alveg nauðsynleg fyrir mannlegan líkama og meðal þeirra er sykrið. Fátæklingarnir, sem viðhafa alla þá sparsemi, sem frekast er unnt, til þess að fleyta fram lífinu, geta með engu móti verið án sykurs. Það er hart, að þurfa að segja við fátæklingana, þegar um slíka nauðsynjavöru sem sykur er að ræða, og þeir barma sjer yfir að geta ekki aflað sjer þess: Landssjóður verður fyrst að fá sitt og lifa, hvað sem þjer og þinni fjölskyldu líður. — Jeg álít, að háttv. stjórn hefði getað náð án mikillar fyrirhafnar þeim tilgangi, sem hún hefur haft fyrir augum, með því að hafa lögin dálítið öðruvísi.

Tilgangurinn er sá, að fá auknar tekjur og svo velur stjórnin þann veginn, sem fyrirhafnarminnstur er og hækkar alla tollana jafnt, um 30% — Þetta er auðvitað fyrirhafnarminnst, en mjer heyrðist hæstv. ráðh. segja við fyrstu umr. þessa máls, að þetta væri líka rjettlátast; en það get jeg ekki sjeð. Það getur ekki verið rjettlátast, nema því að eins, að allar gömlu álögurnar sjeu rjettlátar. Sje þar á móti of hár tollur á einhverri vörutegund í samanburði við aðrar, þá verður ekkert rjettlæti úr því, að hækka þær allar jafnt. Það hefur nú að vísu ekki mikla þýðingu úr því að frumv. er hraðað svo mjög, að vera nú að benda á, hvað hefði mátt gjöra til þess að koma meiri jöfnuði á og meira rjettlæti, en jeg get samt ekki stillt mig um, að minnast á einstöku vörutegundir, sem hefði mátt leggja á hærri toll til þess að komast hjá að hækka sykurtollinn.

Jeg skal þá fyrst nefna tollinn á rauðvíni og hvítum vínum; hann er að mínu áliti allt of lágur. Þeir, sem kaupa þessar vörutegundir, eru optast nær ríkir menn, sem mætti standa á sama, þótt tollurinn á þeim væri nokkuð hærri; hann verður nú aðeins $19^1/_2$ eyri á pottinum, og álít jeg, að þessar vörur þyldu töluvert hærri toll. Sama er að segja um vindla; það má leggja töluvert meiri toll á þá, og um leið á tóbak, sem vindlar eru búnir til úr. Það er ekki lítið, sem fer út í loptið í reyk á þessu landi, og þeir sem reykja vindla, þola vel, að tollurinn á þeim sje hækkaður. Sama er að segja um tollinn á öli; hann mætti, að mínu áliti, vera nokkuð hærri.

Jeg gæti bent á ýmsar vörutegundir, sem breyta mætti tollinum á, en það hefur enga þýðingu nú. Jeg skal að eins leyfa mjer að benda á, að sykurtollauki sá, sem landssjóður fær eptir frumv., er hjer um bil 40 þús. kr. á ári, og finnst mjer, að hægt hefði verið að ná þeirri upphæð á annan hátt, án þess að það hitti þá gjaldendur landsins, sem verst geta borið þessar álögur.

En þó vjer sleppum nú að hækka sykurtollinn og setjum ekkert í staðinn, þá álít jeg, að vjer getum staðizt það. Því hefur verið haldið fram, að öll þessi tollhækkun sje nauðsynleg afleiðing af því, hversu síðasta þing hafi verið örlátt á fje landsins; en svona miklar álögur þurfa þó ekki til að bæta úr tekjuhallanum á yfirstandandi fjárhagstímabili. En svo kemur tekjuhallinn á fjárlagafrumv., sem nú liggur fyrir þinginu; en það er ekki útsjeð um það enn þá, hvort tekjuhallinn verður svo gífurlegur; það er mikið komið undir því, hvernig farið verður með ritsímamálið.

Jeg skal ekki fara langt út í það mál nú, en jeg skal að eins láta mjer nægja að segja: Þingið er, hamingjunni sje

lof, enn ekki búið að samþykkja ritsímasamninginn. Það mál er enn til athugunar, og jeg vona, að það verði athugað með skynsemi og ekkert samþykkt í því, sem leggur ókljúfandi kostnað á landið.

Jeg er sannfærður um, að enginn þm. vill, að landið komist í fjárhagslegar ógöngur; en meðan landið er ekki komið í neinar fjárhagslegar ógöngur, þá þarf ekki að taka til neinna óyndisúrræða eða örþrifaráða, en það kalla jeg óyndisúrræði, ef hækkaður er tollur á vörutegund, sem er nauðsynjavara og jafnvel fátæklingar geta ómögulega án verið.

Jeg er viss um, að þessi lög yrðu töluvert vinsælli hjá þjóðinni, ef þessi tollhækkun á sykrinum ekki verður samþ., og það er mikið í það varið, að önnur eins lög og þessi sjeu ekki mjög ógeðþekk þjóðinni.

Eins og kunnugt er, fara menn hópum saman af landi burt til Ameríku, og þeir, sem þangað eru komnir, reyna til að fá ættingja og vini til að koma þangað líka. Jeg hef sjeð mörg slík tilboð til fátækra vina um að borga fyrir þá fargjöld til Ameríku. Þetta er að vísu vel boðið, en vjer viljum þó heldur reyna að halda fólkinu í landinu. En þá verðum vjer líka að gjöra eitthvað til þess; vjer verðum að gjöra hvað vjer getum til þess, að fólkið geti lifað á þessu landi. Vjer megum sízt af öllu íþyngja fátæklingunum og ekki gefa þeim minnstu átyllu til að segja, að hjer sje ekki lifandi — og það hafa þeir ástæðu til að segja, ef vjer leggjum háa tolla á lífsnauðsynjar þeirra.

Jeg vona, að háttv. þingdeild taki þessa breyt.till. okkar til greina og lofi henni að komast að, og endurtek svo það, sem jeg sagði í byrjun ræðu minnar, að jeg álít það töluverða lagfæringu á frumv., ef þessi breyting fær að komast að.

Ráðherrann: Það gladdi mig sem sjaldfengin nautn að hlusta á svo langa og röggsamlega ræðu frá h. háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), þótt jeg alls eigi geti verið henni samþykkur.

Aðalástæður hans gegn frumv. virtust mjer byggjast á því, að jafnt hlutfall eigi að vera milli beinna og óbeinna skatta, svo að ef óbeinu skattarnir eru hækkaðir, eins og hjer ræðir um, þá ætti einnig að hækka beinu skattana að því skapi. En hvað sem um þessa kenningu kann að vera að segja almennt, er það víst, að í þessu fyrirlyggjandi »*concreta*« tilfelli á það ekki við. Beinu skattana, sem nú eru, væri ranglátt að auka. því að þeir koma miklu ójafnar niður en tollarnir. Meiningin er auðvitað, að reyna í framtíðinni, að finna rjettari grundvöll fyrir föstum sköttum en nú er, og koma fram með uppástungur í þá átt, helzt á næsta þingi. En meðan verið er að koma sjer niður bæði á því og öðru, er að skattamálum lýtur, á þessi bráðabirgðarhækkun á tollunum að útvega nauðsynlegt fje upp í tekjuhallann. Þess utan eru beinu skattarnir svo vaxnir, að eigi er hægt að fá neinn verulegan eða nándar nærri nægilegan tekjuauka með því að hækka þá innan hugsanlegra takmarka. Það yrði allt of tilfinnanlegt og ranglátt gjald. En tollarnir hafa ætið það mikla sjer til ágætis fram yfir föstu skattana, að þeir leggjast á án þess, að viðkomandi eiginlega taki eptir því, og fara eptir eyðslusemi. Þær vörur, sem aðflutningsgjald hvílir á hjá oss, munu einnig vera tollaðar í flestum öðrum löndum, af því að þær þykja sjerstaklega góð-

ur og rjettlátur tollstofn. Um vínföng, tóbak, vindla, súkkúlaði, te og brjóstsykur geta vist flestir orðið ásáttir, að það er undir hvers frjálsum vilja komið, hve mikið hann kaupir af þessu, og þannig hve mikinn toll hann greiðir af þessum vörum. Þessar vörur neyðast menn ekki til að kaupa, fremur en efni leyfa. Um kaffi og sykur kann að vera nokkuð öðru máli að gegna, sjerstaklega um sykur. En þó að jeg játi, að *nokkuð* af þeim sykri. sem brúkaður er, gangi til að fullnægja nauðsynlegri þurft, þá get jeg með engu móti viðurkennt, að allur sá sykur, sem hingað til landsins flytzt, geti skoðast sem nauðsynjavara fyrir landsmenn, þvert á móti; mjög mikið af sykureyðslunni hjer er óþarfi, mikið er notað til sælgætis og mikið í óhófi. en sú eyðsla kemur mest á efnaheimili. Því meiri, sem eru veitingar og breytt matarhæfi, því meiri er sykureyðslan á heimilunum, og sykurtollurinn kemur þannig að miklum hluta einmitt niður á þá efnaðri.

Stjórnin gat eigi fundið rjettlátari aðferð til bráðabirgðaraukningar á tekjunum, heldur en að haga henni svo, að hún kæmi alveg nákvæmlega eins niður á gjaldendur, eins og núverandi tollar gjöra. Það er satt, að þessi aðferð er handhæg og fyrirhafnarlítil, en það er þó alls eigi meiningin, að komast undan fyrirhöfn þeirri, sem leiðir af endurskoðun skattalöggjafarinnar á sínum tíma. En á þessu þingi gat það ekki komizt í kring, Til þess var ekki tími.

Háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) kom fram með þá mótbáru gegn frumv., að það næði ekki tilgangi sínum, því að menn mundu drekka minna, brúka minna tóbak, kaffi og sykur og taka að búa til vindla hjer í landi, meira en nú er gjört. En þegar ekki er um meiri hækkun að ræða, en þessa $^{3}/_{10}$ af fyrri tollupphæðum, þá á slík spá sjer engan stað. Reynslan hefur sýnt það, að vinnautn hefur ekki minnkað hjer þrátt fyrir meiri tollhækkun en þetta. Tollurinn var hækkaður árið 1901 um 35% og meira að segja 42% á sumum tegundum, og þó hefur innflutningur aukizt síðan þá. Viðvíkjandi þeirri hættu, sem stafar af aukinni innlendri vindlagjörð, má geta þess, að ekkert er á móti því, að leggja skatt á hana. Það hefði ef til vill verið rjettast, að láta slíkt frumv. fylgja tollhækkunarfrumv., en af því þar er um skatt — ekki toll — að ræða, þótti samfelldara að láta það bíða skattalagaendurskoðunarinnar 1907. En ef einhver vill bera slíkt frumvarp fram nú, þá skal jeg vissulega ekki hafa á móti því.

En hvað kaffi og sykurtollinn snertir, þá leiðir það af því, er jeg hef áður sagt, að jeg verð fastlega að neita því, að hann komi ranglátlega niður. Hitt er satt, að vel getur farið svo, að fátækir menn, sem ekki hafa mikið skattgjaldsþol, kaupi þessar tollvörur um efni fram og þarfir, og verða þannig tiltölulega hart úti í samanburði við sparsemdarmenn. En þetta er mótbára, sem ætíð í öllum löndum er á móti öllum tollum yfir höfuð. Það er leitt, að sykurtollurinn skuli jafnframt lenda á þeim sykri, sem fátækt fólk þarf til lífsnauðsynja. En hjá því verður ekki sneitt, og jeg vona, að hækkun á sykurtollinum um $1^{1}/_{2}$ eyri á pd. geti naumast orðið tilfinnanlegur byrðarauki fyrir neinn. Og af því að sykur, nú sem stendur er í háu verði erlendis, er mjög líklegt, að hann falli bráðlega niður og verði þá eigi hærri en nú er, þrátt fyrir tollaukann. Þessu

má nú auðvitað svara þannig, að sykur mundi þá verða ódýrara, en það er nú; en jeg fæ eigi skilið, að menn standist eigi $6^1/_1$ eyris toll, ef þeir standast 5 aura toll.

Út af framkomnum ummælum skal jeg taka fram, að það er alveg ástæðulaust, að liggja stjórninni á hálsi fyrir, að hún hafi ekki kunngjört frumvörp sín fyrirfram. Öll þau frumv., sem komu frá milliþinganefndunum, voru birt jafnóðum og þau komu frá þeim, og hin frumv. urðu kunn þegar eptir að samþykki H. H. konungsins var fengið til þess að bera þau fram sem stjórnarfrumv. — Að hætta við undirbúning laga, svo og svo mörgum mánuðum fyrir þing, að eins til þess, að geta látið blöðin fá frumv. svo og svo löngu fyrirfram, væri óforsvaranlegt og óframkvæmanlegt. Annars sje jeg ekki, að meiri þörf sje á því, að auglýsa stjórnarfrumv. fyrir fram, heldur en frumv., sem þingmenn bera upp. Þessi krafa hefur aldrei komið fram fyr en nú, og er bersýnilega ekki annað en einn þátturinn í þeim leik mótstöðuflokksins, að hafa *allt* á hornum sjer.

Jóhannes Jóhannesson, (1. þm. N.-M.): Jeg ætla að eins að gjöra fáeinar athugasemdir við ræðu hins hæstv. ráðh. Jeg sagði eigi, að jafnt hlutfall ætti að vera milli beinna og óbeinna skatta, en jeg gat þess, að með því að beinu skattarnir, svo sem tekjuskattur, hvíla mest á embættismönnum, verzlunarmönnum og auðmönnum, en óbeinir skattar koma þyngst niður á hinum efnaminni, þá ætti að hækka beinu skattana að minnsta kosti í hlutfalli við óbeinu skattana. Jeg get eigi sjeð, hvers vegna eigi er hægt að gjöra stjórnarfrumv. kunn, áður en þau eru lögð fyrir konung, þá fengju menn að vita um þau áður, en þau koma fram á alþingi. Frumv. voru prentuð áður en ráðherrann fór með þau til Kaupmannahafnar til þess að fá samþykki konungs til þess, að leggja þau fyrir alþingi. Ætti reglan að vera sú, að þau væru kunngjörð jafnóðum og þau eru prentuð. Jeg fæ eigi sjeð, að slíkt geti verið móðgandi fyrir Hans Hátign konunginn, og þótt konungur vildi eigi samþykkja eitthvert slíkt frumv., þá mundi það eigi lagt ráðherranum til lasts, ef frumv. væri gott og nýtilegt í sjálfu sjer.

Enn vil jeg geta þess, að jeg sagði aldrei, að tollurinn væri lagður á þá, sem enga talsmenn ættu á þingi, heldur komst jeg svo að orði, að ekki væri ólíklegt, að ný skattahækkun, t. a. m. 1907, mundi sjerstaklega hitta þá skatta, sem koma tiltölulega þyngst niður á þeim, sem fæsta talsmenn ættu á þingi.

ATKVGR.: Þessir 5 þingd.m. höfðu óskað nafnakalls við atkvæðagreiðsluna um 1. gr. frumv. og um breyt.till. (71) við 1. gr., sem sje þeir Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson, Þorgrímur Þórðarson, Jóhannes Jóhannesson og Valtýr Guðmundsson.

Breyt.till. á þskj. 71 felld með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jóh. Jóhannesson,	Björn M. Ólsen,
Sig. Jensson,	Jón Ólafsson,
Sig. Stefánsson,	Aug. Flygenring,
Valtýr Guðmundss,	Eiríkur Briem,
Þorgr. Þórðarson.	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jón Jakobsson,
	Þórarinn Jónsson.

1. gr, frv. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Ólafsson,	Sig. Jensson,
Ág. Flygenring,	Sig. Stefánsson,
Eiríkur Briem,	Valtýr Guðmundss.,
Guðj. Guðlaugsson,	Þorgr. Þórðarson.
Gutt. Vigfússon,	
Jón Jakobsson,	
Þórarinn Jónsson.	

2. gr. frumv. samþ. með 8 : 5 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþykkt með 8 : 5 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

A 11. fundi Ed. laugardaginn 15. júlí kom frv. til 3, umr. (A 56).

Þorgrímur Þórðarson (þm A.-Sk.): Áður en frv. þetta verður samþykkt og afgreitt frá hinni háttv. deild, vildi jeg með fám orðum gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Því miður gat jeg ekki mætt á fundi, þegar frv. þetta var til 1. umr. og fór þannig á mis við, að heyra þau rök, er færð voru fyrir því, að nauðsynlegt væri að auka tekjur landssjóðs nú þegar. En af þeim ræðum, sem haldnar voru við 2. umr. málsins, gat jeg ekki sannfærzt um, að nokkur knýjandi ástæða væri enn sem komið er, til þess að auka tekjur landssjóðs um ɔ: 300,000 kr. á næsta fjárhagstímabili. Að vísu var það tekið fram í umræðunum, að samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir 1906 og 1907 væri tekjuhallinn áætlaður 374,834 kr., en við þetta er það að athuga, að enginn veit enn sem komið er neitt með vissu um þennan tekjuhalla. Fjárlaganefnd Nd. er nýtekin til starfa, og mjög miklar líkur eru fyrir því, að hún muni breyta fjárlagafrv. í mörgum verulegum atriðum, draga út suma útgjaldaliði, er nemi mörgum tuga þúsunda. Gæti því að lokum farið svo, að tekjuhallinn yrði mjög lítill og engin knýjandi nauðsyn til þess, að hækka tollana á þessu þingi.

Aptur á móti var það einnig tekið fram, að brýn nauðsyn væri á því, að taka alla skattlöggjöf sem fyrst til endurskoðunar og umbóta, því að hún væri orðin of gömul og í mörgum atriðum á eptir tímanum, þótt hún hefði verið ágæt á sínum tíma. Þetta er hverju orði sannara, og þessi skoðun hefur óefað mikið fylgi bæði á þingi og hjá þjóðinni og það er í fullu samræmi við þessa skoðun, að í háttv. Nd. hefur nú verið borin upp tillaga til þingsályktunar um skatta- og tollmál, sem fer fram á að skipa 5 manna nefnd, til að íhuga og láta uppi tillögur um nýja skipun skatta- og tollmála í landinu.

Jeg fæ því ekki sjeð, hvaða nauðsyn er á því, að fara að breyta þessum tollum, sem frv. fer fram á, fyrst engin knýjandi nauðsyn er enn sem komið til þess, að auka tekjur landssjóðsins og meðan að nefnd sú, sem nú er kosin í háttv. Nd. hefur ekki látið uppi álit sitt í skatta- og tollmálum landsins.

Frv. þetta fer fram á, að hækka toll af öllu áfengi, um 30%. Þetta er sá eini liður í tollhækkunarfrv., sem jeg get verið samþykkur, því að það er mín sannfæring og jeg hygg margra landsbúa, að sje nokkur vörutegund, sem eigi að tolla, þá sje það áfengi. Það er sú vara, sem er flutt inn í landið, landsbúum að eins til ills og stórskaða, en eigi til gagns. Jeg mundi fúslega greiða atkvæði með tollhækkun á þessari vörutegund, þótt tollurinn á henni væri hækkaður um 100%, og jeg hefði verið stjórninni mjög þakklátur, ef hún í frv. sínu hefði farið

fram á slíka hækkun á áfengi og greitt fúslega atkv. með því. En einnig með þeirri hækkun mundi landssjóður hafa fengið líkan tekjuauka og frv. fer fram á, sem sje 259,254 kr. En í stað þess, að hækka toll á áfengi svo að muni um, þá er farið fram á að hækka toll á kaffi og sykri um 30%.

Það hefur verið færð sem ástæða fyrir tollhækkun á kaffi, að kaffið væri ekki nauðsynlegur drykkur fyrir líkamann, og þess vegna væri það rjettmætur tollstofn. Að vísu eru ekki þau efni í kaffinu, sem líkami vor þarf sjer til viðurhalds, en eigi að síður er það nauðsynlegur drykkur fyrir marga landsbúa, einkum þá, sem eiga við bágust kjör að búa, fátæklingana, sem mestmegnis lifa á þurrmeti og hrjóstrugri fæðu. Sjómenn vorir og þurrabúðarmenn, sem mestmegnis lifa á þurrmeti og bragða aldrei mjólk, af því að þeir sökum fátæktar geta eigi keypt sjer hana, þeir þurfa sannarlega að hafa einhvern smekkbæti með hinum ljelegu og ólystugu máltíðum sínum, þegar þeir koma kaldir og hraktir af sjóferðum sínum. Já, þeir þurfa þess líklega eigi síður en efnamennirnir, sem margir hverjir eigi geta borðað ágætan morgunverð og kvöldverð, nema að drekka bjór með, eða annað áfengi. Auk þessa er kaffið til sparsemdar víða hjer á landi, þar sem hin góða, gamla íslenzka gestrisni lifir enn. Það er enn, sem betur fer, víða síður á voru landi, að gjöra gott þeim gestum, sem að garði bera, en opt er svo ástatt á mörgum heimilum, að eigi er annað handbært en kaffi, sem ferðamenn þiggja með ljúfu geði og meta mjög mikils þær góðgjörðir, þegar þeir eru kaldir og ferðlúnir. Jeg hef opt reynt þetta, og tala því hjer af reynslu. Auk þess er kaffið læknismeðal, sem læknar opt verða að grípa til og verður í mörgum tilfellum að mjög miklu liði, þegar ekkert er annað til að bjarga lífi manna.

Það er því allt annað að hækka toll á kaffi, sem jeg hika eigi við að segja að sje nauðsynlegur drykkur hinum fátækasta hluta þjóðarinnar, sem á við örðugust kjör að búa eða að hækka toll á áfengi.

En það sem mig tekur sárast við þessa tollhækkun er það, að hún kemur þyngst niður á fátæklingum, sem sízt geta án kaffis verið og sízt eru færir um að bera tollhækkunina. Hjer er að eins farið fram á 30% hækkun á kaffitolli eða 3 aura aukinn toll á pundið til landssjóðs, en fyrir þá, sem kaupa kaffið, mun tollhækkun þessi nema 5 aurum, því kaupmenn skoða tollhækkunina sem hækkun á innkaupsverði á kaffi, og leggja jafnmikið á tollinn og innnkaupsverðið, eða líklega c. 50%. Með þessari tollhækkun er þá tollurinn, sem kaupandinn greiðir, um 20 aura af hverju pundi, eða um 60% af innkaupsverði þess; er þetta þungur skattur á fátæklingana.

Þá vil jeg minnast á sykurtollinn. Það verður eigi sagt um sykrið, eins og sagt var um kaffið, að það hafi ekki þau efni að geyma, sem sjeu nauðsynleg til viðurhalds líkama vorum; því sje það rjettmætur gjaldstofn. Sykrið er líkama vorum svo afarnauðsynlegt, að hann getur eigi án þess verið. Líkami vor þarf að fá á hverjum degi, meðan vjer lifum, víst af sykri í einhverri mynd, til þess að vjer getum lifað, já, sykrið er eins nauðsynlegt og hver annar matur, sem vjer getum eigi án verið. Það væri alveg eins rjettmætt að leggja toll á innflutta matvöru og að tolla sykur.

Frumv. fer fram á að hækka sykurtollinn um $1^1/_2$ eyri á hverju pundi, verður þá tollurinn alls $6^1/_2$ eyrir, sem kaupmaðurinn á að greiða til lands-

sjóðs, en kaupandinn fær að greiða c. 9 aura af hverju pundi, því að kaupmenn skoða sykurtollinn sem innkaupsverð og leggja c. 50% á hann; verður því sykurtollurinn c. 50% af verði sykursins. Þetta virðist mjer voðagjald, og framúrskarandi ósanngjarnt, á vörutegund, sem er jafnnauðsynleg fyrir líkama vorn og sykur er. Og þessi tollur kemur þyngst niður á fátækasta hluta þjóðarinnar, það er á sjómönnum, þurrabúðarmönnum og vinnulýðnum. Það er öllum kunnugt, hversu örðugt það er fyrir sjómenn og þurrabúðarmenn, að geta veitt sjer smjör til viðbits, síðan að smjörbúin risu upp og tóku að flytja smjör út úr landinu, og þessir menn hafa því orðið að auka sykurbrúkun sína og bæta líkama sínum fituefni, sem þeir áður fengu í smjörinu, en nú geta ekki veitt sjer lengur. En á þessa nauðsynjavöru á nú að leggja þenna háa toll, til þessu að gjöra fátæklingum enn örðugra fyrir að afla sjer hennar, sem þeir þó eigi geta verið án. Þetta virðist mjer rangt í alla staði. Jeg get ómögulega verið með frumv., sem fer fram á slíkt.

Sá maður sem kaupir árlega til heimilisþarfa:

50 pd. kaffi,
25 — export og
100 — sykur,

verður, ef frumv. þetta verður að lögum, að greiða landssjóði 24 kr. í toll. Þetta er svo mikið og þungbært gjald fyrir fátæka fjölskyldumenn, að það er ekki mót von, þótt fátæklingar kvíði fyrir því. Við 2. umr. þessa máls var borin fram breytingartill. um að fella úr frumv. toll af sykri, en því miður var sú hyggilega tillaga felld hjer í deildinni með 3 atkv. mun. Það hefði verið mikil bót á frumv., hefði þessi sanngjarna breyt.till. náð fram að ganga, og mikið dregið úr þeirri miklu óánægju, sem er og verður hjá þjóðinni út af þessu frumv., og það eigi að ástæðulausu. Af þessum ástæðum, er jeg nú hefi tekið fram, mun jeg greiða atkvæði gegn frv.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Það er eitt atriði, sem jeg álít rjett að tekið sje til nánari íhugunar en gjört hefur verið, áður en frv. þetta verður samþ. til fullnustu hjer á þinginu — en svo býst jeg við að fari —, og það er spurningin um það, hvenær lögin öðlast gildi.

Í 2. gr. frumv. er svo ákveðið, að þau öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

En hvenær verður það? Og hvað útheimtist til þess, að þau verði staðfest á stjórnskipunarlagalegan hátt?

Af öllu, sem á undan er gengið, sjerstaklega ræðu hæstv. ráðherra, við 1. umr. málsins hjer í deildinni, skilst mjer, að beita eigi þeirri aðferð, að ráðgjafinn skrifi tillögur sínar til konungs um staðfestingu laganna hjer heima, »kontrasigneri« (skrifi á hornið) sömuleiðis hjer heima, og sendi málið síðan til Kaupmannahafnar til þess að fá undirskript Hans Hátignar konungsins undir þau, og er þá víst álitið, að þau komi þegar í gildi. Síðan ætlar ráðgjafinn í haust, er hann fer til Kaupmannahafnar, að bera málið upp fyrir Hans Hátign konunginum í ríkisráðinu, »korróbórera« (staðfesta) fyrri staðfestinguna.

Nú er spurningin fyrir mjer að minnsta kosti:

Getur þetta gengið svona? Geta lögin *öðlast gildi fyr en ráðgjafinn hefur borið þau upp fyrir konungi í ríkisráðinu?*

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún nú er orðin, er svo ákveðið, að ráðgjafinn skuli

»fara svo opt sem nauðsyn er á til Kaupmannahafnar til þess að bera upp fyrir konungi í ríkisráðinu lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir«.

Hjer er engin undantekning gjörð að því, er lög snertir.

Það er því stjórnskipunarlagaleg nauðsyn á því: að *öll* lög sjeu borin upp fyrir konung í ríkisráðinu.

Þá getur það heldur eigi verið vafa undirorpið, hver eigi að bera lög um sjermál Íslands upp fyrir konungi í ríkisráðinu.

Hin tilvitnaða stjórnarskrárgrein svarar því ótvírætt, að ráðherra Íslands skuli fara svo opt sem þurfa þykir til Kaupmannahafnar til þessa.

Orðin eru svo ákveðin og skýr, að þau útiloka allan vafa á því, að það er Íslandsráðherrann einn, og að hann getur ekki notað umboðsmann, hvorki hina dönsku ráðherra eða aðra. Sbr. einnig 14. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem það eina tilfelli er nefnt, er ráðherrann getur notað umboðsmann.

Það er líka skýrt tekið fram í athugasemdunum við stjórnarfrumv. til stjórnskipunarlaga frá 3. október 1903, að ráðherrann verði þingárið að fara til Kaupmannahafnar til að bera upp í ríkisráðinn lög þau, sem þingið hefur samþykkt (sbr. Alþingistíðindi 1902 C. bls. 5).

Jeg skal enn fremur benda á *eitt atriði*.

Lögin eiga að öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Dagsetningin er stjórnarathöfn í sjermáli, sem enginn getur framkvæmt nema ráðherra Íslands. Heima getur hann ekki dagsett lögin, því ekki er víst, að Hans Hátign verði viðlátinn þann daginn, og eptir á getur hann það heldur ekki, því lögin verða að vera dagsett, þegar konungur undirskrifar þau.

Hver verður nú afleiðingin af því, ef ráðherra Íslands ber lögin ekki sjálfur upp fyrir konung í ríkisráðinu?

Hún verður að mínu áliti sú, að lögin öðlast *ekki* gildi, enginn dómstóll getur dæmt eptir þeim, *og enginn er skyldur að hlýða þeim;* þau ber að skoða sem óstaðfest lög eptir sem áður, þótt þau beri bæði undirskript Hans Hátignar konungsins og ráðherra Íslands.

Þau eru ekki staðfest á stjórnarskipunarlagalegan hátt, en það eru slík lög ein, sem 44. gr. stjórnarskrárinnar býður dómendum að fara eptir.

Þetta vita allir dómendur og verða að fara eptir því; svo sjerstaklega stendur hjer á.

Verði lögin dagsett t. a. m. um næstu mánaðamót, vita þeir allir, að þau geta ekki verið staðfest á *stjórnarskipunarlagalegan* hátt. Því það er eða verður alkunnugt, að ráðherrann hafi verið hjer á landi þá og því beint ómögulegt, að hann hafi borið þau upp í ríkisráðinu fyrir konungi til staðfestingar; og þarf því ekki að færa sannanir fyrir þessum afbrigðum frá stjórnarskránni — því jeg gjöri ekki ráð fyrir, að hann fari að yfirgefa alþingi eða fresta fundum þess til að fara með lögin til staðfestingar.

Lögin geta því að mínu áliti ekki öðlast gildi fyr en einhverntíma í haust, að ráðherrann getur farið með þau og fengið þau staðfest á stjórnarskipunarlagalegan hátt, en þá verða væntanlega allir kaupmenn landsins búnir að útbúa sig með tollvörur langt fram á næsta fjárhagstímabil.

Um »korróbóration« (staðfesting eptir á) eins og hæstv. ráðherra var að tala um, getur að mínu áliti ekki verið að ræða; hún verður ekkert annað en vanaleg staðfesting, því lögin fá ekkert gildi áður.

Jeg leyfi mjer að efast um, að hægt sje að nefna þess nokkur dæmi, að nokkur dönsk lög hafi nokkurtíma verið staðfest utan ríkisráðsins og korróbóreruð síðar; — því grundvallarlög Dana eru í þessu efni eins ströng eins og stjórnarskrá vor er nú orðin.

Þetta, sem jeg nú hef sagt, vil jeg biðja háttv. meiri hluta að íhuga, áður en hann samþykkir frv. til fullnustu.

Ráðherrann: Jeg þarf eigi að eyða mörgum orðum til þess að svara háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.). Hann byggði mótmæli sín á því, að tekjuaukans væri eigi þörf, en jeg hef margopt tekið það skýrt fram, að þetta er alls eigi rjett. Það er fullkomin vissa fyrir tekjuhallanum, ef þessi lög verða eigi samþ. Jeg vil eigi fara út í þær einstöku ástæður, sem háttv. þm. færði gegn frumv. hvað snertir hinar einstöku tollvörutegundir. Jeg hef áður svarað því öllu saman bæði hjer í háttv. deild og í Nd. og vil leyfa mjer að vísa til þess.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), talaði um, að konungsstaðfesting með eptirfarandi »korróbóratión« gæti eigi átt sjer stað í íslenzkum málum, þótt það tíðkaðist með samskonar stjórnarskrárákvæðum í öðrum löndum, enda bólaði á þeirri skoðun við 2. umr. og var því svarað þá. Það er óviðfeldið og ömurlegt að heyra íslenzka þingmenn í íslenzkum þingsal vera að reyna að draga sem allra mest úr sjálfsjórnarrjetti þeim, er vjer höfum fengið, reyna að *herða* á höptum og takmörkunum, og jafnvel að troða inn í stjórnarlög vor hindrunum og ófrelsi, sem alls ekki er í þeim, til þess að tálma framkvæmdum og flækjast fyrir fótum þeirra manna, sem vilja hrinda áleiðis nauðsynjamálum landsins. Þessir menn vinna of mikið til þess að »komast í borg«, og munu aldrei sóma hljóta fyrir slíkan leik. Jeg hef tekið það fram, að »korróbóratión« er þráfaldlega notuð í Danmörku, og hefur opt verið notuð við staðfesting íslenzkra laga áður, þegar svo hefur borið undir. Að vísu hefur áður liðið skemmra á milli staðfestingar og »korróbórationar« en nú verður, er »korróbórationin« verður að bíða þangað til jeg kem til Hafnar í haust. En það getur ekki gjört neinn efnismun. Eptir stjórnarskipunarlögum vorum er nauðsynlegt að geta brugðið þessu fyrir sig. Það væri nauðsynlegt að innfæra það, þó að það hefði ekki tíðkazt áður. Jeg ætla að nota þessa aðferð nú, og er viss um, að menn síðar munu kunna mjer fremur þökk en óþökk fyrir það. Það er mikill misskilningur hjá hinum háttv. 1. þm. N.-Múl, (Jóh. Jóh.), að dómararnir sjeu eigi skyldir að fara eptir þessum lögum, ef þau verða samþykkt á þennan hátt. Dómarar eru *skyldir* að dæma eptir lögunum og engu öðru. *Ef* nokkuð væri ólögmætt í því, að lögin væru staðfest af Hans Hátign konunginum utan ríkisráðs, áður en jeg kemst á hans fund, og staðfestingin »korróbóreruð«, við fyrsta tækifæri þá væri afleiðingin af því alls eigi sú, að þau væru eigi bindandi fyrir almenning og dómendur, heldur hitt, að hægt væri að koma fram ábyrgð á hendur mjer fyrir stjórnarskrárbrot. Jeg er þess albúinn, að verja þessar gjörðir mínar fyrir dómi, hvort heldur hæstarjetti eða landsdómi.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Út af ræðu hæstv. ráðh., sem mjer fannst flutt með óþörfum hita, er jeg hafði eigi gefið tilefni til, vil jeg leyfa mjer að gjöra örfáar athugasemdir.

Hjer er eigi verið að ræða um að breyta stjórnarskrá vorri, eða hvernig hún ætti að vera. Á það getum vjer nú engin áhrif haft. Hjer er að eins

um það að ræða, að þýða eitt ákvæði hennar, og það gjöri jeg eins og mjer hefur verið kennt, og jeg hef bezt vit á.

Jeg neita því ekki, að það gæti verið æskilegt, að beita mætti aðferð þeirri, sem hæstv. ráðh. vill viðhafa, en það kemur í bága við skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar, og ríkisráðsákvæðið væri þá með öllu þýðingarlaust í framkvæmdinni.

Þá vil jeg taka það fram, að jeg er hjer að berjast gegn framgangi máls, sem jeg álít ranglátt og hef fært rök fyrir, að svo sje.

Loks vil jeg taka það fram, að mjer finnst skörin vera farin að færast upp í bekkinn, er hæstv. ráðh. heldur því fram, að dómarar sjeu skyldir að dæma eptir því, sem kallar sig lög, eða stjórnin álítur vera það. Eins og jeg hef tekið fram, eru það að eins lög, sem til eru orðin á stjórnarskipunarlagalegan hátt, er dómarar eiga og mega dæma eptir, og það álít jeg ekki vera í tilfelli því, sem hjer er um að ræða. Dómstólunum ber bæði rjettur og skylda til að athuga, hvort svo sje, og jeg að minnsta kosti mundi taka það mjög óstinnt upp, ef umboðsvaldið ætlaði að fara að gefa mjer bendingar um, eptir hverju eða hvernig ætti að dæma, er jeg væri seztur í dómarasæti.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg hefði tekið til máls í annað sinn við 1. umr., út af athugasemdum við ræðu mína þá, hefði ekki staðið illa á fyrir mjer.

Tók jeg þá fram, að mjer hefði einkum þótt flytirinn, sem við hafður er við frumv. þetta, iskyggilegur og athugaverður, og sannfærðist jeg um, af ræðu hæstv. ráðherra, að það álit mitt er ekki órökstutt. Jeg tók einnig fram við 1. umr., að vel gæti verið, að jeg yrði með frumv. þessu í þinglok, þó jeg gæti ekki verið með því nú, á meðan jeg hef ekki yfirlit yfir fjárhag landsins samkvæmt fjárlögunum. Mitt álit er, að þinginu beri að sjá, hverju fram vindur í fjárlögunum, áður en það samþykkir þetta frumv.

Jeg ljet þá einnig í ljósi, að stjórnin hefði að öllum líkindum ekki komið með frumv. þetta, ef ekki stæðu á fjárlagafrumv. ýmsir nýir útgjaldaliðir, sem valda því, að tekjuhallinn á frumv. verður svo ákaflega mikill.

Ástæður þær, sem færðar hafa verið fyrir flýtinum á frumv. þessa, eru því alls ekki til fyrirstöðu, að vel hefði mátt hafa aðra aðferð til þess, að ná tilgangi þeim, sem látið er í veðri vaka að stjórnin vilji ná með honum. Það mátti koma með frumv. þetta, er leið á þingið, þegar vissa var fengin fyrir því, að auka þyrfti tekjur landssjóðs að mun. Þetta hefði verið stjórninni innan handar, og hefði verið ólíkt hyggilegra og heppilegra, en að koma með frumv. þetta nú í þingbyrjun, að órannsökuðum svo mörgum atriðum, er hjer að lúta.

Jeg skal ekki fara út í lögfræðislegar og stjórnskipulegar hugleiðingar um frumv. þetta eins og háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), en næsta óviðfeldið þykir mjer, að við Íslendingar förum þegar að apa eptir dönskum »praxis«, þegar um framkvæmd á stjórnarskrá vorri er að ræða. Þó að, eins og hæstv. ráðherra hefur skýrt frá, frumv. þetta hafi verið lagt fram í ríkisráði, og Hans Hátign konunginum sje kunnugt um innihald þess, þá finnst mjer samt varhugavert, að fylgja þessari dönsku venju, er hæstv. ráðherra er að tala um. Það getur opt komið fyrir, að frumv. taki talsverðum breytingum á þinginu, svo að frumv. yrðu opt öðruvísi, er konungur ætti að staðfesta þau á þennan hátt. Hans Hátign konungurinn hefur þá ekki

ráðherrann sjer við hönd til þess, að ráðfæra sig við, og skriflegar skýrslur og skýringar eru þá ávallt ófullkomnari en munnlegar, og gæti hæglega svo farið, að lögin yrðu að bíða, þar til ráðherrann kæmi sjálfur til þess, að gjöra grein fyrir breytingunum. — Af þessu leiddi, að tilganginum með flýtinum yrði ekki náð.

Jeg verð að taka það fram, að mjer fannst hæstv. ráðherra tala með töluverðum hita um þetta atriði, og beina nokkuð hörðum orðum að þeim, sem á það hafa minnzt öðru vísi, en hann óskar. Það er þó hin fyrsta skylda háttv. þings, að sjá um, að stjórnarskrárlög landsins sjeu ekki brotin. — Hæstv. ráðherra tók fram, að heimilt væri fyrir þingið, að lögsækja sig fyrir þessa meðferð á lögunum, en það er engin ástæða fyrir málsstað hans; það getur hver og einn sagt, sem lögin brýtur, og sje hjer um lagabrot að ræða, þá er það sama lögbrotið fyrir því. — Það er ekkert tiltökumál, þó að þingmenn vilji athuga það vandlega, hvort þessi aðferð komi í bága við stjórnarskrána. Slíkt er skylda þeirra við hvert einasta löggjafaratriði hjer á þinginu, og það er ótilhlýðilegt, að víta nokkurn þingmann fyrir það. Jeg skal nú ekki halda því fram, að stjórnarskráin sje beint brotin, þótt tolllög þessi, verði þau samþykkt, væru staðfest af Hans Hátign konunginum, án þess ráðherrann kæmi þar nærri, en víst er það, að stjórnarskráin gjörir ekki ráð fyrir þessari staðfestingaraðferð á lögum alþingis, og viðkunnanlegra hefði mjer þótt, að hæstv. ráðherra hefði nefnt eitthvert dæmi upp á þessa staðfestingaraðferð hjá Dönum, og meðan hann ekki gjörir það, þá verð jeg að vera í vafa um það, að hún sje mikið tíðkuð þar.

Við 1. umr. tók jeg það fram, að tollhækkunarfrumv. þetta mundi aðallega vera komið fram vegna nýrra útgjaldaliða á fjárlagafrumv., útgjaldaliða, sem enginn vissi nú með vissu hvort yrðu samþykktir eða ekki. Jeg á hjer auðvitað við ritsímamálið. Hæstv. ráðh. vefengdi það, að Ísfjk. mundi hafa lítið sem ekkert gagn af hinu fyrirhugaða ritsímasambandi, eins og jeg hjelt fram við 1. umr. þessa máls, og kvað það vera eins eða tveggja daga ferð frá Ísafirði til talsímastöðvanna í Hrútafirði. Jeg gef ekki mikið fyrir áætlanir hans í ritsímalagningunni, ef þær eru ekki áreiðanlegri, en þessi áætlun hans. Fyrst er nú full dagleið frá Ísafirði yfir sjó að sækja yfir Djúpið; með því þó að gott veður sje; og svo er $1^1/_2$ dags til 2 daga ferð landveg frá Djúpi að Stað í Hrútafirði, þegar bezt er yfirferðar um hásumarið, en að vetrinum geta gengið 6—7 dagar og jafnvel lengri tími til þessarar ferðar.

Jeg hygg því, að Ísfjk., og Vestfirðir hefðu nauða lítið gagn af talstöðvunum í Hrútafirði.

Auk þessa ber þess að gæta, að þótt koma mætti skeytum á þennan háttfrá Ísafirði, t. d. til útlanda, þá eru menn alveg útilokaðir frá því, að geta borið sig saman við þann, er símað er til, er þeir verða að senda með ákveðin skeyti langan veg frá heimili sínu. Það verður því einungis kostnaðurinn af ritsímanum, sem kjósendur mínir og yfir höfuð Vestfirðir fá að bera, en hlunnindunum eru þeir alveg útilokaðir frá.

Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) var við 1. umr. eitthvað að tala um yfirþjóðvilja í þessu máli; jeg nefndi ekki neinn yfirþjóðvilja á nafn í ræðu minni, og jeg þekki, satt að segja, ekki orðið;

háttv. þm. hefur sjálfur búið það til; jeg þekki að eins vilja þjóðarinnar yfir höfuð. Háttv. þm. var einnig í ræðu sinni, að tala um pukursfundi; jeg verð að lýsa því yfir, að jeg þekki ekki til um neina pukursfundi; þeir hafa ekki verið haldnir á Ísafirði; þótt eitthvert vestfirzt »sannsöglinnar málgagn« kynni að þekkja þá og hafi frætt þm. um þá, málgagn sem almenningur vestra hefur það álit á, að telji það eitthvað satt, þá sje það vanalega lýgi. Háttv. þm. segir, að ekkert sje að byggja á þingmálafundum að því, er skoðanir manna snertir á landsmálum. Það er næsta undarlegt, að sjá svona yfirlýsingu frá háttv. 4. kgk. þm., sem svo víða hefur farið og lifað í löndum með hinni fyllstu þjóðræðis- og þingræðis-stjórn. Eptir núgildandi lögum er kosning á þingmanni gild, þó að eins lítill hluti kjósenda í kjördæminu hafi gefið honum atkvæði sitt. Í kjördæmi með 300 kjósendum getur þm. verið rjett kosinn, þótt ekki hafi hann nema 30—40 atkv. og enda minna; eptir kenningu 4. kgk. þm. á þetta að vera sú eina áreiðanlega yfirlýsing um vilja kjósenda í öllum þjóðmálum, sem þingið á að taka nokkurt mark á, en þótt allir þessir 300 kjósendur lýsi yfir eindregnum vilja sínum í einhverju stórmáli, sem alls ekki hefur verið rætt á kjörfundum þá er samkvæmt kenningu 4. kgk. þm. ekkert mark takandi á þeirri yfirlýsingu. Sannarlega nýstárleg kenning.

Háttv. þm. talaði einnig um, að menn ættu að hætta að flagga með orðinu þjóðræði; honum er auðsjáanlega illa við það orð, illa við það, að þjóðin ráði sjálf málum sínum, því annað gefur orðið ekki til kynna, og að þjóðin hafi þessi ráð, hefur þm. áður ekki þótt tiltökumál, þjóðræði er sjálfsagt líkrar merkingar og sjálfstjórn, en um sjálfstjórn segir háttv. þm. í fyrirlestri, sem hann hjelt sjálfur í Reykjavík 26. nóv. 1901, að sjálfstjórn sje það:

1. *að* ekkert verði að lögum án samþykkis þjóðarinnar og fulltrúa hennar; engar álögur lagðar á hana án samþykkis hennar, og engu af fje hennar varið án heimildar hennar, og
2. *að* eigi verði við því spornað, að sjerhvað það, sem þjóðin hefur eindreginn og staðfastan vilja á, verði að lögum.

Hver er nú munurinn á sjálfstjórn og þjóðræði? Jeg held það sje eitt og hið sama. Nú er öðru máli að gegna með háttv. þm. Nú er það ekkert að marka í hans augum, þó flestir eða allir kjósendur láti í ljósi vilja sinn á almennum fundum, ef vilji þeirra fer í bága við vilja stjórnarinnar og þess flokks, er hún í þann og þann svipinn styðst við; nú er að eins að marka þann vilja, sem kemur í ljós kjördaginn, hvað fáar hræður sem þar koma saman; hann er auðsjáanlega búinn að gleyma því öllu, er hann hefur talað og skrifað um þetta atriði áður, og kannast nú hvorki við þingræði eða þjóðræði í þeirri merkingu, sem hann áður hefur haldið fram. Það er líklega »stjórnræði«, *sem bezt á við hann* nú sem stendur.

Ráðherrann: Háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) hjelt því fram, að dómarar ættu ekki að dæma eptir lögunum, nema því að eins að þau, eptir þeirra áliti, væru til orðin á stjórnskipulegan hátt. Jeg fullyrði aptur á móti hiklaust, að lög, sem eru samþykkt af báðum deildum alþingis, send stjórninni sem »lög frá alþingi«, »kontrasigneruð« af ráðherranum og staðfest af H. H. konunginum, sjeu bindandi lög fyrir dómara sem aðra, og þeir skyldir til þess að dæma eptir þeim,

eins og þau liggja fyrir, hafi þau verið auglýst á löglegan hátt; ef einhver dómari ætlar sjer að fara að neita að dæma eptir slíkum lögum, verður hann að taka afleiðingarnar af því.

Háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) spurði, hvort jeg gæti ekki nefnt neitt dæmi upp á þessa aðferð í Danmörku, að H. H. konungurinn undirskrifaði lög, áður en þau hefðu verið borin upp í ríkisráði; mjer finnst þetta litlu skipta fyrir háttv. þm., sem rjett áður lýsti því yfir, að sig varðaði ekkert um danskan »praxis«; jeg get sagt honum, að jeg hef enga ástæðu haft til þess, að festa mjer í minni einstök tilfelli í þessu tilliti eða búa mig út með dæmi. Jeg byggi heldur ekki á dönskum »praxis«, heldur á íslenzkum lögum og íslenzkri þörf. Það stendur hvergi í stjórnarskipunarlögum vorum, að lögin skuli *staðfest í ríkisráðinu,* heldur að eins að þau skuli borin þar upp fyrir konungi, eptir því sem nauðsyn er á og því verður fullnægt. Þó svo væri, að þörfin væri lítil í Danmörku, þar sem konungurinn er við hendina, á því að viðhafa þá aðferð, að bera lög upp fyrir konungi utan ríkisráðs, þá er öðru máli að gegna hjer, og ætti það að vera nægilegt til, að Íslendingar færu ekki að setja sig þversum, til þess að amast við henni. Það getur opt komið fyrir, að snöggleg þurfi að koma á einhverju lagaákvæði, meðan á alþingi stendur, og ráðherrann er bundinn hjer, eða koma fram einhverri annari mikilvægri stjórnarráðsstöfun, sem ekki *má* fresta þangað til ráðherrann kemst á konungsfund.

Hjer er það því *stjórnarfarsleg nauðsyn,* að hægt sje að nota þessa aðferð, ef ekki á að fela dönskum ráðgjöfum að bera lögin fram í ríkisráðinu í umboði ráðherrans. Það er stórkostleg furða, að hjer á alþ. Íslendinga skuli heyrast raddir, sem mótmæla því af öllum kröptum, að stjórnarskrá vor sje frjálslega skilin og henni beitt oss í hag eptir því, sem unnt er. Það er stórmerkilegt tímanna tákn, að mótmælin gegn því, að einhver lagastaðfesting fari í svipinn fram hjá eyrum danskra ráðgjafa, skuli koma úr þessari átt. Skyldu þeir vita, þeir hinir sömu, hvaða verk þeir eru að vinna? Það er þó sannarlega of miklu fórnað á altari flokksfylgisins. Jeg þarf ekki að eyða fleiri orðum að þessu, en þori óhræddur að fullyrða, að síðar muni það talið happasælt, að þessi vegur er farinn, þessi stjórnvenja innleidd.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) sagði um vegalengd frá Ísafirði til Hrútafjarðar, þá ætla jeg að taka það fram, að jeg sagði, að það væri að sumarlagi ekki nema 1 til 2 daga ferð frá Ísafjarðar**djúpi** til Hrútafjarðar og mun jeg standa við það.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): »Jón minn liggur lengi á« hefur verið sagt um mig. Þó ligg jeg ekki eins lengi á og þm. Ísfjk. (Sig. St.), þar sem hann er að unga út frá 1. til 3. umr. Hann er að gjöra sjer rellu út af því, að jeg sagði, að þjóðræði og þingræði væri hið sama. Vilji þjóðarinnar kemur fram við kosningarnar á þingmönnum, og vilji þingmanna kemur fram við gjörðir þeirra á alþ. Þegar farið er eptir gjörðum þeirra þar, þá er farið eptir vilja þjóðarinnar; eptir fyrirkomulaginu hjá oss, er enginn annar þjóðarvilji til, en sá, sem komið hefur fram á kjördegi.

Við kosningar þm. er trygging fyrir því,að komi í ljós vilji þjóðarinnar. Hún fer fram eptir lögboðnum reglum og

undir opinberu eptirliti. Um þingmálafundina er allt öðru máli að gegna; þar er engin trygging fyrir því, að þjóðarviljinn komi í ljós. Í fyrsta lagi af því, að engin trygging er fyrir því, að fundurinn sje öllum boðaður; í öðru lagi engin trygging fyrir því, að upplýst verði, hverjir koma á hann; kjósendur eða ekki kjósendur; og í þriðja lagi engin trygging fyrir því, hverjir greiða atkv.

Jeg hef nýlega lesið þingmálafundargjörð, þar sem stendur að 50 manns sjeu á fundi, og að fundarmenn allir hafi verið samdóma því, er þar gjörðist, en síðan hef jeg sannfrjett, að einir *átta* atkvæðisbærir menn voru á fundinum. Þessi fundur var haldinn fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, en þingmálafundurinn var haldinn utan kjördæmisins. Yfir 40 af fundarmönnum hafa alltsvo hlotið að vera ekki kjósendur í Norður-Ísafjarðarsýslu, hvar sem þeir annars hafa átt heima, en þó hafa þeir greitt atkvæði á fundinum. Þar sem svona er ástatt, get jeg ekki sjeð, að vilji *kjördæmisins* eða kjósenda í því hafi komið í ljós.

Það sem þm. Ísfjk. (Sig. St.) las upp eptir mig um sjálfsstjórn, mun vel samrímast því, sem jeg hef sagt hjer. Hann hjelt, að jeg mundi nú að eins þekkja stjórnræði. Þingmaðurinn virðist alveg gleyma því, að þar sem þingræðisreglunni er fylgt, þar verður »stjórnræði« = »þingræði«, því að í því — og í því *einu* — er þingræðið fólgið, að stjórnin sje jafnan í samræmi við meiri hluta þingsins.

Hitt, að gjöra mun á þingræði og þjóðræði, getur ekki átt sjer neinn stað hjá oss eða neinni þjóð, nema þeim örfáu — 2—3 í heiminum? — þar sem löghelgað er *plebiscit* eða *referendum*, þ. e. málskot til atkvæðagreiðslu allra kjósenda.

En þar sem þetta á sjer stað, þar er atkvæðagreiðslan sömu tryggingarskilyrðum bundin sem kosning til þings, og atkvæðagreiðslunni jafnan svo hagað, að kjósandi svarar annaðhvort já eða nei með atkvæðagreiðslunni.

En þetta á sjer ekki stað hjer á landi, og því óþarfi um það að tala.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Hinn háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) hjelt því fram, að þingræði, þjóðræði og stjórnræði væri eiginlega hið sama í þeim löndum, þar sem stjórnarfar er líkt eða eins og hjá oss. En hinn hv. þm. virðist eigi gæta að því, að þingmenn eru kosnir til 6 ára og á þeim tíma gætu komið mörg þau mál á dagskrá, sem allur þorri kjósenda lítur allt öðruvísi á en fulltrúarnir, og haldi nú fulltrúarnir fram sínum vilja þvert á móti vilja kjósendanna, þá er þingið allt annað en trú mynd af hinum sanna vilja þjóðarinnar. Þannig er það alls eigi gefið, að þingið haldi ætíð fram vilja kjósendanna og af því ætti hinn hv. þm. að geta sjeð, að þjóðræði og þingræði er og þarf eigi ætíð að vera hið sama. Þingið getur í reyndinni borið þjóðina ofurliða með því, að virða yfirlýstan vilja hennar að vettugi, en auðvitað ekki lengur, en þar til almennar kosningar fara næst fram.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef eigi tekið til máls fyr í þessu máli sökum þess, að mjer hefur fundizt það óþarft, þar eð bæði hinn hv. 1. þm. N.-Múl. og ýmsir aðrir hafa að miklu leyti tekið það fram, er jeg vildi sagt hafa; jeg hef því að eins fáeinum atriðum við að bæta.

Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að það sem mest gjörir það að verkum, að jeg er á móti frumv. er það, að tollar eru órjettlátir skattar. Hinn hæstv. ráðh, sagði, að þeir greiddust

óafvitandi; er það að nokkru leyti rjett, en gjörir eigi tollana rjettlátari. Beinu skattarnir eru miklu rjettlátari. Það eru þeir, sem koma rjettast niður, en fátæklingarnir verða harðast úti, þegar tollar eru lagðir á. Þeir koma aðallega á eptir höfðatölu, en ekki eptir efnum og ástæðum, svo hinir efnaðri sleppa með miklu minni skatt en þeim ber.

Í Danmörku er reynt að komast burt frá óbeinu sköttunum, til þess að skattar komi jafnar niður, enda eru þeir í sjálfu sjer rangir, eins og jeg hef áður tekið fram. Um þörfina á tekjuauka hefur áður verið talað og fæ jeg eigi með nokkru móti sjeð, að hún sje svo brýn, þar sem stjórnin hefur leyfi til að taka lán. Hæstv. ráðherra sagði, að það leyfi væri veitt að eins í sjerstöku augnamiði, en jeg álít heimilt að nota það, hvenær sem brýn þörf er á. Hefði það sýnt sig síðar á þinginu, að þörf hefði verið á enn meira fje, þá hefði mátt koma fram með frumv. um nýjar álögur, en nú er það of snemma upp borið, meðan enginn veit um hina fjárhagslegu niðurstöðu á þinginu. Enn ein ástæðan gegn frumv. er sú, að mjer og mörgum fleirum finnst hin háttv. stjórn eigi hafa farið svo vel með fje það, er henni hefur verið trúað fyrir, að henni sje leggjandi meira fje upp í hendurnar, en nauðsyn er á. Jeg skal taka það fram, að hún hefur brúkað fje án heimildar. *(Jón Ólafsson:* Hvaða fje?) Háttv. þm. veit vel, að það er fje til ritsímans eða landsímans, sem jeg á við, en jeg býst við, að hin háttv. deild hafi eigi þolinmæði til þess að hlusta á röksemdir mínar um það í þetta skipti, því að þær taka langan tíma, en á sínum tíma mun jeg útskýra það svo, að eigi verði á móti mælt.

Mjer þótti skörin fara upp í bekkinn, þegar hæstv. ráðh. brixlaði okkur andstæðingum frumv. um það, að við vildum hepta allar framfarir og fótum troða rjettindi Íslands. Það er einmitt hann sjálfur, sem gjörir það. Það er hann, sem ætlar að innleiða nýja reglu, þessa »korróbóratión«, sem eins og þegar hefur verið tekið fram, er fullkomlega ólögmæt. Jeg þori að fullyrða, að þessi aðferð hefur aldrei verið notuð í Danmörku. Hinn hæstv. ráðh. segir, að allir lögfræðingar Dana sjeu sjer sammála í þessu. En hvernig getur hann sagt slíkt? Hvað veit hann um skoðanir allra lögfræðinga í Danmörku? Jeg vil með leyfi hins hæstv. forseta lesa hjer upp stutta setningu eptir Matzen háskólakennara úr ríkisrjetti hans, er sýnir hið gagnstæða. Hann segir hjer, að þótt lög hafi verið samþ. af þinginu og staðfest af konungi, þá sjeu borgararnir ekki skyldir að hlýða þeim og dómendur ekki að dæma eptir þeim, ef það upplýsist síðar, að einhver galli hafi verið á meðferð málsins á þinginu. En alveg sama hlýtur að eiga við galla á staðfestingunni.

Staðfesting með þessari aðferð er ómöguleg sökum þess, að ráðh. verður að vera til staðar við undirskriptina. Það eru því einmitt við, sem verjum sjálfstæði Íslands, en hann sem vill þröngva því. Hinn háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) tók það rjettilega fram, að dómarar væru eigi skyldir að hlýða þannig staðfestum lögum. Alþingi getur náttúrlega höfðað mál gegn ráðherranum, en til hvers mundi að reyna það? Meiri hlutinn, sem hefur fylgt honum að málum í þessu frumv., mundi auðvitað styðja hann, en fengist hæstirjettardómur fyrir því, að lögin væru eigi stjórnskipulega rjett staðfest, væri það auðvitað nóg. Hinn hæstv. ráðh. vildi rjettlæta þessa óhæfi-

legu aðferð, með því að gjöra þetta að »kabinets«-máli í stað þess, að ríkisráðið á að rjettu að fjalla um öll lög. Þetta er að taka mál, sem eiga að vera í 1. flokki niður í 2. flokk. Það á að rjettlæta þetta með því, að Hans Hátign konungurinn hafi sjeð frumv., en það er nú stórum breytt frá því, sem áður var, þar sem það nú er ákveðið, að það skuli að eins gilda í 2 ár, sbr. 2. gr. En það er einkum þetta, að ef hjer verður farið að eins og hæstv. ráðh. vill, þá er farið að þvert á móti ákvæðum laganna, og mjer er nær að fullyrða, að þessi aðferð hafi aldrei verið notuð fyr. Jeg skora á ráðherrann, að nefna dæmi, er sanni, að þessi aðferð hafi verið notuð; væri gaman, ef hann gæti nefnt það.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er að bera í bakkafullann lækinn, að tala meira í þessu máli, en þar sem enginn af hinum þjóðkjörnu þingmönnum hinnar háttv. deildar, sem eru frumv. hlynntir, hafa enn þá talað, vil jeg leyfa mjer að segja fáein orð. Sökum þess, að frumv. þetta leggur nýjar álögur á þjóðina, ber að rannsaka það nákvæmlega. En enginn af þeim, er talað hafa gegn frumv., hafa, að minni hyggju, fært nægilegar ástæður gegn því. Hinn háttv. þm. Ísfjk. (S. St.) og háttv. þm. Barðstr. (S. J.) komu fram með breyt.till., sem mjer þótti hálf leitt að þurfa að fella, en svo varð þó að vera, því að öðrum kosti hefði verið höggvið of stórt skarð í tekjuaukann. Ástæðurnar fyrir því, að jeg er meðmæltur frumv, eru fyrst og fremst fjárhagurinn. Þeim, sem sátu í þessari deild 1903, mun vera það minnisstætt, að jeg gat þess við framsögu fjárlagafrumv., að það væri mitt álit, að þingið væri komið inn á háskalega braut, þar sem farið væri að jeta út viðlagasjóðinn, og að það væri heimska, að hafa tekjuhalla á fjárlögunum svo hundruðum þúsunda skipti. En þessi heimska er nú einusinni framin, og hvað er þá að gjöra annað en hækka skattana, þegar beðið er um ný útgjöld? Að mínu áliti hefur stjórnin valið að hækka toll á þeim vörum, sem eðlilegast var að hækka, og eru mönnum minnst á móti skapi. Vínfangatollurinn er eðlilegur og sama gildir um tóbakstollinn. Hvað kaffitollinn snertir, er hinn háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) mælti svo mjög á móti, vil jeg geta þess, að hann er þar allt annað en samþykkur embættisbróður sínum í Nd., háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), sem var því meðmæltur að tolla það. Sykur er »principielt« rangt að tolla, því að það er nauðsynjavara, en þar sem tollaukinn á því er lítill og einungis til bráðabirgða, þá get jeg samt verið með því að tolla það í þetta sinn; væri hjer um meira en einungis 2 ár að ræða, þá mundi jeg vera á móti því, og jeg er því meðmæltur, að taka algjörlega burtu sykurtollinn, þegar skattalöggjöfin verður endurskoðuð.

Það eru einnig í mínum augum meðmæli með frumv., að þetta eru einungis bráðabirgðarráðstafanir, því það rekur á eptir endurskoðun skattalöggjafarinnar, sem er orðin bráðnauðsynleg. Engin þjóð í þessari álfu stendur eins illa að vígi til að taka landslán sem vjer. Hvar er höfuðstóll til þess að fá lánaðan? Innlent lán getum vjer að minnsta kosti eigi fengið af því að fjeð er hjer ekki til. Hjer eru engir auðmenn, og þess vegna mundum vjer verða að snúa oss til erlendra manna. En hvar getum vjer þá fengið veð? Tollana er eigi hægt að setja í veð, því að þá þarf til árlegra útgjalda og hvaða veð getum vjer þá haft? Jeg sje eigi annað, en að

setja sjálft landið eða sjóinn umhverfis það í veð; með öðrum orðum, sjálfa oss og lífsskilyrði vor í hendur útlendingum. En það er heilög skylda þessa þings og allra eptirfarandi þinga, að sjá um, að aldrei þurfi að grípa til slíkra örþrifaráða. Og lof sje þeim mönnum lífs og liðnum, bæði í jörðu og á, sem gáfu oss fagra fyrirmynd góðs landsbúskapar þegar á fyrstu löggjafarþingunum með því að stofna viðlagasjóðinn; að jeta hann upp væri glapræði. Vjer lifum milli elds og íss, vjer þurfum ef til vill á stórum fjárupphæðum að halda þegar minnst varir, til þess að viðhalda lífinu, ef langvært harðæri kæmi til lands og sjávar. Jeg hryggðist yfir fjársóun síðasta þings, og álít skyldu þessa þings, að bæta úr skák, og það hið allra bráðasta, og sýna, að það hafi einlægan vilja á að gjöra jöfnuð á tekjum og útgjöldum. Það er rangt, að blanda ritsímamálinu saman við þetta mál; fjárins er þörf, að honum slepptum, og jeg vil spyrja þá, sem eru á móti ritsímanum, en vilja þráðlaus skeyti, hvort eigi þurfi líka fje til þess? Jeg get eigi látið vera að mótmæla háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), er hann sagði, að tollar væru ranglát skattaálaga. Jeg get eigi viðurkennt það, svo lengi sem eigi aðrar vörur eru tollaðar en þær, sem eru ónauðsynlegar. Ónauðsynlegar vörur eru rjettmætur skattstofn. Það getur vel verið, að það væri rjettast, að breyta öllum óbeinum sköttum í beina, en hyggur háttv. 2. þm. G.-K., að vjer sjeum komnir svo langt á veg, að þjóð vor sje vaxin beinum sköttum í þeim mæli, er nægja mundi fyrir því nær öll útgjöld landsins? Jeg hygg, að hann hljóti að svara þeirri spurningu neitandi.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Af því að það er orðið sóttnæmt hjer í deildinni, að gjöra grein fyrir atkv. sínu í þessu máli, þá skal jeg í fáum orðum leyfa mjer að gjöra grein fyrir afstöðu minni til þess. Jeg hef alls ekki haft neitt á móti því, að greiða atkvæði með hækkun á þessum tolli, af því að hann kemur tiltölulega jafnt niður á öllum. Það er hagfræðislegt hindurvitni, að það sje ranglátt, að leggja toll á sykur, af því að það sje þarfavara. Rjettlætið eða ranglætið í tollálögum er ekki undir því komið, hvort um óþarfavöru eða þarfavöru er að ræða, heldur undir því, hvort álögurnar standa í rjettu hlutfalli við gjaldþol þeirra manna, sem tollana eiga að greiða. Það hefur verið lagt útflutningsgjald á afurðir af sjávarútveginum. Þar er þó ekki um óþarfa vöru að ræða. Hver verður nú afleiðingin af þessari tollhækkun? Afleiðingin verður sú, að fleiri eða færri kaupa þessar vörutegundir hærra verði en áður. Við höfum líka lagt skatt á lausafje og er þar ekki um óþarfa vöru að ræða.

»Princípið« er, að leggja tollana á eptir gjaldþoli manna. Jeg skal taka sem dæmi, að ef við gætum fundið einhverja vöru, sem væri þess eðlis, að brúkun hennar stæði í rjettu hlutfalli við efnahag manna, þá væri rjettast, að leggja öll gjöldin á hana.

Það er nú að vísu satt, að sykur hefur töluvert næringarefni og er að vissu leyti þarfavara. En á hinn bóginn er það opt og tíðum brúkað í óhófi, og hverjir eru það, sem brúka það mest í óhófi? Það eru einmitt efnamennirnir, og þess vegna leggst þessi tollur tiltölulega þyngra á efnamennina en á fátæklingana, sem síður brúka þessa vörutegund í óhófi.

Jeg mun greiða atkv. með þessu frv. af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram, bæði nú og við fyrstu umr. þessa

máls, og hika jeg ekki við að gjöra það, þótt sykrið sje ein af þeim vörutegundum, sem hækkaðar eru eptir frv. þessu. Auk þess stendur sykur nú svo hátt, að ekki hafa árum saman dæmi til verið. Það stafar af auðmannasamtökum á markaðinum. En nú eru þau sprungin og sykurinn byrjaður að lækka, og verðar óefað í lægra verði hjer á landi á næsta fjárhagstímabili, þrátt fyrir þessa $1^1/_2$ eyris hækkun á pundinu, heldur en hann er nú án tollhækkunarinnar.

Ráðherrann: Þessar umræður eru orðnar mjög langar, og skal jeg því ekki auka þær með langri ræðu, en að eins svara fáum orðum nokkrum orðum háttv. 2. þm. G.-K.

Hann endurtók orð mágs síns, að þetta væri »ranglátt frv.,« og að það væri undarlegt af stjórninni að grípa til þess »rangláta ráðs,« til að auka tekjur landsjóðs, með því að hækka tollana, eins og hjer er farið fram á.

Hv. 2. þm. Húnv. og hv. 4. kgk. þm. hafa að miklu leyti svarað þeim andmælum, sem hann hreyfði gagnvart frv., og skal jeg því að eins bæta því við, að því fer svo fjarri, að jeg sje háttv. þm. G.-K. samdóma um að auka hina föstu skatta, sem nú eru, að jeg álít það einhvern hinn ranglátasta veg. Það er merkilegt að heyra menn, sem tjá sig mótfallna dálitilli hækkun, á kaffi- og sykurtolli, af þeirri ástæðu, að þar sje um *lífsnauðsynjar* að ræða, mæla fram með hækkun á skatti, eins og ábúðar- og lausafjárskatturinn er, sem hvílir á þeim allra fyrstu og nauðsynlegustu lífsnauðsynjum manna, mjólkurkúnni og fleytunni fátæklingsins jafnt og ábúðarjettinum til að fá fóður handa nauðsynlegum lífsstofni.

Að heyra þá, sem telja, að dálítil aukning á vínfangatolli og tóbakstolli komi ranglega niður, mæla fram með aukning tekjuskattsins, sem vitanlega lendir hjer um bil eingöngu á þeim, sem hafa einhver fastákveðin laun, þó að þau sjeu miklu minni, og hrökkvi miklu síður til þarfanna, en tekjur fjölda margra annara, sem engan tekjuskatt greiða. Eða aukning núverandi húsaskatts, sem fer eptir því, hversu miklar óaflýstar veðskuldakröfur menn vilja láta standa í veðmálabókunum. Nei, jeg verð að halda því fram, að þegar um millibilsráðstofun er að ræða, sje ekki auðið að finna heppilegri eða færari veg, en þennan, að auka tollana sem eru, því jafnvel þótt föstu skattarnir væru ekki eins og þeir eru, þá væri ekki unnt að koma að svo mikilli hækkun, að þessir skattar, sem nú gefa ekki nema tæp 70 þús. kr. tekjur, geti gefið landssjóði auk þess 150 þús. kr. tekjuauka á ári.

Þá sagði háttv. þm., að það væri merkilegt, að stjórnin hefði komið með frv. svo snemma, og að það hefði átt að bíða með það þangað til síðar á þinginu.

En hvað ætli þá hefði verið sagt í þingbyrjun um útgjaldatillögur fjárlagafrv. stjórnarinnar og áætlaða tekjuhallann, ef ekki hefði komið fram neitt um það, hvernig stjórnin hugsaði sjer að fá tekjur á móti gjöldunum? Ef jeg hefði dregið að koma fram með þetta frv. fram eptir þinginu, þá hefði mátt undarlegt heita, ef ekki hefðu komið fram mótbárur gegn þessum fyrirtækjum, sem fram á er farið, *einmitt* byggðar á því, að tekjutillögur vantaði. Ætli þeim herrum mótspyrningum hefði þótt það betri fjármálapólitík, að leyna því, hvernig ætti að bæta úr tekjuhallanum. Nei, jeg þykist viss um, að jeg hefði ekki síður fengið orð í eyra hjá þeim. Á-

kúrurnar og mótspyrnan hefði ekki orðið minni fyrir því, heldur hefði munurinn aðallega verið sá, að þá hefði stjórnin ekki getað varið málstað sinn. Er það ef til vill það, sem háttv þm. mislíkar, að hafa misst slíks færis.

Jeg skal ekki fara út í að svara þeirri staðhæfingu háttv. þm., að stjórnin hefði sýnt svo mikið gjörræði í að eyða fje landsins, að henni sje ekki trúandi fyrir nema sem minnstu. Það á víst að vera byrjun á þeirri »Visnepólitík«, sem þessi virðulegi þm. álítur nú »opportún«, til . þess að »komast í borg«, og sem ekki hefur annað markmið en það, að hamla stjórninni að koma nokkrum þarflegum fyrirtækjum í framkvæmd, til þess þannig að gjöra núverandi stjórn starfið leitt, og koma henni frá.

Það er eintóm ástæðulaus og gjörsamlega tilbúin fjarstæða, að stjórnin hafi sýnt nokkra bruðlunarsemi á fje landsins, brúkað stórfje af landssjóði án fjárveitinga. Það eru hrein og bein ósannindi, og að eins einn þátturinn í þeim langa ósannindavef, sem blöð stjórnarandstæðinganna hafa stöðugt verið að reyna að halda fram til þess að sverta hana. Ósannindi, sem einna fyrst komu fram úr munni og penna *þess* þm., sem liggur á því lagi, að fylla dönsk blöð og danska frjettasnata með tilbúningi um íslenzka pólitík og rógi um stjórnina og þann flokk, er styður hana, optast nafnlaust, undir niðri, bak við tjöldin.

Að því, er snertir sjerstaklega ritsímamálið, sem þessi sómamálgögn hafa notað til að bera mjer á brýn allskonar lögleysur, »Próvísórium« o. fl., skal jeg taka fram, að jeg hef ekkert fje greitt til þess úr landssjóði um fram það, sem jeg hafði fulla heimild til, að undanskilinni dálitilli upphæð til undirbúnings, sem teknin er og verður upp á fjáraukalög, og enga ráðstöfun gjört, sem bindur hendur þingsins í ákvörðun þess um, hvort það vill verja *meiru* en framlaginu frá Mikla norræna ritsímafjelaginu til landsímans, eða ekki.

En *þó að* stjórnin aldrei nema hefði ávísað einhverjum upphæðum, sem ekki standa á fjárlögum, til bráðnauðsynlegra útgjalda, þá er það ekki annað en það, sem allar stjórnir gjöra í öllum löndum. Til þess eru fjáraukalög, að stjórnin geti eptir á fengið formlega fjárveiting fyrir þeim upphæðum, sem þannig þarf að greiða, og þó að stjórnin hefði um skör fram beitt þessari heimild sinni, sem alls ekki á sjer neinn stað, þá væri *samt* engin ástæða til að neita landssjóði um nauðsynlegan tekjuauka, og sökkva landinu í óbotnandi skuldir.

Loks sneri háttv. 2. þm. G.-K. sjer að forminu á staðfestingu þeirri á frumv., sem jeg minntist á við 2. umr. þessa máls, og sem hann, og mágur hans, háttv. þm. N.-Múl., gjörðu svo mikið skraf úr, og sagði hann að það væri ósatt, að konungur staðfesti nokkurn tíma dönsk lög utan ríkisráðsins.

Jeg hef nú að vísu ekki á hraðbergi tiltekin dæmi upp á þetta, enda álít jeg það litlu skipta. Það sjest ekki á lögunum, og þess er aldrei neinsstaðar getið opinberlega; því verður að fara í »Forestillingsprótókollana« eða fundarbók ríkisráðsins til þess að sjá, hvort »korróbóratión« hefur verið notuð. Þó má jeg segja, að einhverntíma stóð í dönsku blöðunum, að konungur hefði beðið fram undir miðnætti, til þess að staðfesta fjárlög — það voru víst bráðabirgðafjárlög — síðasta dag fjárhagsársins. En um *íslenzkan* »prax-

is« er það að segja, að konungur hefur margopt, síðast árið 1903, undirskrifað íslenzk lög utan ríkisráðs, þegar svo hefur hitzt á, að skip hafa farið heim á þeim tíma, sem ríkisráð ekki var haldið, og hefur staðfesting þá farið fram á næsta ríkisráðsfundi á eptir.

Þessi háttv. þm. dirfist að bera sjer í munn, að hann og sá flokkur, sem hann fyllir, væru með þessum mótbárum að verja stjórnarskrána og rjettindi landsins, en að jeg og sá flokkur, sem stjórnin styðst við, værum að traðka þau niður. En athugum þá nánar, *hvað* það er, sem við erum að aðhafast hvor fyrir sig; þeir, hann og hans flokkur eru að reyna að reyra enn þá fastara en nokkur maður hefur farið fram á til þessa að ríkisráðshnútnum, sem þeir og fóstbræður þeirra, landvarnarmennirnir, hafa hingað til verið svo hræddir við. Þeir eru að reyna að draga úr og takmarka svigrúm löggjafarvalds alþingis og konungs. Þeir eru að reyna að tefja fyrir því, að konungur *geti* veitt ályktunum alþingis lagagildi. Þeir eru að reyna að *troða* inn í stjórnarlög vor skilningi og merkingu, sem aldrei hefur verið í þau lögð, og sem hingað til hafa verið álitin hættuleg fyrir þjóðrjett og sjálfstæði Íslands. Þeir eru óbeðnir að trana sjer fram til þess að verja og varðveita rjett *danskra ráðgjafa* til þess að vita, hverju fram vindur í löggjöf vorri, *meira* en þeir sjálfir kæra sig um.

En hvað er það, sem jeg og þeir menn, sem fylgja sömu skoðun og jeg á þessu máli, erum að gjöra? Við erum að reyna að þýða og túlka þessi ákvæði stjórnarskipunarlaganna sem frjálslegast og hagkvæmast fyrir Ísland, reyna að hagnýta okkur sem bezt það frelsi, sem felst í þessum lögum, og koma ályktunum fulltrúa þjóðarinnar í framkvæmd sem fyrst.

Háttv. þm. og hans lið, þessir mótstöðumenn allrar innlendrar stjórnar, vilja vera *enn þá bundnari* í þessu tilliti en *Danir sjálfir*. Við hinir viljum að minnsta kosti hafa jafnrjetti í þessu efni. Jeg skýt því óhræddur uudir dóm nútíðar og framtíðar, hverjir sjeu hjer að vinna þarfara, hverjir fremur sjeu að verja sjálfstæði Íslands, og hverjir hafi á rjettara máli að standa.

Þá sagði háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) — og var þar að verja þá staðhæfingu háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh, Jóh.) sem rjetta, — að dómarar ættu ekki að dæma eptir lögunum, ef þeim þættu þau varhugaverð, og þessu til staðfestingar las hann upp langa klausu úr kennslubók eptir *Matzen*, hægrimanna-lögskýrara og spámann »Provisóríanna«, sem alls ekki kom þessu spursmáli við, heldur hljóðaði um allt annað. En hvað sem þar kann að standa, þá verð jeg að leggja meiri áherzlu á það, sem heilbrigð skynsemi bendir til í því efni. Jeg verð að halda því fram, að þegar alþingi samþykkir frumv., sem ekki fer í bága við stjórnarskrána, og Hans Hátign konungurinn staðfestir það og ráðherrann »contrasignerar« það, og þegar lögin svo eru kunngjörð á lögformlegan hátt, þá sjeu dómarar landsins *skyldir* til að dæma eptir þeim lögum.

Allir, sem hafa nokkra hugmynd um lög og dómgæzlu, vita, að það nær engri átt, að dómarar fari að fyrra bragði að rannsaka, hvort öllum formum hefur verið fylgt við tilbúning laga þeirra, er þeir eiga að dæma eptir. Það væri fallegt rjettarástand, ef þeir ættu að ósekju að geta neitað að dæma eptir lögum, t. d. af þeirri

ástæðu, að það hefur staðið í einhverju blaði, að málið hefði ekki fengið lögmæta meðferð á þingi, eða af því að engin sönnun væri fyrir, að konungur hefði sjálfur skrifað nafnið sitt, eða því um líkt. Það væri fallegt rjettarástand, ef dómarar færu að draga pólitískar flokkakreddur inn í dóma sína!

Að lokum byggði háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) mótbáru sína á móti frv. á þeirri staðhæfingu, að Hans Hátign konungurinn gæti ekki staðfest það nú þegar vegna þess, að breytingar hefðu verið gjörðar á því á þinginu. En sú eina breyting, sem á því hefur gjörð, er sú, að það skuli ekki gilda lengur en næstu 2 ár, og sýslumenn ekki njóta innheimtulauna af tollaukanum. — Að halda því fram, að konungurinn muni synja frumv. staðfestingar fyrir þessi atriði móti ráðum ráðgjafans, er fjarstæða, sem jeg álít ekki þess verða, að það sje frekar útlistað. — Með þessum ummælum hygg jeg, að jeg hafi svarað flestum þeim atriðum í ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), sem hann lagði mesta áherzlu á, og ímynda jeg mjer, að málið fari nú bráðum að verða nokkurn veginn ljóst.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skal ekki vera mjög langorður, að þessu sinni, en að eins svara fáum orðum einstöku atriðum í ræðu hæstv. ráðherra. Þar sem hann tók það fram, að sjer hefði að vísu dottið í hug, að láta frumv. bíða þangað til síðast á þinginu, en að hann hefði þó horfið frá því til þess, að þingmönnum gæfist kostur á að sjá nú þegar, hvernig hægt væri, að fylla það skarð í fjárlagafrumv., sem höggvið væri með hinum stóru útgjaldaliðum. Þetta er nú að vissu leyti allgóð ástæða; en hann hefði getað skýrt fjárlaganefndinni frá því, þótt því annars hefði verið haldið leyndu þangað til síðar.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að það væri ósatt, að stjórnin hefði brúkað meira fje en hún hefur heimild til eptir fjárlögunum. Þetta gæti jeg nú vel sannað með skýrum rökum, en til þess þyrfti jeg, að halda langa ræðu, sem jeg ekki vil gjöra að þessu sinni, til þess að þreyta ekki háttv. þingdeild, þar sem þessar umræður eru orðnar næsta langar; en jeg mun síðar færa svo ljósar og skýrar sannanir fram fyrir þessu, að ekki verði á móti mælt.

Þá gat hæstv. ráðherra þess, að þó að stjórnin brúkaði fje landssjóðs í heimildarleysi, þá væri það ekki annað en það, sem hver stjórn gjörði, þegar nauðsyn krefði, og að þess vegna væru gefin út fjáraukalög. Þetta er nú að vísu satt, að stjórnin getur farið svo að í vissum tilfellum, nefnilega, þegar um þau fyrirtæki er að ræða, sem ekki er hægt að ákveða fyrir fram um hversu mikið fje muni þurfa til, t. d. þegar um fjárupphæðir til vegabóta er að ræða.

Í þess konar tilfellum er stjórninni frjálst, að grípa til þessa úrræðis. — Það er allt öðru máli að gegna, þegar um stórar fjárupphæðir er að ræða til nýrra fyrirtækja, eins og t. d. fjárupphæðin til ritsímans, sem nemur um 25% af tekjum landsins. — Hún svarar til þess, ef danskur ráðherra brúkaði 17—18 miljónir króna í heimildarleysi. Allir vita, að hermálaráðherrann í Danmörku hafði í fyrra vetur brúkað fje á einum lið, sem sparaðist á öðrum, og fyrir það var honum steypt úr völdum, og öll stjórnin fjell. Hjer er allt öðru máli að gegna.

Hæstv. ráðherra sagði enn fremur, að ef stjórnin sýndi bruðlunarsemi með fje landsins, og henni væri ekki trúandi fyrir því, þá væri eina ráðið fyrir mótstöðuflokkinn, að koma henni frá; en það er ekki víst, að það sje á þeirra manna valdi.

Hins vegar er eðlilegt, að þeir gjöri allt, sem í þeirra valdi stendur til þess, að hindra stjórnina í því, að brúka fje landsins í heimildarleysi, og meðal annars er það ráð, að láta hana ekki hafa nema sem allra minnst fje til umráða, svo að hún freistist síður til, að verja því óskynsamlega.

Viðvíkjandi athugasemdum hæstv. ráðherra um »corróbóratiónina«, þá leyfi jeg mjer að efast um, að það sje rjett, þangað til hann færir mjer fullgildar sannanir fyrir því, að konungurinn geti undirskrifað *lög* annars staðar en í ríkisráðinu.

Þá sagði hæstv. ráðherra enn fremur, að hann og hans fiokkur væri að verja rjett Íslands, þar sem þeir skýrðu lögin á frjálslegri hátt. Til þessa liggja þau svör, að mjer virðist sá eða þeir verja bezt rjett landsins, sem vilja, að ákvæðum stjórnarskrárinnar sje fylgt í öllum atriðum.

Sá sem gjörir hið gagnstæða, hann vinnur að því, að traðka rjettindum landsins.

Þá ljet hæstv. ráðherra sjer þau orð um munn fara, að jeg og háttv. 1. þm. N.-Múl. hefðum sagt, að dómararnir ættu ekki að dæma eptir lögunum. En þetta höfum við ekki sagt, heldur þvert á móti, að þeir ættu að dæma eptir lögunum og engu öðru. Það stendur beinum orðum í stjórnarskránni, að dómararnir sjeu *skyldir* til að dæma eptir lögunum. Dómarinn á þá fyrst að líta á, hvort lögin eru samkvæmt stjórnarskránni. Flestir munu þó líta svo á, að stjórnarskrárákvæðin sjeu lög, þar sem hún er móðir allra hinna laganna. Ef nú einhver lög ekki eru í samræmi við stjórnarskrána, þá eru dómararnir ekki skyldir til að fara eptir þeim. Ef einhver t. d. neitar að borga toll, þá er dómarinn skyldur til að rannsaka, hvort tolllögin, sem hann á að dæma eptir, eru í samræmi við stjórnarskrána, og þá kemur til greina, hvort lögin eru staðfest á stjórnskipulegan hátt.

Að vísu gat hæstv. ráðherra þess, að konungurinn hefði í viðurvist ráðherranna lofað að undirskrifa þessi lög. En kæmi málið fyrir dómstólana, þá liggur það í augum uppi, að lögin eru ekki staðfest á stjórnskipulegan hátt, með því að ráðherrann var ekki til staðar í ríkisráðinu, þegar þau voru undirskrifuð; en það er satt, að það, sem jeg áðan las upp úr ríkisrjetti Matzens á ekki við staðfesting laga, heldur um samþykkt þeirra, en hið sama virðist gilda í báðum tilfellum.

Ráðherrann: Það er næsta kátbroslegt, að heyra því haldið fram í alvöru, að dómarar ættu fyrst að rannsaka, hvort þau lög, sem þeir ætla að dæma eptir, hafi verið rjettilega samþykkt af alþingi, og »staðfest á stjórnskipulegan hátt«, eins og háttv. þm. G.-K. komst að orði. Þeir ættu þá líklega að hafa vitnaleiðslu fyrst um hver einstök lög, heimta eptirrit af gjörðabókum alþingis og ríkisráðsins, og votta að undirskript konungs og ráðgjafa! Það sjer hver heilvita maður, hver áhrif slíkt hefði á rjettarfarið í landinu. Þessir háttv. þm. ættu að athuga betur, hvað þeir eru að fara með, áður en þeir hleypa sjer út í aðrar eins ógöngur eins og þær, sem þeir hjer eru komnir í.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hjelt því fram, að konungur undirskrifaði mál-

in í ríkisráðinu, en þetta er ekki rjett; H. H. konungurinn veitir þar samþykki sitt, og ákveður, hvort hann vilji staðfesta lögin.

En sjálf undirskriptin fer ekki fram á þeim fundi; enda er það hreinn misskilningur, að undirskript ráðherrans þýði það, að hann sje *vitundarvottur* að undirskript konungs.

Raunar virðist þetta vera svo augljóst, að ekki þurfi að fjölyrða um það, og vona jeg, að lagafrumv. þetta hljóti samþykki hinnar háttv. deildar. Eptir því, sem mjer er sagt í þessu augnabliki, er hjer komið skip á höfnina, sem fer mjög bráðlega aptur, svo að jeg vona, að frumv. þetta komist til H. H. konungsins innan fárra daga, og verði að lögum áður þessi mánuður er úti.

Eptir 3¼ stundar umr. kom fram tillaga frá Birni M. Ólsen, Jóni Ólafssyni, Jóni Jakobssyni, Aug. Flygenring og Guðj. Guðlaugssyni um, að umr. yrði hætt, var sú till. borin undir atkv. og samþ. með 8 : 3 atkv.

Frumv. síðan í heild sinni samþ. með 8 : 5 atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá þinginu.

VI. Styrkur til samvinnusmjörbúa.

Á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí kom frv. til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör til 1. umr.

Ráðherrann: Frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu hefur komið frv. til laga um breyting á verðlaunum fyrir útflutt smjör. Frv. gengur í þá átt, að takmarka verðlaunaupphæðina, vegna þess, að á síðasta ári varð hún 13 þús. kr. meiri en áætlað var, og eru líkindi til, að hún á þessu ári verði ennþá miklu meiri, og enn fremur að binda verðlaunin við samvinnu smjörbúin, svo að þau væru aðallega styrkur til þess konar samvinnufyrirtækja. Þetta hefur stjórnin getað fallizt á, en þó hefur hún gjört talsverðar breytingar á frv. nefndarinnar. Nefndin lagði til að flokka smjörið í þrjá flokka, og skyldi 1. flokkur fá 10 a. verðlaun á pundið, 2. fl. 5. a., en 3. fl. ekkert. En stjórnin leit svo á, að þessi flokkun gæti valdið misrjetti, þannig, að tvö rjómabú, sem vönduðu vöru sína jafnvel, gætu fengið mishá verðlaun, annað hæstu, hitt ef til vill engin, og það af ástæðum, sem rjómabúin gætu ekki gjört að. Þeir, sem eiga heima nálægt höfn, þar sem góð eru geymsluhús og tíðar ferðir, standa í því efni miklu betur að vígi, en þeir, sem eiga langt til kaupstaðar. Því að langur og ef til vill erfiður landflutningur gæti gjört það að verkum, að smjörið reynist ekki eins gott, þó að eins vel hafi verið vandað í fyrstu, og löng geymsla í misjöfnum geymsluhúsum, áður það er sent út, getur og fellt smjörið í verði,

Stjórnin vill, til að koma í veg fyrir þetta, fara milliveg og setja verðlaunin 5 a. á hvert pund, sem er meðaltal af þeim þrem flokkum, er milliþinganefndin stakk upp á, og álítur að það mundi koma jafnara niður.

Jeg geng að því vísu, að sumum kunni ekki að falla í geð þessi breyting, og verður það þá hlutverk nefndar

þeirrar, er í þetta mál verður skipuð, að finna hagkvæmara fyrirkomulag.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það er uppástunga mín, að frv. verði vísað til hinnar sömu nefndar, sem hefur bændaskólamálið til meðferðar.

Vísað til 2. umr. e. hl.

Vísað til nefndarinnar í bændaskólamálinu í e. hl.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A. 104).

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það liggur hjer fyrir nefndarálit á þgskj. 104. Nefndin hefur gjört litlar breytingar, og breyt.till. hafa engar komið fram, svo að með þeim undirbúningi. sem málið hefur fengið, held jeg, að jeg geti verið stuttorður.

Það var með hálfum huga og með töluverðri tregðu frá minni hálfu, að við fórum að vinna að því í milliþinganefndinni að breyta gildandi lögum svona fljótt; það er mikið í húfi, ef það gæti spillt fyrir þeim miklu framförum, sem hafa orðið í þessum efnum síðastliðin ár. En þegar verðlaunin voru samþykkt í hitt eð fyrra, bjuggust menn alls ekki við, að þau mundu verða svona mikil. Það kemur auðvitað mikið af því, hvað útflutningurinn hefur farið fram úr öllum beztu vonum, og er því ekki nema gleðiefni; en jeg verð jafnframt að kannast við það, að áætlunin á þinginu um verðlaun á hvert pund hefur eigi reynzt rjett, sem er skiljanlegt, þar sem þá var ekki nema við eins árs reynslu að miða. Það komu töluvert meiri verðlaun á hvert pund upp og ofan en búizt var við.

Hin háttv. stjórn hafði breytt tillögum milliþinganefndarinnar í þá átt, að takmarka og draga úr verðlaunum. Nú hefur nefndin fallizt á þá aðalbreytingu, sem stjórnin gjörði, að láta verðlaunin ekki fara fram úr 5 aurum á hvert danskt pund

Það hneyxlar ýmsa, að hafa verðlaunin svo há, 10 aura á pundið, ef svo pundið ekki selst nema 60—70 aura. Þessi jöfnuður, sem nú er gjörður á allt smjörið, getur líka verið af góðu viti, og milliþinganefndin talar um þann veg sem ekkert óliklegan. Það er svo mikið tilviljun, hvernig smjörið selst, því það fer mest eptir því, hvernig danskt smjör stendur í það og það skipti; það selst venjulega kringum 20 aurum lægra en bezta danskt smjör. Í öðru lagi hefur nefndin fallizt á að setja lágmarkið fyrir verðlaunum 65 aura sölu. En hitt ákvæðið í stjórnarfrumv., að setja það sem skilyrði, að smjörið ekki seldist meir en 20 aurum undir hámati dönsku smjörmatsnefndarinnar, gat þingnefndin ekki fallizt á, af ástæðum, sem rækilega eru teknar fram af milliþinganefndinni. Hámatið er svo óútreiknanlegt og um það er verið að togast, t. d. var það sett upp um 5 aura fyrsta fimmtudaginn þetta ár. Nefndin er þess vegna mótfallin því, að setja nokkurn ákveðinn mismun á hámati og söluverði sem skilyrði fyrir verðlaunum.

Þingnefndin hefur enn fremur lagt til, að fella burtu það ákvæði, að rjómabúið hafi flutt út á árinu minnst 5,000 pund, og eru nægar ástæður fyrir því í nefndarálitinu.

Það er líklegt, að mönnum verði synjað um lán til slíkra fyrirtækja, ef ekki eru fyrir hendi öll skilyrði fyrir því, að rjómabúið geti borgað sig, og það sje nóg aðhald.

Loks er seinasta breyt.till., að það þurfi ekki að greina söludag; það fellur nefnilega burt af sjálfu sjer, þegar verð-

launin fara ekki eptir hámatinu danska; en þá er aptur á móti tekið skýrar fram, að sýndur sje sölureikningur, þar sem sje greinilega tekið fram, hve hátt hver hluti smjörsins selst, ef það hefur verið selt í fleiri pörtum. Það er nauðsynlegt, vegna þess að ef eitthvað af smjörinu selst undir 65 aurum, fær rjómabúið engin verðlaun fyrir þann hluta þess.

Í fjárlagafrumv. eru ætlaðar 15 þús. kr. til smjörverðlauna hvort árið, og kemur það heim við það, að gjört er ráð fyrir, að útflutt verði 300 þúsund pund, og eitthvað má búast við að seljist undir lágmati.

Í niðurlagi nefndarálitsins eru bendingar um það, hvernig nefndin hugsar sjer, að smjörverðlaunin smámsaman gangi saman og hverfi úr sögunni. Oss þótti of snemmt að fara nú að binda það lögum, og töldum heppilegra, að hafa lögin bara fyrir fjárhagstímabilið, eins og hjá milliþinganefndinni.

Jeg vona nú, að hin háttv. þingdeild fallist á þessar breytingar, en fari ekki frekar niður, eða kreppi meira að kosti rjómabúanna, því flestir munu vera á einu máli um það, að því fjenu, sem til þeirra hefur gengið, sje vel varið.

Ólafur Ólafsson, (2. þm. Árn.): Háttv. framsm. nefndarinnar sagði í upphafi ræðu sinnar, að engin breyt.till. hefði komið fram. Það er alveg satt. Af því virtist mjer hann gjöra þá ályktun, að allir væru ánægðir með stefnu nefndarinnar. Það er ekki rjett. Það, að engin breyt.till. hefur komið fram, er að eins sprottið af sjerstökum atvikum. Jeg fyrir mitt leyti vil láta í ljósi, að jeg er frumv. ekki samþykkur. Mjer þykir það ótímabært, finnst það koma of snemma. Hvorki mjer nje öðrum hefur blandazt hugur um, að innan skamms mundi styrkurinn lækka, en jeg bjóst ekki við því nú þegar. Og það eru fleiri, sem eins er ástatt um; til sönnunar því, vil jeg leyfa mjer að skírskota til þingmálafundar, sem haldinn var á Húsatóptum 19. júní þ. á. Í þingmálafundargjörðinni segir svo:

IV. »Fundurinn skorar á þingmennina að gæta sem bezt þeir geta hagsmuna rjómabúanna, með því að stuðla að því«.

Þá kemur 1. og 2. gr.; þeim sleppi jeg, en 3. gr. hljóðar svo:

3. »að lögunum um verðlaun fyrir útflutt smjör verði ekki breytt fyrst um sinn«.

Þetta sýnir, að ýmsir eru þeirrar skoðunar, að breyting muni koma, en álíta jafnframt, að tíminn sje enn eigi kominn til þess.

Háttv. framsm. tók það fram, að hvorki þingnefndin nje milliþinganefndin, vildu með þessari skjótu niðurfærslu hepta framfarir landsins. Jeg efast alls ekki um það, en jeg er samt hræddur um, að hin skjóta niðurfærsla verði þó einmitt til þess, að hepta framfarir landsins. Hann sagði einnig, að orsökin til þess, að frumv. kemur svo fljótt, væri sú, að fjárhagur landsins væri svo þröngur, og gat þess, að í fjárlagafrumv. stjórnarinnar væri ætlað til verðlaunanna 15 þús. kr., og þótti viðsjárvert að fara hærra. En það er það í sannleika ekki; þó að það hefðu verið áætlaðar 25 þús. kr., álít jeg það ekki of hátt. Jeg minnist eins útgjaldapósts í fjárlagafrumv., sem sje 10 þús. kr. til »skemmtunar fyrir fólkið«, jeg segi ekki, að það geti ekki verið gott að verja fje til þess, en jeg álít þó, að þeim peningum væri betur varið til rjómabúa. Þetta, sem hjer er farið fram á, er jeg hræddur um að minnki framfarirnar.

Enginn neitar, að þessi smjörbú eru eitt af því nauðsynlegasta hjer á landi, enda hafa þau tekið skjótum framförum. Árið 1903 eru flutt út 3000 pd. smjörs, en 1904 218 þús. pd. Þetta sýnir, hve bændur hafa verið fljótir að skilja, að hjer var um sannar framfarir að ræða. Þessar framfarir hafa haft stórmikil áhrif í landbúnaðinn bæði ræktun landsins og húsagjörð, stór áhrif til að bæta lífsháttu og viðurværi manna, og margt fleira. Jeg ætla nú ekki að fara að halda því fram, að þessar framfarir allar sjeu eingöngu verðlaunnunum að þakka, en þær eru mikið þeim að þakka. Það er lítið, sem menn láta sig draga um, því að »litlu verður Vöggur feginn«; verðlaunin hafa verið góð upp örfun. Rjómabúin hafa haft stórbætandi og menntandi og áhrif. Þau eru fyrsta sporið til samvinnufjelagsskapar. Það er svo opt talað um tvístrun hjer. Þessi rjómabú miða einmitt til þess að sýna, að menn eigi að vinna saman, sýna, að margar hendur vinna ljett verk.

Nú vilja menn strax færa verðlaunin niður; jeg álít það varhugavert; jeg tel engan vafa á því, að það dragi úr, af því að sum rjómabú eru skammt á veg komin, og jeg er meira að segja hræddur um, að sumstaðar, þar sem á að stofna rjómabú, verði afleiðingin sú, að við það verður hætt. Öllum er kunnugt, að rjómabúin flest eru mjög skuldug, og jeg veit, að það mun draga kjark úr mönnum, ef menn missa þenna styrk; jeg álít, að það yrði til þess að tvístra, þótt smjörbúin hafi dregið menn saman, þá er einræningseðlið enn svo mikið, að verðlaunamissirinn mundi að einhverju leyti ónýta það. sem þegar er unnið.

Fáu fje, sem landssjóður lætur úti, er betur varið; það borgast landinu aptur með rentum og renturentum, og því ættu menn að muna eptir, að »bóndi er bústólpi, en bú landstólpi«. Eins og ekki á í neinu að traðka sjávarútveginum, þannig má heldar ekki í neinu halla á landbúnaðinn; hann þarf styrktar við, og jeg veit, að háttv. þingdm. vilja þó hjálpa honum út úr þeim voða, sem öllum er kunnugt um að honum er búinn. Jeg álít, að það megi spara ýmislegt á fjárlögunum, og það væri hyggilegt að verja því, sem þannig sparast, til þess að hafa verðlaunin jafnhá sem áður. Sá kostnaðarauki mun borga sig. Jeg get ekki varizt þess að drepa á, að mjer líkar ekki stefna þessa þings, t. d. lækka verðlaun fyrir útflutt smjör, lyptistöng fyrir framfarirnar, en leggja á nýja skatta og tolla, sem menn þó ekki vilja hafa. Þetta kann jeg ekki við. Jeg get ekki kallað það annað en að gefa landslýðnum steina fyrir brauð, og þess uggir mig, að landsstjórnin og þjóðin muni súpa seyðið af því.

Það hefur opt verið talað um straumninn úr sveitunum til kaupstaðanna og til Ameríku, og hefur flestum þótt landbúnaðinum standa af honum hinn mesti voði. Á síðustu árum hefur dregið úr honum af tveim ástæðum: betra árferði og stofnun rjómabúa. Ef apturkippur kemur, mun straumurinn vaxa aptur, og jeg á ekkert vissara, að straumurinn nemi þá staðar í kaupstöðunum, en að hann haldi lengra áfram, út úr landinu. Það er margt, sem bendir á, að vjer munum fá drjúga blóðtöku á næstu árum, en vjer verðum að gjöra allt til þess að afstýra því, og jeg hygg fastlega, að eitt bezta ráðið til þess sje, að verðlaunin haldist. Það hefur enn engin breyt.till. komið fram, en jeg hefi hugsað mjer, og fleiri, að koma með breyt.till. við 3. umr.

Það er eitt, sem þráfaldlega er tekið fram, þegar talað er um fjárframlög til landbúnaðarins, að þau sjeu þyrnar í augum sjávarmannanna.

Það er líka látið í veðri vaka, að lögin skapi misrjetti milli atvinnuvega landsins. En jeg skal benda á, að það eru einmitt gjörðar tilraunir á þessu þingi til þess að nema misrjetti þetta burtu, og það er, ef frumv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, um stofnun fiskiveiðasjóðs, verður að lögum. Þarmeð er gjörð tilraun til að hlúa á sjerstakan hátt að öðrum aðalatvinnuvegi landsmanna, og það getur þá heitið svo, að sjeu þessir aurar fyrir útflutt smjör teknir úr vösum sjávarmanna, þá eru aurar þeir, er renna í fiskiveiðasjóðinn líka að nokkru leyti teknir úr vösum landbænda. En mjer finnst matningur þessi óviðfeldinn og ekki viðeigandi. Jeg þykist líka viss um, að hvor þessara stjetta landsins sjeu fúsar á að styðja aðra. Viðvíkjandi því atriði, að verðlaunin eru bundin við 65 aura verð á smjorpund hvert, skal jeg taka það fram, að jeg held, að það kenni mönnum ekki vöruvöndun. Á fundinum á Húsatóptum voru margir hyggnir menn, sem höfðu vel vit á þessu máli, og þeir höfðu hlustað að tillögu milliþinganefndarinnar um að skipta smjörinu í 3 flokka eptir gæðum, og borga 10 aura verðlaun fyrir 1. flokk, 5 aura fyrir 2., en ekkert fyrir 3. flokkinn. Þeir töldu þetta holla og heilbrigða skoðun og álitu, að það ýtti undir menn, að verka og vanda vöruna sem bezt væri kostur á. En frumv. stjórnarinnar hjeldu bændur að væri miður heppilegt, og álitu þeir, að það yrði til þess, að menn legðu ekki jafnmikið kapp á að vanda smjörgjörðina. Jeg leyfi mjer að eins, að benda háttv. framsm. á þetta, þar sem jeg veit, að hann vill allt hið bezta í þessu efni, sem hann líka hefur sýnt, bæði í orði og verki. Jeg skal svo ekki fara frekar út í málið að sinni, en kem fram með breyt.till. við 3. umr., sem mun stefna í þá áttina, að smjörverðlaunin verði þau sömu og nú, eða sem líkust að mögulegt er.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg get tekið undir allt það, sem háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) sagði um þýðingu rjómabúanna í fjárhagslegu- og menningarlegu- tilliti, en að því, er verðlaunatriðið snertir, þá eru skoðanir okkar skiptar. Jeg hef engan heyrt tala um verðlaunaákvæðið öðruvísi en sem bráðabirgðarráðstöfun, og hef enda heyrt nánustu aðstendendur rjómabúanna tala um, að sjálfsagt væri að breyta lögum þessum, því það mundi hafa allt of mikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð, ef þau ættu að verða frambúðarlög. Það er mjög eðlilegt, þó að þeir, sem eiga að taka á móti verðlaununum, vilji, að þau verði sem mest, og auðvitað á landssjóður að veita nokkurn styrk, en hann má ekki verða svo mikill, að bændur fari að varpa allri sinni áhyggju upp á landssjóð.

Eptir reynslu þeirri, sem á undan er gengin, mætti gjöra ráð fyrir, að styrkurinn á næsta fjárhagstímabili kæmi eptir núgildandi ákvæðum til að nema um 30,000 kr. Það er æði mikil fúlga og fyr er nú styrkt, en fje sje veitt svo óspart.

Síðasta ár námu verðlaunin hjer um bil 18,000 kr., og jeg get hugsað mjer, að ef breyting sú, sem nefndin hefur stungið upp á, kemst á, að það verði eitthvað líkt á næstu árum. Jeg get ekki annað sjeð, en að það sje rjett stefna, að þingið styrki eigi þessa

atvinnugrein nema til bráðabirgða og smákippi hendinni að sjer, smáminnki styrkinn, svo að það smávenji rjómabúin á, að spila á eigin spítur.

Háttv. ræðum. las upp till. frá fundi, sem haldinn var að Húsatóptum. Það er ei láandi, þó þessir menn, sem standa einna næst rjómabúunum, vilji að lögin haldist óbreytt fyrst um sinn; en svo las hann líka upp aðra till. frá sama fundi, sem hneigðist í sanngirnis- og miðlunaráttina, þá sem sje, að frumv. milliþinganefndarinnar yrði gjört að lögum.

Að því, er snertir ágreininginn um frumv. það, sem liggur fyrir, þá held jeg, að hann sje sprottinn af því, að háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) hefur ekki athugað, hvað tillögur okkar nefndarmanna og milliþinganefndarinnar eru líkar. Milliþinganefndin vildi sem sje skipta smjörinu í 3 flokka með 10 aura, 5 aura og engum verðlaunum, meðaltal verðlaunanna verður þannig 5 aurar. Nú höfum við lagt til, að hvert það smjörpund, sem selst á 65 aura og þar yfir, fái 5 aura verðlaun. Þetta 65 aura lágmark er sett til þess, að sem fæst pundin verði verðlaunalaus. Fundurinn á Húsatóptum hefur því hitt á óskastund, er hann fór fram á, að tillögur milliþinganefndarinnar yrðu gjörðar að lögum; — svo nærri fer frumv. það, sem hjer liggur fyrir, tillögum milliþinganefndarinnar. Það er rjett athugað, að 65 aura lágmark er ekki til þess, að kenna mönnum vöruvöndun, en eiginhagsmunahvötin ætti að vera nóg. Jeg skal játa það, að jeg var mjög svo hikandi með það í nefndinni, að ganga að því, að lágmarkið væri þetta. Og jeg get glatt 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), sem líka hefur ímigust á þessu lágmarki, með því, að jeg hef sem nefndarmaður áskilið mjer svo óbundnar hendur, að jeg vel gæti sameinað mig við hann um breyt.till. til 3. umr., sem gengi í þá stefnu, að færa lágmarkið upp í 67 aura, eða jafnvel 70 aura.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætla að eins að gjöra þá stuttu athugasemd, að jeg finn enga ástæðu til að greiða frumv. þessu atkv. mitt fyrir þá sök eina, að jeg álít það hvorki rjettlátt nje heppilegt, að selja smjörbúunum einokunarrjett til útflutnings á smjöri. Jeg álít það órjettlátt nú og óhyggilegt fyrir framtíðina. Ef jeg get flutt út svo mikið og gott smjör, að verðlaun megi fyrir koma, álít jeg það helbert ranglæti, ef jeg verð af verðlaunum fyrir það eitt, að jeg rek þá atvinnugrein einn út af fyrir mig. Mjer er það kunnugt, að einstakir menn hjer á landi eru farnir að stunda smjörgjörð út af fyrir sig, enda í stórum stíl, en eptir þessu frumv. eiga þeir að gjalda þess, að þeir stunda það einir út af fyrir sig.

Gagnvart þessum einokunarjetti, sem smjörbúunum er ætlaður, greiði jeg atkv. mitt og þá einnig gegn frumv. í heild sinni.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson): Meðan ekki liggja fyrir breyt.-till. frá háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.), þá væri það að tefja tíma þingsins að fara verulega út í athugasemdir hans. Jeg skil heldur ekki annað, en hann greiði atkvæði með tillögum nefndarinnar, því þær fara þó í þá áttina, að bæta fyrir búunum. Jeg hef fyrir mjer töflur frá milliþinganefndinni og sýna þær, að það eru að eins fá pund af smjöri, sem hafa selzt undir 65 aurum 1904, en eptir skýrslu aptan við stjórnarfrumv. er það 1/4 hluti smjörsins, sem árið, sem leið, lenti í lægra flokki og yrði því eptir hámarksákvæði frumv., sem fyrir liggur, verðlaunalaus, og með hækkandi hámati mætti bú-

ast við enn stærra broti, og það ákvæði viljum vjer fella burt. Jeg el ekki þennan ótta, að rjómabúasmjörgjörðin tari að leggjast niður fyrir það; þó verðlaunin sjeu lækkuð þetta; segjum úr fullum 8 aurum í 5 aura. Það gæti aptur á móti dregið nokkuð úr stofnun nýrra búa, en í því sambandi má minnast á það, hvað erfitt er að fullnægja þörfinni að því, er bústýrurnar snertir. Þó skólinn taki nú 10 stúlkur í stað 6, þá er eins og einhver dómur yfir rjómabústýrunum, því þær eru ekki fyrr útskrifaðar og komnar til búanna, en þær eru trúlofaðar og giptar o. s. frv. Það er því engin ástæða til að ýta svo mjög undir stofnun nýrra rjómabúa, það verður að fara eptir, hvort hægt er að útvega hæfar bústýrur.

Jeg bið þá átekta með breyt.till. hv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) en jeg vil skjóta því að þessum hv. þm. í allri vinsemd, að hann gjörði sem minnst að því að hóta með Ameríkuferðum. Það meiðir mig alltaf, þegar jeg heyri þessa hótun um að flýja hólmann okkar út af hverju, sem við ber. Jeg hef líka heyrt það við sjávarsíðuna, að það sje ekki lifandi lengur í landinu fyrir álögum og ójöfnuði, þeir beri byrðirnar, en peningunum sje rutt í sveitabóndann. Jeg vona, að jeg sje álitinn svo tryggur landbúnaðarmaður, að enginn hneyxlist á, þótt jeg skjóti þessu fram.

Jeg skal ekki hleypa mjer út í »finanspólitik« háttv. þm.; við vitum báðir, að ekki tjáir að ausa út nema í sje látið á móti, og mín þingmanns-samvizka er rólegri, að reyna að ganga svo bæði frá tekjum og gjöldum, að landið lendi ekki í botnlausri skuldasúpu.

Aptur á móti verð jeg að fara ákveðnari og fastari orðum gegn háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.). Hann áleit það ranglæti og skaðræði, að láta ekki verðlaunin geta komið annarsstaðar niður en á rjómabúunum einum. Því mótmæli jeg harðlega. Þau ein duga til þess að tryggja bæði smjörgjörðina og smjörsöluna, og hafa svo afarmikla þýðingu fyrir samvinnuviðleitnina hjá bændum. Það væri óhugsandi, að veita verðlaun fyrir hvert fiskpund, sem flyttist út úr landinu. Aptur á móti mætti vel styðja að samvinnuviðleitni manna með fjárframlögum. Það er ekki í sjálfu sjer verið að veita verðlaun fyrir hvert smjörpund, heldur verið að styðja að samvinnufjelagsskap manna og vöruvöndun. Hjer er heldur ekki um neina rangsleitni að ræða, því setjum svo, að einhver stórefnamaður, t. d. úr kjördæmi eða sýslu þm., hefði nú mikið heimagjört smjör út að flytja frá sjer og nágrönnunum, væri honum þá ekkert annað hægra, en að koma upp rjómabúi í sveitinni og ná með þeim hætti verðlaunum.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg hef nú raunar afarfáu að svara, því ekkert er komið fram við umr., er geti raskað skoðun minni. En frmsm. sagði, að jeg hefði hótað með Ameríkuferðum, ef verðlaunin yrði lækkuð. En þetta er ekki rjett, og jeg vísa því algjörlega frá mjer. En má jeg spyrja: Hvaðan er skriðunnar helzt von, ef ekki þaðan, sem hún hefur hlaupið? Reynslan sýnir það, að þegar eitthvað ber út af hjer á landi, þá eykst strax straumurinn út á við — til Ameríku. Það er þessi skriða, sem jeg vil forðast og jeg vil að minnsta kosti ekki gjöra neitt til að ýta undir hana. Aðrar athugasemdir finn jeg ekki ástæðu til að gjöra, nema ef vera skyldi við það, sem háttv. framsm. sagði um það, að menn þeir, sem stæðu að rjómabúunum hjer á Suðurlandi, væru

samþykkir tillögum milliþinganefndarinnar. Þetta er satt og ekki satt; þeir hafa óskað, að verðlaununum yrði ekki breytt fyrst um sinn. En ef það endilega yrði að vera svo, þá höllu-ust þeir fremur að tillögum milliþinganefndarinnar. Jeg veit það um menn þá, sem jeg ætla að hafi talað við háttv. framsm.; þeir hafa bæði sagt það, og jeg hef það skriflegt í höndum, að þeir vildu ekki breyta til með verðlaunin, en ef endilega þyrfti að breyta, þá væru tillögur milliþinganefndarinnar það frekasta, sem þeir gætu gengið inn á. Jeg skal vikja fáum orðum að ræðu háttv. 2. þm. N.-Múl. Það, sem jeg gekk út frá og þeir raunar líka, bændurnir, — var auðvitað það, að þetta sjeu ekki nein frambúðarlög; en mismunurinn milli mín og hins háttv. ræðum. liggur í því, hvort við eigum að kippa að okkur hendinni nú þegar eða ekki fyr, en seinna. Búin óska að það sje ekki gjört strax og að verðlaun verði látin haldast um næsta fjárhagstímabil, til þess að þau bú, sem verið er að stofna, komist á laggirnar og hin, sem enn eru í skuldum, komist af knjákollunum.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. (104) við 1. gr. samþ. með 15 atkv. : 2. 1. gr. frv. þar með fallin.

2. Breyt.till. (104) við 2. gr. samþ. með nafnakalli, með 16 : 8 atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Einar Þórðarson,	Magnús Andrjess.,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Þorsteinss.,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Hermann Jónasson,	Tryggvi Gunnarss.,
Jóhannes Ólafsson,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Jóh. Ólafsson,	

já:
Ólafur Thorlacius,
Pjetur Jónsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Þórh. Bjarnarson.

Lárus H. Bjarnason greiddi ekki atkv. og taldist því til meiri hlutans.

2. frv. gr. þannig fallin.
3. Breyt.till. (104) við setninguna í fyrri kafla 3. gr. samþ. með 17 samhl. atkv.
3. gr. þannig breytt samþ. með 14 samhlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 atkv.
5. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 6 atkv

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí kom frv. til 3. umr. (A 145,150,168).

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. á þskj. 150 við 1. gr., og breyt. á þskj. 168 við 2. gr. þessa frv.

Breyt.till. á þskj. 150 miðar að því, að láta rjett þann til verðlauna fyrir útflutt smjör, sem frv. ætlar að eins fjelögum, einnig ná til einstakra manna til þess, að koma í veg fyrir misrjetti það, sem hlýtur að leiða af ákvæðum 1. gr. frv.‘ ef það verður samþ. óbreytt.

Mjer blandast ekki hugur um það, að eins og ástatt er, mætti telja það heimsku að stofna smjörbú í sumum sveitum landsins vegna þess, að þær hafa ekki þau skilyrði, sem til þess útheimtist, að smjörbú geti þrifizt þar. Og verði það samþykkt, að verðlaunin skuli að eins veitast mjólkurbúum, er með því samþ., að útiloká alla þá, sem eru þannig í sveit settir, að þeir geta ekki tekið þátt í þessum fjelagsskap, frá verðlaunum fyrir sitt smjör, hversu gott sem það er, og hve duglegir og áhugasamir sem mennirnir

eru, bæði við framleiðslu og meðferð vörunnar. Þetta væri ekki rjett nje heppilegt. Því þó samvinnufjelagsskapurinn sje góður og verðugur alls sanngjarns styrks, álít jeg ekki, að það megi styrkja hann á þann hátt, að við það komi fram mjög tilfinnanlegt misrjetti gagnvart einstökum mönnum.

Sá misrjettur, sem af þessu mundi leiða, gæti einnig orðið orsök til þess, að menn færu að stofna rjómabú miklu víðar en ástæða er til eða heppileg skilyrði eru fyrir hendi; og væri það illa farið, ef styrkurinn leiddi til þess. Jeg vona því, að háttv. þm. sjái, að þessi breyting hefur mikla þýðingu, og verði henni fylgjandi.

Breyt.till. á þskj. 168 við 2. gr. frv. fer fram á, að ákveðin sjeu 7 aura verðlaun fyrir hvert danskt pd., er selst 75 aura eða þar yfir. Þessari tillögu er jeg mótfallinn af þeim ástæðum, að jeg álít verðlaunin, sem frv. fer fram á, nægilega há eða fullhá.

Síðastl. ár voru um 20 smjörbú á landinu og hafa þau fengið samtals 17,000 kr. að verðlaunum. Nú fjölgar búunum stórum, og má búast við, að *næsta* ár verði þau orðin allt að því helmingi fleiri, sem njóta verðlaunanna. Eptir sömu reglu, og fylgt hefur verið, þyrfti því allt að 30,000 kr. á ári úr landssjóði handa öllum þessum búum, en það er helmingi meira, en gjört er ráð fyrir í fjárlögunum, og finnst mjer það of langt gengið. Það má ganga að því vísu, að smjörbúin fjölga mjög. Og þar sem um 190 hreppar eru í landinu, er ekki ósennilegt, að búin geti orðið um 100 með tímanum. Ef gjört er ráð fyrir, að hvert smjörbú framleiði á ári 10,000 pd. smjörs að meðaltali, þá verður ársframleiðslan 1 miljón pd. Sje nú borguð verðlaun fyrir hvert pd., t. d. 8 aurar eins og nú, þá verða það 80,000 kr. á ári. Þess vegna finnst mjer gætilegra að fara hægt í sakirnar.

Samkv. till. á þskj. 168 eru verðlaunin 7 aur. á hvert pd. eða nál. 10%, og er það allt of hátt, en samkvæmt tillögu nefndarinnar verða verðlaunin að eins 6%, og er það miklu nær sanni, þó það sje líklega fullhátt.

Sú skoðun hefur komið fram í nefndarálitinu, að rjettast væri, að verðlauna smjörgjörðina um víst ákveðið árabil og veita öllum smjörbúum rjett til þessara verðlauna um jafn langan tíma. Þetta felli jeg mig vel við, og álít jeg, að heppilegt mundi vera, að veita öllum smjörbúum, sem stofnuð eru og stofnuð verða, þennan styrk, t. d. í 5 ár, en svo ekki lengur. Úr því ættu þau að vera fær um að sjá um sig sjálf, ef þau annars eru þess verð, að fá að halda áfram tilveru sinni.

Jeg sje ekki ástæðu til, að fjölyrða meira um þetta, en vona, að háttv. þm. sjái og viðurkenni, að breyt.till. á þskj. 150 er sanngjörn og eðlileg, en að hin gangi allt of langt.

Jeg get ekki sagt með vissu, hvernig atkv. mitt muni falla um þetta mál. Það verður nokkuð undir því komið, hverjar breytingar verða á frv. En það er regla mín, að fara jafnan eptir gamla góða heilræðinu: »Af tvennu illu skal taka það skárra.«

Framsögumaður Þórhallur Bjarnason (þm. Borgf.). Hvort frumv. heitir frumv. til laga um verðlaun fyrir útflutt smjör eða frumv. til laga um styrk til smjörbúa, gjörir minnst til. Hið síðara vísast rjettara, og er hægt að leiðrjetta það í Ed., og mun jeg skjóta því að þeim, sem þar fjalla um málið.

En svo jeg víki að sjálfum breyt.til., þá skal jeg fyrst minnast á þá yfirgripsmeiri á þskj. 168, að færa verðlaunin upp í 7 aura fyrir það smjör,

sem selst 75 aura pundið eða hærra. Jeg get skýrt frá því, að í fyrra seldust nálægt tveir þriðjungar smjörsins á 75 aura og þar yfir, og verði eitthvað líkt framvegis, má ætla að gjaldaaukinn, sem af þessu leiðir, verði hjer um bil 4,000 kr. á ári, samkvæmt þeirri áætlun, að alls muni verða flutt út 300 þúsundir punda. Um afstöðu nefndarinnar gagnvart þessari breyt.til. er það að segja, að meiri hluti hennar var breyt.till. andstæður. Annars kemur það fram við atkvgr.

Um hina breyt.till. á þgskj. 150 er það fljótsagt, að þar var nefndin sammála, og eindregin á móti. Þessi breyt.till. raskar algjörlega þýðingu laganna, að uppörfa menn til samvinnu, auk þess sem þá er kippt burt tryggingunni fyrir vandaðri smjörgjörð. Það sýnist líka óþarft, að veita einstökum mönnum verðlaun, þegar þeir búa í nánd við rjómabú og eiga hægt með að ganga í fjelagsskapinn. Í fyrra fluttu tveir menn í Skagafirði út smjör, sem bjuggu mitt á milli smjörbúa, og stærsti útflytjandinn, er verðlaun hlaut, býr í Eyjafirði, í plássi, þar sem ágætt er að stofna smjörbú. Þar kemur upp að sjálfsögðu samvinnusmjörbú, er lögin breytast.

Það er að vísu rjett, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) tók fram, að það eru til fáeinir smjörframleiðslustaðir, þar sem ekki er hægt að koma því við að hafa rjómabú. En eins og nú er komið sölunni geta þeir menn, sem svo eru settir, fengið eins góðan markað fyrir smjör sitt í landinu sjálfu, þegar svo lítið er haft á boðstólum af velverkuðu smjöri.

Þessi breyt.till. raskar sem sagt tilgangi laganna, og jeg er henni algjörlega mótfallinn, og jeg vona að hún fái ekki byr hjer í deildinni.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Sk.). Jeg er alveg samdóma háttv. frmsm. (Þórh. Bj.) um það, að tilgangi og þýðingu þessara laga ætti sem minnst að raska. En frá því sjónarmiði standa aðgjörðir hins háttv. þingmanns í algjörðu ósamræmi við orð hans. Því, sem hann var meðmæltur 1903, er hann mótfallinn 1905. En kollhnýsupolitíkin íslenzka á hvergi ver við heldur en í atvinnumálum. Það er grundvallarregla, sem hjer er verið að raska, grundvallarregla, sem margir menn í landinu hafa treyst að mundi standa lengur en í fáa mánuði. Afleiðingin af þessu, sem jeg ekki get kallað annað en »hringl«, er sú, að það eyðileggur trú manna á stefnufestu þingsins; menn hætta að bera virðingu fyrir því. Það var alveg rjett, sem kveðið var 1893, út af öðrum hringsnúningi, þetta:

Að snúast svona hratt í hring
hringlandans á sviði
það eyðileggur okkar þing
frá almennu sjónarmiði.

Eigi það vísuorð nokkursstaðar við, á það við þetta málefni, eins og það nú er borið fram. Þetta gjörir atvinnuveginn ótryggan; það getur komið mörgu smjörbúi á kaldan klaka, sem stofnað er í trausti til þess að það muni geta notið þessara verðlauna lengur en um stundarsakir. Af þessum ástæðum er jeg á móti frumv. í heild sinni.

En svo jeg víki að því, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) og framsögum. (Þórh. Bj.) sögðu, að vænð aðalatriði, skal jeg taka það fram, að grundvöllurinn hjá þeim er rammskakkur. Þeir segja, að tilgangurinn með þessum verðlaunum hafi verið að efla samvinnufjelagsskap. En eins og háttv. framsm. sjálfur hefur sagt, var ekkert rjómabú til, þegar þessi verðlaun voru samþykkt hjer á þingi. Tilgangurinn með verðlauna-

lögunum var sá, að bæta smjörið og auka útflutning þess, enginn annar.

Jeg sje ekki, að nokkur sú breyting hafi orðið á atvinnuvegunum, að þessi niðurfærsla á verðlaununum, sem nú á að lögleiða, sje rjettmæt. Og mjer finnst, að allir eigi að hafa jafnan rjett til verðlaunanna, sem verka smjörið jafnvel og flytja það út. Jeg er því mótfallinn, að nokkrar sjerstakar stofnanir hafi nokkurn einokunarrjett; það varðar engan um, hvar og hvernig smjörið er búið til, ef það bara er almennilegt.

Það er »pósitívt« rangt að vera að tala um styrk til rjómabúanna; hjer er verið að tala um verðlaun fyrir útflutta velverkaða vöru, en engan styrk.

Háttv. framsm. benti á, að hinir einstöku útflytjendur gæti farið í kring um lögin *(Þórhallur Bjarnason:* Það kannast jeg ekki við). Jeg skal játa, að hann nefndi þetta öðru nafni; meiningin var hin sama.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg er ásamt með öðrum þm. flutnm. breyt.till. á þgskj. 168, þeirrar, sem háttv. þm., sá er síðast talaði, sagðist ekki vera með vegna þess, að hún gengi of langt. Breyt.till. fer fram á, að verðlauna það smjör, sem fer fram yfir 75 a. á pd., með 7 a. á pd. Sú fjárupphæð, sem til þess þarf, er ekki hræðileg, og jeg ímynda mjer, að áður en lýkur þessu þingi, verði samþykkt eitthvað ægilegra en þetta. Það þarf ekki að hugsa, að allt smjör seljist svo hátt, að það nái þeim verðlaunum; það yrði naumast meira en svo, að 4,000 kr. færu í þau verðlaun.

Ástæður fyrir breyt.till. eru tvær: 1. að hvetja menn til þess að vanda vöruna sem bezt., 2. heldur fljótt að kippa hendinnni að sjer.

Það fer að verða reikult með smjörbúin, þegar aðstandendur þeirri geta aldrei vitað fyrirfram, hvað þingið mundi gjört í hvert sinn. Þingið yfirgefur hvert »princípið« á fætur öðru; þó að byrlega blási á einu þingi, getur vel blásið á móti á næsta þingi.

Þegar athugað er, hvernig rjómabúin eru orðin til, þá sýnist mjer það siðferðisleg skylda þingsins, að slá ekki hendinni af þeim, fyr en í síðustu lög. Rjómabúin eru öll svo til orðin, að þingið gekk á undan og hjet styrk til þeirra. »Búnaðarfjelagið« sendi út menn, er fara skyldu um sveitir milli fjalls og fjöru og ýta undir bændur og búalið. Bændur tóku þessu vel, með þetta fyrir augum. Þegar þessu er nú svo háttað, að stofnun rjómabúanna er knúð fram af þingi, stjórn og »Búnaðarfjelagi Íslands«, þá má ekki sleppa af þeim hendinni eptir fyrsta sprettinn. Nefndin hefur líka viðurkennt, að það væri rjett að styrkja þau nokkuð.

Jeg hef heyrt það hjer í deildinni af munni eins háttv. þm., að eiginhagsmunahvöt eigi að knýja menn til þess að vanda sína vöru. En jeg spyr: Hvers vegna hefur ekki eiginhagsmunahvöt knúð Íslendinga á öllum öldum til þess að vanda sína vöru? Nei, það hefur verið meinið, að menn hafa ekki vandað sig nógu vel, og það er það. sem þarf að brýna fyrir mönnum, og það er meiningin með þessari breyt.till minni.

Jeg veit, að því muni verða svarað, að það sje ekki allt af víst, að þeir, sem vandi bezt, fái bezt verð fyrir vöru sína; það skal jeg játa, því að sölunni er svo illa fyrirkomið. En það eru þó allt af meiri líkindi til þess, að sú varan seljist bezt, sem bezt er vönduð, og þess vegna á að örva menn til vöruvönðunar. Jeg kann ekki við þessi jöfnu verðlaun, það er ósanngjarnt, að verðlauna jafnt það, sem lak-

ara er, og það, sem betra er. Það er eðlilegast, að verðlaunum sje skipt í flokka.

Það er hin mesta nauðsyn, að styrkja þessi smjörbú; þeim hefur verið komið á stofn með erfiðleikum, og í fátækt. Þau hafa átt við margt að berjast. Þau hafa átt að berjast við sundrungarandann, þennan gamla íslenzka sundrungaranda, þau hafa átt að berjast við vegleysurnar hjer á landi. Eitt hafa þau enn átt við að berjast, þau hafa öll orðið að senda vöru sína á markaðinn á þeim tíma, sem smjörið selst verst. Þess vegna er stór þörf á að verðlauna þeim, sem hafa riðið á vaðið.

Allir telja þetta hinar mestu framfarir; jeg vil segja, að það sje það bezta og þarfasta framfaraspor, sem stigið hefur verið hjer á landi á mörgum öldum. Þess vegna eiga menn ekki, að sjá eptir 2–3 þús. kr. til þessa fyrirtækis. Jeg býst við, að verðlaunin verði smáfærð niður, en jeg, og margir aðrir óska, að það verði ekki gjört svo fljótt; það getur haft stóra þýðingu.

Háttv. þm. Ak. (M. Kr,) mælti á móti breyt.till. og þótti verðlaun nefndarinnar, 5 aurar á hvert pund, nógu há. Hann sagði, að ekki mundi langt um líða, að smjörsalan yrði svo mikil, að skipti miljónum punda, og þá yrði það svo dýrt, að verðlauna. Ef það þyrfti huggunar við í þessum framtíðarraunum þingmannsins(!!), ef það væri ekki miklu fremur gleðiefni, að smjörsalan yrði svo mikil, þá gæti jeg huggað hinn háttv. þm. með því, að það verður ekki á næsta fjárhagstímabili.

Jeg vildi óska, að sá tími kæmi, og það sem fyrst, að smjör selt hjeðan, skipti miljónum punda, en þá verður líka horfin þörfin til þess, að styrkja smjörsöluna með verðlaunum.

Jeg vænti nú svo góðs af h. háttv. nefnd, að hún gangi inn á breyt.till., og hin háttv. deild í heild sinni. — Jeg byggi það á tveim ástæðum, bæði á því, að þm. vilja að líkindum málinu vel og einnig á því, að mjer hefur heyrzt gott hljóð í þingmönnum þeim, sem jeg hef talað við um þessa breyt.till.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það eru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja. Þó að nafn mitt sje undir breyt.till. á þskj. 150, þá er jeg þó mótfallinn tillögunni; jeg ljeði nafn mitt undir, að eins til þess, að þetta atriði gæti komið til athugunar. Jeg skal segja hvers vegna jeg er á móti breyt.till. — Jeg lít svo á, að það fje, sem veitt er fyrir útflutt smjör, sje ekki verðlaun, heldur styrkur. Það hefur þegar verið sannað, að það á ekki að veita verðlaun fyrir smjör, sem ekki selst nema 65 aura pundið. Þetta fje er styrkur, sem á að koma þessari nytsömu hreyfingu að notum, sem enginn neitar að hefur unnið svo mikið gagn.

Jeg sje ekki ástæðu til þess, að styrkja útflutning einstakra manna; það er ekki útflutningurinn heldur fjelagsskapurinn, sem menn eiga að hvetja.

Jeg er aptur á móti velviljaður breyt.till. á þskj. 168, því að þegar smjörið er svo gott, að það selst á 75 aura pd., þá á það fyllilega þennan styrk skilið.

Einar Þórðarson (þm. N.-Múl.): Jeg held, að mikið af deilum þeim, sem hafa orðið um þetta mál, sjeu sprottnar af því, að það hefur ekki verið höfð rjett fyrirsögn á frumv., og jeg er meðmæltur því, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) sagði, að rjettara væri, að kalla það styrk til smjörgjörðarbúa, heldur

en verðlaun fyrir útflutt smjör og það hefur jafnvel komið til tals í nefndinni, að breyta fyrirsögninni. Ef sú hugsun hefði ekki vakað fyrir nefndinni, að þetta væri styrkur, en ekki verðlaun til rjómabúanna og samvinnu þeirrar, sem þeim er samfara. þá væri það hreinasta hneyxli, að veita 5 aura verðlaun fyrir smjörpundið, þegar það selst ekki hærra en á 65 aura; hjer var í raun rjettri ekki um nein verðlaun að ræða, heldur vakti það fyrir nefndinni, að setja reglur fyrir því, hvernig landsstjórnin skuli útbýta styrk til rjómabúanna.

Háttv. 2. þm. Árn. fann áliti nefndarinnar ýmislegt til foráttu. Hann hjelt því fram, meðal annars, að með því að færa styrkinn svo mjög niður, væri hvötin til að vanda sig tekin of fljótt burtu. Jeg efast nú um, að þó breyt.till. hans yrði samþykkt, hvort nokkuð væri unnið við það, því eins og menn vita, er það undir hreinni hendingu komið, hvað fæst fyrir smjörið. Auðvitað er nokkuð undir gæðum smjörsins komið, en miklu meira er þó komið undir því, hvernig smjörið stendur á markaðinum erlendis. Það verður að seljast strax og það kemur á markaðinn, og þá verður að taka því verði, sem býðst. Jeg vil líka halda því fram, að það sje nægileg hvöt fyrir menn að vanda vöru sína í eiginhagsmunaskyni, þó eigi sje bætt á þessum 2 aurum, sem breyt.till. háttv. þm. fer fram á. Það, sem háttv. ræðumaður sagði um vöruvöndun hjer á landi, er að sönnu sorglegur sannleikur. sem maður verður að skrifa undir, en jeg verð að halda því fram, að einmitt í þessu tilfelli á sjer sjerstök undantekning stað, því það er svo margt, sem hvetur framleiðendurna til að vanda smjörið. Má þar nefna samvinnuna fyrst og fremst og ábyrgðartilfinning þá, sem henni hlýtur að verða samfara og vitund manna um, að rjómabúin eigi að keppa við reglulega góða vöru á erlenda markaðinum. Þetta meðal annars er rjómabúunum sjerstök hvöt til að vanda vöru sína. En tryggingin fyrir því, að þeir geti vandað vöruna, er því í fólgin, að þeir hafi ráð á sjerþekkingu í þessu efni.

Háttv. þm. var að tala um, að of snemmt væri að kippa að sjer hendinni; en það er hreinn og beinn misskilningur, að vjer sjeum að kippa að oss hendinni. Það væri ef til vill hægt að segja það, ef sýna mætti fram á, að styrkurinn yrði minni nú með þessu fyrirkomulagi, en undanfarin ár, en líklegt er, að hann verði mjög álíka. Aptur á móti mundi hann hækka gífurlega, et farið væri eptir sömu reglu og áður. Það má víst óhætt gjöra ráð fyrir svo miklu meiri framleiðslu á næsta fjárhagstímabili, að rjómabúin fái eptir frumv. nefndarinnar sömu fúlgu og á þessu fjárhagstímabili, og það getur þó sannarlega ekki kallast að kippa að sjer hendinni. Háttv. þm. talaði líka um það, að slæmt væri, að styrkurinn væri svo mjög á reiki; hann sagði, að rjómabúin vissu aldrei, hvaðan vindurinn kynni að standa og nú væri hann búinn að hringsnúast svo, að mótvindur stæði í segl rjómabúanna. Þetta er gjörsamlega skakkt, og ef tillögur nefndarinnar verða teknar til greina, þá eru miklu meiri líkur til þess, að vindurinn snúist ekki, og þessar ráðstafanir yrðu dálitið til frambúðar. Og jeg fyrir mitt leyti tel tillögur nefndarinnar miklu eðlilegri og sanngjarnari rjómabúunum til handa og þó hins vegar útlátaminni fyrir landssjóð, en breyt.till. hans.

Jeg neita því fyrir hönd nefndarinnar og þingsins og allra þeirra, sem hafa unnið að þessu máli, að hjer sje um nokkurn andblástur að ræða gegn rjómabúunum. Þessi staðhæfing þm. er alveg gripin úr lausu lopti. Hann sagði, að við værum að hlaupa frá eptir fyrsta sprettinn. En hvernig getur hann sagt þetta í fullri alvöru, eins og hjer er ástatt. Má þar benda á það, að landssjóður heldur uppi dýrum skóla aðeins vegna rjómabúanna, og að landbúnaðarfjelagið gjörir allt sitt til að auka þekking manna á smjörgjörðinni og hjálpa smjörbúunum með ráðum og dáð. Þá má minna á það, að landssjóður veitir rjómabúunum stofnlán með mjög vægum kjörum.

Og loks má benda á það, að síðastliðið ár fengu rjómabúin um 18,000 kr. úr landssjóði, og stærsta rjómabúið fjekk nálega 2 þús. kr. styrk. Og nú er, eins og jeg hef sýnt fram á, mestar líkur til, að styrkurinn næstu 2 árin verði mjög líkur því, sem hann var síðastliðið ár, ef frumv. nefndarinnar verður samþykkt. — Hjer er því sannarlega ekki verið að kippa að sjer hendinni, eða hlaupa frá eptir fyrsta sprettinn.

Sami háttv. þm. endaði ræðu sína á því, að hann sagðist vona, að við sýndum það í verkinu, að við vildum styrkja annan atvinnuveg landsins. Hvað eiga þessi orð að þýða? Það eru alveg sömu öfgarnar og komu fram hjá háttv. þingm. við 3. umr., þar sem hann gaf í skyn, undir umr. um þetta frumv., að verið væri að sparka mönnum til Ameríku. Þetta er alveg að ástæðulausu sagt um þá menn, sem greiða atkv. sitt með þessu frv., eins og það kemur frá nefndinni, en móti breyt.till.] háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.). Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði mest frá almennu sjónarmiði, og það var ekkert í hans löngu ræðu, sem haggaði skoðun minni á þessu máli. Jeg álít, að styrkinn eigi að takmarka við rjómabúin, því að eins þar er nægileg trygging fyrir þeirri sjerþekkingu og ábyrgðartilfinningu, sem nauðsynleg er fyrir þetta mál. Og þó háttv. þm. kveði eilthvað um nefndina frá almennu sjónarmiði, lætur hún sjer það í ljettu rúmi liggja.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg var einn þeirra manna, er kosinn var í nefnd til að fjalla um þetta mál, og vil í fáum orðum lýsa afstöðu minni til þess í sambandi við breyt.till. þær, er fram eru komnar. Það hefur þegar verið tekið fram af framsm. og öðrum, er talað hafa, að frumv., eins og það kemur frá nefndinni, er miklu hagkvæmara fyrir smjörbúin en frv. stjórnarinnar, og mjög svipað frumv. milliþinganefndarinnar, þótt mælikvarðinn sje annar og ekki sje miðað við hámatið erlendis, heldur ákveðið útsöluverð lagt til grundvallar, en bæði óbrotnara og hagfeldara.

Það hefur verið lögð áherzla á það, af sumum, að lækkunin á verðlaununum gæti orðið ísjárverð fyrir smjörbúin; munurinn væri svo mikill á þessum verðlaunum og hinum núgildandi. Yfirleitt er þessi munur að vísu nokkuð mikill, t. d. hjá þeim smjörbúum, er hafa fengið 10 aura verðlaun fyrir mestallt smjör sitt. En það eru líka allmörg bú, sem ekki hafa náð í nein verðlaun fyrir mikinn hluta smjörs síns, og þar verður munurinn ekki mikill. Til samanburðar vil jeg að eins geta þess, að eptir skýrslu um útflutt smjör 1904, þá fjekk smjörbú Fossvallalækjar í verðlaun 700 kr. 55 aura, en hefðu ákvæðin í frumv. nefndarinnar verið þá í gildi, hefði það fengið 504 kr. 55 aura, og þó fjekk

allt smjörið frá því búi verðlaun. Smjörbú Kjósarmanna fjekk í verðlaun (allt smjörið verðlaunað) 1904 430 kr. 95 aura, en hefði eptir frumv. nefndarinnar fengið 306 kr. 45 aura. Smjörbúið við Apá fjekk 465 kr. 80 aura, en hefði eptir þessu frumv. fengið 399 kr. 15 aura. Nokkur bú mundu hafa grætt við þessa breytingu, t. d. hefði búið við Kálfá, er fjekk í verðlaun 1904 329 kr. 70 aura, fengið 331 kr. 25 aura fyrir smjör eptir uppástungu nefndarinnar, og smjörbú Vatnsdæla, er fjekk að eins 169 kr. 90 aura í verðlaun 1904, hefði nú með sama útflutningi eptir till. nefndarinnar átt að fá 200 kr. verðlaun, því að ekkert af smjöri þess seldist meira en 65 aura pd., þótt það næði ekki í verðlaun.

Jeg tek þetta að eins fram til þess, að sýna, að okkar frumv. er fremur hagkvæmt fyrir smjörbúin yfirleitt, og þó niðurfærslan sje allmikil alls, álít jeg, að þar megi vel við una, sjerstaklega þegar tekið er tillit til þess, að gjört er ráð fyrir, að styrkurinn haldist 6—10 ár, eins og tekið er fram í nefndarálitinu; ættu það að vera um 8 ár, er hvert smjörbú nyti verðlauna. Með því vildi nefndin reyna að girða fyrir alla óvissu, sem hlýtur að hafa ill áhrif á fjelagsskapinn. Styrknum ætti að halda þangað til útsjeð er um, að fleiri smjörbú verði ekki stofnuð, og einhverntíma rekur þó að því. Nefndin treystist þó ekki til, að taka ákvæði þetta beinlínis upp í lögin, hugði, að það mundi spilla fyrir málinu á þinginu, ef verðlaunaveitingin væri með lögum einskorðuð við ákveðinn árafjölda, einkum sakir þess, að svo erfitt er að vita, hve útflutningurinn eykst mikið á næstu árum. En þetta er bending til þingsins, að láta styrkinn halda sjer svona um lengri tíma, svo að smjörbúin sjeu ekki í sífelldri óvissu, heldur geti treyst því, að þau sjeu ekki svipt verðlaunum fyr en eptir einhvern ákveðinn tíma.

Að því, er snertir breyt.till. á þgskj. 168, um að verðlauna smjör, sem selst á 75 aura og þar yfir, með 7 aurum á pundið, þá hef jeg að sjálfsögðu ekkert á móti þeirri tillögu og greiði atkv. með henni. Jeg vildi gjarnan, að verðlaun þessi gætu verið sem hæst. En jeg gæti samt búizt við, að till. þessi spillti heldur fyrir framgangi málsins í efri deild. Þó er það óvíst. Það má reikna það út hvað sú hækkun nemur fyrir landssjóðinn, Það má gjöra ráð fyrir, að út flytjist um 300 þús. pd. hvort árið næsta fjárhagstímabil, og eptir smjörsölunni að undanförnu hafa $^2/_3$ smjörsins selst á 75 au. og þar yfir. Samkvæmt því yrðu það 200 þús. pund hvort árið (1906 og 1907), er næðu 75 au. verði og þar yfir. 2 aura hækkun á þessu yrði þá 4000 kr., svo að allur gjaldaukinn samkv. þessari breyt.till. yrði 8,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og það getur ekki kallast mikið, en smjörbúin munaði um það.

Jeg er á líkri skoðun og háttv. þm. Sfjk. (J. Jónss.) um það, að í raun rjettri er dálítið óviðkunnanlegt, að tala um verðlaun á smjöri, er selst ekki meira en 65—70 aura pd. Ætti þá eins vel við, að 5 a. á pd., er selst t. d. 65—70 eða 75 a., væri nefnt styrkur, en 2 aura ofanálagið verðlaun. Menn mundu sætta sig eins vel við það og koma af stað meiri keppni milli smjörbúanna, því að menn geta orðið óánægðir yfir því, að hærri verðlaun sjeu veitt fyrir smjör, sem selst vel, þótt það sje í sjálfu sjer eðlilegt. En væri gjörður munur á styrk og

verðlaunum, hyrfi sú óánægja. Annars skiptir þetta ekki miklu.

Að því, er snertir breyt.till. á þgskj. 150 frá háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) um að veita einstökum mönnum verðlaun fyrir útflutt smjör, þá er jeg eindregið á móti henni og álít, að hún fari alveg í bága við þá meginhugsun, sem liggur til grundvallar fyrir smjörverðlaununum; nfl. stuðning á smjörbúunum. Það sannar ekkert, þótt einstöku mönnum í fyrstu hafi verið veitt verðlaun, meðan rjómabúin voru ekki til; það var ekki unnt að veita búum þessi verðlaun, fyr en þau voru stofnuð. En verðlaunaveitingin fyrir smjörútflutning einstakra manna varð til þess, að menn fóru að stofna rjómabúin og komust að raun um, að samvinnan væri miklu betri til þess að ná sem æskilegustum árangri, og þá fór þingið að veita styrkinn rjómabúunum eingöngu, til þess að efla og auka útflutning á vel verkuðu smjöri. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um einokun, er smjörbúin hefðu til verðlauna, en slíkt nær engri átt, þar sem svo margir einstaklingar eiga hlut að máli. Hitt væri miklu ísjárverðara, að ýta með verðlaunum undir helztu efnamennina til þess að skaða smjörbúin með samkeppni, því það eru dæmi til þess, að einstakir menn spilla fyrir smjörbúunum með því, að fá menn til þess að ganga úr fjelagsskapnum, kaupa smjörið af þeim og græða svo á því. Og þessi hvöt yrði enn ríkari, ef þar á ofan ætti að veita verðlaun úr landssjóði fyrir þetta smjör. Það ætti heldur að girða fyrir slíka »spekúlatión«, en greiða fyrir henni. Fyrir mjer vakir það, að styðja sem mest samvinnuna og fjelagsskapinn, en útiloka sem mest eintrjáningsskapinn og einræningsháttinn, og sízt af öllu vil jeg láta verðlauna hann. En það á að styrkja smjörbúin, þann fjelagsskap, sem smátt og smátt á að vinna og mun vinna bug á samtakaleysinu og útúrboringsskapnum meðal þjóðar vorrar.

Svo að jeg loksins nefni eitt dæmi, sem mjer er kunnugt um, til að sýna hina afarmiklu þýðingu smjörbúanna, skal jeg geta þess, að þar sem fjelagsskapur þessi er nú lengst kominn þ. e. í Árnes- og Rangárvallasýslum, sem viðurkenndar eru einhver hin helztu hjeruð landsins, þar var fyrir 4—5 árum mikill óhugur í mönnum við landbúnaðinn, og töldu, að hann væri alveg að fara á höfuðið, ætti enga framtíð fyrir höndum. Víl og óánægja voru þá efst á baugi. En nú er allt annað uppi á teningnum; nú er annað hljóð í fólki þar um slóðir, síðan smjörbúin tóku að starfa. Við stofnun þeirra fór trúin og traustið á landinu að vaxa, allar vonir um framtíð landbúnaðarins að glæðast, og kjarkur einstaklingsins að styrkjast. Það er þessi kjarkur, þessar vonir, þessi trú á framtíð landsins, sem smjörbúin hafa eflt svo og glætt, og þess vegna vil jeg láta styðja þau. Það er ekki alveg þýðingarlaust að efla hugrekki og ánægju manna og traust þeirra á sínu eigin landi. Jeg veit sannarlega ekki, til hvers þingið ætti fremur að veita fje, en til þess að efla þessa trú, trúna á framtíð landsins.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það hefur verið tekið fram af háttv. framsm. (Þ. B.), að meiri hluti nefndarinnar mundi ekki geta fallizt á breyt.till. á þgskj. 168 og í öðru lagi hefur einn af nefndarmönnum, háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) tekið fram ástæðurnar fyrir því. Háttv. 2. þm. Árn. (Ó. Ó.) hjelt snjalla tölu fyrir breytingunni, en mjer þótti hann smyrja heldur þykkt á, enda var um smjör

að ræða. Sumt, af því sem hann sagði, hafði þau áhrif á mig, að mjer fannst það ekki vera til meðmæla fyrir stofnun smjörbúa; hann taldi fram marga og mikla erfiðleika, er þau ættu »að berjast við«, og ljet jafnframt í ljósi hræðslu sína um, að þessi litla breyting hefði þau áhrif, að smjörbúin væru í háska stödd, og þetta varð allt fremur til þess að veikja en styrkja mig í trúnni á framtíð smjörbúanna. Þetta hlýtur að veikja málstaðinn, því ef smjörbúin eru ekki stofnuð með meiri fyrirhyggju en svo, að þau verði að fá 2 aurum meira á pundið til þess að standast, þá eru þau varla eins vænleg til þjóðþrifa, eins og látið er í veðri vaka. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg óski ekki, að smjörbúin standi, heldur af því, að jeg álít töluverðar öfgar í svona löguðum ummælum.

Í minni sveit var síðastliðinn vetur rætt um og samþykkt að koma rjómabúi á stofn; það komst nú ekki á á næstliðnu vori, en það mun komast á á næsta ári. Hlutdeild mín í þessu sýnir, að jeg get ekki verið á móti, að þessi atvinnugrein njóti styrks, eptir því, sem heppilegast er fyrir hana; en það er þó alveg aukaatriði, eins og kom fram á fundi þeim, sem haldinn var um málið; þar *minntist enginn* á, hvort fyrirtækið fengi styrk úr landssjóði eða ekki, heldur var einkum rætt um vegalengdir, kostnaðinn við stofnunina og framlögin. Og á öðrum pólitískum fundi hjá okkur innsveitis, var þetta sama mál rætt, og þá kom sú skoðun beinlínis fram, að þessi verðlaun gætu alls ekki staðið á sama grundvelli, og þau eru nú, og að þau ættu ekki að gilda nema fyrir visst tímabil, t. d. 5 ár. Nefndin hefur í áliti sínu látið sömu skoðun í ljósi, að verðlaunin hjeldust 7—10 ár, svo að það gæti gengið jafnt yfir öll smjörbúin og þau gætu öll fengið verðlaun, hvort sem þau byrjuðu fyr eða seinna. Með þessu ákvæði mun síður hægt að bera þinginu það á brýn, að það sýni nokkurt hringl í þessu máli. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri, til þess að fá *traust og festu*, jeg undirstryka það, í málið, að setja sömu verðlaun fyrir hvert pund, er seldist á 65 a. og þar fram yfir. Nefndin áleit þetta óbrotnast og langeinfaldast, því það er svo ljóst og skiljanlegt, og menn þyrftu þá ekki að vera að »spekúlera« í mismunandi verðlaunum eða hámatinu. Mjer finnst, að vjer náum mestri festu í málinu með þessu móti, og jeg held, að það sje vænlegast til frambúðar að halda sjer við það.

Jeg skal játa, að það gjörir ekki svo mikið til um þessa 2 aura; það yrðu naumast nema 4,000 kr. á ári, sem bættust við verðlaunaupphæðina, en jeg get þó ómögulega sjeð, og jeg vona það sje orðum aukið, að þessir 2 aurar á pundið hafi eins mikla þýðingu fyrir smjörbúin, eins og háttv. formælandi till. vildi láta vera. Jeg vona sem sagt, að þau standi á fastari fótum en svo, að þetta gjöri þeim nokkuð til.

Háttv. 2. þm. Árn. tók það fram, að þessi smjörbú væru beztu og þörfustu stofnanirnar, sem til skamms tíma hefðu komizt á fót í landinu; jeg get verið honum samþykkur í því og vona, að þau reynist svo, vona, að þau megi blessast og blómgvast, þrátt fyrir það þó þau fái engan styrk, því það er þó vænlegast, að þau geti bjargað sjer hjálparlaust, komizt úr skuldum og yfirunnið alla erfiðleika.

Að lokum verð jeg að taka það fram, að jeg get hreint ekki kannazt við, að nefndin í tillögum sínum hafi viljað kippa að sjer hendinni. Till.

hennar sýna það fyllilega, að hún vildi halda verðlaununum áfram, og koma festu á fyrirkomulag þeirra. Það eru allir, sem vilja hlynna að svo þörfum stofnunum. Að því, er snertir ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), get jeg tekið undir með háttv. þm. N.-Múl., að hún var nokkuð mikið »frá almennu sjónarmiði«, og finn jeg því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hana. Henni er svarað með því, sem jeg sagði áður, að við nefndarmenn hefðum viljað fá festu í málið og einmitt goldið varhuga við öllu hringli. Það mun víst hafa vakað fyrir öllum, að það þyrfti að breyta til; það sýna frumv. milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar. Og þótt þetta frumv. yrði fellt í því skyni að halda því fyrirkomulagi, sem nú er, þá hygg jeg, að þeir þm., sem ynnu að því, mundu vinna sjálfu málinu hið mesta ógagn.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Í tilefni af ræðu hins. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Jeg mundi greiða atkv. mitt með tillögum nefndarinnar, ef jeg ætti von á því, að ákvæðin fengju að gilda lengur en í 2 ár, því það álít jeg, að þau þyrftu helzt að gjöra. Það er enganveginn heppilegt að hringla aptur og fram með lögin, því þegar það lag einu sinni er komið á, eru menn allt af í óvissu og ómögulegt að vita, hvað næsta þing kann að gjöra, en ef einhver slík breyting yrði á lögunum, í þessa átt, þá væru þau viðunanleg.

Háttv. 2 þm. N.-Múl. (E. Þ.) sagði, að þingið kippti ekki að sjer hendinni, þó það samþ. frumv., en jeg fæ ekki sjeð, að hann finni þeim orðum sínum stað. Mestur hluti af smjörinu, sem smjörbúin hafa selt, hefur fengið 10 aura verðlaun fyrir hvert pund, en ef nú á að færa þetta niður um helming á 1. eða 2. ári, þá finnst mjer þingið kippa að sjer hendinni, og það getur komið allt of hart niður á þeim smjörbúum, sem einmitt hafa verið stofnuð með hliðsjón af þessum styrk. Smjörbúin eru alls ekki of sæl, þó þau fái styrk eða lán úr landssjóði, því þau þurfa mikils við. Lánið er þeim enganveginn nóg. Jeg get tekið t. d. eitt bú, sem fjekk 2,500 kr. lán úr landssjóði, en það var hvergi nærri nægilegt, svo það varð einnig að taka lán annarsstaðar með óaðgengilegum kjörum.

Ef lög frá 3. okt. 1903 ekki hefðu gefið mönnum góðar vonir um smjörbúin, þá væru þau ekki eins mörg eins og þau eru nú. Á búunum hvílir mikill kostnaður; framleiðslukostnaður er mikill, og þar við bætist flutningskostnaður bæði hjer innanlands og til útlanda, og óhætt er að gjöra þennan kostnað 20 aura af hverju smjörpundi. Ef smjörpundið selst á 75 aura og 5 aura verðlaun bætast við, þá verða þó ekki meira en 60 aurar eptir, þegar búið er að draga kostnaðinn frá, og er það ekkert geypiverð. (*Þórhallur Bjarnarson:* Of dýr rekstur). Já, það getur verið, en varla verður hann mikið minni, þegar líka þess er gætt, að flutningur er dýrari á vetrum.

Jeg mun greiða atkvæði með þessu frv., ef hækkunin, sem farið er fram á á þskj. 168, verður samþ. Bú, sem framleiðir 25—30.000 pd. af smjöri fá með þessari 2 aura hækkun 5—600 kr. styrkviðbót og munar það talsvert miklu fyrir bú, sem ekki stendur fjárhagslega vel.

Breyt.till. á þskj. 150 er jeg mótfallinn, því að slík breyting getur auðveldlega skemmt markaðinn. Það er engin trygging fyrir því, að smjör einstakra manna verði eins útgengileg

vara eins og smjörið frá rjómabúunum, og það því síður sem mjög erfitt er, að hafa eptirlit með smásendingum, sem búast má við að yrðu margar. En þegar þetta smjör einstakra manna kemur til útlanda, þá gengur það undir íslenzku nafni, og reynist það ekki vel, verður það til þess að spilla markaði betra smjörsins. Auk þessa virðist mjer eins og háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), að engin ástæða sje til að verðlauna einræningsskapinn hjá okkur Íslendingum, það er nóg af honum samt.

Eggert Pálsson, (1. þm. Rang.). Það eru orðnar alllangar umræður um þetta mál, og er það mjög eðlilegt, því málið er mikilsvarðandi og hjer koma mörg atriði til greina; marga tekur t. d. sárt til þeirra útgjalda, sem hjer er um að ræða fyrir landssjóðinn og aptur aðra til rjómabúafjelagsskaparins, sem verðlaun þessi miða sjerstaklega til styrktar.

Jeg vil þá leyfa mjer, að fara nokkrum orðum um þetta frumv. af því málið snertir mig talsvert, þar sem mörg rjómabú hafa verið sett á stofn í mínu kjördæmi á síðari árum og líkur hafa verið fyrir, að þeim fjölgaði meir og þau efldust. En hvort svo kann að verða í reyndinni, skal jeg ósagt láta, ef svo fer, að verðlaunin lækki til muna, því að þessi verðlaun hafa einmitt verið þess valdandi, að rjómabúin hafa sprottið upp. Það sýndi sig, að þegar verðlaunin voru minni, þá voru ekki eins mörg rjómabúin sett á stofn, eins og síðar hefur raun á orðið. Það hefur verið sagt, að þessi styrkur væri bæði þarflegur og góður, og er það satt og rjett, þar sem hann hefur mikið stutt að því, að rjómabúin, sem telja má einhver stærstu framfarafyrirtæki í landbúnaðinum, hafa þotið upp. Þegar verðlaunin voru hækkuð fyrir 2 árum, ímynduðu menn sjer, að hjer væri um vissa braut að ræða, sem þingið ekki mundi víkja strax frá; menn vonuðu, að sömu verðlann fyrir útflutt smjör yrðu framvegis veitt rjómabúunum, og þessi von ýtti svo undir marga að stofna ný rjómabú, þrátt fyrir þá erfiðleika, sem á því voru. Erfiðleikarnir á stofnun rjómabúa hafa verið og eru margir og miklir, með því líka að mikið vantar á, að allir bændur sjeu fúsir til að gjörast hluthafar, og sumir hafa jafnvel spillt fyrir rjómabúunum bæði beinlínis og óbeinlínis. Mjer er kunnugt um þetta, því að jeg er sjálfur formaður fyrir einu rjómabúi í mínu kjördæmi; þar hefur það ekki einungis haft spillandi áhrif á vöxt og viðgang rjómabúanna, að smjör þeirra, sem fyrir utan þau standa, hefur vegna stofnunar þeirra, orðið í hærra verði en hluthafar fá fyrir sitt rjómabúasmjör, heldur hafa líka ýmsir, sem fyrir utan þau standa, gjört gabb að fyrirtækjum þessum og reynt til að hindra aðra frá að taka þátt í þeim.

Allt þetta hefur haft mjög skaðleg áhrif á framgang smjörbúanna, og áhrifin yrðu enn þá skaðlegri, ef verðlaunin lækkuðu.

Það verður að gæta að hinum erfiða fjárhag, sem flest rjómabúin eiga við að stríða. Þau standa flest í meiri eður minni skuldum, sem fara eptir aldri, staðháttum og kringumstæðum. Allt verður t. d. dýrara, þar sem langt er til sjávarhafna, en þar sem það er stutt.

Hjá mörgum rjómabúum, sem örðugast hafa átt, mun stofnkostnaðurinn hafa verið um 5000 kr. Þessa upphæð þarf að minnsta kosti að afborga á 10 árum, að frádregnu landssjóðsláni; til þess að geta það, þarf að leggja mikið á hvert eitt smjörpund. Það er

alls ekki óhönduglega með farið, þó að árlegur reksturskostnaður fyrst í stað verði 20 aurar á hvert pund, eins og háttv. þm. Dal. (Bj. Bj.) áætlaði. En þegar 20 aurar leggjast á hvert smjörpund, þá verður eigi svo ýkjahátt verð, sem hluthafar rjómabúanna fá fyrir hvert pund.

Það hefur verið bent á, að ekki mundi vera mikil ástæða til að styrkja þessi smjörbú, af því að þau mundu geta fengið hjer í Rvík svo hátt verð fyrir smjör sitt. En þetta geta rjómabúin ekki notað sjer, því þó að pundið sje selt hjer fyrir 75—80 aura, þá verða að eins tæpir 60 aurar eptir, þegar búið er að draga 20 aura frá í reksturskostnað. En fyrir einstaka menn, sem fyrir utan smjörbúin standa, er þetta verð hátt; og það versta er, að þeir stæra sig einatt af því og reyna að fá menn til þess að ganga úr rjómabúafjelögunum og hnekkja þannig vexti og viðgangi búanna. Og færi það svo, að mönnum almennt virtist það eigi borga sig að vera áfram í rjómabúi, þá mundu þeir eigi horfa í það, að segja sig úr því og borga þá sekt sem við því liggur, sem víðast hvar mun vera 5 krónur fyrir kúgildið. Og ef 5—6 meðalbændur segðu sig á sama tíma lausa við rjómabú, sem hefur c. 10,000 punda framleiðslu, þá er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að yrði að loka því rjómabúi.

En hvernig fer þá? Er þá hægt að koma áhöldum búsins í nokkurnveginn viðunaulegt verð? Nei, sú skoðun mun verða ofan á, að ekki sje til neins að setja önnur rjómabú á stofn, og áhöldin verða þannig ónýt og verðlaus. Og ef svona skyldi fara, hverjuig fer þá með skuldir búanna? Landssjóðsskuldarinnar verður auðvitað krafizt af sveitarfjelögunum, sem hafa ábyrgzt hana, en hinna annara skulda af þeim einstöku mönnum, sem í ábyrgð hafa gengið. En þá gefur að skilja, að ástandið í sveitunum verður enn ægilegra en áður.

Jeg vil ekki segja, að svona muni fara, þó að verðlaunin væru lækkuð nokkuð; en ef þeim yrði algjörlega kippt í burtu, þá er jeg ekki í neinum vafa um, hvernig fara mundi.

Það hefur auðvitað verið fyllilega ljóst h. háttv. nefnd, að rjómabúin gætu komið til að standa illa, og þess vegna hefur hún reynt til, að halda hlífskildi yfir þeim, eptir því, sem hún hefur álitið frekast mögulegt. — Margir hafa litið hornauga til þessa styrks, og þess vegna hefur nefndin eigi sjeð sjer annað fært, en að taka tillit til þess, og af þeirri orsök gengið inn á þá breytingu, að lækka verðlaunin niður í 5 aura á hverju pundi.

Breyt.till. á þskj. 168, fer að mínu áliti í mjög skynsamlega stefnu með því, að þar er gjörður munur á vel verkuðu og miður verkuðu smjöri, auk þess, sem hún gengur ekki eins langt og frumv. eða tillögur nefndarinnar í að lækka verðlaunin. Og af þeim ástæðum mun jeg gefa henni atkvæði mitt.

En hvað viðvíkur breyt.till. á þskj. 150, þá læt jeg mjer nokkurn veginn á sama standa, hvort hún kemst að eða ekki.

Ef breyt.till. á þskj. 168 kemst að, þá er jeg að miklu leyti ánægður með frumv.

En það, sem þó mestu varðar í þessu máli, er að ná einhverri góðri festu, og jeg hefði því helzt kosið, að sett hefði verið ákvæði inn í frumv. um það, hversu lengi hvert smjörbú gæti notið verðlaunanna, til þess að menn þyrftu ekki lengur að vera í sömu óvissunni í þessum efnum.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.); Það er hvorttveggja, að hjer í deildinni er verið að fara með feitmeti, enda er mönnum orðið liðugt um málbeinið.

Jeg bjóst annars ekki við, að þessi litla breyt.till. á þskj. 168 mundi vekja annan eins vind eins og raun hefur á orðið, en það skeður margt, sem maður býst ekki við á þessum dögum. Sízt átti jeg von á því, að annar eins hægðar- og stillingarmaður og háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) mundi þjóta upp eins og hvirfilbylur út af henni. En orð hans um hana og mig neyða mig til þess, að standa upp.

Allar þær umræður, sem orðið hafa um málið, hafa alls ekki breytt skoðunum mínum á því eða hnekkt þeim ástæðum, sem jeg hef fært fyrir þeim. Það kom upp úr kafinu hjá háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.), að nefndin væri horfin frá öllum verðlaunum. Það stendur þó í frumv., að veita eigi »verðlaun«, og skiptir það nokkru, ef ekki á að skilja það svo.

Síðan þetta mál var til umr. í vetur, hafa komið fram 3—4 tillögur um það sín úr hverri áttinni, og sýnir það, að vindurinn blæs úr öllum áttum um þetta veslings mál, svo ómögulegt er að reikna hann út nú og því síður, hvernig hann muni standa á næsta þingi.

Þá sagði háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.), að nú væri hann (vindurinn) orðinn fastur og stöðugur fyrir tilverknað nefndarinnar, en jeg sje ekki annað líklegra, en að hann gangi af áttum aptur, þar sem veðrabrigðin eru svona afar tíð.

Mjer þykir mjög leiðinlegt, hvað háttv. þm. hefur skilið mig illa, eða heyrt illa, hvað jeg sagði. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að nefndarmennirnir vissu ekki, hvaðan vindurinn bljesi. En jeg hef að eins sagt, að þeir vissu ekki, hvaðan vindurinn mundi blása síðar meir.

Enn fremur gat háttv. þm. þess, að við 2. umr. hefði jeg sagt, að nefndin sparkaði mönnum til Ameríku með tillögum sínum og framkomu. Þetta hef jeg aldrei hugsað og því síður sagt. Háttv. þm. býr þetta til sjálfur. Það er hugsun, sem hann einn hefur haft í höfðinu og aldrei hefði átt að sleppa út úr því. Jeg hef að eins sagt, að straumurinn frá sveitunum til kaupstaðanna og Ameríku væri þungur, og hann gæti eðlilega aukizt, ef kjörin versnuðu og fleira amaði að sveitafólkinu. Og þetta er fullkomlega satt og samkvæmt reynslunni.

Háttv. þm. var þó svo hreinskilinn, að hann kannaðist við, að landið væri með tillögum nefndarinnar að kippa að sjer hendinni, sem það hafði hjálpað rjómabúunum með. Aptur á móti sagði annar nefndarmaður, háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), að svo væri ekki. (*Árni Jónsson:* Það sagði háttv. 1. þm. N.-Múl. líka). (*Einar Þórðarson:* Já, það gjörði jeg reyndar). Þetta sýnir festuna hjá nefndinni, eða hitt þó heldur. Eins margar skoðanir eins og nefndarmennirnir og sín skoðun hverja stundina. Og ef þessi hringlandi er ekki skaðlegur, þá veit jeg ekki, hvað skaðlegt er. En jeg hef ekki trú á því, að fastari eða tryggari verði byrinn á næsta þingi. Hví skyldi ekki mega þá líka snúast og hringla? Jeg ímynda mjer, að þm. sjeu orðnir þreyttir á umræðunum og vil jeg því hætta, en vona fastlega, að breyt.till. á þskj. 168 verði samþ.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Jeg get ekki sleppt því, að lýsa alómaklega hnútuna, sem háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) sendi

mjer út af hringlandaskapnum í þessu máli. Jeg held því sama fram nú og á síðasta þingi.

Þegar þetta mál var flutt á þinginu 1903, var í frumv. ákvæði um það, að ekki skyldi verðlauna annað smjör, en það sem framleitt væri á smjörbúi. Það ákvæði var svo orðað: . . . . . »enda sje smjörið búið til á smjörbúi, sem forstaða er veitt af manni, er kann til smjörgjörðar fyrir erlendan markað«. Það frumv. kom frá Búnaðarfjelagi Íslands.

Þetta góða ákvæði var fellt 1903. Meðnefndarmenn mínir í landbúnaðarnefndinni vildu ekki hafa það, og jeg sá mjer ekki fært, að etja kappi um það þá. Smjörbúin voru þá ekki nema 9. Nú eru þau orðin 3svar sinnum 9, og þess vegna er enn meiri ástæða til þess nú — og jafnvel nauðsyn á því, að taka þetta ákvæði inn í lögin.

Jeg hef því fylgt alveg sömu stefnu á þinginu 1903 eins og nú í málinu. Hitt játa jeg, að landbúnaðarnefndin 1903 hafi komið þinginu út á hálan ís í þessu máli. Og tek jeg fúslega minn bróðurpart af þeirri sök, sem á henni hvílir fyrir það. En tillit má taka til þess, að þá var fengin svo lítil reynsla um þetta allt saman, að örlítið var á henni að byggja, og eptir þeim áætlunum, sem gjörðar voru, var alls ekki hægt, að búast við eins háum verðlaunum á hvert pd., eins og raunin hefur á orðið. Þess vegna verður nú að rifa seglin, en þó með gætni, svo að búunum stafi engin hætta af.

Helztu aðstandendur smjörbúanna hjer austan-fjalls töldu tillögur milliþinganefndarinnar viðunanlegar, ef ekki væri farið niður fyrir þær með verðlaunin. Aðalupphæðin, sem ætluð er til verðlaunanna, stendur líka hjer um bil við það sama enn. Og þess vegna álít jeg fullmikið gjört úr voðanum, sem stafi af þessari breytingu. En það er gott og gamalt orð, að »enginn er búmaður, sem ekki kann að barma sjer«.

Jeg get gjarnan unnað smjörbúunum þess, að þau fái þennan viðauka, sem farið er fram á í breyt.till. á þskj. 168. En breyt. á þskj. 150 get jeg ekki verið samþ. og álít jeg þýðingarlaust, að tala meira á móti henni

Það, sem vakti fyrir mjer 1903, var að tryggja smjörmarkaðinn, og það vakir fyrir mjer enn, og þá verður að binda verðlaunin eða styrkinu við búin ein.

Einar Þórðarson, (2. þm. N.-Múl.): Jeg ætla aðeins ar svara háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) örfáum orðum. Hann bar upp á mig, að jeg hefði ekki tekið eptir eða rangfært orð sín. Það er ekki satt; það er hann, sem ekki hefur tekið eptir mínum orðum, eða rangfært þau. Hann sagði að jeg hefði sagt, að nefndin hefði horfið frá verðlaunastefnunni; það er ekki rjett. Jeg gat þess að eins, að til tals hefði komið í nefndinni, að breyta fyrirsögn frv. Hann sagði líka, að jeg hefði sagt, að ef þetta væri samþykkt, væri því slegið föstu til frambúðar. En jeg sagði að eins, að það væri líklegra til frambúðar en hitt.

Hann sagði og, að nefndin væri sjálfri sjer sundurþykk, að háttv. þm. N.-Þing (Á. J.) og mig greindi á, en skoðanir okkar falla einmitt saman um þetta mál. Þá vildi háttv. þm. neita því, að hann hefði gefið í skyn, við 2. umr. þessa máls, að tillögur nefndarinnar mundu leiða af sjer Ameríkuferðir (*Ólafur Ólafsson:* Rangfærsla). Jeg vona, að ræða háttv. þm. sje svo skýrt skrifuð, að í henni megi finna orð þau, er hann talaði; það var naumast hægt, að skilja þau öðruvísi en aðdróttun til allra nefndarmanna, ann-

ara en framsögumanns. Jeg minnist þess, að háttv. þm. tók hann undan. Hefur hann sjálfsagt notið þess, að hann er kunnur að því að vera áhugamaður um landbúnaðarmál, auk þess forseti Búnaðarfjelagsins, og því naumast hugsanlegt, að slíkar tillögur komi frá honum í landbúnaðarmálum. Slíkum aðdróttunum ættu menn ekki að kasta fram hjer í salnum, ekki einu sinni í hita eða hugsunarleysi. Það var sagt í gær hjer í deildinni við umræður annars máls, að sumir þm. gætu ekki sjeð annað en landbúnaðarmál, og jeg gizka á, að jeg hafi átt bróðurpartinn í þeirri ásökun. Auðvitað eru þetta öfgar, sem mjer dettur ekki í hug að undirskrifa, hvorki að því, er mig eða aðra háttv. þm. snertir. En það verð jeg að segja, að það er ólíkt meiri sannleikur í þeirri ásökun gagnvart mjer, að jeg sjái ekkert annað, en landbúnaðarmál, heldur en í hinu, að jeg með tillögum í þeim málum, er snerta landbúnað, vildi ýta undir fólkið með að fara til Ameríku.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Sk.): Háttv. framsm. var sá einasti, sem hefur gjört nokkra minnstu tilraun til þess að hrekja ástæður mínar. En hann gefur mjer ekki tilefni til þess að fara djúpt í málið. Honum skildist, að jeg væri að bregða honum um hringlandaskap. Það var ekki hann persónulega, heldur þingið og nefndin, sem jeg átti við; jeg átti við meiri hluta þingsins og meiri hluta nefndarinnar. Hann viðurkenndi, að það, sem jeg tók fram um tildrög og uppruna laganna, væri rjett, en sagði, að þingið 1903 hefði komizt út á hálan ís í þessu efni. En þó að nú aðgjörðir þingsins 1903 ekki hafi verið sem heppilegast áframhald af því, sem áður var komið, álít jeg samt varúðarvert, að breyta til strax; því eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, er hætt við, að það komi illa á marga, og að öllum óviðbúnum og geti orðið til að vekja óhug og ótrú á þessum atvinnuvegi.

Jeg veit ekki, hvort jeg hef skilið háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) rjett, að þessi lækkuðu verðlaun gætu orðið til þess, að menn gætu fengið meiri verðlaun en ella. Þetta getur ekki stafað af öðru, en því að verðlaunin hækki fyrir lakari tegundirnar, og það álít jeg ekki rjett.

Jeg skal ekkert hafa á móti því, að þetta rjómabúa fyrirkomulag sje gott; en frá því að viðurkenna það, og til þess að segja, að það sje sá einasti vegur, er langt, langt skref, og það eru engar þær upplýsingar komnar fram, að þær hafi sannfært mig um það. Þvert á móti hefur háttv. þm. Dal. (B. B.) skýrt frá því, að reksturskostnaður við rjómabúin væri opt meiri en hjá einstökum mönnum.

ATKVGR.: Breyt. 150 við 1. gr. felld með 16 atkv. gegn 5.

Breyt. 168 við 2. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 8.

Frumv. samþ. með 19 atkv. gegn 1, og afgreitt til forseta Ed. til að leggjast fyrir þá deild.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 28. júlí kom frv. til 1. umr. (A 182).

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Þetta mál hefur verið mikið rætt í háttv. Nd., og tekið þar talsverðum breytingum, og álít jeg þörf á, að það verði hjer vandlega athugað; eins og það liggur hjer fyrir, geta verið spursmál um ýms atriði í því, t. d. hvort ástæða er til þess, að halda áfram að verðlauna smjör. hvort haga skal verð-

launum eins og hjer er ætlazt til, hvort styrkja á smjörbú þannig með beinum styrk, hvort verðhæð smjörsins er hæfilega sett, eða hvort fara á eptir vissri verðhæð. Þetta og margt fleira þarf að athuga vandlega, og þar sem hjer er að ræða um talsverða gjaldaupphæð, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að málið verði athugað í nefnd, og vil því stinga upp á 3 m. nefnd.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það stendur svo á, að jeg hef ekki getað kynnt mjer mál þetta til hlítar enn þá, en vil að eins leyfa mjer að minnast á eitt atriði í málinu; það er nefnt hámat smjörverðsins; á 75 aura þarf pundið að seljast til þess að hljóta 1. verðlaun og 65 aura til þess, að ná 2. verðlaunum. Þetta þykir mjer hin mesta fjarstæða, að ætlast á um smjörverð um næsta $2^1/_2$ ár. Það er engin vissa fyrir, að smjör, sem selst þessu verði, væri í raun og veru verðlaunavert. Það væri rjettara, að fara eptir verði á dönsku smjöri, eins og var áður gjört hjer. Það má reiða sig á það, að hámark verðs á dönsku smjöri verður hámark smjörverðs á heimsmarkaðinum. Smjörverð á heimsmarkaðinum getur vel flúktúerað 20—30 aur. á pundinu á $2^1/_2$ ári, og sjest af því, hversu það er fjarstætt, að miða verðlaunin við eitthvert víst verð.

Með hitt er jeg samdóma háttv. Nd., að verðlaunin sjeu miðuð við vissa auratölu; þau mættu gjarnan vera allt að 20 aura pr. pund 1. verðlaun og 15 aura pr. pund 2. verðlaun, ef smjörverðið væri miðað við smjörverð á dönsku smjöri. Þetta væri eðlilegt og sjálfsagt, og trygging fengin fyrir því, að maður fleygði ekki úr landssjóði mörg þús. krónum fyrir lítið eða ekkert. Jeg hafði bent á fyrir nokkrum árum, að verðlaun á útfluttu smjöri væri betra meðal en verndartollur til þess, að auka smjörgjörð í landinu. En það var ekki meining mín, að það ætti að halda áfram í það óendanlega, að verðlauna smjörútflutning, heldur ættu verðlaunin að eins að hjálpa framleiðslunni á stað, en fara svo smáminnkandi og hverfa loks með öllu. Það er næsta hart fyrir meir en helming landsmanna, fyrst og fremst að borga framleiðendum smjörsins úr sínum vasa stórfje til verðlauna, og um leið útvega sjálfum sjer dýrara smjör. Þetta má rjettlæta sem bráðabirgðarhjálp, en verður ranglátt, ef það á að vara eilíflega.

Jeg hef að eins viljað taka þetta fram til bendingar fyrir nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð til þess, að íhuga mál þetta, og vona jeg, að hún vilji taka dálítið tillit til þess.

ATKVGR. Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Guðjón Guðlaugsson	með	9 atkv.
Þórarinn Jónsson	——	8 ——
Sigurður Jensson	——	7 ——

Í nefndinni var Þórarinn Jónson kosinn formaður og Sigurður Jensson skrifari og framsögumaður.

Á 36. fundi Ed., þriðjudaginn 15. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 182, 359, 369).

Framsögumaður (Sigurður Jensson, þm. Barðstr.): Eins og sjá má af nefndaráliti því, sem vjer, sem háttv. deild hefur kosið til að íhuga þetta mál, höfum komið fram með, eru aðallega 2 breyt.till., sem vjer höfum stungið upp á. Þó þessar breyt.till. sjeu nokkuð verulegar, þá vona jeg, að þær sjeu ekki þannig vaxnar, að þær spilli fyrir málinu, því að það er ekki ætlun vor, heldur erum vje

mjög hlynntir málinu og alveg samdóma Nd. um það, að þetta sje mjög mikilvægt mál og að mikið gott hafi leitt af þeirri stefnu, sem hingað til hefur fylgt verið í þessu máli.

Vjer álítum það mjög glcðilegan og góðan árangur, sem leitt hefur af þessari fjárveiting úr landssjóði, að menn hafa stofnað samvinnusmjörbú, og að smjörútflutningur og smjörsala erlendis hefur komizt á góðan rekspöl. Vjer erum því fullkomlega á þeirri skoðun, að halda eigi áfram í sömu átt enn um tíma.

1. breyt.till. vor fer fram á að tiltaka ákveðna upphæð á ári hvort árið og kalla þessa fjárveitingu styrk eins og t. d. styrkinn til búnaðarfjelaga. Allir, sem hafa fjallað um þetta mál, milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu, stjórnin og nefndin í Nd. hafa fundið til þess, að það er alveg ómögulegt, að ætla á það fyrirfram, hvað smjörútflutningurinn kann að aukast á næstu árum og hvað þessi fjárveiting geti stigið hátt, ef hún er ekki ákveðin; landbúnaðarnefndin talar um, að eptir núgildandi lögum geti fjárupphæðin stigið fram úr öllu hófi. Það var af þeirri ástæðu, að hún lagði til, að lögunum væri breytt, eins og Nd. hefur samþykkt; þá getur enginn sagt fyrir, hvað tillagið úr landssjóði getur orðið. Oss sýnist því rjettara, þegar litið er á fjárhagslegu hlið málsins, að tiltaka vissa upphæð og hafa hana ríflega, heldur en að eiga allt í óvissu.

Nefndin hefur lagt til, að þessi fastákveðna upphæð verði 18,000 kr., og er það nokkuð hærri upphæð en stjórnin hefur áætlað í frumv. til fjárlaga. Jeg þykist viss um, að þingið er fúst á að veita þessa fjárupphæð; hún er svo há, að þetta ætti að vera nægileg hvöt fyrir samvinnusmjörbúin til að flytja út smjör sitt, því að verði útflutningurinn líkur og verið hefur, þá verður styrkurinn líkur því, sem hann var, en verði hann stórum hærri, þá verða verðlaunin eða styrkurinu hlutfallslega minni, en er þá heldur ekki eins mikil þörf á, að styrkja hann af opinberu fje.

2. breyt.till. vor gengur út á, að gjöra meiri mun á hinu útflutta smjöri eptir gæðum. að svo miklu leyti, sem þessi mismunur kemur fram í söluverði smjörsins Það er eptir vorri skoðun aðaltilgangurinn með þessari fjárveitingu, að hvetja menn til að vanda sem bezt verkunina á smjörinu. Ef það er ekki gjört, þá verða þessar framfarir ekki til frambúðar. Ef menn fara að viðhafa minni vandvirkni við smjörgjörðina og hugsa að eins um, að flytja út sem mest, þá er hætt við, að það fari eins um þessa vöru eins og svo margar aðrar íslenzkar vörur, sem hafa fengið óorð á sig erlendis og enginn vil kaupa nema fyrir lægsta verð. Oss hefur því hugkvæmst, að skipta smjörinu niður í 3 flokka þannig, að í 1. flokki er smjör, sem selst á 80 a. og meira hvert pund, í 2. flokki smjör, sem selst á 70—80 a. og í 3. flokk smjör, sem selst á 65—70 a. Styrknum skal svo skipt þannig, að fyrir smjör í öðrum flokki reiknast styrkurinn 50% hærri en fyrir smjör í 3. flokki og fyrir smjör í 1. flokki tvöfalt hærra en fyrir smjör í 3. flokki.

Með þessari skiptingu ætlum vjer að ná þeim tilgangi laganna að upphörfa menn til að vanda vöru sína. Jeg hef heyrt menn kasta því fram, að útbýting verðlaunanna verði svo erfið eptir þessu, en jeg gjöri ekki svo mikið úr þeim erfiðleikum, og ímynda mjer. að stjórnarráðinu verði ekki skotaskuld úr því.

Þetta eru nú aðalbreytingarnar og hinar aðrar breytingar nefndarinnar

leiða af þeim. Enn fremur hefur nefndin komið fram með breyt.till. á sjerstöku þgskj. (369), um breyting á fyrirsögn frumv. í samræmi við hinar aðrar breyt.till. sínar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv. að sinni.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það hefur farizt fyrir hjá mjer vegna annríkis að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta.

Það er eitt atriði, sem jeg er ekki ánægður með, og það er að ákveða fast verðupphæðina á smjörpundinu á verðlaunasmjöri, því enginn getur sagt hvernig smjörverð verður í árslok 1907 á heimsmarkaðinum. Jeg hefði helzt kosið, að verðlaunin væru miðuð við einhvern fastan mælikvarða, eins og verð smjörmatsnefndarinnar dönsku. Þá er maður allt af viss um að fá rjettan mælikvarða í samræmi við markaðsverð á heimsmarkaðinum. Eins álít jeg mjög vafasamt hvort verðlauna eigi það smjör, sem ekki selst meira en 65 a. pd., því bæði eru nóg not fyrir það hjer í landinu sjálfu, enda er jeg hræddur um, að það smjör, sem ekki selst meira, verði einungis til að spilla fyrir íslenzku smjöri. Jeg vil leyfa mjer að skjóta þessum athugasemdum til hinnar háttv. nefndar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það hefur farið líkt fyrir mjer og hinum háttv. 4. kgk. þm., að jeg hef ekki haft tíma til þess að koma fram með breyt.till. við frumv. Mjer líkar að sumu leyti vel við breytingar háttv. nefndar, einkum að því leyti, sem hún hefur aukið hvötina fyrir smjörbúin að vanda sem mest smjörgjörðina. Því það er ekki meiningin, að styrkja menn til þess að flytja sem mest út, heldur til þess að framleiða sem beztar vörur. Jeg get ekki verið með því, að verðlauna smjör, sem ekki selst hærra verði en 65 a., því jeg álít, að heppilegra sje, að eyða því hjer heima, þar sem nógur markaður er fyrir það, enda gjörir slíkt smjör ekki annað en að spilla markaðinum á íslenzku smjöri í útlöndum.

Hinn háttv. 4. kgk. (J. Ó.) vildi miða við hámark danska smjörverðsins, en jeg hygg, að tillögur nefndarinnar sjeu heppilegri í þessum efnum og felli mig því betur við þær.

Jeg get því fallizt á að samþykkja flestar breyt.till. nefndarinnar, að því undanskildu, að jeg vil ekki láta verðlauna smjör, sem selst undir 70 a. pundið, og mun jeg koma fram með breyt.till., sem fer fram á það til 3. umr.

Þórarinn Jónsson (6. kgk.): Jeg ætla mjer að skýra eitt atriði, sem hv. 4. kgk. (J. Ó.) talaði um, nefnilega að miða við hámark danska smjörverðsins.

Nefndin tók þetta atriði til rækilegrar íhugunar, en komst að þeirri niðurstöðu, að sú aðferð, sem hún stingur upp á, sje heppilegri, og lögin nái fremur sínum tilgangi með henni. Það hefur komið fyrir, að hámat smjörmatsnefndarinnar dönsku hefur komist niður í 82 a., og það smjör sem seldist þá á 62 a., lakasta smjör hjeðan, fjekk hæstu verðlaun. Þetta verður að telja óeðlilegt og utan við tilgang laganna, og sýnir það einnig ljóslega, að hámatið fer ekki eptir söluverðinu, því þá hlyti íslenzkt smjör að falla að sama skapi, en slíkt hefur ekki verið tilfellið.

Milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu hefur einnig bent á þetta atriði, og tekið það fram, að nú væri verið að gjöra ráðstöfun til þess að færa þetta í lag í Danmörku. En þar sem engin vissa er fyrir, að slíkt fari nokkurn tíma saman, gat nefndin ekki fall-

izt á þetta og áleit þennan veg heppilegri.

Enn fremur er það aðgætandi, að lög þessi gilda ekki nema út þetta fjárhagstímabil og meining þingsins er aðallega sú, að styrkja og hvetja menn til að vanda smjörgjörð og hlynna að stofnun smjörbúanna. Það hefur komið ljóslega fram á þinginu sú stefna, að styrk þessum verði kippt af búunum eptir vissan árafjölda, þegar þau sjeu búin að ná nokkurnveginn viðgangi, og að öll búin, þau sem er verið að stofna og stofnuð verða, njóti hans jafnt áraskeið. Þó er því raunar haldið fram, að þau, sem byrjað hafa að brjóta ísinn, eigi í eðli sínu að hafa hann lengur, en því verð jeg að mótmæla. Þessi fyrirtæki eiga opt mjög erfitt uppdráttar í byrjun, einkum að því leyti, að fá menn í þennan fjelagsskap. Menn eru margir ragir og vilja sjá, hvernig öðrum byrjar, og því verða þeir opt fáir stofnendurnir í fyrstu; það leiðir aptur af sjer, að allt er erfiðara og hefur í för með sjer meiri kostnað. Það verður því að álítast fullkomin skylda þingsins, að styrkja þessi bú jafnlangan tíma og þau, er fyrst voru stofnuð, gætandi þess, að fyrstu búin byggðu á fagþekkingu ráðanauta landbúnaðarfjelagsins og stóðu því ekkert ver að vígi.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að menn læri að vanda vöruna sem bezt, og fái með styrknum nægá hvöt til þess, svo að íslenzkt smjör fái gott orð á sig á heimsmarkaðinum.

Jeg skal ekki um það segja, nema það væri máske heppilegast að kippa burt 3. flokknum; honum höfum við haldið af því, að neðri deild lagði kapp þar á. Nefndin mun íhuga það til 3. umr., enda kom það til umræðu í nefndinni.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Tveir háttv. þm. (V. G.) og (J. Ó.) sögðu, að þeir álitu ekki rjett að verðlauna smjör úr 3. flokki; eins og hv. 6. kgk. (Þ. J.) tók fram, þá kom það til orða í nefndinni, að sleppa alveg 3. fl., en nefndin vildi ekki halda því fram; það er reynsla fyrir því, að það hefur komið fyrir, að jafnvel gott smjör hefur ekki selst fyrir meira en 62 a. Eins kom til orða í nefndinni, að miða við hámark danska smjörverðsins, en okkur var ráðið fastlega frá því af þeim mönnum, sem eru þessu máli kunnugastir. Vjer vildum yfir höfuð ekki gjöra meiri breyt. á frumv., en nauðsynlegt var, og höfðum fyrir augum samkomulag við hina háttv. neðri deild. Jeg skal sem framsm. nefndarinnar lýsa yfir því, að vjer skulum taka það enn til rækilegrar íhugunar, hvort kippa skuli burtu 3. flokki. Að endingu vona jeg, að hin háttv. deild greiði sem bezt fyrir þessu máli.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er í öllum aðalatriðum samdóma hv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) og hv. 2. þm. K.-G. (V. G.) um það, sem þeir hafa tekið fram, að eðlilegast sje að miða verð íslenzks smjörs við markaðsverð dansks smjörs. Það getur að vísu haft nokkuð til síns máls, að þegar verðið er mjög lágt erlendis, þá geti jafnvel gott íslenzkt smjör misst rjett til verðlauna eða styrks. En mjer finnst, að það mætti samcina þetta með því, að setja ákvæði um, að veita ekki styrk fyrir smjör, sem seldist minna en 70 a. Yfir höfuð álít jeg það varhugavert, að gefa verðlaun fyrir vont smjör, því að eins og hv. 2 þm. K.-G. tók fram, þá getur það spillt fyrir íslenzku smjöri og þannig orðið til ills. Jeg fyrir mitt leyti er helzt á því, að ekki ætti

að verðlauna smjör, nema því að eins að það seldist að minnsta kosti á 75 a., og finnst mjer að það mætti vel hafa það sem lágmark, og fyrir það smjör, sem seldist yfir 85 a., helmingi hærri styrk. Annars finnst mjer sú niðurstaða, sem nefndin hefur komizt að, mjög skynsamleg, nefnilega að fastákveða vissa upphæð til styrkveitinga og að gjöra meiri mun á góðu og vondu smjöri, eða með öðrum orðum, að miða styrkveitinguna meira við gæði smjörsins, en við það, hversu mikið er flutt af því út úr landinu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram, að gott smjör hefði stundum selzt svo lágt á erlendum markaði, að ekki hefði fengizt meira en 62 a. fyrir pundið, þá er það alveg rjett. Verðið á smjörinu breytist eptir árstíðunum. Sama smjör, sem selst á 90 a. annað árið, getur fallið niður í 60 a. næsta ár. Þetta sýnir og sannar, að auratalan er ekki sönnun fyrir gæðum smjörsins. Þetta er því einmitt sterkasta hvötin til þess að miða við hámark verðsins á heimsmarkaðinum á hverri viku. Auðvitað er nokkurt ómak við það, og meira en á útreikningnum í stjórnarráðinu, sem minnzt var á áðan, en það er þó að minnsta kosti ekki ókleyft, enda hefur það tekizt hingað til.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þgskj. 359 við 1. gr. samþ. með 12 atkv.

1. gr. frumv. þar með fallin.

2. breyt.till. á þgskj. 359 við 2. gr. samþ. með 11 atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

3. breyt.till. á þgskj. 359 við 3. gr. fyrri málsgrein samþ. með 12 atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 359 við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr., breytt, samþ. með 12. atkv.

5. breyt.till. á þgskj. 359 við 4. gr. samþ. með 12 atkv.

4. gr., breytt, samþ. með 12 atkv.

5. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (369) við fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frumv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 17 ágúst kom frv. til 3. umr. (A 432,423.)

Ágúst Flygenring (5. kgk.): Jeg er nefndinni mjög þakklátur fyrir það, hvernig hún hefur tekið þessu frv. um verðlaun fyrir útflutt smjör. Sjerstaklega, að hún hefur ákveðið vissa upphæð og að hún hefur breytt nafni þess og kallað það styrk, en ekki verðlaun. Því að hingað til hefur það siglt undir fölsku flaggi. Vjer höfum komið hjer fram með breyt.till., fyrst að lækka þessa upphæð, sem veita skyldi, og í öðru lagi að færa upp lágmark verðs þess smjörs, er verðlauna skyldi. Jeg lít svo á, að það sje ekki rjett að styrkja vont smjör, og þess vegna höfum vjer sett það, að ekkert smjör skyldi verðlauna, er seldist lægra verði en 70 a. 65 aura smjör er vanalega svo slæmt, að það selst illa hjer, hvað þá heldur í útlöndum. Sömuleiðis legg jeg mikla áherzlu á það, að ekki sjeu hafðir nema tveir flokkar. Hitt atriðið, að færa styrkinn niður í 15 þús. úr 18 þús., gæti ef til vill orðið til þess, að neðri deild felldi frv. alveg, og væri það leitt, því að þá gæti svo farið, að vjer yrðum að blæða 60 þús. á næsta fjárhagstímabili, því þá yrði auðvitað sömu reglu fylgt og síðasta fjárhagstímabil, og væri það vissulega hróplegasta misrjetti, að veita svo mikið fje til landbúnaðarins í þessu skyni, sem hann nú er styrktur svo mjög að öðru leyti

en aðrir atvinnuvegir landsins nálega ekkert. Jeg vildi heyra undirtektir háttv. deildarmanna um þetta, því jeg vil þó heldur halda 18 þús., ef hætta væri á, að niðurfærslan gæti orðið frv. að falli í Nd. Jeg vil geta þess, að það er prentvilla í breyt.till., vantar band á milli 70 og 80.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.). Við 2. umr. þessa máls var nokkuð talað um þessi atriði, sem hjer er um að ræða, og ætla jeg fyrst að minnast á síðara atriðið. Nefndin hefur athugað það og er alveg samdóma um það, að mikið sje rjett í því að verðlauna ekki 65 aura smjör, en af samtali við menn í Nd., hyggur hún þó, að það muni vera málinu fyrir beztu að láta þetta halda sjer óbreytt. Nd.-menn leggja svo mikla áherzlu á þetta, að það kynni að verða frumv. að fótakefli þar í deildinni. Þess ber að gæta, að verðið er ekki eingöngu komið undir því, hvernig gæði smjörsins eru, og þetta verð, 65–70 a., getur komið fyrir, þó að smjörið sje gott, t. d. þegar lágt verð er á markaðinum, svo að það gæti orðið bagalegt fyrir nýstofnuðu smjörbúin, ef þau yrðu svo óheppin að hitta á þetta lægsta verð, að eins af því, að þau sendu smjörið út á óhentugum tíma. Þar að auki hlýtur þetta smjör, eptir því, sem vjer höfum flokkað smjörið, aldrei nema lítinn styrk, því að það, sem bezt er af smjörinu, tekur náttúrlega mest af styrknum. Hvað hinu atriðinu viðvíkur, þá sá nefndin sjer ekki fært að fara lægra, en 18 þúsund kr. Árið 1904 var þetta einmitt upphæðin, sem veitt var til smjörbúanna, og þar sem útlit er fyrir, að meira verði flutt út næstu árin, þá kæmi niðurfærslan harðast niður á þeim smjörbúum, sem eru nýstofnuð og aldrei hafa styrk fengið. Úr því að allir eru svo ánægðir með áhrif þau, sem þessi fjárveiting hefur haft, þá held jeg, að rjettast sje að fara hægt í því að ganga aptur á bak. Jeg vil því mælast til, að hærri upphæðin verði samþykkt.

Eiríkur Briem (2. kgk.): Út af orðum háttv. 5. kgk. þm., þar sem hann ljet í ljósi, að málið, ef til vill, næði ekki fram að ganga, ef styrkurinn væri færður niður, þá er jeg líka á því, að svo mundi vera. Hvað síðari breyt.till. viðvíkur, þá held jeg, að hún mundi ekki verða til þess, að málinu hlekktist á. Jeg vil því skjóta því til háttv. flutningsm., að taka fyrri breyt.till. aptur.

Jón Ólafsson (4. kgk.). Það er önnur breyt.till., sem vjer leggjum mesta áherzluna á; en viðvíkjandi því, að Nd. muni fella frumv., ef þessi breyting verði gjörð, þá held jeg, að það sje svo mikill áhugi þar í deildinni að koma frumv. í gegn, að það sje engin hætta á, að þetta verði til að fella frumv.

Eiríkur Briem (2. kgk.). Það er fyrri breyt.til., sem jeg verð að mæla á móti, hin seinni held jeg að sje ekki svo hættuleg.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.). Jeg ímynda mjer, að Nd. sje líka eindregið á móti þessari fyrri breytingartillögu. Hún hefur mikinn áhuga á, að smjörbúin fái nokkuð ríflegan styrk, og ef svo fer, að Nd. fellir frumv., af því að henni þykir 15000 kr. of lítill styrkur, þá standa gömlu lögin; í stað þess að spara þessar 3000 kr., sem flutningsmenn breytingartillögunnar eru að hugsa um, verður þá tillagið til smjörbúanna 50—60 þús. á fjárhagstímabilinu. Jeg verð þess vegna að ráða háttv. deild til að fella breyt.till.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg er háttv. þm. þakklátur fyrir undirtektir þeirra undir breyt.till. okkar, og get lýst yfir því, að við tökum aptur fyrri breyt.till. en þá seinni ekki. Jeg held, að óþarfi sje að verðlauna það smjör, sem ekki selst á 70 aura, og held, að lágmarkið sje ekki of neðarlega.

ATKVGR. 1. breyt.till. á þgskj. (423) við 1. gr. tekin aptur.

2. breyt.till. á þgskj. (423) við 2. gr. samþ. með 6 : 3 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A. 459, 515).

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Jeg hef litið að segja um þetta frumv. fram yfir það, sem er í nefndarálitinu. Háttv. Ed. hefur vikið því við í þá áttina, sem það hafði upphaflega hjá milliþinganefndinni, nefnilega að láta einn flokk smjörsins vera verðlaunalausan og láta svo styrkveitinguna fara fram alla í einu eptir á.

Eptir smjörsölunni síðasta ár hefðu 12% engin verðlaun fengið, 60% lent í lægri flokkinum og 28% í hærri flokknum, en þetta getur auðvitað breytzt ár frá ári.

Háttv. Ed. mun leggja áherzlu á það, að föst og ákveðin upphæð sje veitt til smjörbúanna á fjárhagstímabilinu, og úr því sú upphæð var sett allrifleg, gátum vjer og aðhyllzt það nýmæli.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg vil aðeins leyfa mjer að gjöra eina litla fyrirspurn til nefndarinnar. Hvernig er til ætlazt, að lögunum verði framfylgt, ef svo óvænt tilfelli skyldi koma fyrir, að stórkostlegt verðfall yrði á smjöri í Englandi. rjett eptir að búið væri að senda t. d. 100,000 pd. af smjöri þangað? Ef það væri nú búið að selja þetta smjör, þegar verðið fjelli og svo yrði sent meira hjeðan, sem seldist minna en 70 aura pundið, er þá meiningin, að þessi 100,000 pd. ættu að fá öll verðlaunin, 18 aura á hvert pund, en hitt smjörið ekki neitt?

Ef þetta verðfall stafar af ástæðum, sem menn hjer alls ekki geta að gjört, þá væri þetta slæmur ójöfnuður.

Jeg get búizt við, að menn svari því, að þetta geti tæpast komið fyrir. En því verður þó ekki neitað, að slíkt er mögulegt, og lögin eiga að taka alla mögulegleika til greina. »Bústu við því illa, því það góða skaðar ekki«, segir gamla máltækið, og það á við í þessu efni. Það væri rjett að ákveða víst hámark fyrir styrkinn; við það yrði hann ef til vill minni einstöku sinnum, en í flestum tilfellum gjörði það hvorki til nje frá.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Nefndin hefur ekki sjerstaklega athugað þetta atriði, sem háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) nú vjek að. Hugsanlegt kann þetta að vera, en varla meira. Öll þessi ár, sem smjörið frá smjörbúunum hefur verið sent út, hefur meðalverðið verið 76—79 aurar pd. og í ár verður það hærra. Að meiri hluti smjörsins hjeðan seljist undir 70 aurum getur ekki, að minni hyggju, komið til mála. Heldur ætti þó smjörgjörðinni að fara fram.

Þó að nú fari svo, að töluvert stærra brot en hingað til seljist undir 70 aur., og verði því verðlaunalaust eptir nýju lögunum, þá verður ekki svo mikill ójöfnuður úr því. Það kæmi á vissan kafla ársins, fleiri eða færri vikur, og búin senda frá sjer eins fljótt og

þau geta, og vonda verðið og styrkmissirinn kæmi þá nokkuð jafnt niður á búin.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 16 atkv. gegn 9 og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

VII. Geðveikrahæli.

Á 4. fundi Nd., miðvikudaginn 5. júli kom frumv. til laga um stofnun geðveikrahælis til 1. umr.

Málinu var umræðulaust vísað til 2. umr. og 3 manna nefnd samþykkt. Þessir 9 þingmenn æsktu þá hlutfallskosningar:

Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, Guðlaugur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Magnús Andrjesson, Björn Bjarnarson.

Síðan fór fram hlutfallskosning og voru kosnir í nefndina:

Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk.,
Ólafur Ólafsson, 2. þm. Árn.,
Ólafur Thorlacius, 1. þm. S.-Múl.

Í nefndinni var Guðm. Björnsson kosinn formaður og Ólafur Thorlacius skrifari og framsm.

Á 26. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ág. kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A. 99).

Framsögumaður Ólafur Thorlacíus, 1. þm. S.-Múl.): Mál það, sem hjer liggur fyrir, hefur fengið svo mikinn undirbúning, að það þarf ekki margra skýringa við. Eins og kunnugt er, lagði stjórnin það fyrir þingið eptir tillögum milliþinganefndarinnar í fátækramálinu; hún hefur gjört áætlun um byggingar- og reksturskostnað við geðveikrahælið hjer á landi og á þessari áætlun er frumv. byggt.

Nefnd sú, er kosin var í málið hjer á þingi, athugaði fyrst, hver þörf væri á þessari stofnun, og duldist henni ekki, að þörfin var brýn. Að vísu heyrðist ein rödd um það í umræðunum um síðasta mál á dagskrá, að það væri ekki meiri þörf á þessari stofnun nú en áður hefði verið. En svo má segja um öll framfaramál: vegabætur, jarðabætur og jafnvel sjálft stóra málið, sem nú er fyrir þinginu, ritsímann.

En þörfin vex eptir því sem geðveiklingum fjölgar, og skýrslurnar sýna, að þeim fer allt af fjölgandi í landinu. Eptir skýrslum um geðveika 1901 voru þeir þá 133, þar af 121 á sveit. Jeg ætla að tala sem minnst um meðferðina á geðveiklingum hjer á landi, bæði af því að hún mun flestum kunn og af því að jeg álít, að bezt muni að sem minnst sjáist um hana á prenti, en það mun ekki of djúpt í árina tekið, þó að sagt sje, að hún sje hneyxli. Úr þessu yrði bætt með því, að stofna hæli handa þessum aumingjum. Reynslan hefur sýnt, að þessir sjúklingar verða naumast læknaðir nema á sjerstökum stofnunum, sem stjórnað er af sjerfræðingum. En hjer er aðstandendum þeirra ekki fært að koma þeim til lækna. Hjer er enginn sjerfræðingur í þessari grein. En að senda þá til útlanda, er flestum litt kleyft kostnaðarins vegna, enda erfitt að fá

pláss handa þeim á spítölum erlendis, því að nágrannaþjóðirnar hafa ekki einu sinni nógu mikið spítalarúm fyrir sína eigin geðveiklinga, hvað þá meir.

Þegar nefndin var komin að þeirri niðurstöðu, að nauðsyn væri á þessari stofnun, þá tók hún til athugunar, hve stór hún þyrfti að vera. Eins og jeg tók fram áðan, var tala geðveikra árið 1901, 133. Stjórnin ætlast til í frumv. sínu, að stofnunin verði ekki stærri en það, að $^1/_6$ þeirra komist þar fyrir. En með því móti yrði hún eins og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók fram, ekki geðveikrahæli, heldur geðveikrakytra.

Nefndin sá, að það mundi þurfa að stækka þetta hæli, þegar á næsta þingi, og þessvegna væri ráðlegra að hafa það þegar í upphafi nógu stórt, en nóg hjelt hún að það væri, ef það tæki 40—50 sjúklinga; hún hjelt, að ekki mundu fleiri koma en 40—50, þótt sjúklingar alls hjer á landi sjeu á annað hundrað.

Þá tók nefndin til íhugunar, hvar hælið ætti að vera; heppilegast þótti henni að hafa það nálægt Reykjavík, og voru það einkum tvær jarðir, sem hún hafði augastað á, Kleppur, sem er eign Reykjavíkurbæjar og þjóðjörðin Ás við Hafnarfjörð. Bæjarstjórnin í Reykjavík hefur umráð yfir Kleppi. Nefndin skrifaði bæjarstjórninni og spurðist fyrir um, hvort hún vildi leigja einhvern hluta jarðarinnar í þessu augnamiði og með hvaða kjörum. Bæjarstjórnin gaf kost á því að leigja 100 dagsláttur úr Kleppslandi, þar í talið tún jarðarinnar, fyrir 100 kr. um árið. Þá leitaði nefndin sjer upplýsinga um jörðina Ás, til sýslumannsins í Hafnarfirði, en svarið var svo óákveðið, að ekki var mikið á því að græða. Nefndin verður því að leggja það til, að gengið sje að tilboði bæjarstjórnarinnar.

Að því, er kostnaðinn snertir, get jeg að mestu látið mjer nægja að vísa í nefndarálitið. Árlegi reksturskostnaðurinn hækkar auðvitað við það, að hælið verður stærra, og þarf ekki að eyða orðum að því. Nefndin vildi komast hjá því, að stofna sjerstakt læknisembætti við þennan spítala, og reyndi því að fá lækninn við holdsveikraspítalann til að taka að sjer læknisepturlitið við geðveikrahælið jafnframt sínu embætti. En þegar það reyndist með öllu ófáanlegt, þá sáum vjer oss neydda til, að leggja það til, að stofnað yrði sjerstakt læknisembætti við hælið með 2,400 kr. launum. En til þess að bæta úr þessari auknu launabyrði, telur nefndin, að vel megi takast að sameina forstöðumannsembættið og læknisembættið. Sparast við það laun forstöðumannsins og fæst um leið húsnæði handa lækni, þar sem hann getur þá fengið íbúð þá, er forstöðumanninum er ætluð. Nefndin verður enn fremur að leggja mikla áherzlu á það, hve ómetanlegur hagur það yrði fyrir hælið, að læknirinn byggi þar sjálfur; þá gæti hann gefið sig allan við starfi sínu og lagt fram krapta sína óskerta í þjónustu spítalans.

Um áætlunina er að öðru leyti ekki mikið að segja. Tillagið úr landssjóði er áætlað 10,860 kr. og er það hið allra fyllsta, sem þurfa mundi. Tekjumegin er sleppt öllum tekjum af búskap, sem ætla má að verði talsverðar þegar fram í sækir, því t. d. að taka, hafa mjólkurkaup verið eigi alllítill útgjaldapóstur við Laugarnesspítalann, en þau mundu sparast að miklu leyti, ef spítalinn ræki sjálfur bú. Í áætlunum nefndarinnar er yfir höfuð að tala miðað við reynslu þá, sem fengizt hefur á Laugarnesspít-

alanum, og má því ætla, að hún fari nærri sanni. Jeg fjölyrði svo ekki meira um þetta mál að sinni; jeg vona, að því verði vel tekið, því þetta er bæði nauðsynja- og mannúðarmálefni og gengur í þá átt, að líkna og lækna mestu aumingjana, sem til eru í mannfjelaginu.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Háttv. framsm. (Ó. Th.) sagði, að mál þetta hefði legið svo lengi fyrir, að flestir hefðu þegar áttað sig á því, en jeg verð þó að segja, að ekki er svo, að því er mig snertir. Jeg stóð upp aðallega til þess, að beina nokkrum spurningum til háttv. nefndar og framsm., og afla mjer þannig upplýsinga; skal jeg því ekki tala um málið frá almennu sjónarmiði, ekki fara út í það, hvort gjörlegt sje eptir atvikum, að leggja út í þennan kostnað, nje heldur taka málið í sambandi við málið næst á undan[1]. Það er að eins áætlunin, sem jeg ætla að fjalla um. Í nefndarálitinu er sagt, að miðað sje við holdsveikraspítalann í Laugarnesi, en þar ber þó í sumum liðum á milli og viðvíkjandi því, ætla jeg að leita mjer upplýsinga. Jeg hef fyrir mjer áætlunina og reikninga holdsveikraspítalans síðasta ár.

Það er þá fyrst, að ætlazt er til, að burt falli við geðveikrahælið 3 starfsmenn, sem eru við Laugarnesspítalann. Jeg sje heldur ekki annað, en að komizt verði af án sjerstaks gjaldkera, og sama er að segja um húsmóður; en svo er í þriðja lagi lagðar 200 kr. til prests við holdsveikraspítalann, og jeg veit ekki, hvort geðveikrahælið getur komizt af prestsþjónustulaust, og leyfi mjer því að spyrja nefndina, hvort sá póstur eigi að falla burt.

Næsta atriðið er kostnaður til eldsneytis; þar er áætlað hjer um bil helmingi lægra til geðveikrahælisins, en holdsveikraspítalans; jeg álít að vísu ástæðu til að sá kostnaður sje nokkru minni fyrir 50 sjúklinga, sem ætlazt er til að verði á geðveikrahælinu, en fyrir 60, sem eru á holdsveikraspítalanum, en mjer finnst munurinn of mikill. Ljósmeti kostar holdsveikraspítalann árlega 650 kr., en er áætlað 350 kr. fyrir geðveikrahælið. Sömuleiðis finnst mjer munurinn allmikill á viðhaldskostnaði húsa, það er við holdsveikraspítalann 1200 kr. árlegur kostnaður, auk 1,000 kr., sem á síðasta ári þurfti til þess að mála húsið; en ráð er fyrir gjört, að húsaviðhald við geðveikrahælið nemi að eins 600 kr. árlega. Skattar og vátryggingargjald eru af holdsveikraspítalanum 788 kr., en hjer er gjört ráð fyrir 200 kr. til þessa. Og ýms önnur gjöld eru áætluð helmingi minni en til holdsveikraspítalans, en þó munar mestu á kostnaði til þvotta og ræstinga, því hann er á holdsveikraspítalanum 1,300 kr. árlega, en hjer áætlaður að eins 360 kr. fyrir utan fæðiskostnað handa hreingjörðarkonum á báðum stöðunum. Jeg get nú vel skilið það, þó þessi útgjaldapóstur sje hár á holdsveikraspítalanum, en þessi munur er þó nokkuð mikill; því jeg get ekki skilið, að þvottur og ræsting á geðveikrahælinu geti orðið ódýrari, en á heimilum ósjúkra manna. Um þetta vildi jeg gjarnan heyra álit nefndarinnar.

Jeg hef yfirleitt fengið þau áhrif af því að bera saman reikninga holdsveikraspítalans og áætlun nefndarinnar um geðveikrahælið, að nefndin hafi yfir höfuð sett allt sem lægst. Það var aðallega þetta, sem jeg vildi benda á, því það er nauðsynlegt í þessu máli að vita sem bezt um allan kostnað. Jeg skal, sem sagt, ekki taka fyrir þá almennu hlið málsins nú, en jeg leyfi

1) frumv. til laga um gjald til landssjóðs frá sýslufjelögum.

mjer að taka það fram, að að svo miklu leyti, sem jeg get aðhyllzt stofnun þessa geðveikrahælis, er jeg fremur með tillögum nefndarinnar, en frumv. í því, að rjett sje að gjöra hælið heldur í stærra, en minna lagi, ef það á annað borð verður byggt.

Háltv. framsm. sagði, að menn kynnu að segja, að eins mætti komast af án geðveikrahælis hjer eptir eins og hingað til, en jeg álít, að þetta sje mjög þarft og nauðsynlegt fyrirtæki. Í annan stað bar háttv. framsm. þetta saman við vegagjörðir, brúargjörðir o. fl., þess háttar, sem miðar til að efla »ökónómiskan« hag. En þetta er í rauninni allt annað. Í frumv. er nfl. farið fram á útgjöld, sem miða til að bæta hag þeirra, sem við bág kjör eiga að búa, og jeg álít það í alla staði þarft verk og þakkavert. En á hinn bóginn er það, að þeir, sem fátækir eru, verða að sætta sig við að láta mannkærleikaverkin sitja á hakanum fyrir því, sem er til »ökónómisks« hagnaðar, og jeg er því ekki ráðinn í, hvort jeg get stutt þetta mál.

Ólafur Thorlacíus (1. þm. S.-Múl): Jeg skal leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar viðvíkjandi þeim atriðum, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) talaði um. Honum þótti áætlun nefndarinnar ekki bera vel saman við útgjöldin við holdsveikraspitalann. Fann hann það fyrst til, að ætlazt sje til, að 3 starfsmönnum, sem nú eru við Laugarnesspitalann, sje ætlað að falla í burtu við geðveikrahælið.

Háttv. þm. svaraði sjer sjálfur, og komst þar að því rjetta, að því er snertir gjaldkera og húsmóður. Læknunum eru ætluð gjaldkerastörfin og húsmóðir verður þar óþörf eins og ætlazt er til, að tilhögunin verði. En það, að eigi þarf prest við þessa stofnun, hjelt jeg að væri skiljanlegt, því þar eru ólík skilyrði fyrir hendi. Prestinum á holdsveikraspitalanum mun ætlað að prjedika guðsorð fyrir sjúklingunum þar, sem eflaust langflestir eru færir um að hlýða á slíkt, og veita því athygli, en allur guðsorðalestur er auðvitað meiningarlaus, þegar um vitfirringa er að ræða.

Viðvíkjandi því, að eldsneyti er áætlað minna, en við holdsveikraspitalann, er því að svara, að það kemur til af þeirri ástæðu, að til er ætlazt, að í geðveikrahælinu verði »centralhiti«, sem þarf miklu minna eldsneyti til.

Þá er það um viðhald hússins að segja, að það er viðurkennt, að viðhald á nýjum húsum er ætið minna, en á þeim, sem tekin eru að eldast; og að síðustu, að þvotta- og ræstingakostnaður er áætlaður svo miklum mun lægra en á holdsveikraspitalanum, kemur til af því, að mjög mikill kostnaður stafar af því, að hirða sár og af öðrum umbúnaði sára á holdsveikum mönnum. Háttv. þm. gat þess, að hjer væri ekki farið fram á stofnun, sem efldi »ökónómiskan« hag manna eins og t. d. ýms framfara- og samgöngubótafyrirtæki og þess háttar. Þetta er nú að vísu satt, en frumv. miðar þó sannarlega til þess að ljetta mikilli byrði af sveitarfjelögum, því auk þess, sem það kostar sveitarfjelögin að hafa þessa sjúklinga — og það ekki lítið fje —, þá er opt nærri því ómögulegt að koma þeim fyrir og sveitarfjelögum verða opt verstu vandræði af þessum mönnum.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þó málið sje nú til 2. umr., ætla jeg að leyfa mjer að gjöra við það fáeinar athugasemdir, og vona að það sje ekki tekið illa upp, sjerstaklega þar eð það stendur í sambandi við frumv. það, sem var til umr. næst á undan og fjell. Jeg hygg nú, að þeir kunni að vera til, sem álíta að þetta

frumv. eigi að falla líka, úr því hitt fjell, en því fer þó fjarri.

Jeg þarf ekki að svara athugasemdum háttv. þm. Sfjk. (J. J.); þær voru allar glöggar og skýrar, og eðlilegt, að slíkar athugasemdir komi fram; en jeg mun þó vera manna kunnugastur rekstri holdsveikraspítalans, og hef í annan stað átt mestan þátt í að endirbúa þetta mál; hefjeg gjört mjer far um, að áætlunin færi sem næst sanni; þó er það auðvitað erfitt, að gjöra svo rjetta áætlun að engu muni á eptir.

Í viðbót við það, sem háttv. framsm. talaði um, skal jeg leyfa mjer að minna á eitt atriði; þegar spítalinn á Lauganesi var settur á fót, gjörðu menn sjer talsverða von um, að sjúklingarnir gætu unnið talsvert, og ljett með því útgjöld spítalans. En reynslan er sú, að sjúklingarnir geta lítið sem ekkert unnið, og er það meðal annars ástæða til þess, að rekstur spítalans hefur orðið dýrari en áætlað var. Aptur á móti er jeg viss um það, að hjer muni fara eins og algengt er í útlendum geðveikrahælum, að margir sjúklingar læri þar að vinna ýmsa vinnu, bæði úti og inni. Því það er reynsla fyrir því í útlendum geðveikrahælum, að þó sjúklingarnir ekki hafi fengizt til að vinna neitt í heimahúsum, þá hafa þeir lært það í geðveikrahælunum. Jeg álít því óhætt að gjöra ráð fyrir talsverðum notum af þessu, þegar stundir líða. Út af því, að kostnaður við þvott og ræsting er áætlaður lægri en í Lauganesi, er þess að gæta, að fyrirhöfnin verður hvergi nærri eins mikil í geðveikrahælinu, því holdsveikir menn þurfa nákvæmari þjónustu en allir aðrir sjúklingar.

En það var annað í ræðu háttv. þm. Sfjk., sem eiginlega olli því, að jeg bað mjer hljóðs. Hann sagði nefnilega, að þegar efnin ekki væru nóg til alls þess, sem menn vildu gjöra, yrðu menn að láta það sitja í fyrirrúmi, sem efldi »ökónómiskan« hag, en láta mannúðarverkin sitja á hakanum. Og þetta er í raun og veru ekki láandi. En jeg ætla að leyfa mjer að benda á það, sem skýrt er frá í áliti milliþinganefndarinnar í fátækramálinu, sem sje, að sveitarþyngsli eru afar misjöfn í ýmsum sýslufjelögum landsins, svo að í sumum sýslufjelögum koma ekki nema 1 kr. 66 aurar, en í öðrum 16 kr. 22 aurar á hvern gjaldanda. Þetta þykist jeg vita, að hafi lengi verið kunnugt, og held, að menn hafi vænzt þess af milliþinganefndinni, að hún benti á ráð til að jafna þennan mismun; sú uppástunga nefndarinnar, að hjer sje reist geðveikrahæli, miðar nú einmitt í þessa áttina.

Ef litið er á, hvað helzt skapar sveitarþyngsli, þá eru það ekki mest munaðarlaus börn, ekki þeir ómagar, sem fyrir æsku sakir geta ekki unnið fyrir sjer; það eru sjúkir menn og ellihrumir, sem mestum þyngslum valda. Þó jeg ekki aðhyllist þá skoðun, að landið taki úr höndum sveitafjelaganna stjórn í fátækramálum, þá álít jeg sjálfsagða skyldu, að landið hlaupi undir bagga þar sem þörfin er *mest*. Í þessu tilliti erum við langt á eptir öðrum þjóðum, því það er allstaðar orðið viðurkennt, að þjóðfjelagið í heild sinni eigi að annast að mestu hjálp handa þeim, sem sjúkir eru, og víða er sú skoðun að ryðja sjer til rúms, að hjálp handa gamalmennum eigi einnig að koma úr ríkissjóði, og beri ekki að skoða hana sem sveitarstyrk. Það er hvergi eins lítið um þesskonar hjálp, eins og hjer á Íslandi. Annarsstaðar eru afarmörg almenn sjúkrahús, þar sem sjúklingar

fá hæli fyrir mjög litla borgun; mestur kostnaðurinn er þar greiddur af almanna fje; en hjer á landi eru sjúkrahús fá og lítið styrkt, svo að hjer verður alþýða manna að borga miklu meira fyrir sjúkrahúsvist, en annarsstaðar.

Fyrsta verulega sporið í þá átt að bæta úr þessu, það er holdsveikraspítalinn, næsta sporið er geðveikrahælið. Það er eflaust vel kunnugt hinum háttv. þm., sem flestir eru úr sveit og þekkja til sveitarfjelaga, að einn einasti veikur maður getur svo að segja sett heilan hrepp á höfuðið; einn einasti vitfirringur getur orðið til stór vandræða fyrir hreppsfjelag sitt.

Jeg efast ekki um, að það sje ásetningur þingsins, að breyta fátækralöggjöfinni meira, en að forminu til; engin breyting er eins nauðsynleg eins og sú, að gjöra ráðstafanir til þess, að ómagabyrðin komi sem jafnast niður á alla landsbúa. Það er nú öflugt spor í þá átt, þar sem hjer er farið fram á, að stofna geðveikrahæli.

Af því að háttv. þingm. Sfjk. (J. J.) sagði, að þar sem efnin væru ekki nóg, yrðu mannúðarverkin að sitja á hakanum, þá finnst mjer rjett að láta málið ekki ganga í gegnum þessa háttv. deild, án þess líka að minnast á þá hlið málsins. Yfirleitt mun nú meðferð á geðveikum mönnum hjer á landi þannig löguð, að það er sæmilegast fyrir þing og þjóð að ekki sje á hana minnzt. Það sem jeg vil vekja athygli á, er enn fremur þetta: geðveikir menn fá oft *bata* í geðveikrahælum; ef geðveikrahæli yrði stofnað hjer, má gjöra ráð fyrir, að margir menn muni þar fá bót meina sinna, hætta að vera öðrum til byrði, en verða aptur sjálfum sjer og öðrum til gagns; þetta er sannarlega mikilsvert atriði. Jeg skal játa, að hjer er farið fram á ný útgjöld úr landssjóði, en jeg get ekki betur sjeð, en að sá beini og óbeini hagur, sem sveitafjelögin hafa af stofnun geðveikrahælis, sje miklu meiri en þeim útgjöldum nemur.

Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Það var sumt í svari háttv. framsm. (Ól. Th.), sem mjer nægði, en aptur er það annað, sem jeg ekki get fullkomlega fallizt á.

Jeg hef aldrei hugsað mjer, að prestur yrði látinn halda prjedikun fyrir geðveikum sjúklingum, en það getur komið fyrir, að deyjandi sjúklingar óski eptir, að prestur tali við þá, og þess vegna finnst mjer rjett að áætla einhverja vissa upphæð handa presti.

Mjer finnst líka auðskilið, að þó viðhaldskostnaður sje nú áætlaður nokkuð lítill, þá muni hann vaxa, en ekki minnka, þegar fram í sækir; og jeg er viss um, að 10,000 kr. verða síðar meir hvergi nærri nægilegar til viðhaldskostnaðar.

Jeg hef ekki áður minnzt á kostnað við húsbúnað og áhöld hælisins. Á holdsveikraspítalanum eru 900 kr. veittar í þessu skyni, en það er áætlað, að nóg muni vera að veita 600 kr. í þessu skyni til geðveikrahælisins.

Það er auðvitað rjett, að sængurföt á holdsveikraspítalanum eyðileggjast mikið sökum iðulegrar sótthreinsunar. En jeg held, að óhætt megi ráðgjöra, að mikið af fötum og munum fari forgörðum í höndum geðveikra manna.

Mjer kæmi ekki á óvart, þó að hinn árlegi reksturskostnaður hælisins hækkaði um $^1/_3$ eða jafnvel um helming.

Hinn háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði, að hvergi væri gjört eins lítið fyrir sjúklinga eins og hjer á landi. Þetta er satt, en okkur skortir getukrapt, og við verðum bæði í þessu og öðrum

efnum að skera við neglur okkar. — Háttv. þm. talaði heldur ekki um, hvað gjört hefði verið fyrir læknastjett landsins; en það, sem gjört er fyrir hana, ætti einnig að koma sjúklingum landsins að gagni. Það er langt frá því, að jeg vilji telja það fje eptir, sem fer í þá átt, en mjer er nær að halda, að meira hafi tiltölulega verið veitt af fje til þessara þarfa, heldur en margra annara; þetta vil jeg taka fram, af því að orð háttv. þm. (G. B.) voru í þessu efni ekki rjett, en villandi.

ATKVGR. 1. gr. nefndarinnar (90), samþ. með 15 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.

2. gr. frv. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. samþ. með 18 atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum, samþ. með 18 atkv.

4. gr. samþ. með 18 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst var frv. til 3. umr. Var það samþykkt umræðulaust með 15 atkv. og afgreitt til Ed. til að leggjast fyrir þá deild.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. ágúst var frv. tekið til 1. umr. (A 283.)

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg er í öllum aðal-atriðum samþ. hv. nefnd í Nd. í máli þessu. Jeg er samþykkur því, að hæli fyrir geðveika sje stofnað og álít þess fulla þörf; en mjer þykir nokkuð varhugavert að flýta málinu svo mjög; það er ýmislegt í því, sem þarf að athuga vandlega; t. d. er það óheppilegt, að slík stofnun sem geðveikrahæli sje á almannafæri, þar sem umferð er mikil, og að þannig sje lagað nálægt stofnuninni, að lífi sjúklinganna sje hætta búin, ef þeir sleppa út.

Milliþinganefndin, sem um þetta mál fjallaði, benti á tvo staði, þar sem henni þótti tiltækilegt, að hafa geðveikrahæli; annar þeirra var nálægt Reykjavík, hinn nálægt Hafnarfirði; það sem aðallega vakti fyrir henni, er hún tilnefndi þessa staði öðrum fremur, var það, að nota mætti annað hvort lækninn við holdsveikraspítalann eða lækninn í Hafnarfirði við geðveikrahælið eptir því, á hvorum staðnum það yrði. Nú var það upplýst fyrir háttv. nefnd í Nd., að læknirinn við holdsveikraspítalann vildi ekki taka að sjer geðveikrahælið.

Það var leitað upplýsinga hjá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um það, hvort jörðin Ás fengist laus og þá með hvaða kjörum. Hann hefur gefið þær upplýsingar, sem beðið var um, en jeg held, að það sje ekki alveg rjett skýrt frá þessum upplýsingum í nefndarálitinu; að minnsta kosti hefur hann sjálfur, sýslumaðurinn, skýrt mjer nýlega munnlega frá því, að jörðin fáist laus þegar vill, án nokkurra kvaða af ábúandans hálfu; bærinn liggur í afskekktu dalverpi, þó ekki langt frá Hafnarfirði. — Hælið lægi þar á hentugum stað móti sól og suðri, og laust við alla umferð.

Þegar þessi væntanlega aðstoð læknisins við holdsveikraspítalann varð að engu, þá sje jeg yfir höfuð ekkert, sem getur mælt með því að setja hælið að Kleppi. Það er einhver bezti bletturinn við Reykjavík; þar er ágæt höfn, ágætir fiskireitar; fiskur hefur stundum verið verkaður þar talsvert úr Reykjavík á sumrum og skipauppsátur hefur verið þar á vetrum. Auk þess hefur höfnin verið notuð þar talsvert einkum á haustin, og er því þar af leiðandi talsverð umferð. Það leiðir af sjálfu

sjer, að ef geðveikrahæli yrði sett þar, þá væri ekki að tala um að nota landið þar til annars, en afnota fyrir stofnunina, nota höfnina eða fjöruna væri með þessari stofnun gjört ómögulegt. Ef jeg væri í bæjarstjórn í Reykjavík, þá mundi jeg verða mjög á móti því, að hælið yrði sett þar; þar að auki er margt þar óþægilegt fyrir hælið, og kostnaðarsamara en við Hafnarfjörð; það yrði að leggja þangað veg, og sá vegur yrði ekki ódýr; sem stendur er enginn vegur þangað inneptir. Það er nálægt sjó, sem hælið yrði að byggjast, svo vel gæti farið, að sjúklingur, sem stykki út, drekkti sjer rjett við hælið.

Eins og jeg tók fram, þá sje jeg eiginlega ekkert, sem mælir með því, að setja hælið á Klepp, og þar að auki er staðurinn beinlínis hættulegur fyrir sjúklingana eins og jeg áður benti á. Eptir að hafa vakið eptirtekt háttv. deildar á þessum atriðum, ætla jeg ekki að fara frekari orðum um frumv. nú við 1. umr., en vil leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð til þess að athuga málið, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR. Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3. manna nefnd sþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Ágúst Flygenring	með	11 atkv.
Þorgrímur Þórðarson	—	10 —
Björn M. Ólsen	—	8 —

Í nefndinni var Þorgrímur Þórðarson kosinn formaður og framsögumaður, og Ágúst Flygenring skrifari.

Á 41. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst kom frv. til 2. umr. (A. 283, 424).

Framsögumaður Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg álít, að ekki gjörist þörf, að mæla mörg orð fyrir frv. þessu, því jeg ímynda mjer, að hv. þm. í þessari hv. deild, sje kunnugt, við hvílík eymdarkjör geðveikir menn hjer á landi eiga að búa, og vjer sjeum allir sammála um það, að það sje skylda þjóðarinnar að bæta hið hraðasta úr þessari hörmungarmeðferð, sem þessir sárþjáðu aumingjar verða að þola hjer á landi. Jeg vil ekki á þessum stað lýsa þessari meðferð nákvæmlega, enda mundi sú lýsing hvorki verða þjóðinni til vegs nje heiðurs, en jeg skal að eins geta þess, að víða er meðferðin á þessum aumingjum ekki betri en á skynlausum skepnum. Þeir eru optast, þegar geðveikin er á háu stigi, afkróaðir í einhverjum afkima frá öðrum mönnum, stundum í dimmu skoti, þar sem sjaldan sjer sól og engin hlýja er, opt klæðlitlir. Mat fá þeir eins og aðrir menn, en á þann hátt, að þeir hafa opt lítil not af honum, og öll þjónusta á þeim er eðlilega mjög ljeleg. — En úr þessari illu og ómannúðlegu meðferð verður því að eins bætt, að byggt sje fyrir þá geðveikrahæli, þar sem hægt er að veita þeim þá aðhjúkrun og hjálp, sem þeir eins og aðrir sjúklingar eiga heimting á.

Háttv. milliþinganefnd í sveitarstjórnarmálum hefur undirbúið mál þetta, og rannsakað nákvæmlega, hvað margir geðveikir menn væru á landinu. Samkvæmt þessum skýrslum voru fardagaárið 1901—1902 133 geðveikir menn, og hefur þeim þá fjölgað á síðustu 20 árum um 52, því árið 1880 voru þeir 81, og það er engum efa undirorpið, að þeim heldur áfram að fjölga í fullu hlutfalli við það, sem fólkinu fjölgar í landinu. Af þessum 133 geðveiku mönnum voru 124 sveitarómagar. Af öllum sveitarómögum eru geðveikir menn langþyngstu ómagarnir, og er það af eðlilegum ástæðum. Jeg vil því, að allir hreppsbúar komizt hjá að halda þá, vegna hinna mörgu og margvíslegu óþæginda og

erfiðleika, sem dvöl þeirra á heimilunum hefur í för sjer. Hreppsnefndirnar eru því opt í mestu vandræðum að koma þeim fyrir og verða opt og tíðum að ganga á milli hreppsbúa og biðja þá, að taka hinn geðveika sveitarómaga, en vanalega fá þeir þetta svar hjá hreppsbúum: »nei, þesskonar ómaga tek jeg ekki á heimili mitt«. Opt eru það fátæklingar, sem taka hina geðveiku, og gangast þá eðlilega fyrir hinu háa meðlagi, sem opt getur numið 200—300 krónum á ári.

Það væri því ákaflegur ljettir fyrir þau sveitarfjelög, sem þurfa að annast um framfærslu geðveikra, að geta komið þeim fyrir á geðveikrahæli, þó hrepparnir yrðu að greiða sama meðlag með þeim og heima í hreppunum, hvað þá heldur ef hægt væri að koma þeim þar fyrir með miklu minna meðlagi, og þeim liði þó þar margfalt betur en heima í sveitunum. En það er ekki að eins ljettir fyrir sveitarstjórnirnar, en einnig fyrir efnamennina, sem eiga að framfæra geðveika menn, sem eru handbendi þeirra, að geta komið þeim fyrir í geðveikrahæli hjer á landi, og losnað þannig við öll þau óþægindi og erfiðleika, sem leiðir af því, að þurfa að hafa geðveika menn á heimili sínu.

Milliþinganefndin í fátækramálinu kom fram með frumv. um stofnun geðveikrahælis, sem stjórnin síðan lagði fyrir hina háttv. neðri deild. — Í því frv. er farið fram á, að stofnað verði geðveikrahæli fyrir 22 geðveika menn. Hin háttv. neðri deild kaus þriggja manna nefnd, til að rannsaka málið, og koma fram með tillögur sínar. Í þessari nefnd voru báðir hjeraðslæknarnir, sem sæti eiga í deildinni. Nefnd þessi rannsakaði málið nákvæmlega, og gjörði á því mikilvægar breytingar, en aðal-breytingin var í því falin, að byggja skyldi hæli fyrir 50 geðveika, því að minna mundi ekki nægja, þar sem 133 geðveikir menn væru í landinu, og það mundi miklu ódýrara, að byggja svona stórt hæli strax, heldur en að byggja strax aptur eptir fá ár. Jeg álít ekki þörf, að skýra þetta mál nákvæmar, en leyfi mjer, að skírskota til hins ítarlega nefndarálits á þingskj. 99, því að þar er nákvæmlega gjörð grein fyrir öllu fyrirkomulagi á geðveikrahælinu og öllum kostnaði við það, og jeg þykist sannfærður um, að allir háttv. deildarmenn hafi kynnt sjer það nákvæmlega. Vjer nefndarmenn höfum rætt mál þetta ítarlega á fundum, og fallizt á frumv. eins og það kom frá háttv. neðri deild.

Það var að eins nokkur ágreiningur í nefndinni, hvar byggja skyldi þetta geðveikrahæli, en til samkomulags urðum við ásáttir um, að fela stjórninni, að ákveða staðinn.

Breytingartillögur nefndarinnar eru að eins þessar: að í staðinn fyrir »Kleppi« í 1. gr., komi: »í nánd«, og í 2. gr. í staðinn fyrir »á fjárlögunum« komi: »í fjárlögunum«, sem mun rjettara mál.

Jeg þarf því ekki að fara fleiri orðum um þetta frumv., en óska að eins að háttv. deild vildi samþykkja það með þessum breytingum, því jeg er sannfærður um, að hvað sem þjóðin annars segir um aðgjörðir þingsins, þá mun verða almenn gleði yfir því, ef þetta frumv. verður að lögum.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd. Jeg var í vafa um, hvort jeg ætti að vera með þessu frumv. Mjer hafði dottið í hug, hvort ekki væri hægt, að semja við geðveikrahæli í

Danmörku um, að taka sjúklingana fyrir ákveðna borgun. Jeg hafði hugsað mjer, að þetta gæti orðið ódýrara, þó ferðakostnaðurinn auðvitað yrði töluvert mikill. En við nánari íhugun hef jeg sjeð ýmsa annmarka á þessu. Hins vegar blöskraði mjer kostnaðurinn við geðveikrahælið: 90 þúsund krónur í stofnfje, og svo árlegur kostnaður. Að lokum hef jeg þó hallað mjer að því, að samþykkja frumvarpið, þó með þeirri breytingu, sem nefndin stingur upp á, að staðurinn sje látinn óákveðinn.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (424) við 1. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

1. gr. með breytingum samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (424) samþykkt í einu hljóði.

2. gr. með breytingum samþ. með 9 atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 7 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Ed., miðvikudaginn 23. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A. 504).

Framsögum. Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Þetta frv. hefur fengið svo góðar undirtektir í hv. deild, svo jeg læt mjer nægja með að skirskota til ræðu minnar við 2. umræðu málsins. — Jeg vona, að háttv. deild samþ. frumv. eins og það liggur fyrir.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að jeg álít, að Effersey gæti verið mjög góður staður fyrir geðveikrahæli, svo framarlega, sem hægt væri að fá vatn þar. Eyjan er landssjóðseign og mjög afskekkt, og það er mjög vafasamt, hvort ekki ætti að meta það meira, að fá hentugan stað fyrir hælið enn þær krónur, sem fengjust fyrir að selja eyna.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mig furðar dálítið á því, að háttv. sessunautur minn skuli vilja láta brúka Effersey fyrir geðveikrahæli, og þó er hann nýlega búinn að benda á, að hægt sje að selja hana fyrir 10 þúsund krónur.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hljóði, og afgreitt til Nd.

Á 47. fundi Nd., laugardaginn 26. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A. 535, 553).

Frumv. var samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til stjórnarinnar, sem lög frá alþingi.

VIII. Bændaskóli.

Á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí kom frumv. til laga um bændaskóla til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. hefur komið frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, og hefur stjórnin fallizt á tillögur hennar í öllum aðalatriðum, en þó einkum það, að einungis verði tveir bændaskólar framvegis, annar á Norðurlandi, en hinn á Suðurlandi. Þó er það eitt atriði, sem vafi getur leikið á um, nefnilega

hvort heppilegt sje, að sami maður sje bæði yfirkennari og bústjóri, því að vandfenginn yrði opt sá maður, sem vel gæti gegnt hvorutveggju.

Annars vil jeg geta þess, að ef landið kostar tvo dýra bændaskóla, er sjeu að öllu leyti vel úr garði gjörðir og svari kröfum tímans, þá munu efni landsins naumast leyfa það, að styrkja aðra ófullkomnari búnaðarskóla að nokkrum mun.

Að öðru leyti vil jeg leyfa mjer, að vísa til athugasemda nefndarinnar um málið.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að 5 manna nefnd sje sett í málið, þegar búið er að vísa því til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Sömuleiðis samþykkt að setja 5 manna nefnd í málið, en þessir menn æsktu hlutfallskosningar: Skúli Thoroddsen, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skf., Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Björn Bjarnarson, Ólafur Thorlacius.

For síðan fram hlutfallskosning, og hlutu kosningu þessir 4.

Einar Þórðarson,
Þórhallur Bjarnarson,
Hannes Þorsteinsson,
Hermann Jónasson.

Þá fór fram óbundin kosning um 5. nefndarmanninn, og var kosinn:

Árni Jónsson með 14 atkv.

Ólafur Briem fjekk 10 atkv. og Guðmundur Björnsson 1.

Í nefndinni var Árni Jónsson kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsögumaður.

Á 21. fundi Nd., miðvikudaginn 26. júlí, kom frumv. fyrir til 2. umr. (Stjfrv. A. 151).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það liggur fyrir rækilegt nefndarálit frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu um þetta frumv., og þar sem þingnefndin hefur fallizt á það óbreytt, hefur hún ekki sjeð ástæðu til þess að fjölyrða um það í nefndaráliti sínu.

Fyrsta og stærsta breytingin frá því fyrirkomulagi, sem nú er, felst í 1. gr. frumv., að búnaðarskólarnir, sem eiga að heita bændaskólar, verði framvegis að eins tveir.

Búnaðarskólamálið, sem nú um mörg ár hefur verið svo mikið vandræðamál, hefur nú hneigzt í þá ákveðnu stefnu, að rjettast væri að hafa tvo góða og myndarlega skóla með sæmilegum kennslukröptum og góðum kennslufærum, sem landið kostaði, og sem þó yrði hagað svo, að þeir yrðu ekki landinu allt of dýrir. Skólastaðurinn fyrir Suður- og Vesturlandið er sjálfgefinn, þar sem Hvanneyrarskólinn er á amtamótum, en hinn skólann, fyrir Norður- og Austurland, hugsa menn sjer færðan frá Hólum og í Eyjafjörð, eitthvað nálægt Akureyri.

Því hefur verið haldið fram, að ófært sje að flytja bændaskólana til kaupstaðanna, og er alls ekki heldur um það að ræða hjer, en hitt væri fjarstæða, að hafa nokkuð á móti því, þótt þeir kæmu eitthvað í námunda við kaupstaðina.

Um kennslukraptana er talað í 2. gr. frumv. Við búnaðarskólana hafa verið 2 kennarar við hvern, og þó stundum meira að nafninu, því að aðstoðarkennaranum hefur verið launað svo illa, að ekki hefur verið hægt að halda færa menn við það starf. Það er búizt við, að þessir skólar, hvor

um sig, fái enda fleiri nemendur, en Hólaskóli hefur nú, og þá má ekki hafa færri kennara en þrjá, og ekki hægt annað en hafa þá fasta kennara. Launin eru í lægsta lagi, þegar litið er á, hvaða kröfur eru gjörðar til þeirra. — Kennararnir ættu helzt allir, að sjálfsögðu 2 af þeim, að vera búfræðiskandídatar. Æskilegt væri og, að þeir hefðu gengið á lýðháskóla erlendis. Þurfa um fram allt að vera lifandi áhugamenn. Laun 2. og 3. kennara eru enda svo lág, að litt hugsanlegt er, að þeir geti unað við þau, nema þeir jafnframt útvegi sjer einhverja sumarvinnu. Nefndin hefur þó ekki sjeð sjer fært, að gjöra breyt.till. um að hækka launin.

Fyrirkomulagi skólanna er lýst í 3. gr. Í sjálfu nafninu »bændaskóli« felst aðaltilgangur skólanna. Bakvið þetta nafn og þessi lög vakir sú hugsjón og sú von, að allmikill partur af bændum landsins fái þarna nauðsynlega sjerþekkingu og kærleikann og áhugann á lífsköllun sinni. Það er ekki svo lítil vakning komin í Norðurlandi út frá Hólaskóla, síðan honum var breytt. Það er sitt hvað um þann skólann og hjer syðra. Annars liggur við, að þeir sjeu að fara í eyði Hvanneyrar- og Eiðaskólinn; rjett engir koma á þá.

Mest er sniðið eptir Hólaskóla, og þá eins um styttri námsskeiðin fyrir bændur.

Þá er kostnaðaratriðið. Það hafa verið færð rök fyrir því, að þessir tveir skólar yrðu ódýrari fyrir landsmenn en þeir 4, sem nú eru, en framlagið úr sjálfum landssjóðnum verður meira, þegar þessir 2 skólar verða landsstofnanir, en styrkurinn er nú til 4 skólanna. Það getur allt breyzt í hendi með þessi ráðgjörðu framlög jafnaðarsjóðanna; falli þau burt vegna breytinga á löggjöfinni, verður framlagið úr landssjóði meira að því skapi. Líkt er um búnaðarskólasjóðina að segja; haldi viðkomandi ömt þeim, kemur meira á landssjóðinn, til að koma bændaskólunum á.

Búnaðarskólasjóðirnir fyrir sunnan og norðan eru nú uppjetnir. Seinustu leifar búnaðarskólasjóðsins sunnanlands gengu til að byggja upp húsin á Hvanneyri, þegar brann þar síðast, og voru það einar 7 þús. kr. Alls hygg jeg, og jeg hugsa, að jeg hermi það rjett, að það muni vera um 33 þús. kr., sem búnaðarskólasjóðurinn hefur lagt til Hvanneyrar frá 1899 til sumarsins 1903.

Fyllsta samgirni er í því, að búnaðarskólasjóðirnir 2, sem eptir eru, gangi til útbúnaðar hinum sameiginlegu bændaskólum. Jeg veit það sætir mótmælum af fulltrúum að austan og vestan, og vilja þeir halda sjóðunum sem sjersjóðum fyrir sína fjórðunga. Að sjálfsögðu verður leitað álits hlutaðeigandi amtsráða um þetta.

Háttv. meðnefndarmaður, þm. N.-Múl. (E. Þ.), mun væntanlega skýra frá sínu sjónarmiði sjertöðu sína í málinu, að því er niðurlagning Eiðaskólans snertir.

Jeg treysti því, að mál þetta fái rækilega meðferð á þinginu, og leiðist farsællega til lykta.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.). Háttv. framsm. (Þórh. Bj.) gat þess síðast í ræðu sinni, að hann vonaði, að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi. Það má vel vera, að menn hafi gjört sjer mikið far um að undirbúa þetta mál, en mjer finnst samt, að töluverðir gallar sjeu á þessum undirbúning, þar sem gengið er fram hjá sýslunefndum og amtsráðum og þeim ekki gefinn kostur á, að láta álit sitt í ljósi um þessar miklu breytingar.

Það er tekið fram í nefndarálitinu, að hinu nýja fyrirkomulagi á Hólaskóla sje að mestu fylgt í frumv., og er ekkert þar við að athuga frá minni hálfu. En milliþinganefndin hefur vikið frá fyrirkomulaginu, sem nú er við Hólaskóla í 2 þýðingarmiklum atriðum og þessar breytingar á fyrirkomulaginu hefur hin hv. nefnd deildarinnar samþ.

Fyrsta breytingin er sú, að bú skólans skuli rekið á opinberan kostnað. Þetta ákvæði finnst mjer vera mjög varhugavert, þegar tekið er tillit til þess, að slík bú hafa opt gengið skrykkjótt, jafnvel þó að bæði amtsráð og sýslunefndir hafi haft eptirlit með þeim, og mjer finnst vera enn meiri ástæða til að ætla, að ekki muni ganga betur, þegar landsstjórnin ein hefur umsjónina. Það getur vel farið svo, að búið ekki geti borið sig án þess að hægt sje að sjá, hvað því veldur, og sízt að hægt sje að ásaka þann, er rekur búið. Það mundi vera hentugast, að ábúandi reki búið sjálfur á eigin reikning, því að þannig er mest og bezt trygging fyrir hagsýni. Um leið og búið á að vera til fyrirmyndar, þá verður það einnig að geta borið sig.

Önnur breytingin er sú, að skólastjórastaðan og bústjórastaðan skuli vera sameinuð.

Þessi breyting er að minu áliti mjög viðsjárverð. Bæði þessi störf eru mjög vandasöm; það væri máske hægt að fá mann, er gæti rekið þessi störf þolanlega, en það er lítt hugsandi, að nokkur maður fengizt, sem gæti rekið þessi störf fyrirtaks vel, en það verður þó að heimta, að trygging sje fyrir því, að störfin verði einmitt leyst mjög vel af hendi. Jeg er sannfærður um, að það er vandfundinn maður til að skipa báðar þessar stöður, því hann hlyti að hugsa meira um aðra hvora stöðuna. Ef hann er hagvirkur framkvæmdamaður, er hætt við að hann láti búumsjónina sitja í fyrirrúmi, en kennsluna sitja á hakanum. En væri hann meiri hugsjónamaður, yrði bústjórnin að líkindum að líða í lægra haldi. Hvorttveggja gæti orðið jafn skaðlegt.

Nefndin vikur að því, að reynslan við Hólaskóla sýni, að bezt sje að sameina þessar stöður og að óheppilegt sje, að hafa þær sundurskildar. En þetta stafar víst af misskilningi, því það hefur aldrei verið neitt ósamkomulag á milli skólastjóra og bústjóra við Hólaskóla. Þar á móti hefur komið upp nokkur ágreiningur milli bústjóra og amtsráðsins af alveg sjerstökum atvikum, sem auðvelt er að fyrirbyggja í framtíðinni með tryggari samningum. Þegar bústjórastaðan var stofnuð, var hún óþekkt, og amtsráðið hafði ekki úr mörgum að velja, en varð að taka þann mann, sem bauðst. En á síðasta ári hefur amtsráðið fengið fyrirmyndar bónda úr Þingeyjarsýslu til þess að taka þetta starf að sjer.

Við frumvarpið sjálft, eins og það nú liggur fyrir, hef jeg ekki öllu meira að athuga. En þó er það eitt atriði í nefndarálitinu, sem kallað er »undirstöðuatriði«, sem jeg ekki vil ganga þegjandi fram hjá og það er *færsla skólans frá Hólum til Eyjafjarðar*. Það er áætlað, að þetta hafi 50—60 þús. króna kostnað í för með sjer, og ef til vill má ráðgjöra, að kostnaðurinn verði meiri. Þess vegna verða menn um leið og þeir greiða atkvæði um þetta frumv. að hafa fyrir augum, að með því á að láta menn óbeinlínis samþykkja útgjöld fyrir landssjóð, svo mörgum tugum þúsunda skiptir, án þess upphæðinni sje nein takmörk sett. Í frumv. er heldur ekki tiltekið, hvar á að setja skólann niður, en það

má líklega ganga út frá, að það sje áformað að setja hann á Kjarna í Eyjafirði, eins og milliþinganefndin ætlast til. En jeg get ekki skilið, hvernig menn geta greitt atkvæði með þessu, án þess að vita nokkuð nákvæmar um kostnaðinn.

Hjer við bætist, að færsla Hólaskóla í eiginlegum skilningi er ómöguleg. Það er þó ekki hægt að færa jörðina úr stað og andvirði hennar er heldur ekki hægt að leggja til skóla í Eyjafirði, með því að jörðin Hólar er sjereign sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu lögð til skólahalds -- vel að merkja á Hólum, en hvergi annarstaðar. Það hefur vakað fyrir milliþinganefndinni, að Hólar væru óhentugur staður og því engin leið að halda skóla þar, og niðurstaðan hjá nefndinni varð sú, að færsla skólans frá Hólum væri óhjákvæmileg. En hvernig getur þessi niðurstaða verið í fullu samræmi við þá blómgun og vakning, sem hefur komið frá Hólaskóla á síðustu tímum? *(Þórhallur Bjarnarson:* Færslan er óhjákvæmileg vegna Austurlands). Jeg gjöri lítið úr þeirri mótbáru, að það verði að flytja skólann af því að samgöngur sjeu miklu betri frá Austurlandi til Eyjafjarðar en til Skagafjarðar. Sannleikurinn er sá, að samgöngur eru nógu miklar milli Austurlands og Skagafjarðar. Það eru mun færri skipaferðir frá Austurlandi til Húnaflóa, en þó hefur fjöldi stúlkna úr Múlasýslum sótt kvennaskólann í Húnavatnssýslu, einkum meðan hann var á Ytriey, og þannig farið fram hjá kvennaskólanum í Eyjafirði, svo að mjer finnst það vera hjegómi einn, að bera þessa mótbáru fram.

Jeg vil víkja aptur að færslu skólans, sem farið er fram á. Skólahúsið á Hólum er virt á 20,000 kr. og það er ekki hægt að færa það, nema mikið fari forgörðum. Ef hætt væri að nota það fyrir skólahús, væri naumast hægt að gjöra sjer verð úr því, nema til niðurrifs, því á jörðinni er laglegur bóndabær, sem nokkurnveginn mundi nægja ábúanda. Það hefur verið viðurkennt, að kennslukraptarnir sjeu góðir á Hólum og er það rjett. Skólastjórinn á auðvitað mestan og beztan þátt í því, að skólinn hefur blómgazt, en hann hefur þó ekki staðið einn uppi, Ein aðal-kennslugreinin í slíkum skóla með lýðháskólasniði, er kennsla móðurmálsins, og er fyrirtaks maður kennari í þeirri grein; það er Zophonías Halldórsson, prófastur í Viðvík. Það er samróma álit bæði pilta og annara, sem til þekkja, að ekki sje hægt að kjósa betri og hæfari kennara í þeirri grein. Og er það til sannindamerkis, að yfirstjórn skólans, amtsráðið, sem í situr einn af kennslufróðustu mönnum landsins, hefur fundið tilefni til að senda honum þakkarávarp fyrir starfsemi hans við skólann.

Þó að miðlungsmenn sjeu á hverju strái, þá eru fyrirtaksmennirnir svo fágætir og vandfengnir, að það virðist lítið vit í því, að gjöra leik til þess að svipta skólann þessum kennara, sem þá hlyti að verða ein af þeim mörgu vondu afleiðingum af færslu skótans.

Auðvitað er hægt að flytja kennsluáhöld skólans, en það er líka það eina, og þau geta líka skemmzt á flutningi þessum.

Viðvíkjandi orðum hinnar háttv. nefndar, að Hólar sje óheppilegur staður til skólahalds, þá get jeg ekki fallizt á það. Hólar liggja að vísu í dal, en fjölhyggð sveit liggur í kring; þar er snjóljett og veðursæld og því þægilegt fyrir pilta að bregða sjer bæjarleið og eins fyrir þá, er eiga erindi á skólann; en skólinn er laus við óþarft mannavað, sem að eins glepur fyrir.

Það eru ýms fleiri atriði, sem millibinganefndin talar um og telur Hólum til foráttu.

Hún minnist t. d. á, að það sjeu mjög þægilegir aðdrættir á Eyjafirði; þetta er auðvitað rjett, en það er heldur ekki hægt að segja annað um Hóla; þaðan er akvegur til kauptúns á Kolkuós, og ekki lengri leið en svo, að fara má með hlaðinn vagn fram og aptur á dag, svo mjer finnst einnig þessar ástæður vera ljettvægar.

En hitt er vitanlegt, að þó að slíkt sje kallað hreppapólitik, þá er Skagfirðingum mjög sárt um, að Hóla-skóli leggist niður, enda voru þeir einir um að stofna hann í fyrstu og hafa mest allra sýslufjelaga á Norðurlandi stutt hann með fjárframlögum úr sýslusjóði, og ef skólinn yrði lagður niður, þá efast jeg ekki um, að það vekti megna óánægju í Skagafirði, og getur orðið til að spilla góðu samkomulagi milli hlutaðeigandi sýslufjelaga.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg hef ekki með öllu getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum um einstök atriði þessa máls, og vil jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Breytingin, sem farið er fram á, að færa búnaðarskólana í það horf, sem svo vel hefur gefizt á Hólum, er að mínu áliti heppileg og æskileg, því gamla formið mun nú vera búið að lifa sitt fegursta. Um þetta atriði er jeg samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum. Jeg er þeim einnig samdóma í því, að það sje svo rjett og sanngjarnt, sem nokkuð getur verið, að landssjóður taki að sjer menntun bændanna. Hingað til hafa búnaðarskólarnir lifað við sult og seyru. En á hinn bóginn er það viðurkennt, að menntun bænda sje einna drýgst og notasælust framförum landsins. Þessvegna er ekkert eðlilegra og rjettara, en að landssjóður leggi áherzlu á að mennta þann flokkinn sem allra bezt.

En svo er jeg ekki samdóma um ýms önnur atriði málsins.

Háttv. þm., sem síðast talaði (Ó. Br.), vjek að því síðast í ræðu sinni, að það mundi mjög á móti skapi margra Norðlendinga, að skóli þeirra yrði fluttur. Nú er þó Norðlendingum boðin hin mestu sæmdarkjör, sem hægt er. Þeim eru boðnar 60,000 kr. til skólabyggingar; þeim eru boðnar c. 9,000 kr. til að standa straum af árlegum rekstri þess skóla, og þeim er boðið að setja skólann í náið samband við annað mjög merkilegt og þarflegt fyrirtæki, »Ræktunarfjelag Norðurlands«. Þó heyrast strax raddir um það, að þetta geti þeir ekki notað.

Þegar svona gengur hjer, vona jeg, að engan furði á því, þó það heyrist rödd að austan eða vestan, sem hljómar dálítið svipað.

Sjerstaklega er jeg á móti því, að Eiðaskólinn verði lagður niður að svo komnu. Hann er eina menntastofnunin í þeim landsfjórðungi, sem nýtur styrks af almannafje. Og mjer finnst það alls ekki rjettlátt, og það þurfi töluvert hart brjóst til þess að taka þennan styrk frá honum.

Önnur ástæða, sem jeg færi á móti því að leggja niður Eiðaskólann, er sú, að sýslunefndirnar, eigendur skólans, hafa ekki átt kost á að segja álit sitt um málið, því tillögur milliþinganefndarinnar komu ekki austur, fyr en sýslufundum var lokið. Jeg get ímyndað mjer, að sýslunefndirnar hefðu sjeð eitthvert úrræði til að bjarga skólanum, og þær eru rjettir málsaðilar hjer.

Jeg tel víst, að hefði sýslunefndunum gefizt kostur á að segja álit sitt um málið, eins og það nú horfir við, hefði það orðið ofan á, að skólinn skyldi standa, ef þess væri nokkur kostur, því erfiðleikar miklir eru á því að sækja skóla að austan í aðra landsfjórðunga, og mundi það ekki verða gjört til muna, nema helzt til Eyjafjarðar. Og þó nú skóli í Norðurlandi, t. d. í Eyjafirði, yrði talsvert sóttur að austan, þá stendur hann alls ekki eins vel að vígi til að vekja áhuga á búnaði í Austurlandi eins og skóli, sem væri í fjórðungnum sjálfum.

Einmitt eins og nú stendur á fyrir austan, væri strax mikill skaði að leggja skólann niður. Menn eru að vakna til að sameina sig um ýms þarfleg fyrirtæki í búnaði, t. d. gróðrartilraunir. Samvinna við þessar verklegu stofnanir mundi gjöra skólann enn þá þýðingarmeiri og gagnlegri, því þær mundu gefa honum margfalt betri skilyrði, en hann hefur áður haft, til að vekja áhuga manna á búnaðinum. Og kunnugum dylst það ekki, að slíks er full þörf.

Það stóð í einu blaðinu í vetur, að Austfirðingafjórðungur væri einna skemmst á veg kominn af fjórðungum landsins í því, er lýtur að jarðrækt og jarðabótum. Og þar sem þessu hefur ekki verið mótmælt, er ástæða til að taka það svo, að þeir samþykki þetta með þögninni. En þess meiri er þörfin fyrir góðan skóla, og því meiri skaði væri að taka hann frá þeim,

Auðvitað hlýtur það að kosta nokkuð, að halda skólanum áfram þar eystra, því skólahúsið á Eiðum er svo slæmt, að nauðsyn ber til að bæta það mjög eða byggja að nýju. En á hinn bóginn er alveg óhætt, að gjöra ráð fyrir því, að sýslufjelögin yrðu fús á að leggja allmikið í sölurnar til að halda skólanum. Og eins er það gefið, að skólinn þarf ekki að vera í eins stórum stíl og hinir skólarnir, af því íbúar fjórðungsins eru talsvert færri.

Kostnað við árlegan rekstur skólans mætti vafalaust spara töluvert með því að tengja hann við »Búnaðarsamband Austurlands« og nota sömu krapta til kennslu við skólann og starfsemi við búnaðarsambandið. Yrði sú gryla þá ekki ægileg.

Jeg hef þó ekki sjeð mjer fært, að koma með breyt.till. við frumv. þetta að svo stöddu; meðfram vegna þess, að sýslunefndirnar, eigendur skólans, hafa ekki átt kost á að láta álit sitt í ljósi. Þess vegna virðist mjer rjett að fresta úrslitum þessa máls — að minnsta kosti að því, er Austurland snertir, til næsta þings. Og er þá sjálfgefin afleiðing af því, að Eiðaskólinn haldi um næsta fjárhagstímabil sama styrk á fjárlögunum og að undanförnu. Þá er málið opið til athugunar og umræðu, og mundi það engan skaða hafa af því, enda er það vel vert nákvæmrar athugunar.

Það er ýmislegt frá öðrum sjónarmiðum sjeð, sem mælir með því, að málinu sje frestað, að því er niðurlagning Eiðaskólans snertir, og það enda þótt að niðurstaðan yrði sú að leggja hann niður. Sýslunefndunum gæfist þá frestur til að ráðstafa eignum skólans. Það er og enn þá óvíst, að amtsráð Norðuramtsins gangi að því, að flytja Hólaskóla til Eyjafjarðar. En meðan ekki er kostur á öðrum skólum en Hvanneyrar- og Hólaskóla, vona jeg, að engum sanngjörnum manni detti í hug, að ætlast til þess, að Eyðaskólinn verði lagður niður, eða að hlutaðeigendur samþykki það. Enn fremur má taka það fram, að Eyðaskólinn gæti útskrifað þá pilta,

sem nú sækja hann, ef hann fengi að halda þeim styrk, sem hann hefur haft, um næsta fjárhagstímabil, en annars ekki.

Ákvæði frumv. um ráðstöfun búnaðarskólasjóðanna virðist mjer ekki sanngjarnt. Þar er gjört ráð fyrir, að ömtin láti af hendi allmikið fje. Búnaðarskólasjóður Vesturamtsins var í árslok 1903 9,355 kr. 25 a., en Austuramtsins 3,529 kr. 94 a. Fyrst er á það að líta, að sjóðir þessir eru sjerstakar eignir amtanna, og sýnist mjer hæpið, að hægt sje að taka það fje frá þeim, að minnsta kosti áður en amtsráðin eru lögð niður. Enn er óvíst, hvort svo verður, og væri því þetta nokkuð svipað því, sem maðurinn gjörði, þegar hann seldi skinnið af refnum, áður en hann veiddi hann. Annars leyfi jeg mjer að skjóta þessu undir álit háttv. lögfræðinga hjer í deildinni, hvort þetta ákvæði gæti staðizt.

En að minnsta kosti er það ósanngjarnt, að jafnframt því, sem skólarnir eru teknir af ömtunum, sjeu sjóðirnir einnig teknir af þeim. Þörfin fyrir þá mundi alls eigi minnka. Þegar skólasóknin verður meiri erfiðleikum bundin, held jeg þeim mjög vel varið til að styrkja ung og efnileg bændaefni til að ganga á skóla í hinum ömtunum.

Framsm. Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það var nú sjálfgefið, að hlutaðeigandi hjeruð mundu standa gegn breytingunni, ef hún virtist koma í bága við þeirra hagsmuni, virkilega eða ímyndaða, en litlu verður breytt til batnaðar, ef það eitt á að ráða í landsmálum.

Kannist maður við það, að þessu máli sje komið í betra horf, með því að hafa tvo góða landsskóla, svo stóra, sem kostur er á, þá verða hjeruðin að lúta fyrir heill landsins.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. B.) talaði lengst og rækilegast um það, að sýslunefndir og amtsráðin hefðu ekki haft tækifæri til að fjalla um þetta mál. En síðasti amtmaður norðurlands, sem bar þetta mjög fyrir brjósti, og hefur lagt grundvöllinn að þeirri endurbót, sem nú er verið að leiða í lög, taldi skólann nyrðra bezt settan í námunda við Akureyri — jeg sje að háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. B.) biður um orðið — það getur verið, að »bezt settur« sje ofsagt, en að minnsta kosti mjög vel settan. Þar væri skólinn þó að því leyti bezt settur, að hann gæti verið í sambandi við þá þýðingarmiklu hreyfing, sem heitir »Ræktunarfjelag norðurlands«.

Sami háttv. þm. fann það til foráttu þessu frumv., að reka ætti búið á opinberann kostnað, og það mundi verða erfitt um eptirlit, þar sem landsstjórnin hefði yfirráðin, og hafði þm. þar víst einkum Hólaskóla fyrir augum. Eptirlitinu með Hólabúinu mun nú vera þannig varið, að það er privatmaður þar í nágrenninu, sem hefur það á hendi, og mætti eins ráða hann til þess úr Reykjavík. En það er annað eptirlit, sem er miklu sterkara, það er almenningseptirlitið, og það eptirlit mundi vera miklu meira, ef skólinn væri hafður nálægt Akureyri. Þar er skólinn settur nálægt margmenni og blöðum.

Jeg hygg, að eptirlitið verði svipað, hvort það er landsstjórnin eða amtsráðin, sem hafa það á hendi. Annars getur háttv. meðnefndarmaður minn, sem á sæti í amtsráðinu nyrðra, skýrt þetta betur.

Nefndin játar, að það er örðugt, að fá mann, sem bæði geti verið skólastjóri og bústjóri. Hefði jeg ekki í fyrra talað við sjera Zóphónías í Viðvík um þetta efni, og heyrt tillögur

hans, hefði jeg sjálfur verið því mótfallinn að láta einn mann hafa hvorttveggja á hendi. En upplýsingar hans, þessa gagnkunnuga manns, og trúnaðarmanns amtsráðsins, sannfærði mig um, að þessi aðskilnaður, sem reyndur hefur verið á Hólum, væri miður heppilegur.

Mjer fannst háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. B.) fara hálft í hverju út í öfgar, og er hann þó með þeim stilltustu og vitrustu, sem sitja hjer á þingi, þar sem hann var að tala um, að þessi færsla á skólanum frá Hólum væri ómögu leg eða ólögleg. Jeg skil ekki annað, en að amtsráðið geti hvenær sem er selt skólann í hendur landsstjórninni. Og löggjafarvaldið getur sett slíkan skóla hvar sem það vill. Auðvitað verður ekki jörðin Hólar flutt yfir fjöllin. En hvað er það, sem bindur bændaskólann endilega á Hólum? Mjer vitanlega ekkert nema skólabyggingin, sem þó þegar er orðin úrelt og ónóg. Það getur vel verið, að húsið hafi verið allgott í fyrstu; en það er farið að eldast, og er ekki til frambúðar. Og þó þingið gjörði ekkert í þessu nú, að flytja skólann, þá skal jeg segja háttv. þm. það, að Norðlendingar fara sjálfir bráðlega fram á það, því að skólinn er ómögulegur til frambúðar á Hólum. Sem skólasetur má ekki bera Hóla saman við nágrenni Akureyrar, og þó að því enda væri sleppt, að Austurland ætti að vera saman við Norðurland um skólann. Maður sjer, hvernig Norðlendingar eru að draga Sigurð skólastjóra norður til Akureyrar.

Einn annmarkinn var sá, að það liggur ekki fyrir nein áætlun um kostnaðinn. Hugsun milliþinganafndarinnar var sú, að hjargast við Hólaskóla til næsta þings, og þá fyrst skyldi veita fjeð til flutningsins. Kostnaðurinn, sem milliþinganefndin gizkaði á, var 50—60 þúsund. Fram úr því þarf hann ekki að fara; og það ætti að vera hægt að fara nærri um það, hvað þarf.

Nokkrar athugasemdir get jeg gjört út af því, sem háttv. meðnefndarmaður minn, þm. Norðmýlinga sagði. Það hefði verið skemmtilegt, ef það hefði verið fært að hafa bændaskóla á Austurlandi. En það er of dýrt; háttv. þm. talaði um að hafa hann lítinn; en slíkur skóli má ekki vera allt of lítill, því það verður tiltölulega allt of mikill kostnaður. Og þetta, að Austfirðingar ekki sæki skólann á Eyjafirði, er mjer alveg óskiljanlegt. Einir 6 eða 7 Múlsýslingar sóttu kennslu í »gróðrarstöðinni« hjer í vor sem leið.

Það eru beztu horfur á því, að Austfirðingar fái bættan skaðann, þó að þeir missi skólann, ef þeir sjálfir sýna áhuga í landbúnaði, og skulum við báðir treysta Búnaðarsambandi Austurlands til þess, að það geti með hjálp Landbúnaðarfjelagsins komið upp verklegri búnaðarkennslu hjá sjer í ýms um greinum eptir · þörfum hjeraðsins.

Háttv. þm. kallaði það ranglæti, að ömtin legðu fram sína búnaðarskólasjóði. Það get jeg alls eigi samsinnt, en jeg hef ekkert á móti því, að þau haldi þeim. Það mætti t. d. hafa þá til ferðastyrks handa nemendum, sem ættu að sækja skólana langt að. Það skellur þá á hið breiða bak landssjóðsins, að leggja meira til skólanna.

Mjer hefur fundizt, að þetta frumv. væri eitt af þeim málum hjer á þinginu, sem menn ættu að vinna að með sjerstakri ánægju; margt gjörir bæði að þreyta mann og ergja á þingi, en þegar maður hugsar um, hvað hjer liggur á bak við, að koma inn hjá bændastjettinni trúnni á sína eigin krapta og ástinni til landsins — þá finnst mjer svo sjerstaklega ljúft, að

vinna að þessu máli, og það fremur en nokkru öðru, sem hjer hefur komið fram á þinginu.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd við ræðu háttv. framsm. Hann skírskotaði til álits síðasta amtsráðs í Norðuramti, að því er snertir það atriði, hvar búnaðarskóli á Norðurlandi væri vel settur. En þetta álit, sem hann vitnaði til, var ekki frá honum einum, heldur frá 5 manna nefnd, sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hafði kosið til að íhuga framfaramál þess hjeraðs sjerstaklega. Enginn efast um, að það væri gott fyrir Eyfirðinga, að hafa búnaðarskóla hjá sjer. Og svo mun það hafa vakað fyrir forseta amtsráðsins, að skólinn væri þar nær amtsráðinu, ef það ætti að halda áfram að hafa á hendi yfirstjórn skólans. En sú ástæða hverfur alveg, þegar gjört er ráð fyrir, að skólinn standi beint undir landsstjórninni, eins og farið er fram á í frumvarpi þessu.

Það er ekki rjett orðalag í álitsskjali háttv. nefndar, að kalla þetta, sem hjer er verið að fara fram á, færslu skólans frá Hólum, því að það miðar beinlínis að því, að leggja niður Hólaskóla og stofna nýjan skóla á öðrum stað. En allt er þetta á huldu í frumv., og það er það, sem mjer finnst með öllu óviðurkvæmilegt, að hvorki er nefndur staðurinn, þar sem hinum nýja skóla er ætlað að standa nje heldur tiltekinn kostnaður sá, sem slík skólastofnun hlyti að hafa í för með sjer. Jeg skil ekki í öðru, en að sá kostnaður mundi vaxa mönnum svo í augum, að þeir hikuðu við að samþykkja frumv. þetta, eins og það er nú úr garði gjört, einkum þegar það liggur opið fyrir, að allur sá mikli kostnaður er gjörsamlega óþarfur. Aptur á móti er það tiltölulega lítið fje, sem þarf til þess að fullkomna Hólaskóla, svo að hann geti komið að fullt eins miklum notum, eins og þó varið væri stórfje til að stofna nýjan skóla.

Háttv. framsm. sagði, að það væri svo þýðingarmikið, að skólinn væri í grennd við gróðrarstöðina á Akureyri. Ekki hefur þó sjálfur skólastjórinn á Hólum lagt svo mikið upp úr því, af þeirri einföldu ástæðu, að við gróðrastöðina er lítið átt fyr en að vorinu eptir að skóla er sagt upp.

Í fyrri ræðu sinni gat háttv. framsm. þess, að það væri ekkert annað en fjarstæða að hafa á móti því, þótt búnaðarskólar væru í grennd við bæi. Það má þó sjá á þingmálafundum, sem hjer liggja frammi v lestrarsalnum, að það er einróma alit manna, að búnaðarskólar eigi að vera til sveita. En það er þetta gamla viðkvæði, sem hjer kemur fram, að ef almenningsálitið kemur ekki heim við vilja einstakra manna, þá telja þeir hinir sömu ekki mark á því takandi. En jeg verð þó að meta meira eindregið almenningsálit, ekki síst þegar það kemur alveg heim við skoðanir flestra skynberandi manna, sem hafa ritað um þetta mál í blöðunum.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Þó að háttv. framsm. hafi að mestu leyti svarað þeim 2 háttv. þm., sem mest mótmæli hafa hafið gegn frumv., þá eru samt nokkur atriði í ræðu háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.), sem neyddu mig til þð standa upp. Hann greip inn í ýms sjerstök atriði viðvíkjandi Hólaskóla, en ef fara ætti grandgæfilega að rekja sögu þess skóla, gæti ýmislegt það komið fram, sem ekki yrði málinu til fyrirgreiðslu frá hans sjónarmiði hjer í deildinni. Meðal hinna sjerstöku atriða, sem hann drap á, skal jeg leyfa mjer að minnast á í fyrsta lagi, að hann áleit, að eigi væri,

vel farið, þar sem eigi var leitað álits amtsráðs nje sýslunefnda um þá fyrirhuguðu breytingu, sem frumv. þetta gjörir á búnaðarskólunum. En þar til er því að svara, að 4 af amtsráðsmönnunum í Norðuramtinu sitja hjer í þingsalnum og álit þeirra hjer ætti að vera sama, eins og þó þeir hefðu gefið það á amtsráðsfundi norður í landi. Segja mætti að eins, að 2 gætu orðið á móti 2, en það hefðu þeir eins orðið fyrir norðan.

Viðvíkjandi áliti sýslunefndanna í norðuramtinu, þá er háttv. ræðumanni kunnugt um það, að fyrir aðalfund árið 1904 var leitað álits þeirra um breyting og viðbót á húsakynnum á Hólum; var þar sýnt fram á, hve mikið fje þyrfti til, að skólinn eptirleiðis gæti starfað viðunanlega og til bygginga þeirra og útbúnaðar, sem skólastjóri áliti nauðsynlegar. Var þar gjört ráð fyrir nál. 7,000 kr, fjárhæð. Sýslunefndirnar ljetu þá allar uppi álit sitt um þetta mál og framtíðarhorfur skólans. Mjer er kunnugt um það, að Suður-Þingeyingar vildu ekki láta fje til aukinna bygginga á Hólum, heldur hneigðust að því, að skólinn væri færður til Eyjafjarðar. Það mun einnig hafa verið eindregin meining sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu, að láta flytja skólann, en leggja ekkert fje af mörkum til hans, þar sem hann nú er; en skiljanlegt er það, þó háttv. fulltrúi Skagf. vilji hafa skólann þar sem hann er, og má vera, að Húnvetningar sjeu á sama máli. Háttv. 1. þm. Skagf. áleit það afar óheppilegt, að skólastjóri ætti að hafa bústjórn á hendi, en jeg verð að álíta, að nefndin hafi rjett fyrir sjer, þar sem hún bendir á reynslu þá, sem fengizt hefur á Hólum í því efni. Það er eigi rjett, að það bæri svo bráðan að, sem honum sagðist frá í fyrra skipti, með ráðningu bústjórans á Hólum, því amtsráðið gat haft heilt ár til umhugsunar með byggingu Hóla. En jeg skal ekki fara frekar út í þá sögu. En því vil jeg lýsa yfir, að jeg álít það alls eigi eins miklum erfiðleikum bundið, og háttv. þm., að fá þann mann, sem bæði geti leyst skólastjórn og bústjórn vel af hendi, og það er mín fasta sannfæring, að hefði skólastjórinn á Hólum verið bústjóri, hefði búið staðið betur, heldur en raunin varð á, þegar því var skilað næstliðið ár. Hann sagði og, að ekkert eptirlit þyrfti með skólabúinu, af því það væri ekki eign þess opinbera. En þetta skil jeg ekki, að minnsta kosti er háttv. þm. kunnugt, að það fer fram úttekt, eða skoðun á búinu árlega, og lætur það að líkindum, að þar sem 10,000 kr. eru í lausafje, sje ástæða til að hafa eptirlit með því; þess má líka finna nóg rök, að stofninn getur bæði skaðazt og rýrnað, jafnvel þó að höfðatala búpenings haldist óbreytt.

Hann taldi mörg tormerki á færslu skólans; jeg varð raunar ekki var við, að hann færði gild rök fyrir því, en það er mjer vel skiljanlegt, að hann sem þm. Skagf. vilji hafa skólann kyrran á Hólum. Meðal annars gat hann um, að íslenzkukennsla væri undirstöðuatriði í skólanum, og væri hún nú mjög góð; þessu er jeg alveg samdóma, og jeg hef með ánægju verið með að samþykkja þakkarávarp til þess heiðursmanns, sem nú kennir Íslenzku á Hólum. En jeg vona það verði eigi svo álitið, að jeg drepi neitt niður sóma hans, þótt jeg láti það í ljósi, að íslenzkukennsla geti einnig orðið góð, þó að skólinn sje fluttur. Jeg skal leyfa mjer að nefna prófastinn á Hrafnagili í því sambandi, og ætlast jeg til, að hann sje þekktur að því, að vera vel að sjer í Íslenzku og

almennum bókmenntum. En að öðru leyti á ekki við, að fara að dæma nokkuð á milli þeirra tveggja heiðursmanna hjer á þingmannabekkjunum, prófastanna í Viðvík og á Hrafnagili. Þeir eru báðir kunnir að því, að vera mestu fróðleiksmenn og heiðursmenn.

Viðvíkjandi afstöðu Hóla og aðdráttum þar hefur framsm. talað, svo jeg sje ekki ástæðu til að fara lengra út í það.

Háttv. ræðum. endaði ræðu sína á því, að það mundi vekja megna óánægju og sundrung í hjeraðinu, ef skólinn yrði fluttur. En jeg þykist vita fyrir víst, að skólinn þurfi umbóta og fjár við, að minnsta kosti vill skólastjóri naumast halda þar lengi áfram starfi sínu, nema bætt sjeu hús og byggingar skólans; það kom fram í áætlun þeirri, sem lögð var fyrir sýslunefndirnar í fyrra, um húsabætur á Hólum, og smiðirnir sögðu það gæti komið til álita, hvort eigi væri eins rjett, að reisa nýtt skólahús, því að þetta sem nú er, væri hvorki henntugt nje til frambúðar.

En hvað mikið fje mundi það kosta? Og mundi ekki einnig geta vakið óánægju hjá þeim sýslum, sem vilja færa skólann, ef farið yrði að kosta miklu til endurreisnar honum þar sem hann nú er? Eitt atriði er það enn, og það er »Tilraunastöðin« á Akureyri. Sem stendur er skólastjóri formaður hennar, og væri því hentugra, að hann byggi í nánd við hana, en að hann verði að fara á milli yfir heiðar og langa vegu. Jeg veit til, að nokkrir piltar hafa sótt um Hólaskóla, einmitt til þess að geta fengið að vinna í »Tilraunastöðinni« að vorinu, og dylst mjer því eigi, að betra sje að hafa skólann nálægt henni.

Mjer finnst því mjög margt mæla með færslu skólans og mjer getur ekki blandazt hugur um, að framtíð hans sje bezt borgið með því mót. Jeg tel okkur Þingeyinga sæla, að hafa engan skóla að berjast fyrir. Þessir skólar hafa orðið að sætta sig við hokursbúskap, og því ekki getað borið höfuðið nema hallt.

Jeg skal benda á, að mín skoðun á þessu máli er ekki nýfengin, því á hinum fyrri þingum, sem jeg átti sæti á, hjelt jeg fram þeirri skoðun, og nokkrir aðrir, að bezt væri að hafa að eins 1 eða 2 *myndarlega* búnaðarskóla. Og jeg vona, að reynslan sje búin að sýna, að þessi skoðun sje rjett.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Helztu breytingarnar, sem frumv. fer fram á, eru, að fækka búnaðarskólunum, og reka þá á landsins kostnað. Um fyrra atriðið hef jeg það að segja, að jeg hef ávallt verið með að fækka skólunum og er það enn. En um hitt atriðið, hvort bót sje að, að reka skólann á landsins kostnað, efast jeg, einkanlega eptir að hafa heyrt hina rökrjettu ræðu háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.). Annars skal jeg strax geta þess, að það þarf ekki lög til að fækka búnaðarskólunum; þrír af þeim búnaðarskólum, sem nú eru til, eru amtseignir og einn einstaks manns eign, og er það þess vegna óþarfa krókaleið að fara að semja sjerstök lög á alþingi um fækkun þeirra. Og í annan stað held jeg, að 2 af þeim standi á svo veikum fæti, að þeir fjellu, ef þeir væru sviptir landssjóðsstyrknum á fjárlögunum. En jeg skal ekki fara frekar út í þessi atriði.

Það var annað atriði í málinu, sem hneyxlaði mig, það er ákvæðið í 7. gr. frumv. um að taka stórar fjárupphæðir af Vesturamtinu og Austuramtinu, að amtsráðum þeirra fornspurðum, og eigi það að standa áfram, hika jeg ekki við að greiða atkvæði á móti

frumv., en líklega þarf ekki til þess að koma, því að framsm. (Þ. B.) tók liðlega í það, að fella þetta burt, sagði, að sjer væri það ekkert kappsmál. Það er í fyrsta lagi varla löglegt, það fer í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar eða kemur að minnsta kosti ekki vel heim við það ákvæði, að eignarrjetturinn sje friðhelgur. Og í annan stað er það ekki sanngjarnt, og alls ekki nærgætnislegt, að fara svona með ömtin, enda engin ástæða, mjer sjáanleg, til að leita ekki álits amtsráðanna, úr því lögin samkvæmt 8. gr. frumv. koma ekki til framkvæmda fyr en amtsráðin syðra og nyrðra hafa afhent sína skóla. Mjer þykir yfirleitt kenna helzt til mikillar viðleitni í frumv. millipinganefndanna til að seilast nokkuð langt inn á verksvið, sveitarstjórnanna og það er því óheppilegra, sem Íslendingum mun ekki vera betur við það, en öðrum þjóðum, að þurfa að lúta valdi konunglegra embættismanna, frekar en nauðsyn krefur.

Annars hef jeg ekki afráðið, hvort jeg greiði atkvæði með frumv., þó að framsm., sem má sín mikils í þessu máli, hafi dregizt á að fella burt 7. gr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það eru að eins fá einstök atriði, sem jeg ætlaði að taka fram á þessu stigi málsins, en ef frumv. skyldi komast til 3. umr., kynni að vera, að jeg talaði frekar um það. Jeg tek það fram, að jeg er af ýmsum ástæðum ráðinn í að greiða atkvæði á móti þessu frumv. Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) tók fram, að álit amtsráðsins í Norðuramtinu gæti komið fram hjer í deildinni, því 4 amtsráðsmenn ættu hjer sæti. En það er ekki víst, að það yrði frumv. í vil, því jeg er þess algjörlega viss, að sá 5., sem ekki er hjer, mundi vera algjörlega á móti flutningi skólans og á móti því, að eignin sje tekin af amtinu, að því fornspurðu. Af þeim 5 atkvæðum, sem í amtsráðinu eru, mundu því 3 verða á móti. Og það er alls óvíst, hvernig atkvæði amtsráðsmannsins fyrir Eyjafjarðarsýslu (Stefáns kennara Stefánssonar) fjelli, ef hann áður gæfi sjer ráðrúm til að bera sig saman við 2. þm. Skgf. (sjálfan sig); það eitt er þó víst, að Skagfirðingar eru þessu frumv. ekki samþykkir. Þm. N.-Þing. (Á. J.) mundi því að líkindum standa einn uppi í amtsráðinu.

Jeg er samdóma háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) um það, að ekki sje rjett, hvorki frá lagalegu nje siðferðislegu sjónarmiði, að svipta ömtin eignum sínum að þeim fornspurðum.

Það er heldur engin ákveðin vissa í frumv. um, hvar skólana eigi að setja; það eru allt getspár í lausu lopti. Jeg veit það, að ráðgjört er að setja annan skólann á Kjarna í Eyjafirði, en sú jörð er í fastri lífstíðarbygging og ekkert víst, ekki einu sinni líklegt, að ábúandinn vilji sleppa jörðinni. Hann getur sett þessum bollaleggingum öllum »stólinn fyrir dyrnar«, og það eru allar líkur til þess, að hann gjöri það. Eitt atriðið er enn, sem er mjög vanhugsað og óheppilegt og getur leitt af sjer alveg botnlausan kostnað; það er það, að í 1. gr. frumv. er ákveðið, að skólabúin sjeu rekin á landsins kostnað; það skil jeg ekki, að nefndin hafi skoðað nákvæmlega; jeg held fyrir mitt leyti, að það geti orðið botnlaus fjáreyðsla. Á Hólum á amtsráðið innistæðuna; búið er ekki rekið fyrir reikning amtsráðsins, en það lætur fram fara úttekt á hverju vori til eptirlits því, að innistæðan ekki minnki. Þetta er öðruvísi á Hvanneyri, þar er búið rekið á amtsins kostnað og þar er líka reksturskostnaður búsins þyngsta útgjaldagreinin, en á Hólum er kennsla

og viðhald húsa þyngst á metunum. Væri það eins á Hólum, að búrekstrurskostnaðurinn legðist á amtið, þá væri hann líka mestu útgjöldin, og þá stæði hagur skólans enn ver en hann gjörir. Þessi bú eru þó bæði undir hjeraðsstjórnar eptirliti. En væri slík bú rekin fyrir reikning landssjóðs, yrði niðurstaðan án efa margfalt verri. Jeg er sannfærður um, að gagnvart slíkum búrekstri dugar ekkert »kontrol«, og það fæst enginn, sem fullnægir hvorutveggju, bústjórn og skólastjórn.

Það er eins í slíkri stöðu og öðrum, að erfitt er að »þjóna bæði guði og mammoni« svo vel sje, þvert á móti; það fer sjaldan saman gott búvit og góðir kennsluhæfilegleikar. Nei, hjer eru opnaðar víðar dyr fyrir fjáraustri úr landssjóði, sem ómögulegt er að sjá fyrir hvar muni lenda.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.). Jeg vildi minnast á eitt í ræðu háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.). Hann sagði, að hann vildi hafa myndarlega bændaskóla, en hætta þessum hokursskólum. sem við nú höfum, eins og t. d. Hólaskóla. Nú veit jeg ekki betur, en milliþinganefndin vilji láta sníða bændaskólana einmitt eptir Hólaskóla. *(Árni Jónsson.:* Jeg nefndi ekki Hólaskóla). En í stað hvaða skóla á þá að setja þessa myndarskóla eða fyrirmyndarskóla? Þetta fyrirkomulag, sem ekki leiðir að takmarkinu, er ekki rjett nje heppilegt, og allra sízt að keyra frv. í gegn, að fornspurðum sveita- og sýslufjelögunum, sem hjer eru rjettmætastir málsaðilar.

Jeg álít heppilegt, að haga þessu svipað og gjört er í Noregi. Þar reka ömtin eða stiptin sjálf skólana, en fá styrk af almannafje til þess.

Það er hagur fyrir sveitarfjelögin, að hafa þessar stofnanir hjá sjer, og mundu þau vera fús á að leggja fram allmikið bæði til að stofna þær og reka. Þess vegna væri rjett og heppilegt, að leita fyrir sjer með það, fyrst og fremst til þess að komast að betri niðurstöðu um álit almennings í málinu, og svo til að spara landssjóði fje, ef þess væri kostur.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þetta í þetta sinn. En ef málið slæðist til 3. umr., mun jeg athuga það nánar.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætlaði reyndar ekki að taka til máls í þetta sinn. En af því mjer virðist svo margar undarlegar skoðanir koma fram til að flækjast fyrir frv., langar mig til að fara fáeinum orðum um málið.

Mjer finnst ekki rjett að gjöra svo mjög mikið veður út af því, að ömtin sjeu svipt rjetti, þó búnaðarskólasjóðir þeirra gengju til bændaskólanna, eins og ráð er gjört fyrir. Það má alveg skoða það svo, að miklu *ljettí* af ömtunum, þegar þau losna við búnaðarskólana, þó sjóðir þeirra fylgi.

Reynslan hefur sýnt það, að ömtin leggja mikið í sölurnar fyrir þessa skóla, og gætu vel unnað landssjóði þess að taka þá upp á sína arma og undir sína vernd. Enda gekk milliþinganefndin út frá því, að ömtin og amtsráðin yrðu lifandi fegin að losna við þá. Það er líka ástæða fyrir þessari breytingu á skólunum, að hjeraðsstjórnin er að breytast; amtsráðin eru á förum, en þau hafa mest haft með skólana að gjöra; verður einhver að taka við af þeim, því ekki er gott að vita, hvað um þá yrði.

En það er ekki eingöngu þetta, sem rekur eptir. Aðalatriðið er það, að skólarnir, sumir, eru svo staddir. að þeir þurfa bráðra umbóta við, geta ekki komizt af, án nýrra bygginga. Og þeg-

ar um það er að ræða, þá kemur sú knýjandi spurning, hvar þeir eru bezt settir í framtíðinni, og hvernig þeim verði haganlegast fyrirkomið; þá er úhjákvæmilegt að athuga, hvort hentugast væri að bæta þá, þar sem þeir eru, eða flytja þá eitthvað til, og bæta þá þar.

Það er búið að færa svo margar ástæður fyrir því, að bændaskólarnir ættu að eins að vera tveir, og að bændaskóli sje betur settur í Eyjafirði (á Kjarna) en á Hólum, að jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

En jeg vil taka það fram, að jeg skil ekki í því, að þeir, sem annars hafa nokkurn áhuga á þessu máli, vilji láta svo lítið, að hanga í lítilvægum lagagreinum til að tefja fyrir frv.

Það er tilgangurinn með frumv., að koma upp tveimur góðum bændaskólum í landinu, sem verði reknir á landsins kostnað. Og þó það væri nú hægt að færa einhvern lagastaf fyrir því, að ekki sje með öllu formleg sú aðferð, sem fram á er farið gagnvart búnaðarskólasjóðunum, þá virðist mjer rjettara, að líta á kjarna málsins, þann, að fá gott skólafyrirkomulag, heldur en að hanga í tómum dauðum bókstaf.

Flestir, sem látið hafa álit sitt í ljósi um þetta atriði, hafa heldur kosið færri skóla og betri en fleiri og ljelegri.

Reynslan hefur að vísu sýnt, að búnaðarskólarnir hafa verið til gagns, þó þeir hafi verið ófullkomnir. En jeg verð að játa það, að þegar gætt er að búnaðarþekking þeirra, sem hafa komið frá þeim, þá skara þeir of lítið fram úr öðrum í því efni og hafa ekki haft mikil áhrif á síðustu árum. Þetta er auðvitað eðlilegt, af því bæði hefur kennslan ekki verið eins fullkomin, og hún þyrfti að vera, og svo koma flestir mjög lítið undirbúnir á skólana, og geta þess vegna ekki notið tilsagnarinnar fyllilega, enda þótt hún væri í góðu lagi.

Aðalástæðan til þess, að búnaðarskólarnir hafa ekki haft meiri þýðingu, en raun hefur á orðið, er þó að mínu áliti ekki sú aðallega, hve kennslan hefur verið ófullkomin, heldur hitt, að þeir hafi allt af verið í basli, bæði með búskap og annað, og þess vegna staðið svo illa að vígi til að vekja menn til hugsunar og dáða. En ef við hefðum verulega myndarskóla, sem hefðu tök á að sýna lærisveinum sínum fyrirmyndarbúskap, þá væru þeir til ómetanlegs gagns.

Í sambandi við það, að ætlazt er til, að skólastjóri bændaskólans verði einnig bústjóri, sagði háttv. þingm. V.Sk. (Guðl. G.), að erfitt væri að þjóna bæði »guði og mammoni«. Jeg álít skólastjórn og bústjórn alls ekki eins fjarlægar hvora annari eins og guð og mammon.

Það er að vísu satt, að engin trygging er fyrir því, að góður vísindamaðnr sje góður bústjóri, en þar með er alls ekki sagt, að hann sje betri kennari en bústjóri. Og jeg held, að slæmur bústjóri yrði tæplega góður skólastjóri og góður skólastjóri mundi naumast verða slæmur bústjóri. Hvorttveggja byggist mjög á því, að geta sýnt í verkinu, það sem maður veit og vill, hvort sem það er mikið eða lítið.

Samt verð jeg að játa það, að við milliþinganefndarmennirnir álítum full erfitt verk fyrir einn og sama mann, að hafa bæði þessi störf á hendi, en þó ekki frágangssök. Einn nefndarmaðurinn hafði líka haft þennan starfa á hendi í 8 ár, og ætti hann að geta dæmt um það betur — eða ekki síður

en menn, sem aldrei hafa komið nærri neinu slíku. Mig minnir, að hann segði, að enda þótt erfitt væri, að vera bæði skólastjóri og bústjóri, mundi þó enn örðugra að fá góða samvinnu milli skólastjóra og bústjóra í tveimur persónum en einni. Til allrar hamingju situr þessi maður hjer í salnum, svo hann getur leiðrjett, ef jeg skýri rangt frá.

Andmæli tveggja háttv. þm., sem talað hafa í þessu máli, gegn flutningi skólanna virðast mjer ekki eiga við, fyr en búið er að leiða rök að því, að hugmyndin um tvo skóla í landinu sje ekki rjettmæt. Verði sú hugmynd viðurkennd, þá liggur næst fyrir að ákveða staðina fyrir þessa tvo skóla. Og í því vali má ekkert koma til greina annað en það, sem hentast er fyrir skólana sjálfa. Þeir verða að vera þar, sem þeir þrífast bezt, og mest gagn getur orðið að þeim, svo sá styrkur, sem þeim er veittur af almannafje, verði að sem mestum og almennustum notum. Væru öll skólahúsin brunnin til kaldra kola, mundi mönnum skiljast þetta betur.

Jeg skil annars ekki vel í því, hvað menn eru fastheldnir við það að hafa skólana hjá sjer, hvað sem á gengur, og hvort sem þeir geta verið gagnlegir eða ekki, því ómögulegt er að dyljast þess, að þessu fylgi opt örðugleikar og óþægindi fyrir hlutaðeigendur.

Viðvíkjandi flutningi Hólaskóla, þá veltur það alveg eins mikið á Þingeyingum eins og Skagfirðingum, hvort hann yrði fluttur til Eyjafjarðar eða ekki. Og eigi Norðurland að láta sjer nægja með einn skóla, þá verður hann að vera þar, sem aðstaðan er að öllu leyti bezt. Þess vegna verður fyrst að bæla hugmyndina um tvo skóla, og getur hver barizt fyrir sínum.

Jeg vil alls ekki neita því, að hreyfingarnar, sem Hólaskóli hefur vakið, hafa haft mikla þýðingu fyrir hjeraðið, og því sje eðlilegt. að þeir vilji ekki missa hann. Og ef hótun háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. B.) er á rökum byggð, þá væri það mikið tjón fyrir Norðurland að fá almenna óánægju og ófrið með flutning skólans. En jeg álít, að Skagfirðingar gætu haft gott af því að koma til Eyjafjarðar, engu síður en Eyfirðinðar og aðrir af að koma til þeirra.

Það er sannfæring mín, að skólinn hefði mikið gagn af, að vera í nánu sambandi við gróðrarstöðina á Akureyri, því hún hefur mörg nauðsynleg skilyrði til að gjöra skólann gagnlegan, og tengja hann meira við verklegar framfarir í Norðurlandi. Og það er einmitt það, sem við viljum hafa. Nú er sambandið milli skólans og gróðrarstöðvarinnar laust og óþægilegt, og hlýtur að verða það, nema skólinn sje settur í nánd við hana.

Mjer finnst ósköp þægilegt og eðlilegt, að leggja Eiðaskólann niður eins og hann nú er. En vel væri hugsanlegt, að Austuramtið vildi og gæti komið sjer upp annari menntastofnun, sem væri því heppilegri og notasælli. Og um Hvanneyrarskólann hef jeg það að segja, að sjálfsagt mundi að flytja hann, svo framarlega sem bændaskólarnir yrðu ekki nema tveir.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hjó eptir einni setningu í ræðu h. háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann sagði, að málinu lægi ekkert á sjálfs sín vegna, heldur vegna skólanna, sem nú eru. En þetta er alls ekki rjett. Málinu liggur ekki á vegna Hvanneyrarskóla, heldur ekki vegna Eiðaskóla; það skyldi helzt vera vegna Hólaskóla, af því að skólahúsin eru orðin ljeleg, en mjer er sagt, að það muni ekki

kosta meir en um 4,000 kr. að bæta hann, svo við megi una í bráð, og væri þá lítil meining í, að ráðast í fleiri tuga þúsund króna kostnað, og gjöra allar þessar breytingar að eins vegna Hólaskóla. Annars er það mjög skrítilegt, að milliþinganefndin skuli ekkert hafa snért við því máli, sem meira lá á, og allir bjuggust við, að hún sjerstaklega mundi leggja rækt við. Jeg á við ábúðarlöggjöf landsins; heldur ungar nefndin út tylft af smámálum, tómum kriueggjum, sem mörg eru þegar orðin að kaldeggjum, og sum líklega eiga eptir að verða að eggjum, sem jeg ekki vil nefna. *(Pjetur Jónsson:* En þingmaðurinn er þá ekki of góður til þess, að sitja á kaldeggjum). Jeg hef hvorki lyst eða tíma til þess, en eptirlæt það háttv. þm. S.-Þing. (P. J.).

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra litla athugasemd við ræðu hins háttv. þm. S.-Þing. (P. J.). Hann sagði, að Eiðaskóli væri »í þeim stíl«, að auðvelt væri, að leggja hann niður; því hann væri skuldlítill og litlu til hans kostað, en jeg vil minna á það, að þetta sannar líka, að hann er í þeim stíl, að auðvelt er að efla hann og auka. Hinn háttv. þm. minntist líka á, að skólinn hefði ekki haft mikla þýðingu; um það vil jeg ekki deila, því til að sýna fram á þýðingu þá, er hann hefur haft, þyrfti langt mál, en þó svo væri, að þýðing hans hefði verið lítil, þá sannar það ekki, að skólinn geti ekki á komandi tíð orðið til framfara og eflingar í búnaði, og jeg er sannfærður um það, að svo verður, ef nú er hlynnt rækilega að honum, og eins sannfærðnr er jeg um hitt, að það er stór mikið tjón fyrir fjórðunginn, ef hann verður lagður niður.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg vil taka það fram, að jeg er í raun og veru þeirri hugmynd samdóma, sem kemur fram í þessu frumv., en finnst, að undirbúningur málsins sje ekki eins góður og skyldi, og að mínu áliti væri rjettast, að láta þetta mál bíða til næsta þings, til þess að sýslunefndum og hjeraðsstjórnum gæfist kostur á því, að láta uppi álit sitt um málið; jeg er samdóma háttv. þm. N.-Múl. (E. Þ.) í því, að heppilegast væri, að engin endanleg úrslit yrðu tekin um málið að sinni.

Það eru sjerstaklega 2 ákvæði frv., sem jeg get ekki annað, en verið mótfallinn. Fyrra ákvæðið er í 1. gr. frv. og er þar mælt svo fyrir, að skólabúið skuli vera rekið á opinberan kostnað. Jeg er á móti þessu ákvæði, því mjer finnst lítt hugsanlegt, að sami maður geti bæði haft skólastjóra- og bústjórastöðu á hendi. Það er sitt hvað, að vera góður bóndi og annað að hafa gott lag á því, að kenna öðrum búfræði. Kostnaðurinn verður líka margfalt meiri, ef búið er rekið á þennan hátt. Það væri miklu betra og heppilegra, að jörðin væri leigð einhverjum góðum bónda fyrir ákveðið verð, og leiguverðið gæti svo gengið til skólans, en samið væri við ábúandann um það, að hann seldi kennurum og nemendum fyrir ákveðið sanngjarnt verð þær afurðir af búinu, sem þeir þyrftu með. En sjerstaklega er jeg á móti því ákvæði í 7. gr. frumv., að búnaðarsjóðir Austur- og Vesturamtanna skuli leggjast til þessara bændaskóla. Jeg tek undir það með háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.), að það sje hvorki siðferðislega nje löglega leyfilegt, að taka þessa sjóði án vilja hlutaðeigandi málsaðila.

Jeg get ekki annað en verið á móti frumv. við þessa umræðu, með því að þau ákvæði eru í frumv., sem jeg

ómögulega get fallizt á, og sem það kann að fara með út úr þinginu.

Framsögumaður (Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.): Jeg býst við, að deildin sje nú orðin þreytt á þessum löngu umr., en jeg vil samt leyfa mjer að segja örfá orð áður en gengið er til atkv.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hafa báðir vikið að því, ásamt öðrum háttv. þingm., að þessu máli lægi ekkert á. Þeir, sem svo mæla, hafa auðsjáanlega ekki viljað taka þá ástæðu gilda, að 2 af búnaðarskólum landsins eru að leggjast niður fyrir aðsóknarleysi, og þá brestur trúna á það. að með lýðháskólafyrirkomulaginu komi ný vakning inn í þjóðina. Mjer er þessi breyting hið mesta áhugamál, og málið má eigi saltast til næsta þings.

Það hefur verið sjerstaklega snúizt að því, hve örðugt og kostnaðarsamt það væri að reka búið á opinberan kostnað. Jeg spyr: Verður komizt hjá því? Það getur komið til athugunar við 3. umr., hvort það eigi að vera beint lögbundið, að skólastjórinn sje jafnframt bústjóri.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), var eitthvað að tala um, að þetta væri gjört, að hlutaðeigendum nauðugum. En jeg hygg, að þeir, sem hafa athugað frumv., hljóti að sjá, að þetta er hreinn og beinn ljettir fyrir amtssjóðina og amtsráðin. Ef það getur verið um þyngsli að ræða, þá er það fyrir landssjóð, en ekki amtssjóðina. Gamall amtsráðsmaður hefur sagt við mig, að í sama augnabliki sem Hvanneyrarskóli væri látinn af hendi, þá hefði amtsráðið eiginlega ekkert að gjöra. Þetta þing getur svæft málið að sinni, en hitt er víst, að hugsunin um að hafa 2 góða bændaskóla í landinu mun vaka áfram hjá þjóðinni og þann straum getur enginn stöðvað.

Mjer fannst það vera óviðkomandi þessu máli, að háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók milliþinganefndina í landbúnaðarmálinu til bæna, og jeg ætla mjer ekki að tala um það, hvað önnur milliþinganefnd, sem hann kannast við, hefur skilið eptir í hreiðrinu sínu. Hafi annars þm. (L. H. B.) lesið álitsskjal nefndarinnar, getur hann sjeð, hvernig starf hennar snýst einmitt sjerstaklega um leiguliðaábúðina í landinu.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er eitt af þýðingarmestu málum þjóðarinnar, og það væri sorglegt, ef þetta yrði það fyrsta mál, sem deildin fellir. Jeg ber svo mikið traust til deildarinnar, að hún láti slíkt ekki koma fyrir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætla að eins að gjöra stuttar athugasemdir við ræðu háttv. framsm. (Þ. B.).

Sá ljettir, sem þetta ætti að leiða með sjer, verður þýðingarlaus, þegar farið er fram á, að leggja á sýslurnar annan skatt til landssjóðs, nær því jafn þungan, sem þær svo eru sviptar öllu atkvæði um.

Jeg talaði ekki frá sjónarmiði Norðuramtsins heldur miklu fremur Suðuramtsins, því að þar er jeg miklu kunnugri. Það er ekki rjett hjá háttv. framsm. (Þ. B.), að amtsráðin hafi ekkert að gjöra þegar skólunum er af þeim ljett; þýðingarmesta starfið er eptir: eptirlitið með sveitastjórnunum. Að búskapur verði að standa í sambandi við skólana, sagði háttv. framsm., að væri afleiðing af því, að skólarnir væru í sveit. Mjer fannst háttv. framsm. gefa í skyn, að þeir ættu að vera í kaupstað *(Þórhallur Bjarnarson:* Alls ekki) eða í kaupstaðarjaðri; að

hafa Norðurlands-skólann á Kjarna, er sama eins og að hafa Suðurlands-skólann nálægt Skólavörðunni hjerna í Reykjavík. Ef þessir skólar eiga að vera til þess að kenna bændaefnum rjettan skilning á lífsstöðu þeirra, starfi og ábyrgð síðar í lífinu, tel jeg í alla staði óheppilegt að hafa þá í kaupstöðum. Slæpingsskapur götulýðsins, iðju- og eljuleysið, sem fylgir þessum lausalýð kaupstaðanna, mundi ekki vera góðar fyrirmyndir fyrir unga pilta úr sveitunum nje skýra á heppilegan veg skilning bændaefnanna á hlutverki þeirra í lífinu. Með slíkum hugsjónum yrði ekki alinn upp álitlegur bændastofn hjer á Íslandi.

Meira hef jeg ekki að taka fram; jeg mun greiða atkvæði á móti frumv. á sjerhverju stigi þess og móti öllum þess ákvæðum.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 13 : 3 atkv.

2. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
3. — —— — 13 —— —
4. — —— — 13 —— —
5. — —— — 13 —— —
6. — —— — 13 —— —
7. — —— — 13 —— —
8. — —— — 13 —— —
9. — —— — 13 —— —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 : 4 atkv.

Á 35. fundi Nd., mánudaginnu 31. júlí, kom frumv. til 3. umr. (Stj.frumv. A. 190, 221, 223, 230, 242).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (1. þm. Borgf.): Það hefur farið með þetta mál eins og mörg önnur hjer á þingi, að breyt.-till. hafa fyrst komið við 3. umr. málsins. Þær snúast mest um þessi tvö atriði, hvort eigi að reka skólabúið á kostnað landssjóðs, og hvort skólastjóri og bústjóri eigi að vera sami maður.

Jeg ætla fyrst að minnast á þær breyt.till., sem nefndin hefur aðhyllzt, breyt.till. á þgskj. 230, sem nefndin hefur tekið upp, og breyt.till. á þgskj. 221 frá þm. Dal. Nefndin telur það heldur til bóta, en hitt, að búið þurfi ekki að reka á landssjóðs kostnað, ef annars er kostur. Það gæti líka verið, að annað ætti betur við á öðrum staðnum, en hitt á hinum.

Þá er næst breyt.till. á þgskj. 223, frá 1. þm. Skagf. Þar hefur nefndin aðbyllzt breyt.till. 2. og breyt.till. 3. Hann vill orða fyrstu gr. á þá leið, að þau sjeu rekin eptir samningi við á-búendur jarðanna.

Næst er breyt.till á þgskj. 190 við 7. gr. frá þm. Snæf. Hana hefur nefndin líka gengið inn á. Milliþinganefndin hafði tekið þetta upp að leggja búnaðarskólasjóði Austuramtsins og Vesturamtsins til skólanna, en hjer á þingi hafa komið fram svo margar aðrar till., að nefndin hefur gengið inn á að sleppa tilkalli til þessara sjóða. Þetta ákvæði um búnaðarskólasjóðina er heldur enginn verulegur þáttur í frv. Af þessu leiðir þó dálitla orðabreytingu síðast í 7. gr. Þá eru líka upp taldar þær breytingar, sem nefndin hefur viljað ganga inn á. En nú eru hinar breyt.till. eptir, sem meira snerta efnið og kjarnann í frv. Fyrst breyt.till. 1 á þgskj. 223, sem bindur bændaskólana við Hóla og Hvanneyri. Það hefur áður verið rætt svo mikið um það hjer í deildinni, og nefndin er því alveg mótfallin, að binda skólastaðina þannig með lögum. En ef búnaðarskólinn á Eiðum verður lagður niður, sýnist það vera lang sanngjarnast, að skólinn sje hafður í Eyjafirði, þessu miðbiki Nvrðurlands. Það er heldur ekki tiltekið, hvar í Eyjafirði skólinn eigi að standa, en það ætti að sjálf-

sögðu að vera einhversstaðar nálægt Akureyri. Ekki á sjálfri Akureyri, en einhvers staðar þar í kring. Það hefur verið talað um, að hafa hann á Kjarna, og hafa sumir fundið það þeirri uppástungu til foráttu, að Kjarni væri svo að segja í kaupstaðnum. En jeg veit ekki betur, en Kjarni sje að öllu leyti sveitajörð, svo að það gæti víst ekki orðið til fyrirstöðu.

Loks er breyt.till. á þgskj. 242 frá þm. N.-Múl. þess efnis, að halda áfram búnaðarskólanum á Eiðum auknum og endurbættum. Háttv. meðnefndarmaður minn hefur nú látið í ljósi, að hann fyrir sitt leyti ekki hefði svo mikið á móti þessum breytingum, en sem þm. N.-Múl. vill hann ekki sleppa Eiðaskóla. Jeg hef enga trú á því, að það sje hægt, kostnaðarins vegna, að halda 3 bændaskóla, svo þeir sjeu í góðu lagi; um það efni eru líka hinir nefndarmennirnir mjer sammála, enda er það víst nú orðið almennt viðurkennt, að skólarnir eigi ekki að vera nema tveir.

Jeg þykist nú hafa lýst afstöðu nefndarinnar til málsins, og ætla því ekki að fara um þetta fleirum orðum; jeg vil að eins láta í ljósi þá von mína, að þetta þýðingarmikla mál fái góðan framgang hjer á þinginu.

Ólafur Briem (1. þm. Skf.): Eins og háttv. framsm. benti á, eru það aðallega atriðin um skólastaðina og skólabúskapinn, sem hjer valda ágreiningi. Nefndin hefur að nokkru leyti gengið inn á, að búin væru ekki rekin á opinberan kostnað. Haganlegast væri, að jörðin væri byggð efnilegum manni með góðum kjörum, þannig að hann fengi styrk til jarðabóta, sem gæti komið upp í eptirgjaldið af jörðunni og ennfremur væri honum, ef á þyrfti að halda, veitt lán með aðgengilegum skilmálum, til þess að hann gæti haft fulla áhöfn á jörðina, þó hann væri sjálfur fjelítill, en aptur á móti væri honum gjört að skyldu að selja með sanngjörnu verði það, sem kennarar eða piltar þyrftu með af búsafurðum, og auk þess væri honum skylt, að veita piltum þjónustu og matreiðslu við sameiginlegt mötuneyti fyrir sanngjarna borgun.

Það er enginn ágreiningur um það, hvar skólinn á suðurlandi eigi að standa; en aptur á móti eru skiptar skoðanir um það, hvar skólastaðurinn á norðurlandi eigi að vera.

Það sýnist nú vera í meira lagi undarleg sú tillaga, að leggja Hólaskólann niður og byggja annan skóla í hans stað í Eyjafirði, þar sem sjálfir uppástungumennirnir hafa viðurkennt það, að Hólaskóli væri sú fyrirmynd, er þeir hefðu sniðið eptir tillögur sínar um fyrirkomulag hinna nýju bændaskóla, og þar sem jörðin er mesta kosta jörð. Á Hólum er óvenjulega stórt tún, sem gefur af sjer um 1,000 hesta af töðu árlega; og þó að útheyskapur sje þar ekki eins uppgripasamur og á sumum öðrum jörðum, mega engjar heita í betra lagi, liggja út frá túninu, þurrlendar og heygóðar, og gefa af sjer í meðalári 1,200 hesta: frá þeirri hlið getur ekkert verið því til fyrirstöðu, að skólinn sje hafður á Hólum.

Mjer finnst háttv. framsm. telja það sem aðalástæðu fyrir því, að skólinn ætti að vera í Eyjafirði, að piltar úr Austuramtinu ætti svo langt að sækja hann til Hóla. En jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. getur haldið öðru eins fram, þar sem það er sýnilegt, að margar af sýslunum í Suðuramtinu og Vesturamtinu eiga eins óhægt eða jafnvel óhægra að sækja skólann á Hvanneyri en Múlasýslurnar Hólaskóla. Það var sagt við 2. umr., að hinn núver-

andi skólastjóri á Hólum, Sigurður Sigurðsson, sem vitanlega á mestan og beztan þátt í blómgvun skólans á síðustu árum, yrði ekki áfram við skólann, nema hann væri fluttur til Eyjafjarðar. En þetta er víst ekki rjett. Því var einu sinni hreyft í amtsráði Norðuramtsins, að það væri nauðsynlegt, að hafa skólann í sambandi við gróðrarstöðina á Akureyri. En þá lagði skólastjóri ekki svo mikið upp úr því, og hjelt því jafnvel fram, að sem skólaáhald nægði minni gróðrarstöð en sú á Akureyri.

Það er líka ýmislegt annað, sem sýnir það, að hinn núverandi skólastjóri lætur sjer einkar annt um, að tryggja framtíð skólans einmitt á Hólum. Hann hefur mælt eindregið með því, að lagt yrði fram töluvert fje til að byggja nýtt leikfimishús á Hólum, sem einnig mætti nota við kennslu í teikning og til þess, að halda uppi hinum stuttu námsskeiðum, sem tíðkast hafa við Hólaskóla og sjerstaklega hafa verið einkennd með nafninu »bændaskóli«. Hann hefur einnig ásamt fleirum verið hvatamaður að því, að stofnuð yrði gróðrarstöð á Hólum til þess að tryggja skólann þar framvegis. Og í því skyni var á næstliðnum vetri skotið saman af almenningi yfir 500 krónum. Til þess fyrirtækis var einnig lagt nokkurt fje úr sýslusjóði og búizt við styrk til þess frá «Ræktunarfjelagi Norðurlands».

Mál þetta var líka rætt af skólapiltum á Hólum, og var það sameiginlegt álit þeirra, að skólinn ætti að vera kyr. Það var samþykkt í fundargjörð pilta í vetur, sem reyndar ekki liggur fyrir hjer.

Einkennilegt er það, að á þingmálafundi, sem haldinn var á síðastliðnu vori í einni sveit í Eyjafirði, þar sem áhugi á landbúnaðarmálum er hvað mestur, nefnilega í Svarfaðardal, var meiri hluti bænda á því, að hafa skólann á Hólum fremur en í grennd við Akureyri. Þeir eru nákunnugir báðum stöðunum og eru manna færastir til að dæma um málið hlutdrægnislaust. En þeir settu það ekki fyrir sig, þó þeir ættu að sækja skólann vestur yfir fjöllin, heldur mátu meira málefnið sjálft og hagsmuni landsins.

Það er engum vafa bundið, að skólar og aðrar slíkar menntastofnanir hafa mesta þýðingu fyrir þá, sem næstir búa. og að öðru jöfnu er betra að hafa þá dreift um landið, en að setja þá niður á einn stað; ljós yfir landið, það er það, sem við viljum, inn í dalsbotna og út á yztu andnes. Að flytja skóla úr afskekktari sveitunum og þangað sem fleiri slíkar stofnanir eru fyrir, er líkast því að bera ljósið úr hliðarherberginu inn í upplýstan sal, en skilja þá, sem útundan eru, eptir í myrkri. Nú er stærsti skóli Norðurlands gagnfræðaskólinn í Eyjafirði, kvennaskólinn á Blöndnósi í Húnavatnssýslu, og væri þá ekki nema eðlilegt, að hafe bændaskólann á Hólum til þess, að gjöra ekki Skagafjörð að olnbogabarni. Menn segja kannske, að þá verði Þingeyjarsýsla afskipt, en mjer er kunnugt um, að þar er fjöldi af merkum konum, sem hafa bundizt samtökum um, að fá settan þar á stofn húsmæðraskóla. Og þó að bæði þm. S.-Þing. og N.-Þing. lýstu yfir því við 2. umr. þessa máls, að þeir teldu það lán fyrir Þingeyjarsýslu, að þurfa ekki að vera að burðast með neinn skóla hjá sjer, og þess vegna sje ef til vill lítils fylgis að vænta frú þeim með slíkri skólastofnun, þá get jeg vel ímyndað mjer, að konurnar í Þingeyjarsýslu verði drjúgari í sóknum til að koma skólanum á fót, en þingmennirnir til að hindra það.

Það hefur og talsverða þýðingu, að viðurværi pilta verður óefað dýrara þarna rjett við Akureyri, en á Hólum. Piltar hafa á Hólum haft sameiginlegt mötuneyti og haft þannig fæði fyrir kringum 50 aura á dag.

Háttv. þm. Borgf. talaði um, að það væri misskilningur, að það ætti að flytja skólann til Akureyrar; en Kjarni er ekki svo langt frá Akureyri, að piltar ekki þess vegna geti leiðzt inn í sollinn í kaupstaðnum. Það er eðlilegt, að þeir, sem búa í kaupstað og geta sjálfir haft eptirlit með börnum sínum, eigi bágt með að setja sig í spor sveitamannsins, sem sendir börn sín út í lífið, litt þroskuð og vantandi alla lífsreynslu. Það getur enda staðið svo á, foreldrarnir hafi ástæðu til að bera stöðugan kvíðboga fyrir því, að eitthvert ólánið komi fyrir (*Magnús Stephensen:* Getur ekkert ólán komið fyrir á Hólum?)

Í skóla í sveit er meiri trygging fyrir góðri sambúð kennara og pilta; í margmenninu í kaupstaðnum er þar á móti hættara við, að hvorirtveggja sæki fjelagsskap sinna jafningja og skipti sjer minna hvorir af öðrum; en í sveitinni hafa þeir svo að segja engan annan fjelagsskap að velja um, og þess vegna eðlilegt, að þeir reyni að hafa sem mest not af umgengninni hvorir við aðra.

Svo er eitt aðalatriði í málinu, sem óhætt er að leggja afarmikla áherzlu á, og það er tilkostnaðurinn. Nú þegar fjárþurð er fyrirsjáanleg, verður að taka sjerstakt tillit til þess, að eptir áætlun milliþinganefndarinnar fara allt að 60 þús. kr. til hins nýja skóla í Eyjafirði, en ekki þarf nema 6 þús. kr. til þess að bæta húsakynnin að Hólum, svo viðunanleg sjeu. Þar sem háttv. framsm. (Þórh. B.) við 2. umr. málsins var að tala um, að skólahúsið þar væri ónýtt, þá er það ekki rjett.. Hefðum vjer fullar hendur fjár, væri auðvitað gott að geta byggt upp eptir nýjustu tízku, en ekki er annað fyrirsjáanlegt, en að vjer um næstu 20 árin, að jeg ekki tiltaki lengri tíma, verðum að vanrækja ýmislegt, sem þyrfti bráðari bóta. Frá því sjónarmiði get jeg eigi betur sjeð, en að sá mikli tilkostnaður sje með öllu óþarfur, auk þess sem því háttalagi er engin bót mælandi, að ausa út fje almennings til fyrirtækis, sem er beint til skaða fyrir landið.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Háttv. framsm. (Þórh. B.) gat þess, að jeg optar en einu sinni hefði látið í ljósi, að jeg hefði góðan þokka á þessu frumv. Jeg aðhylltist frumv. að mörgu leyti og tel það að mörgu leyti mjög gott, t. d. að því, er fyrirkomulag skólanna snertir, og þá viðurkenningu, að landssjóður eigi að kosta skólana. Þegar jeg lít á málið frá norðlenzku sjónarmiði, get jeg vel skilið í því, að menn vilji hafa skólann norðanlands í Eyjafirði. Eyjafjörður vakir og fyrir mjer sem hjarta Norðurlands, og með því að flytja skólann þangað, gæti hann komizt í náið samband við ræktunarfjelagið þar og gróðrarstöðina á Akureyri. En nú hefur það sýnt sig í deildinni, að það er komin fram mjög eindregin mótspyrna gegn því, og virðist það benda á, að flutningur skólans sje mjög athugaverður. Það er viðurkennt, að skólinn á Hólum undanfarin ár hefur verið fyrirmyndarskóli, eins og sjá má af því, að aðsóknin að honum hefur verið jafnmikil eða jafnvel meiri en að öllum hinum til samans. Hann hefur skapað meiri áhuga og vakningu í búnaðarmálum en nokkur skóli annar, og þetta hefur hann getað látið af sjer leiða þó hann væri á Hólum. Það bendir á, að

Hólar hafi ekki verið með öllu óhæfilegt skólasetur, þar sem hann hefur unnið þar svo stórmikið gagn, Þess utan eru Hólar betri jörð en völ er á víðast hvar annarsstaðar. Þar sem í 5. gr. er gjört ráð fyrir sameiginlegu matarhaldi, mælir það einnig með því, að skólinn sje látinn vera áfram á Hólum, því búsafurðir á stórbúi eru auðvitað ódýrari en þar, sem lítið er hægt að framleiða. Svo er eitt aðalatriði, sem einnig mælir með þessu, en það er kostnaðaratriðið. Eptir upplýsingum, sem jeg hef fengið, þarf mjög lítið að leggja í kostnaðinn til þess, að skólinn á Hólum geti staðið þar enn um 20 ár. Til þess að byggja upp skóla að nýju í Eyjafirði þyrfti 60 þús. kr. eða meira, en ekki þyrfti að verja nema 5—6 þús. til bygginga á Hólum, svo að allt stæði vel 10—20 ár. Nú þegar landssjóður hefur í svo mörg horn að líta, er það mjög svo varhugavert að hverfa frá byggingum, sem hægt er að nota, og fara í stað þess að reisa stórbyggingar annarsstaðar.

Það er verið að tala um kennaraskóla, geðveikrahæli, landsbókasafn o. fl., sem þarf að byggja, og þess vegna finnst mjer það íhugunarvert, ef hægt er að spara nokkrar þúsundir annarsstaðar, Jeg er því kominn að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að láta Hólaskóla standa, en þá er aptur komin ástæða til þess, að láta Eiðaskólann standa líka. Flestir, sem jeg hef átt tal við, hafa viðurkennt, að erfitt sje að sækja skóla að Hólum af Austurlandi, enda er Hólaskóli mjög lítið sóttur að austan. Það er auðvitað, að nokkur kostnaður væri við það, að láta þann skóla standa jafnhliða hinum, en það þyrfti þó naumast að leggja meira en 15 þús. kr. í byggingar á Eiðum. Nú er gjört ráð fyrir 60 þús. kr. til skóla í Eyjafirði. en ef því væri sleppt, og hið nauðsynlegasta væri lagt til bygginga á Hólum og að Eiðum, mundu við það sparast 30—40 þús. kr. í bráðina.

4. gr. gjörir ráð fyrir stuttum kennsluskeiðum við skólann. Reyndin á Hólum, þar sem þau hafa verið höfð að undanförnu, hefur nú orðið sú, að þau hafa aukið álit og orðstý skólans. Jeg get nú ekki hugsað mjer, að hægt verði að sækja þessi stuttu skeið af Austurlandi. Það gæti hugsazt, þegar vel hagar til með strandferðir, að hægt væri að sækja þau af fjörðum fyrir austan í Eyjafjörð, fremur en í Skagafjörð, en jeg legg ekki mikið upp úr því.

Jeg hef við 2. umr. málsins bent á ýms rök önnur, er mæla með því, að rjettara sje að láta Eiðaskólann standa. Það er nývöknuð hreyfing á Austurlandi, búnaðarsamband Austurlands; það má ekki missa skólann, og sje honum haldið, mundi samvinnan við búnaðarsambandið fremur flestu öðru gjöra hann að góðum og praktiskum skóla. Jeg benti líka á það, að kostnaðurinn við árlegan rekstur skólans yrði ekki mjög mikill, því hafa mætti sömu menn sem kennara við skólann og starfsmenn við búnaðarsambandið. Og það er full þörf á vakningu í búnaðarmálum í þessu fagra og frjósama hjeraði, en það drægi mikið úr henni, ef vjer misstum skólann.

Því hefur verið hreyft, að rekstur skólabúanna mundi verða þungbær, ef ætti að reka þau á kostnað landssjóðs, og er það sennilegt. Reynslan bendir á, að ýmislegt, sem rekið er á kostnað landssjóðs, verður talsvert kostnaðarsamara en ella. En jeg þori að fullyrða, að ef Eiðaskólinn fengi að standa, mundu sýslufjelögin halda áfram að reka búið og væri það ekki lítill kostur fyrir landssjóð.

Háttv. framsm. gat þess áðan í ræðu sinni, að væri efnahagur landsins svo, að vjer gætum haldið 3 skóla, skyldi hann vera manna fyrstur til að mæla með skóla á Austurlandi. Jeg er honum þakklátur fyrir þessi ummæli, og jeg vona, að hann sjái sjer nú fært að mæla með því, þegar hann íhugar, hve mikið fje sparast við að hafa skólann kyrran á Hólum, og að hann lofi okkur þá að halda okkar skóla á Austurlandi. Jeg er viss um af þeim ástæðum, sem jeg þegar hef tekið fram, að ef skólinn að Eiðum verður endurbættur, verður hann okkur mjög dýrmætur, eins og jeg á hinn bóginn álít það ómetanlegt óhapp, að leggja þennan skóla niður.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að jeg kynni að greiða atkv. á móti frumv., eins og það þá lá fyrir, ef tvö ákvæði yrðu eigi numin burt úr því. En nú hefur nefndin gengið inn á hvorttveggja og það er von um, að þau verði felld úr frv.; en þá ímynda jeg mjer, að jeg geti gefið frumv. atkv. mitt. Breyt.till. á þgskj. 221 þarf jeg ekki að tala um, en um breyt.till á þgskj. 223 og 242 verð jeg að taka það fram, að jeg hef að eins verið meðflytjandi að þeim, til þess, að koma þeim að. 1. breyt.till. á þgskj. 223 fer fram á, að skólarnir eigi að vera á Hólum og Hvanneyri. Mjer þykir viðsjárvert, að setja þetta inn í lögin, og það því fremur, sem landssjóður á ekki með jarðir þessar, heldur eru það amtseignir, og nái landsstjórnin ekki góðu samkomulagi við amtsráðin, geta ýms óþægindi risið af því. Mjer þykir nóg að ákveða, að skólarnir eigi að vera tveir, annar sunnanlands og hinn norðanlands. Um hitt er nóg að gefa bendingu, eins og í aths. við frumv., á hvaða stað þeir eigi að vera. Sama gildir um breyt.till. á þgskj. 242, að bæta við enn einum stað, sem ekki er vist að fáist. Um annan staðinn, skólasetrið að Hvanneyri, er nú lítill ágreiningur, en um skólasetrið norðanlands eru skiptar skoðanir. Af sjerstökum ástæðum hneygist jeg heldur að þeirri tillögu, að skólasetrið verði á Hólum eins og að undanförnu. Skólinn þar stendur í blóma og það er ódýrara að halda honum áfram þar en stofna nýjan skóla annarsstaðar, en þá ástæðu, að vegalengdin gjöri hann óaðgengilegri, álít jeg ekki rjetta. Margir nemendur af Austfjörðum hafa þannig sótt skólann í Ólafsdal, og er það þó meiri vegalengd. Það er líka leiðinlegt að svipta hjeraðið góðum skóla. Það er hjeruðunum til mikillar menningar, þar sem góðir skólar eru og þeir geta látið mikið gott af sjer leiða Aptur á móti get jeg ekki verið með breyt.till. á þgskj. 242, því mjer finnst það óráðlegt að hafa marga skóla. Það er betra að hafa að eins 2 skóla og hafa þá góða. Það er alltaf hægt að bæta við, þegar fjárhagurinn batnar; og ekki er vert að leggja meira fje fram að sinni en nauðsynlegt er.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg stend að eins upp til þess að taka aptur breyt.till. á þgskj. 190, því nefndin hefur tekið hana upp.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg ætla aðeins að leyfa mjer að gjöra örstuttar athugasemdir út af ræðum 2 háttv. þm., sjerstaklega við þau ummæli háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.), að ófært væri að leggja niður Hólaskóla. Jeg lít svo á, að hjer sje verið að tala um það, að reisa skólann í betri og fullkomnari mynd og betur útbúinn að öllum kennslufærum. Það, sem hefur gjört Hóla-

skóla að þeim dýrgrip, sem hann er, er ekki staðurinn, heldur forstöðumaðurinn og þeir amtsráðsmenn, sem breyttu fyrirkomulagi skólans. Frumv. þetta stefnir nú að því, að halda skólanum áfram í endurbættri mynd, svo þessi duglegi skólastjóri geti notið sín til fulls, því það er hvorki jörðin nje byggingarnar, sem gjörðu skólann að því, sem hann er, heldur þeir menn, sem komu skipulagi á hann, en það getur haldizt, þó skólinn færist austur yfir fjallgarðinn. Jeg skal bæta því við, að jörðin að Hólum er, að minni hyggju, of stór fyrir búnaðarskóla, og jeg tel það fremur ókost, að þeir sjeu á stórjörðum. Það eru líka byggingarnar á Hvanneyri, sem gjöra það að verkum, að við verðum að halda hinum skólanum þar, þó hann ef til vill væri fullt eins vel settur annarsstaðar. Hv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) vjek líka að því, að skólastjórinn á Hólum (Sig. Sigurðsson) legði fremur með því að byggja á Hólum. Jeg skal ekki fullyrða neitt um það, en í brjefi, sem hann skrifaði mjer ekki alls fyrir löngu, gefur hann í skyn, að honum í meginatriðunum lítist vel á gjörðir milliþinganefndarinnar í þessu máli, þó hann ekki beint ljeti neitt í ljós um flutning skólans. Jeg skal játa það með háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.), að slík stofnun sem þessi vekur líf út frá sjer og að flutningurinn er mikill missir fyrir byggðarlagið. En þar sem ræðumaður kom með dæmisöguna um ljósið, sem tekið var úr hliðarherberginu og farið með inn í upplýstan salinn, þá minnti það mig á aðra dæmisögu, því að hafa stóran skóla í dal, luktan jöklum, er svipað og að setja ljós sitt undir mæliker. Það ríður á, að lífsáhrifin verði sterk fyrir þjóðfjelagið í heild sinni og það set jeg öllu hærra en óskir einstakra byggða. Hv. þm. kom líka með hægum og vægum orðum að hugsanlegum spillandi áhrifum á skólann frá Akureyri. Jeg hef nú ekki heyrt, að Akureyri væri nein Sódóma nje Gómorra, aptur á móti hef jeg heyrt það um annan ónefndan bæ. Jeg fyrir mitt leyti set Akureyri á borð við Hafnarfjörð, er menn nú telja svo hollan hinni uppvaxandi kynslóð, og fjaran er löng og mjó sunnan frá Kjarna og út að Akureyri. Annars gjöri jeg ekki reyk úr þessu. Menn þurfa að komast inn í lífið, gegnum það og út úr því á sómasamlegan hátt, en á Akureyri eru þeir andans menn, sem ættu að geta glætt út frá sjer og gefið skólanum vakningu; og skólasveinar ættu einstöku sinnum að geta sótt fyrirlestra og samkomur í kaupstaðnum. Það hefðu þeir ekki nema gott af.

Það er auðvitað, að það þarf allmikið fje til þess, að geta komið verulega góðum og gagnlegum bændaskólum á fót, og er sjálfsagt ekki of mikið að ætla 50—60 þús. kr. til þess. Háttv. 1. þm. Skgf. (Ól. Br.) sagði, að með 6,000 kr. mætti bæta Hólaskóla sæmilega. Jeg játa það, að jeg er ekki eins kunnugur skóla þessum og háttv. þm.; en jeg hef skoðað hann svo nákvæmlega, sem jeg gat, einmitt til þess að komast að niðurstöðu um, hve miklu þyrfti að kosta til að endurbæta hann, og álít jeg þetta nái engri átt, svo framarlega sem nokkrar af þeim endurbótum, sem milliþinganefndin hugsaði sjer, eiga að fást.

Nær sanni virðist mjer það hjá hv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.), að hægt væri að endurbæta Eiðaskólann með 15,000 kr.

En það ætti öllum að geta komið saman um, að einn verulega fullkominn skóli, sem t. d. tekur á móti 60 nemendum á ári, hlýtur að verða ó-

dýrari en tveir minni skólar, sem t. d. taka við 40 og 20 nemendum, en eru að öðru en stærðinni jafnir hinum.

Hitt getur vel komið til greina, eins og háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) tók fram, að nokkru erfiðara verði að sækja skólana, ef þeir verða færri og stærri. Því svaraði háttv. þm. Dal. (B. B.), en jeg vil til árjettingar geta þess, að jeg kom að Ólafsdal fyrir nokkrum árum. Fjekk jeg þá að vita nöfn flestra nemenda og hvaðan þeir voru, og voru flestir þeirra austan úr Þingeyjar- og Múlasýslum; enda mun sú raunin hafa á orðið, að það hefur næsta lítið að segja, hvort menn þurfa að fara mílunni lengra eða skemmra, ef menn að eins vilja sækja skólana. Og jeg er samdóma háttv. þm. Dal. (B. B.) um það, að það sjeu kennararnir og vinsældir skólanna, sem ráða aðsóknina, en ekki afstaðan.

Háttv. 2. þm. N.-Múl. tók það fram, að nemendur úr Múlasýslum mundu ekki sækja stuttu kennsluskeiðin á skóla til Eyjafjarðar eða lengra burtu. En að halda uppi mörgum smáskólum, til að gefa mönnum tækifæri til þess, að ganga örstuttan tíma á skólana, það mundi landinu ofvaxið, enda mundu önnur ráð betri til þess.

Þó sú verði raunin á, að Eiðaskólinn leggist niður, þá vona jeg að sá skaði verði að fullu bættur. Það getur annað og meira komið í staðinn, og jeg vona, að »Búnaðarsamband Austurlands« hafi góðan árangur, enda þótt skólinn sje felldur, og það njóti hans ekki að, þar sem hann er nú.

Mjer hefur skilizt svo, að næsta lítil vakning fyrir Austurland hafi gengið út frá Eiðaskóla, enn sem komið er; en það gæti má ske orðið, ef margfalt meira fje væri lagt til hans, en hingað til, eða helmingi meira en farið hefur verið fram á að leggja til sameinaðs skóla bæði fyrir Norður- og Austurland. En það væri nokkuð dýrt fyrir landið.

ATKVGR. Breyt.till. (242) við 1. gr. felld með 14 : 6 atkv.; 2.—5. breyt.till. á sama þgskj. þar með fallnar.

Breyt.till., (223) við 1. gr. felld með 13 : 8 atkv.

Breyt.till. (221) við 1. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (223) við 2. gr. fallin.

Breyt.till. (230) við 2. gr. samþ. með 21 samhlj. atkv.

Breyt.till. (230) við 7. gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. (190) við 7. gr. tekin aptur.

Frumv. sem heild samþ. með 15 : 5 atkv. og sent forseta Ed.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A. 255.)

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í þetta mál, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hl.

Nefnd samþykkt og í hana kosnir:
Guðjón Guðlaugsson með 12 atkv.
Þórarinn Jónsson með 11 atkv.
Guttormur Vigfússon með 10 atkv.
Jóh. Jóhannesson með 9 atkv.
Sigurður Stefánsson með 9 atkv.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, Guðjón Guðlaugsson skrifari og Sigurður Stefánsson framsm.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 255, 374). Allir á fundi nema Jóhannes Jóhannesson og Jón Ólafsson, er tjáð höfðu forseta forföll sín.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Þetta frumv. sem hjer liggur fyrir, inniheldur að því leyti talsverða breytingu frá því, sem verið hefur í búnaðarkennslu vorri, að aðaláherzlan er lögð á hina bóklegu kennslu í búnaði; og búnaðarskólunum á að fækka úr 4 niður í 2, og auk þess á landssjóður að bera allan kostnaðinn við þá, sem hingað til aðallega hefur hvílt á ömtunum og sýslufjelögunum, að því er Eyðaskóla snertir. Þessi tvö aðalatriði frumv., að leggja mesta áherzlu á bóklega búnaðarfræðslu, gagnstætt því, sem verið hefur í þessu efni, og að fækka skólunum, en styrkja þá þeim mun meira af landsfje, eru svo rækilega íhuguð, fyrst af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, svo af landsstjórninni og nú síðast af nefndum þeim, er skipaðar hafa verið í mál þetta hjer á þinginu, að óhætt má segja, að hjer er ekki rasað um ráð fram, nje afráðið neitt, er vanhugsað sje nje fljótfærnislegt; nefndin hikar því alls ekki við, að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frumv. með þeim breytingum, sem nefndin hefur stungið upp á, og sem gjört er grein fyrir í nefndarálitinu og jeg ýtarlegar mun skýra; það er nú svo komið búnaðarkennslu vorri og búnaðarhögum, að þótt þessi breyting á kennslufyrirkomulaginu hefði máske verið varhugaverð fyrir nokkrum árum síðan, þá er hún það ekki nú. Í nefndarálitinu er gjörð all ýtarleg grein fyrir skoðunum okkar nefndarmanna á þessu máli, og vona jeg, að háttv. þingdm. hafi kynnt sjer það; jeg vil því að eins með nokkrum almennum orðum lýsa áliti mínu á búnaðarkennslu vorri yfirleitt.

Þegar vjer lítum á búnaðarkennslu vora, eins og hún hefur verið og er enn þá, þá verður því ekki neitað, að hún hefur verið ýmsum annmörkum bundin, og haft marga erfiðleika við að stríða, enda er ekki laust við, að margt hafi verið út á hana sett.

Fyrst og fremst hafa skólarnir haft allt of lítinn tíma, til þess að geta veitt kennslu að nokkru gagni í verklegri og bóklegri búnaðarfræði; nemendurnir hafa alls ekki haft nægilegan tíma til að læra, sjer til verulegra nota, hvorki hinar bóklegu nje verklegu námsgreinir; reyndin hefur orðið sú, að hvorttveggja hefur orðið kák, og því komið að minni notum, en æskilegt hefði verið; það hefur því komið ljósar og ljósar fram, að þessi sameining verklegu og bóklegu kennslunnar, hefur verið verulegur annmarki á búnaðarfræðslu vorri, samfara hinum þröngva fjárhag, er skólarnir hafa lengstum átt við að búa.

Margir hafa álitið, að vel mætti fækka skólunum, búnaðarfræðslunni að skaðlausu, en styrkja þá svo þeim mun ríflegar og bæta þannig kennslufyrirkomulag þeirra, án þess þó að breyta því eins mikið, og hjer er farið fram á.

Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er meiningin, að verklegu kennslunni verði að mestu hætt í þessum fyrirhuguðu bændaskólum, eða ekki mikil áherzla á hana lögð; nefndinni þótti þetta að vísu dálítið athugavert, en samt ekki svo, eins og nú er orðið ástatt í búnaði vorum, að hún þess vegna vildi ekki leggja til, að frumv. yrði samþ. Búnaðarhögum vorum er nú svo háttað, að varla þarf að kvíða því, að nokkur hörgull verði á góðri tilsögn í verklegri búnaðarfræðslu, og það miklu betri, en skólarnir nú geta veitt. Hingað til hafa búnaðarskólanemendur orðið að vinna allt sumarið í þjónustu skólabúsins, eins og vinnumenn; það er í sjálfu sjer ekki óheppilegt, að þeir hafa orðið að vinna sem

hjú; nei, þvert á móti; en þeir hafa að mestu orðið að vinna algenga vinnu, sem læra má á hverju myndarheimili á Íslandi; hinar verklegu sjergreinir búnaðarkennslunnar hafa þannig orðið á hakanum, og það má óhætt fullyrða, að allur fjöldi búfræðinga vorra hafi, er þeir komu af þessum skólum, lítt eða ekki kunnað svo mikið, sem að stýra plógi og hesti við þúfnasljettun, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir hafa notið svo sáralítillar tilsagnar og æfingar í þeirri aðalgrein verklegu kennslunnar.

Eins og nú er komið búnaði vorum, er það því alls ekki apturför í neinu tilliti, að verklegu kennslunni verði hætt á skólunum. Nú á seinni tið hafa orðið svo miklar framfarir í mörgum verklegum greinum landbúnaðarins, að hægt mun verða, að fá betri verklega kennslu fyrir bændaefni hjá einstökum mönnum, en kostur hefur verið á á búnaðarháskólunum hingað til; má hjer tilnefna plægingarkennslu, tilsögn í garðrækt o. fl. Með hinni ötulu tilhjálp »Búnaðarfjelags Íslands« má ætla, að verklegum búnaðarframförum miði drjúgum áfram úr þessu, og að fjelaginu verði eptir því, sem stundir líða, innanhandar, að styðja mjög verulega að verklegu búnaðarnámi í landinu.

Það er að þessu leyti því ekki ástæða til, að vera á móti þeirri breytingu, sem frv. fer fram á. að því er verklegu kennsluna snertir.

Hvað bóklegu kennsluna snertir, þá ætti hún með þessu fyrirkomulagi, auknum kennslukröptum og auknum styrk til skólanna, að geta orðið töluvert fullkomnari, en kostur hefur verið á hingað til.

Fækkun skólanna hefur áður verið fundið það til foráttu, að of erfitt yrði að sækja þá, en sú mótbára er ekki á miklum rökum byggð; samgöngurnar eru nú orðnar svo góðar, að engir verulegir erfiðleikar eru fyrir nemendur að sækja skólana, þótt ekki sjeu þeir nema tveir. Sje þjóðin óánægð með skólana og fyrirkomulag þeirra, þá dregur það ekkert úr aðsókninni að þeim, þó lengra verði að ná til þeirra úr nokkrum hlutum landsins, en verið hefur hingað til. Hin þverrandi aðsókn að hinum núverandi búnaðarskólum hin síðari ár, bendir ljóslega á, að þessir skólar samsvara ekki kröfum tímans, og að því leyti virðist full þörf á, að bæta þá og gjöra þá aðgengilegri fyrir bændaefni þjóðarinnar. —

Að því er þessar breytingar á kennslunni snertir, höfum vjer við dálitla reynslu að styðjast, þar sem er búnaðarskólinn á Hólum. Sá skóli var, fyrir nokkrum árum að því kominn, að leggjast niður fyrir nemendaleysi; þá var það tekið til bragðs, að breyta kennslunni við hann í þá átt, að leggja aðaláherzluna á bóklegu kennsluna, en takmarka þá verklegu, og síðan hefur hann, hvað aðsókn snertir, blómgast ár frá ári. Aptur á móti hefur aðsóknin að hinum búnaðarskólunum farið síþverrandi á sama tíma. Þessi skóli, (búnaðarskólinn á Hólum), hefur að kunnugra manna máli leyst hlutverk sitt ágætlega af hendi, og vakið mikinn áhuga og andlegt fjör meðal hinna ungu bænda og bændaefna, sem hafa sótt hann. Þetta virðist benda á, að sú breyting á fyrirkomulagi búnaðarskóla vorra, sem hjer er farið fram á, gangi í rjetta átt og geti orðið bændamenntun vorri að miklu gagni og landbúnaði vorum til blessunar. Að því er snertir það atriði frv., að skólabúin verði rekin á reikning landssjóðs, var nefndin í miklum vafa. Þessi landsjóðs búskapur er verulega athugavert atriði; nefndin í máli þessu í háttv. Nd. mun og hafa verið töluvert hikandi í þessu atriði, eins og

1. gr. frumv. líka ber með sjer, þar sem gjört er ráð fyrir, að skólabúin sjeu því að eins rekin á kostnað landssjóðs; að ekki verði öðru viðkomið. Nefndin hjer vill láta þess sjerstaklega getið, að hún álítur þennan landssjóðsbúskap neyðarúrræði, sem landsstjórnin ætti ekki að grípa til, nema annað sje ekki hægt. Þótt nefndin líti svo á þetta, þá vildi hún samt ekki beinlínis koma með breyt.till. í þá átt, að banna þennan opinbera búskap, en tekur þetta fram landsstjórninni til athugunar. Það er alkunnugt, að þessi opinberi búskapur á búnaðarskólunum, hefur ekki verið sjerlega glæsilegur hingað til; það þarf ekki að koma af ódugnaði beinlínis eða visvitandi óráðvendni, þó illa gangi; það er ekki jafnmikil hvöt fyrir ráðsmanninn að gæta hagsmuna búsins í smáu sem stóru, eins og fyrir eigandann sjálfan; það sannast þar: »Sjálfs er höndin hollust;« enda er það svo margreynt, að ráðsmennsku búskapur er neyðarúrræði, og heppnast sjaldan vel, því hversu góður, svo að segja, sem ráðsmaðurinn er, þá hefur hann þó ekki þá eigin hagsmuna hvöt, sem er sterkasta aflið í framkvæmdarlífi einstaklingsins.

Nefndin leggur mikla áherzlu á það, að það sje að eins skilið sem neyðarúrræði, að hún fellst á þennan landssjóðsbúskap, og vonar, að háttv. stjórn gjöri sitt ýtrasta til þess, að ekki komi til hans. Þá er annað atriði, sem nefndinni finnst athugavert í þessu máli, eins og það kom frá milliþinganefndinni og háttv. Nd., en það er flutningur skólans frá Hólum í Hjaltadal til Eyjafjarðar.

Milliþinganefndin mælir með þessum flutningi, en í Nd. varð talsverður ágreiningur um þetta. Vjer nefndarm. getum alls ekki fallizt á ástæður milliþinganefndarinnar í þessu atriði, og sjerstaklega ofbýður oss kostnaðurinn, sem af flutningnum leiðir.

Það þyrfti að reisa nýjar og dýrar byggingar handa skólanum í Eyjafirði þrátt fyrir það, að ný-reistar eru á Hólum stórar skólabyggingar, sem vel má nota um lengri tíma; nefndin lítur svo á, að húsin á Hólum muni nægja að minnsta kosti fyrst um sinn fyrir skólann á Norðurlandi; það getur vel farið svo, að þau nægðu um langan tíma, því þótt aðsóknin hafi aukizt að Hólaskólanum nú hin síðari ár, þá er ekki víst, að svo verði framvegis; það er ekki að eins kostnaðurinn við hina nýju skólabyggingu, sem sparast með því, að láta skólann vera kyrran á Hólum, heldur fær landið full not þeirra dýru byggingu, sem það á á Hólum, og sem mjög hætt er við, að annars yrði lítið úr; nefndin leggur mikla áherzlu á þetta atriði.

Þær ástæður, sem færðar hafa verið fyrir flutningi skólans til Eyjafjarðar í nánd við Akureyri, hafa ekki getað sannfært nefndina um nauðsyn hans. Fyrst er því haldið fram, að hægra sje fyrir nemendur að sækja skólann til Eyjafjarðar; já, jafnvel á það að vera frágangssök fyrir Austfirðinga að sækja hann að Hólum. Þetta er mjög lítilfjörleg ástæða eins og samgöngur nú eru orðnar, einkum eins og nú er til ætlazt, að strandferðum verði hagað, þar sem strandferðabátarnir eiga að ganga alla leið kring um allt land. Auk þess er vegalengdin frá Eyjafirði að Hólum svo lítil, og kostnaðarlítið að bæta þeim spotta við leið sína, að það mun litlu skipta fyrir flestum; við höfum líka reynslu fyrir því, að vegalengd skiptir litlu í þessu tilliti; það fer aðallega eptir áliti manna á skólanum, hvort þeir eru sóttir vel eða ekki. Það hefur opt komið fyrir, að piltar úr fjarlægum hjeruðum (jafn-

vel af Austurlandi), hafa sótt skólann í Ólafsdal, og það meðan samgöngur voru miklu verri, en þær eru nú. Þetta sýnir, að það er ekki vegalengdin, heldur álitið á skólanum, sem aðsóknin fer eptir.

Í öðru lagi segja menn, að aðalaðsetur Ræktunarfjelags Norðurlands sje á Akureyri og þar sje ræktunarstöð Norðurlands, og því eigi skólinn að vera þar í nánd; þetta á að hafa svo mikla þýðingu fyrir skólann; nefndin getur ekki fallizt á það, að flutningur skólans sje nauðsynlegur af þessari ástæðu. Skólinn verður vetrarskóli, og þeir nemendurnir, sem ekki vildu læra sjerstaklega eitthvað við gróðrarstöðina, mundu verða farnir þegar hún tæki til starfa, því vitaskuld liggur hún dauð og kalin um vetrartímann, en þeir nemendur, sem eitthvað vildu nota hana sjer til aukinnar verklegrar þekkingar á gróðrartilraunum hjer á landi, mundu ekki telja það eptir sjer að skreppa til Akureyrar, er skólanum væri sagt upp. Þetta er því engin veruleg ástæða til að flytja skólann. Auk þess eru Hólar sá staður: að minnsta kosti í sögulegu tilliti, sem margir mundu taka fram yfir Eyjafjörð; jeg veit, að Skagfirðingar og Húnvetningar í öllu falli vilja miklum mun heldur, að skólinn sje kyrr á Hólum, en að hann sje fluttur í Eyjafjörð.

Í þriðja lagi hefur verið sagt, að flutningar allir sjeu auðveldari til skólans, ef hann verði settur í nánd við Akureyri, en ef hann verður kyrr á Hólum; það kann vel að vera, að það munaði dálitlu; það fer eptir því, hvar hann er settur í Eyjafirði, eða hversu nálægt Akureyri; en miklu getur það aldrei munað; það er $1^1/_2$ tíma ferð með vagni eptir bezta vegi heim að Hólum frá næsta kauptúni. Það verður því ekki með rjettu sagt, að þetta atriði geti skipt mjög miklu.

En aðal-ástæðan fyrir því, að leggja ekki út í þetta, var það, að fjárhag landsins er nú svo komið, að maður getur varla sagt, að hann geti borið kostnað þann, sem þetta hefur í för með sjer. Nefndin vill því fara mjög varlega í miklar breytingar í þessu efni. Því að vjer vitum vel, að það er innan handar, að breyta fyrirkomulaginu, ef aðsóknin að skólanum yrði svo mikil, að þess gjörðist þörf. Nefndin vildi forðast að gjöra þær breytingar, sem menn ef til vill iðruðust síðar meir eptir. Vjer viljum því sem minnstar breytingar gjöra í bráðina, heldur láta reynsluna skera úr, hvort þeirra sje veruleg þörf; fyrir því höfum vjer talið rjett, að hækka nemendatöluna á báðum hinum fyrirhuguðu skólum um þriðjung; reynist skólarnir of litlir, er hægurinn hjá að stækka þá, og skemmtilegra er það, en að þeir standi hálf tómir.

Í sambandi við fækkun nemenda, stendur fækkun á kennurum. Oss fannst, að vel mætti bjargast við þá kennslukrapta, sem þegar eru við skólana. Það er sama að segja um þetta atriði og nemendafjölgun, að kennurum mætti fjölga, ef aðsóknin gæfi tilefni til þess. Oss þótti betra, að fara varlega í sakirnar fyrst í stað, því allt af er hægt að færa út kvíarnar síðar meir. Þá ber þess að geta, að nefndinni duldist það ekki, að Eiðaskólinn og Ólafsdalsskólinn ættu að hverfa úr sögunni, er tímar líða fram. Nefndin áleit, að ekki bæri samt að koma í veg fyrir, að þessir skólar gjörðu gagn búnaði í sínum sýslum, og mun hún því síðar koma með breyt.till. við fjárlagafrumv. þess

efnis, að Eiðaskólinn beri hið sama úr býtum og Ólafsdalsskóla er ætlað og eiganda hans. Nefndin vonaði þó, að Austfirðingar mundu breyta skóla þessum í verklega kennslustofnun við hæfi þeirra.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að bóklegu kennslunni. Nefndinni dylst það ekki, að þó að verklegu kennslunni sje sleppt, þá eigi bændaskólarnir samt veglegt og gófugt starf fyrir hendi. Bóklega kennslan á ekki að lúta að því, að kenna nemendunum bækur utan að, heldur á hún að veita sem mesta og ljósasta þekkingu á því hlutverki, sem bændurnir eiga að vinna fyrir landið, þeir eiga að vera með nokkurs konar lýðháskólasniði, sem nefndinni þykir hafa mjög mikið til sins ágætis, og þegar litið er til bræðraþjóðar vorrar Dana, þá má segja, að lýðháskólarnir hafi verið eitt aðallyptiaflið undir framförum þeirra nú á síðustu árum. Kennslan á að vekja áhuga og virðingu fyrir bændastjettinni, hún á að sýna fram á, að sú staða sje hin þýðingarmesta, veglegasta og skemmtilegasta og bezta staða á landinu, og að það sjeu bændurnir, sem bera eigi þjóðfjelagið fram til heilla og framfara. Bændastaðan er þýðingarmesta staðan í þjóðfjelaginu, eins og gamli málsháttурinn bendir á: »Bóndi er bústólpi, bú er landsstólpi«. Það eru bændurnir, sem eiga að bera þjóðfjelagið á herðum sjer, og hafa borið það uppi um langan aldur; það eru bændurnir, sem eiga að klæða og græða þetta land, það er bændastjettin, sem sjerstaklega hefur það fagra hlutverk, að skríða fósturjörðina í fegurri skrúða, en hún nokkurn tíma hefur áður borið. Jeg sagði áðan, að það væri skemmtilegasta staðan, en það er ekki eingöngu skemmtilegasta, heldur líka óháðasta staðan. Getur nokkur staða hugsazt skemmtilegri, en að búa góðu búi, rækta jörð sína svo vel, að hún gefi manni árlega ríkulegt endurgjald í auknum afurðum; þurfa ekki að leita nokkurs manns, og vera engum háður nema sínum eigin vilja. Það er áhuginn á að verða slíkur bóndi og virðingin fyrir þessari þýðingarmiklu, veglegu og skemmtilegu stöðu, sem bændaskólarnir eiga að innræta bændaefnunum, en það játa jeg, að það eru vandfengnir menn til kennarastöðunnar á þessum skólum. Sagan sýnir, að það var blómlegasti tími þessa lands, þegar bændurnir rjeðu lögum og lofum hjer á landi. Þeir elskuðu landið sitt, og báru virðingu fyrir þjóð sinni. Það var bóndi, sem hafði orð fyrir landsmönnum, er Þórarinn Nefjúlfsson rak konungs erindi á alþingi og vildi fá bændur til að játast undir skattgjafir við Ólaf helga, og stórviturlegar tillögur hans gjörðu erindi konungs að erindisleysu. Það var bóndi, sem á Lögbergi árið 1000 bar fram þá viturlegustu tillögu, sem sögur fara af og frelsaði landið frá yfirvofandi óhamingju, og það voru ekki bændur, sem höfðu orð fyrir landsmönnum, er þeir voru ginntir til að afsala frelsi sínu, er síðan leiddi eymd og volæði yfir land þetta; það voru konungsmenn, kryndir erlendum nafnbótum og embættum. Skólarnir eiga að glæða ástina á landinu; það er ástin á landinu, trúin á framtíð þess, sem er sterkasta aflið til allra sannra framfara; elski bændurnir landið sitt, jörðina sína, þá er engin hætta á, að mönnum þeim verður ekki skotaskuld úr, að sljetta túnin sín, veita vatni á engjarnar sínar, hirða garðana sína og yfirleitt, að gjöra landið allt sem byggilegast, þótt þeir enda sjálfir kunni ekki út í æsar verklega búfræði. — Það er fjarri því, að jeg vilji gjöra

lítið úr verklegu kennslunni, en hinir fornu íslenzku bændur hafa sýnt það, að þeir voru enda meiri jarðabótamenn en vjer, og vjer þurfum ekki annað en líta á leifarnar af vörzlugörðunum þeirra, þessi stórfengilegu minnismerki um dugnað þeirra og rækt við jarðirnar sínar. — Hverjir voru það líka, sem fylgdu Jóni Sigurðssyni dyggast og bezt í baráttu hans fyrir landsrjettindum vorum. Það voru bændurnir og prestarnir, sem telja má fremur í bænda en embættismanna flokknum. Þó nú megi sjá sorglega apturför í þessu efni, þá á og getur löggjafarvaldið gjört mikið til, að hefja bændastjettina á hærra stig. Sú viðleitni, sje hún með viti og forsjá gjörð, getur orðið til ómetanl. góðs bæði fyrir íslenzkan landbúnað og íslenzkt þjóðfjelag, og það er þessu háleita og fagra hlutverki, sem jeg ætlast til, að bændaskólinn okkar vinni til hamingju fyrir land og lýð.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (374) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (374) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (374) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (374) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (374) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

7. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (374) við 8. gr. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (374) við 8. gr. samþ. í e. hlj.

8. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

9. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 23. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 499).

Þórarinn Jónsson (6. kgk.): Úr því háttv. framsm. tekur ekki til máls, þá skal jeg leyfa mjer að minnast á tvö atriði í málinu, sem ekki hafa verið tekin sjerstaklega fram, nefnilega um flutning skólans og rekstur skólans. Að því er fyrra atriðið snertir, þá var jeg ekki aðeins með því, að skólinn yrði ekki fluttur nú, heldur er jeg líka á móti því að skólinn verði fluttur síðar af þessum stöðvum sínum.

Jeg álít, að skóli, sem á að undirbúa bændur undir stöðu sína, eigi að vera þar settur, sem nemandinn lifir við sömu kringumstæður, sem hann hefur alizt upp við og á að búa við framvegis. Öll annarleg áhrif hafa illt í för með sjer á unga menn, og geta orðið til stórtjóns því ætlunarverki, er maðurinn sem fullnemi á að leysa af hendi.

Jeg held það væri mjög óheppilegt, að flytja þennan skóla nálægt Akureyri, því hann mundi fljótlega vaxa saman við bæinn, og afleiðingin af því yrði sú, að bæjarslæpingarnir þyrptust á hann. Og jeg ímynda mjer, að allir háttv. þm. sjeu mjer sammála um það, hvað slíkir menn væru heppilegir fyrir sveitirnar okkar. Nei, það er nóg að þurfa að sjá þessa slæpinga á götum bæjanna, þó ekki sje verið að dreifa þeim út um sveitir landsins. Að því er hitt atriðið snertir, þá vitum vjer allir, að rekstur búa á landsjóðs kostnað hefur aldrei reynzt heppilegur. Lærisveinar gætu líka alveg eins haft verklegar æfingar, þó búið væri leigt

einhverjum öðrum. Jeg skal líka geta þess, að það væri voðalegur beinn skaði fyrir landssjóðinn, ef skólinn yrði fluttur. Þar sem eign skólans nú er 34,000 kr., eru engar líkur til að hún mundi leigjast fyrir meira en c. 300 kr., og ætti að ríða húsið, mundi lítið úr því verða.

Jeg vildi því sjerstaklega óska þess, að þessi forni merkisstaður landsins fengi að njóta þess að eiga skólann á sinni lóð um ókomna framtíð, því af því og þaðan mundi stafa mikil hamingja fyrir þetta land. Sveitir landsins eiga að sjálfsögðu að njóta sín og þaðan má ekkert draga, sem teppt geti líf og framfarir þeirra.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 10 samhljóða atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi Nd., laugardaginn 36. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 534, 554).

Framsm. (Þórhallur Bjarnason þm. Borgf.): Nefndin hefur í áliti sínu gjört grein fyrir því, hversvegna hún gat aðhyllzt frumv., þó því væri breytt tölulvert í Ed. og það ekki til bóta.

Háttv. þingdm. er og kunnugt, að breyting sveitarstjórnarlaganna, með niðurlagning amtsráðanna, reknr á eptir, að þessi ráðstöfun sje gjörð. Mesta ágreiningsatriðið var færsla skólans á Norðurlandi, og þar sem Ed. í nefndaráliti sínu tekur það fram, að hún búist við, að fyrst um sinn megi una við húspláss það, sem er á Hólum, ef skólinn verður að eins ætlaður fyrir 40 nemendur, þá getur það borið sig, »nú fyrst um sinn«.

Jeg talaði fyrir skömmu við skólastjórann á Hólum um þetta, og hann gat þess, að kjallara skólahússins væri þannig hagað, að í honum mætti fá nokkurt plass til íbúðarafnota. Jeg hef líka eigin sjón af því, að kjallari þessi er rúmgóður og þurr.

Aptur er um niðurlagning Eiðaskóla bezta samkomulag milli deildanna.

Það hefur engin breyt.till komið fram við frumv. eins og það nú liggur fyrir, svo jeg býst við, að það sje yfirleitt samróma skoðun háttv. þingdm. að samþykkja það, og er ekki nema tímatöf að tala frekar fyrir því.

Jeg vildi óska, að þm. hjer í Nd. hefðu heyrt ræðu framsögum. háttv. þm. Ísfjk. í Ed., þar sem hann talaði svo einkar vel og fagurlega um hina fyrirhuguðu bændaskóla. Raunar fór afgreiðsla málsins frá Ed. ekki eptir þeim hugsjónum, en allt stendur til bóta, þegar tímar líða.

Frumv. samþ. með 18 atkv. Afgreitt til stjórnarinnar, sem lög frá alþingi.

IX. Þjóðjarðasala.

Á 6. fundi Nd., föstudaginn 7. júlí kom frumv. til laga um sölu þjóðjarða til 1. umr.

Ráðherrann: Það er tilgangur þessa frumv., að greiða leiguliðum á þjóðjörðum leið til þess, að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.

Þetta frumv. kom til stjórnarráðsins frá milliþinganefnd þeirri, sem skipuð var til að íhuga landbúnaðarmálin, og

hafði þá aðra fyrirsögn og var víðtækara nokkuð.

Þar var farið fram á, að hin almenna söluheimild næði einnig yfir kirkjujarðirnar, og að sýslu- og sveitafjelög hefðu forkaupsrjett að jörðum í vissum tilfellum.

Stjórnin fellst á þær tillögur nefndarinnar, að stuðla beri að því, að sjálfseign og sjálfsábúð aukist í landinu. Og er það álit hennar, að slíkt muni reynast — hjer eins og í öðrum löndum — heillavænlegt fyrir ræktun og endurbætur landsins. En stjórninni fannst þó eigi rjett, að láta lögin einnig ná til kirkjujarðanna; það er að vísu svo, að þær eru opinber eign á *líkan* hátt og þjóðjarðirnar. En að öðru leyti er að ýmsu ólíkt ákomið með þjóðjörðum og kirkjujörðum. Tekjurnar af kirkjujörðum eru fengnar prestunum til umráða og launa, og fá þeir ekki að eins tekjur af þeim í embættistíð sinni, heldur njóta þeir og eptirlauna af afgjöldum þeirra. Bæði uppgjafaprestar og prestaekkjur hafa sjerstök lögáskilin rjettindi, til þess að fá kirkjujarðir til afnota. Til þess að geta selt jarðirnar án samþykkis prestanna, sem nú hafa þær, þyrfti því miklu víðtækari lagaákvæði, en þau, sem hjer um ræðir. En til þess að selja kirkjujarðirnar með samþykki hlutaðeigandi beneficiarii þarf eigi lög. Það má gjöra með konungsúrskurði eins og hingað til.

Stjórninni virtist heldur ekki ástæða til að veita sýslu- og sveitarfjelögum forkaupsrjett að jörðunum, því engin trygging er fyrir því, að ábúendum verði betra að verða leiguliðar þeirra en landssjóðs.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að skírskota til athugasemda nefndarinnar og stjórnarráðsins við frv. og vænti þess, að nefnd verði sett í málið.

Pjetur Jónsson, (þm. S.-Þing.): Eins og kunnugt er, hef jeg á undanfarandi þingum verið á móti þjóðjarðasölunni, og vil jeg í fáum orðinn lýsa afstöðu minni í málinu nú. Jeg var einn af þeim, sem skipaðir voru í milliþinganefndina, og átti því þátt í frumv. því, sem hæstv. ráðh. gat um.

Ef til vill þykir mönnum undarlegt, að jeg nú skuli vera með þjóðjarðasölunni. En því er ekki hægt að neita, að í nefndinni voru tvær stefnur ríkjandi, þar sem formaður nefndarinnar var eindregið með þjóðjarðasölunni, en jeg á móti. Niðurstaðan varð sú, að samkomulag varð um frumv. það, sem sent var stjórnarráðinu.

Aðalmótbáran móti þjóðjarðasölunni var sú, að jarðirnar mundu naumast lengi í sjálfsábúð, þó seldar væru, og í öðru lagi eru líkur til að margar jarðir gætu safnazt til einstakra manna, og hef jeg álitið það hættulegt.

Sjerstaklega álít jeg óheppilegt, að jarðir, sem hentugar væru til að skipta í smálóðir, t. d. grasbýlislóðir, lendi í höndum einstakra manna, sem notuðu sjer tækifærið til að gjöra sjer smælingjana undirgefna. Nóg dæmi þess þekkjum vjer í öðrum löndum, og sagan sýnir, að smábændur lands vors hafa opt búið undir þungum búsifjum landsdrottna sinna. Að vísu er nú síður hætt við þessu eins og nú hagar til, sökum þess, að fólkið sækir svo mjög til sjávarins á síðustu árum, og hefur þar atvinnu, sem þykir álitlegri en landbúnaður; þessvegna er ekki keppzt eptir jarðeignum nú. En framför landbúnaðarins hlyti að byggjast á miklu gagngjörðari ræktun jarðvegarins, og með henni eykst verðmæti og eignargildi jarðanna, og eptirsókn eptir jarðeignum.

Jeg hef nefnt tvo agnúa, sem gjört hafa mig fráhverfan þjóðjarðasölunni;

en milliþinganefndin vildi bæta úr þeim með því, að reisa skorður við því, að einsakir menn gætu safnað jörðum, sem heppilegar væru til skiptingar, á sínar hendur, en gefa sveitar- og sýslufjelögum forkaupsrjett á þeim jörðunum, því þær standa óneitanlega betur að vígi og eru líklegri til að leigja jarðirnar efnalitlum mönnum með góðum kjörum. Í öðru lagi hefur nefndin reynt að reisa við því skorður, að htnar seldu þjóðjarðir til leiguliða gengju úr sjálfsábúð.

Mjer fellur illa, að stjórnin hefur einmitt fellt burt að mestu fyrra atriðið, og býst jeg ekki við, að verða þeim mönnum samferða, sem fylgja frumv. stjórnarinnar í þessu máli. Vona jeg nú, að háttv. þm. skilji afstöðu mína í málinu, og undrist ekki þó jeg snúi á móti, þegar stjórnin tók einmitt burtu það atriði, sem jeg bar mest fyrir brjóstinu.

Hermann Jónasson (þm. Húnv.): óskar, að nefnd sje kosin í málið.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg vil að eins gjöra grein fyrir því, að jeg get ekki verið með frumv. Ástæður mínar eru þær sömu og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), en einnig nokkru fleiri. Jeg hef aldrei verið með þjóðjarðasölunni, en var þó að nokkru leyti búinn að sætta sig við till. milliþinganefndarinnar um það mál. En fyrst í morgun, þegar jeg tók eptir því, hve ólíkt stjórnarfrumv. er frumv. nefndarinnar, sá jeg, að jeg gæti ekki fylgt því nú.

Milliþinganefndin tók það upp í frumv. sitt, að kirkjujarðir mættu seljast sem landssjóðsjarðir og það var einkum það nýmæli, sem sætti mig við tillögur milliþinganefndarinnar. Nú hefur stjórnin numið burtu þetta nýmæli, og jeg get ekki samþykkt skoðun hæstv. ráðh. um það, að hægur vandi sje að fá þær keyptar, þó þessu ákvæði sje sleppt, því svo lengi sem umráðamenn þeirra, klerkarnir, neita að selja þær, svo lengi verður ómögulegt að fá þær keyptar.

Af þessum ástæðum styð jeg ekki frumv., en hef þó ekki á móti því, að kosin sje 5 manna nefnd í málið og 1. umr. frestað, því með því opnast vegur til þess, að á frumv. verði þær breytingar, að jeg gæti gefið því atkv. mitt við aðra umr., en að svo komnu er það ómögulegt.

Ráðherrann: Jeg verð að játa, að jeg skil ekki fullkomlega afstöðu hins háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) til þessa máls. Það er eins og hann líti svo á, að með slíkum lögum sem þessum, sje *skipað* að selja leiguliðum allar þjóðjarðir, og þar með bannað eða fyrirgirt, að sveitafjelög geti fengið kaup á jörðum, er til þess eru fallnar. En þetta er alls ekki svo. Hjer er að eins um heimild að ræða, til þess að gjöra landsetum ljettara að kaupa ábýli sín, heldur en verið hefur, og auðveldara en öðrum. Tilgangurinn er að efla sjálfsábúðina og þar með ræktun landsins, með því að hjálpa þjóðjarðalandsetum til að verða sjálfseignarbændur, án þess þeir þurfi að sækja um það til þingsins í hverju einstöku tilfelli, ef jarðirnar hafa ekki einhverja þá eiginlegleika, sem gjöri sölu varhugaverða, eptir því, er frumv. nánar ákveður. En sveitarstjórnirnar gætu snúið sjer til alþingis og fengið jarðir keyptar með sjerstökum lögum, alveg eins eptir sem áður. Mjer er fremur óskiljanlegt, að þeir, sem eru á móti þjóðjarðasölu yfirleitt, skuli geta sætt sig við hana fyrir það, þótt heimild væri gefin til þess, að selja sveitarfjelögum nokkrar jarðir án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti. Jeg sje yfir höfuð ekki, hvað sjálfsábúðin í

landinu, sem þetta frumv. á að efla, mundi græða við það, þótt sveitarsjóður kæmi í stað landssjóðs sem landsdrottinn.

Mjer finnst ekki ástæða til að ætla, að sveitarstjórnir verði betri lánardrottnar en landssjóður, né nein líkindi til, að sveitarstjórnir almennt mundu styðja fremur ræktun jarðanna, eða hlynni að nokkru leyti fremur að þeim en landsstjórnin.

Gagnvart háttv. þm. Sfjk. (J. J.) skal jeg að eins taka fram, að jeg get með engu móti sjeð, hvernig það getur verið þessu frumv. til foráttu, þó að með því sje ekki gefin heimild til þess að selja kirkjujarðirnar, að *beneficiariis* nauðugum. Frumv. getur verið gott, það sem það nær, fyrir því. Það, sem stjórnin hefur fellt úr frumv. milliþinganefndarinnar, er ekki þess eðlis, að skiljanlegt sje, að þau atriði hefðu getað bætt upp önnur ákvæði frumv. í augum þeirra, sem eru fráhverfir allri þjóðjarðasölu, nje að úrfelling þessi geti gjört óaðgengilegra það, sem eptir er í stjórnarfrv. af till. milliþinganefndarinnar.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg er ekki við því búinn, að tala nú í þessu máli, en það hafa komið fram atriði í málinu, sem gjöra það að verkum, að jeg get ekki stillt mig um að segja nokkur orð.

Jeg vil strax taka það fram, að jeg er alveg sammála hinum hæstv. ráðherra í því, að frumv. er nú miklu aðgengilegra en áður, og mjer er óskiljanlegt, að nokkur skuli geta verið á móti því eins og það liggur fyrir, en með frumv. milliþinganefndarinnar,

Í frumv. milliþinganefndarinnar eru tvær öldungis gagnstæðar grundvallarstefnur, svo einkennilega samantvinnaðar, að mjer fannst frv. vera hrein lokleysa fyrst þegar jeg las það. Þetta munu þykja nokkuð hörð orð, enda skal jeg geta þess, að jeg fann við nánari athugun, að frumv. var ekki eins fráleitt og það sýndist við fyrsta álit, og að margt var gott í því. Svo virtist sem frumv. stefndi aðallega að því að auka sjálfseign og sjálfsábúð í landinu, en ákvæðin um forkaupsrjett sýslu- og sveitarfjelaga ganga einmitt í gagnstæða átt, miða beinlínis að því að fyrirbyggja, að jarðirnar komist nokkurntíma í sjálfsábúð.

Þær breytingar, sem stjórnin hefur gjört á frumv., gjöra það miklum mun aðgengilegra, miklu einlægara, eyða tvískinnungnum, sem var í frv. milliþinganefndarinnar.

Frv. stjórnarinnar stefnir eindregið að því, að efla sjálfsábúðina, en sjálfseign og sjálfsábúð er hið helzta til að efla áhuga búenda á því, að bæta jarðirnar og hlýtur að verða lyptistöng hverskonar landbúnaðar framfara. Eigingirnin er hjer eins og jafnan hin sterkasta hvöt; hver vill efla sinn hag. Bændur eru fúsari á að vinna jarðabætur og hlynna að jörðum sínum, ef þeir vita með sjálfum sjer, að þeir njóta umbótanna og ávaxtanna af þeim. Jeg skal ekki fara fleirum orðum um þetta mál að sinni, en vona að jeg fái tækifæri til að láta ýtarlega í ljósi skoðun mína á því við síðari umr. þess.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg ætlaði ekki að segja neitt við þessa umr., en háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) vjek að ágreiningi, sem verið hefði á milli nefndarmanna í milliþinganefndinni um þjóðjarðasölu, og jeg skal því ekki neita, að hann var nokkur.

Jeg kom í nefndina með þeirri trú, og er enn þeirrar trúar, að sjálfseign búenda sje aðalundirstaða fyrir þjóðheill vorri og þrifum landbúnaðarins. Meðnefndarmenn hjeldu fram forgangs-

rjetti sveitarfjelaga og sýslufjelaga með vissum skilyrðum, og taldi jeg það meinlaust, þar sem jeg bjóst við, að það mundi lítið koma til framkvæmda, og betra að jörð væri þó innansveitareign, en hjá einhverjum jarðaspekúlant utansveitar. Jeg fyrir mitt leyti tel frumv. betra nú, eptir þær breytingar, sem það hefur fengið hjá stjórnráðinu.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Ef það hefur verið aðal »princípið«, að selja jarðirnar leiguliðunum, þá játa jeg, að tvö »princíp« komi fram í þjóðjarðasölufrumvarpi okkar, en hafi hitt verið aðalatriðið, að koma jörðunum í sem beztar hendur, þá hefur ekki komið fram nema eitt »princíp« og það að minu áliti rjett.

Mjer þykir leitt, að hæstv. ráðherra og háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) hafa eigi getað skilið nefndina. En jeg get ekki breytt skoðun minni á þessu máli, og skil ekki, að þeir ætlist til, að lítilsháttar yfirvegun á þessu þingi breyti skoðun okkar. Menn mega ekki ætla, að jeg hafi flasað að því, að afla mjer sannfæringar minnar; hún hefur ekki þróazt á stuttum tíma, heldur hef jeg komizt að þeirri skoðun, sem jeg nú hef á málinu, með margra ára umhugsun og yfirvegun.

Jeg skal leyfa mjer að benda á, viðvíkjandi »princípi« nefndarinnar, það sem stendur í nefndarálitinu, bls. 49:

»Hitt mun þykja meira nýmæli, að áskilja sýslufjelagi eða sveitarfjelagi forgangsrjett að þeim jörðum, sem eru sjerstaklega vel hæfar til sundurskiptingar milli grasbýla, og hefur nefndin þar einkum fyrir augum sveitarfjelögin. En það gjörir nefndin í þeirri trú, að sveitarfjelög sje bezti miðill til þess að hlynna að fátækum mönnum, sem jöfnum höndum vildu fleyta sjer og sínum á handafla og jarðyrkju. Slíkir grasbýlismenn gætu svo orðið eigendur grasbýlanna, ef vel væri í haginn búið fyrir þá, og væru þeir þá orðnir samgrónir sveitinni, öldungis eins og bændurnir á jörðunum, og vinnukraptur þeirra á mjög eðlilegan hátt bundinn sveitarfjelaginu. Þessi hugsun byggist auðvitað á því, að ýms svæði hjer á landi verði tekin til gagngjörðrar ræktunar, og ræktunin komist á alveg nýjan rekspöl«.

Jeg er nú handviss um það, að hæstv. ráðherra hefur ekki gjört sjer eins ljósa grein og jeg fyrir sambandi því, sem er á milli einstaklinganna í sveitunum og sveitarfjelaganna, af því hann hefur aldrei lifað og starfað í líku sveitarfjelagi eins og jeg. Mjer finnst efalítið, að sveitarfjelögin mundu bezt hlynna að þeim mönnum, sem sætu á jörðum eða jarðarhlutum þeirra. Það sem gjörir mörgum sveitarfjelögum mein, er það, að töluverður þorri manna, einkum lausamanna og húsmanna, er stopull og hverfull, menn streyma úr sveitunum til sjávarþorpanna og af landi burt til Ameríku eða eitthvað út í bláinn. Tilgangur frumv. er, að gjöra kosti þessara manna sem bezta, og jeg álít, að þetta sje heppilegasta meðalið til þess að halda mönnum í sveitunum við landbúnaðinn. En það er alkunnugt, að fátækur maður, sem kaupir stóra jörð, getur sjaldan gjört jörðinni nægilega til góða; og jeg get ekki gengið fram hjá þeirri sýnilegu reynslu, að menn, sem kaupa ábýlisjarðir sínar, verða optlega að láta borgun jarðarinnar algjörlega sitja í fyrirrúmi fyrir öllum bótum á jörðinni.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í einstök atriði frumv. og mun taka því

með ró, þó aðrir menn hafi aðrar skoðanir á þessu máli.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg er samdóma háttv. 2. þm. Skagf. (St. St.) um það, að tvö »princíp« komi fram í frumv. Grundvallarstefna þeirra, sem fylgja fram sölu þjóðjarða, er sú, að efla sjálfsábúð í landinu. Það er eitt hið bezta meðal til þess að skapa ást íbúanna til landsins; þeir leggja sig miklu meir í líma fyrir sína eigin jörð, en þá, sem þeir hafa á leigu. Sjálfsábúð er því það eina fyrirkomulag, sem bætt getur landbúnaðinn og þar með lífskjör þjóðarinnar og fest hana í landinu.

Það hefur þó stundum komið fyrir á þeim þingum, sem jeg hef átt sæti á, að meiri hlutinn hefur fylgt því, sem jeg kalla heilbrigða skynsemi í þessu máli, svo að það hefur allopt komið fyrir, að ábúendur hafa getað fengið keyptar ábýlisjarðir sínar, þó að þeir hafi þurft að sækja um það til löggjafarvaldsins; en hitt veit jeg af eigin reynslu, að varla kemur fyrir, að hreppsnefndir selji þær jarðir, sem þær á annað borð geta haldið í. Fyrir þeim mönnum, sem vilja efla sjálfsábúð er það, að selja þjóðjarðir til sveitar- og sýslufjelaga, það sama og að gjöra ábúendunum miklum mun erfiðara fyrir að eignast ábýlisjarðir sínar.

Vera má, að sumir óttist það, að jarðir, sem hentugar væru til skiptingar, kæmust í einstakra manna eign, sem ekki seldu þær aptur, eða leyfðu útmælingu á þeim, en við því eru þau ráð, að semja lög um smærri grasbýli, og án efa verður nauðsynin á slíkri löggjöf hjer á landi mjög brýn áður en langt um líður.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg stend upp að eins til að vekja athygli háttv. þm. Skagf. og háttv. þm. V.-Sk. á því, að þeir gagnvart mjer geta sparað sjer allar umr. um það, hver áhrif tilfinning þess, að maður vinni fyrir sjálfan sig og sína, hefur á ræktun og meðferð jarðanna, því þar erum við alveg sammála. En jeg hef hugsað mjer annan veg til að fá vel ræktað land og reisulega bæi, en þann, sem hjer er um að ræða. Til þess að sú leið verði farin, þarf að breyta ábúðarlöggjöfinni, til þess að tryggja mönnum til afnota og eignar þær bætur, sem þeir gjöra á jörðunum. Eins og nú er háttað, verður maður, sem t. d. býr á 2,000 kr. jörð, að gjalda af henni 100 kr., og það — en ekki meira — ætti hann og ættmenn hans, ef þeir halda áfram að búa á jörðinni, að gjalda, hversu mikið sem jörðin hækkaði í verði sökum endurbóta, sem þeir gjörðu á henni.

Þó verðmæti jarðarinnar margfaldist í höndum þessa manns, eða ættmanna hans, ætti hann að hafa sömu leiguskilmála og áður, því landið á ekki annað en þá jörð, sem hann tók við; það á ekki verk hans á henni og þess vegna ekkert tilkall til þeirra, nema það borgi þau fullu verði. Og flytji maðurinn burt af jörðinni, ber honum gjald fyrir það, sem hann hefur bætt hana, hvort sem landið eða næsti ábúandi yrði til þess að greiða það. Jeg ímynda mjer, að það yrði optast sá, er við jörðinni tekur, sem keypti. Gæti þá svo farið, að 2,000 kr. jörðin yrði, segjum 20,000 kr. virði, og væri þá eign ábúandans í rauninni $^9/_{10}$ hlutar eignarinnar, er hann þá gæti veðsett eða selt, sem sína eign. Kaupi aptur á móti landið bæturnar á jörðinni, yrði auðvitað næsti ábúandi að greiða svo miklu hærra eptirgjald, sem bótunum nemur.

Þetta frumv. miðar til þess að hvetja ábúendur til að kaupa jarðirnar.

Þeim er ætlað, að verja fje sínu og striti til að borga landssjóði óræktaða moldina. *Því sama* fje og erfiði geta þeir ekki varið til að rækta og bæta jörðina; þetta er auðskilið, og sömuleiðis hitt, að jarðabætur verða minni, má ske engar á þessum jörðum, meðan verið er að borga þær. — Legði ábúandi þar ámóti þetta fje í jarðabætur á sama tíma, og til þess hefði hann fulla hvöt, ef ábúðinni væri svo hagað, sem jeg hef bent á, þá tvöfaldaðist á sama tíma gildi jarðarinnar og verð, og þó raunar miklu meira, ef jarðabæturnar eru gjörðar skynsamlega. Á þann hátt yrði landið miklu fyr ræktað, verðgildi þess yxi og margfaldaðist, það yrði hin nýja landnámsöld.

Jeg hef hreyft þessari skoðun fyr, og þykir mjer leitt, að svo er að sjá, sem enginn vilji líta á málið frá þessari hlið. — Hvorki milliþinganefndin, stjórnin nje þm. sýnast hafa virt hana þess, að athuga hana; en þangað til henni er hrundið, get jeg ekki verið með því, að löggjafarvald og stjórn kasti frá sjer eignar- og umráðarjetti jarðeignanna.

ATKVGR.: Samþ. að fresta 1. umr. um málið og kjósa nefnd í það.

Samþ. án atkvgr. að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Eptir ósk þessara 9 þm.: Skúla Thoroddsens, Ólafs Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Guðlaugs Guðmundssonar, Magnúsar Andrjessonar, Ólafs Thorlaciusar, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skagf., Jóhannesar Ólafssonar, Ólafs Briems fór fram hlutfallskosning, og hlutu kosningu þessir 4:

Hermann Jónasson,
Stefán Stefánsson, (2. þm. Eyf.),
Ólafur Briem,
Eggert Pálsson.

Fór þá fram óbundin kosning á hinum 5. nefndarmanni og var kosinn:

Jóhannes Ólafsson, með 15 atkv.

Ólafur Ólafsson fjekk 6 atkv., aðrir færri.

1. umr. frestað.

Í nefndinni var kosinn formaður Eggert Pálsson, skrifari Hermann Jónasson og framsm. Ólafur Briem.

Á 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí kom frumv. til framhalds 1. umr. (Stjórnarfrumv., A 97).

Framsögumaður (Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.): Aðaltilgangur þessa frumv. er sá, að löggjafarvaldið komi sjer saman um fasta stefnu í hinu þýðingarmikla máli, sem frumv. ræðir um, þjóðjarðasölumálinu. Undanfarin ár hefur stefna þingsins verið mjög á reiki í því máli. Á fyrri þingum hafa komið fram beiðnir um kaup á einstökum jörðum, en út af þeim hafa ætíð spunnizt langar umræður og miklar deilur, ekki að eins um söluna á jörðum þessum, heldur og um þjóðjarðasölumálið í heild sinni. Það virðist þýðingarlítið, að ræða þetta mál hjer á þinginu aptur og aptur, þar sem ástæðurnar, sem fram eru færðar með og móti þjóðjarðarsölunni, eru ætíð þær sömu. Niðurstaðan hefur orðið misjöfn sín í hvert skiptið, vanalegast hefur þingið samþykkt sölu jarðanna, en stundum hefur það þó neitað. Menn fala jarðirnir í því trausti, að fá þær keyptar, en með þessu lagi geta þeir átt það á hættu, að þeim verði neitað, án þess að gildar ástæður sjeu færðar fyrir því. Þetta er óviðfeldið fyrirkomulag, og það var það, sem hvatti þá menn, sem á þinginu 1887 og nokkrum þingum þar á eptir komu fram með frumv. um almenna þjóðjarðasölu eptir fastákveðnum reglum. En öll þau frumv. um almenna þjóðjarðarsölu, sem hingað til hafa

fram komið, strönduðu á því, að stjórnin var henni ekki fylgjandi, því hún áleit, að salan kæmi í bága við 23. gr. stjórnarskrárinnar, en nú er sú fyrirstaða af stjórnarinnar hálfu horfin, því hin nýja stjórn álítur, að þjóðjarðasalan komi ekki neitt í bága við stjórnarskrána.

Það virðist því nú sem þingið eigi hægt með að taka höndum saman við stjórnina, eins og farið er fram á í frumv. því; sem hér liggur fyrir.

Á fyrirkomulaginu, eins og það hefur verið hingað til, hafa verið talsverðir agnúar. Umboðsmaður hefur átt að segja álit sitt um jarðarsöluna, en sýslunefnd hefur átt að virða jarðirnar, svo að álit umboðsmanna og sýslunefndanna hefur opt verið æði ólíkt: og vanalegast hefur því verið háttað svo, að þingið hefur ekki verið nægilega kunnugt málunum, til þess að skera úr.

Fyrirkomulagið, sem hjer er farið fram á, er miklu heppilegra; það á nfl. að láta dómkvadda menn virða jarðirnar, þannig að þeir sjeu viðbúnir að staðfesta þá virðingu með eiði. Það er líka eitt enn, sem mælir með þessu frumv. og það er það, að leiguliða er samkvæmt því innanhandar að festa kaup á jörð sinni á hvaða tíma sem er, án þess að þurfa að bíða með það, ef til vill, í 2 ár þangað til þing kemur saman.

Þetta frumv. er að formi til svo lagað, að með því er stjórninni veitt heimild til þess að selja, en í fyrri frumv. um almenna þjóðjarðasölu var það beint orðað svo, að leiguliði hafi rjett á að kaupa. En þetta verður ekki skoðað sem neinn efnismunur, með því til þess er ætlazt og ganga má að því vísu, að stjórnin noti heimildina, nema sjerstakar ástæður mæli á móti.

Einn aðalmunur er á þessu frumv. stjórnarinnar og frumv. milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum. Þetta stjórnarfrumv., sem hjer liggur fyrir, er ekki nærri eins víðtækt, því kirkjujarðir eru undanskildar. Nefndin var samt sem áður á því, að það væri jafnvel enn þá meiri þörf á að greiða fyrir sölu kirkjujarða en annara þjóðjarða, bæði af því að almennt er viðurkennt, að byggingum þeirra og ábúð sje yfirleitt enn þá meira ábótavant en landssjóðsjarða, og í annan stað er svo álitið, að ábúðarlögin nái ekki til þeirra nema í sumum greinum, svo að kirkjujarðirnar að því leyti standa fyrir utan landslög og rjett. Það sem olli því, að nefndin þó ekki kom fram með breyt.till. um að taka kirkjujarðirnar inn á frumv. var aðallega það, að kirkjumál öll liggja nú fyrir milliþinganefnd, og vjer nefndarmenn lítum svo á, að milliþinganefnd þessi kynni að geta komizt að þeirri niðurstöðu, að öllum kirkjujörðum yrði afsalað beint til landssjóðs og lentu þær þá eðlilega í tölu þjóðjarða þeirra, sem heimild er veitt til að selja í þessu frumv.

Í ástæðunum fyrir þessu frumv. er tekið fram, að sjerstök lög um sölu kirkjujarða sjeu óþörf, ef þau ekki heimila að taka kirkjujarðirnar til sölu að prestum nauðugum. En ástæðurnar fyrir því, að ekki má selja kirkjujarðir að prestum nauðugum eins og nú stendur, eru þær, að prestarnir hafa fengið jarðirnar til afnota meðan þeir sitja í brauðunum, en sá rjettur þeirra hlyti að hverfa, jafnóðum og brauðin losna, ef til væru almenn lög um sölu kirkjujarða.

Móti frumv. þessu komu andmæli fram við upphaf 1. umr., sjerstaklega frá háttv. þm. Sfjk. (J. J.), og benti

hann jafnframt á nýtt fyrirkomulag, sem sje það, að ábúðarrjetturinn gengi að erfðum. Milliþinganefndin hafði einnig tekið þetta til íhugunar; en það er algjörlega nýtt, og þjóðin hefur ekki látið í ljós álit sitt um það; og jeg efast um, að það sje nógu gagnhugsað.

Það yrðu sjálfsagt ýmsir annmarkar á því fyrirkomulagi. Einn agnúinn er sá, að ábúðarrjetturinn yrði naumast nægilega tryggður; það geta komið fyrir þau atvik, að leiguliði hljóti að sleppa jörðinni í bili, en að niðjar hans mundu vilja nota hana, en jeg hygg, að ábúðarrjetturinn væri þá ekki nægilega tryggður, ef ábúandi hefði sleppt jörðinni, þó ekki væri nema eitt ár eða svo. Menn gætu nú sagt sem svo, að eignarrjetturinn á seldum þjóðjörðum sje heldur ekki fulltryggður eptir þessu frumv., því eins og frumv. ber með sjer, er landssjóði áskilinn endurkaupsrjettur, ef jörðin gengur úr sjálfsábúð og kemst ekki aptur í sjálfsábúð innan tveggja ára. En þar er sú bót í máli, að ef landssjóður notar endurkaupsrjett sinn, sem sjaldan eða máske aldrei mundi koma fyrir, á þó eigandi rjett á að fá borgaðar þær endurbætur, sem hann hefur gjört á jörðinni, samkvæmt breyt.till., er nefndin hefur komið fram með. Hinn annmarkinn á erfðafestufyrirkomulaginu er sá, að ef landssjóður á að halda áfram að eiga jarðirnar, þá verður að hafa eitthvert eptirlit með leiguliðum, en það eptirlit getur orðið óþjált, það getur takmarkað um of umráð leiguliða, og er óvíst, að því verði við komið nema með talsverðum tilkostnaði.

En þessar tvær aðalástæður — annmarkarnir á erfðafestufyrirkomulaginu — mæla einmitt með sölu þjóðjarðanna.

Af því þetta er framhald 1. umr., ætla jeg að geyma að tala um breyt.-till. nefndarinnar þangað til við 2. umr. málsins.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg gat þess við fyrri hluta þessarar umr., að frumv. þessu óbreyttu gæti jeg ekki gefið atkv. mitt, og óskaði jeg þá eptir, að sett væri nefnd í málið, ef vera kynni, að hún gjörði einhverjar æskilegar breytingar á frumv. Nú er komið fram álit nefndarinnar, og á því sjest, að breytingarnar eru næsta litlar. Þó tillögur hennar væru teknar til greina, er frumv. í mínum augum engu betra.

Jeg vil því enn á ný reyna að gjöra grein fyrir afstöðu minni í málinu.

Fyrst vil jeg vikja lítið eitt að ræðu háttv. framsm. nefndarinnar: hann benti á ýmsa annmarka á því fyrirkomulagi, sem jeg held fram. Hann gat þess, að gott væri, að ábúðarrjetturinn gæti gengið að erfðum, en áleit erfðarjettinn ótryggan á þessu svæði. Jeg ætlast til, að ábúðarrjetturinn gangi ekki einungis að erfðum, heldur einnig kaupum og sölum, og því meira sem jörðin batnar í höndum ábúandans, þess meira eigi hann í henni. Með því að gefa ábúanda svona lagaðan eignarrjett á jörðinni, álít jeg hægt að gefa honum þá hvöt til að bæta hana, sem annars getur fylgt eignarrjettinum. Þetta er og hefur verið meining mín.

Annað atriði, sem háttv. framsm. tók til athugunar, var það, að eptirlit landsstjórnarinnar mundi verða kostnaðarsamt landinu og nærgöngult hlutaðeigendum. Hjer erum við alveg á gagnstæðri skoðun. Allt, sem snertir meðferð á landinu sjálfu, er því betur komið, því meiri afskipti sem hið opinbera hefur af því. Ekkert fjelag getur verið jafnfært til að gjöra við jarðirnar það, sem þeim er fyrir beztu, eins og stærsta fjelagið á landinu — þjóðfjelagið sjálft. Og jeg lít svo á, að

það sje meginregla, að fjelögin standi betur að vígi til framkvæmda en einstaklingarnir.

Jeg hef ekki enn getað sjeð, að óyfirstíganlegir örðugleikar sjeu á því, að koma þessu í framkvæmd, og ekki sje hægt að koma eptirlitinu þannig fyrir, að engan saki að ástæðulausu. En þess vildi jeg óska, að með því væri hægt að opna augu þjóðarinnar fyrir því, að ill meðferð á jörð er glæpur eða stórt brot.

En jeg stóð annars upp til að gjöra grein fyrir atkvæði mínu, eins og jeg hef áður sagt. Og jeg dylst þess ekki, að jeg gjöri það með hálfum huga. Málið er stórt og mjög þýðingarmikið, svo skyldugt er að líta á það trá sem flestum hliðum og athuga það sem allra bezt. Það er ekki nóg að líta eingöngu á frumv. sjálft, heldur þarf einnig að athuga ástæðurnar, sem það er sprottið af, og gjöra sjer ljósa grein fyrir öllum gangi málsins. Hvatirnar, sem frumv. er sprottið af, eru þarfirnar fyrir að rækta og bæta landið, svo það geti fullnægt sanngjörnum krðfum manna um efnalegt sjalfstæði og andlegar framfarir. Hjer er því hvorki um meira nje minna að ræða, en einn aðalþáttinn í framtíðarmenning vorri.

En það er ekki eingöngu sökum þess, hve stórt málið er, að jeg stend upp með hálfum huga; það er einkum vegna þess, að mjer virðist sá straumur, sem ber frumv. upp, eigi að eins vera ríkur og sterkur með þjóðinni, heldur mun hann og vera allsterkur í háttv. deild. Þessvegna get jeg heldur ekki búizt við sjerlega mikilli samhygð þingmanna í þessu máli.

Þetta mál hefur fengið óvenjulega mikinn undirbúning, því í mörg ár hefur verið ritað og rætt um það, svo athygli þjóðarinnar á því er almennt vöknuð. Á síðustu missirum hefur það haft sjerstakan undirbúning, þar sem nefnd viturra og góðra manna hefur haft það til meðferðar og safnað um það mörgum skýrslum og mætum upplýsingum, svo því verður ekki neitað, að hún hefur byggt frumv. sitt og tillögur á góðum grunni og stutt það með gildum ástæðum. Að mínu áliti eru margar setningar í athugasemdum nefndarinnar fagrar og mjög sannar. En um það vil jeg ekki eyða orðum í þetta sinn, heldur geyma það, þangað til málið kemur til 2. umr.

Því vil jeg taka það fram, að milliþinganefndin kom fram með eitt nýmæli. sem hafði þau áhrif, að jeg, sem annars hef verið á móti þjóðjarðasölunni, komst að þeirri niðurstöðu, að jeg mundi verða með frumv,, eins og jeg tók fram við fyrri hluta þessarar umræðu.

Eptir þessum undirbúning tekur svo stjórnin frumv. milliþinganefndarinnar, sníður það upp og hefur ekki að eins breytt því, en fellt burtu aðalnýmælin af ástæðum, sem getið er um í athugasemdum hennar við frumv. Þessar ástæður ætla jeg ekki að rekja nú, en þær eru langt frá að vera þess eðlis, að jeg geti samþykkt frumv. stjórnarinnar.

Hjer á þinginu hefur svo nefnd verið sett í málið, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að sú eina litla breyting, sem hún leggur til að gjörð sje á frumv. stjórnarinnar, felí sier »princíp«, sem verkar á móti »princípi« stjórnar og milliþinganefndarfrumv.: sjálfsábúðinni.

Það sem jeg vildi nú sagt hafa með öllu þessu, er það, að ekki verður annað sjeð, en ótrúlega lítil festa sje á skoðunum manna um málið.

Það var bent á það um daginn, að

milliþinganefndin hefði verið tvískipt, og það mun rjett vera, að hún hafi ekki verið sammála, þó niðurstaðan yrði sú, sem varð.

Hitt er sýnt og sannað, að stjórnin aðhyllist ekki frumv. milliþinganefndarinnar nema að nokkru leyti.

Einn maðurinn úr milliþinganefnd. fjell strax frá till. hennar og aðhyllist tillögur stjórnarinnar; annar lýsti óánægju sinni yfir breytingum hennar á frumv., þriðji var kosinn í nefnd hjer, og nú virðist hann líka vera snúinn í málinu, þar sem hann ætlar að sætta sig við frumv. eins og það liggur fyrir með þeirri einni breyting, sem nefndin leggur til að gjörð sje, og sem fer í alöfuga átt við stefnu frumv. milliþinganefndarinnar.

Af þessu má ráða, að um þetta mikilsverða mál, sem við allir berum fyrir brjóstinu, sjeu skoðanir manna svo mjög á reiki, að varhugavert sje að byggja framtíðarbyggingu á þeim. Nei, þá bygging, sem snertir svo mjög framtíð lands vors, megum við ekki byggja á þeim kviksandi hverfulla skoðana, sem hjer eru fyrir hendi.

Jeg ætlast ekki til þess, að menn skelli skuldinni á þá, sem unnið hafa að undirbúningi þessa máls, því jeg þykist viss um, að bæði stjórnin og milliþinganefndin hafi unnið með dáð og samvizkusemi; en af því að hvorir tveggja hafa fundið og sjeð, hve mikils þarf með, og hve bráð nauðsyn er á bótum í nær öllum efnum, hafa þeir flýtt sjer of mikið og vandvirknin því eigi verið nægileg.

Jeg gjöri mjer von um, að ýmsir finni og samsinni með mjer, að ekki sje álitlegt að ákveða neitt um þetta mál að svo komnu, meðan skoðanir manna eru eins lítið festar og nú er. það má vel vera, að síðasta stefna sje bezt, þó hún sje svona lítið hugsuð, en það er ekki líklegt, og löggjafarvaldið má ekki byggja á því.

Eins og auðsjeð er, er aðaltilgangurinn að auka sjálfsábúð *til þess, að landið verði betur ræktað.* Það er gengið út frá því, að eigandinn hafi ríkasta hvöt til að rækta landið og bæta býlin.

»Teóretisk« sjeð er þetta rjett, en þrátt fyrir það er engin vissa fyrir, að þetta sje það *bezta.*

Með þessu frumv. eru menn hvattir til að leggja fram fje sitt til að kaupa óræktað land og lítilsvert, því svo er það víðast hjer á landi. Jeg drap á það um daginn, og bið háttv. þm. að veita því eptirtekt, að allt það fje, sem lagt er fram til að kaupa land, stendur þar fast og verður ekki notað til að bæta landið.

Þessari skoðun held jeg enn þá fast fram og get ekki breytt henni. Jeg hef haft hana, síðan jeg fyrst fór að hugsa alvarlega um þetta mál.

Bezt væri, að ábúendur fengju fullkominn afnota rjett yfir jörðunum, og allar þær bætur, sem þeir gjörðu á þeim, væru eign þeirra sjálfra, svo afgjaldið breyttist ekki, hve mikið sem jörðin batnaði. En landsstjórnin þyrfti að hafa rjett til að hlutast til um bæturnar og hafa eptirlit með jörðunum, til þess að koma í veg fyrir, að jörðin væri að ósekju skemmd.

Jeg sje ekkert á móti því, að hægt væri að semja lög um þetta á þann hátt, að einkis rjettur yrði fyrir borð borinn, og væri landið þá bættara eptir en áður.

Það er mitt álit, að málið eigi ekki í þetta sinn að komast gegnum þingið. Það þarf að yfirvega það enn á ný, svo þjóðin, þingið og stjórnin geti komizt að betri niðurstöðu, og byggt síðan lög um þetta á traustari grundvelli, en nú er fenginn. Hugsanir

manna um málið, skírast við nánari athugun og rækilegri yfirvegun, og þess þarf vissulega með, »því það skal vel vanda, sem lengi á að standa«.

Pjetur Jónsson, (þm. S.-Þing.): Eins og hefur verið drepið á, hefur háttv. nefnd, er kosin var til að íhuga frv. þetta, engar verulegar breytingar gjört á stjórnarfrumv., en jeg ljet í ljósi við 1. umr. þessa máls, að jeg ekki væri ánægður með framv. eins og það lá þá fyrir, og vildi því, að nefnd yrði skipuð. En þó það hafi líklega litla þýðingu, að jeg haldi fram sjerskoðun minni á málinu, af því hve fáir fylgja henni ennþá, þá vil jeg samt lýsa henni betur, og óska, að málið verði rætt ýtarlega við þessa umr.

Háttv. framsm. (Ó. B.) gat um það, að stjórnin hefði gjört breytingar á tillögum landbúnaðarnefndarinnar í einu verulegu atriði, nefnilega sölu kirkjujarðanna. Jeg fellst á hans skoðun á því atriði, og vil líta svo á, að með þessari breytingu sje því einungis frestað um sinn, að setja allsherjarlög um sölu kirkjujarðanna. En hinn háttv. framsm. minntist ekki á annan stóran mismun á frumv. stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar, og mismunurinn er sá, að stjórnin hefur numið burt forkaupsrjett sveitar- og sýslufjelaga, að því er snertir einn vissan flokk þjóðjarða.

Að vísu hefur stjórnin ekki viljað þvergirða fyrir það, að sveitar- og sýslufjelög gætu náð í jarðirnar; en það er þó hindrun að þurfa alltaf að leita til þingsins um kaupin, eiga þar undir hinum ýmsu alkunnu veðrabrygðum skoðananna og keppa við ábúendur jarðanna.

Við fyrri hluta þessarar umr. kom sú skoðun fram, að frumv. nefndarinnar væri samanbræðingur af tveimur gagnstæðum »principum«. En hvert er »principið?« »Princip« nefndarinnar hefur verið að leitast við að efla sem mest hvatirnar, til þess að rækta landið og auka framleiðslu jarðarinnar. En er nú sjálfsábúð aðalskilyrðið og fyrsta skilyrðið? Jeg hef álitið sjálfsábúð gott ráð, opt og í mörgum tilfellum. En jeg hef ekki álitið, að sjálfsábúð væri það eina ráð, eða það eina sjálfsagða skilyrði fyrir ræktun og þrifum landsins. Það getur ýmislegt fleira hvatt menn til dáða í þeim efnum, en þótt sjálfsábúðin hefði nú verið aðalaugnamiðið, þá er því engu betur borgið hjá stjórninni en hjá milliþingauefndinni. Stjórnin hefur miðað við það gamla, og að miklu leyti núverandi ásigkomulag, að jarðirnar sjeu óbreyttar að stærð eins og þær hafa verið um langan aldur. Hún hefur ekki tekið tillit til þeirra breytinga, sem *vænta* má að verði á búnaði landsins. Þær gömlu jarðir eru ekki öruggar til ábúðar í framtíðinni. Jarðir, sem liggja upp til dala og hásveita, virðast lækka í verði og áliti sökum vantandi vinnukrapts til að reka þær. En jarðir, sem liggja í lágsveitum við sjó, og einkum kauptún, og eru hægar til ræktunar, munu fara hækkandi í verði, að minnst akosti ef ræktun landsins kemst á þann rekspöl, sem menn vænta. Þetta þarf ekki útlistunar við, en það er eptirtektarvert, og vert að því sje gaumur gefinn. Það þarf eigi síður að búa í haginn fyrir þessa breytingu, fyrir hina væntanlegu smábýlamenn, heldur en ábúendurna á hinum gömlu jarðheildum. Þetta sá nefndin fyrir, og hennar tillögur studdust við væntanlegar breytingar í framtíðinni. Hin haganlegasta aðferð væri, að sveitarfjelögin keyptu þessar gömlu jarðheildir, sem hægt er að sundurskipta niður í smábýli, og leigðu eða seldu svo lóðarhluta af jörðinni til þeirra

manna, er vildu rækta jarðirnar; þannig yrðu sveitarfjelögin heppilegur milliliður, þau sæju um, að jörðin hjeldist í gildi, og að fleiri menn nytu ábúðarinnar. Það miðar því meira í sjálfsábúðaráttina, að sveitarfjelagið eignist í þessu skyni jörð, sem síðar kemur til sundurskiptingar, heldur en leiguliðinn, því ef mikil eptirsókn er eptir einhverri jörð til þessara hluta, þá hagnýtir hann sjer það, reynir að græða á því, og hefur menn sjer háða, og getur vald hans orðið skaðræðisvald.

En það eru fleiri breytingar, sem vaka fyrir okkur. Það er ekki ólíklegt, að ýmislegur samvinnubúskapur komist á og að önnur ráð finnist til að beina vinnukraptinum að ræktun landsins, heldur en hið gamla búskaparlag, og er þá umráðum jarða, sem til þess eru hæfar, vel komið í höndum sýslu- sveitarfjelaga. Jeg hef orðið var við vantraust frá stjórninni og öðrum á sveitarfjelögum og sveitarstjórnum, en þetta vantraust er skaðlegt. Það getur verið á rökum byggt í sumum tilfellum, en langt frá öllum. Það ætti miklu fremur að sýna sveitar- og sýslufjelögum mikla tiltrú. Það hefur einn merkur maður, sem bæði er skáld og stjórnmálamaður sagt, «*að sveitarfjelögin væru ljónslappirnar, sem þjóðfjelagið stendur á*«. Þetta eru rjettmæt og spámannleg orð. Jeg hef þá sömu skoðun, þó að jeg ekki hafi fært hana í eins fallegan búning. Það sem heimilin eru í siðferðislegu tilliti eru sveitarfjelögin í stjórnarfarslegu tilliti. Það þarf að efla sveitarfjelögin, það verður að fá þeim háleitari og víðtækari verkefni í hendur, en hingað til hefur verið gjört, og *trúa* þeim fyrir þeim. Þetta er ekki þýðingarlítið, þegar litið er til þeirrar breytingar, sem orðið hefur á stjórnarfari landsins. Mjer finnst, að menn verði að hafa það í huga, einmitt nú þegar sú breyting er ný orðin, að vjer höfum fullt sjálfsforræði í sjermálum, og jafnframt er kippt burt milliliðum í stjórnarvöldunum. Það verður vandlega að gæta þess, að valdið skiptist í rjettar hendur. Það er auðvitað nauðsynlegt að »centralísera« valdið að því leyti sem þarf, til þess að stjórnin hafi nægilegan krapt og vald til þeirra athafna, sem henni er trúað fyrir, en það er einnig áríðandi að færa valdið niður á við, að því er snertir sjermál sýslna og sveita, og að veita þessum fjelögum sem mest hlutverk og athafna frelsi í sjermálum þeirra. Þetta vildi jeg minnast á í sambandi við sveitarfjelögin, sem jeg vona að verði framtíðarundirstaða þjóðfjelagsins. Ef þeim má framvegis eins og hingað til trúa fyrir lífi lítilmagnans, má þá ekki trúa þeim fyrir hagsmunum hans? Jeg vona, að ef háttv. þm. eru mjer sammála í þessu efni, þá sjeu þeir mjer einnig sammála í því, að yfirráð jarðanna sjeu hvergi betur komin en í hendur sveitarfjelaganna.

Hinn hæstv. ráðh. tók fram við fyrri hluta þessarar umr., að frumv. stjórnarinnar þvergirti alls eigi fyrir þá hugsun, sem jeg hef nú rætt um; það má vel vera, að svo sje, en jeg fæ ekki betur sjeð en að frumv. hindri hana.

Og hafi þær vonir og hugsjónir, sem jeg hef nú lýst og hefi svo mikinn áhuga á, haft veika vængi áður og fjaðurklippta, var þá gustuk að fjaðurklippa þær enn meir?

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Menn kann að furða á því, að jeg hef beðið mjer hljóðs í þessu máli. Sala þjóðjarða hefur ávallt verið skoðuð sem landbúnaðarmál, og það hefur verið talið sjálfsagt, að ef þær yrðu seldar, þá ættu bændurnir að njóta

andvirðisins. En það er þó ekki nema eðlilegt, að jeg, sem er fulltrúi stærsta kjördæmis á landinu, þess kjördæmis, sem ekki nýtur neinna hagsmuna af sölunni, láti í ljósi, hvernig jeg líti á þetta mál frá mínu sjónarmiði og kjósenda minna.

Háttv. framsm. (Ól. B.) tók það fram, að langar deilur hafi staðið um það, hvort selja skyldi þjóðjarðirnar eða ekki, og að nú væri komið mál til að leiða þær deilur til lykta, jeg er háttv. framsm. fyllilega samdóma um það, að þingið verður nú að fara að komast að einhverri niðurstöðu um málið.

Milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hefur tekið þetta rækilega til íhugunar, og mjer finnst hún hafa fært full rök fyrir því, að almenn sala þjóðjarða mundi verða til mikilla þjóðþrifa, mundi fækka leiguliðum og auka að miklum mun sjálfsábúð í landinu. Jeg vil bæta því við, sem mjer ekki finnst nógu vel tekið fram hjá nefndinni, að sjálfsábúð hefur svo miklu meiri þýðingu hjer, í óræktuðu landi, en víða annarsstaðar, þar sem jörð er komin í fulla rækt. Jeg vil leyfa mjer að minna á það, sem milliþinganefndin hefur tekið fram, að í öðrum löndum búi 90% af bændum á sjálfs síns eign, en hjer ekki nema fimmti parturinn, og ætti það að vera nóg til þess að sýna mönnum, hve bráðnauðsynlegt það er, að auka sjálfsábúðina. Enn er ein hlið á þessu máli, sem hvorki milliþinganefndin nje stjórnin hafa litið nægilega á eða jafn vel alls ekki haft fyrir augum, og það er sú spurning, hvort ekki muni hyggilegt og enda nauðsynlegt, að losa það fje, er nú stendur í jarðeignum, gjöra það handbært, svo að hægt sje að nota það til ýmsra framfara fyrirtækja.

Mjer fyrir mitt leyti virðist augljóst, að einnig af þessari ástæðu beri að selja þjóðjarðirnar.

Þó að jeg nú sje landbúnaðarnefndinni samdóma um það, að hyggilegast sje, að selja þjóðjarðirnar, þá er margt í þessu frv., sem jeg ekki get fellt mig við. Jeg vil fyrir engan mun eiga svo mikla eign, án þess að kveða neitt á um, hvernig verja beri andvirðinu; jeg veit, að enginn vill gjöra það að eyðslufje, veit líka, að flestir munu ætlast til að það renni allt í ræktunarsjóðinn. En meinið er, að menn hafa enga ljósa hugmynd um, hvers virði þjóðjarðirnar eru. Það er ekki svo mikið, að menn viti, hve *margar* þær eru. Það er að vísu gefið í skyn, í athugasemdum nefndarinnar, að leigujarðir, sem einstakir menn eiga, sje um 2,600 að tölu eða um helmingi fleiri en þær jarðir, sem eru opinber eign. Af því má ráða, að tala þeirra jarða sje talsvert á annað þúsund, en það er ekki gjörð nein tilraun til þess, að gefa mönnum nokkra vitneskju um, hve mikils virði þær sjeu. (*Pjetur Jónsson*: Afgjöldin). Já, jeg skal koma að þeim. Jeg veit vel, að í fjárlagafrv. er gjört ráð fyrir 23 þús. krónum nettó-eða 32 þús. kr. brúttó-tekjum af þjóðjörðunum. 32 þúsundir er 4% renta af 800 þús., og mætti þá ætla, að jarðirnar væru 800 þús. kr. virði. En slík áætlun nær engri átt.

Fyrst og fremst er það almennt álit, að landskuldir sjeu yfirleitt heldur lágar. Og þegar jarðir ganga kaupum og sölum, eru þær venjulega seldar fyrir miklu hærra verð en svo, að landsskuldirnar nemi 4% af andvirðinu. Það er því mjög vafasamt, hvort rjett er að ganga út frá 4%, þegar reiknað er verðmæti jarðeigna eptir jarðarafgjaldi, og yfir höfuð að tala,

varla hægt að leggja verð á eignir eptir því einu, hvað þær gefa af sjer; 1,000 kr. í veðskuldabrjefum gefa t. d. af sjer $4^1/_2$%, en 1,000 kr. í sparisjóði að eins $3^1/_2$%.

Það eru fullar líkur til þess, að þjóðjarðirnar sjeu miklu meira virði en 800 þús. kr., og jeg gæti eins vel trúað því, að þær mundu seljast fyrir hálfa aðra miljón eða þar í kring.

Nú meina jeg, að ef ákveðið verður að selja þjóðjarðir með þeim kjörum, sem frumv. býður, þá muni þær allar seljast á skömmum tíma. Hjer verður þá um mjög mikið fje að ræða; þingið verður að gjöra sjer grein fyrir því, hve mikið það muni verða, og til hvers því skuli varið.

Eins og nú er, á andvirði seldra þjóðjarða að renna í ræktunarsjóð; nú liggur fyrir þinginu frumvarp, sem gjörir breytingu á og eykur við þessi lög, en eptir því á enn sem fyrri allt andvirði seldra þjóðjarða að renna í þennan sjóð; allt fara til þess að styrkja einn — einn einasta atvinnuveg, landbúnaðinn með verðlaunum tómum og á annan hátt. Hjer er um stóra upphæð að ræða, eins stóra og allan Viðlagasjóðinn; hvað mundu menn segja, ef stungið væri upp á, að taka allan Viðlagasjóðinn og verja honum til þess að styrkja einn einasta atvinnuveg, t. d. fiskiveiðar? Jeg held því fram, að þjóðjarðirnar sje eign allra landsbúa, jafnt sjómanna sem bænda. Um það er jeg nefndinni samdóma, að sjálfsagt sje að verja fjenu til þess að bæta landið. En er ekki hægt að bæta landið með öðru en þúfnasljettunum og garðarækt? Jú, á margan annan hátt. Og það nær engri átt, að verja svo miklu fje til þess að styrkja einn einasta atvinnuveg, heldur á að hafa það til þeirra umbóta, sem öllum koma jafnt að notum.

Menn spyrja nú kannske, hvað jeg muni hafa fyrir augum þegar tala þannig. Jeg skal nefna nokkur dæmi. Það er landsbót að gjöra góða vegi, þar sem áður voru illfærar vegleysur; það er landsbót að gjöra brýr yfir ófærar ár; það er landsbót að gjöra hafnir, þar sem áður voru hafnleysur; það er landsbót að gjöra vita á andnesjum og það er líka landsbót að koma upp opinberum byggingum, sem almenningur þarfnast. Jeg þarf ekki að nefna fleira; jeg þarf ekki að brýna það meira fyrir mönnum, að það er fleira, sem hjer þarf að gjöra á þessu landi, en að stækka tún og kálgarða.

Mín afstaða í málinu er í stuttu máli sú, að það sje rjett að selja þjóðjarðirnar. Jeg álít, að það muni verða til mikilla heilla fyrir landbúnaðinn. En jeg get ekki verið því samþykkur, að þær sjeu seldar, ef hið mikla fje, sem inn mundi koma fyrir þær, á allt að ganga til þess að bæta einn einasta atvinnuveg. Og jeg skal að eins taka það lauslega fram, af því að þetta er 1. umr., að auk þess eru ýms ákvæði í frumv., sem jeg get ekki fellt mig við. En jeg álít, að þetta sje svo mikilsvert mál, að það verði að íhugast eins vandlega og tími þingsins framast leyfir, og jeg greiði þess vegna hiklaust atkvæði mitt með því, að það sje látið ganga til 2. umr.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Háttv. þm. Sfjk. gat þess í ræðu sinni, að það liti svo út sem einn þeirra þm., sem átti sæti í milliþinganefndinni, væri fallinn frá skoðun sinni; þessu mun stefnt til mín. En þó að jeg skrifaði ekki undir með fyrirvara, þá tók jeg það fram, að hvorttveggja væri til, að jeg yrði með eða móti frumv. eptir því, sem breyttist á þinginu.

Jeg álít, að kominn sje fram tölu-

verður misskilningur hjá sumum þeim háttv. þm., sem hafa rætt þetta mál, því jeg get ekki sjeð eins mikinn mismun og þeir á stjórnarfrv. og frv. milliþinganefndarinnar. Það er tekið fram í stjórnarfrv., að ekki megi selja vissan flokk af jörðum nema sýslu- eða sveitarfjelögum, og er það atriði hið sama og áður. En jeg sakna þess í frv. stjórnarinnar, að þar hefur ekki verið gengið eins langt í því, að sveitirnar hefðu 2. forkaupsrjett, eins og milliþinganefndin lagði til. En nefnd sú, sem nú hefur verið sett, ræður að nokkru leyti bót á þessu. Þegar hvorttveggja er dregið saman, ákvæði 2. gr. í frv. og breyt.till. nefndarinnar við 6. gr., er ekki í neinu stórvægilegu gengið fram hjá því, sem áður var.

En svo hefur þessi stóri flokkur jarða, sem heita kirkjujarðir, verið felldur úr frv., en nefndin leggur það til, að stjórnarráðið leggi fyrir næsta þing frv. um sölu þessara jarða. Það lýsir nokkuð einkennilegum hugsunarhætti, þegar menn halda, að endilega verði að selja þjóðjarðirnar, sem eru um 450 að tölu, þó að ábúðin sje bezt á þeim, en engin brýn nauðsyn sje til að selja kirkjujarðirnar, sem eru um 700, þó ábúðin á þeim sje miklu breytilegri og ótryggari. Jarðeignir einstakra manna eru um 2,600, og er þó mest athugavert við ábúðarkjör á þeim.

Jeg sje ekki, ef frv. gengur fram með breytingu nefndarinnar, að mikið sje vikið frá því, sem milliþinganefndin lagði til; en komist ekki þær breytingar að, er jeg ekki viss um, að jeg geti gefið frv. atkv. mitt. Hæstv. forseti benti mjer á það í gær, að breytingin við 6. gr. gæti verið mjög viðsjál, og mun nefndin athuga það til næstu umr.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Rvk. sagði, að mikið riði á sjálfseignninni hjer á landi, af því landið væri óræktað, þá álít jeg, að sú skoðun geti verið nokkuð viðsjál. Vjer höfum mikið óræktað land, en það er auðsætt, að eins og verð jarðanna er nú, þar sem meðaljörð kostar opt ekki meira en 2—4,000 kr. og þar sem íslenzk mold á hinn bóginn er svo góð, og mörg hagkvæm skilyrði fyrir hendi, þá er áreiðanlegt, að sumar jarðir hækka stórlega að verði í næstu framtíð. En tryggingin getur opt verið minni fyrir því, að eigandi og ábúandi rækti og bæti jörð sína, en verða mundi, ef hún stæði undir eptirliti fjelagsheildarinnar.

Þá get jeg heldur ekki sjeð, að þó að einstakir menn eigi jarðirnar, að þeir setji vægari skilyrði fyrir bygging þeirra, en landsstjórnin. Þvert á móti; þess eru mörg dæmi, að einstakir menn eru óhlífnari landsdrottnar, og þar er reynslan sannleikur.

Fari svo, að einstakir menn fái jarðirnar keyptar, þá getur einn landsdrottinn að mannsaldri liðnum haft undir sjer svo skiptir tugum leiguliða eða grasbýlismanna, er ekki hafa annan rjett á sjer, en almenn mannrjettindi heimila.

Þá talaði háttv. 2. þm. Rvk. um það, hvernig verja ætti andvirði því, sem inn kæmi við sölu þjóðjarðanna, og hann ljet þá skoðun í ljósi, að sjer þætti óviðfelldið, að það fje gengi að eins til eins atvinnuvegar í landinu, sem sje landbúnaðarins. Hann gat þess jafn framt, að sjálfsábúðin væri eitthvert hið þýðingarmesta atriði í þjóðlífi voru, en þá átti hann líka að gæta þess, að það á einmitt að nota þetta andvirði þjóðjarðanna til þess að hjálpa mönnum til þess að kaupa kirkjujarðir og jarðir einstakra manna, sem

nú eru í leiguábúð, og það er öllu þarfara en þjóðjarðakaupin, en miðar einnig að því að auka sjálfsábúð í landinu.

Jeg skil eigi, að það sje ekki jafnþýðingarmikið fyrir sjómenn og aðrar stjettir landsins, eins og fyrir landbúnaðinn, að rækta landið. Það er því ekkert misrjetti í því, að sá atvinnuvegur sje styrktur umfram aðra, sem einna mest styður að því, sem er nauðsynlegast landinu. En það er jafn mikil þjóðarnauðsyn fyrir alla og ekki fremur í þágu bænda en kaupstaðarbúa eða sjómanna, að landið sje ræktað. Kaupstaðarbúar og sjómenn þarfnast engu síður en landbændur þeirra nytja, sem ræktað land frambýður; það er því misskilningur, þó hann komi opt fram, að landbúnaður og sjávarútvegur sjeu tveir atvinnuvegir óháðir hver öðrum. Landbændur og sjómenn eru tvær stjettir, sem eru jafn nauðsynlegar hvor fyrir aðra. eins og þær hvor um sig eru landinu nauðsynlegar. En það ætti því fremur að hlúa að landbúnaðinum, er nú stendur höllum fótum, en sem sjávarútvegurinn og aðrir atvinnuvegir verða þó að miklu leyti að hvíla á.

Ráðherrann: Jeg bjóst ekki við, að þurfa að taka aptur til máls við þessa umræðu málsins, enda skal jeg vera stuttorður. Mig langar til að svara fám orðum athugasemdum háttv. þingm. Seyðf. (J. J.). Hann virtist ætla að sanna, að skoðanir manna á máli þessu væru svo mjög á reiki, að ekki væri rjett að ráða málinu til lykta á þessu þingi. Hann hjelt því fram, að hinir 3 aðilar, sem fjallað hafa um málið, milliþinganefndin, stjórnin og nefnd sú, sem kosin var, hafi komizt sitt að hverri niðurstöðu, en jeg get ekki annað sjeð, en að þessir 3 aðilar sjeu nokkurnveginn samdóma. Þeim kemur saman um það, að engin hætta sje á því, að leyfa stjórninni að framkvæma söluna, án þess að leita til þingsins í hvert skipti, og þannig stytta leiðina til þess takmarks, sem vakir fyrir þeim öllum, að efla sjálfsábúð í landinu og þar með stuðla að betri ræktun landsins. Jeg get ekki sjeð, að neitt sje varhugavert við að samþykkja það.

Þingm. Seyðf. sagðist hafa það á móti frumv., að hann vildi ekki taka það fje frá ræktun landsins, er gengi til þess að kaupa jarðirnar. Vildi hann miklu heldur, að ábýlisrjetturinn gengi kaupum og sölum, eða með öðrum orðum, að hann yrði að nokkurskonar erfðafesturjetti. Það má vel vera, að háttv. þingm. hafi hjer talsvert til síns máls. Jeg fyrir mitt leyti var fyrst á báðum áttum um, hvor vegurinn væri heppilegri, og talfærði þetta við milliþinganefndina, sem tók það til rækilegrar athugunar. En jeg hef sannfærzt um, að þjóðjarðasala muni verða miklu vinsælli, fullnægja betur óskum þjóðarinnar og vera miklu vænlegri til að ná tilganginum. Festarhafi hefur ekki sömu tilfinningu gagnvart jörð sinni, eins og óðalsbóndinn. Hjer kemur til greina tilfinningaratriði. Það er mönnum einhvern veginn í brjóst lagið, að leggja meiri rækt við það, sem þeir geta talið sína eign. Jeg vil nú ekki tala um, ef eignin gengur í ættir mann frá manni. Það er svo margreynt bæði hjer og annarsstaðar, að á því þarf ekki nánari skýringar. Jeg ætla þó að leyfa mjer að tilfæra að gamni mínu ofurlitla sögu, og bið jeg fyrirfram afsökunar á því. Það er ekki meiningin að fara að reyna að kenna í dæmisögum, enda þarf þess ekki við.

Það hittist svo á, um það leyti sem jeg var að velta því fyrir mjer, hvort ekki væri hægt að komast af með

erfðafesturjettinn í stað þjóðjarðasölunnar, að láta átti barn, sem jeg þekki, sem áður hafði sofið hjá öðrum, fara að sofa í sjerstöku rúmi, sem annað systkyni þess hafði átt, en lengi hafði staðið ónotað inni í herberginu. En barnið var ekki á því og fjekkst ekki með neinu móti til þess að sofa í rúminu, heldur vildi það endilega vera kyrt hjá þeim, sem það hafði verið hjá; það ætlaði af göflum að ganga, ef að átti að láta það í hitt rúmið, þangað til fundið var upp á því, að gefa því rúmið og telja því trú um, að það ætti það; það væri þess eign. Þá brá svo við, að það sætti sig óðar við skiptin, vildi hvergi annarsstaðar sofa en í rúminu og fór að skreyta rúmið á ýmsa vegu og bera þangað leikföng sín. Þetta gjörði sjálfseignartilfinningin. »Svona er líka með þjóðjarðalandsetana«, hugsaði jeg.

Þetta er nú gaman eitt, en það er víst, að það er alls ekki lítið gjörandi úr því framkvæmdamagni, sem liggur í og leiðir af meðvitund bænda um, að þeir eigi jörðina sjálfir og allt, sem þeir gjöra henni til góða eða byggja á henni, að allt, sem þeir framkvæma þar, sje geymt þeim og þeirra. Jeg get því vel ímyndað mjer, að sú upphæð, sem hjá hverjum einstökum jarðarkaupanda gengur frá til kaupanna, vinni sig upp á annan hátt, og gangi ekki út yfir ræktun landsins, heldur þvert á móti, enda er nú svo í haginn búið í lögum vorum, að það fje, sem greiðist fyrir þjóðjarðir, gengur til ræktunar landinu gegnum Ræktunarsjóðinn.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem jeg veit að vill af alhuga styðja að ræktun landsins, er með ofurlitla sjerstöðu í þessu máli, en hún er þó ekki þannig vaxin, að hann geti verið málinu algjörlega mótfallinn. Hann er með því, að veita sveitarstjórnunum forkaupsrjett að jörðunum, og hyggur, að það sje vænlegra til að ná takmarkinu. En jeg held fyrir mitt leyti, að það mundi ekki vera heppilegt yfirleitt til þess markmiðs, að sveitarfjelögin ættu jarðirnar. Það gæti ef til vill gengið sumstaðar, þar sem menntun er á háu stigi, eins og t. d. í sveitarfjelagi því, sem háttv. þingm. á heima í, en að minni hyggju er ástandið víða enn svo hjer á landi, að miklu fleiri sjeu þær sveitir, sem ekki væri trúandi til að annast jarðirnar vel. Margar sveitarstjórnir mundu telja sjer annað skyldara, en að gjöra ræktunartilraunir á jarðeignum sveitarinnar. Þær mundu margar hverjar hafa þær til þess, að láta þurfamenn sína og ónytjunga hýrast þar, og þó þær byggðu jarðirnar, yrðu þær naumast betri landsdrottnar yfirleitt, en landssjóður er nú.

Það er að vísu fögur framtíðarhugsjón, sem vakir þar fyrir háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), en jeg hygg, að við sjeum ekki komnir svo langt enn, að við getum komið henni í framkvæmd. Háttv. þm. talaði um, að ekki væri gustuk af stjórninni, að stífa fjaðrirnar af þessari hugsjón, en það væri ef til vill rjettara að óska þess, að fjaðrirnar á henni mættu vaxa svo, að hún yrði fleygur fugl áður en hugsað væri um að koma henni í framkvæmd. Það mun rjettara, að fara heldur varlega með ungann og láta sjer í bráðina lynda með það, að sveitarstjórnirnar sæki til þingsins í hvert skipti, er þær vilja eignast þjóðjörð, en síðan, þegar það hefur sýnt sig, að þær kunna með jarðirnar að fara, mætti gefa þeim almennt leyfi eins og landsetar fá nú. Jeg skil því ekki, að þetta atriði geti valdið ágreiningi.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) var mjög

hlynntur málinu í heild sinni og taldi þjóðjarðasöluna mjög svo heppilega, en áleit eigi hægt að samþykkja frumv. með því ákvæði, að andvirði þjóðjarðanna rynni í Ræktunarsjóðinn. En þessu get jeg ekki verið samþykkur; jeg sje ekki betur, en að ræktun landsins sje fullkomið allsherjarmál, og að engum stjettum landsins sje því sýnd hlutdrægni, þó þetta sje gjört; því jafnóðum og landið er ræktað, vex því einnig fiskur um hrygg til þess að styðja aðrar stjettir landsins. Svo framarlega sem velliðan manna til sveitanna vex almennt, þá kemur það öllum framkvæmdum landsins að notum og eykur menning þess og framfarir. En þó jeg sje nú þessarar skoðanar, álít jeg ekkert á móti því, að bæta megi inn í ræktunarsjóðslögin ákvæði í þá átt, að verja megi úr þeim sjóði, undir vissum kringumstæðum, fje til annara atvinnuvega. En þá hefði verið rjettast af háttv. þm. að koma fram með breyt.till. í þá átt við ræktunarsjóðsfrumv.

Framsögumaður (Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.): Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) drap á það, sem er grundvallaratriðið í þessu máli, hversu þýðingarmikið og nauðsynlegt það væri, að gjöra allt, sem hægt er, til að hlynna að ræktun landsins. Hann kvað jafnvel svo hart að orði, að vanrækt á landinu gengi glæpi næst og geng jeg inn á þessa skoðun með honum. Það ætti að vera sjálfsögð skylda hvers þess, sem hefur land til umráða, að rækta það og bæta, en jeg sje ekki, að þessi grundvallarskoðun þurfi að vera því til fyrirstöðu, að þjóðjarðir verði seldar heldur einmitt þvert á móti. Jeg lít svo á, að svo framarlega sem þessi skoðun ryður sjer til rúms í framkvæmdinni, þannig að landeigendum eða umráðendum jarða verði lögð á herðar sú lagaskylda, að láta vinna eitthvað að ræktun landsins, þá eigi þetta að ná til allra jarða, jafnt sjálfseignarjarða og annara. Jeg get því ekki skilið, að sala þjóðjarða geti spillt neinu í þeim efnum, heldur miklu fremur gjört mönnum þessa skyldu ljúfari, þegar þeir eiga sjálfir að njóta ávaxtanna af verkum sínum.

Það var líka annað atriði, sem hv. þm. Sfjk. (J. J.) lagði mikla áherzlu á, sem sje það, að af þjóðjarðasölunni leiddi, að kaupendur jarðanna yrðu að leggja fram ekki alllítið fje, sem þeir annars gætu varið til að auka bústofn sinn og bæta jörðina, og gæti þetta komið þeim að betri notum. En í þessu samhandi má geta þess, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer vægara í sakirnar, en fyrri lagafrumv. um þjóðjarðasölu. Í þeim hefur kaupandi verið skyldaður til að greiða $^1/_4$ hluta kaupverðsins strax, en nú á það aðeins að verða $^1/_{10}$ andvirðisins, og jeg gæti vel fellt mig við, að það yrði ekkert áskilið upp í jarðarverðið, um leið og kaupin gjörast, en kaupandi þyrfti aðeins að svara vöxtum og árlega afborgun af kaupverðinu og þá fer að verða lítið úr því, sem dregst frá efnum kaupandans.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) fann að því, að jeg hefði ekki minnzt á nema annað af þeim aðalatriðum, sem stjórnin og milliþinganefndina greindi á um, sem sje um sölu kirkjujarða, en þar á móti ekki á hitt ágreiningsatriðið, um forkaupsrjett sveitarfjelaga. En ástæðan til þess var sú, að mjer virtist mjög lítill mismunur á skoðun stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar.

Í gegnum frumv. beggja gengur sá rauði þráður, að sjálfsábúð eigi að sitja í fyrirrúmi, og að sveitafjelögin eigi aðeins að hafa forkaupsrjett, þegar um sjerstakar jarðir sje að ræða. Mun-

urinn er aðallega fólginn í því, með hvaða aðferð sveitarfjelög eigi að ná kaupum á slíkum jörðum, hvort heldur samkvæmt hinni almennu söluheimild, sem stjórninni er veitt í þessu frumv., eða einungis eptir sjerstökum lögum í hvert skipti, og hefur nefndin fremur hallazt að síðari aðferðinni, eins og gjört er ráð fyrir í stjórnarfrumv.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 2. þm. Rvk., skal jeg að eins benda á, að þar sem hann heldur því fram, að þjóðjarðirnar sjeu allt að helmingi meira virði en söluverðið er áætlað samkvæmt þessu frumv., miðað við það, að verðhæðin með 4% í vöxtu á ári veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöldin nema nú til jafnaðar, þá er náttúrlega hægt að kasta því fram, eins og hverju öðru, með meiri eða minni rökum, en jeg held, að það sje samt ekki rjett. Jeg hygg, að mælikvarðinn í frumvarpinu sje nokkurn veginn rjettur, ef hann er ekki helzt til hár, því það vita menn, að opt hefur verðið á jörðum, sem farið hefur verið fram á við þingið að fá keyptar, verið sett hærra en leiguliðar hafa viljað ganga inn á, og afleiðingin hefur þá að sjálfsögðu orðið sú, að jarðirnar hafa ekki selzt fyrir hið ákveðna verð.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, í ræðu háttv. 2. þm. Rvk., um það, til hvers ætti að verja andvirðinu fyrir þjóðjarðir, skal jeg að eins taka fram, að það atriði tilheyrir öðru máli, nefnilega lögunum um Ræktunarsjóðinn. — Hann sagði, að fyrirkomulag það, sem farið er fram á í frv., um að andvirði jarðanna rynni í þann sjóð, yrði að eins til að styðja landbúnaðinn, en engan annan atvinnuveg í landinu, en þetta er ekki rjett, því að þau lög ganga í aðalatriðum út á það, að styðja að ræktun landsins, hvort heldur við sjó eða í sveitum, og svo liggur nú fyrir þinginu lagafrumvarp um að gjöra verksvið Ræktunarsjóðsins enn þá víðtækara, sjerstaklega með lánum til ábýliskaupa, þar á meðal grasbýla og þurrabúða, en það eru aðallega menn, sem sjávarútveg stunda, sem líklegir eru til að koma upp slíkum grasbýlum og stunda þá jöfnum höndum sjávarútveg og grasrækt eða garðrækt, svo að í þessu tilfelli yrði fje það, sem inn kæmi fyrir þjóðjarðir, ekki að eins sveitabændum til nota, heldur landsmönnum yfirleitt, eins og rjett er og sanngjarnt í alla staði.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg ætla mjer ekki að lengja mjög umr. um þetta mál, en af því jeg hef áður verið á móti þjóðjarðasölunni, vil jeg gjöra grein fyrir afstöðu minni af frumv. þessu.

Jeg hef verið þjóðjarðasölunni mótfallinn, aðallega af tveimur ástæðum.

Fyrri ásæðan er sú, að vafamál getur það verið, hvort sala þjóðjarðanna efli sjálfsábúð til langframa eða ekki, því opt er því þannig háttað, að það er ekki ábúandinn, sem kaupir jörðina handa sjálfum sjer, heldur fyrir aðra, og svo er allt af við því búið, að jarðir, sem eru eign einstakra manna, skiptast við erfðir eða verða teknar upp í skuldir og komast þannig úr sjálfsábúð.

Hin ástæðan er sú, að þegar fátækir menn kaupa jarðir, verða þeir að festa fje sitt í þeim og geta svo ekki haft full not af þeim, af því áhöfnina vantar; getur þeim því orðið þetta að eins til tjóns.

Úr báðum þessum annmörkum reynir frumv. að bæta.

6. gr. bætir úr fyrri annmarkanum, þar sem hún kveður svo á, að landssjóður skuli eiga endurkaupsrjett á jörðinni, ef hún er ekki í sjálfsábúð um tveggja ára tima. Og er það gott, því

enginn á hægra með að styðja að ræktun landsins en landssjóður, því hann hefur ekki sömu ástæður og einstaklingurinn til að heimta sem hæst afgjald, en mundi hlynna meira að ræktuninni.

Úr hinum annmarkanum bætir 14. gr., því hún ætlast til, að borgunarskilmálarnir verði mikið betri en áður.

Jeg álít reyndar erfðafestuna bezta meðalið til þess, að ná þeim tilgangi, sem þjóðjarðasalan hefur, nefnilega til að styðja ræktun landsins. Og erfðafestan sviptir menn engu eða sem minnstu kapítali og tryggir sjálfsábúðina fyllilega eins vel og salan. Þess vegna mundi jeg styðja tillögur, sem ganga í þá átt.

En munurinn á sölunni og erfðafestunni er í raun og veru enginn annar en sá, að erfðafestueigandinn byrjar á því, að borga nokkurt erfðafestugjald, og síðan árlegt afgjald, en kaupandinn borgar fyrst nokkurn hluta verðsins og síðan árlega rentur og afdrátt af eptirstöðvunum. Erfðafestueigandinn getur svo átt arðinn af vinnu sinni án þess að setja nokkurt fje fast, en kaupandinn festir fje í jörðinni, þó honum sje það ljettara og minna tilfinnanlegt með þessum kjörum.

Um kirkjujarðirnar er það sama að segja og um jarðir einstakra manna. Prestarnir vilja gjarnan fá sem mest afgjald af þeim, eins og hinir, en kæra sig þó að jafnaði minna um ræktun og endurbætur. Þess vegna væri miklu meiri ástæða til að selja þær, en þjóðjarðirnar. Og yrði samið frumv. til laga um sölu kirkjujarða í líka stefnu og þetta, eins og nefndin fer fram á eða tekið ákvæði inn í þetta frumv. um það, mundi mjer verða enn þá ljúfara að gefa því atkv. mitt,

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22: 3 atkv.

Á 19. fundi Nd. mánudaginn 24. júlí kom frumv. til 2. umr., (stjfrv. A 94, 143).

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Það hafa komið nokkrar breyt.till. við þetta frv., sumpart frá einum þm., háttv. 2. þm. Reykvíkinga. Af því að þessar breyt.till. eru svo víðtækar, ætla jeg að fara um þær nokkrum orðum.

Aðalbreyt.till. er sú, að jarðirnar sjeu ekki seldar ábúendum, heldur sjeu þær boðnar upp jafnóðum og þær losna. Þessi uppástunga er ekki alveg ný. Á þingunum 1875 og 1877 komu fram uppástungur, sem gengu í líka stefnu, en eptir miklar deilur voru þær niðurskornar á þingi 1879; þar varð niðurstaðan sú, að halda sjer beint við það, að selja jarðirnar eingöngu ábúendum. Þessi niðurstaða þingsins stóð í samræmi við þann aðaltilgang, sem allt af hefur verið viðurkenndur, að auka sjálfsábúð í landinu. Það mun nú vera flestra álit, að meðferð málsins á öllum þingum síðan 1879 ætti að vera búin að slá því föstu, að binda söluna eingöngu við ábúendur, samkvæmt þessum aðaltilgangi. Og af því að þessi breyt.till. fer í bága við svo rótgróna skoðun þings og þjóðar, get jeg ekki trúað því, að menn aðhyllist hana.

Þessi vegur, sem bent er á í breyt.till., hefur líka agnúa. Jeg býst við, að það sje aðalatriðið fyrir flutningsm., að það fáist sem mest fyrir jarðirnar. Og jeg skal játa, að það er nokkur trygging fyrir því, að það fáist á þennan hátt, en engan veginn einhlýt. Það getur viljað til, að það komi kappsboð, og jörðin fari fram úr sanngjörnu verði, en það geta líka komið ýms atvik fyrir, svo að jörðin fari fyrir allt of lágt verð. Það getur t. d. komið fyrir að nágrannar ekki vilji

bjóða í kapp við einhvern, sem þeir vita að hefur hug á jörðunni. Menn hafa í blöðunum sjeð skýrslur um stranduppboð, þar sem vörurnar hafa verið seldar fyrir afarlítið verð og liggur auðvitað þannig í því, að menn áður hafa verið búnir að tala sig saman um boðin.

Jeg fyrir mitt leyti tel þetta mesta óráð.

Önnur aðalbreytingin er sú, að andvirði þjóðjarðanna renni ekki í Ræktunarsjóðinn, og er þar með gengið á móti því, sem á seinni árum hefur stöðugt verið haldið föstu, að andvirði seldra þjóðjarða ætti að verja til að rækta landið.

Það mun hafa vakað fyrir háttv. flutningsm. breyt.till., þar sem hann vill verja arðinum af þjóðjarðasölunni til fleira en grasræktar, að eptir því fyrirkomulagi, sem nú er, komi hann ekki öllum landsmönnum jafnt að notum; sveitabændur sætu í fyrirrúmi fyrir öðrum stjettum landsins; eptir núgildandi lögum um Ræktunarsjóðinn; hefur hann talsvert til síns máls; en nú liggur fyrir þinginu frumv. til breytingar á lögum og ætlunarverki Ræktunarsjóðsins, sem líkur eru til að verði samþykkt, svo þegar talað er um framtíðarhlutverk Ræktunarsjóðsins, á að byggja á því frumv., en eptir því verður ætlunarverk hans víðtækara en það er nú. Þar sem svo er ákveðið, að fjenu megi verja til að hjálpa mönnum að eignast ábýli sín, þá nær það jafnt yfir jarðir, grasbýli og þurrabúðir, og er því hjer tekið upp annað aðalætlunarverk en ræktunin, nefnilega, að greiða fyrir sjálfsábúð. Að þessu leyti sje jeg ekki betur, en að sjóðurinn komi einnig sjávarmönnum að notum, að svo miklu leyti sem þeir ekki hafa ofan af fyrir sjer með sjómennsku eingöngu, en hafa líka undir gras eða garðrækt.

Þetta tvöfalda ætlunarverk Ræktunarsjóðsins, að styðja að ræktun landsins og efla sjálfsábúð, er svo víðtækt, að fje það, sem sjóðurinn nú hefur umráð yfir, getur ekki fullnægt hvorutveggja, og ef þar á ofan ætti að svipta hann tekjum þeim, sem hann nú hefur að lögum, yrði það honum stór hnekkir. Annað mál er það, að ef allar þjóðjarðir yrðu seldar, hvort þá Ræktunarsjóðurinn ekki í framtíðinni ætti að hafa enn meira ætlunarverk; en það virðist mjer liggja svo langt frá, að jeg álít, að eigi sje þörf að tala um það nú.

Þetta tvennt, að efla ræktun landsins og hjálpa mönnum til að kaupa ábýli sín, er svo víðtækt, að jeg álít, að Ræktunarsjóðurinn megi ekki um langa framtíð missa neitt af því, sem honum ber eptir núgildandi lögum.

Jeg fæ því ekki betur sjeð, en að það, að brjóta upp á öðrum verkefnum — verja fjenu til annars — sje til að sundra kröptunum og spilla fyrir hvorutveggja, bæði aðal-tilgangi Ræktunarsjóðsins og því, sem hjer er farið fram á. Jeg sje heldur ekki, að brýna nauðsyn beri til þess, því hjer eptir losast Viðlagasjóðurinn við ýmsar skyldur og kvaðir, sem hvíla á honum; hann hefur þegar losast við lán til jarðabóta, og samkvæmt frumv. til Fiskiveiðasjóðs, sem nú liggur fyrir þinginu, losast hann við það, sem snertir sjávarútveg, og þegar hann er laus orðinn við þetta tvennt, hefur hann miklu meira ráðrúm til þess, að styrkja ýms önnur framfarafyrirtæki, t. d. skóla, sjúkrahúsbyggingar, brýr, vegi, hafnarvirki og fleira þess háttar, sem aðallega er haft fyrir augum í breyt.till. háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.).

Jeg skal svo leyfa mjer að geta þess fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefur komið sjer saman um, að taka aptur síðari breyt.till. sína á þskj. 97.

Viðvíkjandi breyt.till. þeirri, sem nefndin hefur komið fram með við 6. gr., skal jeg geta þess, að hún gengur út á, að ef landssjóður noti sjer endurkaupsrjett sinn á jörð, sje hann skyldur, að bæta eiganda jarðarinnar fyrir það, sem jörðin kann að hafa batnað frá því er landssjóður seldi. Þetta er að eins til þess, að bændur sjeu ekki neyddir til, að láta af hendi endurbætur sínar endurgjaldslaust, og landssjóður noti sjer ekki slíkt til hagnaðar, með öðrum orðum, að landssjóður dragi það ekki af kaupverðinu, sem jörðin hefur batnað, enda verður ekki betur sjeð, en að eigandi jarðarinnar hafi fulla sanngirniskröfu til þess.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvík.) Jeg hef leyft mjer að gjöra breyt.till. við þetta frumv., og eru þær að vísu margar talsins, en þó að efninu til að eins tvær, ein breyt.till. og ein viðaukatillaga.

Eins og frumv. nú er orðað, er talað um heimild til, að selja þjóðjarðir, en sú heimild er takmörkuð, þar sem ekki má selja öðrum en ábúanda einum. Ábúendur hafa, með öðrum orðum, einkarjett til, að kaupa þjóðjarðir. Það hefur nú verið tekið fram af háttv. flutningsmanni og öðrum, sem hlynntir eru frumv., að þetta sje gjört til þess, að efla sjálfsábúð í landinu. En sje svo, þá virðist mjer það býsna gagnslaust, því þó ábúandi kaupi ábýli sitt, þá er langt frá, að nokkur sönnun sje fengin fyrir því, að jörðin haldist í sjálfsábúð eptirleiðis.

Flutningsmaður gat þess til, að uppástunga mín um, að selja jarðirnar við uppboð, væri fram komin af því, að jeg vildi, að landssjóður fengi sem mest fyrir þær, og gat þess og, að á uppboðum fengist í fæstum tilfellum hið sanngjarnasta verð fyrir jarðirnar; þær færu ýmist fyrir of hátt eða of lágt verð. Þar til er fyrst og fremst því að svara, að tillaga mín um uppboð er alls eigi gjörð í því skyni, að fá sem hæst verð, en hins vegar held jeg fast við, að það verð, sem fæst fyrir jarðirnar á uppboði, muni jafnan komast næst sanni.

Jeg gjörði breyt.till. af því, að mjer fannst það ákvæði í frumv., að láta ábúendur eina hafa rjett til kaupanna, ranglátt gagnvart öllum öðrum bændum, sem ekki eru sjálfseignarbændur. Eða eru þeir leiguliðar, sem búa á þjóðjörðum, einu leiguliðarnir, sem hjálpa á til þess, að verða sjálfseignarbændur? Nei, það finnst mjer bersýnilegt ranglæti gagnvart leiguliðum yfirleitt. Ef fara á að gjöra miklar ráðstafanir í þá áttina, að þeir, sem nú eru leiguliðar, verði sjálfseignarbændur, þá verða þær ráðstafanir að ná jafnt yfir alla leiguliða í landinu, en ekki þá eina, sem sitja á þjóðjörðum. Mjer finnst það eina rjetta í þessu efni um þjóðjarðirnar, að leiguliði hafi forkaupsrjett, en alls engan einkarjett. Með því móti yrðu aðrir leiguliðar ekki útilokaðir frá því, að gjöra boð í jarðir, en hins vegar væru það stór hlunnindi fyrir ábúendur, það eitt, að eiga forkaupsrjettinn.

Háttv. framsm. (Ól. B.) tók fram, að till. líkar þessari hafi komið fram á mörgum undanförnum þingum; það gleður mig. Hann tók líka fram, að ávallt hefði verið frá því horfið og álitið sjálfsagt, að láta ábúendur eina hafa rjett til kaupanna. En jeg verð að segja, að mjer finnst *það* engin sönnun fyrir því, að þetta sje rjett, þó því hafi lengi verið haldið fram, og

það er öðru máli að gegna *nú*, þegar á að fara að selja *allar* þjóðjarðir, því það er enginn efi á því, að þær seljist allar á mjög stuttum tíma. Jeg veit nú, að sagt verður, að á móti þessari hjálp handa ábúendum þjóðjarða eigi að koma lán handa öðrum leiguliðum úr Ræktunarsjóði til að kaupa ábýlisjarðir sínar, en það er bersýnilegt, að landið hefur ekki efni á að lána öllum leiguliðum fé til jarðakaupa, svo misrjetturinn verður ávallt mjög mikill. Jeg hef þá talað það, sem jeg ætlaði um aðalbreytingartill., og skal nú víkja nokkrum orðum að öðrum breytingartillögum mínum.

Jeg hef farið fram á, að 6. gr. falli burt. Jeg lít nefnilega svo á, að ef hún er látin standa óbreytt, þá sé í henni ákvæði, sem skerðir eignarrjett manna, það ákvæði, að ef jörð fer úr sjálfsábúð í 2 ár, megi landssjóður taka hana aptur; þá er sem sje engin trygging fyrir, að landssjóður gjaldi hana rjettu verði. Það geta legið margar eðlilegar orsakir að því, að jörð fari úr sjálfsábúð. Jeg skal leyfa mjer að taka dæmi, sem alltaf geta komið fyrir. Bóndi býr á sjálfseignarjörð sinni, er hann hefur keypt af landssjóði. Nú vill hann flytja búferlum í kaupstað eða annað, en getur ekki selt jörðina og leigir hana því; þá getur landssjóður tekið jörðina eptir 2 ár.

Bóndi þarf að taka lán, hann fær bersýnilega ekki eins mikið lán, þar eð þessar kvaðir liggja á jörðinni, ef hún er seld og fer úr sjálfsábúð.

Nú deyr bóndi frá börnum sínum ungum; ekki geta börnin tekið við jörðinni. Það stendur að vísu í frv., að stjórnin megi, en þurfi eigi ávallt, að taka jarðirnar aptur, en mjer finnst engin meining í að hafa þetta svo óákveðið, því það er ekki sagt, að stjórnin sje ætíð fær um að dæma um, hvenær ástæða er til að taka jörðina aptur og hvenær ekki.

Þar sem jeg fer fram á, að felldur sje burt síðari partur fyrri málsgr. í 8. gr., þá hef jeg fyrir því 2 ástæður, og er hin fyrri sú, sem jeg gat um við 1. umr., nefnilega að afgjald af jörðum stendur ekki í rjettu hlutfalli við verðmæti jarða. Í annan stað er ræktun landsins óðum að komast í svo gott horf, að fjöldamargar jarðir eiga fyrir sjer að batna, og þess vegna verður ellaust bráðlega hætt að meta jarðir, eptir því sem þær gefa af sjer í augnablikinu, heldur eptir því, hve mikil skilyrði þær hafa til ræktunar; en ef það er gjört, þá er afgjaldið á undanfarandi tímum enginn rjettur mælikvarði.

Landbúnaðarnefndin hefur ætlazt til, að andvirði allra jarðanna rynni í Ræktunarsjóðinn. Ef sú breyting kæmist á, að $^1/_2$ vextirnir legðust við höfuðstólinn, yrði sá sjóður mjög stór innan skamms, þó að engu öðru væri bætt við höfuðstólinn. Ef allar þjóðjarðir landsins yrðu seldar, þá kæmi inn fyrir þær c. 1 miljón króna. Er nú nokkurt vit í því, að binda svo mikið af landsfje til þess að styrkja eina einustu atvinnugrein? Fje, sem er meira en allur Viðlagasjóðurinn. Mjer finnst það í fyrsta lagi nauða ópraktiskt fyrir þjóðina, og í öðru lagi afar ranglátt, því þjóðjarðirnar eru þó sannarlega eign allra landsmanna, hvort heldur þeir lifa af grasrækt, sjómennsku eða öðru; þess vegna er það ranglátt að verja andvirði þeirra einungis til eflingar einni atvinnugrein. Að vísu á að styrkja menn við sjó í þessa áttina, en jeg skal leyfa mjer að benda á, að flestir kaupstaðarbúar

eiga ekki einu sinni kálgarð, og lítil líkindi til að þeir fari nokkurntíma að fást við jarðrækt. Jeg skal til dæmis benda á menn í mínu kjördæmi, sem rúmar 1/10 af allri þjóðinni; jeg býst ekki við, að menn hjer hafi nokkurt gagn af þessum sjóði. Menn tala um grasræktina í Reykjavík og kauptúnunum yfir höfuð; en það eru ekki fátæklingarnir, sem rækta túnin þar, það eru aðeins efnamenn, sem ekki eru neinnar hjálpar þurfar. Það eru ef til vill til örfáar undantekningar. Kauptúnin geyma nú 1/4 af allri þjóðinni. Jeg álít því, að það sje óhæfu næst, að ætla að ráðstafa fje, sem er eins mikið að vöxtunum og allur Viðlagasjóðurinn, þannig að 1/4 partur allrar þjóðarinnar hafi engin not af því. Sumir halda því fram, að andvirði þjóðjarðanna renni í Viðlagasjóðinn, og gæti jeg betur fellt mig við það; en það vona jeg, að öllum beri saman um, að fje þetta eigi ekki að verða eyðslufje, og það gæti það ef til vill orðið, ef það rynni í þann sjóð.

Hinsvegar er margt, sem gjöra þarf; jafnt við sjóinn sem í sveitunum; það er fleira, sem bændur þurfa að koma í verk, en að sljetta þúfur, rækta kálgarða og því um líkt.

Á hverju þingi koma fram margar beiðnir um styrkveitingar og lán til margs annars en ræktunar. Það er beðið um styrk til þess, að koma upp sjúkrahælum, gjöra brýr eða sýsluvegi, reisa skóla og því um líkt, og þessar beiðnir aukast ár frá ári, eptir því sem menningin eykst. Það er því full þörf á að áætla árlega fje til styrkveitingar sýslufjelögum og sveitarfjelögum til nýrra mannvirkja, og þessi þörf er jöfn í landsveitum og sjávarsveitum; það verður því að gjöra öllum jafnt undir höfði, þegar bæta á úr þörfinni. Það er líka algengt í útlöndum, að áætlaðar sjeu stórar fjárfúlgur til styrktar nytsömum fyrirtækjum.

Jeg efast ekki um, að ef sveitarfjelögin ættu greiðari aðgang að lánveitingum með góðum kjörum, þá mundi þingið ekki þurfa að veita þeim eins mikinn styrk úr landssjóði, og það mundi verða ráðizt í mörg fyrirtæki af hjeruðunum sjálfum, þegar hægt væri að fá lán til þeirra.

Við 1. umr. þessa máls, lýsti jeg því yfir, að jeg væri hlynntur þjóðjarðasölu vegna þess, að þar með áliti jeg, að stórt spor væri stigið í áttina til þess að auka sjálfsábúð í landinu.

Ef nefndin sjer sjer fært að taka tillit til breyt.till. minna, þá mun jeg greiða frv. atkvæði, annars verð jeg óhikað á móti því.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Mjer er þetta mál mikið áhugamál, það get jeg vitnað hvar sem fer; og jeg hef lagt og mun leggja fram krapta mína til að fá því farsællega framgengt.

Á aukaþinginu 1902 var skorað á stjórnina að safna skýrslum um leiguliðaábúðirnar. Þessar skýrslur hef jeg lesið vandlega, og þó að þær sjeu ekki vel glöggar, má græða mikið á þeim. Þær gefa hræðilega mynd um þetta aumingja leiguliðaland, Ísland. Frændur vorir í Noregi líta ekki við leiguliðaábúðinni, sagði Myklestad gamli við mig hjer um daginn, og hvernig ástandið er í Danmörku, er frá skýrt í ástæðum milliþinganefndarinnar.

Ef jeg hef tíma og lifi, þá vona jeg, að jeg geti einhvern tíma gefið þjóðinni upplýsingar um leiguliðaábúðina, hjer hjá oss, eptir þeim gögnum og skýrslum, sem fyrir eru.

Milliþinganefndin lagði þá spurningu fyrir leiguliða landsins, hvort þeir mundu vilja kaupa jarðirnar, ef þeim væri gjört ljett fyrir með kaupin. Þeir svöruðu flest allir játandi, og margir

gáfu það svar með fögnuði. Leiguliðarnir finna bezt sjálfir, hvar skórinn kreppir. Við allar umr. um þetta mál játa menn, að leiguliðaábúðin er ótrygg og óeðlileg og sviptir ábúandann sterkustu hvötinni tit að bæta jörð sína og rækta upp landið. En svo koma ljón á veginn, þegar til framkvæmdanna kemur, og menn stara á ýms aukaatriði, og væri ver farið, ef þau heptu framgang málsins.

Eins og málið nú liggur fyrir, þá er það í sjálfu sjer ekki neitt meginatriði fyrir mig, að þessir 500 þjóðjarðaleiguliðar komist í sjálfsábúð, heldur hitt, að fje það, sem inn kemur fyrir jarðirnar, geti orðið sem fallandi snjóköggull í fjallshlíð, sem stöðugt vex í fjallinu. Andvirði þjóðjarða á einmitt eptir öðru frumv. milliþinganefndarinnar um breytingu á Ræktunarsjóðnum að ganga til þess með vaxandi hraða að leysa jörðina íslenzku úr læðingi leiguliðaábúðarinnar.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) talaði um, að það væri ranglæti, að taka lítinn hluta þjóðarinnar leiguliða, þjóðjarðanna, fram yfir aðra, en jeg vil benda hinum háttv. þm. á það, að með sölu þjóðjarðanna viljum vjer einmitt hjálpa öðrum leiguliðum landsins til sjálfsábúðar.

Háttv. 2. þm. Rvk. flytur breyt.till., sem vill nema það ákvæði burtu, að söluheimild og forkaupsrjettur sje bundinn við ábúðendur eina. Jeg hef fyrir mjer dönsku lögin 1851 um afhending þjóðjarða þar til sjálfseignar, og er þar talið sjálfgefið, að jörðin sje seld ábúanda einum. Það er líka mikið spursmál, hvort ekki væri höggið nokkuð nærri 23. gr. stjórnarskrárinnar, ef jarðirnar yrðu seldar á uppboði.

Jeg hjó eptir einu orði hjá háttv. 2. þm. Rvk. og óska, að jeg gæti verið honum þar samdóma.

Hann sagði, »að ræktun landsins væri komin á góðan veg«. Mjer er því miður ómögulegt að finna þessum orðum stað. Landið okkar er hræðilega óræktað land. En allar ræktunarvonir eru bundnar við það eitt, að upp komi sem flest sjálfsábúðarbýli, og þó að þau mörg hver væru smá, að þetta íslenzka hirðingjalíf geti breytzt í svipað ræktunarlag eins og hjá öðrum þjóðum. Þó að einni miljón króna væri varið til að rækta landið, þá er það sízt of mikið, og það vil jeg telja andvirði þjóðjarðanna, sem seldar eru nú og óseldar eru.

Mjer þótti það nokkuð veilt í ræðu háttv. 2. þm. Rvk., að hann í öðru orðinu skyldi segja, að Ræktunarsjóðurinn væri stór og öflugur, en í hinu, að sjóðurinn muni ná harla skammt. Jeg er fullkomlega samþykkur hinu síðara, og því vil jeg efla hann. Ennfremur sagði háttv. þm., að $^1/_4$ hluti landsbúa hefðu engin not af Ræktunarsjóðnum.

Jeg treysti því, ef háttv. þm. (G. Bj.) les vel frumv. milliþinganefndarinnar um Ræktunarsjóðinn og ástæðurnar fyrir því frumv., þá hljóti hann að kannast við, hvaða einlæga viðleitni milliþinganefndin hafði, að láta alla landsbúa, sem eitthvað fást við jarðrækt, njóta sjóðsins, Milliþinganefndin vildi bara útiloka kaupstaðina, en stjórnarráðið hefur líka tekið kauptúnin með, en jeg er fús til breytinga á því og samþykkur því, að bæði kauptún og kaupstaðir, að undanskildum verzlunarlóðum, njóti góðs af þessum sjóð.

Mjer finnst, að þeir menn, sem nú fylgja þessu máli í aðalefninu og sem telja það undirstöðuatriði, að sjálfsábúð aukist og eflist í landinu, að þeir megi ekki gjöra of mikið úr smáatriðunum, og ekki fylla þann flokkinn, sem vill eyða málinu.

Ef frumv. ekki verður leitt til lykta á þessu þingi eptir svo mikinn undirbúning, þá get jeg ekki sjeð, að seinna sje vænna.

Mjer hafa borizt margar raddir í brjefum frá öllum hlutum landsins um þetta mál, og það get jeg með rjettu sagt, að þetta er áhugamál þjóðarinnar, og að henni er annt um, að það nái fram að ganga.

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Mjer virðist þetta mál vera komið í óvænt efni, þar sem töluverður ágreiningur er um það orðinn milli þeirra, sem mest hafa unnið að undirbúning þess, nefnilega milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar. Er þetta mjög óheppilegt, þar sem þetta er vafalaust eitt hið allra mesta áhugamál þjóðarinnar. Og jeg er sannfærður um það, að mjög illa mælist það fyrir víða út um landið, ef því verður ekki vel og heppilega til lykta ráðið á þessu þingi, eptir allan þann undirbúning, sem það hefur haft, bæði hjá milliþinganefndinni, stjórninu og þinginu.

Í þessu máli kemur það fyrst til athugunar, hvort forkaupsrjettur leiguliðanna á jörðum landsins eða öðrum jörðum miði að því, að auka ræktun landsins. Fyrir mitt leyti get jeg sagt það, að jeg er í engum vafa um, að svo sje, og þessvegna ekki heldur í neinum vafa um það, hvernig jeg greiði atkv. þegar þar að kemur.

Í öðru lagi þarf að athuga það, hvort þjóðjarðasalan hafi nokkurt fjárhagslegt tjón í för með sjer fyrir landssjóðinn. Jeg fæ ekki sjeð, að svo sje, því eptir frumv., er stjórninni innanhandar að halda þeim jörðum óseldum, sem miklar líkur eru til að stígi mjög í verði sökum hlunninda eða heppilegrar afstöðu.

Jeg hef tekið eptir því, að sumir þeir menn, sem einna mest hafa unnið að því, að fá þetta mál til lykta leitt, hafa nú af ýmsum ástæðum tjáð sig mótfallna frumv. stjórnarinnar.

En hvert er þá ágreiningsefnið? Hver er þessi princípmunur, sem veldur því, að sumir forkólfar málsins snúast á því nú? Mjer virðist munurinn meira ímyndaður en virkilegur.

Í frumv. milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum er lagt til, að eigi skuli selja þar jarðir, sem ætlaðar eru til embættisseturs, eða fyrir almenna skóla eða sjúkrahæli, eða til annara almennra nota. Milliþinganefndin vill gefa landsstjórninni heimild til að selja sýslufjelögum og sveitarfjelögum þær jarðir, þar sem sýslunefndir telja miklar líkur til að upp muni koma innan skamms kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður, eða sýslunefnd hyggur jarðirnar sjerstaklega hæfa til sundurskiptingar á milli margra grasbýla.

Á öðrum jörðum en þessum ætlast hún til, að ábúandi hafi forkaupsrjett.

Aðalmunurinn er sá, að í frumv. stjórnarinnar er ekki ætlazt til, að söluheimildin nái til þeirra jarða, sem taldar eru í 7. gr. í frumv. milliþinganefndarinnar, sem hún ætlast til að sýslufjelög eða sveitafjelög hafi forkaupsrjett á.

Eptir frumv. stjórnarinnar verða þessar jarðir eigi seldar án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skipti. Þetta fyrirkomulag get jeg betur fellt mig við og fæ ekki sjeð, að það þurfi að verða því til, fyrirstöðu, að sýslufjelög eða sveitarfjelög fái jarðirnar keyptar, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Hvað kirkjujarðirnar snertir, þá finnst mjer eðlilegt, að ekki sje tekin fullnaðarákvörðun um sölu þeirra, fyr en kirkjumálanefndin hefur lokið starfi sínu.

Nú hafa komið fram töluvert víð-

tækar breyt.till. við frumv. stjórnarinnar, bæði frá einstökum þm. og nefnd þeirri, sem sett var í málið.

Breyt.till. nefndarinnar get jeg fellt mig við, en till. háttv. 2. þm. Rvk (G. B.) get jeg ekki samþykkt.

Jeg álít óheppilegt, að jarðirnar sjeu seldar á uppboði, vegna þess að leiguliðinn, sem lengi hefur búið á jörðinni, stendur langnæstur því að hafa nokkra sanngjarna kröfu til að eignast hana, ef hann vill. Ef til vill hefur hann bætt mikið jörðina og á mikið í húsum eða öðru, sem við hana er bundið, og þá væri rangt, að aðrir gætu keypt hana með öllu saman, að honum nauðugum. *(Guðmundur Björnsson:* 9. gr.) 9. gr. gefur ekki tryggingu fyrir því að leiguliðar verði ekki fyrir stórtjóni, ef það fyrirkomulag yrði tekið upp, sem háttv. 2. þm. Rvk. heldur fram.

Breyt.till. um það, hvernig verðinu skuli varið, er mjer ekki eins fjarri skapi. En jeg álít hana ónauðsynlega, því andvirði jarðanna verður ekki varið til annars betra, en að rækta landið og bæta það, eins og ætlazt er til. Og jeg þykist viss um það, að fjárveitingarvaldið sjái um, að aðrir atvinnuvegir landsins en jarðræktin fái sinn skerf af landsfje, þó ekki sje sleginn þessi varnagli með andvirði jarðanna.

Jeg vona því fastlega, að háttv. þm. hugsi sig vel og vandlega um, áður en þeir samþ. þessar breyt.till. eða fella frumv.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Umr. um þetta mál eru orðnar nokkuð langar, svo jeg skal reyna að vera stuttorður.

Aðalgallinn á þessu frumv. virðist mjer vera sá, að það nær allt of skammt. Það nær að eins til þjóðjarðanna, en hefði átt að ná til kirkjujarðanna líka. Jeg álít umboð prestanna yfir kirkjujörðunum ekki heppilegt. Það geta orðið misfellur á með þær jarðir, eins og aðrar, og afleiðingarnar af afskiptum prestanna af þeim geta hæglega orðið þeim til vansæmdar og til að kasta skugga á þá, svo þeir standi ver að vígi við aðalstarfa sinn. Og umráð þeirra yfir jörðunum hefur þráfaldlega verið notuð með átyllu eða átyllulaust til að kasta skugga á stjettina. Umboðinu fylgja líka æfinlega áhyggjur og umsvif, sem eyða tíma og kröptum frá öðru. Þess vegna get jeg ekki skilið, að það álit stjórnarinnar, sem kemur fram í ástæðum þessa frumv., sje á rjettum rökum byggt, að prestarnir mundu ekki vilja sleppa umboði þessara jarða, því það væri þeim þó fyrir beztu; og því síður skil jeg það, að þeir gætu haft nokkurn skaða af því.

Jeg vil því taka í sama streng og nefndin og æskja þess, að stjórnin semji frumv. til laga um sölu kirkjujarða, sem gangi í svipaða stefnu og þjóðjarðasölufrumv.

En þó mjer þyki þetta vanta, þá álít jeg, að með þessu frumv. sje stigið stórt spor í áttina til að efla sjálfsábúð í landinu. Og enda þótt gjört sje ráð fyrir, að misfellur verði stöku sinnum á sölu jarðanna, tryggir þetta fyrirkomulag eins vel skynsamlega sölu jarðanna eins og gamla fyrirkomulagið.

Eins og flestum mun kunnugt, hefur sala þjóðjarðanna ekki ætið farið sem bezt fram eða skynsamlegast; hún hefur opt verið meira komin undir fylgi og kappi einstakra manna, en þekkingu þm. í það og það skiptið.

Breyt.till. háttv. 2. þm. Rvk (G. B.), við 6. og 8. gr. get jeg samþykkt. Ákvæðið í 6. gr. frumv. er svo rang-

látt, að mjer er ómögulegt að samþ. það, Eptir því, sem jeg kemst næst, er þar opnaður vegur til þess, að maður, sem kaupir jörð til að verða þar ábúandi, geti misst hana aptur þvert á móti vilja sínum, og án þess að nokkur sanngjörn ástæða mæli með því.

Jeg vil taka t. d. gamlan mann, sem lengi og vel hefur búið á eignarjörð sinni. Þegar hann treystir sjer ekki til að búa þar lengur, byggir hann barni sínu — kannske einbirni — jörðina. Samkvæmt 6. gr. frumv. hefur þessi maður tapað eignarrjetti yfir jörðinni eptir tvö ár, því þá á landssjóður endurkaupsrjett á henni, hvað sem gamli maðurinn segir.

Vel má vera, að landssjóður beitti ekki þessum rjetti að jafnaði, og slík tilfelli sem þetta kæmu ekki opt fyrir; en að mínu áliti er ófært og ekki rjett gjört að samþykkja lagagreinar, sem geta gefið tilefni til slíks.

Viðvíkjandi 8. gr. frumv., álít jeg óþarft að gefa matsmönnum reglur fyrir því, hvernig þeir skuli meta, og að þeir miði matið við afgjaldið, sem opt er mjög óáreiðanlegur mælikvarði. Þar get jeg einnig verið samþ. breyt.-till. háttv. 2. þm. Rvk (G. B.). En svo verðum við ekki samferða lengur.

Aðalbreyt.til., að jarðirnar skuli seljast við uppboð, gæti hæglega leitt til þess, að ábúendur, sem væru alls góðs maklegir, bæði fyrir sig og sína í marga liðu, misstu ábúðarrjett sinn, ef þeir væru svo heimskir, að vilja kaupa jörðina og óska eptir uppboði, því engin vissa er fyrir því, að þeir gætu eða vildu bjóða hæsta boð. Það gæti vel verið, að jörðin kæmist á uppboðinu í svo hátt verð, að þeir sæu sjer ekki fært að kaupa hana, og það ef til vill af þeim ástæðum, að þeir hefðu setið hana vel, og sýnt, að hún var mikils virði. Og það væri þó illa farið, því enginn er maklegri eigandi jarðarinnar en sá, sem megnar að bæta hana og hefja til álits.

Um hitt atriðið get jeg heldur ekki verið samdóma, því að jeg sje ekki ástæðu til þess, að stofnaúr andvirði seldra þjóðjarða tvo sjóði.

Háttv. 2. þingm. Rvk. (G. B.) sagði, að það væri ófært að binda svo mikið fje við eitt atriði, en þetta eina atriði er það stærsta atriði, sem til er á þessu landi, sem sje ræktun landsins. En þótt ákvæði þessa sjóðs væru ófullkomin, væri hægra að kippa þeim í lag, og eins er allt af hægt að auka starfsvið sjóðsins. Jeg sje enga ástæðu til þess að stofna nýjan sjóð.

Jeg vil minnast á eitt atriði viðvíkjandi 5. gr.; þar er gjört ráð fyrir, að ef þjóðjörð er í eyði, skuli hún seld. Jeg tel það varasamt. Tilgangur frumv. er sá, að efla sjálfsábúð í landinu. Ef jörð lendir í eyði, getur of skjótráðin sala orðið til þess að rýra hagsmuni landssjóðs; þess vegna vildi jeg skjóta inn í, að salan fari ekki fram, fyr en eptir ákveðið tímabil.

Annað atriði, sem jeg vildi beina til háttv. nefndar, er það, að jeg get hugsað mjer það fundið frumv. til foráttu, að alþingi veiti stjórninni of mikið vald. Færi því vel á að skjóta inn í frumv. þeirri breytingu, að skjöl þau, sem snerta sölu þeirra jarða, sem seldar hafa verið, yrðu lögð fyrir næsta þing. Slík breyting kæmi vel við í 15. gr. Og hún mundi tryggja eptirlit af þingsins hálfu.

Við framhald 1. umr. var því haldið fram, að jarðakaupin bindu »kapital«, sem drægist frá endurbótum og ræktun landsins. Þetta er að nokkru leyti rjett. Sú er þar bót í máli, að í frumv. er kaupendum jarðanna gjört mjög hægt fyrir með kaupin, og í

öðru lagi mundi ræktunarsjóðurinn, ef breyting sú kemst á honum viðvikjandi, sem ráðgjörð er, geta orðið kaupendum þjóðjarða til stórmikils ljettis.

En samt verður því ekki neitað, að jarðakaupin binda kapital, en jeg tel það ekki skaða, því þau losa um leið krapta, sem eiginhagsmunahvötin ein fær losað, »krapta«, sem jeg er sannfærður um að verða flestu drjúgari að auka þrif og framför landsins.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Mjer fellur það illa, að háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hefur heitið því að vera á móti frumv., ef breyt.till. hans verður ekki samþykkt. Jeg býst við því, að það verði ofan á,að hans atkvæði missist.

Mjer virðist svo, sem það hafi vakað annað fyrir honum, en nefndinni; hann virðist leggja aðaláherzluna á það, að jarðirnar seljist, en ekki á sjálfsábúð. Uppboð á jörðum getur orðið til þess, að koma í veg fyrir sjálfsábúð. Háttv. þm. sagði, að uppboðsverðin væru hin eðlilegustu verð. Það get jeg ekki skilið, því að uppboðsverðin eru opt ósanngjarnari, en önnur verð og opt fjarri sannverði. Hann segir, að ábúandi hafi forgangsrjett með hæsta verði, en búast má við, að opt yrði svo hátt boðið, að ábúandi yrði að hætta við kaupin. Hátt boð getur algjörlega bolað honum frá jarðarkaupunum, en það er þó hann, sem helzt ætti að fá jörðina keypta.

Sami háttv. þm. svaraði háttv. þm. Akureyringa, er hjelt því fram, að menn gætu misst þær endurbætur, er menn hefðu gjört, með því að vitna í 9. gr. En það er aðgætandi, að þar er að eins átt við jarðarhús, en ekkert við þær umbætur, svo sem húsabætur, sem eru eign ábúanda, og hann ef til vill hefur kostað stórfje til. Gæti það auðveldlega farið svo, að slíkar umbætur yrðu verðlausar eða verðlitlar, ef ábúandi neyddist til að sleppa jörðinni.

Yfir höfuð er uppboð hin ranglátasta aðferð í sölu þjóðjarða, vegna þess að það er algjörlega undir hælinn lagt, að uppboðsverðið verði sanngjarnt, og fer það því algjörlega í bága við tilganginn með þessari þjóðjarðasölu.

Mjer finnst það vaka fyrir mönnum, að selja þjóðjarðirnar sem hæst, en það er misskilningur; það getur vel orðið landbúnaðinum til stórhnekkis, ef borgunarskilmálarnir eru jafnframt vondir. Það, sem ríður á, er að selja jarðirnar með sem sanngjörnustu verði, og sjerstaklega að hafa borgunarskilmálana sem vægasta. Sje verðið hátt og borgunarskilmálar harðir, hlýtur það að lama allar framkvæmdir og umbótaviðleitni kaupandans.

Hitt aðalatriðið í tillögum hins hv. 2. þm. Rvk (G. B.) er, að stofna nýjan sjóð með viðtækara verksviði, en láta ekki fjeð renna í Ræktunarsjóðinn; hann byggir það á því, að það sje ósanngjarnt, að binda svo mikið fje við eina atvinnugrein; það gæti í fljótu bragði virzt svo, sem háttv, flutningsmaður breyt.till. hefði rjett fyrir sjer í þessu efni. En það hefur þegar verið tekið fram af öðrum, að þegar Ræktunarsjóðurinn vex, getur hann orðið nægilegur til þess, að styrkja þennan atvinnuveg, og landssjóður gæti þá varið sínum kröptum eingöngu til annara fyrirtækja. Landbúnaðurinn þyrfti ekki frekari styrk en þann, sem Ræktunarsjóðurinn gæti veitt, Á þann hátt styrkti Ræktunarsjóðurinn óbeinlínis aðrar atvinnugreinir.

Jeg vil geta þess, að jeg vildi eins

og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), að kauptún og kaupstaðir gætu líka notið góðs af Ræktunarsjóðnum. Með því móti yrðu það ekki að eins landbændur, heldur og sjómenn og kauptúna- og kaupstaðabúar, er nytu eða gætu notið styrks úr Ræktunarsjóði til ræktunar, enda er það með öllu sjálfsagt. Jeg nefni t. d. Akureyri. Þar hefur nú verið sett upp gróðrarstöð og þar er alltaf verið að rækta út landið í kring, og eiga Akureyrarbúar fyllilega skilið, ekki síður en sveitabændur, að fá styrk úr Ræktunarsjóðnum. Með þessu móti fer fjarri því, að fjórði partur landsmanna sje útilokaður frá því, að njóta góðs af fjenu, ef það gengur til Ræktunarsjóðsins. Allir hafa bein eða óbein not af því. Og þó að það ekki væru aðrir en þeir, sem ræktuðu landið, sem nytu góðs af sjóðnum, þá gæti það ekki heitið ósanngjarnt, því það er þó aðalatriði, að landbúnaðurinn komist í sem bezt horf, og við það mundi þjóðarmegun eflast og tekjur landssjóðs aukast: og það fje, sem í hann kemur, kæmi þó öllum að notum.

Jeg vona, að háttv. þm. kannist við það, að hann hafi ekki skoðað þetta mál nógu grandgæfilega; jeg þykist viss um, þó að jeg ekki hafi talað við hann um það, að hann sje þeirrar skoðunar, að sjálfsábúðin sje sú öflugasta lyptistöng fyrir framfarir landbúnaðarins.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Það er búið að mótmæla svo mikið breyt.till. háttv. 2. þm. Rvk (G. B.), að jeg ætla ekki að fara um það fleirum orðum, hvað jeg álít það mikla fjarstæðu að selja þjóðjarðirnar við opinbert upphoð. En það er þessi önnur tillaga, að fjeð gangi í nýjan sjóð, en ekki í Ræktunarsjóð, sem jeg vildi minnast á.

Jeg felli mig ekki vel við nafnið »Fasteignasjóður«. Brýr og hafnabætur eru ekki fasteignir; það eru mannvirki; fasteignir er allt annað.

Það hefur verið gjört mikið orð af því, hve stór þessi sjóður mundi verða. En jarðirnar eru misjafnar að gæðum, og ekki að vita, að þær seldust svo vel. Jeg fyrir mitt leyti hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að salan mundi verða landssjóði til beinlínis skaða, en því meiri óbeinlínis hagnaðar. En látum svo vera, að þjóðjarðirnar seldust fyrir 1 miljón króna — jeg hygg að þess verði langt að bíða — en það getur ekki heitið svo stórmikið fje, þegar litið er á markmiðið, að hjálpa leiguliðum til að kaupa ábýli sin. En jarðir, sem einstakir menn eiga og eru í leiguábúð, eru um 2,600, og fjeð er ekki mikið til kaupa, þó að það gæti verið lán.

Setjum svo, að vextir af fjenu yrðu $4^1/_2$ %. Það yrðu þá 45 þús. kr. árlega. Nú er gengið út frá því, að helmingnum af þessu fje mætti verja til þess, að verðlauna svo margt og margt. Það yrðu þá að eins um eða litið yfir 25 þúsund, sem gengju til ræktunarsjóðsins og yrði það þá fyrst um sinn ekki meira en það, sem nú er varið til ræktunar landsins. Og það vita allir, að það er sorglega litið. En færi svo, að þessi sjóður yrði mjög stór, svo að óþarfi þætti að verja honum öllum til þessa, og þess er langt að bíða, þá mætti breyta þessum lögum. En það verður víst ekki fyr en barnabörn okkar, sem nú lifum, eru komin undir græna torfu.

Jeg get ekki skilið orð háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), að nokkur hluti þjóðarinnar hafi ekki gagn af sjóðnum, ef honum er þannig varið, sem gjört er ráð fyrir. Allir hafa gagn af ræktun landsins og fáir munu vita, hvar þeir muni sjálfir bera beinin, og því síður,

að þeir renni grun í, hvort það muni liggja fyrir börnum þeirra, að lifa og starfa til sjós eða sveita. Enginn veit, hvert börn hans muni fara, hvorki sveitamenn nje sjómenn.

Jeg verð, eins og jeg hef áður sagt, að telja það óheppilega þröngsýni, að menn hnekki því, sem miðað er við sjerstakan flokk í landinu, ef það eins og ræktun landsins hlýtur að koma öllum landsbúum að góðu. Jeg tel það óheppilegt, þegar farið er að metast um svo mikilvægt atriði. Jeg vil líka minna á í því sambandi, að það liggur nú fyrir þinginu að stofna sjerstakan fiskiveiðasjóð og með honum mun verða hægt að jafna það upp aptur, ef mönnum þykir of frekt í lagt til landbúnaðarins, og ef hjer, sem jeg raunar efast um, er um nokkurn ójöfnuð að ræða.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Háttv. þm., er andmælt hafa breyt.-till. mínum, verða að virða mjer til vorkunnar, þó jeg geti eigi svarað þeim hverjum fyrir sig. Það hafa svo margir talað og allflestir komið með sömu mótbárurnar móti breyt.till. mínum, að mjer þykir rjett, einnig þingdeildarinnar vegna, þar sem umræðurnar eru nú orðnar svo langar, að athuga mótmælin öll í einu lagi.

Það er þá fyrst að taka það fram, að jeg get ekki betur sjeð, en að aðalástæðan fyrir breyt.till. mínum sje enn óhrakin. Jeg áleit það órjett, að þeir leiguliðar einir, er sitja þjóðjarðirnar, ættu kost á að kaupa þær; áleit, að það væri ranglátt gagnvart öllum öðrum leiguliðum á landinu. Þetta stendur óhrakið, því allflestir þeirra, sem talað hafa, hafa látið uppi, að ómögulegt muni verða að veita öðrum leiguliðum hjálp líka þeirri, sem ábúendum á þjóðjörðum er veitt með því að selja þeim jarðirnar með svo góðum kjörum. Ýmsir ræðumenn hafa haft það á móti uppástungu minni um að selja þjóðjarðirnar við opinber uppboð, að þá væri engin trygging fyrir því, að jarðirnar kæmust í sjálfsábúð. En það er ekki nóg, að jarðirnar *komist* í sjálfsábúð um stundarsakir; það verður líka að tryggja það, að sjálfsábúðin *haldist;* um það er mest vert, og að því er stuðlað með öðru frumv., sem nú liggur fyrir þinginu.

Allir háttv. ræðumenn hafa gengið þegjandi fram hjá því, sem er aðalefnið í tillögu minni, að selja megi þjóðjarðirnar, þegar þær *losni* úr ábúð. Þetta er afarmikilvægt ákvæði, því með því er öllum leiguliðum veittur jafn greiður aðgangur að því, að gjöra boð í jarðirnar. Uppboðsákvæðið yrði einmitt til þess, að allir leiguliðar ættu kost á að bjóða í þær og þá gætu allir jafnt orðið þeirra hlunninda aðnjótandi, sem frumv. heimilar. En það er einmitt það, sem jeg vil.

Engum er neinn órjettur gjör með fyrirkomulagi því, sem jeg fer fram á. Eins og frumv. nú liggur fyrir, getur ábúandi einn leitað kaupa á þjóðjörð. Nú hefur verið sagt, að sje uppboð haldið, geti einhver komið og boðið hærra en ábúandi, en þar til er því að svara, að ábúandi nýtur þeirra miklu hlunninda, að hafa forkaupsrjett; hann þarf ekki einu sinni að koma á uppboðið; þarf ekkert boð að gjöra í jörðina, og í flestum tilfellum munu ekki aðrir bjóða meir en ábúandinn sjer sjer fært, hann sem þekkir jörðina út og inn og veit manna bezt, hvers virði hún er og hverju hann sleppir, ef hann verður af henni. En þó það einhvern tíma kynni að koma fyrir, að annar byði meir en ábúanda þykir aðgengilegt, þá missir

ábúandi einskis í við það, því samkvæmt 9. gr. á hann heimting á að fá endurgjald fyrir jarðabætur, og langoptast fæst sanngjarnt verð fyrir hús, sem eru eign ábúanda, ef þau eru ekki því dýrari og jörðinni ofvaxin. Ef annar kaupir, mun hann optast gjöra það til þess að flytja á jörðina og með því er tilgangi frumv. náð; landssjóði má standa alveg á sama, hvort maður sá, er eignast jörðina, heitir Árni eða Jón, Pjetur eða Páll; bara ef hún kemst í sjálfsábúð. Jeg býst þó við, að sjaldan komi til þessa, og að þjóðjarðirnar verði einna helzt seldar, þegar þær losna úr ábúð, og þá er þó vissulega einskis annars rjettur fyrir borð borinn. Öll andmæli gegn þessari tillögu minni eru á engum rökum byggð.

Svo skal jeg víkja að viðaukatillögu minni um það, hvert andvirðið fyrir þjóðjarðirnar eiga að renna. Jeg hreyfði þessu við 1. umr. og mótmælti því þá, að öllu fjenu yrði varið á þann hátt, sem Ræktunarsjóðslögin ákveða. Jeg vildi líka láta það koma öðrum atvinnuvegum landsins að góðu. Þessu var nú svarað svo við 1. umr., að það mætti þá lána fje til annars úr þessum sjóði, til annars en ræktunar landsins, og frumv. lægi fyrir þinginu, sem einmitt gengi í þá átt.

Jeg stakk þessu hjá mjer, hugsaði mjer að geyma það, þangað til jeg sæi, hvort ekki yrði annað uppi á teningnum, þegar til kastanna kæmi, og það, sem jeg bjóst við, er nú sannarlega komið á daginn. Allir háttv. þingdm., sem talað hafa, eru *nú* svo hjartanlega sammála um, að andvirði þjóðjarðannna eigi allt að renna í Ræktunarsjóðinn, já, og þó meira væri. *(Þórhallur Bjarnarson:* Vitanlega!) Já, vitanlega! Það er vilji og fyrirætlun allra þessara manna, sem ekki telja annað framfarir en jarðabætur, að andvirði þjóðjarðanna, sem þó eru eign allra landsbúa jafnt, fari ekki til neins annars en í þúfnasljettun, kálgarða og þvílíkt. Sá háttv. ræðumaður, sem síðast talaði (H. J.), nefndi það þröngsýni, að sjá eptir þessu fje, því það væri til gagns fyrir alla þjóðina að rækta landið; hver neitar því? En þá skal jeg þó leyfa mjer að kalla það meiri háttar þröngsýni, ef þessir háttv. þm. sjá ekki framfaraþörf neinstaðar nema í þessum eina atvinnuvegi. Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) var að reyna að hugga mig með því og raunar líka síðasti ræðumaður, að nú væri verið að stofna annan sjóð, sem eigi að styrkja sjávarútveginn. En sá sjóður á langt í land að ná því, sem Ræktunarsjóðurinn er nú.

Jeg þykist annars sjá örlög tillaga minna fyrir, og eins býst jeg við, að þm. þeir, sem ætla að knýja frumv. þetta óbreytt í gegnum deildina, hljóti að sjá, hvernig jeg verð að haga atkvæði mínu, að jeg verð að greiða atkv. á móti frumv. eins og það nú liggur fyrir, enda þótt jeg sje hlynntur sölu þjóðjarðanna.

Stefán Stefánsson (þm. Skgf.): Já, jeg gleymdi áðan, að taka nokkuð fram, og hafði jeg þó ætlað mjer að gjöra það, viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. Rvk. sagði um leiguliðana. Hann taldi það ranglátt, að leiguliðar þjóðjarðanna hefðu einir forkaupsrjett að þeim, en rjettast, að allir leiguliðar ættu kost á að bjóða í jarðirnar. En má jeg spyrja, hvaða tryggingu hefur háttv. þm. fyrir, að það verði leiguliðar einir, sem bjóða í á uppboðinu? Allir hafa þó rjett til að bjóða í á opinberu uppboði. Og það geta eins verið spekúlantar, menn, sem okra með jarðir, eignamenn úr Reykjavík eða jafnvel frá útlöndum, sem bjóða í jarðirnar og fá þær slegnar sjer, ef svo er

farið að, en hvernig getur háttv. þm. þá sagt, að leiðuliðum yfirleitt sje gjört ljettara fyrir að eignazt jarðirnar með því að bjóða þær upp.

Háttv. þm. hjelt því líka fram, að landssjóði mætti vera sama, hvort sá, sem eignaðist jörðina, hjeti Pjetur eða Páll. En það er einmitt alls ekki sama, því með þessu uppboðsákvæði getur sá maður eignazt jörðina, sem alls ekki á það skilið; það getur jafnvel verið flysjungur og óreiðumaður, og þá lendir jörðin þar sem hún sízt ætti að lenda. Með því, sem farið er fram á í frumv., er meiningin að veita góðum og duglegum ábúanda sjerstök hlunnindi, en alls ekki neinum mönnum út í frá.

Háttv. þm. sneri því næst máli sínu að því, að sumum þingmönnum væri þannig varið, að þeir sæu ekki framfarir í neinu nema því, sem að búnaði lyti. Jeg neita þessu og jeg mun fyrir mitt leyti sýna það með atkvæði mínu, að jeg er fús á að styðja bæði að fiskiveiðum og öðru, en hitt skal jeg kannast við, að jeg tel ræktun landsins meira virði, en allar aðrar framfarir og miklu tryggilegri. Með ræktun landsins má koma hverjum eyri, sem til hennar er varið, á háa rentu og svo, að hann beri þúsundfaldan ávöxt. Það sem lagt er í landbúnaðinn, er miklu fastari og tryggari höfuðstóll en það, sem lagt er til annara atvinnuvega. Bletturinn, sem kominn er í rækt, er í landinu, og hann gengur ekki úr sjer, heldur fer hann sí batnandi, sje haldið áfram að rækta hann. En þilskipið gengur úr sjer og týnist. Háttv. þm. fer fram á, að stofna sjerstakan fasteignasjóð, og telur til fasteigna brýr, hafnir, hús og ýms mannvirki. En þá fer hugmyndin um fasteignir að verða nokkuð einkennileg, því brýr fjúka, húsin brenna og verða að reyk og ösku. Hvernig má slíkt fasteign kalla, enda er það á móti allri málvenju að kalla slíkt fasteignir. (*Guðmundur Björnsson:* Kannske það ætti þá að kalla það lausafje?). Það mætti miklu fremur kalla þann hlut, sem færanlegur er, lausafje en fasteign.

Pjetur Jónsson, (þm. S.-Þing.): Jeg skal lofa því, að tefja menn ekki lengi og ganga ekki í skrokk á háttv. 2. þm. Rvk. Jeg ætla að eins að afsaka það, að jeg hef ekki komið fram með br.-titl. við þetta frumv., eins og mátti á mjer skilja við 1. umr. málsins. Jeg hef satt að segja hvorki haft tíma til að koma með breyt.till., og þó jeg hefði komið fram með hana, þá hefði orðið svo mikið verk á, að koma henni fyrir. Því þó br.till. hljóðaði aðallega upp á 1. gr., var henni þó þannig varið, að hún hlaut að raska flestum öðrum greinum frumvarpsins. Í öðru lagi sá jeg ekki annað, en að það hefði lítið að þýða, þar sem skoðun mín á málinu virðist hafa nokkuð lítinn byr í deildinni. Jeg held nú samt fast við skoðun mína, þó sumir og það enda góðvinir mínir álíti það smátt atriði. Leiðast þótti mjer, að háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) skyldi ekki geta áttað sig á því, að þetta var ekkert smáatriði. Jeg bjóst satt að segja ekki við því. Jeg hjelt, að hann þekkti mig svo vel, þar sem við höfum starfað saman í málinu frá byrjun, að hann vissi, að mjer var full alvara með þetta. Jeg tel það heldur ekki svo stórkostlega nauðsynlegt, að frumv. fái framgang á þessu þingi. Jeg álít það áhættulaust, þó það fengi að bíða eitt þing enn. Það hefur, hvort sem er, verið klipptur helmingurinn burtu af uppástungum milliþinganefndarinnar, nefnilega allt það, er laut að sölu kirkjujarða, og það meiri helmingurinn. Það hefur að

vísu verið sagt, að ábúendur kirkjujarða gætu fengið jarðir sínar keyptar, þó ekki væru nein sjerstök lög fyrir því, en það er mjög þýðingarmikið, að kirkjujarðir væru seldar eptir sömu reglum og þjóðjarðir, og að ákvæðin um það fengju að fylgjast að. Þess vegna vil jeg lýsa því yfir, að þó jeg greiði atkvæði mitt með málinu til 3. umr., þá get jeg ekki gefið því atkv. mitt út úr deildinni. Jeg efast ekki um, að sú hugsun, sem fyrir mjer hefur vakað, verði búin að ryðja sjer meira til rúms á næsta þingi. Það hefur verið sagt, að ekki væri svo ýkja mikill munur á því, sem jeg hef haldið fram og ákvæðum frumv. Skilsmunurinn er sá, að forkaupsrjettur sýslu- og sveitarfjelaga er útilokaður alveg; þau hafa undir högg að sækja hjá alþingi, og verði háð hinum mismunandi veðrum þar í þessu máli. Jeg vil, að þau hafi forgangsrjett gagnvart þeim flokki jarða, sem athugaverðast er að lendi í einstakra manna eign, og á meðan þau fá hann ekki, vil jeg, að almenn þjóðjarðasala bíði.

ATKVGR.: 1. br.till. á þgskj. 143 við 1. gr. felld með 16:2.

Seinni br.till. á sama þgskj. við sömu gr. þar með fallin.

1. gr. óbreytt samþ. með 15:7 atkv.
2. — — — — 15:4 —
3. — — — — 15 —

3. br.till. á þgskj. 143 tekin aptur.

4. gr. óbreytt samþ. með 15 atkv.

4. br.till. á þgskj. 143 tekin aptur.

5. gr. óbreytt samþ. með 15 atkv.

5. br.till. á þgskj. 143 við 6. gr. felld með 13:7 atkv.

1. br.till. á þgskj. 97 samþ. með 15 atkv.

6. gr. með áorðnum breytingum var samþ. með nafnakalli með 14:11 atkvæðum.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Hermann Jónass.,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Andrjess.,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Thorlacíus,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	Tryggvi Gunnarss.
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef. 2. þm. Skgf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. viðaukatill. á þgskj. 97 við 6. gr. felld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Lárus H. Bjarnas.,
Herm. Jónasson,	Magnús Andrjess.,
Jóh. Ólafsson,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Thorlacíus,
Pjetur Jónsson,	Skúli Thoroddsen,
St. Stef., 2. þm. Eyf.	St. Stef., 2 þm. Skgf.,
	Tryggvi Gunnarss.

7. gr. samþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Björn Kristjánss.,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson,
Herm. Jónasson,	Ólafur Ólafsson,
Jóh. Ólafsson,	Skúli Thoroddsen.
L. H. Bjarnason,	Tryggvi Gunnarss.
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	

Já:
Ólafur Thorlacius,
Pjetur Jónsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,
St. Stef., 2. þm. Skgf.,
Þórh. Bjarnarson.

6. breyt.till. á þgskj. 143 við 8. gr., að síðari hluti fyrri málsgreinar »verði etc.«, falli burt, felld með 15 atkv.

8. gr. óbreytt sþ. með 15 : 4 atkv.
9. — — — — 15 atkv.
10. — — — — 16 —
11. — — — — 16 —
12. — — — — 16 —
13. — — — — 15 —
14. — — — — 15 —
15. — — — — 15 —
16. — — — — 15 —

Viðaukatill. við 16. gr. (þgskj. 163) um að bæta við 3 nýjum greinum felld með 15 : 4 atkv.

17. gr. samþ. með 15 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Á 23. fundi Nd., föstudaginn 28. júlí kom frumv. til 3. umr. (A. 162, 164, 174, 200, 203).

Framsögumaður Ólafur Briem (1. þm. Skf.): Við þetta frv. eru komnar fram nokkrar breyt.till., sem jeg vil minnast á fáeinum orðum.

Sú fyrsta á þgskj. 174 er frá nefndinni, og er þess efnis, að 6. gr. falli burt. Greinin er um rjett landssjóðs til þess, að kaupa aptur þjóðjarðir, sem ganga úr sjálfsábúð. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að á þessari grein væru agnúar, sem ekki væri gott að bæta úr. Aðalagnúinn er sá, að ef jörðin gengur úr sjálfsábúð við það, að eigandi fellur frá, þá getur það vel verið, að ekkjan treysti sjer ekki til þess, að taka við henni í bili, en vilji þó halda henni, til þess að sonur hennar gæti tekið við henni, t. d. eptir 3 eða 4 ár, þegar hann væri fullveðja. En afleiðingin af 6. gr. er sú, að jörðin gæti orðið seld, þegar að 2 árum liðnum. Nefndin álítur það atriði mjög mikilsvert í slíkum tilfellum, að tryggja syni eignar- og ábúðarrjett á jörðu eptir föður hans látinn vegna þess, að það mundi koma festu á sjálfsábúðina, ef að jarðirnar gengju í ættir, þannig, að sonur tæki við af föður. Og með því móti mundu umbætur á jörðunum verða að meira gagni, og minni hætta á því, að einn rífi niður það, sem annar hefði byggt upp.

Annar agnúi á 6. gr. frumv. er sá, að samkvæmt henni hefur landssjóður endurkaupsrjett um ótakmarkaðan tíma. Þó jörðin opt væri búin að ganga kaupum og sölum gæti landsstjórnin einn góðan veðurdag komið og sagt sem svo: »Nú ætla jeg að kaupa jörðina«. Hún gæti þannig komið að óvörum eigandanum, og tekið af honum jörðina. Það hefði náttúrlega mátt breyta þessu þannig, að landsstjórnin hefði þennan rjett að eins ákveðinn tíma, t. d. lengst í 10 ár. En auðvitað þarf ekki til þess að koma, ef greinin er felld burtu.

Þá er viðaukatill. aptan til 14. gr. á þgskj. 200, um að eptirstöðvar andvirðisins falli þegar í gjalddaga, er jörðin gengur úr sjálfsábúð. Þetta ákvæði getur í einstöku tilfellum haft óþægilegar afleiðingar eins og 6. gr. fyrir ekkju, sem þarf að byggja jörð sína í bili, en ætlar hana óuppkomnum börnum sínum til eignar og ábúðar. En tilætlun flutningsmanna er sú, að þó að þetta yrði samþykkt, þá yrði því ekki beitt stranglega. Það er aðeins heimild, sem stjórninni er veitt, en ekki ætlazt til, að hún beiti henni til

að segja upp lánum, ef sjerstakar ástæður mæla á móti því.

Viðvíkjandi viðaukatill. við 15. gr. um að öll skjöl, er snerta sölu þjóðjarða, skuli lögð fyrir alþingi til athugunar, þá er það ekki nema eðlilegt, þar sem þetta er löggjafarmál, og sjálfsagt að þingið geti kynnt sjer öll skilríki, sem þar til heyra.

Stærsta og þýðingarmesta breyt.till. er sú á þgskj. 164. Hún fer að nokkru leyti í sömu átt og breyt.till., sem kom fram við 2. umr. og var felld. En á þessari er sá annmarki fram yfir hina, að engar skorður eru settar við því, að andvirði jarðanna ekki verði eyðslufje. Það hefur þó verið mjög svo almenn skoðun, jafnvel þeirra, sem hafa verið sölu þjóðjarða andstæðir, að fjeð ætti að renna í sjerstakan sjóð, og að ekki mætti skerða höfuðstólinn. Að þessu leyti er þessi breyt.till. talsvert óaðgengilegri en hin. Um efni hennar er það að segja, að hún fer fram á að svipta Ræktunarsjóðinn tekjum, sem honum eru ákveðnar með gildandi lögum, og er það því undarlegra, þar sem hjer liggur fyrir þinginu frumv. þess efnis að breyta lögum Ræktunarsjóðsins, þannig að verksvið hans aukist að stórum mun. Þar er farið fram á, að Ræktunarsjóðurinn takist það hlutverk á hendur, að hjálpa smámsaman sem flestum leiguliðum landsins, sem nú eru yfir 4 þús. að tölu, til að eignast ábýli sín, án þess að þurfa að skerða til muna bústofn sinn eða nauðsynlegt veltufje, og í annan stað er Ræktunarsjóðnum sett það markmið, að skapa nýjan hóp af heimilisfeðrum, grasbýlismönnum, ekki einungis til sveita heldur líka við sjávarsíðuna. Þetta tvennt er það, sem Ræktunúrsjóðurinn á að takast á hendur, í viðbót við sitt fyrra ætlunarverk, að lána fje til jarðabóta, og verðlauna frábæran dugnað í þeim efnum; hann á þannig að hjálpa mönnum til þess að verða sjálfstæðir, og auka þar með ánægjuna með lífið og elskuna til landsins. Og jeg skal ekki trúa því, að margir verði til þess, að leggja stein í götu fyrir þessa fögru framfaraviðleitni með því, að samþ. þessa breyt.till.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Af því að jeg, ásamt 5 háttv. þingdm. öðrum, hef komið fram með breyt.til. þá, sem háttv. framsm. vjek síðast að í ræðu sinni, þá ætla jeg að fara nokkrum orðum um hana.

Fyrst ætla jeg þó að geta þess, að það er prentvilla bæði í frumv. sjálfu og í breyt.till., en þar á að standa, að eptir 16. gr. komi ný grein, er verði 17. gr.

Því hefur verið hreyft, að það gæti álitist efamál, hvort breyt.till. gæti staðizt, að óbreyttu því ákvæði í Ræktunarsjóðslögunum, að andvirði seldra þjóðjarða renni í þennan sjóð. En þetta er ekki rjett, og mætti eins segja, að það þyrfti að breyta Ræktunarsjóðslögunum vegna frumv., sem nú liggur fyrir um sjerstakan byggingarsjóð fyrir andvirði seldra þjóðjarða, en þætti það viðkunnanlegra, mætti breyta Ræktunarsjóðslögunum í þessu atriði í sambandi við þá breytingu, sem nú er fyrir þinginu á öðru atriði þessara laga.

Hvað efni breyt.till. snertir, leyfi jeg mjer að minna á, hvernig Ræktunarsjóðurinn varð til. Háttv. framsm. þessa máls var líka framsm. þeirrar nefndar, er í fyrstu kom fram með till. um stofnun Ræktunarsjóðsins. Þá var ekki farið fram á meira, en að sjóðurinn fengi andvirði áður seldra þjóðjarða og þeirra, er þá var um að ræða að selja. Því var breytt í Ed. á þá leið, að andvirði þjóðjarða, er seldar

væru eptir síðari lögum, skyldu og renna í sjóðinn, auðvitað ef ekki væri þá gjörð sjerstök undantekning. Það var þá tekið fram, að þar sem sala hverrar einstakrar þjóðjarðar lægi undir atkvæði þingsins, þá væri það jafnan undir því sjálfu komið, hve mikið Ræktunarsjóðurinn skyldi vaxa. Þetta er og alveg rjett.

En hjer er allt öðru máli að gegna, úr því að nú á í einu að veita stjórninni heimild til að selja þjóðjarðirnar allar; og um leið er nú ætlazt til, að löggjafarvaldið leggi allt andvirði þjóðjarða í Ræktunarsjóðinn, og afsali sjer þannig öllum afskiptum af því fje framvegis. Hugsunin með stofnun Ræktunarsjóðsins var þessi, að tryggja það, að andvirði seldra þjóðjarða yrði ekki eyðslufje, að vextirnir af því skyldu ganga til ræktunar landsins, og um leið að ljetta á landssjóði með því, að verja fje ræktunarsjóðsins til þarfa landbúnaðarins, sem annars þyrfti að styðja með styrk af landssjóði.

Nú er enginn efi á því, að tilgangur Ræktunarsjóðsins er næsta þarfur, og það væri æskilegt, að geta lagt í hann sem mest; ekki einungis míljón heldur, eins og líklegt er, að andvirði þjóðjarða verði, margar milljónir. En þó þetta væri í sjálfu sjer æskilegt, þá er ekki þar með sagt, að við höfum ráð á því, því fleiri eru þarfirnar en sú, að rækta landið. Og mín skoðun er, að vjer höfum ekki ráð á því.

Hina ástæðuna get jeg á engan hátt fallizt á, að fjeð sje lagt í Ræktunarsjóð, til þess að það verði ekki að eyðslufje; það verður einmitt að eyðslufje fyrir landssjóð, úr því hann er sviptur því. Og svo er þess að gæta, að ástæða þessi er ekki allskostar frambærileg, þar sem hún gengur út á það, að gjöra þingið ómyndugt, að því er ráðstafanir á fje lansins snertir.

Þá er að líta á hitt, að þó að Ræktunarsjóðurinn aukist að miklum mun, þá dregur það mjög lítið úr kröfum landbúnaðarins til landssjóðs, þær fara sívaxandi ár frá ári, eins fyrir því. Það er heldur ekki von, að Ræktunarsjóðurinn geti gegnt kröfum þessum, því hann hefur ekki svo mikið yfir að ráða, þar sem hann, enn sem komið er, hefur ekki meira en 5—6,000 kr. í rentur á ári.

Á fjárlögunum 1898—99 voru veittar 70 þús. til landbúnaðarins, 1900—'01, 80,000, 1903—'03, 130,000, á þessu fjárhagstímabili 170,000, og nú eru á fjárlagafrv. fyrir næsta tímabil áætlaðar 200,000 til landbúnaðarins, og það hefur ekki heyrzt, að fjárlaganefndin ætli að draga neitt úr þessum fjárframlögum. Þessar tölur hygg jeg sýni ljóslega, að stofnun Ræktunarsjóðsins hefur eigi ljett svo mjög á landssjóði framlögum til landbúnaðarins.

Eins og jeg hef bent á, er jeg hræddur um, að vjer höfum eigi ráð á því, að leggja svo mikið fje í Ræktunarsjóð, sem andvirði seldra þjóðjarða nemur, en þó er það ekki aðalatriðið fyrir mjer; það getur hugsazt, að það væri hægt að færa mjer heim sanninn um það, að þetta mætti gjöra, en á hitt vil jeg leggja alla áherzluna, að það er ekki rjett, að þingið leggi í Ræktunarsjóðinn upphæðir, eignir landssjóðs, sem það veit ekki hvers virði eru, eða með öðrum orðum leggi óákveðna upphæð í sjóðinn, heldur verði að minnsta kosti þingið að vita, hvað það er að gjöra, hve mikið í tölum það leggur í þennan sjóð.

Rjettast tel jeg, eins og líka er farið fram á í breyt.till., að allt andvirðið renni í Viðlagasjóð, en að þingið á-

kveði svo í hvert skipti, hvort nokkuð af andvirðinu og þá hve mikið skuli lagt í Ræktunarsjóðinn. Mjer finnst það nóg afsal frá þingsins hálfu, að það felur stjórninni að selja allar þjóðjarðirnar, og má vera að það sje heppilegt, en það er of mikið heimtað, að þingið afsali sjer og öllum yfirráðum yfir andvirðinu, með því að láta það allt, eins og frv. þetta ákveður, renna í Ræktunarsjóðinn.

Allt þetta fje á nú að fá í hendur Landbúnaðarfjelagi Íslands. Agrarflokkurinn hjer á þingi, — jeg leyfi mjer að nefna hann svo, — telur þetta auðvitað æskilegt, en ekki verður við því búizt, að allir þingmenn geti sætt sig við þetta. — Það heitir svo að vísu, að landsstjórnin hafi umráð yfir Ræktunarsjóðnum, en í rauninni er það Búnaðarfjelag Íslands, sem ráðin hefur, svo hefur þetta verið í framkvæmdinni, enda var svo tilætlazt, þá er Ræktunarsjóðslögin voru samin og samþykkt.

Loks vil jeg aptur drepa á það, útaf ummælum háttv. framsm., um að með umræddu ákvæði frumv. væri því forðað, að andvirði þjóðjarðanna yrði að eyðslufje, að einmitt þetta sama var viðkvæðið á þinginu 1899. Þá voru menn hræddir um, að það ætti að fara að jeta upp Viðlagasjóðinn, en það hefur ekki orðið enn sem komið er; hann er ekki enn orðinn að eyðslufje, en segja mætti, eins og jeg benti á áðan, að fje það, sem þannig er lagt frá landssjóði í Ræktunarsjóðinn, megi teljast eyðslufje, frá landssjóðsins sjónarmiði, þar sem landssjóður hefur misst algjörlega öll þess not, og löggjafarvaldið yfirráðin yfir því,

Framsm. taldi það vera undarlegt að vera að koma fram með þessa till. nú, þegar einmitt væri verið að fara fram á, að auka verksvið Ræktunarsjóðsins

Þetta er því að eins undarlegt, að aukning verksviðs Ræktunarsjóðsins, í þeim mæli, er frv. fyrirhugar, sje svo nauðsynleg, að aðrar þarfir landsins, sem fje þarf til að leggja úr landssjóði, eigi með sjálfsögðu að sitja á hakanum. Þetta er allsendis ósannað. Aukning starfsviðsins getur og verið rjettmæt, en hitt getur sannarlega verið undir mati komið, hve mikið rjett er að auka sjóðinn þess vegna. Það getur verið ástæða til að auka sjóðinn, jafnvel á hverju þingi, með einhverri ákveðinni upphæð, en hitt getur eigi verið rjett, að gjöra það svona alveg út í bláinn.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Breyt.till. á þgskj. 200 stendur í sambandi við þá breyt.till. nefndarinnar, að nema burt 6. gr. frumv. Verði sú breyt.till. nefndarinnar felld, svo að 6. gr. standi, tek jeg aptur mína br.-tillögu. Hún fer fram á líkt og 6. gr., sem sje að gangi jörð úr sjálfsábúð áður en kaupverðið er að fullu greitt, þá sjeu eptirstöðvar jarðarverðsins þegar fallnar í gjalddaga.

Jeg skil þetta ákvæði eins og frmsm. (Ó. Br.), að það sje ekki bein skylda veðhafa að ganga eptir greiðslu þessara eptirstöðva; geti verið stundum sjerstakar ástæður fyrir hendi, að lofa láninu samt að standa, eins og t. d. þegar varðveita á jörðina handa ómyndugum börnum.

Úr því jeg nú tók til máls um þessa tillögu, vildi jeg jafnframt beina máli mínu að breyt.till. hv. þm. Vestm. (J. M.) á þgskj. 164. Sú breyt.till. er æði þýðingarmikil, þar sem hún vill alveg taka fyrir vöxt og viðgang Ræktunarsjóðsins.

Jeg leyfi mjer að taka undir með háttv. framsm. — og háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefur reyndar játað það sjálfur — að ekki sje rjett að miða við

Ræktunarsjóðinn í þeirri mynd, sem hann var upphaflega eða við það, hvernig hann var stofnaður. Hann var stofnaður með svo litlu fje, að hann var aðallega ætlaður til verðlauna útbýtinga. Nú liggur aptur á móti fyrir þinginu að breyta Ræktunarsjóðnum og enda gjörbreyta honum. Það á nú sjerstaklega að verja honum til þess, að hjálpa mönnum til sjálfsábúðar og til þess, að koma upp smærri grasbýlum, og þegar litið er á, hvað aðrar þjóðir hafa varið miklu fje til þessa og talið það miklar landsframfarir, mun ekki veita af, að Ræktunarsjóðurinn, sem einmitt er ætlaður til þessa hjá oss, eflist sem mest.

Eins og kunnugt er, veittu Danir 1899 10 milj. til þessa, með lögunum um grasbýlakaup, handa efnalitlum landyrkendum, og við þetta hefur verið aukið síðar. Upphæðin, sem upprunalega var ætluð hverjum lántakanda, var 3,600 kr., en hún hefur líka verið færð upp síðan. Nauðsynin er nú ekki minni hjá okkur en í öðrum löndum á því, að koma upp smáum sjálfseignarbýlum, og langtum meiri en víðast annarsstaðar að hjálpa mönnum til sjálfsábúðar.

Hitt er sjálfgefið, að þingið getur breytt svo lögum sjóðsins, að hann komist undir fastari yfirráð þings og stjórnar.

Það væri mjög slæmt tákn tímanna, ef þingið sæi ekki þörf á ræktun landsins, og kippti nú að sjer hendinni, og vildi eigi bæta kjör þeirra manna, sem neyðast til að flytja úr sveitunum, af því þeir fá enga hjálp til að verða þar að sjálfstæðum mönnum. Mjer er þetta kunnugra en mörgum öðrnm háttv. þingdeildarmönnum, hvernig menn flýja úr sveitunum hingað til bæjarins, af því að þeir geta ekki stofnað heimili í sveitunum; til þess þarf þó dálítið handa á milli, en í Reykjavík og kaupstöðunum þurfa þeir ekki annað en kaffiketilinn. Jeg vona nú, að þar sem frændþjóðir vorar með stórkostlegum fjárframlögum hafa viðurkennt þörfina á að fjölga ræktuðum sjálfseignum og halda mönnum til sveita, að þing vort girði ekki fyrir þessa viðleitni hjá oss, með því að kippa fótunum undan sjóði þeim, sem til þess er ætlaður.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Aðalformælendur þessa frv., háttv. framsm. nefndarinnar og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), hafa lagt áherzlu á, að það mundi vera einn hinn bezti vegur til að auka ræktun landsins, ef fjölgað væri sjálfseignar-grasbýlum á landinu.

En þá vildi jeg spyrja: hvað það er í þessu frumv., sem gjörir mönnum hægra fyrir að koma upp smágrasbýlum, sem gjörir það mögulegt fyrir landsstjórnina að sjá um, að jörðin komist í hendur sjálfstæðra smáeignabænda og að smásjálfseignargrasbýli myndist í landinu? Jeg finn það hvergi í frumv., en jeg verð að taka það fram, eins og jeg hef gjört áður, að þetta ætti að vera miklu hægra, þegar þjóðfjelagið sjálft á jarðirnar. Aptur á móti virðist mjer örðugt, að koma því til leiðar, þar sem öllum er gefinn kostur á að kaupa jarðirnar; því hvernig er hægt að koma því til leiðar, að þeir, sem nú kaupa jarðirnar, noti þær undir smágrasbýli. Hver sú jörð, sem er seld einstökum manni, gengur þegar undan yfirráðum hins opinbera, og sá, sem kaupir, getur okrað á jörðinni, farið með hana eptir vild sinni og þannig girt fyrir tilgang frumv., eins og hann á að vera. Þetta er eitt af aðalatriðunum á móti framv. Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 200, þá vildi jeg vekja máls á þeirri spurn-

ingu, hvort sá, sem kaupir jörð, er landssjóðurinn áður hefur selt ábúanda, og sem ekki er búið að borga að fullu, þá fær rjettindi hins fyrri kaupanda með borgunarfrest, vaxtagreiðslu og afborgun. Jeg vildi gjarnan fá að vita, hvaða regla gildir um þetta nú, og hvort breyt.till. ekki er óþörf.

Þegar við framh. 1. umr. tók jeg fram, að jeg gæti ekki verið málinu meðmæltur, eins og það þá lá fyrir, og jeg stend enn í sömu sporum með ráðinn hug og í fullri alvöru, jeg er enn á móti því. Jeg færði það til þá: í fyrsta lagi að efni frumv. væri ekki gagnlegt, og í öðru lagi, að öll meðferð málsins hefði sýnt, að hugsanir og skoðanir manna um það væru enn mjög á reiki. Nú hefur margt og mikið verið sagt um málið síðan hjer í deildinni, og ef það hefði getað sýnt mjer fram á, að skoðun mín hefði ekki verið rjett, hefði jeg auðvitað látið sannfærast. Það er ekki af neinni þrákelkni eða þverlyndi, að jeg er enn á sama máli sem fyr, en það, sem sagt hefur verið um málið, hefur styrkt mig í þeirri trú, að það sje enn ekki svo vel undirbúið, að rjett sje, að það verði að lögum.

Háttv. framsm. (Ó. Br.) sagði eitt orð um þetta mál, sem jeg festi hjá mjer, við 2. umr. málsins. Hann sagði, að *annar* aðaltilgangur þjóðjarðasölunnar væri ræktun landsins.

Áður hafði mjer skilizt svo, og enn fæ jeg ekki betur sjeð, en að þeir, sem fylgja málinu, álíti aðaltilgang frumv., að styðja að því, að rækta, bæta og fegra landið. Og mjer skilst, að háttv. fylgismenn frumv. vilji ná þessum aðaltilgangi með því að selja jarðirnar einstökum mönnum, svo þeir eigi kost á að rækta þær eins og þeir vilja og geta. Salan er vegurinn til að ná markinu: meiri ræktun landsins. Jeg vildi benda á þetta, þótt það hafi ekki mikla þýðingu fyrir málefnið sjálft. En það sýnir, að jafnvel háttv. framsm., sem einna mest og lengst hefur um þetta mál fjallað, er þó ekki enn búinn að glöggva sig til fulls á því. Og jeg bið háttv. framsm. að fyrirgefa, þó jeg segi það, að mjer hefði þótt mjög vænt um, ef hann hefði beitt sama skarpleik í þessu máli, eins og hann gjörði í öðru máli, sem var til meðferðar hjer í deildinni fyrir 2—3 dögum.

Auðsjáanlega fara ýmsar þær tillögur, sem komið hafa fram, gjörsamlega fram hjá aðaltilganginum: ræktun landsins. Eða hvað höfðu t. d. sumar till. háttv. 2. þm. Rvk (G. B.) með ræktun landsins að gjöra? Það eflir þó sannarlega ekki ræktun landsins, að ginna bændur til að verja fje sínu og kröptum til að borga óræktaða moldina, og láta svo verja þessu sama fje til að byggja hafnir og vita, eins og háttv. 2. þm. Rvk (G. B.) þó taldi rjett vera.

Jeg vil leyfa mjer að minnast á eitt atriði, sem hæstv. ráðh. tók fram við framh. 1. umr. Hann vildi þá sanna nauðsyn og nytsemi þjóðjarðasölunnar, til að vekja eigandatilfinningu manna með lítilli og laglegri sögu. Jeg hef alls ekki á móti því, að eigandatilfinningin sje góð til að knýja menn til að starfa að ræktun landsins. En þrátt fyrir það hef jeg ekki sannfærzt á því enn, að salan sje heppilegri, en sú aðferð, sem jeg benti á, til þess að ná að þessu marki. Sagan, sem hæstv. táðh. sagði, var um barn, sem þótti vænt um rúmið sitt, vildi sofa í því og prýða það, af því að því var *talin trú* um, að það ætti það sjálft.

Þessi saga hins hæstv. ráðh. sannfærði ekki mig um það, er ætlazt var til, að þetta frumv. væri heppilegt. En

hún er samt allvel eigandi við hjer sem dæmisaga. Ábúendum *er talin trú um,* að þeir kaupi jarðirnar, sjeu eigendur þeirra, jafnvel þótt mjög litlar líkur sjeu til, að þeim endist aldur og þróttur til að borga þær til fulls. Þetta á að gróðursetja eiganda tilfinninguna hjá þeim eins og hjá barninu. Hvorttveggja er nú samt blekking ein. Mundi ekki vakna eins heit og eins endingargóð eigandatilfinning hjá ábúanda, ef hann fengi áreiðanlega lögtryggða vissu fyrir því, að sjerhverjar verulegar bætur, er hann gjörði á jörðinni, væru í raun og veru hans eign, sem hann stæði í engri skuld við landssjóðinn fyrir? Jú, vissulega. Bændur eru ekki börn.

Eitt enn, sem sýnir allra gleggst, hvað allt er mjög á reiki um þetta mál, er það, að sjálf nefndin kemur nú við 3. umr. fram með tillögu um, að fella burt 6. gr. frumv., einmitt þá einu greinina, sem að mínu áliti gefur nokkra tryggingu fyrir því, að frv. verði að tilætluðum notum, að það styrki og tryggi verulega sjálfsábúðina.

Við 2. umr. sagði háttv. þm. Bgf. (Þórh. B.), sem er formaður millinefndarinnar, formaður Búnaðarfjelags Íslands, og vafalaust hefur flestum mönnum meira fjallað um þetta mál: »Ef við missum tækifærið til að samþykkja þetta frumvarp á þessu þingi, þá er ekki seinna vænna«. Jeg tek orðin eins og þau eru töluð: Ef við missum tækifærið til að koma þessum lögum á nú, meðan málið er á þessu stigi, þá er ekkert víst, að menn vilji hafa þau, þegar þingið og þjóðin hefur áttað sig betur á öllu saman. Nei, það er alls ekki víst. Mjer þykir það mjög óliklegt. Og einnig frá þessu sjónarmiði er ekki rjett að gjöra þetta að lögum nú. Jeg vona því, að menn sjái, að jeg hef góðar ástæður og gildar frá mínu sjónarmiði til að greiða atkvæði á móti frumv., og það mun jeg heldur ekki hika við að gjöra.

Jeg vil að síðustu drepa á eitt atriði, sem varla hefur bólað á við þessar umræður, en sem vakir fyrir mjer og jeg vona fleirum háttv. þingdeildarmönnum. Þegar hugmyndir manna um nýtt og betra þjóðfjelagsskipulag skýrast, og þær kröfur rísa, sem enn eru ungar eða ófæddar, en sem munu brátt dafna og þroskast, þá getur vel farið svo, að menn finni allsárt til þess, að hjer hafi verið settur erfiður Þrándur í Götu eðlilegrar framþróunar og æskilegs þroska þjóðfjelagsins.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Af því mál þetta er svo mikilsvert fyrir framþróun landbúnaðarins, finnst mjer rjett, að það sje rætt ýtarlega, og jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um það. Jeg er nú sem áður sannfærðnr um, að sjálfsábúð er hið fyrsta skilyrði fyrir framför og efling landbúnaðarins, og mjer finnst þessvegna, að nauðsynlegt sje, að vinna og styðja að því marki, að sem flestir bændur sætu á sínum eigin eignum.

Við 1. umr. þessa máls kom sú mótbára fram gegn þjóðjarðasölunni, að kaupandinn yrði að verja svo miklu fje til útborgunar fyrir jörðina, að hann vegna fjeleysis hefði þá engin ráð á, að gjöra á henni nokkrar verulegar bætur. Þetta hygg jeg, að sje mjög lítil ástæða að óttast. Því eins og frumv. ber með sjer, er það að eins 1/10 hluti af jarðarverðinu, sem á að borgast strax og kaupin eru gjörð, og jeg get ekki skilið, að sú gjaldgreiðsla gæti orðið því valdandi, að engar jarðabætur gætu átt sjer stað. Þegar ábúandi hefur sjálfur yndi af og áhuga á að bæta jörðina, þá mun það hafa meira að segja í framtaks-

og framfaraáttina, en lítil fjáruppbæð. Það er deginum ljósara, og það getur hver sá sjeð, sem kynnir sjer ástandið hjer í landi, að það er ekki fjármagnið eitt, sem aðallega skapar jörðina eða umbætur á henni, heldur miklu fremur bóndans starfandi hönd. Auk þess er vert, að taka eptir því, að þessir $^{9}/_{10}$ hlutar jarðarverðsins, sem menn mega borga á 28 árum, munu jafnaðarlega verða litlu meira fje, en afgjald jarðarinnar yfir þessi 28 ár.

Jeg hef haft sjerstaklega tækifæri á að kynnast þeim 2 hreppum í Norðurlandi, þar sem jarðabætur eru einna mest stundaðar, og þar kemur það glöggt í ljós, að sjálfseignarbændur vinna mest að jarðabótum yfirleitt, og er það ekki ríkidæmi þeirra að þakka, heldur áhuga. Skal jeg leyfa mjer í því sambandi að benda á fátækan fjölskyldubónda, sem hefur unnið nær 2 hundruð dagsverk að jarðabótum árlega nú nokkur undanfarin ár, og það mundi víst enginn fátækur leiguliði hafa gjört, sem heldur ekki er hægt að búast við. Þetta dæmi og mörg fleiri, er jeg gæti nefnt, sýna það, svo ekki verður á móti mælt, hve miklum áhuga og framtaki sjálfsábúðin getur komið til leiðar.

Það hefur einnig verið sagt, að eptirlit með jörðunum frá hálfu þjóðfjelagsins tapaðist við þjóðjarðasöluna. En hvernig er nú það eptirlit? Umboðsmenn allflestir líta máske yfir jarðirnar einu sinni á ári, en sumir þeirra hafa sára litla þekkingu á því, sem þeir eiga að sjá um, að jörðunum sje gjört til bóta. Það liggur því í augum uppi, að þegar jarðabætur hvíla sem skyldukvöð á leiguliðunum, að þá er allopt fremur hugsað um að fullnægja þeirri áskildu mælingu, en því að jarðabótin sje til frambúðar. Með sjálfsábúðinni fæst mjög mikilsverð trygging fyrir því, að jarðabæturnar verði yfirleitt betur unnar.

Það hefur enn fremur verið færð sú ástæða á móti þessu frumv., að ábúðarkjör leiguliða á þjóðjörðum væru miklu betri, en ábúðarkjör annara leiguliða, og skal því ekki neitað, en það sannar ekkert annað en það, að kjör leigulíða eru ekki svo góð, og verða ekki svo bætt, að þeir óski ekki miklu fremur, að eiga sínar ábúðarjarðir, enda mundu slík leiguliða kjör — að minni hyggju — vera öldungis óeðlileg, og ekki sjáanlegt, að landssjóði mundi hagfelt að eiga jarðirnar, þegar svo væri komið.

Nú liggja fyrir þinginu mjög margar beiðnir frá landsetum þjóðjarða um kaup á sínum ábýlum, og að því sem mjer er kunnugt, eru það bændur, sem hafa mikinn áhuga á að bæta jarðirnar fyrir sig og sína afkomendur. Á nú þingið að neita þessum sanngjörnu og eðlilegu kröfum manna?

Jeg segi nei. Jeg fæ ekki sjeð ástæðuna fyrir því, ef menn nú leggja stein í veginn fyrir þetta mál enn þá einu sinni. Það fje, sem inn kemur fyrir jarðirnar, er alls ekki orðinn neinn eyðslueyrir, það gengur í Ræktunarsjóðinn, og ber óefað, samkvæmt tilgangi hans, margfalda vexti í efling landbúnaðarins og ræktun landsins.

Mjer finnst, að ábúendur eigi siðferðislega heimtingu á, að fá jarðirnar keyptar.

Það hefur enn fremur verið minnzt á, að einstakir menn mundu kaupa jarðir til að leigja út og græða á þeim. En nú á tímum sje jeg ekki, að mikil hvöt sje til þess að kaupa þannig jarðir í gróðraskyni, því það er sannarlega hægðarleikur, að ávaxta peninga sína betur á annan hátt; enda mætti hugsa sjer, að aukinn skattur væri

lagður á hverja þá fasteign, er ekki væri í sjálfsábúð, eður aðrar skyldur lagðar á landsdrottna, er gjörðu það ekkert gróðavænlegt að eiga meiri fasteignir, en nauðsynlegt væri til ábúðar, og í þessa átt vænti jeg eptir að ábúðarlöggjöfin breytist.

Hvað því viðvíkur, að ekki sje rjett að selja þessar jarðir, meðan ræktun landsins er svo skammt á veg komin; það sje betra að bíða eptir því, að ræktunin komist í betra horf, því að þá mundu jarðirnar vaxa í verði, þá finnst mjer þetta vera mikil fjarstæða. Hvað á lengi að bíða? Mjer finnst þvert á móti, að þjóðjarðarsalan sje bezti vegurinn til þess, að ræktun landsins aukist og blómgist.

Það er með öðrum orðum hvorki rjett eða sanngjarnt, að ætlast til þess af leiguliðanum, að hann rækti og bæti jörðina eins og ef hún væri hans eign.

Okkur er það kunnugt, að nágrannaþjóðirnar hafa haft nefndir til að íhuga þetta mál, og þær hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri að selja jarðirnar. (*Jón Jónsson:* Það hefur líka verið tekið tillit þess, hvað þessar nefndir hafa sagt.). Þm. vill máske skýra frá, á hvern hátt það hefur verið gjört. Ein till. hefur komið fram um að láta andvirði jarðanna ganga í Viðlagasjóð. Jeg er alveg mótfallinn þessari till. Jeg ætla, að Ræktunarsjóðurinn eigi enn svo langt í land að ná fullkomlega tilgangi sínum, að ekki sje rjett að hepta hann enn meir. Þeir menn, sem koma með þessa till., sjá sannarlega ekki, hversu mikið og veglegt starf Ræktunarsjóðurinn hefur að vinna fyrir hina íslenzku þjóð.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Við 2. umr. þessa máls leyfði jeg mjer að koma fram með ýmsar breytingartill. við þetta frumv., en það var ráðizt á þær af stuðningsmönnum frumv., og þær fjellu við lítinn orðstí. En það er eins og menn hafi síðan vaknað til umhugsunar um þetta mál, því líkast sem samvizka þeirra hafi vaknað. Við 3. umr. eru nú komnar allmargar breytingar og sumar þeirra eru frá nefndinni, já, og svo kveður rammt að, að hin háttv. nefnd hefur nú tekið eina af mínum breytingartill. upp, sem hún drap eða hjálpaði til að drepa við 2. umr.; það er sú breytingartill., að 6. gr. frumv. skuli falla burt.

Jeg verð að taka undir það með háttv. þm. Sfjk. (J. J.), að málið er ekki fullhugsað; en jeg verð líka að álíta, að málið sje ekki heldur fullhugsað hjá hinum háttv. þm. sjálfum. Hann hefur bent á mótsagnir og sagt, að forkólfar þessa máls vildu efla ræktun jarðanna, en þó selja þær án eptirlits; þeir vildu annarsvegar fjölga grasbýlum og hinsvegar selja þjóðjarðirnar, sleppa færinu á að skipta þeim sundur í smágrasbýli. Þetta er rjett athugað. En mjer skilzt sem hinn háttv. þm. sje ósamþykkur sjálfum sjer, þar sem hann vill fjölga grasbýlunum, en var þó með því við 2. umr., að selja jarðirnar á erfðafestu.

Sami háttv. þm. sagði í ræðu sinni, að jeg væri með breytingartill. mínum ósamþykkur aðaltilgangi frumv., að efla ræktun landsins, af því að jeg vildi nota verð jarðanna til þess að byggja vita og hafnir. En breytingartill. mín gekk ekki út á, að verja *öllu* andvirðinu til vita- og hafnabygginga. (*Jón Jónsson:* Það er samt sem áður skerðing). Jeg lýsti því þá yfir, að þýðingarmesti tilgangur frumv. væri að efla sjálfsábúð í landinu, og tjáði mig því samþykkan sölu þjóðjarðanna. En eitt er að vilja styðja að ræktun landsins og annað hitt,

hvort rjett sje að verja *öllu* andvirði þjóðjarðanna til þeirra hluta. Því að þó jeg ekki vilji láta verja öllu andvirðinu einmitt til þessa, heldur *líka* til annara fyrirtækja, þá get jeg ekki sjeð, að jeg þessvegna sje ósamþykkur aðaltilgangi frumv.

Háttv. þm. Sfjk. hafði upp orð eptir háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), sem jeg líka hef tekið eptir, en jeg er hræddur um, að jeg leggi annan skilning í þau, en háttv. þm. Sfjk.

Háttv, þm. Borgf. sagði, að ef mál þetta næði ekki fram að ganga á þessu þingi, þá væri ekki víst, að færi gæfist seinna.

Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) segist ekki vera í neinum efa um, ef frumv. ekki verði samþykkt nú, þá nái það ekki seinna fram að ganga; jeg efast nú ekki um, að þjóðjarðasala verði samþykkt seinna, þó að þetta frumv. nái ekki samþykki nú; en jeg efast mikillega um, hvort menn síðarmeir fallast á, að allt andvirði jarðanna skuli renna í Ræktunarsjóðinn, ef færi missist á þessu þingi.

Þingið á eptir þessu frumv. að afsala sjer öllum yfirráðum yfir andvirði jarðanna í hendur Landbúnaðarfjelagi Íslands og lofa því að ráðstafa öllu fjenu, yfir 1 milljón, eins og því bezt sýnist.

Þetta hefur hinn háttv. þm. Vestm. (J. M.) svo ljóslega sýnt í ræðu sinni við þessa umr., og það er þetta ákvæði, sem jeg efast um, að yrði samþ. á komandi þingum. Að mínu áliti er það hið mesta óráð af þinginu, að afsala sjer öldungis öllum yfirráðum yfir andvirði þjóðjarðanna og verja því öllu til eins og sama augnamiðs.

Það er margt annað, sem þarf að gjöra í þessu landi en það eitt, að rækta það; meira að segja þarfnast sveitabóndinn líka sjálfur margs annars. Mjer finnst menn einblína of mikið á þetta eina atriði — ræktunina. Það er því engin furða, þó menn vilji nota færið nú á þessu þingi til að hremma þennan feng, því að síðar mundi það naumast takast. Ef þingið og þjóðin fær betur að átta sig á þessu, þá mun það koma í ljós, að þetta ákvæði er bæði óhæfilegt og ópraktiskt.

Ráðherrann: Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) gjörði fyrirspurn um það, hvort það væri lög eða venja að andvirði seldra þjóðjarða fjelli í gjalddaga, þegar jörðin gengi úr sjálfsábúð.

Hjer til er því að svara, að það leiðir af almennum lagareglum, að þegar maður, sem keypt hefur þjóðjörð og veðsett hana landssjóði fyrir eptirstöðvum andvirðis, selur hana öðrum, þá er það á landstjórnarinnar valdi, hvort hún tekur hinn nýja kaupanda gildan sem »debitor«, og lofar láninu að standa. En til hins eru engin lög nje venja, að andvirði þjóðjarða falli í gjalddaga fyrir það, þótt kaupandi flytji sig af jörðinni, ef hún er ekki seld öðrum, og skuldunautur stendur í skilum eptir samningnum. Jeg álít því mjög heppilegt, að ákvæði um þetta sje sett í lögin. Það gjörir erfiðara fyrir, að selja öðrum en þeim, sem taka vill jörðina til sjálfsábúðar.

Háttv. þm. gat þess, að það væri ekki af þrákelkni, heldur vegna þeirra röksemda, sem hann hefði fært gegn frumv., að hann væri því mótfallinn. Þetta hefði hann ekki þurft að taka fram. Mótspyrna hans er eðlileg frá sjónarmiði þeirra skoðana, sem hann hefur á jarðeign yfir höfuð. Hún er sprottin af öðrum sósialpólitiskum skoðunum en þeim, sem lög vor byggjast á.

En meðan það er lög í landi, að einstaklingar geti átt jarðeignir, — og sú

stefna á væntanlega langt í land, að hið opinbera skoðist sem eigandi allra jarða, — finnst mjer tilgangslaust, að láta þessa fáu þjóðjarðalandseta, sem vilja eignast ábýli sín, gjalda þess, að Henry George hefur komið fram með »*theoríur*« sínar. Þjóðjarðirnar eru fáar í samanburði við allar jarðeignirnar á landinu. — Það verður að miða við það »sóciala« ástand, sem er, og þær eignarrjettarreglur, sem viðurkenndar eru; haga sjer eptir því sem er heppilegast og affarasælast, eptir því sem nú hagar til.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) gekk út frá því, að Búnaðarfjelagið hefði öll umráð yfir Ræktunarsjóðnum; en það er ekki rjett; það er landsstjórnin, sem hefur yfirráðin. Annars er einmitt tækifæri fyrir þá háttv. þm. sem eru óánægðir með stjórn Ræktunarsjóðsins eða verksvið hans, að koma hugmyndum sínum að, þegar næsta mál á dagskrá verður tekið fyrir.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Af því að þetta er 3. umr., vildi jeg að eins með fáum orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Þegar jeg las tillögur milliþinganefndarinnar í þessu máli, ásetti jeg mjer, að fylgja frumv. hennar, enda þótt mjer þætti frumv. veita stjórninni helzt til mikið vald, að því er sölu þjóðjarðanna snerti; en jeg ásetti mjer, að sætta mig við þetta vegna þess, að söluheimildin náði þar einnig til kirkjujarðanna, og jeg álít meiri þörf á því, að koma kirkjujörðunum í sjálfsábúð, en þjóðjörðunum, af því að þær eru opt byggðar með mjög óaðgengilegum skilmálum. Þjóðjarðir eru á hinn bóginn almennt byggðar gegn mjög vægri leigu, en prestar nota opt rjett sinn til þess að gjöra ábúendum á kirkjujörðunum mjög slæma kosti. Jeg vil taka til dæmis prestinn á Stað í Grunnavík. Hann byggir enga jörð nema með ákveðnum kvöðum; leiguliðinn verður annaðhvort, að vera formaður á útveg hans eða í sameign við hann um útveg, eða að minnsta kosti að róa á útveg hans, ef hann ekki er til annars nýtur.

Mönnum kann að þykja þetta ótrúlegt, en það er nú samt satt, og líkt þessu munu fleiri prestar fara að, þó að ýmsar heiðarlegar undantekningar eigi sjer auðvitað stað.

Nú hefur háttv. stjórn undanskilið kirkjujarðirnar. og jeg er þess vegna frumv. mótfallinn, og er það meðal annars af því, að mjer finnst stjórninni veitt allt of mikið vald samkvæmt 15. gr. frumv. Samkvæmt þessari grein getur stjórnin, ef hún er sölunni mótfallin, sprengt upp verðið á jörðunni eptir vild sinni, og þannig gjört mönnum ómögulegt að kaupa. Það fer svo fjarri, að lög þessi verði til þess, að flýta fyrir þjóðjarðasölunni, að þau gætu þvert á móti orðið slæmur þröskuldur í veginum.

Jeg skal ennfremur minnast á eitt atriði í 18. gr. Þar stendur, að ef ábúandi vill fá jörðina keypta, en kaupin ekki ganga saman, þá skuli hann þó greiða allan kostnað við matið. Það væri rjettara, að hann greiddi kostnaðinn þá að eins, er af kaupunum verður.

Mjer finnst og, að gefa ætti kaupendum betri kjör, en í frumv. er ákveðið, fyrst tilgangurinn er, að gjöra mönnum hægt um hönd. Hagur bænda er almennt ekki svo góður, að þeim sje það kleift, að greiða andvirðið á 28 árum. Jeg þekki marga, sem hafa ráðizt í það, að kaupa þjóðjörðina, sem þeir hafa búið á, og hafa ekki getað staðið í skilum, þar sem all-titt

er, að menn verða að taka lán, til þess að borga þann hlutann, sem á að borgast fyrirfram, og verða þá að keppast við, að borga það, auk árgjaldsins til landssjóðsins. Og þó menn nú geti marið það af, að greiða jarðarverðið, eru ekki líkur til þess, að þeir hafi mikið aflögum, til þess að bæta jarðirnar með, allra-sízt fyrstu árin; en endurbót jarðanna er þó aðal-atriðið, sem mestu varðar, og því er nauðsynlegt, að borgunarskilmálarnir sjeu miklu vægari, en frumv. fer fram á.

Breyt.till. á þgskj. 164 er jeg mótfallinn, því að jeg álít, að Ræktunarsjóðnrinn sje svo þarfur og hafi svo stórt verksvið, að það sje ekki rjett, að kippa að sjer hendinni nú.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj., 174, að 6, gr. falli burt, samþ. með 15 atkv. gegn 6.

Viðaukatill. á þgskj. 200 við 14. gr. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þgskj. 203 við 15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 164 (ný 18. gr.) felld með 16 atkv. gegn 7.

Frumv. samþ. með 15 atkv. gegn 9 og sendist forseta Ed.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A. 220).

Björn M. Ólsen (3. kgk.). Af því að þetta mál er svo skylt frumv. um forkaupsrjett leiguliða, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að því, að loknum umr., verði vísað til nefndarinnar í því máli.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á sjerstakri 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um sjerstaka nefnd felld með 7 gegn 5.

Till. um að vísa málinu til nefndarinnar í málinu um forkaupsrjett leiguliða samþ. með 8 atkv. gegn 2.

A 40. fundi Ed., föstudaginn 18. ágúst, kom frv. til 2. umr. (A. 220, 413).

Framsögumaður, Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strandm.): Þetta mál er ekki nýtt; það hefur verið hjer til meðferðar í undanfarin 20 ár, en þess ber þó að geta, að að eins á 3 þingum hefur það komið fram í því formi, sem það nú er í. En annars hefur vanalega verið að ræða um að selja nokkrar ákveðnar jarðir með ákveðnu verði. Mótspyrnan á móti þjóðjarðasölunni hefur alltaf verið töluverð, en meiri auðvitað á móti því að selja allar þjóðjarðir, en einstakar. Nefndin, sem hefur íhugað þetta mál, álítur, að það geti ekki verið aðalatriðið, að selja nokkrar ákveðnar jarðir með ákveðnu verði, en að rjettasl sje, að gefa stjórninni heimild, einu sinni fyrir allt, til að selja allar jarðirnar, heimild, sem auðvitað sje bundin vissum nákvæmum skilyrðum. Þess ber að gæta, að þinginu hefur opt skjátlazt við sölu hinna einstöku jarða. Stundum hafa þær verið seldar fyrir alltof lítið verð, en stundum við alltof háu verði. Þetta er mjög eðlilegt, því þingið hefur ekki haft tíma til að rannsaka afstöðu hverrar jarðar svo nákvæmlega, enda málin opt ekki nógu vel undirbúin. Ef stjórninni aptur á móti væri gefin heimild til að selja jarðirnar, þá mundi hún geta íhugað málið betur. Jeg skal taka það fram, að mótspyrnan gegn þjóðjarðasölunni er engan veginn gripin úr lausu lopti, og jeg fyrir mitt leyti var áður á móti þjóðjarðasölunni. Því hefur verið haldið fram, að landssjóður væri bezti landsdrottinn. Þessu hef jeg alltaf játað. Og

ef hægt væri, að flokka jarðirnar niður, og selja þær eptir því, þá væri eðlilegast, að selja fyrst þær jarðirnar, þar sem lökustu landsdrottnarnir væru. Eptir því mundu landssjóðsjarðirnar verða seldar seinast, en prívat jarðirnar fyrst. En löggjöfin getur nú ekki almennt skyldað prívatmenn til að selja sínar jarðir, en öðru máli er auðvitað að gegna með kirkjujarðir, því þær heyra að nokkru leyti undir umboðsstjórnina. Ef nú þingið er komið að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að auka sjálfsábúð í landinu, þá er mjög óeðlilegt, að löggjafarvaldið bindi sjálfsábúðina á þeim jörðum, sem þingið á yfir að ráða. Og þó sumir hafi haldið því fram, að leiguliðaábúð, sjerstaklega á svona jörðum, væri svo góð, þá ber þó að gæta þess, að leiguliðaábúðin er alltaf langtum valtari, en sjálfseignarábúðin, enda lítið af lögum, sem tryggja rjett leiguliða.

Milliþinganefndin hefur líka gjört fyrirspurnir um óskir manna í þessa átt, og fengið mjög eindregin svör; allir hafa óskað eptir sjálfseignarábúðinni. Þetta leiðir af umbótunum, sem gjörðar eru á jörðunum. Ef slíkar umbætur eru gjörðar af leiguliða, þá má hann búast við, að fá sama sem ekkert fyrir þær, og afleiðingin af því verður auðvitað opt, að hann leggur sig ekki í neina framkróka með að gjöra slíkar jarðabætur. En allir sjá, hve skaðlegt þetta er fyrir landbúnaðinn. Eigi maðurinn aptur jörðina sjálfur, þá veit hann, að hverju hann gengur, og mun fljótt reka sig á, að jarðabæturnar borga sig margfaldlega. Lög Ræktunarsjóðsins og fleira styður nú líka að því, að mikið hægra er nú en áður að verða sjálfseignarbóndi, sjerstaklega ef veltufjeð yrði meira. Nú verður líka að gæta þess. að bankarnir lána með miklu betri kjörum en áður; þannig er hægt í veðdeildinni að lána að minnsta kosti helming út á jarðeignir, og svo má fá viðbót hjá Ræktunarsjóðnum. Og sjálfsagt væri hægt, að finna meðal til þess, að hægt væri jafnvel að lána allt jarðarverðið. Það væri þó ærinn munur fyrir kaupandann, ef hann ef til vill með lítið hærri fjárupphæð en leigunum, sem hann mátti borga áður sem leiguliði, gæti smátt og smátt borgað bæði vexti og afborganir af láninu. Þá voru það ein mótmæli á móti þjóðjarðasölunni, að það mundi verða fenginn leppur til að kaupa þær. Jeg veit, að þetta gæti komið fyrir, og hefur komið fyrir. En nú er hættan ekki nærri eins mikil á þessu, því peningasakir vorar eru komnar í þær horfur, að það borgar sig naumast að kaupa jarðir til að leigja þær út. Það er mikið praktískara og mikið fyrirhafnarminna að kaupa sjer bankavaxtabrjef og hafa $4^1/_2{}^0/_0$ af þeim. Einkum og sjer í lagi þegar tekið er tillit til þess, að landsdrottinn má allt af búast við, að hann geti ekki fengið leiguliða á jörðina, eða að minnsta kosti ekki leiguliða, sem hann treystir nógu vel. Honum gæti jafnvel orðið byrði af jörðinni.

Jeg get borið um það með nokkurri reynslu, að ekki borgar sig að kaupa jarðir til að leigja þær út. Þannig veit jeg t. d., að eigandi þeirrar jarðar, sem jeg bý á, mundi hafa 150 kr. vexti af jarðarverðinu, en nú fær hann ekki nema um helming eða c. 75 kr. nettó upp úr jörðinni á ári. Þegar litið er á allt þetta, þá fæ jeg ekki sjeð, að meiri hætta sje á því, að leppar verði hafðir til að kaupa þessar jarðir. Því eins og stendur borga jarðirnar sig ekki fyrir aðra en þá, sem geta

setið á þeim. Enn fremur hafa menn fært á móti þjóðjarðasölunni, að þó þjóðjarðirnar fyrst um sinn yrðu sjálfseignir, þá mundi það að eins verða millibilsástand. Jarðirnar mundu færast yfir á færri hendur, og leiguliðaábúðin brátt aptur færast í vöxt.

Auðvitað játa jeg, að það gæti komið fyrir, að sumar jarðirnar yrðu aptur leiguliðaábúðir, en þegar tekið er tillit til þess, hvað óskirnar eru orðnar ríkar eptir að eiga býlið sitt sjálfur, og ennfremur til þeirra laga, sem nú eru á ferðinni, t. d. um forkaupsrjett leiguliða o. s. frv., þá virðist mjer allt benda á, að ekki sje mikil hætta á að aptur reki í leiguliðahorfið. Sem sagt, auðvitað gæti það komið fyrir, ef einhver deyr af jörðinni, að annar en ábúandi kaupi, en ekki mundi líða á löngu áður en hann reyndi að ná í jörðina sjálfur. Jeg held að enginn vafi leiki á því, að almenn sjálfseignarábúð mundi verða aðalhyrningarsteinninn undir framtíð þessa lands. Vjer höfum líka reynsluna fyrir oss annars staðar frá t. d. í Danmörku. Það er viðurkennt, að einmitt sjálfseignarábúðin hafi mest og bezt stutt að blómgun danska landbúnaðarins. Sjálfseignarábúðin mundi framleiða kröptugri syni, með kröptugri trú á framtíð landsins. Jeg skal svo ekki tala meira um málið í heild sinni, en snúa mjer að breyt.till.

1. breyt.till. er við 3. gr. Í 3. gr. er talað um, að þegar þjóðjörð er seld skuli ávallt undanskilja náma, sem kynnu að vera í jörðinni. Nefndin álítur rjett að taka það fram, að ef námar finnast og verða brúkaðir, þá skuli eigandi jarðarinnar eiga rjett á, að heimta fullar bætur eptir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðusla, sem það kynni að hafa í för með sjer. 2. breyt.till. við 7. gr. miðar til að gefa fastar reglur um, hvernig jarðabætur þær, sem eru umtalaðar í gr., eigi að mælast. Það þarf að vera einhver fastur mælikvarði, og nefndin hefur álitið heppilegast, að þessi jarðabótakvöð væri mæld í dagsverkum, en hvert dagsverk skal jafngilda 1 kr. 25 aurum. Það virðist engin ástæða til að meta dagsverkið á 2 kr. 50 aura. Því fyrir það fyrsta getur ábúandinn unnið þetta, þegar hann hefur beztan og heppilegastan tíma, og svo hefur hann notið gagnsemi af vinnunni.

3. breyt.till. við 8. gr. er að eins orðabreyting til skýringar. Það virðist rjett og er algjörlega sjálfsagt, að meta ekki aðrar jarðabætur, en þær sem leiguliðinn var skyldugur til að gjöra. Hinar hefur hann því að eins gjört, að hann áleit, að þær borguðu sig, og það virðist ekki nein ástæða að reikna honum fyrir þær. Ekki er heldur rjett, að meta fyrst allar jarðbæturnar, og svo þær, sem leiguliðinn ekki var skyldugur að gjöra. Því þó í fljótu bragði virðist svo sem sama mundi koma út, þá mundi þó ekki fást eins fastur og nákvæmur mælikvarði.

Jeg skal svo ekki tala meira um þetta mál að sinni; vona, að breyt.till. á frumv. verði vel tekið, og samþ. í háttv. deild.

Sigurður Jensson, (þm Barðstr.) Fyrir nokkrum dögum var háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) að afsaka millipinganefndina í landbúnaðarmálum fyrir það, að hún hefði eigi komið fram með frumv. til að tryggja rjettindi leiguliða eða um umbætur á ábúðarlögunum, en gat þess um leið, að sú nefnd hefði komið fram með önnur frumv., og nú væri að sjá, hvernig þau reyndust. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, er eitt af þeim, og gefur það stjórninni heimild til að selja þjóðjarðir án samþykkis þingsins. Reyndar hefur

frumv. tekið töluverðum breytingum í háttv. Nd., þar sem það ákvæði úr frumv. milliþinganefndarinnar er fellt úr, að jarðir hverfi aptur til landssjóðs, ef þær ganga úr sjálfsábúð, og eptir frumv. því, sem nú liggur fyrir, eru því meiri líkur til, að jarðir landssjóðs seljist bráðlega, svo að hann ef til vill eptir nokkur árabil eigi fáar eða engar jarðir. Nefnd sú, er hin háttv. deild hefur kosið til þess að íhuga þetta mál, hefur að mestu leyti fallizt á frumv. eins og það kom frá háttv. Nd.

Í nefndarálitinu eru færð ítarleg rök að því, að það muni verða afleiðing þessara laga, að sjálfsábúð muni aukast í landinu, og sömnleiðis að því, að sjálfsábúð sje nauðsynleg, og mjer dettur ekki í hug, að mæla á móti þessu. En það er sjerstaklega ein málsgrein í nefndarálitinu, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um.

Nefndin segir, að það sé fullkomlega víst, að allur fjöldinn af þeim, sem eru leiguliðar, mundu hiklaust leggja fram krapta sína til þess að bæta jarðir sínar, ef þeir væru sjálfseignarbændur, *eða þó ekki væri nema það, að þeir í raun og veru ættu umbæturnar sjálfir.* Það eru þessi orð í nefndarálitinu, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um, því að jeg hygg, að þetta sje aðalatriðið, þegar ræða er um framfarir í landbúnaðinum hjer á landi. Landbúnaðurinn tekur ekki neinum verulegum framförum fyr en hver og einn veit með vissu, hvort sem hann er eigandi jarðar eða leiguliði, að hann eigi allar umbætur sjálfur, er hann gjörir á jörð sinni. Það er í þá átt, sem ábúðarlöggjöfin þarf að breytast. Meðan ábúandinn hefur ekki fulla vissu fyrir því, að hann vinnur sjer, en ekki neinum óviðkomandi, þegar hann vinnur að því að bæta jörðina, þá dregur það úr framkvæmdum hans, og verulegar umbætur á jörðum verða að eins undantekning.

Það er að vísu satt, að það eru til undantekningar, að til eru þeir leiguliðar, sem gjöra ábýlum sínum mikið til góða, en jeg álít alveg víst, að þeir mundu hafa gjört miklu meir, ef þeir hefðu vitað fyrirfram, að þeir sjálfir fengu arðinn og ekki aðrir, og í annan stað eru þessir menn hreinustu undantekningar. Það þarf enginn að lifa lengi innan um bændur til að taka eptir því, hvað það er, sem dregur úr áhuganum hjá þeim til að gjöra jarðabætur, að það vantar þá hvötina, sem sterkust er, að þeir vinni í von um að uppskera laun vinnu sinnar. Nú segir nefndin í þessu máli, að bezti vegurinn til þess, að landið verði ræktað, sje sá, að selja jarðirnar ábúendum, því að þá sjeu þeir vissir um, að njóta verka sinna. En því miður, að kaupa ábýli sitt, það þýðir fyrir svo marga og flesta ábúendur sama sem að reita sig inn að skyrtunni til þess að borga vöxtu og afborganir, og geta svo engar umbætur gjört á jörðinni. Það er engin meining í því fyrir ábúanda, að kaupa ábýli sitt, nema hann ætli sjer að bæta jörðina, annars lendir allt í sama farinu með ræktun landsins. En hversu margir leiguliðar eru það nú, sem geta á sama tíma keypt og umbætt jörðina? Menn munu nú, ef til vill, vilja svara, að eptir frumv. þessu eigi kaupendur að fá góða borgunarskilmála, og jeg játa, að borgunarskilmálarnir eru góðir. En setjum svo, að bóndinn eigi engan höfuðstól, eins og víst er ekki óvenjulegt. Sje jörðin t. d. metin og seld á 3,000 kr., þá verðnr hann þó að borga fyrst að minnsta kosti 300 kr., og svo borga afganginn á 28 árum með 6%

vöxtum eða 162 kr. á ári í peningum í staðinn fyrir 130 kr. afgjald, sem hvíldi á jörðinni. Þetta er þó tilfinnanlegt fyrir efnalítinn mann að borga þetta hækkaða afgjald í 28 ár auk fyrstu afborgunar, og hann á ekki jörðina fyr en eptir mörg ár og getur ekki fengið lán út á hana. Það eru því líkindi til, að hann gjöri jörðinni lítið til góða fyrst framan af, og geti lítið annað en staðið í skilum. En tilgangurinn með að selja þjóðjarðirnar er víst sá, að jarðabætur verði meiri í landinu, en eigi að jarðirnar skipti um eiganda.

En setjum nú svo, að jarðir landssjóðs seljist og að nefndin fái hugsjónir sínar uppfylltar að meira eða minna leyti. Þá erum vjer aðeins búnir að koma litlum hluta af öllum jörðum á landinu í sjálfsábúð, og það þeim jörðum, sem allir telja bezt byggðar, þar sem beztur er landsdrottinn og þar sem sanngjarnastir eru söluskilmálarnir. Þá er sú þrautin eptir, sem verri er viðureignar, það er að útvega öðrum leiguliðum í landinu viðunanleg kjör. Ef vjer seljum þjóðjarðirnar, þá missum við það að geta haft þær til þess að finna út hinn hagkvæmasta leigumáta, leigumáta, sem jafnvel er betri en sjálfsábúð. Þjóðfjelagið er svo statt, að það getur verið góður landsdrottinn og ef það fær rentur af höfuðstól sínum, þá er það því nóg. Ef þjóðfjelagið fær 4% rentur af eignum sínum, þá er það því nóg, og það getur vel byggt jarðir sínar til 100—200 ára og jafnvel fyrir alla tíð, ef það á víst, að fá sínar rentur af andvirði þeirra, því að það má hvort sem er eigi eyða höfuðstólnum Hjer er því tækifærið til þess að finna út hina heppilegustu leiguaðferð, svo að bændur þurfi eigi að nota allt, sem þeir eiga til þess að kaupa jarðirnar. Landssjóður hefur ráð til að gjöra allt fyrir leiguliða sína, er geti verið þeim til hags, eins að hann fái sínar rentur; hann þarf ekki að ásælast þá eða að reyna að ná í það, sem þeir vinna jörðunum til umbóta. Hann getur látið sjer nægja, að ábúandi borgi afgjaldið, að frádregnum umboðslaunum, ef það er borgað í landssjóð á vissum tíma í peningum.

Landssjóður getur sett hvaða byggingarskilyrði, sem hann vill; hann getur t. d. látið ábúðarrjettinn ganga í arf, leyft ábúendum, að afhenda og selja ábúðarrjettinn, og þá á leiguliði víst að fá borgaðar allar húss- og jarðabætur, sem hann gjörir. Jeg held, að þessi aðferð væri ólíkt betri, en að selja jarðirnar. Það er líka hægt, að komast hjá því, að jarðir skiptist um of með því t. d. að ákveða að eigi megi afhenda ábúðarrjettinn nema í hendur einum manni.

Jeg hef heyrt því fleygt fram sem mótbáru gegn þessari tillögu minni, að búskussar mundu, ef til vill, eyðileggja jarðir til skaða fyrir landssjóð, svo að jörðin verði lítilsvirði, og landssjóður yrði svo að taka hana aptur niðurnídda, og gæti ekki komið henni út fyrir sama afgjald, en svo getur einnig farið, þótt jarðirnar verði seldar. að menn standi eigi í skilum, og að landssjóður verði að taka við jörðunum niðurníddum og eyðilögðum.

Ef þessi hyggingarmáti reyndist vel, þá væri ástæða til að íhuga, hvort ekki ætti að koma honum á almennt. Það væri ekki neitt ranglátt gagnvart jarðareigendum, því að þeir mega vera ánægðir, ef þeir fá sitt fasta afgjald, en geta ekki með neinu rjettlæti gjört kröfu til að eignast eða njóta þess, sem aðrir hafa lagt í jarðirnar með vinnu sinni og fje.

Það hefur áður komið til tals, að

hafa byggingarmála líkan þessum á landsjörðunum, en ekkert varð úr því. Páll sál. Briem ritaði á móti þeirri skoðun og færði til dæmi úr Danmörku og Þýzkalandi, og vildi sanna, að þesshättar erfðafesta væri orðin úrelt og þætti nú orðið óhafandi. Raunar er sú erfðafesta, sem hann lýsir, allt annað en það, sem fyrir mjer vakir og allt annað en það, sem þingið var einusinni að hugsa um að koma á.

Það eru líka til fleiri lönd en Danmörk og Þýzkaland,

Í sumum fylkjum á Hollandi er byggingarskilmáli líkur því, sem jeg hef hugsað mjer, margra alda gamall, og menn þakka því það, að landið hefur tekið svo stórkostlegum framförum. Það hefur verið sagt um Holland, að þar sem guð hafi skapað önnur lönd, þá hafi mennirnir skapað Holland. Þar eru jarðirnar byggðar svo, að afgjaldið má aldrei hækka, og ábúandinn hefur full ráð til að selja ábúðarrjettinn. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að jarðir sem áður voru lítilsvirði og gáfu lítið af sjer, gefa nú stórkostlegan arð, en eigandinn fær ekki þennan aukna arð, heldur ábúandinn, enda er hann ekki eigandanum að þakka.

Jeg vil í stuttu máli, taka það fram, að jeg vil eigi selja jarðirnar, sem landssjóður nú á, heldur nota þær til þess að finna sem heppilegastan byggingamáta, bæði fyrir þessar jarðir og aðrar jarðir í landinu. Jeg get vel unnað leiguliðum landssjóðs, að fá þær fyrir sanngjarnt verð, en jeg álít, að landið eigi að nota þær til þess, að gjöra tilraun til, að koma á byggingu, sem er haganlegust fyrir leiguliða, og gefur þeim mesta hvöt til að bæta jarðirnar, með því að tryggja þeim allan ágóðann af vinnu þeirra og tilkostnaði.

Ef vjer svo getum á þessum jörðum fundið út byggingarmáta, sem er jörðunum fyrir beztu, þá eigum vjer að lögleiða sama byggingarmáta á öðrum jörðum. Ef þessi tilgangur næðist, tel jeg það margfalt heppilegra, en þótt jarðir landssjóðs væru seldar fyrir margfalt verð. Það er aðalspurningin, hvað landbúnaðinn snertir, hvernig á að hvetja bændur til að vinna að ræktun jarðanna. Og til þess að leysa þessa spurningu, vil jeg að þjóðjarðirnar sjeu notaðar.

Ef jeg befði haft þann heiður, að vera í nefnd þeirri, er deildin kaus í þetta mál, þá mundi jeg hafa komið með tillögu í þessa átt, en ekki verið með í því að selja þjóðjarðirnar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Eins og háttv. framsm. (Guðj. G.) tók fram, er mál þetta gamalt á þingi og skoðanir í því hafa verið skiptar, og svo mun það enn vera. Það hefur verið haft á móti þjóðjarðasölunni, að alþingi missti umráð yfir andvirðinu, ef það rynni í Ræktunarsjóðinn, en nú hefur nefndin bætt úr því að nokkru, með því ákvæði, að hann skuli greiða landssjóði 4% vöxtu af fje því, er rennur í hann fyrir þjóðjarðir, en þó er þar við að athuga, að landssjóður missir, ef jarðir hans verða seldar, eigi að síður allan þann ágóða, er leiðir af verðhækkun jarðanna, eptir að þær verða seldar, og það getur orðið mikið, þegar fram líða stundir.

En það, sem jeg einkum ætlaði að tala um, er það, að eptir frumv. er ætlazt til, að stjórninni sje gefin heimild til að selja þjóðjarðirnar í heild sinni.

Nefndin fer um þetta þeim orðum, að það skipti minnstu, en það skiptir

einmitt miklu, því að verði þetta að lögum, þá fleygir löggjafarvaldið frá sjer valdi í hendur umboðsvaldsins, sem jeg get eigi talið rjett, enda hygg jeg, að það sje á móti stjórnarskrá vorri að gjöra slíkt, og jeg stend eigi einn uppi með þá skoðun, því að fulltrúi stjórnarinnar hjelt þessu sama fram á síðasta þingi og áður, og munu þó allir játa, að hann sje vel að sjer í lögum, enda stendur þetta skírum stöfum í 23. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur ekki, að selja megi jarðir landssjóðs í hópum eða allar í einu, heldur verður að vera lagaheimild í hverju einstöku tilfelli. Eptir því, sem farið er fram á í frv. þessu, mætti alveg eins gefa stjórninni heimild til þess, að leggja skatta á landsmenn og taka lán. Þetta er allt nefnt í sömu grein, og ef þetta er svo um eitt. þá hlýtur það að gilda um öll tilfellin. Þetta er því að fleygja frá sjer valdi, þvert ofan í stjórnarskrána, og þótt jeg hefði ekkert annað út á frumv. að setja, þá væri það nóg til þess, að jeg er á móti frumv.

Þótt Danir hafi gjört eitthvað þessu líkt, þá sje jeg eigi, að okkur komi það við, eða að við þurfum að »dependera« svo af þeim. að við getum eigi farið því fram, sem okkur sýnist rjettast, sanngjarnast og lögum samkvæmast.

Háttv. framsm. tók það fram, að þingið ætti erfitt með, að gjöra sjer grein fyrir, hvort jarðirnar væru sanngjarnlega metnar; virðingin gæti verið allt of lág, án þess að þingið vissi nokkuð um það, og að stjórnin hefði miklu betri tíma og tækifæri til þess, að athuga það, en þingið yrði að flýta sjer. Þetta er að vísu allt saman rjett, en þetta eru eigi nægar ástæður til þess, að kasta þessu máli á vald stjórnarinnar, og jeg get eigi heldur sjeð neitt því til fyrirstöðu, að stjórnin útvegi sjer þær upplýsingar, sem henni er unnt, en að það heyri þó undir þingið, að gefa samþykki sitt til þess, að kaupin sjeu góð og gild. Það hefur verið kvartað um, að mál þessi kæmu lítt undirbúin á þing, en ef stjórninni væri falinn undirbúningur þessara mála, þá hyrfu þessir gallar, og þingið þyrfti þá minni tíma til þessara mála. Stjórnin mundi þá útvega allan þann sama undirbúning fyrir þingið eins og fyrir sjálfa sig. Það getur líka verið, að einhverntíma komi stjórn, sem er mótfallin þjóðjarðasölu, svo þetta yrði einmitt til að hindra hana, og þótt hún þverskallaðist gegn sölunni, gæti þingið ekkert við því gjört, ef þetta verður að lögum.

En svo kemur sú spurning, hvort þjóðjarðasalan sje rjettmæt? Jeg veit, að margir eru henni meðmæltir, og að það því mun eigi vera vinsælt, að mæla móti henni, en jeg verð þó að gjöra það, því að jeg tel þjóðjarðasöluna óráð og það er skrítið, að við eigum að fara að selja okkar þjóðjarðir, þegar stefnan í öllum heiminum gengur í þá átt, að ríkin ættu að eignast, sem mest af löndum eða jörðum. — Bezta ráðið til þess, að sem flestir geti haft land til afnota er líka það, að ríkin sjálf eigi jarðeignirnar og leggja svo skatta á þær, enda er sú stefna meir og meir, að ryðja sjer til rúms — »Henry Georgismínn« — að leggja alla skatta á jarðeignir, af því að allir þurfa þeirra við bæði til húsa og ræktunar. Það er einmitt þessi stefna, sem kom fram á bændafundinum í Odense, þar sem 600 manns, aðallega bændur af hinum nýja vinstrimannaflokki, ljetu þessa skoðun uppi. Þessi aðferð er tekin upp á Nýja-Sjálandi, og henni vildu þessir dönsku bændur

fylgja. Aðferðin er sú, að selja landið á erfðafestu, þannig, að ríkið í raun og veru eigi það, og láti borga eptir það eptir verðmæti þess. Jarðnæðin eru svo virt upp á 5 ára fresti og skatturinn goldinn eptir því mati. Þetta er innihaldið í »Henry Georgismanum«!! Þegar grunnar í kaupstöðum vaxa margfalt í verði á fáum árum eins og á sjer stað t. d. hjer í Reykjavík, þá lendir allur gróðinn — eptir þessu »sýstemi« — hjá þjóðfjelaginu, en ekki hjá einstökum mönnum. Menn geta að vísu sagt, að ef einstaklingarnir græða, þá græði þjóðfjelagið líka; en það á einmitt að vera þjóðfjelagsbúið í heild sinni, sem gróðinn lendir hjá; en ef það eru einstakir menn þjóðfjelagsins, þá verða skattarnir órjettlátir. Um þetta er nú verið að ræða og ríta víðsvegar í heiminum, sjerstaklega á Norðurlöndum, og allt af eru menn að færast meir og meir inn á þessa stefnu. Vjer Íslendingar eigum einmitt hægt með að ganga inn á þessa stefnu, þar sem hjer eru svo margar þjóðjarðir; en víða annarsstaðar eru menn miklu ver settir í þessu tilliti, þarsem jarðirnar eru allar eign einstakra manna. Jeg held þess vegna ekki, að vjer ættum að hrapa að þjóðjarðarsölunni, en athuga betur þá stefnu, sem er að brjótast um í heiminum. Jeg sje, að hæstv. ráðherra brosir að þessu, en það virðist bera vott um, að hann hefur ekki lesið mikið af þeim aragrúa af ritgjörðum, sem út hafa komið víðs vegar í heiminum nú á síðari árum einmitt um þessa stefnu, sem jeg nú hefi minnzt á.

Jeg verð því af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram, og jafnframt sökum stefnu frumv. í heild sinni, eindregið að leggja á móti því, að það verði samþykkt.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg er þakklátur háttv. þingm. Barðstr. (Sig. J.) fyrir það, hvernig hann í flestum atriðum var hlynntur skoðun og tillögum nefndarinnar í þessu máli. Hann talaði mjög margt, sem styrkir álit nefndarinnar og það af mikilli skynsemi og góðum rökum, sem hans var von og vísa, en hann hjelt því fram, að það væri enn þá meira unnið með því, að breyta ábúðarkjörum landssjóðsjarðanna, en með því að selja þær. Hann játaði, að sjálfsábúð væri til framfara og eflingar landbúnaðinum, en hann áleit, að tilganginum yrði betur náð með því, að gjöra leiguliðunum enn betri kjör, heldur en með því, að selja þessar jarðir.

Jeg skal taka það fram, að þetta er líka mín meining; jeg held, að það sje í mörgum tilfellum rjettast og haganlegast, sjerstaklega að því er landssjóð snertir, en spurningin er, hvort leiguliðinn vill fremur betri ábúðarkjör, en eignast jörðina sjálfur, og hvort það verður eins mikil eða meiri hvöt fyrir hann til þess að bæta jörðina, eins og sjálfseignin er. Mín meining er sú, að það sje heppilegast, að menn geti keypt jarðirnar sjálfir, og að engin leiguliðaábúð, hversu góð sem hún er, sje jafnmikil hvöt fyrir menn til þess að bæta og byggja jarðirnar, eins og sjálfsábúðin er. Fæstum leiguliðum mun þykja mikils virði að leggja mikið í sölurnar til húsagjörðar eða annara umbóta á annars manns eign.

Háttv. þingm. Barðstr. sagði enn fremur, að æskilegast væri, að landssjóður gjörði tilraun til þess, að bæta kjör leiguábúenda sem mest, svo sem t. d. með því, að þeir eignuðust umbæturnar sjálfur; en jeg er hræddur um, að landssjóður mundi aldrei geta gjört það, án þess að skað-

ast á því, og mundi þá enginn landsdrottinn taka það upp eptir honum að kasta út fje í slíkar tilraunir, sem yrðu að eins til þess, að skaðast á þeim. Tilraunirnar verða að vera þannig lagaðar, að allir landsdrottnar sjái sjer fært að taka þær upp. Það lítur út fyrir, að háttv. þm. Barðstr. hafi ekki gjört mikil verkleg »experiment« fyrir leiguliða sína sem landsdrottinn.

Lífstiðarábúð hafa menn á landsjóðsjörðum, en fyrir fæstum er það mikils virði, eða mikil hvöt fyrir þá, að leggja mikið í sölurnar til umbóta á þeim. Þeir munu flestir líta svo á, að lífstiðin geti verið skammvinn og að það, sem þeir gjöra til umbóta á þessum jörðum. verði þeim til lítils gagns, þegar þeir hverfa frá þeim. Jeg hef haft það í huga, að það ætti að veru erfðafestuábúð á þjóðjörðunum, en ekki erfðafestusala, eins og t. d. um lóðir hjer í Reykjavík. Það er ekki nema sala, og kaupstaðurinn borgar vextina. Jeg hef opt hugsað um þetta mál, en ekki getað fundið, hvaða lög væru heppileg, til þess að tryggja erfðafestuábúð, og jeg er líka sannfærður um, að flestir munu heldur vilja kaupa jarðirnar sjálfir, en taka þær á erfðafestu.

Ef um erfðaábúð er að ræða, þá rennur hún til hins upphaflega seljanda. Það er athugandi viðvíkjandi umbótum á jörðinni, að jeg er í vafa um, hvort hægt er að láta ábúendurna, sem gjöra þær, njóta þeirra fyllilega. Jeg efa það ekki, að það sje unnt að byggja jörð með þeim mun hærri leigumála en sem því nemur, sem hún hefur verið endurbætt; það er hægra með því, að selja jörðina en leigja, einkum að því er snertir húsabætur. Jeg hef sjálfur keypt jörð fyrir 1,200 kr. og selt hana aptur fyrir 3,000 kr., og tel mjer 150 kr. vexti; allt svo fjekk jeg nálægt þrefalt meira upp úr jörðinni, en jeg hafði keypt hana fyrir; en ef jeg hefði ekki verið svo heppinn, að geta selt hana fyrir 3,000 kr., þá hefði jeg ekki leigt hana fyrir meira en í mesta lagi 100 kr. Þetta sýnir og sannar, að það er miklu meiri hvöt fyrir menn til þess, að eignast umbæturnar á jörðunum, en að taka þær á leigu. Það vill enginn taka dýr hús á leigu; það er mjög varhugavert, og getur farið svo, að hin upphaflega eign verði sama sem engin eign, ef allt af er verið að meta umbæturnar og draga frá hinu upphaflega afgjaldi jarðarinnar, ár frá ári, og getur því farið svo, að jörðin verði með því móti mjög lítils virði.

Viðvíkjandi því. að gjöra þær tilraunir, sem háttv. þm. Barðstr. talaði um, og að »spandera« fje landssjóðs til umbóta á þessum jörðum, þá finnst mjer, að það gæti komið ómaklega niður: í fyrsta lagi vegna þess, að engir aðrir landsdrottnar mundu feta í fótspor landssjóðs í því tilliti, og í öðru lagi vegna þess, að það mundi koma niður á einstök hjeruð og á jarðir, sem þó væru byggðar undir sömu skilmálum.

Eitt er það líka, sem hvetur mig til þess, að mæla með því, að gefa kost á þjóðjörðunum til sölu, og það er sá liður í fjárlögunum, sem landssjóður leggur til húsabóta; jeg er sannfærður um, að sú fjárveiting er hrein og bein ölmusa fyrir ábúendur á þjóðjörðunum. Jeg gleymdi að taka það fram áðan, að nú væri sú mikla mótbára móti þjóðjarðasölunni horfin, að hið mikla og dýrmæta »kapital«, andvirði þeirra, yrði gjört að eyðslueyri. Þetta er eitt af skilyrðunum fyrir því, að jeg er nú með þjóðjarðasölunni, og get jeg þakkað háttv. 2. þm. G.-K. fyrir, að hann þó viðurkennir þetta; en þar sem hann gjörði svo mikið úr því, að þingið kasti burt

frá sjer valdi með þjóðjarðasölunni, þá er það ekki rjett, því að þingið getur aldrei notað þjóðjarðirnar lengur en þangað til sett eru lög um það, en svo hefur það Ræktunarsjóðinn, sem það getur tekið sem veð fyrir sama »kapítali« og í þjóðjörðunum.

Hvað þá mótbáru háttv. sama þm. snertir, að það sje óvarlegt að fela stjórninni að selja þjóðjarðirnar, þá get jeg ekki verið á sama máli um það. Að vísu játaði háttv. þm., að það gæti opt komið fram jafnmikið ranglæti í sölunni, þó að þingið fjallaði um hana, en að stjórnin gæti undirbúið söluna eins fyrir því, þó að þingið úrskurðaði hana, og er það að vísu satt, en stjórnin getur þó því að eins gjört það, að hún hafi nægan tíma til þess; og að mínu áliti hefur stjórnin minni hvöt til þess, að afla sjer áreiðanlegra upplýsinga um verðmæti þessara jarða, þar sem hún ekki veit, hvort þingið samþykkir söluna eða ekki; svo er allri þessari fyrirhöfn stjórnarinnar á glæ kastað, ef þingið ekki samþykkir söluna, og er því minni hvöt fyrir stjórnina, til að láta rannsaka fyrirfram verðmæti jarðanna, þar sem þingið getur eyðilagt það allt á eptir. Þar sem háttv. þm. var svo hræddur um, að stjórnin mundi sýna hlutdrægni, ef henni væri falin þjóðjarðasalan, þá getur það auðvitað hugsazt, en það má alveg eins búast við hlutdrægni hjá þinginu sjálfu. Þingmenn geta verið bundnir við kjósendur og eigin hagsmuni sína í þessu tilliti, og svo getur hugsazt, að sá þm., sem fer fram á að selja einhverja jörð, sje á einhvern hátt viðriðinn við söluna, og má því alveg eins hugsa sjer hlutdrægni í þessu tilliti hjá þinginu, eins og hjá stjórninni.

Jeg gjöri nú að vísu ekki svo mikið úr þessari hlutdrægni, en það má samt ímynda sjer, að hún geti átt sjer stað, og það er slæmt fyrir þingmenn, að sú ímyndun eigi sjer stað; en það getur enginn varnað því, ef svo stendur á.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að einn þm. fór einu sinni fram á sölu á þjóðjörð, sem menn ímynduðu sjer, að snerti hann sjálfan, en seinna var mjer sagt, að það væri tilhæfulaust.

Jeg held, að það sje ekki of mikið sagt, að hingað til hafi slík hlutdrægni alls ekki átt sjer stað.

Jeg álít að þingið mundi beinlínis sleppa við siðspillingu, ef það sleppur við að selja þjóðjarðirnar, alveg eins og ef það slyppi við bitlingana; jeg álít, að það væri miklu heppilegra að leggja þá alveg í hendur stjórnarinnar. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði líka mikið um, að sú stefna væri nú að ryðja sjer til rúms í heiminum, og einkum á Norðurlöndum, að kaupa heldur fasteignir fyrir þjóðfjelagið en selja þær, og er ekki óhugsandi, að svo sje, en það er ekki á okkar vegum, að taka upp þá stefnu, með því að það mundi verða beinasti vegurinn, til þess að sökkva landinu í óbotnandi skuldir, enda býst jeg ekki við, að landssjóður gæti fengið allar jarðir einstakra manna, þótt hann falaðist eptir þeim. Jeg fyrir mitt leyti vildi helzt óska, að allar privateignir landsins væru eign landssjóðs, en jeg býst sem sagt ekki við, að hann gæti fengið þær.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. var að tala um sjálfsábúðina, þá var það misskilningur hjá honum. Jeg talaði ekki um þjóðjarðasölu hjá Dönum, heldur sagði jeg, að sjálfsábúð hefði aukizt stórlega hjá þeim á síðari árum; þar sem háttv. þm. enn fremur var að bera heimastjórnarflokknum

það á brýn, að hann vildi í þessu tilliti »dependera« af Dönum, þá átti það alls ekki við, að því er sjálfsábúðina snertir. Ef ekki er hægt að taka tillit til almennrar reynslu í þessu efni, þá er því síður ástæða til að taka tillit til bollaleggínga og ýmsra höfuðóra hv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að því er þetta atriði snertir.

Háttv. 2. þm. G.-K. tók það fram, að sumar landssjóðsjarðirnar væru vel til þess fallnar, að skiptast í fleiri sjálfstæðar jarðir, og slíkar jarðir yrði að selja sem sjerstakar. Jeg er alveg samdóma háttv. þm. um þetta. En það gildir alveg sama um þessar jarðir og þær jarðir, þar sem eru löggiltir verzlunarstaðir, það má ekki selja þær. Þessi mótbára er því fallin burt. Það er auðsjeð, að háttv. þm. hefur ekki kynnt sjer frumv. nógu vel. Jeg skal svo ekki tala meira að sinni, jeg fæ ef til vill tækifæri til að standa seinna upp.

Ráðherrann: Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) áleit, að frumv. þetta mundi stríða á móti stjórnarskránni, og sagðist af þeirri ástæðu vera á móti því. Mjer er ómögulegt að sjá, að svo sje. 23. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ekki megi selja neina af fasteignum landsins, *nema* slíkt sje með lagaboði ákveðið. En stjórnarskráin tiltekur ekkert um innihald eða form þeirra laga-boða, er slík söluheimild er gefin í. Hjer er heldur alls ekki að tala um almenna söluheimild; því fer fjarri, að umboðsvaldinu sje með þessu frumv. heimilað að selja hverjum, sem hafa vill, hverja landssjóðseign sem er fyrir ótiltekið verð. Söluheimildin er hjer takmörkuð við ákveðna menn (leiguliðana), ákveðin skilyrði eru sett fyrir því, að sala megi fara fram, og fastar reglur eru settar fyrir því, hvernig verðið skuli ákveðið. Hjer er um það að ræða, að breyta leiguliðaábúð í sjálfsábúð, með ýmsum lögboðnum skilyrðum, þannig að hver ábýlisafhending til landseta verður að fara fram nákvæmlega eptir fyrirmælum þessara laga, sem heimila afhendinguna í hverju einstöku tilfelli, ef skilyrðunum er fullnægt. Jeg sje ekki annað, en hjer sje fullkomlega dregin rjett takmörk á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar. Háttv. þm. dró í efa, að fyrirmælin í grundvallarlögum Danmerkur um þetta atriði væri samskonar eins og fyrirmælin í stjórnarskránni, og væri því ekkert að marka, hvernig ákvæði grundvallarlaganna hefðu verið skilin.

En þetta hefur háttv. þm. auðsjáanlega ekki kynnt sjer, heldur talar hjer um það, sem hann ekki þekkir. Ákvæðið í 23. gr. stjórnarskrárinnar er einmitt tekið orðrjett eptir 47. gr. grundvallarlaganna. Þar stendur svo: »Ej heller maa nogen Staten tilhörende Domæne afhændes uden ifölge Lov«.

2 árum eptir að grundvallarlögin voru út komin, komu út lög í Danmörku um að breyta öllu festugózi ríkisins í sjálfseignarjarðir, og voru þar alveg eins og í þessu frumv. settar *fastar* reglur fyrir því, hvernig leiguliðarnir skyldu geta fengið eignarrjett yfir jörðunum, án þess þær sjeu taldar upp, og hvernig söluverð skyldi ákveðið, og hefur víst enginn enn álitið, að þessi stórmerkilegu lög, sem hafa verið mjög heillavænleg fyrir landbúnað Dana, stríddu á móti grundvallarlögunum.

Háttv. framsm. (Guðj. G.) svaraði háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) svo vel og ítarlega, að jeg hef litlu við að bæta.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram, að það væri alveg óvíst, að lög þessi næði tilgangi sínum, að efla sjálfsábúðina. Því þó að núverandi

stjórn vildi nota heimildina, er lög þessi veita til að selja, þá væri engan veginn víst, að ný stjórn vildi halda áfram með söluna, og lagði háttv. þm. sjerstaklega áherzlu á, að svo væri t. d. um *sig*, að hann væri sölunni alveg mótfallinn. En ekki held jeg þó, að ástæða sje að fella lögin af kvíðboga fyrir slíku. Jafnvel þótt einhver mótstöðumaður sjálfsábúðar yrði ráðgjafi, þá hjeldist honum það ekki uppi til langframa, að neita lögmætum óskum þjóðjarðalandsetanna og vilja þingsins í þessu efni.

Háttv. þm. beindi því að mjer, að jeg mundi ekki þekkja mikið til þeirrar stefnu, sem gengi í þá átt, að leggja skattana mest á fasteignir. Þetta rjeði þm. af því, að jeg brosti áðan, þegar hann var að halda ræðu sína. En jeg brosti ekki að Henry George's kenningunum, sem jeg ímynda mjer að jeg þekki allt eins vel og hann; heldur ekki af því, er hann tók fram, að rjett væri að binda skattaálögurnar við jarðeignina, sem jeg einmitt er samdóma um. En jeg brosti, og gat ekki annað en brosað að því sambandi, sem hann setti þetta í við þjóðjarðasölumál það, er hjer liggur fyrir og staðhæfingum hans um, að stefnan í öllum heiminum gengi í þá átt, að ríkin ættu að eignast sem mest af jörðum! Eins og það sje skilyrði fyrir því, að geta lagt skattana á eptir verði fasteignanna! Eins og ekki sje hægt að láta virða fasteignina upp við og við, og hækka skattgjaldið eptir verðhækkun jarða og lóða, nema hið opinbera sje *eigandi* í prívatrjettarlegum skilningi að jörðunum og lóðunum! Það liggur miklu nær að segja, að skilyrði fyrir því, að landið geti haft *fasteignina* sem almennan skattagrundvöll »*qua*« eign, sje það, að landið eigi ekki sjálft jarðirnar, heldur sjeu þær eign þeirra, sem skatt greiða. Meðan landið á þjóðjarðirnar, geta þær ekki tekið af þeim — sem eigandi — annað en afgjald, sem ekki má vera hærra en þau jarðarafgjöld, sem prívateigendur taka af sömu jörðum. Þegar skatturinn hvílir á *jarðeigendunum*, eins og hlýtur að vera um allan *jarðeignarskatt*, verður landssjóður, sem jarðeigandi, sinn eigin gjaldþegn. Þetta skatta»princip«, sem háttv. þm. nefndi, er því fremur með þessu frumv. en mót.

Björn M. Ólsen (3. kgk.): Jeg verð að játa það, að jeg er í dálitlum vandræðum í þessu máli, af þeirri ástæðu, að jeg hef rekið mig á, að hjer eru tveir tígulkongar í spilunum. Jeg hjelt fyrst, að jeg ætti að greiða atkv. um frumv. á þgskj. 220, þar sem það er í 17 greinum, en svo rak jeg mig á annað þgskj. 220, þar sem greinarnar eru 16. Og þegar jeg svo íhuga munninn á skjölunum, þá sje jeg að 6. gr. hefur verið sleppt úr á seinna skjalinu. Henni hafði verið sleppt úr við 3. umr. í Nd., en þegar frumv. var prentað upp eptir 3. umr., þá hafði þetta ekki verið athugað. En nú stendur svo á, að þessi 6. gr. var mjer sjerstaklega dýrmæt, því jeg áleit, að hún væri trygging fyrir, að jarðirnar hjeldust í sjálfsábúð. En eins og frumv. er orðið nú, er jeg í vafa um, hvort jeg get verið með því. Jeg skal leyfa mjer að skjóta til háttv. framsm. og háttv. nefndar, hvort hún ekki sjái sjer fært, að taka 6. gr. upp aptur, því eptir því, sem mjer hefur skilizt, þá hygg jeg, að það muni vera í fullu samræmi við stefnu háttv. nefndar.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg skal ekki tala mörg orð um mál þetta. Afstaða mín til þess er algjörlega sú sama eins og á undanförnum þingum.

Það gladdi mig mjög að heyra, hve

háttv. þm. Barðstr. var máli þessu hlynntur. Jeg er honum fullkomlega sammála um það, að rjett og nauðsynlegt sje, að gjöra sem allra greiðast fyrir leiguábúðinni, að geta keypt jarðirnar, án þess þeir þyrftu tilfinnanlega að skerða bústofn sinn vegna jarðakaupanna, og án þess að landssjóður skaðaðist nokkuð; þetta má vel samrýma með því, að hafa afborgunartimann lengri t. d. 41 ár með 5% rentuafborgun. Þetta mundi ljetta mönnum kaupin að mun, og það jafnvel þó menn ættu að borga $^1/_{10}$ jarðarverðsins strax. Það er ekki lítill munur á svona borgunarskilmálum og á því að greiða 6% vexti í 28 ár. Þar sem ársborgunin t. d. með 6% vöxtum í 28 ár af jörð, er seldist fyrir 3,000 kr., og $^1/_{10}$ hluta útborgað strax, yrðu c. 162 kr. á ári, þá verður árs afborgunin að eins 135 kr. með 5% í 41 ár.

Þetta er auðsjáanlega mikill hægðarauki. Það er opt verið að tala um, hvað hart sje að vera að koma greiðslunni yfir á afkomendurna, en mjer finnst að minnsta kosti þeir, sem eru með erfðafestunni, ættu ekki að skoða þetta sem frágangssök. Jeg vildi gjarnan við 3. umr. sameina mig við háttv. þm. Barðstr. um breyt.till. í þessa átt. Því ver og miður hefur stóru atriði verið sleppt úr frumv. nefnilega um að selja kirkjujarðirnar.

Allir eru á eitt mál sáttir um það, að hvergi eigi leiguliðar betri kostum að sæta en á landssjóðsjörðum, en sama verður ekki sagt um kirkjujarðirnar. Því eins og eðlilegt er, eru þær notaðar sem húðarklár, að eins til þess að hafa sem mest upp úr þeim.

Það væri bráðnauðsynlegt sem fyrst, að gefa leiguliðum kost á að kaupa þessar jarðir. Jeg fyrir mitt leyti vonast svo góðs til hæstv. stjórnar, að hún taki sölu kirkjujarðanna sem fyrst til rækilegrar athugunar.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Háttv. framsm. hjelt því fram, að á sama stæði fyrir landið, hvort það ætti þetta fje í jarðeignum, eða það væri »kapítaliserað«. Þessu verð jeg kröptuglega að mótmæla. Við skulum segja, að landið ætlaði að taka lán erlendis. Ætli þetta fje í »Ræktunarsjóðnum« mundi reynast eins aðgengilegt veð, eins og fasteignir landssjóðs. Jeg er hræddur um ekki.

En þar að auki vil jeg mótmæla því, að eign landssjóðs í sjálfu sjer ekki minnki við söluna, því svo mikla trú hef jeg á framtíð þessa lands, að jeg veit, að jarðeignir eptir nokkurn tíma munu gefa margfalt meira af sjer, en þær gjöra nú. Ef vjer lítum til Danmerkur, þá sjáum við, hvað jarðeignir þar hafa stigið mikið í verði, t. d. þær jarðeignir, sem vjer Íslendingar í Khöfn, höfum mesta »interesse« af, jeg á við jarðeignir »kommúnitetsins« á Garði. Þessar eignir hafa margfaldast í verði, og jeg ímynda mjer, að sú verði líka raunin á, að hjer eigi jarðeignir mikla framtíð fyrir höndum. Háttv. framsm. hjelt því fram, að áður hefði meiri vandi hvílt á stjórninni, þegar hún átti að undirbúa sölu hinna einstöku jarða undir þing; það væri mikill munur fyrir hana, þegar hún nú ætti að vinna í umboði þingsins, eptir vissum ákveðnum reglum; en jeg held þvert á móti, að nú sje miklu meiri vandi, sem hvílir á herðum stjórnarinnar, því áður rjeði þingið sölunni, en nú ræður stjórnin henni, og þarf að eins eptir á að leggja skjölin fram fyrir þingið. En hitt er rjett, að stjórnin hefur nú langt um minna aðhald en áður. Hæstv. ráðherra fullvissaði mig um, að sömu ákvæði væri í grundvallarlögunum um

sölu þjóðjarða eins og í stjórnarskránni, og þó hefðu Danir gefið stjórninni líkar heimildir og talað er um hjer. Þetta getur vel verið, en jeg verð að játa það, að mjer virðist engin brýn nauðsyn á því fyrir oss að brjóta stjórnarskrá okkar, þó Danir brjóti sín grundvallarlög. Jeg verð að halda því fast fram, að jeg sje ekki, að þessi sala geti samrýmzt við stjórnarskrána.

Það er satt, að hjer eru nokkur takmörk sett fyrir sölunni, en jeg verð samt að halda því fram, að frumv. sje eigi samkvæmt stjórnarskránni. Hæstv. ráðh. sagði, að afgjaldið af jörðum eptir »Henry Georgismínn« væri skattur en eigi eptirgjald, og má auðvitað lengi þrátta um það, en að því er jeg hygg, er það þó rjettara að telja jarðeignirnar eign landsins, þar sem hver og einn á að borga afgjald eptir virði jarðarinnar, eins og hún er metin á hverjum tíma. Hæstv. ráðh. sagði líka, að við stæðum eigi betur að vígi með að innleiða þessa stefnu en aðrar þjóðir, þar sem svo lítill hluti landsins væru þjóðjarðir, en hann gleymdi að taka kirkjujarðirnar með, sem hið sama verður að gilda um og landssjóðsjarðir. Jeg verð að halda því fast fram, að það sje þó eigi svo lítill hluti, og jeg hlýt að standa fast á því, að það er hægra að innleiða stefnu þessa meðan landssjóður þó á þessar jarðir, og mótspyrnan gegn því mundi verða miklu minni, því að þegar allt er prívateign, þá er eðlilegt, að fleiri sjeu á móti því. Skattaálögur eru að mínu áliti eigi annað en nokkurskonar erfðafestugjald, þegar um fasteign er að ræða. Eptir frumv. þessu er mönnum gjört mjög hægt fyrir með að kaupa. Það er eigi nóg með, að þeir þurfi að eins að borga lítinn hluta strax, og geta svo afborgað hitt á löngum tíma, heldur eru þeir með Ræktunarsjóðslögunum líka styrktir; þeim er beinlínis gefið til þess að geta keypt sjer lífsábyrgð, en eptir því, sem jeg hefi sagt áður, er þessi stefna öfug og allt of langt farið; það er til óheilla fyrir þjóðfjelagið og mun þó verða enn meira síðar, þegar jarðir hækka í verði, sem getur orðið að stórum mun, og þá er auðsætt, að landssjóður tapar því fje.

Forseti: Mjer hefur borizt beiðni frá 4 háttv. þm., þeim Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni, Jóhannesi Jóhannessyni og Birni M. Ólsen, um að umr. væri hætt, og vil jeg bera það undir atkv. háttv. deildar.

ATKVGR. Tillagan um að hætta umr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr. frumv. samþ. með 7 : 3 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 7 : 3 atkv.

1. breyt.til. (413) við 3. gr. frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 7 atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 7 —

6. gr. frumv. samþ. með 7 —

2. breyt.till. (413) við 7. gr. samþ. með 8 atkv.

7. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 8 atkv.

3. breyt.till. (413) við 8. gr. frumv. samþ. með 9 atkv.

8. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

9. til 16. gr. frumv. samþ. með 7 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A. 477, 506).

Björn M. Olsen, (3. kgk. þm.): Jeg legg það til, að greinin. sem var felld úr frumv. við 3. umr. í háttv. Nd.,

verði sett inn aptur. Eins og svo skýrt hefur verið tekið fram af háttv. framsm., er það tilgangur frumv. að efla sjálfsábúð í landinu, en fyrir þessu er engin trygging, þó að jörð sje seld leiguliðum, nema sett sje inn ákvæði um það, að landssjóður eigi endurkaupsrjett, ef seld jörð gengur úr sjálfsábúð. Breyt.till. fer fram á að tryggja þetta. Jeg hef ekki gjört neinar breytingar á greininni eins og hún var, áður en háttv Nd. felldi hana úr, nema að eins lengt frestinn, sem settur er fyrir endurkaupsrjetti landssjóðs úr 2 árum upp í 6. Jeg vona, að greinin með þessum lengda fresti sje aðgengilegri fyrir deildina og þá menn í neðri deild, sem felldu greinina úr, og að háttv. deild geti fallizt á breytingartill., því að það er skilyrði fyrir því, að jeg geti gefið frumv. atkv. mitt.

ATKVGR. Breyt.till. á þgskj. 506 felld með 9 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Ág. Flygenring,
Sig. Stefánsson,	Eiríkur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Guðj. Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Jóh. Jóhannesson,
	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

Jón Ólafsson og Sigurður Jensson greiddu eigi atkv. og voru því taldir með meiri hlutanum.

Frumv. í heild sinni samþ. með 7 : 5 atkv. og endursent til Nd.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst kom þjóðjarðasölufrumv. til einnar umr. (A. 533, 573).

Framsögumaður Ólafur Briem, (1. þm. Skgf.): Breytingar þær, er háttv. Ed. hefur gjört á frumv. þessa, eru þrjár. Við 1. gr. er bætt ákvæði um það, að ábúandi fái fullar bætur fyrir usla og átroðning af notkun náma á jörð hans. Við meðferð málsins hjer í deildinni var þetta álitið sjálfsagt, en það er auðvitað ekki nema til bóta, að það er tekið skýrt fram.

2. breytingin er við 7. gr. um að taka fram nákvæmlega, hvernig meta eigi jarðabótakvöð, til þess að hafa áhrif á matsverð jarðarinnar. Þessi breyt.till. er mjög svo sanngjörn, þar sem hún gengur út á það, að slík kvöð sje lögð í dagsverk samkvæmt þeim reglum, sem gilda um jarðabætur búnaðarfjelaga, og að hvert dagsverk sje metið 1 kr. 25 a.

3. breyt.till. við 8. gr. er um það, þegar ábúandi hefur gjört jarðabætur eða húsabætur án nokkurs styrks úr landssjóði umfram það, sem áskilið er í byggingarbrjefi, þá skuli söluverð jarðarinnar að engu hækka, þegar viðtakandi er ekkja eða niðjar þess, sem gjört hefur bæturnar. Þetta er einnig mjög sanngjarnt. Í samræmi við þetta ákvæði er það á hinn bóginn eðlilegt og sjálfsagt, þegar húsabætur eru gjörðar á þjóðjörð með styrk úr landssjóði samkvæmt 3. gr. fjárlaganna, að þá sje hæfilegt tillit tekið til þess styrks, þegar endanlegt verð jarðarinnar er ákveðið. Allar þessar breytingar á frumv. eru til bóta og vona jeg, að deildin samþ. frumv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 16 : 2 atkv.

Frumv. var afgreitt til stjórnarinnar, sem lög frá alþingi.

X. Forkaupsrjettur leiguliða.

Á 6. fundi Nd., föstudaginn 7. júlí kom frumv. til laga um forkaupsrjett leiguliða til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er mjög nátengt síðasta frumv., frumv. um sölu þjóðjarða, og er tilgangur þess einnig að efla sjálfsábúð í landinu. Aðalatriði frumv. er, að veita öllum ábúendum sama forkaupsrjettinn eins og lífstíðarábúendur hafa haft til þessa, ef þeir vilja fram halda ábúð. En við þetta er svo aukið öðrum ákvæðum um forgangsrjett til kaups og leigu á ítökum, skógum, fossum og veiðiám, sem sjerstök ástæða er til að hlutaðeigandi landeigandi sitji fyrir kaupum og leigu á.

Annars er engin ástæða til að tala um hin einstöku atriði þessa máls að sinni og leyfi jeg mjer að vísa til athugasemda stjórnarinnar og milliþinganefndarinnar við frumv.

Legg jeg það til, að málinu sje vísað til þjóðjarðasölunefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að vísa málinu til þjóðjarðasölunefndarinnar með 23 atkv.

Á 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv., A. 98).

Framsögumaður, Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Eins og háttv. þingd. er ljóst, gengur frumv. þetta út á að gefa leiguliðum frían og fullkomnari rjett til þess að eignast jarðir, heldur en þeir hafa áður haft. Aðalefni þessa frumv. er, að allir ábúendur hafi forkaupsrjett. Vjer, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga þetta frumv., höfum ekki fundið ástæðu til að koma með verulegar breytingar, en oss hefur komið saman um, að heppilegt væri, að setja smágrein aptan við 3. gr. stj.-frumv., og jeg vil með leyfi hæstv. forseta lesa þennan viðauka upp. Aptan við 3. gr. komi ný grein:

»Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti til kaups eða leigu, er hann hefur samkvæmt 1. eða 3. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðareign liggja í, forkaupsrjettinn«.

Í frumv. því, er milliþinganefndin samdi, var gengið út frá, að sveitarfjelögin hefðu forkaupsrjett, ef ábúandi afsalaði. Í frumv. stjórnarinnar voru gjörðar breytingar á þessum tillögum, en oss nefndarmönnum fannst nauðsynlegt, að þessu ákvæði yrði bætt við. Það hefur vakað fyrir báðum nefndum, að það sje það heppilegasta og æskilegasta, að jarðeignin falli saman við ábúðina. En ef ábúandi ekki vill sinna kaupunum, þá er það hið beinasta og rjettasta, að hið opinbera, í þessu tilfelli sveitarfjelögin, hafi forgangsrjett við kaupin. Það er líka margt, sem mælir með þessu. Það tíðkast allopt, að ýms sveitarfjelög reyna að eignast ýmsar jarðir í öðrum hreppum, til þess að setja þangað sveitarlimi sína eða vandræðamenn, sem á að reyna að sveitfesta þar. En þess konar hreppapólitík er skaðleg og ósanngjörn. Það er líka viðsjárvert, að margar jarðir sjeu eign sama manns.

Ef landið á framtíð fyrir höndum, þá er það auðsætt, að ýmsar jarðir muni stíga í verði, og því mjög leitt, ef jarðirnar eru eign »spekúlanta«, sem að eins hugsa um að græða stórfje; þessa höfum við sjeð dæmi, hvernig einstakir menn kaupa lóðir til að »spekúlera« með. Með tímanum batna

samgöngurnar, aðflutningar verða miklu ljettari og greiðari. Þegar stöðugt siglingasamband er komið á milli Reykjavíkur og Akraness og Borgarness, þegar gufuskip sigla þar á milli 1—2var sinnum í viku og akbrautir eru lagðar bæði austur, vestur og norður, þá verður mjög aðgengilegt fyrir menn hjeðan úr Reykjavík, að eignast jarðir við þjóðbrautirnar til að »spekúlera« og græða á, en það álít jeg, að fremur sje til tjóns en gagns. Hvernig hafa t. d. Reykvíkingar farið með Álptanes? Hvernig hafa Akureyrarbúar farið með Kræklingahlíð?

Akureyrarbúar eiga 40—50 jarðir í Eyjafjarðarsýslu, og þegar akbraut kemst inn að Saurbæ, vilja eðlilega duglegir menn ná í jarðir meðfram brautinni. En það er eyðileggjandi fyrir sveitarfjelögin, að einstakir menn eigi jarðirnar til að »spekúlera« með, án þess að borga nokkurt gjald eða þá lítið sem ekkert til þess sveitarfjelags, er jörðin liggur í, og þeir rýja ýmsum nytjum. Sveitarfjelögin standa þannig rjettlaus. Því hefur verið haldið fram, að ræktun landsins verði að aukast, en ekki er annað fyrirsjáanlegt, en að jarðir, sem liggja langt burtu frá eigandanum, en sem hann flytur frá mestan heyafla ár eptir ár, leggist með tímanum í kalda kol.

Þessi breyting, sem nefndin leggur til að verði gjörð á frumv., er að mínu áliti aðalatriði málsins, og jeg skoða hana svo þýðingarmikla, að ef hún ekki kemst að, þá vildi jeg eins vel að þetta frumv. og þjóðjarðasölufrumv. fjellu. Þá er háttv. þm. kunnugt, að á þingi 1899 og 1901 lá fyrir frumv. um jarðeignir utanríkismanna. En þá kom það ljóst fram hjer á þingi, að ýmsir óttuðust það, að jafnframt því sem verðmæti jarðanna hækkaði, að þá kæmu útlendingar og vildu ná í jarðirnar. Frumv. þetta fjekk þá ekki fram að ganga, því það hafði töluverða agnúa. En ef það yrði að lögum, að sveitafjelögin hefðu forkaupsrjett næst ábúanda, þá gætu þau gjört hið sama gagn, og nefnt frumv. átti að gjöra. Að svo stöddu vil jeg ekki orðlengja þetta, en vona, að háttv. deild samþ. frumv. með breytingunni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Eins og frumv. þetta liggur nú fyrir, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að hver leiguliði geti afsalað sjer forgangsrjetti sínum til að kaupa ábýli sitt; svo framarlega, sem ekki standa í lögunum ljós ákvæði um, að slíkt afsal sje ógilt, eru lögin alveg þýðingarlaus.

Eins og jeg tók fram við 1. umr. málsins er það hrein og bein mótsögn (»contradictio in adjecto«), að látast vilja styðja sjálfsábúð í landinu, en setja jafnhliða inn ákvæði í lögin, sem miða að því, að eyðileggja sjálfsábúð. Jeg á við forkaupsrjett sveitarfjelaga, sem verður til þess, að eyðileggja aðalmarkmið laganna.

Frumv. hljóðar um *forkaupsrjett*, en það er annað en *forgangsrjettur til leigu*. Sá rjettur er allt annars eðlis. Jeg álít forkaupsrjett ábúanda að ábýli sínu mjög eðlilegan rjett og sjálfsagðan, og jeg tel hann ekki neitt óþolandi hapt á eignarrjettinum. En um leiguforgangsrjettinn er allt öðru máli að gegna. Hann er bæði óeðlilegt og ranglátt hapt á eignarrjetti manns. Manni, sem jeg hef gott traust á, vil jeg leigja fyrir lægra verð, en öðrum, sem jeg ber illt traust til, en þessi lög eiga að binda mig við, að leigja mína eign, jafnvel til fordjörfunar, ef að sá býður hærra, sem jeg alls ekki vil leigja. Þetta er hvorki eðlilegt nje rjettmætt lagaákvæði.

Ráðherrann: Út af orðum háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) vil jeg að eins

gjöra þá athugasemd, að það er auðvitað meiningin, að ábúandi eigi að hafa forkaupsrjettinn og geti ekki afsalað sjer honum, og var álitið, að þetta lægi í fyrirmælum 6. gr. um, að allir gjörningar, sem fara í bága við ákvarðanir laganna, geti orðið dæmdir ólöglegir og ógildir. En jeg sje ekkert á móti því, að skjóta inn við 3. umr. beinu ákvæði um, að leiguliðar geti ekki, svo gilt sje, afsalað sjer fyrirfram rjetti þeim, sem þeim ber eptir þessum lögum; það skaðar í öllu falli ekki, að taka það skýlaust fram. En hvað viðvíkur breyt.till. er jeg hv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) samdóma um það, að hún sje heldur til skemmdar en til bóta. Það er sök sjer, þó eigandinn þurfi að bjóða jörðina einum vissum manni til kaups áður en hann selur hana öðrum, en það er óneitanlega leiðinlegra fyrir hann, að þurfa að ganga frá Heródesi til Pílatusar og bíða svo og svo lengi, áður en hann getur selt eign sína.

Jeg vona, að háttv. þm. skilji það, að það er ekki stefna frv., að leggja nokkrar minnstu hindranir í veginn fyrir það, að eigandinn geti selt jörð sína, hvenær sem hann vill.

Síðan var gengið til atkvæða og var:

1. gr. samþ. með 22 atkv.
2. — — — 22 —
3. — — — 19 —

Breyt.till. 1. á þingskj. 98, um að nýrri gr., sem verður 4. gr., sje skotið inn, samþykkt eptir óljósa atkvgr. með nafnakalli (13 atkv. gegn 11), og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Hermann Jónasson,	Magnús Kristjánss.,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Andrjess.,
Jón Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stef., 2. þm. Skf.
St. Stef., 2. þm. Ey.,	
Þórh. Bjarnarson.	

5. gr. (4. gr. frumv.) samþ. með 19 atkv.

Breyt.till. 2. og 3. á þingskj. 98 samþ. án atkvgr.

6. gr. samþ. með 19 atkv,
7. — — — 19 —

Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv. gegn 2.

Á 19. fundi Nd., mánudaginn 24 júlí kom frv. til 3. umr. (A 124,128,144).

Framsögumaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Síðan mál þetta var seinast til umr. hjer í deildinni hafa 6 háttv. þm. komið fram með breyt.till. á þgskj. 124 og er hún í tveimur liðum. Það er farið fram á, að sleppt sje í 1. og 2. gr. frumv. orðinu »leigð». Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) gat þess við síðustu umr. málsins, að mjög óhentugt væri að ákveða, að leigja mætti ítök og önnur jarðargæði.

Nefndin hefur komið saman og íhugað þetta mál, og fundizt þetta að sumu leyti æskilegt, þó ekki sje annmarkalaust. Nefndin hefur því á þgskj. 144 komið með breyt.till., sem stefnir að því, að fella allstaðar burtu úr frumv. orðið »leigu«; þar af leiða líka orðabreytingar, sem jeg ekki finn ástæðu til að tala meira um. Það vakti fyrir nefndinni, að ef hún hallaðist að þessum breytingum, þá væru meiri líkur til, að frumv. næði samþykki

deildarinnar, En nefndin gat með engu móti fallizt á annan lið breyt.till., að 4. gr. skuli falla burt, því þetta var einmitt ný grein, sem nefndin lagði til að yrði bætt inn í frumv. Það er einhuga álit nefndarinnar, að þessi grein eigi að standa. Jeg færði ástæður fyrir þessari grein við 2. umr., og nefndin getur ekki fallið frá þeirri skoðun, að þessi grein sje nauðsynleg.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Nefndin hefur, eins og háttv. framsm. tók fram, gengið inn á breyt.till. minar við 3. gr., að orðin »eða leigð« og »eða leigu« falli burt. Jeg get því tekið aptur breyt.till. 1. og 2. En jeg held fast við breyt.till. 3. Hana hefur nefndin ekki gengið inn á. Nefndin hefur heldur eigi bætt úr þeim galla, sem jeg benti á að væri á frumv., að það mætti fara í kringum lögin.

Allir vita, að þessi forkaupsrjettur er skerðing á eignarrjetti. Til þess að fylgja slíku fram, þarf verulegar ástæður, sem eiga rót í almennings heill. Látum vera, að ástæða sje til þess, að lögleiða forkaupsrjett. en lengra má ekki fara; það er ranglátt og óþarft að skerða eignarrjett meira en nauðsyn krefur, og jeg get ekki sjeð sjálfsábúð betur borgið með því, að gjöra menn að leiguliðum sveitarfjelaganna, því að sveitarfjelögin hugsa meir um stundartekjur en að bæta jörðina.

Fyrir þessu ákvæði verða engin lögmæt rök færð að því, er jeg fæ sjeð. Jeg skal ekki segja, hvað nefndin sjer sjer í þessu efni, en jeg sje glöggt, að hjer er farið of langt gegn þeim, sem eignir eiga í landinu. Þegar frá líður mun nefndin sjá, að ákvæðið er bæði óvinsælt, óhentugt og ranglátt.

Ráðherrann: Jeg get ómögulega verið samdóma þeim, sem gjöra vilja þá breytingu á 3. og 4. gr. frv., að fella burt, að sá, sem land á undir, skuli hafa forgangsrjett til leigu á ítökum, skógum, veiðiám, fossum o. s. frv. Jeg álít það ákvæði 3. gr. nauðsynlegt, sjerstaklega að því, er snertir veiðar og fossa.

Hjer um land hafa ferðazt útlendir menn, eða útsendarar útlendinga, er hafa gjört samninga við fossaeigendur, sumpart mjög svo vitlausa samninga og óhagkvæma. Með loforðum um eptirgjald, þegar þeir einhvern tíma fari að nota fossana, hafa þeir fengið ýmsa fossaeigendur til þess, að binda sig um svo og svo langan tíma eða ótakmarkað tímabil og þannig hindrað það, að landsins börn gætu notað fossana til verklegra fyrirtækja. Þeir geta nú sem stendur leigt þann rjett, sem þeir þannig hafa náð, útlendingum, mann fram af manni. Ef ákvæði frumv. um forgangsrjett landeigenda stæði, þá yrði þetta ekki til baga til langframa. Sama er að segja um veiðiár; útlendir menn hafa víða náð veiðirjetti í þeim fyrir lítið, en selja svo rjett sinn dýrum dómum utanlands, án þess jarðeigandi viti. Með ákvæði leigufrumv. komast þessi rjettindi ef til vill aptur inn í landið. Um skógana getur verið öðru máli að gegna. Það er mögulegt, að maður vilji leigja skóg, einmitt til að friða hann og rækta. En hitt mun því sennilegra, að landeigandi verði drjúgastur til þess yfirleitt, að fara vel með skóginn, og að aðrir mundu helzt seilast eptir leigu á skógi til höggs. Að styðja slíkt, væri eigi samkvæmt stefnu þeirri, sem nú ríkir, sem sje að friða skóga og auka skógrækt.

Jeg er því hissa á nefndinni, að hún skuli hafa aðhyllzt þessa till. háttv. þm. V.-Sk. Að vísu talaði hann snjallt og áheyrilega um það við síðustu umr. hve forgangsrjettur til leigu væri óheppilegur, og hafði vissulega rjett að mæla að því, er snertir leigu á lausa-

fjármunum eða heilum jarðeignum. En hjer er öðru máli að gegna um þessar sjerstöku landsnytjar.

Eins og jeg tók fram við 2. umr., verð jeg að vera háttv. þm. V.-Sk. samdóma um, að rjett sje að taka upp beint ákvæði um, að afsal fyrirfram á forkaupsrjetti sje ógilt. En því miður hefur láðzt að koma fram með breyt.till. um þetta. Þess vegna væri heppilegast, að málinu væri frestað og ekki til lykta leitt á þessum fundi. Jeg vil skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni þætti ekki ástæða til að hliðra til í þessu.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg skal ekki fara mikið út í þetta mál af því, að jeg hef ekki skipt mjer mikið af því hingað til hjer í deildinni. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefur verið svarað, svo að jeg þarf þess ekki. Jeg vil einungis benda á það, þótt seint sje, að það er eitt atriði, sem stjórnin hefur fellt úr frumv. milliþinganefndarinnar. Jeg sá mjer ekki til neins að koma með breyt.till. um það, en vil þó minnast á það nú. Í frumv. milliþinganefndarinnar stendur í 1. gr.: »Þó nær eigi sá rjettur til afrjetta nje ítaka, sem afrjett kunna að fylgja«. Það er þetta, sem stjórnin hefur fellt burt.

Eins og kunnugt er, eru menn að lögum skyldir að reka geldfje á afrjett, en afrjettir eru optar eign einstakra manna heldur en sveitarfjelaga eða almennings. Nú geta afrjettareigendur eptir almennum skoðunum á slíkum eignarrjetti sett mönnum stólinn fyrir dyrnar og gjört mönnum afarkosti eptir eigin geðþótta. Þannig er rjettarástandið í þessu efni, og jeg vildi nota tækifærið til þess að benda á það. Milliþinganefndin tók þetta atriði til rækilegrar íhugunar, en gat ekki gjört neinar tillögur að þessu sinni því máli viðvíkjandi. En í sambandi við þetta fyrirliggjandi mál komst hún að þeirri niðurstöðu, að sveitarfjelögin skyldu látin hafa forkaupsrjett á afrjettum. Jeg vil ekki segja, að það hafi svo fjarska mikla þýðingu, til þess að bæta úr skák, og þessvegna hef jeg ekki skipt mjer af því meira.

Jeg vil einungis vekja athygli löggjafarvaldsins á því, að hjer er um rjettarástand að ræða, sem þarf að kippa í lag. Jeg álít rjett, að sveitarfjelögin geti »expropríerað« afrjettarlönd, og þó að það skerði að sumra áliti eignarrjettinn, er jeg sannfærður um, að sú kvöð hefur legið á öllum afrjettarlöndum í öndverðu, að þangað mætti reka fje án þess menn ættu að búa undir geðþótta afrjettareigenda. Yfir höfuð get jeg ekki fallizt á, að eignarrjettur á landi sje svo takmarkalaus, að hægt sje að fara með það eptir vild.

Framsm. Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): H. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) talaði um, að frumv. væri skerðing á eignarrjettinum; það sýnist mjer ekki vera rjett; það getur verið töf fyrir kaupunum, en rjettarskerðing er það ekki. Sveitarfjelagið verður að bjóða sömu kjör og hæstbjóðandi, svo eigandi þarf ekki að selja eign sína einni krónu lægra.

Jeg get heldur ekki fallizt á það, að það sje nokkrar líkur til þess, að sveitarfjelög færu ver með jörðina en einstakir menn, eða hugsuðu meira um stundarhag. Það gæti náttúrlega verið, að einstöku sveitarfjelög gjörðu það, en yfirleitt mundu þó sveitarfjelög vera betri landsdrottnar en einstakir menn. Eitt er víst, að það sveitarfjelag, sem á jörð innan hrepps, hlýtur að leggja meiri áherzlu á, að hún sje vel setin, heldur en annað sveitarfjelag mundi gjöra, ef jörð ætti utan síns eigin hrepps.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, þá er jeg honum þakklátur fyrir ummæli hans um 3. gr. Það kom til tals í nefndinni, en hún var þeirrar skoðunar, að það væri svo mikið kappsmál fyrir ýmsa hjer í deildinni, að ákvæðin um leigu fjellu burtu, að frumv. annars kannske mundi verða fellt, og nefndin gekk þess vegna inn á breyt.till. á þgskj. 124, þótt nauðugt væri.

En jeg treysti því, að þegar menn skoða þetta mál, sjái menn hve mikla þýðingu þessar breytingar hafa. Mjer væri því kært, ef tillaga hæstv. ráðh. næði fram að ganga, og að málið yrði því tekið af dagskrá og 3. umr. frestað.

ATKVGR.: Samþ. með 19 atkv. að fresta 3. umr.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí kom frumv. til framhalds 3. umr. (A. 124, 128, 144, 175, 188).

Framsögumaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Nefndin kom fram með breyt.till. á þgskj. 124, en hún hefur tekið þær aptur, af því hún hefur gengið inn á að taka upp breyt.till. á þgskj. 144. Breyt.till. við 3. gr. á þgskj. 124 var nefndinni nauðugt að ganga inn á frá upphafi, en þar sem 6 flutningsmenn voru með henni og nefndin áleit, að nokkur áhugi væri fyrir henni í deildinni, gekk hún inn á hana. Háttv. þm. V.-Sk. færði við 2. umr. málsins ástæður fyrir því, að ýmsir gallar væru á frumv., ef það fengi að ganga fram óbreytt, og nefndin varð að álíta, að sú skoðun hefði við nokkur rök að styðjast. Þó fjellst hún á skoðun hæstv. ráðh., að 3. gr. spilltist mikið, ef þessu ákvæði væri sleppt, því þó nokkur kostur væri við að sleppa því, þá er þó ókosturinn meiri. Enda eru líkur fyrir því, að frumv. gangi í gegn í deildinni, þó 3. gr. sje óbreytt.

Það er í mörgum atriðum blátt áfram nauðsynlegt, að sá, sem land á undir, hafi forgangsrjett að ítökum. Jeg skal t. d. nefna, ef itakseigandi vill leigja skóg, þá er svo sem sjálfsagt, að sá, sem á jörðina, hafi forgangsrjettinn. Það getur verið nauðsynlegt fyrir hann að leigja ítakið, til þess að friða jörðina, en leigi annar það, er meiri hætta fyrir því, að hann höggvi skóginn til stórskaða fyrir jörðina. Margt fleira skylt þessu mætti einnig benda á viðvíkjandi ítökum, en þess ætti eigi að gjörast þörf.

Þá hefur líka bólað á því á seinni árum, að útlendingar hafi viljað leigja ýms gögn jarða, fossa, ár o. fl. þessháttar. Þótt frumv.gr. verði látin standa óbreytt, er tryggingin að vísu ekki mikil, en það er þó nokkur bót að því, að gr. standi.

Í sambandi við þetta má einnig minnast á það, að það eru til þeir menn, sem vilja »spekúlera« í að eignast framtíðarjarðir, t. d. fram með alfaravegum og þá er nauðsynlegt, að breyt.till. um, að 4. gr., sem nú er í frumv., fái að standa, en sje ekki felld. Nefndin hefur leyft sjer í sambandi við þetta, að koma fram með breyt.till. á þgskj. 144 um að taka aptur breyt.till þá, sem hún tók upp á þgskj. 124, svo að frumv.gr. standi óbreytt; en af því leiða þær breytingar, sem af henni stafa, að »forkaupsrjettur« komi í staðinn fyrir »forgangsrjettur«.

Svo hefur loks nefndin á þgskj. 175 komið fram með þá viðaukatill., er bætist aptan við 6. gr., að fyrirframgiörður samningur milli landsdrottins og leiguliða getur eigi svipt hinn síðarnefnda forgangsjetti þeim, sem ræðir um í 1. og 3. gr.

Nefndin er samþykk hátt. þm. V.-Sk., að eins og frumv. var orðað, gat það valdið misskilningi að því, er þetta atriði snerti, og því rjett, að bæta þessu við til skýringar. En svo hefur sami háttv. þm. á þgskj. 188 komið fram með breyt.till., sem sje þá, að tilvitnunin til 3. gr. falli burtu. Nefndin hefur athugað þetta, en hún getur ekki fallizt á það í sambandi við þá breytingu, sem hún nú heldur fram. Hún álítur tryggilegra og heppilegra að hafa það eins og nefndin fer fram á í viðaukatillögunni, enda leiðir það af sjálfu sjer, ef breyt.till. nefndarinnar komast að.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ímynda mjer nærri því, eins og málið liggur fyrir deildinni, að það muni henni ekki fyllilega ljóst. Mjer skildist það líka svo, að háttv. framsm. væri það alls ekki ljóst, hvernig breyt. till. stæðu af sjer, eða hver áhrif þær hefðu á efni málsins, ef nokkrar þeirra eða allar yrðu samþ. Þetta tel jeg illa farið, en í sjálfu sjer er það mikils vert, ef hægt verður að bjarga út úr þessari flækju forkaupsrjettinum. Sumt í frumv. er jafnvel skaðlegt og mjög svo óhentugt, eins og t. d. forgangsrjetturinn til leigu, sem er, eins og jeg sýndi fram á við 2. umr. málsins, ranglátt hapt á eignarrjettinum. Breyt.till. mínar, þær sem nefndin hefur gengið inn á, eru líka miðaðar við þetta, en jeg álít, að 4. gr. eigi að falla burt. Það er nóg, að einn hafi forgangsrjettinn og óþolandi, að eigandi þurfi að hlaupa frá Heródes til Pílatusar, þó hann vilji selja eign sína.

Svo hefur nefndin á þgskj. 175 gengið inn á, að menn gætu eigi með samningum afsalað sjer forkaupsrjetti, og er það sömuleiðis eptir bendingu, sem jeg gaf nefndinni við 1. umr.

Jeg sje ekki, að sveitarfjelögum, sem vilja ganga inn í forgangsrjettinn, sje fyrirskrifaður nokkur frestur til þess. Þetta gjörir lögin varhugaverð.

Framsögumaður Hermann Jónsson (1. þm. Húnv.): Þetta atriði kom til umræðu í nefndinni, og hún var þeirrar skoðunar, að það leiddi af sjálfu sjer, að frestur inn væri hinn sami fyrir sveitarfjelögin og leiguliðana, nfl. $^1/_2$ mánuður, ef þeir vildu neyta forkaupsrjettar sins; en sje þetta ekki fyllilega skírt ákveðið, þá væri ef til vill hægt að koma þessari breytingu inn í Ed.

Væri þetla ekki 3. umr. málsins, þá væri nefndin sjálfsagt tilleiðanleg að koma fram með breytingar, en nú er það of seint, enda sjer nefndin eigi brýna þörf til þess.

ATKVGR.: 1. breyt.till. við 3. gr. á þgskj. 144 felld með 14 : 9.

2. breyt.till. við 3. gr. á þgskj. 144 tekin aptur.

5. og 7. breyt.till. fallnar burtu.

3. breyt.till. á þgskj. 124 um að 4. gr. falli burt, felld með 15 : 7.

3. breyt.till. á þgskj. 144 við 4. gr. samþ. með 15 : 2.

4. breyt.till. á þgskj. 144. við 4. gr. samþ. án atkvgr.

6. breyt.till. á þgskj. 144 felld með 14 : 2.

Breyt.till. á þgskj. 188 þar með fallin.

Viðaukatill. á þgskj. 175 við 6 gr. samþ. með 21 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 22 atkv. : 3 og sent forseta Ed.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 31. júlí kom frumv. til 1. umr. (A 204).

Eiríkur Briem (2. kgk. þingm.): Þetta er svo stórt og þýðingarmikið mál, að jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin til þess að íhuga það. Þjóðjarða-

sölumálið stendur líka í sambandi við það, og jeg býst við, að því máli kunni að verða vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að kjósa 5 menna nefnd til að íhuga málið og voru kosnir:

Þorgrímur Þórðarson með 12 atkv.
Guðjón Guðlaugsson með 10 atkv.
Eiríkur Briem með 9 atkv.
Ágúst Flygenring með 8 atkv.
Þórarinn Jónsson með 8 atkv.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Guðjón Guðlaugsson skrifari og framsögumaður.

Á 32. fundi Ed. fimmtudaginn 10. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 204. 317).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Eins og hin háttv. deild sjer, hefur nefndin komizt að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið sje bæði nauðsynleg og þörf rjettarbót, og að sú stefna sje rjett, að gefa leiguliðum forkaupsrjett á ábúðarjörðum sínum, hvort heldur þeir hafa verið skemmri eða lengri tíma á henni eða hafa lífstíðarábúð.

Nefndin var sammála um, að þetta sje ekki einungis rjettlátt, heldur muni það líka verða til að fjölga sjálfseignarbændum í landinu og þannig verða til þjóðarheilla. Því það blandast engum manni hugur um, að því fleiri sem sjálfseignarbændur eru, þess meiri sje velferð og heill þjóðarinnar. Það er heldur engum efa bundið, að menn munu finna hjá sjer meiri hvöt til að gjörast sjálfseignarbændur í stað leiguliða, ef þeim af stjórnarinnar hálfu er gjört hægt fyrir með það.

Það mun óhætt að fullyrða, að leiguliðar einstakra manna sjeu verst settir, en að landssjóðsleiguliðar eigi við hvað bezt kjör að búa. Stjórnin á auðvitað að gjöra allt til að færa þetta í lag, og er þetta frumv. eitt af þeim meðulum, sem úr þessu á að bæta. Það geta nú verið og eru sjálfsagt deildar skoðanir um það, hvort heppilegt sje að hlutaðeigandi sveitarfjelag hafi þennan forkaupsrjett, og má færa ýmislegt bæði með og móti, en nefndin var á því, að í mörgum tilfellum væri það þó heppilegra, einkum þegar um það er að ræða, að utansveitarmaður eigi jörð í sveitinni; þá fannst nefndinni, að ákvæði þetta væri nauðsynlegt; vitanlega getur þetta tafið fyrir sjálfsábúð á jörðinni, en á hinn bóginn er það, að mjög fá sveitarfjelög mundu »spekúlera« þannig í jarðakaupum til gróða fyrir sig, þau mundu öllu fremur hlaupa undir bagga með leiguliða til að kaupa jörðina ef hætt væri við, að utansveitarmaður fengi ella kost á henni. Auðvitað getur svo farið, að sveitarstjórn síðarmeir vildi ekki sleppa jörðunni, en þá má að minnsta kosti segja, að það sje ekki verra en að aðrar sveitarstjórnir ættu jörðina. Þetta eru nú helztu nýmælin.

Þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um breyt.till. nefndarinnar. Það er þá fyrst, að aptan við 1. gr. bætist ný málsgrein. Nefndin áleit, að ekki bæri að selja jarðir þær, er margbýli væri á, í pörtum, og að þeim leiguliða, sem ætti part í jörðunni áður, bæri að hafa forkaupsrjett að henni, en ef enginn ætti hluta áður, gæti seljandi ráðið, hverjum leiguliðanum hann seldi. Hann mundi þá optast selja þeim leiguliðanum, er bezt sæti jörðina.

Þá er 2. breyt.till. við 2. gr. Meining milliþinganefndarinnar var sú, að hjer væri einungis átt við afrjettarlönd,

en »óbyggð lönd« geta verið annað en afrjettir; það geta t. d. verið hólmar eða eyjar, sem fráskilin eru landi jarðarinnar, og að þeim á sá forkaupsrjett, er land á að, en ekki sveitarfjelögin. Afrjettarlönd eru aptur á móti nauðsynleg fyrir hverja sveit og því bezt, að sveitarfjelögin eigi þau.

3. breyt.till. er við 3. gr., að orðið »veiðiár« falli burtu. Nefndin var á þeirri skoðun, að eigi bæri að hafa sömu ákvæði um veiðiár og ítök eða skóga. Nefndin leit svo á, að veiðin mundi bezt komin hjá einum manni eða fjelagi. Reynslan er sú, að þar sem margir eiga veiðirjett að á, reynir hver þeirra um sig að skara sem mest eld að sinni köku, og það stundum um skör fram. Oss fannst því rjett, að koma í veg fyrir, að hægt væri að sundra aptur veiðirjettinum, er hann væri kominn á eina hönd, enda gæti það opt orðið óþægilegt fyrir seljanda, ef einn maður gæti heimtað veiðirjett keyptan fyrir sínu landi.

Þá er enn breyt.till. við 5. gr.; hún fer fram á að stytta frest þann, er þeir, sem forkaupsrjett hafa, hafa til andsvara. Í frumv. er svo ákveðið, að seljandi skuli fyrst bjóða leiguliða sínum jörðina til kaups, ef hann vill selja, og skuli leiguliði hafa hálfs mánaðar frest til andsvars. Það er að vísu satt, að hálfur mánuður er ekki of langur tími, en ef nú neikvæði kemur frá leiguliða, þá á landsdrottinn að bjóða jörðina sveitarfjelaginu og bíða annan hálfan mánuð eptir svari þess, en við það, að þessi frestur er orðinn svona langur, sem sje heill mánuður, þá getur það opt orðið til þess, að eigandi jarðarinnar missi af kaupanda á henni. Oss fannst að sjálfsögðu rjett, að hlynna sem mest að leiguliða, en þó ekki svo, að landsdrottni sje gjörður ef til vill tilfinnanlegur skaði um leið. Þá hefur nefndin og ráðið til að fella síðustu málsgrein 6. gr. burtu. Þegar nefndin fór að athuga hana, gat enginn okkar skilið, við hvað var átt í henni; við fórum svo til nefndar þeirrar, sem fjallaði um málið í neðri deild og komumst að þeirri niðurstöðu, að enginn hefði eiginlega skilið hana. Hún mun þó hafa átt við, að leiguliði gæti ekki afsalað sjer forkaupsrjettinum í byggingarbrjefinu. Vjer höfum látið koma í staðinn fyrir þetta það ákvæði, að yfirlýsing þess, er forkaupsrjett á, gildi ekki lengur en 6 mánuði, og álítum vjer, að það væri hæfilegur tími fyrir seljanda, að fá sjer nýjan kaupanda. Oss fannst það hart fyrir leiguliða, að geta aldrei fengið forkaupsrjett aptur að ábúðarjörð sinni, ef hann einu sinni afsalar sjer honum. Það eru mörg dæmi til, að jarðir geta lækkað og stigið í verði á mjög stuttum tíma, og að leiguliði vilji fremur kaupa hana í einn tíma en annan.

Jeg vona nú, að jeg hafi gjört hinni háttv. deild skiljanlegar breytingar nefndarinnar, og að hún sjái, að þær eru til bóta. Auðvitað er hægt að segja, að fara megi í kringum lög þessi t. d. með hylliboðum, en aldrei verður girt fyrir slíkt; þó mætti við 3. umr. bæta inn í frumv. sektarákvæðum fyrir þess háttar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg hef lítið við frumv. og breyt.till. að athuga. Að eins finnst mjer óviðkunnanlegt að segja, eins og stendur í 2. gr., að land liggi í sveitarfjelagi, en það má lagfæra með lítilli orðabreytingu.

Enn fremur er jeg í vafa um, hvaða þörf sje á, að hafa það ákvæði, að yfirlýsing afsalsins gildi eigi lengur en 6 mánuði.

Jeg vildi skjóta því til forseta, hvort hann vildi ekki bera 4. breyt. till. upp í tvennu lagi. Fyrri hlutann mundi jeg samþykkja en síðari hlutann ekki.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Jeg þykist þegar hafa gjört grein fyrir þessari breytingu, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) talaði um. Það er í alla staði eðlilegt, að landsdrottinn, sem vill selja jörð sína, fari fyrst til þeirra, sem forkaupsrjettinn eiga, áður en hann fer annað; fái hann svo nei hjá þeim, þá hefur hann 6 mán. til að koma jörðinni út; geti hann það ekki, á hann að bjóða leiguliða hana á ný; þá kemur nýtt tímabil, sem gildir í aðra 6 mánuði. Það getur opt staðið svo á, að leiguliðinn kæri sig ekki um að kaupa ábúðarjörð sína, sem hann þó seinna gjarnan vill eiga, og þá hart fyrir hann að hafa tapað forkaupsrjettinum að henni. Jeg álít, að einmitt þetta sje þýðingarmesta breyt.till. og að það væri illa farið, ef hún væri ekki samþykkt.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Úl af orðum háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.): skal jeg leyfa mjer að geta þess, að nefndin er honum þakklát fyrir þær leiðbeiningar, sem hann hefur gefið henni, en að því er snertir viðbótina síðari við 5. gr., getur nefndin eigi verið hinum háttv. þm. sammála, því að þegar svo stendur á, sem opt getur verið, að eigandi, sem vill selja, tekur það fyrir t. d. að auglýsa, að jörðin sje til sölu, eptir að hann hefur boðið þeim, er forkaupsrjett hafa eptir frv., þá er þörf á því, að sá, eða þeir, er forgangsrjettinn hafa, geti eigi, að mjög litlum tíma liðnum, komið og sagt: Nú hefðir þú átt að selja mjer, því að nú hefði jeg viljað kaupa. Það er auðsætt, að seljandi verður að hafa nokkurn tíma til þess, að leita fyrir sjer, ef hann t. d. þarf að takast ferð á hendur, en á hinn bóginn má sá tími ekki vera of langur, til þess að rjettur þess,er forkaupsrjettinn skal hafa, verði eigi fyrir borð borinn. Að minni hyggju er 6 mánaða tími hæfilegur, enda er það óhjákvæmilegt að hafa fast ákveðinn tíma.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.), Jeg hef skilið frumv. þannig, að í hvert skipti, sem eigandi vill selja, þá ætti hann að bjóða þeim, sem forkaupsrjett hefur, að ganga í kaupin og jeg fæ eigi sjeð, að það sje neitt óákveðið.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Þessi skilningur háttv. 3. kgk. þm. er rjettur, en það sjer hver maður, að það er ómögulegt fyrirkomulag, að þegar eigandi hefur boðið forkaupsrjetthafa í dag og hann neitað, að hann svo geti á morgun eða í næstu viku sagt: Nú hefði jeg viljað kaupa. Þetta var það, sem síðara ákvæðið aptan við 5. gr. frumv. átti að fyrirbyggja.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (317) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (317) við 2. gr. samþ, í e. hlj.

2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (317) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (317) við 5. gr. 1. málsgr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (317) við 5. gr. 2. málsgr. samþ. með 12 : 1.

5. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (317) við 6. gr. samþ. með 11 ; 1.

6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj

7. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 34. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 362, 372).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það liggja hjer fyrir dálitlar breyt.till. á þgskj. 372; eru það að eins orðabreytingar, samkvæmt bendingum, sem komu fram við 2. umr. málsins. Þær eru svo litlar, að jeg býst eigi við, að neitt þurfi um þær að tala; vona jeg, að þær verði teknar til greina og frumv. svo samþykkt.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (372) við 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. við 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til forseta Nd.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A, 382, 468).

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Svo óheppilega vill til, að framsm. (H. J.) er ekki viðstaddur. Skal jeg því leyfa mjer fyrir hönd nefndarinnar, að minnast fáeinum orðum á frv.

Eins og frumv. ber með sjer og skýrt er frá í nefndarálitinu, hefur frumv. tekið nokkrum breytingum í háttv. Ed. Nefndin hefur álitið þessar breytingar til bóta, fremur en hitt, og álítur, að háttv. Nd. geti því gengið að þeim. Nokkrar smávillur hafa sem sje skotizt inn í frumv. í háttv. Ed. Þannig stendur í 5. gr.: »eða leigu«, sem sýnilega á ekki við. Þetta leggur nefndin til að verði fellt burt. Sömuleiðis stendur: »forgangsrjett« fyrir »forkaupsrjett«; er sú breyting eðlileg afleiðing af öðrum breytingum, sem orðið hafa á frumv. — Jeg hef svo ekki fleira að taka fram fyrir nefndarinnar hönd, en óska, að breyt.-till. verði samþykktar og síðan frumv. sjálft. Jeg skal að eins geta þess, að nefndin hefur borið sig saman við nefndina, sem hafði þetta mál til meðferðar í háttv. Ed., og hefur hún fallizt á þessar breytingar.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (468) við 5. gr. samþ. með 18 atkv.

2. og 3. breyt.till. við 5. gr. samþ. með 20 atkv.

Frumv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Ed., til þess að leggja það aptur fyrir deildina.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 26. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 567, 600).

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er alveg sama um þetta mál að segja og næsta mál á undan, að það fór til Nd., og hefur fengið þar að eins fáeinar smábreytingar, er við höfum ekkert sjerlegt við að athuga, þar sem þær eru fremur til bóta. Það var að eins eitt atriði, sem komst inn í frumv. í þessari deild í ógáti; það hafði sem sje komizt eitt orð inn í frumv., sem ekki átti að vera þar; þetta hefur háttv. Nd. lagað, og er jeg henni þakklátur fyrir það, og þarf ekki að gjöra frekari grein fyrir þeirri breytingu.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til ráðherrans sem lög frá þinginu.

XI. Byggingarsjóður og opinberar byggingar.

Á 4. fundi Nd., miðvikudaginn 5. júli, kom frumv. til laga um stofnun byggingarsjóðs og byggingu opinberra bygginga til 1. umr.

Ráðherraun: Af því flest það, sem jeg hef að segja um þetta frumv., er tekið upp í athugasemdirnar aptan við frumvarpið, finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það að svo stöddu, en leyfi mjer að vísa til athugasemdanna, bæði að því er snertir hugmyndina, sem til grundvallar liggur, þörfina, sem hjer er reynt að fullnægja á sem minnst tilfinnanlegan hátt, og fyrirkomulagið í einstökum atriðum. Jeg skal að eins geta þess, að upphæðir þær, sem nefndar eru í frumvarpinu, eru settar þannig, að víst megi telja, að hægt sje að fá fyrir þær góðar og virðulegar byggingar, sem geti orðið til gagns og sóma fyrir landið um langt árabil. Þær gætu að vísu orðið nokkuð ódýrari, en jeg veit ekki, hvort það mundi borga sig, er til lengdar lætur

Jeg hef fengið bráðabirgðaáætlanir og bráðabirgðateikningu af annari byggingunni og loforð fyrir teikningu af hinni, en jeg hef ekki fundið ástæðu til að kosta miklu fje til að fá nákvæmari teikningar af þeim, fyr en þingið er búið að segja af eða á um frumvarpið, og, ef til kemur, ákveða hámark kostnaðarins við hvora bygginguna um sig; þá er nógur tími til þess, að táta gjöra tilboð og teikningu að húsum með því verði, er samþykkt er, og má þá annaðhvort fela stjórninni að velja úr þeim, eða skipa nefnd manna til að gjöra það ásamt henni.

Jeg er þeirrar skoðanar, að sje þessi aðferð ekki höfð, sem frumv. fer fram á, muni veita erfitt að koma þessum byggingum í framkvæmd fyrst um sinn. Hjer er eigi að ræða um nein aukin útgjöld eða álögur, heldur að eins að *breyta fasteign í aðra fasteign*. Það verður naumast hjá því komizt, að fara bráðum að selja Arnarhólslóð og sömuleiðis Öfærisey, og sje jeg ekki, að andvirði þeirra geti orðið varið á betur viðeigandi hátt, en að verja því til þess, sem hjer er farið fram á. Það virðist ekki rjett, að láta andvirði þessara gömlu embættisjarða renna í Ræktunarsjóðinn, sem andvirði annara umboðsjarða; því síður ætti við, að gjöra andvirðið að eyðslufje, með því að láta það renna inn í landstekjurnar. Á síðasta þingi kom það álit ótvírætt fram, að andvirði Arnarhóls *ætti* að ganga upp í byggingarkostnað embættisbústaðar þess fyrir ráðherrann, sem í lögunum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn landsins er ákveðið að byggja skuli. Þá virðast menn ekki hafa hugsað svo hátt, að neinn afgangur yrði af því til annars, ef það á annað borð hrykki. Nú hefur komið í ljós, að verðhækkun lóða í Reykjavík hefur orðið svo stórstig síðustu ár, að hjer er um miklu meira verðmæti að ræða, sem til skamms tíma ekki var til. En til þess að gjöra það auðið, að láta þetta fje fara að vinna sem fyrst landinu til gagns og sóma, er það lagt til hjer, að stofna sjerstakan sjóð með aðskildum fjárhag, styrkja hann með föstu tillagi frá banka landsins, og láta sjóðinn kosta byggingar þær, sem landið þarf að fá, en sem því á annan hátt er ofvaxið að koma upp.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Samþykkt með 17 atkv. að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Þessir 9 menn æsktu hlutfallskosn-

ingar: Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, Magnús Andrjesson, Guðlaugur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Björn Bjarnarson.

Kosnir voru með hlutfallskosningu:
Tryggvi Gunnarsson, 1. þm. Rvk.
Einar Þórðarsson, 2. þm. N.-Múl.
Guðmundur Björnsson, 2. þm. Rvk.
Þórhallur Bjarnarson. þm. Borgf.

Síðan fóru fram óbundnar kosningar um hinn 5. mann í nefndina, og var kosinn:

Jón Magnússon, þm. Vestm. með 15 atkv.

Magnús Andrjesson fjekk 3 atkv., aðrir færri.

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari og framsögumaður.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ág. kom frumv. til 2. umr. (Stj.frumv. A. 205, 266).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Nefnd sú, er kosin var af háttv. deild til að íhuga þetta mál, hefur tafizt nokkuð við það, að húsameistari Rögnvaldur Ólafsson, sem nefndin þurfti að hafa sjer til aðstoðar, kom fyrst hingað til bæjarins seinni hluta júlímánaðar: og þegar hann kom með teikningar sínar, þótti nefndinni vera nokkuð mikið í borið, þar sem hann hafði haft skrautlegar byggingar erlendis til fyrirmyndar, dýrar bókasafnsbyggingar í Ameríku, þar sem miklu fje er varið til þess að hafa allt sem fegurst og þægilegast. Þó að æskilegt væri, að við ættum slíkar byggingar, þá hefur nefndin ekki sjeð þess neitt færi sökum þess mikla kostnaðar, sem það mundi hafa í för með sjer, að reisa svo veglegt bókasafnshús. Þess vegna tók nefndin annað byggingarform. Meira húsrúm fyrir minni peninga.

Stjórnin telur það tært, að reisa þessar byggingar, sem hún fer fram á upp á væntanlega sölu lóða í Arnarhólstúni. Nefndin fellst á það, að lóðin sje svona verðmæt, og hrökkvi vel til þess, sem nefndin leggur til að byggt sje fyrir andvirðið.

Með nefndarálitinu fylgir álitsskjal frá húsameistara Rögnvaldi Ólafssyni, og vona jeg, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer það. Það er samið eptir því, sem hefur talazt til milli hans og nefndarinnar.

Þessi hugmynd um að koma upp sjerstöku stórhýsi fyrir söfnin m. m. er gömul, jeg veit ekki gjörla, hve langt er síðan, að því var hreyft í fyrsta sinni hjer á þingi. Það kom að minnsta kosti til tals á mínu fyrsta þingári fyrir 11 árum síðan. En þá ægði þar öllu saman, söfnum, skólum, pósthúsi o. fl., og þá var ekki hægt að vísa á neitt annað fje, en í vösum gjaldenda, og varð það hvorttveggja málinu til falls.

Nú hefur þessi hugmynd verið takmörkuð við sjálft safnahúsið, og það hefur nú hlaupið svo á snærið fyrir landssjóði, að þessi Arnarhólseign, sem lá við borð eitt sinn að yrði seld fyrir 10,000 kr., er nú svo margfalt verðmætari, en nokkur bjóst við. Þetta hefur hrundið stjórnarfrumv. af stað. Nú verður þetta klofið, sem áður þótti ófært, og enginn finnur neitt til þess.

Viðvíkjandi nýjum ráðherrabústað hefur nefndin ekki getað fallizt á tillögur stjórnarfrumv.

Í lögum síðasta þings um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn landsins er gjört ráð fyrir embættisbústað handa ráðherranum. Nefndin telur rjett, að

fresta byggingu þeirri um hríð, en vill í þess stað láta koma upp risnuherbergjum handa ráðherranum og alþingi hjer í þinghúsinu. Þegar búið er að taka landsbókasafnið og landsskjalasafnið burtu úr alþingishúsinu, þá þarf þingið ekki nándar nærri að halda á öllu því rúmi, sem þá verður autt. Þó að $^2/_3$–$^3/_4$ hlutar af húsinu niðri væru notaðir sem risnuherbergi, þá er samt nóg rúm fyrir 4–6 nefndarherbergi niðri og auk þess er allmikið rúm uppi á lopti. Svo má og bæta allstórum áheyrendapalli við austurenda neðri deildar. Uppi á lopti má einnig hafa stofu til veitinga. Ef hægt er að bæta einum 6 nefndarherbergjum við þau, sem nú eru, þá má það teljast nægilegt fyrir þingið. Skrifstofu þingsins mætti einnig stækka, og á því er brýn þörf. Það yrði of langt mál, að rekja þetta út í æsar, enda geta menn sjeð þetta á korti yfir alþingishúsið, sem nefndin hefur.

Nefndinni fannst óhugsanlegt, að breyta þinghúsinu í bókasafnshús, því að slík breyting er mjög kostnaðarsöm, og auk þess getur þinghúsið aldrei orðið hentugt safnahús fyrir margra hluta sakir, þess vegna miklu betra, að byggja nýtt hús fyrir söfn landsins.

Sú spurning hefur komið upp, hvernig væri hægt að koma eldhúsi við, og nefndinni kom saman um, að fært væri að byggja álmu úr þinghúsinu suður í þinghúsgarðinn; en þetta varð til þess, að nefndin klofnaði. — Háttv. 1. þm. Rvík. (Tr. G.) vildi alls ekki ganga að þessari ályktun nefndarinnar. Það væri auðvitað hægt, að kaupa lóð fyrir vestan þinghúsið, en það yrði allt of dýrt. Það munu margir játa með háttv. 1. þm. Rvík. (Tr. G.), að það sjeu neyðarkjör, að byggja álmu út í garðinn; og jeg hef síðan borið mig saman við Rögnvald Ólafsson og fullvissar hann mig um, að það sje vel hægt, að koma fyrir matreiðslustofu í sjálfu þinghúsinu, svo framarlega, sem hitunarvjelin sje látin vera undir gólfinu. Lánist þetta, þá ímynda jeg mjer, að háttv. 1. þm. Rvík. (Tr. G.) verði samdóma nefndinni, þegar því er sleppt, sem sérir fegurðartilfinning hans og rækt við þinghúsgarðinn.

Það sem einna helzt vantar hjá nefndinni, er glögg áætlun um, hve mikið þessi breyting á alþingishúsinu muni kosta; sú áætlun hlýtur að nokkru leyti að verða af handahófi. Það hefur áður verið gjörð áætlun um kostnað við hitun hússins, og nam sá kostnaður tæpum 16,000 krónum. Ef almenn raflýsing kæmist á hjer í bænum, þá yrði alls eigi dýrt að raflýsa alþingishúsið. Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður áætlaði hjer um árið 3,500 kr. fyrir sjálfum raflýsingarfærunum. Í nefndarálitinu er sá kostnaður alls áætlaður 6,000 kr., er sú áætlun byggð á upplýsingum frá formanni landsbókasafnsins.

Kostnaðurinn við skilrúma breytingar og prýði á herbergjum getur heldur ekki orðið afarmikill. Aptur mun verða nokkuð mikill kostnaður við húsbúnað til risnuherbergja og til ýmsra áhalda.

Við gizkuðum á, að allur kostnaðurinn við þessar breytingar yrði 40—50,000 kr., en til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig, hefur nefndin áætlað kostnaðinn 50,000 kr.

Þessi breyting á þinghúsinu er annars engu síður nauðsynleg vegna sjálfs alþingis, því að nefndarherbergin eru allt of fá, og ef þingtíminn verður fluttur til vetrarins, þá er óumflýjanlegt að fá húsið hitað.

Fyrir breytingartill. nefndarinnar

þarf ekki að færa frekari ástæður. Ein breytingartill. fer fram á hækkun á söluverði nokkurs hluta lóðarinnar. 4 af nefndarmönnum eru Reykvíkingar og fulltrúar í bæjarstjórninni, og er því kunnugt um lóðaverð í bænum Um sölu á Klapparlóð og Örfærisey er og nægilega talað í nefndarálitinu. Meðan engin mótmæli koma fram, er óþarfi að tala um þetta frekar.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Það er ekki opt, sem jeg verð til þess, að kljúfa nefndir hjer á þingi; jeg er vanur að geta komið mjer saman við meðnefndarmenn mína; en í þetta skipti var jeg neyddur til að gjöra undantekningu, því mjer var ómögulegt að skrifa undir það, að spilla svo hraparlega, eins og nefndarálitið fer fram á, bæði þinghúsinu sjálfu og þinghúsgarðinum, hinum fegursta garði á þessu landi. En mjer þykir nú vænt um að heyra af framsm., að hv. meiri hluti vill taka ágreining minn til greina, og ætlar að falla frá þessari tillögu sinni aptur. Útbyggingin fyrir eldhúsið hefði aldrei getað orðið minni en 10 og 12 álnir, og sú stærð var líka nóg til þess að eyðileggja útlit garðsins gjörsamlega og stórskemma útlit sjálfs hússins.

Háttv. framsm. meiri hlutans sagði nú, að þar sem þessari útbyggingu væri sleppt úr nefndarálitinu, teldi hann víst. að jeg gæti verið meiri hl. samdóma, En það er síður en svo. Mjer finnst það mikill kotungsháttur og lítil framsýni, að fara að breyta og rífa til í þinghúsinu, og kosta 50,000 kr. til þess. Sú hugsun er hvorki fugl nje fiskur. Tilgangurinn er auðsjáanlega sá, að reyna að skjótast undan ákvæðum þingsins 1903, að byggja sæmilegan ráðherrabústað, en mjer finnst, að það sje ekki sæmandi fyrir landið að hafa ekkert myndarlegt húsnæði handa æðsta manni landsins og til þess að bjóða inn í göfugum gestum, sem heimsækja það.

Það lýsir sorglega lítilli rækt við æðsta mann landsins, að eiga ekkert hús handa honum. Í hitt eð fyrra á þingi var þetta talið sjálfsagt, en nú er sú höfðingshugsun horfin, og kotungsháttur kominn í staðinn. Reyndar minntist háttv. framsm. meiri hl. á það, að láta ráðherrabústaðinn »bíða«, og sýnir með því, að hann hefur ekki alveg sleppt hugmyndinni um ráðh.-bygginguna, heldur að breyting þinghússins sje bráðabirgðaverk, *(Þórh. Bjarnarson:* Ráðherrabyggingin er lögboðin); en því er þá verið að gjöra tvöfaldan kostnað, fyrst verja 50.000 kr. til breytingar þinghússins, og svo nokkrum árum síðar kosta yfir 100,000 kr. til ráðherrabyggingar?

Jeg held, að það væri bezt að gjöra engin ákvæði um þetta nú. Lóðirnar í Arnhólstúni, með því háa verði, sem sett er á þær, seljast ekki svo fljótt, að meiri peningar verði til, en safnahúsið kostar; ákvæðið um hina bygginguna má bíða til næsta þings. Þangað til má bjargast við það, sem er.

Svo er þetta mál líka alveg óhugsað; ekkert er til, sem gæti líkzt neinni áætlun um kostnaðinn, allt er að eins ágizkanir, gjörðar út í loptið.

Því er opt barið við hjer á þingi, að ekki sje hægt að gjöra þetta eða hitt, byggja brú, eða leggja veg, af því að áætlun vanti. Vilja menn þá fara að flana nú út í þetta, sem er bæði óhugsað og vanhugsað.

Jeg get líka varla kallað það sæmilegan viðtökustað fyrir tigna gesti, þó tvær stofur verði útbúnar hjer niðri í þinghúsinu; það er líkt og hafa kytru á bóndabæjum undir palli fyrir gestastofu. Hugsum oss, að hjer hefði verið jarl, eins og einu sinni var ráð-

gjört. Engum lifandi manni hefði dottið í hug að láta hann búa í privathúsi, og taka þar á móti tignum gestum. enda held jeg, að það sje ekkert land til í heiminum, sem á ekki bústað handa sínum æðsta manni; og hvort hann heitir jarl eða ráðherra, þá er það æðsti maður landsins, sem verður að koma virðulega fram fyrir landsins hönd gagnvart útlendum mönnum.

Mjer finnst það kotungslegt, að útlendingar, sem koma hingað og vilja heimsækja ráðherrann, þurfi að leita að honum í einhverju húsi í einhverri götu; og helzt fá sjer götustrák, til að tylgja sjer til æðsta manns landsins. Þegar jeg byggði bankann um árið, þá var það ein aðalhvötin, að mjer þótti minnkun fyrir landið, að útlendingar þyrftu að koma inn í þá holu, sem hann áður var í; sú hola gaf útlendingum ekki stóra hugmynd um landið, nje efnahag þess.

Mín tillaga er því sú, að safnabyggingin sje samþykkt nú, en breyting þinghússins sje látin bíða til næsta þings.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það er nýmæli í þessu, að landsbankinn skuli eiga að greiða svona mikið fje til þessara fyrirtækja, og mjer þykir það mjög merkilegt nýmæli, því jeg hjelt ekki, að fjárhagur bankans væri svo góður. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á því, að bankinn hefur ekki enn þá sjeð sjer fært að stofna útibú á Seyðisfirði. Mjer þætti nú ákaflega vænt um, ef bankastjórinn, 1. þm. Rvk. (Tr. G.), vildi gjöra grein fyrir því, hvers vegna hann ekki framkvæmir þetta skylduverk sitt, þegar fjárhagur bankans er svo góður, að hann getur tekið á sig svona mikla árlega útborgun. Jeg skal að vísu játa, að þetta kemur ekki málinu við, en jeg gat þessa að eins af því það gæti sparað mjer að koma fram með till. til þingsályktunar, viðvíkjandi þessu Seyðisfjarðar-útibúi bankans.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson, þm. Borgf.: Háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) sagði, að þetta væri alveg óhugsað mál. Jeg skal nú ekki segja, hve margir nefndarfundirnir voru, en þeir voru margir, og jeg held, að málið hafi verið hugsað og rætt svo vel sem kostur var á. Nefndin breytti að vísu stefnu sinni, eptir að hún talaði við Rögnvald Ólafsson, en háttv. 1. þm. Rvk. var sjálfur með í þeim ráðum og vissi um þá breytingu, og það kom okkur því mjög á óvart, þegar hann á síðasta nefndarfundi snerist á móti okkur.

Eitt, sem styður tillögur nefndarinnar, er það, að einn aðalpartur af kostnaðinum við breytinguna, nefnilega hitun hússins, er nauðsynlegur hvort sem er. Annar stærsti partur af kostnaðinum er útbúnaður risnuherbergja með húsgögnum og áhöldum, og hann getur alveg eins komið að notum, þó að ráðherrann síðar fái sjerstakan bústað. Eini sjerkostnaðurinn við þetta fyrirkomulag yrði þá skilrúmabreytingin og hún gæti aldrei orðið nema lítill hluti af öllum kostnaðinum.

Stjórnin hefur lagt áherzlu á það, að fá sem fyrst húsakynni til þess að taka á móti göfugum útlendum gestum; en nú skilst mjer á háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), að hann vilji helzt slá því öllu á frest, og gjöra ekkert í því fyr en á næsta þingi.

Hann sagði, að þetta mundu verða kytrur, og líkti því við skot undir palli eða því um líkt. En mjer finnst það alls ekki í kot vísað, ef útlendum gestum — þó það væru kóngar eða keisarar — væri boðið inn í þinghús þjóðarinnar. Og jeg held varla, að það

þurfi að gjöra ráð fyrir stærri veizlusal en 11×17 álnir, eða hjer um bil þriðjungi stærri en salurinn í Iðnaðarmannahúsinu, þar sem 60 geta setið yfir borðum. Nefndin, eða meiri hlutinn telur það fullkomlega viðunanlegt.

Hinn háttv. þm. gat þess enn fremur, að það sýndi litla rækt við ráðherrann, að láta hann búa í privathúsi; en jeg er hræddur um, að laun hans sjeu ekki svo mikil, að hann með þeim geti búið í stórhýsi, því það kostar afarmikið. Ef hjer á Íslandi hefði orðið jarl, tel jeg víst, að hann mundi hafa haft talsvert meiri laun, en ráðherrann hefur. En að ekki sje hægt, að fá hjer sæmilegan og nógu stóran privatbústað handa ráðherranum, því trúi jeg naumast.

Ráðherrann: Jeg vil að eins lýsa yfir því, að það gleður mig, að háttv. nefnd hefur getað fallizt á meginatriðin í þessu frumv., bæði það, að hún vill láta byggja þessar byggingar og það, að hún vill láta andvirði lóðanna renna í sjerstakan sjóð og gefa sjóðnum heimild til þess að fá lán úr viðlagasjóði til þess að fullgjöra strax það, sem lagaheimild er til að byggja.

Jeg get ekki verið samdóma háttv. þm. Sfjk. (J. J.) um það, að þessar 7,500 kr., sem bankanum er ætlað að leggja til árlega, geti heitið mikið fje; það er að eins 1% af seðlafúlgunni, og eptir þeim tekjum, sem bankinn nú hefur, og aukning varasjóðs á hverju ári, munar bankann ekkert verulega um þetta. Hins vegar á það vel við, að bankinn sýni það af sjer með fjárframlagi þessu, að hann er landsins eigin eign, svo að menn skilji enn betur, hvílíkur styrkur það er fyrir landið, að eiga sjálft banka sinn. Það er nauðsynlegt fyrir byggingarsjóðinn, að hafa þetta fasta framlag, vissar tekjur, til þess að standast vexti af lánum úr viðlagasjóði, og þykir mjer vænt um, að háttv. nefnd hefur aðhyllzt þetta og allt annað fyrirkomulag sjóðsins, sem er skilyrði fyrir því, að þessum nauðsynlegu byggingafyrirtækjum verði fram komið.

Háttv. framsm. meiri hlutans (Þ. B.) tók það rjettilega fram, að privatbústaður handa ráðherranum er ekki aðalatriði í tillögunni um bygging »ráðherrabústaðar«. Jafnvel þótt lögin um skipun hinnar æðstu umboðsstjórnar fyrirskipi, að ráðherrann skuli hafa ókeypis embættisbústað, sem hluta af launum sínum, þá hafði mjer ekki dottið í hug að koma fram með till. um bygginguna nú, ef kostnaðinn hefði orðið að taka af almennum gjöldum landssjóðs. En af því að það kom glögglega fram á síðasta þingi, að andvirði Arnarhóls skyldi varið upp í þennan lögákveðna embættisbústað handa ráðherranum, þá þótti ekki hlýða að ráðstafa andvirði Arnarhólslóðarinnar án þess að gjöra ráð fyrir, að að minnsta kosti nokkuð af andvirðinu gengi til þess. Það kostar landið 2,000 kr. á ári, meðan þessi embættisbústaður er ekki til, og það getur auðvitað verið erfitt fyrir ráðherrann, að fá sæmilegan samastað. En það er þó engan veginn neitt aðalatriði nje brýn þörf að koma þessum bústað upp, og hann yrði ekki landssjóði dýrari en húsaleiguuppbótin nemur. Hitt er aptur á móti nauðsynlegt, að landið eigi sjer vísan einhvern stað, þar sem göfugum gestum landsins yrði veitt viðtaka; það má varla heita vanvirðulaust, að landið skuli ekki geta vísað á nein slík híbýli. Það var meiningin, að slík móttökuhúsakynni eða risnuherbergi yrðu

byggð í sambandi við hinn fyrirskipaða embættisbústað, þannig að hvorttveggja væri í sama húsinu, er svo væri einu nafni nefnt »ráðherrabústaður«, og var talið, að hvorttveggja samtals mundi kosta um 100,000 kr. vel vandað úr steini.

En nú álít jeg það einmitt vel til fallið, að búa út risnuherbergi hjer í alþingishúsinu eins og nefndin leggur til, því þingið gæti alveg eins þurft á þeim að halda, ef slíkir höfðingjar kæmu hjer um þingtímann; ráðherrann getur þá einnig haft afnot af þessum híbýlum til móttöku gesta, og má þá enn um hríð fresta því að byggja embættisbústaðinn.

Jeg varð þess var, þegar nefndin var að vinna, að hún var hrædd við að gefa heimild til þess, að lána byggingarsjóði úr viðlagasjóðnum svo mikið fje sem þyrfti, og vildi takmarka þá heimild.

En af því hefði leitt dráttur á framkvæmd bókasafnsbyggingarinnar og það gleður mig því sjerstaklega, að nefndin hefur fallið frá því aptur og leggur til, að bætt sje úr þörfunum strax. Jeg álít, að það sje vel gjörlegt að koma fyrir risnuherbergjum hjer niðri í alþingishúsinu, og kostnaðurinn til þess sjerstaklega yrði ekki mjög mikill, þar sem það mundi verða gjört í sambandi við þá breytingu á þinghúsinu, sem þarf að gjörast hvort sem er, til þess að þing geti verið á veturna. Það þyrfti þá, hvort sem er, að setja í húsið hitunarvjel, ljósfæri, og gjöra herbergin úr garði niðri í húsinu. Jeg get þessvegna alveg fallizt á þessar till. nefndarinnar, og þær eru, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, gjörðar að nokkru leyti í samráði við mig. Hitt er sjálfsagt, að það verður síðar að byggja embættisbústað þann, sem lögin mæla fyrir um, þegar um hægist með aðrar aðkallandi þarfir. Meðan þeim lögum ekki er breytt, verður maður að álíta, að það liggi fyrir hendi.

Tryggvi Gunnarsson, (1. þm. Rvk.): Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvort landsbankinn sæi sjer ekki fært að setja útibú á Seyðisfirði. Jeg held, að jeg þurfi nú varla að svara þessari fyrirspurn; hún kemur heldur ekkert þessu máli við. En háttv. þm. veit það þar að auki eins vel og jeg, hvaða upphæð bankinn hefur í veltu og til þess að lána út. Það eru einar 750 þúsundir kr. fyrir utan sparisjóðsfje það, sem honum er falið til geymslu og umsjónar, en sparisjóðspeningana má auðvitað ekki festa í útibúum út um land; það verður að hafa þá til taks, þegar heimtað er. Það eru þá þessar 750 þús. kr., sem verður að skipta milli þeirra 2 útibúa, sem nú eru til og bankans sjálfs í Rvík, og jeg sje ekki, að það sje fært að stofna 3. útibúið með því litla fje, sem bankinn hefur til umráða. *(Forseti:* Þetta kemur ekkert því máli við, sem hjer liggur fyrir). Það finnst mjer heldur ekki, en jeg varð að svara fyrirspurninni, úr því henni var beint til mín, þó það raunar sje heldur ekki nauðsynlegt, þar sem háttv. þm. Sfjk. sagðist ætla að koma fram með þingsályktunartillögu um þetta efni seinna.

Að því, er ráðherrabústaðinn og breytinguna á þinghúsinu snertir, þá þótti framsögumanni það ekki rjett, að jeg vildi fresta til næsta þings ákvæðum í því efni. Hann hjelt, að mætti ráða fram úr því nú þegar, en það finnst mjer ekki, meðan svo mikill snúningur er í skoðunum manna og málið er ekki betur undirbúið. Eins og jeg hef tekið fram, var nefndin fyrir nokkrum dögum á þeirri skoðun, að rjett væri að byggja sjerstakt hús

banda ráðherranum. Svo datt henni það í hug, að breyta alþingishúsinu niðri, þegar landsbókasafnið væri flutt úr því, til risnu og til þess að taka á móti gestum og til veizluhalda. Þar næst vildi nefndin láta byggja eldhús við þinghúsið út í alþingisgarðinn, en svo er hún aptur fallin frá því og álítur nú, að grafa megi kjallara undir húsinu og hafa eldhúsið og hitastöðina þar niðri. Þannig hefur nefndin breytt fjórum sinnum skoðun sinni á tæpri viku. Er hægt að segja, að þetta mál sje vel og áreiðanlega undirbúið. Nei það er öðru nær, og því álít jeg heppilegast að fresta því. Vjer vitum ekki einusinni, hve fljótt Arnarhólslóðin selst eða hversu mikið fje verður til umráða. Háttv. framsögumaður sagði, að hægt væri að fá góða bústaði hjer í privathúsum, en eptir því, sem jeg þekki til, er það ekki rjett; þegar þessi ráðherra, sem nú er, fer frá, heldur hann líklegast áfram að búa þar, sem hann leigir nú; hvar á þá nýji ráðherrann að koma sjer fyrir? Mjer finnst það, satt að segja, aumingjalegt, að landið skuli ekki eiga neitt hús handa æðsta manni þjóðarinnar, eins og jeg hef áður sagt; en þótt svo sje, þá er þó betra að fresta málinu, heldur en að byrja á einhverju káki, sem hvorki er heilt nje hálft; þessvegna vildi jeg óska, að háttv. þingdeildarmenn slægju málinu á frest til næsta þings. Safnabyggingin verður hvort sem er ekki meira en svo búin þá; sízt orðin svo þur, að hægt verði að flytja bækur í hana úr þinghúsinu; finnst mjer því nógur tími til að ákveða, hvað eigi að gjöra við þinghúsbreytinguna eða ráðherra bygginguna.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Það svar, sem jeg fjekk hjá háttv. 1. þm. Rvk., varð með aðstoð hæstv. forseta gott og fullnægjandi, og þakka jeg jafnframt fyrir vísbendinguna um, hvernig jeg á að fara með það mál hjer á þinginu.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 19 atkv.

1. breyt.till (205) við 2. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 21 atkv.

3. gr. samþ. með 22 atkv.

4. gr. samþ. með 21 atkv.

2. breyt.till. (205) við 5. gr. samþ. með 23 atkv.

5. gr. þar með fallin.

3. breyt.till. (205) við 6. gr. samþ. með 18 atkv.

4. breyt.till. (205) við 6. gr. samþ. með 19 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Jóh. Ólafsson,
Björn Bjarnarson,	Ólafur Briem,
Björn Kristjánss.,	St. Stef., 2. þm. Skf.,
Einar Þórðarson,	Tryggvi Gunnarss.
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

6. gr. þannig breytt samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 30. fundi Nd., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 287).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Við 3. umr. þessa máls hafa engar breyt.till. við frumv. komið fram. Við 2. umr. aðhylltist mikill meiri hluti breytingar nefndarinnar, og hæstv. ráðh. lýsti því þá yfir, að hann væri þeim hlynntur, svo það virðist engin ástæða til að ræða þetta mál frekar hjer í deildinni. Í Ed. hefur nefnd sú, sem hafði frumv. um færslu þingtímans til meðferðar, byggt till. sínar að nokkru leyti á þessu frumv., svo jeg vona, að því verði vel tekið, þegar þangað kemur.

Jeg vil að eins drepa á eitt atriði, sem kom til tals í nefndinni, en ekki hefur verið hreyft hjer enn þá. Þar var álitið, að heppilegt mundi að fara hjer að eins og þegar alþingishúsið var byggt: nfl. að alþingi nefndi 3 menn úr sínum flokki til að vinna að þessu með stjórninni, og hjálpa henni til að gjöra fyrirkomulagið, sem hentast og meta þau tilboð, sem fram kynnu að koma um bygginguna. Ef háttv. deild áliti þetta hafa þýðingu, gæti nefndin eða einhver einstakur þm. komið með tillögur um það.

Einu andmælin, sem komið hafa fram gegn þessu frumv., eru þau, sem einn nefndarmaðurinn, háttv. 1. þm. Rvk. hreyfði, og aðalástæða hans var sú, að hann vildi ekki láta byggja út í þinghúsgarðinn. En þar sem nægar sannanir eru fengnar fyrir því, að þessa þurfi ekki með, og hægt er, að búa um hitunarvjel og annað, sem með þarf, innan veggja þinghússins, er sú ástæða fallin, og þarf sjálfsagt ekki að mæla frekar fyrir frumv., þar sem það befur fengið svo ágætar undirtektir.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 31. fundi Ed., miðvikudaginn 9. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 312).

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er svo liðið á þingtímann og háttv. þingdm. hafa svo mikið að starfa, að enginn tími er til þess, að ræða þetta mál mikið við þessa 1. umr.; það væri því æskilegt, að hún yrði sem stytzt, og vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að í málið verði skipuð 3 manna nefnd, að umræðunni lokinni.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kosnir:

Eiríkur Briem	með 13	atkv.
Jón Jakobsson	—— 11	——
Valtýr Guðmundsson	—— 7	——

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Jón Jakobsson skrifari og framsögumaður.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 312,479).

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv). Jeg ætla að vera svo stuttorður, sem mjer er unnt, því að jeg býst við, að háttv. þm. hafi fengið nóg af nætursetunni í nótt, og mörg mál eru enn eptir á dagskrá, Í fljótu bragði kann það að virðast nokkuð undarlegt,að í nefdarálitinu stendur, að nefndin hafi verið sammála, en þó hefur einn nefndarmanna skrifað undir með fyrirvara, en þetta stafar af hinu mikla annríki, sem háttv. deild hefur nú um þessar mundir.

Sem skrifari nefndarinnar skrifaði jeg nefndarálitið, en sá háttv. nefndarmaður, sem var ósamþykkur einu atriði, hafði engan tíma til þess, að breyta því, og tók því það ráð að skrifa undir með fyrirvara.

Breytingar nefndarinnar eru aðal-

lega 3. Hin fyrsta er um sölu Örfæriseyjar. Nefndinni fannst hvorki ástæða til að binda sölu hennar við það, að Reykjavík keypti hana eða binda söluna við 6,000 kr., því að það gæti vel farið svo, að meira yrði boðið í hana af einhverjum öðrum. Vjer leggjum því til, að *lágmarkið* verði ákveðið 6,000 kr., en göngum út frá því sem gefnu, að Reykjavíkurkaupstaður hafi forkaupsrjett, að öllu öðru jöfnu. Þá er 2. breyt.till. nefndarinnar; gengur hún út á, að hækka lágmark verðs Arnarhólslóðarinnar úr 3 og 4 kr. upp í 5 kr. á allri lóðinni án tillits til, hvort selt er af skákinni fyrir sunnan Hverfisgötu eða fyrir norðan væntanlegt framhald af Lindargötu, með því, að mjög er tvísýnt, að syðri lóðirnar verði í hærra verði, en þær, sem norðar eru og nær sjó liggja. Jeg býst við, að stjórnin hafi í frumv. sínu af þeirri ástæðu sett hærra verð á lóðarspilduna fyrir sunnan Hverfisgötu, að henni hefur þótt hún útgengilegri, þar sem hún liggur að breiðustu og myndarlegustu götu bæjarins, en nefndin hyggur, að lóðirnar norðanmegin sjeu alveg eins mikils virði og ekki sízt sá hlutinn, sem næst sjó liggur, því að þegar byggðin kemst inn með sjónum fyrir ofan læk, þá munu lóðir þessar verða mjög góðar verzlunarlóðir, einkum ef höfnin flyttist þangað inn eptir, sem er alls eigi ólíklegt. Og þótt þetta eigi yrði, þá mun engin skotaskuld verða úr, að selja þær fyrir 5 kr. eða meira, þar sem þessi blettur er einhver hinn fegursti í bænum og þó í honum miðjum. Um 3. breyt.till. varð nefndin að síðustu eigi á eitt sátt og einn nefndarmanna áskildi sjer því rjett til að mæla móti benni. Breyt.till. þessi er um það, að landsbankinn skuli eigi greiða byggingarsjóði neitt árgjald í stað 7,500 kr. á ári, sem farið er fram á í frumv.; væru þær ástæður til þess, að meiri hluta nefndarinnar fannst engin ástæða til að láta landsbankann, sem landið á, borga til byggingarsjóðsins, sem landið einnig á, væri það í raun og veru eigi annað en tillag úr landssjóði til sjálfs sín, en hinsvegar tvísýnt, hvort ráðlegt er að skerða að svo stöddu varasjóð bankans að nokkrum mun, með því að hann verður að skoðast sem nauðsynleg trygging fyrir því mikla fje, sem bankinn geymir og ávaxtar fyrir skiptavini sína í sparisjóði og á hlaupareikningi. En annars þykir mjer eigi þörf á að tala frekar um þessa breyt.till., því að jeg vil leyfa mjer að geta þess í nafni mínu og háttv. sessunauts míns E. Briems, að við tökum breyt.till. þessa aptur, þótt eigi sje af því, að okkur finnist rjett að skerða fje bankans, þar sem hana, auk þeirrar byggingar, er jeg nefndi, nú þarf að borga til útgáfu nýrra seðla, og að líkindum til stofnunar útibús, o. fl. 4. breyt.till. er engin efnisbreyting. en við vildum taka það skýrt fram, að heimilt væri, að setja miðstöðvarhitun í húsið, einkum þar sem það mun nema hjer um bil $^2/_5$ af hinum áætlaða kostnaði. Jeg skal svo eigi fjölyrða þetta meira, en vona, að þessum fáu breyt.till. verði vel tekið.

Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Þar sem jeg álít frumv. þetta mjög mikilsvert, einkum að því er snertir bygginguna yfir söfn landsins, þá finnst mjer ekki rjett, að stofna því í hættu með því, að breyta því hjer til muna; einkum er jeg hræddur um, að hækkun á lágmarki lóðarverðsins geti orðið til þess, að seinka málinu, og þar sem um lágmark er að ræða, þá er engin hætta á því, að háttv. stjórn sæti ekki þeim beztu kjörum. sem bjóðast.

Aptur á móti er jeg algjörlega samþykkur breyt.till. nefndarinnar um

Örfærisey. Jeg álít rjett, að taka það fram, að lágmark verðsins sje 6,000 kr., og jafnframt að fella burt það ákvæði, að Reykjavík eigi heimting á eynni fremur en aðrir. Jeg hef fulla ástæðu til að halda, að fást mundi fyrir hana 10 þús. kr., og það nú þegar.

Að því, er breyt.till. nefndarinnar um miðhitun í Alþingishúsið snertir, þá finnst mjer hún meinlaus, en óþörf.

Framsögumaður Jón Jakobsson, (1. þm. Húnv.): Það gleður mig fyrir hönd landssjóðs og nefndarinnar, að fá þær upplýsingar um Örfærisey, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) gaf, að svo miklu meira mundi fást fyrir hana, en háttv. Nd. hafði áætlað.

Að öðru leyti vil jeg að eins taka það fram, að hinar breyt.till. nefndarinnar geta varla orðið frumv. þessu að falli, þótt þær verði samþykktar.

Jeg vona því, að háttv. deild samþykki þær.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er í sjálfu sjer óþarft af mjer, að taka til máls í þessu máli; háttv. framsm. (J. Jak.) hefur tekið svo greinilega fram ástæður mínar fyrir því, að jeg undirskrifaði nefndarálitið með fyrirvara. Fjárhæð sú, sem ætluð er til risnu í þinghúsinu til handa ráðherra, mun aðallega ganga til húsgagna og þess háttar, og þarf hvort sem er, að útvega það, svo ekki er vert að þrefa um það.

Jeg er á sama máli og hv. framsm. (J. Jak.) að því leyti, sem jeg álít, að lóðir fyrir norðan framhald Lindargötu verði hærri en fyrir sunnan Hverfisgötu.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (479) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (479) við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (479) við 6. gr. samþ. með 12 atkv. móti 1.

6. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 23. ágúst kom frv. til 3. umr. (A. 528).

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði, og afgreitt til forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A. 558, 577).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Bf.): Jeg þarf ekki annað en að vísa til framhalds-nefndarálitsins og tillaga nefndarinnar er, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Nefndir beggja deilda í málinu telja það sjálfgefið, að svo framarlega, sem þessi fyrirhugaða breyting á þinghúsinu kemst í kring fyrir alþingi 1907, þá láti forsetarnir búa hin nýju nefndarherbergi þingsins húsgögnum til afnota á næsta þingi, og þarf eigi að taka það fram, að þau útgjöld takast af alþingiskostnaði.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frv. afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XJI. Sveitarstjórnarlög.

Á 4. fundi Nd., miðvikudaginn 5. júlí kom frumv. til sveitarstjórnarlaga til 1. umr.

Ráðherrann: Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarráðsins við sveitarstjórnarfrumv. frá milliþinganefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt allra hæstum úrskurði 13. nóv. 1901, kom frumv. svo seint til stjórnarráðsins, að enginn tími var til að rannsaka það til hlítar. Frumv. kom fyrst í hendur stjórnarráðsins í fyrri hluta aprílmánaðar, en í miðjum apríl varð jeg að fara utan á fund Hans Hátignar konungsins, og frumv. þurfti að vera útbúið frá hendi sjórnarráðsins fyrir 15. apríl. Til þess að tefja ekki fyrir málinu, var þá ákveðið, að leggja frv. fram af stjórnarinnar hálfu, að mestu leyti eins og það kom frá milliþinganefndinni, en með þeim fyrirvara, að jeg áskil mjer óbundna afstöðu gagnvart ýmsum atriðum þess, og mun bera mig saman við nefnd þá, er væntanlega verður kosin til að fjalla um málið.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg ætla ekki að tara mörgum orðum um þetta mál að sinni. Eins og tekið var fram, er málið rækilega undirbúið af milliþinganefndinni; þó eru það nokkur atriði í þessu frumv., sem jeg vildi að yrðu færð nokkuð á annan veg, en með því að þau snerta einstakar greinar, þá verð jeg að geyma mínar athugasemdir við frumv. til seinni tíma, þar eð jeg tel það víst, að málið gangi til 2. umr. Jeg leyfi mjer að leggja það til, að nú þegar sje 5 manna nefnd kosin til að íhuga málið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 24. samhlj. atkv.

Uppástungan um 5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kom þá fram ósk um hlutfallskosningu frá 9 þingmönnum, og voru þeir þessir:

Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, Guðlaugur Guðmundsson, Ólafur Ólafsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Magnús Andrjesson, Björn Bjarnarson.

Síðan fór fram hlutfallskosning, og voru þessir 4 kosnir:

Jón Magnússon, þm. Vestm.
Guðl. Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Árni Jónsson, þm. N.-Þing.
Jóhannes Ólafsson, þm. V.-Ísf.

5. maður í nefndina var síðan kosinn með óbundnum kosningum, og hlaut þá kosningu eptir ítrekaðar kosningar

Eggert Pálsson, 1. þm. Rangv. með 15 atkv.

Einar Þórðarson, 2. þm. N.-Múl. fjekk 11. atkv.

Í nefndinni var Árni Jónsson kosinn formaður og Jón Magnússon skrifari og framsögumaður.

Á 24. fundi Nd., laugardaginn 29. júlí átti frumv. að koma til 2. umr., en var tekið út af dagskrá eptir ósk þessara 17 þingdeildarmanna.

Lárusar H. Bjarnarsonar, Stefáns Stefánssonar 2. þm. Skgf., Guðl. Guðmundssonar, Pjeturs Jónssonar, Björns Bjarnarsonar, Stefáns Stefánssonar 2. þm. Eyf., Jóns Jónssonar, Hermanns Jónassonar, Jóhannesar Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Ólafs Briems, Björns Kristjánssonar, Eggerts Pálssonar, Guðmundar Björnssonar, Hannesar Þorsteinssonar, Magnúsar J. Kristjánssonar og Þórhalls Bjarnarsonar.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 31. júlí kom frumv. til 2. umr. (stjórnarfrumv. A, 194, 212, 219, 224, 232).

Framsögumaður meiri hlutans, Jón Magnússon (þm. Vestm.); Jeg skal reyna að þreyta ekki háttv. deild mjög á upptalning á breyt.till. nefndarinnar, enda eru þær flestar ekki mikilvægar, og jeg vona, að háttv. þm. hafi kynnt sjer þær áður. Jeg vil að eins leyfa mjer, að drepa lítið eitt á nokkrar þeirra, um leið og jeg vísa til nefndarálitsins.

Breytingarnar á 1. og 2. gr. eru að eins orðabreytingar, og sama er eiginlega að segja um breyt.till. við 4. gr. Af því að skýring milliþinganefndarinnar á einu ákvæði í þessari grein hefur hneyxlað einn mikilsvirtan ritstjóra hjer á landi, þá skal jeg svo sem milli sviga geta þess, að skýring sú er ekki frá mjer, eins og hann hefur eflaust haldið, heldur úr allt annari átt, — þaðan sem hann sízt mundi hafa grunað. Sannleikurinn er sá, að »eptir tillögum« þýðir að minnsta kosti stundum í íslenzkum lögum »eptir að tillagna hefur verið leitað«. Sje nú ákvæðið í 4. gr. skýrt þannig, verða tillögur sýslunefndar ekki bindandi, og þótti milliþinganefndinni það rjettara, því vel gæti verið, að sýslunefndirnar gjörðu sitt til að varna því, að kauptún innan endimarka sýslufjelaga þeirra fengi viðtækari sjálfsstjórn en hinir aðrir hreppar, og leystust þannig að nokkru úr sýslufjelaginu.

Breytingin á 8. gr. gjörir hana frjálslegri, en hún er í frumv. gagnvart kjósendum, og vona jeg að háttv. deild hafi ekkert út á það að setja. Orðið »kjörtímabil (ekki kjörtími«) er viðhaft í kosningarlögunum til alþingis og þótti nefndinni rjett, að hafa það svo einnig hjer.

Fyrsta breyt.till., sem verulega þýðing hefur, er breyt.till. við 35. gr., en fyrir henni eru færð rök í nefndarálitinu, svo að eigi virðist þörf á að fara mörgum orðum um hana. Jeg vil að eins bæta því við, að það þykir jafnan góð regla, að breyta ekki lögum, nema fullgild ástæða sje færð fyrir því, að breytingin sje til bóta. Nú hefur nefndin ekki getað sannfærzt um, að gild rök sjeu færð fyrir því, að rjett sje, að breyta til um reikningsárið, úr fardagaári í almanaksár, og leggur því til, að haldið sje fardagaárinu, eins og nú er.

39. gr. frumv. kveður svo á, að eigi skuli útsvarskærur teknar gildar, ef þær koma eptir ákveðinn tíma. Þessu vill nefndin fá breytt þannig, að hreppsnefndir geti ráðið því, hvort kærurnar sjeu teknar gildar eða ekki. Það getur opt staðið svo á, að sá, sem þykist hafa ástæðu til að kæra, sje fjarverandi á þeim tíma, sem tiltekinn er, eða einhverjar aðrar ástæður hindri hann í að flytja kæruna í tæka tíð. Og getur það þá verið sanngjarnt, að hreppsnefndum sje heimilt, að taka kærurnar að einhverju leyti til greina, þótt sá eiginlegi kærufrestur sje liðinn.

41. gr. ætti líklega að breyta meira, en farið er fram á, og mun nefndin síðar taka hana til nánari athugunar.

Nefndin fer fram á, að 42. gr. sje breytt þannig, að í staðinn fyrir »31. oktbr.« komi »31. jan.« Síðan þessi tillaga var gjörð hefur það komið til orða, að líklega mundi rjettast, að halda fast við 31. desember, því þá falla í gjalddaga önnur gjöld til hreppanna, en aukaútsvörin. Og komist málið til 3. umr., eru líkur til, að nefndin komi fram með till. í þessa átt þá.

Breyt.till. við 44. gr. fer fram á að gefa hreppsnefndum heimild til að

heimta aukaútsvör greidd í peningum. Nefndin álítur hollara og heppilegra að miða við peningaviðskipti bæði hjer og annarsstaðar, en leggja vöruskiptin sem allra mest niður. Auðvitað þurfa hreppsnefndirnar ekki að heimta peninga, þó að þær hafi heimild til þess; þær geta látið greiða nokkurn hluta útsvarsins í peningum, og nokkurn hluta í öðrum gjaldgengum aurum, ef þess er óskað. Hitt er auðvitað, að þær verða að láta peningaútlátin koma hlutfallslega jafnt niður. Þannig mega þær ekki heimta allt útsvarið í peningum hjá sumum, en leyfa öðrum að gjalda sitt útsvar í öðrum aurum.

Á 45. gr. eru að eins orðabreytingar.

Breyt.till. við 48. gr. er nokkru þýðingarmeiri, þar sem farið er fram á að hækka gjaldið til hreppsnefndaroddvita fyrir hverja 10 menn úr 1 kr. upp í 1 kr. 50 a. Það er enginn efi á því, að 1 kr. 50 a. er fremur of lágt en of hátt gjald, en nefndin vildi þó ekki fara hærra. Eins og alkunnugt er, eru allt af að aukast störf hreppsnefndaroddvitanna, og því er fullkomin ástæða til að tryggja þeim nokkra borgun fyrir starf sitt. Jeg veit vel, að sú þóknun, sem nefndin fer fram á, er ekki meiri en sú borgun, er sumir hreppsnefndaroddvitar hafa nú, en hitt er víst, að til eru þeir hreppsnefndaroddvitar, er enga þóknun fá af því að engin ákveðin þóknun er tiltekin. Þingnefndin var milliþinganefndinni því samdóma um, að rjett væri, að þóknunin væri fastákveðin, til þess að hún yrði ekki komin undir meiri eða minni eptirgangsmunum viðkomandi oddvita. Fastákveðið gjald er trygging fyrir jöfnuði á þessu.

Úr 74. gr. vill nefndin fella ákvæðið um, að sýsluvegagjald skuli renna í sýslusjóð, því að hún telur þá ekki vera næga trygging fyrir því, að sýsluvegagjaldið verði allt notað til þess, sem það er ætlað, ef það rennur saman við sýslusjóðinn. En það telur hún horfa til apturfarar, ef dragi úr vegabótum, af því að vegafjeð yrði notað til annars.

Það hefur verið drepið á það, að ekki væri heppilegt, að sýslunefndir úrskurði sjálfar sýslureikningana, vegna þess að þær sjeu í rauninni sjálfar reikningshaldarar og hafi ábyrgð á reikningunum og eignum sýslusjóða. Það þykir ekki rjett, að frumv. lætur hið sama yfirvald hafa úrskurðarvaldið, sem ábyrgðina ber á gjörðum þeim, er úrskurða á. Í sjálfri sjer er þessi mótbára allatgætileg, — á pappírnum. En í reyndinni er þetta svo, að oddviti sýslunefndar hverrar er reikningshaldari (gjaldkeri) og hefur sjerstaklega ábyrgð á reikningnum, og öllum eignum sýslusjóðs. Gagnvart honum standa hinir kjörnu sýslunefndarmenn alveg óháðir. Hvorug nefndin, hvorki milliþingnefndin, nje meiri hluti þingnefndarinnar hefur því getað sjeð, að nein hætta stafi af því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á. Að minnsta kosti er það hið umsvifaminnsta. Og jeg get ekki sjeð, að meiri hætta sje á að láta sýslunefndir úrskurða sýslureikninga en bæjarstjórnir bæjarreikninga. Hitt játa jeg, að það er ekki fullt samræmi í því, að láta sýslunefndir kjósa endurskoðara, en ekki bæjarstjórnir. En verulegt atriði get jeg ekki talið það. Það mætti auðvitað koma á ákvæði um það, að sjálfir sýslubúar skyldu beint kjósa endurskoðara, en það yrði nokkuð umsvifamikið, þó ekkert sje »princípielt« á móti því. Fyrir mitt leyti álít jeg þessu vel borgið með ákvæði frumv.

Jeg skal taka það fram, viðvíkjandi

breyt.till. við 81. gr., að það er vitanlegt, að allvíða hefur komið fram sú mótbára móti frumv. frá milliþinganefndinni, að of mikil völd væru lögð í hendur stjórnarráðinu. Þannig sagði t. d. háttv. þm. Snæf. um daginn, að milliþinganefndin hefði seilzt um of eptir sjálfstjórn sveitarfjelaganna. Jeg held ekki, að það sje rjett, að það teljist í frumv. nokkur rýring á valdi sveitarstjórnanna eða á sjálfstjórn sveitarfjelaga. Þetta er samhljóða ákvæði því, er gildir um bæjarstjórnir; jeg held ekki, að það sje munur að þessu leyti á þeim störfum, sem eptirlitið á að gæta, hvort sem það er í kaupstöðum eða sveit. En á hinn bóginn hefur stjórnin ekki meira vald yfir sýslunefndum, en hún hefur haft hingað til yfir amtsráðunum.

Jeg skal þó ekki bera á móti því, að með því að sýslunefndir hafa margvíslegri störf á höndum en amtsráðin, og eru má ske ekki taldar eins vel settar að myndugleika eins og þau, þá geti verið nokkur ástæða til að óttast það, að stjórnin kunni að beita sjer fullt svo mikið gagnvart sýslunefndunum, sem gegn amtsráðunum. Jeg held nú reyndar fyrir mitt leyti, að þetta sje óþarfa hræðsla. En til þess að fyrirbyggja með öllu of mikla afskiptasemi af hálfu stjórnarinnar í þessu efni, hefur nefndin stungið upp á því í breyt.till. við 81. gr., að gjöra hreppsnefndirnar að nokkurs konar hæstarjetti í þeim málum, sem landsstjórnin áður hefur verið hæstirjettur í.

Það er óþarft að orðlengja hjer um niðurlagningu amtsráðanna. Það hefur verið gjörð ítarleg grein í till. milliþinganefndarinnar fyrir uppástungunni þarum, og skal jeg vísa til þess, sem þar er sagt. Aðeins skal jeg láta þess getið, að þegar bændaskólafrumv. er samþykkt, þá veit jeg sannarlega ekki, hvað þau eiga að þýða eptir það; þau hafa þá ekkert eptir nema eptirlitið og það ekki umfangsmikið.

Jeg skal ekki að þessu sinni fara nánar inn á ástæður minni hluta nefndarinnar, sem eru aðallega tvær: I. *að* frumv. rýri vald sveitarstjórnanna, II. *að* niðurlagning amtsráðanna hefur ekki verið borin undir hlutaðeigandi sveitastjórnarvöld.

Um hina fyrri mótbáru hef jeg talað nokkuð, en hvað hina síðari snertir, þá hefur verið beðið um álit sýslumanna sjerstaklega og allra annara landsmanna, og uppástungur, viðvíkjandi breytingum á sveitarstjórnarlöggjöfinni. Rjett eptir að milliþinganefndin var skipuð, ljet þáverandi formaður hennar, Páll heitinn amtmaður Briem, birta í blöðunum áskorun um þetta, en það er grandvart, að nokkuð hafi komið til nefndarinnar um það efni frá sýslumönnum eða öðrum stjórnarvöldum. Um það, sem er aðalatriðið í þessu máli, eins og það liggur nú fyrir, nefnilega niðurlagning amtsráðanna, hygg jeg eigi þurfi að spyrja, því að það er óhætt að fullyrða það, að allur þorri manna hjer á landi mun þakka það þingi og stjórn, að amtsráðin verði lögð niður, einkum ef jafnaðarsjóðsgjaldið fellur niður, án þess nokkurt gjald komi í staðinn. Jeg skal þó ekki fara frekara út í þetta að sinni, nema mjer sje gefið tilefni til þess, en vil víkja fáeinum orðum að þeim breyt., sem fram hafa komið í þessu máli.

Á þgskj. 219 eru tvær breyt.till. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Báðar þessar breyt.till. eru þannig lagaðar, að nefndin getur ekki haft neitt sjerlegt á móti þeim. Þær eru báðar byggðar á skynsamlegri hugsun, en jeg held, að þær sjeu óþarfar. Hin

fyrri er við 1. lið 25 gr., byggir á því, að þar sje ákveðið, að oddviti skuli geyma bækur og önnur skjöl og eignir hreppsins heima hjá sjer, og fer fram á, að oddviti sje skyldur að sæta því, ef hreppsnefnd útvegar honum tryggari geymslustað. En hugsun þessa ákvæðis í frumv. er ekki sú, að oddviti þurfi að varðveita lausafje hreppsins heima hjá sjer, heldur að hann skuli hafa ábyrgð á varðveizlunni, og er hann þá auðvitað skyldur til að fá því sem tryggilegasta geymslu, að hægt er eptir atvikum. Hafi oddviti eigi sjálfur ráð á tryggilegri geymslu, en hinir hreppsnefndarmennirnir geti vísað á betri stað, þá hygg jeg, að hann sje skyldur að taka hann, ef það er ekki frágangssök, þótt þessi umrædda viðbót frá háttv. þm. G.-K. sje ekki samþ. Þessi breyt.til. held jeg því að sje alveg óþörf.

Hin breyt.till. við 79. gr., gæti í fljótu bragði sýnzt mjög eðlileg. Það getur virzt óeðlilegt, að láta sýslunefndina í heild sinni hafa ábyrgð á því, sem sýslumaðurinn einn geymir. Samt verð jeg að leggja heldur á móti breyt.till. Hún er óþörf að því leyti, sem hún skerpir á engan hátt hina sjerstöku ábyrgð, sem reikningshaldari, sýslumaður hefur á geymslunni, og er máske heldur til tjóns að því leyti, sem hún kynni fremur að sljóvga eptirlitið frá sýslunefndarinnar hálfu, er hún væri laus við ábyrgðina á eignum sýslufjelagsins, enda er hún ekki í fullu samræmi við ákvæðið um ábyrgð sýslunefndarinnar á reikningsskilunum.

Þá eru næst 2 breyt.till. á þgskj. 224 frá háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.). Hin fyrri við 50. gr., að síðasta málsgr. falli burt. Jeg verð að játa það, að þessi breyt.till. er fremur meinlaus, en jeg hygg að hún sje byggð á misskilningi á ákvæðinu, og því rjettara að fella hana.

Það sem vakti fyrir nefndinni með því að láta þessa málsgrein standa, þótt enginn breyting yrði á ákvæðinu um reikningsárið, var það, að ef þetta frumv. gengi í gildi 1. janúar, þá gæti reikningsárið þó eptir ákvæðum þess ekki byrjað fyr en í fardögum næst eptir, en hin núgildandi lög fjellu úr gildi um leið og frumv. yrði að lögum, svo að ákvæði þeirra að þessu leyti gæti ekki vel náð til umræddstímabils, og færi þá um þetta líkt eins og fór með undirbúning kjörskráa hinna fyrstu, samkvæmt núgildandi lögum um alþingiskosningar. Það hefði auðvitað mátt ákveða, að lögin skyldu ganga í gildi í fardögum. Annars læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort breyt.till. verður samþ. eða ekki.

Aptur á móti hef jeg ekkert á móti breyt.till. við 53. gr.; hún fer í sömu átt og breyt.till. nefndarinnar við 81. gr.; það er góð og gild »demokratísk« regla, sem sumstaðar á sjer stað, að menn geti borið mál undir sveitarfundi; sveitarfundir í hreppsfjelögum eru ekki svo umsvifamiklir, að þessvegna þurfi að hafa neitt á móti þeim, Út af þessu hefur verið skotið að mjer, að ástæða væri til, að hafa ákvæði um sveitafundi. Fyrir alþingi liggur nú annað frumv., sem gjörir ráð fyrir sveitafundum. Jeg sje ekkert á móti því, að tekið væri upp í þetta frumv. ákvæði um það, hvenær sveitafundir skuli teljast lögmætir. Annars get jeg lýst því fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefur ekkert á móti þessari breyt.till. háttv. 1. þm. Skagf., og vill einmitt mæla með henni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal að eins leyfa mjer að

vísa til þess, sem jeg hef tekið fram í nefndarálitinu. Jeg er ekki samþykkur meiri hluta nefndarinnar og hef gjört þar grein fyrir mínum ástæðum. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að flytja hjer langa ræðu þessum ástæðum til skýringar. Því ætla skyldi maður, að margir þeirra manna, sem hjer eru, væru svo kunnugir slíku máli, að þeir gætu sjeð, að ástæður þær, er jeg hef fært, eru á fullum rökum byggðar.

Það er sagt í nefndaráliti meiri hlutans, að frumv. hafi verið borið undir sveitastjórnirnar. Þetta er ekki rjett; það hefur aldrei verið borið undir amtsráð eða sýslunefndir, að eins hrepdsnefndum hefur, áður en frumv. varð til, verið skrifað um þetta mál almennt; en engin af þeim atriðum, er í frumv. eru, hafa verið borin sjerstaklega undir þær. Því að milliþinganefndin var ekki tekin til starfa, þegar hreppsnefndunum var skrifað um málið.

Með tilskipuninni 1872 og lögunum 1890, sem vitnað er til í ákvæðum milliþinganefndarinnar, er sveitarnefndum gefin lögtryggð sjerstaða gagnvart landsstjórninni; hún er skipuð kosnum fulltrúum, sem eiga að fjalla um sveitarstjórnarmálin frá lægsta stigi til æðsta. Í sýslunefndum sitja þeir menn, sem mest traust er borið til í hverju sýslufjelagi og álitnir eru hafa bezta þekking á slíkum málum. Þessir aðal-liðir í sveitarstjórninni kjósa hið æðsta fulltrúaráð í þessum málum, amtsráðin. En hjer er farið fram á að flytja allt lagalegt vald yfir þessum málum til Reykjavíkur, »centralisera« allt og fá valdið í hendur umboðsstjórninni, konunglega skipuðum embættismönnum, sem geta verið góðir í sinni stöðu, þó að þeir hafi ekkert vit á sveitastjórn og eru skipaðir með allt annað fyrir augum. Þetta er breyting í skakka átt. Jeg álít frumv. vera til skaða fyrir sjálfstæði sveitastjórnanna og til skaða fyrir landið í heild sinni.

Þó að löggjafarvaldið hafi hnefarjettinn til þess, að þröngva þessu yfir landið, þá er það siðferðislega rangt að svipta landsbúa þessum sjálfsstjórnarrjetti, án þess þeir fái að bera hönd fyrir höfuð sjer, og þess er jeg fullviss, að þjóðin mun kunna þessu gjörræði illa.

Háttv. framsm, sagði, að lögunum um þetta efni ætti ekki að breyta nema nauðsyn bæri til; en þegar jeg ber saman tillögur milliþinganefndarinnar og frumv., sje jeg, að ekki stendur steinn yfir steini að kalla má af því, sem milliþinganefndin hafði lagt til.

Hjer er ekkert orðið eptir, nema það einasta atriði: afnám amtsráðanna og flutningur á valdi þeirra undir stjórnarráðið í Reykjavík.

En hvaða nauðsyn knýr nú fram þessa breyting? Það er vitnað í kostnaðinn við amtsráðin. Hann er tæpar 4,000 kr. á ári. Þegar nú litið er til þess, hvað lítil upphæð þetta er í samanburði við kostnaðinn við hreppsog sýslunefndir yfir landið allt, og það athugað, að það eru sýslufjelögin, sem ein borga þennan kostnað að öllu leyti, þá virðist það lýsa talsverðri frekju, að þvinga fram slík lög, án þess að spyrja sýslunefndirnar, sem kjósa amtsráðin og bera þau uppi, hvort þær vilji selja þennan atkvæðis- og sjálfsstjórnarrjett fyrir lítilvægan sparnað.

Það hefur verið talað um hjer, að engin rýrnun yrði á valdi sveitastjórnanna. Það er rammskakkt, því að með því að flytja það eptirlit með fjárhag, gjörðum og ályktunum súslunefndanna, sem amtsráðin hafa haft, í hendur stjórnarráðsins, þá er allri sjálfsstjórn sveitarfjelaganna komið fyrir kattarnef. Öll slík mál fá nú fullnaðarúrslit í amtsráðun-

um, sem eru skipuð kjörnum fulltrúum hinna lægri sveitarstjórnarvalda.

Öll þessi breyting leiðir til meiri hlutsemi af hálfu landsstjórnarinnar og ósjálfstæði fyrir sveitarstjórnina. Verksvið sýslunefnda er fjölbreyttara en amtsráðanna, og tala þeirra mála, sem flytjast undir stjórnarráðið því miklu meiri og auk þess þeim mun fleiri, sem sýslunefndirnar eru fleiri en amtsráðin. Auk þess er mönnum gjörður stórkostlegur bagi með því, að láta þá verða að sækja þá úrskurði til Reykjavíkur, sem menn hafa verið vanir að sækja til amtsráðanna eða amtsráðsforsetanna.

Hv. framsm. tók fram, að frumv. um bændaskóla gjörði það aðgengilegra að leggja niður amtsráðin; hjer er að vísu því starfi ljett af amtsráðunum, sem kostar miklar skriptir og reikningshald, en það er ekkert þýðingarmikið starf, lagalega skoðað. Það er afstaða amtsráðanna gagnvart sýslunefndunum, sem hefur mesta lagalega þýðingu.

Það er eitt atriði, sem háttv. framsm. veik ekki að, aðalþátturinn í áliti minu, og það er meðferðin, sem hjer er ráðgjörð á eign amtanna, og sem er byggð á algjörlega rangri hugsun. Jeg ætla ekki að fara út í það, að milliþinganefndin hefur ætlazt til, að gjald yrði lagt á sýslurnar, sem þær eru ekki spurðar um, og án þess að leggja nokkuð líkt gjald á kaupstaðina, sem ætla mætti þó að notuðu fullt eins mikið þá stofnun, sem gjald þetta fellur til, sem sje geðveikrahælið, því að ekki munu vera færri vitfirringar í kaupstöðunum en í sveitunum. Þetta er fullkomið misrjetti. En mjer virðist milliþinganefndin byggja á því, að ömtin standi í skuldum. Jeg er ókunnugur fjárhag austuramtsins og vesturamtsins, en gagnkunnugur fjárhag suðuramtsins og norðuramtsins, og get fullyrt, að ef eignir þeirra væru seldar, mundu þær meir en hrökkva til fyrir skuldum. Hjer liggur því alveg röng ímyndun til grundvallar fyrir tillögu nefndarinnar.

Jeg hef komið með breyt.till. um, að lög þessi öðlist ekki gildi fyr en 1. janúar 1908, því að þá gæfist þjóðinni kostur á að láta í ljósi álit sitt um málið, og þingið 1907 gæti þá tekið það til athugunar.

Björn Kristjánsson, (1. þm. G.-K.): Jeg á smábreyt.till. á þgskj. 219. H. framsm. (J. M.) virtist mjer líta svo á, sem þær væru smávægilegar, og það eru þær í rauninni, og mjer virtist hann ekkert sjerstaklega hafa á móti þeim og álíta, að þær gjörðu hvorki til nje frá. Orsökin til þess, að jeg kom með þessa breyt.till., var einkum sú, að mjer fannst ekki rjettlátt, að skylda oddvitana til að geyma öll skjöl hreppsins, sem hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á, því það er alkunnugt, að við oddvitakosningar er farið eptir hæfilegleikum þess eða þeirra, sem um er að gjöra, án tillits til húsakynna þeirra, og eru oddvitar því opt fátækir, sem búa í ljelegum húsakynnum; og getur því opt verið óþægilegt fyrir þá að geyma áríðandi skjöl. Mjer skildist háttv. framsm. halda því fram, að oddvitinn gæti þá komið þeim fyrir annarsstaðar, ef hann ætti óhægt með að geyma þau sjálfur. En jeg efast um, að oddvitar hafi leyfi til þess eptir frumv., og að minnsta kosti hljóta skjölin að vera í þeirra ábyrgð, hvar sem þau eru geymd.

Breyt.till. við 29. gr. áleit háttv. framsm. að væri óþörf, en ekki til skaða. En þar eð nú lögin banna, að sýslunefndir hafi þessi skjöl með höndum, þá finnst mjer oddviti hljóta að annast þau. Sýslunefndir halda ekki

fundi optar en 1—2 sinnum á ári, og þar eð svo langt er á milli funda og á hinn hóginn sýslunefndarmenn ekki geta haft skjölin eða aðrar eignir með höndum, get jeg ekki sjeð annað eðlilega, en að oddvitar beri einnig ábyrgð á þeim. Jeg vona hin háttv. deild fallist á þetta.

Ólafur Briem, (1. þm. Skagf.). H. framsm. tók það fram, að með frumv. milliþinganefndarinnar væri ekki rýrð sjálfsstjórn sveitarfjelaganna. Jeg álít þetta ekki sjerstaklega þakkarvert, þegar litið er til þess, að liðin eru rúm 30 ár frá því, að núgildandi sveitarstjórnarlög komu í gildi. Jeg skal líka játa, að stjórnarfrumv., sem byggt er á áliti milliþinganefndarinnar, rýrir ekki sjálfstjórn sveitarfjelaganna beinlínis, en óbeinlínis hefur frumv. þau áhrif með því ákvæði, að flytja úrskurðarvaldið frá amtsráðum til stjórnarráðsins, og það því fremur, sem amtsráðin hafa jafnan beitt valdi sínu frjálslega, og optast látið sýslufjelög einráð um sín eigin málefni. En það er enganveginn full trygging fyrir, að stjórnarráðið beiti valdinu eins frjálslega, ef því verður veitt það; því maður veit, að skrifstofuvaldinu hættir við að hanga nokkuð mikið í lagabókstafnum. En í till. nefndarinnar held jeg að vísu, að nokkuð sje úr þessu bætt, með því að sýslunefndir þurfi ekki að hlíta úrskurðum stjórnarráðsins, en geti borið málin undir viðkomandi hreppsnefndir. En þá er jeg í efa um, hvort vert sje að halda þessari 81. grein frumv.

Svo jeg snúi mjer að breyt.till. þeim, sem fyrir liggja, þá er á þskj. 224 breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með í þá átt, að hreppsnefndir sjeu ekki að öllu bundnar við úrskurð sýslunefnda, en geti borið málin undir gjaldendur í hreppnum og fengið þeim framgengt, þó sýslunefnd synji um samþykki, ef $^3/_4$ gjaldenda fallast á ráðstöfun hreppsnefndar.

Háttv. framsm. gat þess, að hann væri þessu ekki mótfallinn, og vona jeg, að það verði samþykkt.

Jeg skal leyfa mjer að minnast á eitt atriði enn, sem milliþinganefndin hefur gengið fram hjá, nefnil. gjaldaálögur sýslunefndanna á hreppsfjelögin með niðurjöfnun á hreppana. Jeg get ekki betur sjeð, en það sje mjög óhentugt fyrirkomulag, að jafna öllum sýslugjöldum niður á hreppana, og þeir aptur á hreppsmenn með aukaútsvörum.

Í máli, sem var til umræðu hjer í deildinni fyrir skömmu, frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík, var það tekið fram, að mikilsvert væri, að hafa fastar tekjur eða fasta álögustofna. Þetta er alveg eins mikilsvert fyrir sýslufjelögin. Og þegar þar við bætist, að jarða- og lausafjártíundir, sem eru hjer um bil þær einu föstu tekjur sveitasjóðanna, eru orðnar hverfandi til þess, að bera þarfir hreppsfjelaganna, sýnist tími til kominn, að auka með einhverju móti tekjurnar, annað hvort að hækka með lögum fastar tekjur, eða tiltaka álögustofna, sem hægt væri að leggja á. Gjalda-álögurnar, eins og þeim er nú fyrir komið með niðurjöfnun aukaútsvara eptir efnum og ástæðum, eru að sumu leyti einungis af handahófi, enda hefur því verið haldið fram, að hreppsnefndir hefðu ekki að lögum leyfi til þess, að setja sjer neinar vissar reglur fyrir slíkri niðurjöfnun, en það gjöra þó ýmsar hreppsnefndir í trássi við lögin, því hjá því virðist ekki verða komizt, en mismunandi er það auðvitað í ýmsum sveitarfjelögum; enda jafnvel í sama sveitarfjelagi geta reglurnar breytzt, þegar mannaskipti verða í

hreppsnefndinni. Og að láta svo jafnhá útgjöld öll vera komin undir þessari handahófs-niðurjöfnun, sýnist ekki viðunanlegt. Milliþinganefndin svarar þessu ef til vill með því, að henni hafi ekki þótt það heyra undir sinn verkahring, að koma fram með tillögur um nýja skatta, en jeg get ekki betur sjeð, en að það hafi legið allnærri ætlunarverki nefndarinnar, að taka þetta til íhugunar.

Það gæti nú verið spurning um, hvort þetta mál eigi að ganga fram á þessu þingi, þar sem sveitarstjórnarvöld landsins hafa ekki átt kost á að segja álit sitt um það. Af þessari ástæðu virðist mjer jafnvel rjettara, að það gangi ekki fram nú, án þess jeg vilji rengja orð háttv. framsm. um það, að almenningur muni vera með því, að leggja niður amtsráðin, sem er aðalbreytingin á núgildandi sveitarstjórnarlögum. En jeg álít bezt, að þurfa ekki að byggja á spádómum eða getgátum í þessu efni. Enn fremur má geta þess, að stjórnin virðist ekki hafa haft nægan tíma til, að athuga þetta mál, áður en hún lagði það fyrir þingið, og skal jeg þessu til sönnunar með leyfi háttv. forseta, leyfa mjer að lesa upp úr athugasemdum stjórnarinnar við sveitarstjórnarlagafrum.; þar segir: »Stjórnarráðið fellst á ýmsar af breytingum nefndarinnar, en sökum þess, að frumv. barst stjórnarráðinu eigi fyr en fyrri hluta aprílmánaðar, en þurfti að vera útbúið frá þess hendi fyrir 15. apríl, hefur það eigi haft nægan tíma til, að íhuga til hlítar, hvort allar breytingar nefndarinnar sjeu heppilegar, eða hvort eigi hefði verið æskilegt, að gjöra yfirgripsmeiri breytingar«.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að málið hafi gott af, að bíða til næsta þings, það er líka þess eðlis, að það gjörir ekki mikið til, hvort frumv. verður að lögum árinu fyr eða síðar.

Ráðherrann. Stjórninni er legið á hálsi fyrir það, að hafa borið þetta frumvarp fyrir þingið, án þess að hafa leitað álits sýslunefnda og amtsráða. En þar til er því að svara, að stjórnin áleit ekki hæfilegt nje forsvaranlegt, hvorki gagnvart milliþinganefndinni nje gagnvart alþingi, að láta þingið ekki eiga kost á því að sjá og ræða árangurinn af gjörðum hennar, þar eð hún þó er búin að starfa í 4 ár. Hitt er á þingsins valdi, hvort það vill ráða málinu til lykta á þessu þingi eða egi. Viðvíkjandi framkomnum ummælum um, að almenningur þurfi að láta uppi álit sitt á málinu, áður alþingi ráði því til lykta, skal jeg geta þess, að frumv. er í sjálfu sjer ekkert nýmæli, en þó hefði stjórnin, ef tími hefði verið nægur, eftir að frv. barst henni frá milliþinganefndinni, sent það að minnsta kosti til amtsráða. En það var ekki svigrúm til þess, því frumv. kom ekki fyr en í fyrri hluta aprílmánaðar, nokkrum dögum áður en það þurfti að vera útbúið frá stjórnarráðsins hendi (15. apríl). Þetta er tekið fram í athugasemdunum við frumvarpið.

Jeg játa, að frumv. felur ekki í sjer mikilvægar breytingar frá núgildandi lögum, aðrar en niðurlagning amtsráðanna, og hafa nokkrar breyt.till. farið fram á, að fella það ákvæði burt aptur úr frumv. Jeg er því samdóma háttv. síðasta ræðumanni (Ól. Br.) um, að ekki liggi afarmikið á að ráða málinu til lykta á þessu þingi, fremur en verkast vill. En jeg held, að almenningur sje þegar búinn fyrir löngu, að gjöra upp skoðun sína eins vel og gjört verður um það, hvort amtsráðin eru nauðsynleg eða ekki, og jeg get ekki ímyndað mjer, að það

atriði skýrðist neitt verulega frekar en orðið er, þó að málinu væri frestað til næsta þings. Þó því væri frestað nú, getur mjer ekki blandazt hugur um, hver úrslit þess atriðis mundu verða á næsta þingi. Það liggur í loptinu, að breytingin verði samþykkt.

Jeg skal ekki fara út í að endurtaka það, sem sagt er í tillögum millilinganefndarinnar viðvíkjandi nauðsyn amtsráðanna, en jeg skal leyfa mjer að drepa á helztu mótbárurnar gegn þeim atriðum frumv., er lúta að því, að ráðstafa störfum amtsráðanna, sjerstaklega því, að stjórnarráðið hafi á hendi að veita sýslunefndum ýms leyfi, sem amtsráðin hafa veitt. Jeg álít, að mótbárurnar á móti þessu spretti fremur af »theoretiskum« heldur en »praktiskum« ástæðum. Jeg álít þetta formsök og er alls ekki hræddur við neina hættu, sem stafaði af því, að stjórnarráðið yrði ófrjálslegra en amtsráðin hafa verið í leyfisveitingunum. Það er sagt, að það sje skerðing á sjálfstjórn sveitarfjelaganna, að stjórnarráðið hafi nokkurt atkvæði um málefni sýslunefndanna; það eigi að vera önnur æðri sveitarstjórnarvöld, sem hafi þetta á hendi. En nú sem stendur veitir einmitt stjórnarráðið amtsráðunum samskonar leyfi eins og í frumv. er farið fram á að það veiti sýslunefndum, þegar amtsráðin eru lögð niður. En jeg get ómögulega sjeð, að það sje frekari skerðing á sjálfstjórn sveitarfjelaganna, að landshöfðingi þ: nú stjórnarráðið, hafi í einstökum atriðum vald yfir málefnum sýslufjelaga, heldur en yfir málefnum amtsráða. Mjer er því ekki sjáanlegt, að það breyti að neinu leyti eðli sveitarstjórnarlaganna, þó sýslunefndirnar leiti til stjórnarráðsins í staðinn fyrir til amtsráðanna í einstöku tilfellum; jeg sje ekki annað, en þar sje að eins stokkið yfir einn millilið. Með öðrum orðum, aðalbreytingin er sú, að nú eru liðirnir 4, hreppsnefnd, sýslunefnd, amtsráð og stjórnarráð, en verða framvegis að eins 3, sem sje hreppsnefnd, sýslunefnd og stjórn.

Þetta fyrirkomulag verður líkt nú og á sjer stað í Danmörku; þar samsvarar amtsráð sýslunefndum hjer, það stendur beint og milliliðalaust yfir hreppsnefndum, og yfir amtsráðunum er þar innanríkisstjórnin; eins verður hjer, stjórnarráðið yfir sýslunefndum. Mjer virðist það því eigi vera á rökum byggt, að kippt sje fótum undan sjálfsstjórn sveitarfjelaga með þessu.

Jeg sje, að háttv. nefnd hefur viljað mæta mótbárum með því, að láta stjórnarráðið ekki hafa endanlegt úrskurðarvald um þessi atriði, heldur megi áfrýja úrskurði stjórnarráðsins til meiri hluta hreppsnefnda í viðkomandi sýslufjelagi. En mjer finnst þetta ákvæði ekki heppilegt og ekki sjálfu sjer samkvæmt, því ef fara á frá kjörnum fulltrúum niður til þeirra, sem kusu, þá væri rjettara að gjöra það strax, en að fara að leggja lykkju á leið sína til stjórnarráðsins, úr því það ekki á að hafa endanlegt vald; það væri hugsanlegur vegur, að sýslunefndir leituðu strax til hreppsnefnda, og leyfið álitist veitt, ef $^2/_3$ samþykktu, en hitt er ekki rjett hugsað, að fara fyrst til stjórnarráðs, og samskonar mótbára á við gagnvart breyt.till. frá háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) á þgskj. 224; ef sýslunefndir eiga ekki að hafa endanlegt synjunarvald, er miklu einlægara að ákveða, að hreppsnefndir megi ekki gjöra ráðstafanir þær, sem um er að ræða, án samþykkis $^3/_4$ gjaldenda á almennum hreppsfundi, en sleppa lykkjunni til sýslunefnda.

En hvernig sem litið er á þetta síðara atriði, finnst mjer undir öllum

kringumstæðum rjettara, að fara ekki þennan aukakrók til stjórnarráðsins, heldur fara strax til hreppsnefndanna, ef menn álíta ósamrýmanlegt við sjálfstjórnarrjett sveitanna, að stjórnin hafi þessi mál á hendi, eins og hingað til gagnvart amtsráðunum.

Jeg hef svo ekki annað sjerstakt að athuga við breyt.till. nefndarinnar; jeg veit, að háttv. framsm. muni svara því, sem nauðsynlegt er.

Framsögumaður (Jón Magnússon, þm. Vestm.): Það hefur eiginlega ekki komið neitt nýtt fram í þessu máli við umræðurnar í dag.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði ekki neitt verulegt annað en það, sem hann hefur skrifað í minni hluta nefndaráliti sínu. Hann sagði, að sjálfstjórn sveitarfjelaganna væri hætta búin af því valdi, sem stjórnarráðinu er fengið í hendur með þessu frumv. Út af þessum orðum hans þykir mjer hæfa að benda á, hvernig þessu er varið í ýmsum öðrum löndum, Hæstv. ráðh. sýndi í ræðu sinni, hvernig þessu er fyrirkomið í Danmörku, og það mun vera öllum háttv. þm. kunnugt; í Noregi er að mestu eins háttað í þessu efni eins og í Danmörku.

Ef litið er til hinna stærri þjóða í Norðurálfunni, þar sem sjálfstjórn er viðurkennd og komin á fastan fót fyrir löngu, þá verður maður þess brátt var, að landstjórnunum þar er falið mjög víðtækt eptirlitsvald og úrskurðarvald yfir gjörðum sveitarstjórna.

Á Þýzkalandi heyrir það undir umboðsstjórnina: *að* líta eptir því, að sveitarstjórnarvöld fari ekki fram yfir umboð sitt eða breyti móti lögunum; *að* sjá um, að sveitarstjórnarvöldin gegni störfum sínum; í því skyni er henni heimilt, að heimta skýrslur um allt sveitarstjórn viðkomandi, rannsaka reikninga og hafa sjóðseptirlit; *að* samþykkja ýmsar mikilsvarðandi ráðstafanir; *að* setja jafnvel inn á reikninga viðkomandi sveitar móti vilja sveitarstjórnar gjaldliði til lögskyldrar greiðslu; *að* rjúfa sveitarstjórn og láta nýjar kosningar framfara.

Á Frakklandi heyrir það undir landstjórnina: *að* samþykkja sölu og kaup fasteigna fyrir sveitina; *að* ákveða sveitarvegi; *að* samþykkja skatta niðurjöfnun og reikninga; *að* veita sveitarstjórn samþykki til að taka á móti gjöfum, ef skyldur fylgja; *að* líta eptir sveitarstjórn á ýmsan hátt, og *að* rjúfa sveitarstjórnir og láta nýjar kosningar fram fara.

Á sjálfu Englandi heyrir það undir stjórnina, *að* hafa stöðugt eptirlit með reikningsfærslu sveitanna; *að* endurskoða reikninga þeirra; *að* veita samþykki sitt til kaups eða sölu á fasteign fyrir sveitina; *að* úrskurða um ýmsar aðrar gjörðir sveitastjórna, og yfir höfuð *að* hafa á margan hátt nákvæmt eptirlit með sveitarstjórnarvöldunum.

Í Svíaríki þarf samþykkis konungs til þess: *að* sveitarfjelag taki lán, er eigi að greiðast aptur á 2 árum; *að* sveitarfjelag selji, veðsetji eða makaskipti fasteign, sem fengin er að gjöf eða með erfðaskrá; *að* sveitastjórn hækki skatta, og samþykki valdsmanns konungs til þess: *að* skipta sveitarfjelagi og gjöra ýmsar samþykktir; *að* veita fje, sem hefur aukna skatta í för með sjer. Einstakir menn, sem álíta rjett sinn fyrir borð borinn, eða yfir höfuð, að sveitarstjórn hafi breytt rangt eða ólöglega, geta kært hana fyrir valdsmanni konungs, og hann fellir úrskurð sveitarstjórnar úr gildi, ef honum þykir kæran á rökum byggð, enda sje hún framkomin í tæka tíð.

Eptirlit hefur hann auðvitað á ýmsan hátt.

Í öllum þessum löndum er sjálfstjórn sveitanna rótgróin og talin alveg sjálfsögð, en hitt er talið eins sjálfsagt, að eitthvert eptirlit þurfi með sveitarstjórnarvöldunum, og það eptirlit er falið landsstjórninni. Jeg hygg, að vjer Íslendingar getum vel látið oss sæma slíkt hið sama, og þegar vjer höfum dæmi þessara þjóða fyrir oss, þá finnst mjer nærri því kátbroslegt að vera að tala um þá miklu hættu, sem sjálfstjórn sveitanna stafi af því eptirlitsvaldi, sem þetta frumv. ætlar stjórnarráðinu. Jeg get ekki skilið, að þessi hræðsla sje alvarlega meint. Ekki verður það sagt með sanni, að samskonar eptirlitsvald af hálfu landstjórnarinnar með gjörðum bæjarstjórna hafi staðið kaupstöðum fyrir þrifum. Því ætti það þá að vera svo afarhættulegt, þegar um önnur fjelög er að ræða? Hjer hlýtur því einhver önnur ástæða að vera fyrir hendi, sem jeg ekki þekki. Þar sem sjálfstjórn sveitanna er komin í svo fast horf sem hjer, er ekki ástæða til að óttast of mikla íhlutsemi af hálfu landstjórnarinnar, þótt henni sje falið að hafa eptirlit með sveitarstjórnarvöldunum.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. B.), sagði, að það væri ekki þakkarvert, þó að ekki væri þrengt að sjálfstjórn sveitanna. Auðvitað ekki, en það er þó það, sem verið er að saka þetta frv. um. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að það sje svo langt frá því, að þetta sje gjört, að sjálfstjórn sveitanna sje einmitt með því tryggð enn betur en nú, einkum ef breytingartill. nefndarinnar við 81. gr. þessa frumv. verður samþykkt. *(Lárus H. Bjarnason:* En ef hún verður felld?)

Nú má vera, að það þyki liggja nærri, að eptirlitið fari nokkuð eptir því, á hverju sjálfstjórn sveitanna sje grundvölluð, en um það eru tvær aðalkenningar; önnur sú, að sjálfstjórn sveitanna byggist á afsali af hálfu hins almenna löggjafarvalds á yfirráðunum yfir sjermálum sveitanna, og þá er ekkert eðlilegra, en að löggjafarvaldið hafi eitthvert eptirlit með því, að þessum málum sje ráðið eptir tilætlun þess, en eins og störfum er skipt alstaðar milli löggjafarvalds og umboðsstjórnar, þá er eptirlitsvald þetta fengið í hendur stjórninni. Hin aðalkenningin er, að sjálfstjórn sveitanna á sínum málum sje sjálfsagður eðlilegur rjettur þeirra, alveg eins og yfirráð þjóðfjelagsheildarinnar yfir sínum málum, en ekki afsalaður eða afhentur rjettur. Þótt menn nú hallist að þessari skoðunn, þá neitar því enginn, að þjóðfjelagsheildin hafi rjett til að líta eptir því, að málefna sveitanna sje gætt, enda er eptirlitið í þessu atriði engu óstrangara hjá þeim þjóðum, sem byggja löggjöf sína á þessari skoðun, eins og t. a. m. Þjóðverjar, heldur en hinum.

Jeg skal aptur taka það fram, að sú raun hefur ekki orðið á annarsstaðar, og hún hefur heldur ekki orðin á hjer, og mun að minni hyggju ekki verða á hjer, að stjórnin verði um of íhlutunarsöm, þótt henni sje falið nokkurt eptirlit með stjórn sveitamála; miklu fremur hefur þetta eptirlit reynzt hafa í för með sjer nokkra trygging fyrir góðri framkvæmd sveitarstjórnarstarfa og jafnframt fyrir því, að rjetti einstakra manna sje ekki traðkað.

Jeg er ekki hræddur um það, eins og háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.), að mikil brögð verði að því, að stjórnarráðið fari að fella burtu smágjöld, sem sveitarstjórnirnar vilja greiða af hendi. Síður en svo. Auðvitað gætu

greiðslur, þótt smáar væru, verið svo ástæðulausar, að rjett væri að fella þær burtu.

Sami háttv. þm. tók það einnig fram, að amtsráðin væru milliliður milli sýslunefndanna. Að þau hafi verið það, hefur ekki opt átt sjer stað, það skyldi þá vera í búnaðarskólamálum og einu sinni í fjárkláðamálinu. Nú eru amtsráðin um stund og líklega fyrir fullt og allt hætt að hafa afskipti af fjárkláðamálinu, og öll líkindi eru til, að afskiptum amtsráða af búnaðarskólunum sje þá og þegar lokið. Það virðist því ekki mikil líkindi til þess, að þau vinni mikið gagn framvegis sem milliliðir milli sýslunefnda, og það því síður sem nú er eigi lengur sjerstakur embættismaður formaður þeirra.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) sagði einnig, að það mundi verða mjög tilfinnanlegt fyrir sveitarstjórnirnar, að eiga að sækja úrskurð á málum sínum til stjórnarráðsins í Reykjavík í staðinn fyrir að leita til amtsráðsins. Það kom fyrir einatt, meðan amtmenn voru forsetar amtsráðanna, að þeir gáfu úrskurði fyrir hönd amtsráðanna um ýmisleg málefni milli funda ráðanna og upp á væntanlegt samþykki þeirra. Eins og nú er háttað um amtsráðsforsetana, þykir mjer sennilegt, að slíkir úrskurðir verði sjaldgæfari, og að sýslunefndirnar þá þyrftu optast að fá úrskurði á mál sín hjá amtsráðunum sjálfum. En það virðist þó ætti opt og einatt að vera ekki alllítið hægra að fá tiltölulega fljótt úrskurð hjá stjórnarráðinu, þegar ekki þarf að bíða nema eina eða tvær póstferðir, heldur en hjá amtsráðinu, sem kemur saman einu sinni á ári.

Sami háttv. þm. minntist enn fremur á, að í frumv. væri farið fram á, að svipta ömtin eignum sínum. En hjer er alls ekki farið fram á neitt slíkt. Í frumv. er að eins farið fram á, að skipa störfum amtsráðanna með kgl. tilskipun, en um eignir amtanna er ekki talað, enda gengið út frá því, að amtsráðin muni ráðstafa þeim eptir sinn dag. Hvað viðvíkur stjórn sjóða, þá er vel hægt að færa hana yfir til annars valds, án þess það komi í bága við stjórnarskrána.

Um breyt.till. háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) finn jeg eigi ástæðu til að fjölyrða frekara, en skal að eins láta mjer nægja að vísa til þess, sem jeg áður hef sagt þeim viðvíkjandi, og að endurtaka það, að jeg ræð háttv. deild frá að samþykkja þær.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) vildi eins og háttv. þm. V.-Sk, (Guðl. G.) láta málið bíða úrslita til næsta þings. Jeg hygg, að mál þetta sje nú komið á þann rekspöl, að vel megi ráða því til lykta á þessu þingi, og þá er mjög mikið efamál, hvort það er skynsamleg brúkun á tíma þingsins, að eyða líka miklum tíma til þess á næsta þingi, sem líklega fær samt nóg að starfa.

Því var líka hreyft af sama háttv. þm., að æskilegt hefði verið, að milliþinganefndin hefði tekið skattamál sveitarfjelaganna til nánari íhugunar, en gat þess samt til, að henni mundi máske ekki hafa þótt það heyra undir sinn verkahring, að koma fram með tillögur um nýja skatta, og þetta er alveg rjett tilgáta. Um það atriði skal jeg láta mjer nægja að vísa til álitsskjals milliþinganefndarinnar og umræðanna um málið, er ákvörðun var tekin á alþingi um skipun þeirrar nefndar. — Það getur annars vel verið, að finna megi einhverja aðra fasta gjaldstofna fyrir sveitarfjelögin en nú

eru, svo að minna þurfi að jafna niður, en jeg efast reyndar mikillega um, að með því verði fenginn rjettlátari grundvöllur undir gjöld til sveitarfjelaganna að minnsta kosti utan Reykjavíkur. Svo mikið er víst, að sú skoðun er alltaf meir og meir að ryðja sjer til rúms erlendis, að niðurjafnað gjald eptir efnum og ástæðum, verði að öllu samtöldu rjettlátasti skatturinn. Samanburður sama háttv. þm. á Reykjavík og öðrum sveitum landsins er ekki sjerlega heppilegur, því að það, sem gjörir niðurjöfnunina hjer örðugri, er mannfjöldinn, sem eptir því sem atvinnuvegum hjer á landi er háttað, gjörir örðugt fyrir niðurjöfnunarnefnd að dæma um hagi margra gjaldenda, sem hún auðvitað ekki þekkir. Í öðrum sveitum má segja, að hver maður þekki hag annars.

Loks hefur því verið hreyft, að málið hafi ekki fengið nægilegan undirbúning frá stjórnarinnar hálfu. Það er að vísu rjett, að stjórnarráðið hafði mjög lítinn tíma til að athuga frumv. milliþinganefndarinnar, en til þessa liggur það svar, að það verður eigi sjeð, að þingið ætlaðist til, að stjórnin hefði mikil afskipti af undirbúningi þessa máls, því að þingsályktunin um skipun milliþinganefndarinnar gjörir ráð fyrir, að tillögurnar frá þeirri nefnd komi beint til þingsins.

Hæstv. ráðh. telur breyt.till. nefndarinnar við 81. gr. ekki rjett hugsaða; einlægara að fara þá beint til hreppsnefndanna, án þess að málið sje borið undir stjórnarráðið. Til þess er að segja, að það verður í framkvæmdinni miklu umsvifaminna, að leita úrskurðar stjórnarráðsins, en allra hreppsnefnda sýslufjelagsins, því að venjulega verður málið útkljáð með samþykki stjórnarráðsins. Að tillagan sje ekki rjett hugsuð, það get jeg ekki viðurkennt. Að minnsta kosti þekkist slík eða lík aðferð annarsstaðar.

Að svo mæltu vil jeg óska þess fyrir nefndarinnar hönd, að breyt.till. hennar fái góðan byr hjá háttv. deild.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það er síður en svo, að jeg ætli að fara að halda hlífiskildi yfir amtsráðunum. Þau mega fara fyrir mjer. En jeg get ekki unað því, að fá stjórnarráðinu, sem er skipað kgl. embættismönnum, eptirlit amtsráðanna með sýslunefndunum; það yrði hapt eða gæti orðið hapt á sjálfstæði sveitarstjórnanna og leiddi auk þess til óhæfilegs valdasamdráttar »centralisatiónar«. Það er líka hreinasti óþarfi, að áskilja samþykki stjórnarráðsins til ályktana þeirra, sem ræðir um í 81. gr. Það má vel trúa sýslunefndunum fyrir þeim málum. Þau koma sjaldan fyrir og sýslunefndirnar eru flestar allt annað en miðlunarsamar. Því er rjettast að stryka greinina út. Sýslubúar eiga sjálfir að fá að ráða því, hvernig þeir brúka sína eigin peninga. Og það er því síður ástæða til þess að halda í greinina, sem við höfum nú 33 ára reynslu fyrir því, að sýslunefndirnar kunna að fara með vald sitt. Það var annað mál 1872, þegar sveitarstjórnartilskipunin varð til; sveitarstjórnin var þá eins og nýtt verkfæri, sem enginn vissi hvernig mundi verka, en nú er verkfærið reynt og hefur reynzt vel. Nú skyldi það einhverntíma reynast ver en skyldi, þá hafa sýslubúar alveg sama meðalið, »korrektivið«, gagnvart sýslunefndarmönnum, eins og þjóðin gagnvart alþingismönnum; ef þeir ekki reynast vel, er auðgefið að skipta um við næstu kosningar.

Jeg verð því eindregið að ráða til að fella burtu þessa 81. gr., enda skildist mjer hæstv. ráðh. ekki leggja sjerlega mikið upp úr henni.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 22 atkv.
1. breyt.till. (194) við 2. gr. samþ. án atkvgr.
2. gr. með breytingum samþ. með 24. atkv.
2. breyt.till. (194) við 3. gr. samþ. án atkvgr.
3. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
3. breyt.til. (194) við 4. gr. samþ. með 24. atkv.
4. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
5. gr. samþ. með 24 atkv.
4. breyt.till. (194) við 6. gr. samþ. með 24 atkv.
6. gr. samþ. með 24 atkv.
7. gr. samþ. með 24 atkv.
5. breyt.till. (194) við 8. gr. samþ. með 24 atkv.
6. breyt.till. (194) við 8. gr. samþ. með 24 atkv.
8. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
9. gr. samþ. með 24 atkv.
7. breyt.till. (194) við 10. gr. samþ. með 24 atkv.
10. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
8. breyt.till. (194) við 11. gr. samþ. með 24 atkv.
11. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
12. gr. samþ. með. 24. atkv.
9. breyt.till. (194) við 13. gr. samþ. með 24. atkv.
13. gr. með breytingum samþ. með 24. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 24 atkv.
10. breyt.till. (194) við 17. gr. samþ. með 23 atkv.
17. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
18.—24. gr. samþ. með 24 atkv.
Viðaukatill. (219) við 25. gr. felld með 14 atkv. : 6 atkv.
25. gr. samþ. með 24 atkv.
26.—29. gr. samþ. með 24 atkv.
11. breyt.till. (194) við 30. gr. samþ. með 16 : 3 atkv.
30. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
31.—33. gr. samþ. með 24 atkv.
12. breyt.till (194) við 34. gr. samþ. mað 24. atkv.
34. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
13. breyt.till. (194) við 35. gr. samþ. með 17 samhlj. atkv.
35. gr. fallin.
14. breyt.till. (194) við 36. gr. samþ. með 22. atkv.
15. breyt.till. (194) við 36. gr. samþ. með 22 atkv.
36. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
37. gr. samþ. með 23 atkv.
16. breyt.till. (194) við 38. gr. samþ. með 24. atkv.
17. breyt.till. (194) við 38. gr. samþ. með 21 atkv.
18. breyt.till. (194) við 38. gr. samþ. með 24 atkv.
38. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
19. breyt.till. (194) við 39. gr. samþ. með 20 atkv.
20. breyt.till. (194) við 39. gr. samþ. með 19 atkv.
39. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
40. gr. samþ. með 24 atkv.
21. breyt.till. (194) við 41. gr. samþ. án atkvgr.
22. breyt.till. (194) við 41. gr. samþ. með 19 atkv.
41. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
23. breyt.till. (194) við 42. gr. samþ. með 24 atkv.
24. breyt.till. (194) við 42. gr. samþ. með 24 atkv.

42. gr. með breytingum samþ. með 24. atkv.
43. gr. samþ. með 24 atkv.
25. breyt.till. (194) við 44. gr. samþ. með 19 atkv.
44. gr. fallin.
26. breyt.till. (194) við 45. gr. samþ. með 22 atkv.
27. breyt.till. (194) við 45. gr. samþ. með 22 atkv.
28. breyt.till. (194) við 45. gr. samþ. með 22 atkv.
45. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
46. gr. samþ. með 24 atkv.
47. gr. samþ. með 24 atkv.
29. breyt.till. (194) við 48. gr. samþ. með 13 atkv. gegn 3.
48. gr. með breytingum samþ. með 22 atkv.
30. breyt.till. (194) við 49. gr. samþ. án atkvgr.
31. breyt.till. (194) við 49. gr. samþ. með 22 atkv.
49. gr. með breytingum samþ. með 21 atkv.
32. breyt.till. (194) við 50. gr. samþ. án atkvgr.
33. breyt.till. (194) við 50. gr. samþ. án atkvgr.
1. breyt.till. (224) við 50. gr. samþ. með 21 atkv.
50. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
51. og 52. gr. samþ. með 24 atkv.
Breyt.till. (232) við 2. breyt.till. (224) við 53. gr. samþ. með 20 atkv.
2. breyt.till. (224) við 53. gr. samþ. með 16 atkv.
53. gr. með breytingum samþ. með 22 atkv.
54.—64. gr. samþ. með 24 atkv.
34. breyt.till. (194) við 65. gr. samþ. með 24 atkv.
65. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
66. gr. samþ. með 24 atkv.
35. breyt.till (194) við 67. gr. samþ. með 24 atkv.
67. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
36. breyt.till. (194) við 68. gr. samþ. með 23 atkv.
68. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
37. breyt.till. (194) við 69. gr. samþ. með 24 atkv.
69. gr. með breytingum samþ. með 24 atkv.
70.—73. gr. samþ. með 24 atkv.
38. breyt.till. (194) við 74. gr. samþ. með 15 atkv. gegn 1.
39. breyt.till. (194) við 74. gr. samþ. með 13 samhlj. atkv.
40. breyt.till. (194) við 74. gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.
74. gr. með breytingum samþ. með 22 atkv.
75.—77. gr. samþ. með 24 atkv.
41. breyt.till. (194) við 78. gr. samþ. í e. hlj.
78. gr. með breytingum samþ. e. hlj.
2. breyt.till. (219) við 79. gr. felld með 14 atkv. gegn 10.
79. gr. samþ. með 16 atkv.
80. gr. samþ. með 23 atkv.
42. breyt.till. (194) við 81. gr. fallin.
81. gr. felld með 16 atkv gegn 8.
82. gr. samþ. með 14 atkv.
43. breyt.till. (194) við 83 gr. fallin.
83. gr. aptur að »og hefur« samþ. með 20 atkv.
84. gr. samþ. með 23 atkv.
85. gr. samþ. með 21 atkv.
Breyt.till. (212) við 86. gr. felld með 14 atkv. gegn 9.
86. gr. samþ. með 17 atk.
Málinu vísað til 3. umr. með 21 atkv.

Á 29. fundi Nd. laugardaginn 5. ág. kom frumv. til 3. umr. (A. 260, 288).

Framsögumaður Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Þó þessar breyt.till. á þgskj. 288 heiti að vera frá nefndinni, þá er það ekki meira en svo, um þær allar. 2 af þeim eru eiginlega frá háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), og ein þeirra frá háttv. 2. þm. Skagf. (S. St.). Ef nefndin hefði ekki tekið upp þessar breyt.till., þá hefðu háttv. þm. átt erfitt með að koma þeim að, af því tíminn var svo naumur. En þeir nefndarmenn, sem í náðist, fjellust á tillögurnar.

Um 1. breyt.till. þarf ekki að tala, því það er engin efnisbreyting, sama er að segja um 2. till., en þar er nokkru skýrara ákveðið um kjörskrá en í frv.

3. breytingin er í samræmi við það, sem drepið var á við 2. umr. þessa máls, að heldur ætti að ákveða eindaga á aukaútsvörum 31. desember en 31. janúar.

4. breytingin er að eins orðabreyting.

5. og 6. breyt.till. eru eiginlega þær sömu, sem jeg gat um við 1. umr., að nefndin gæti vel aðhyllzt. Þær eru komnar frá háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) og geta víst allir fallizt á það með nefndinni, að þær sjeu þarfar og viðeigandi. Það ákvæði er í frumv., að almennur sveitarfundur geti skorið úr í einstökum tilfellum, en hjer er bætt við því ákvæði, að fundurinn verði að vera lögmætur, og svo er nánar tiltekið, hvenær fundur sje lögmætur.

7. breyt.till. er engin efnisbreyting, en þar er að eins nánar ákveðið um athugasemdir, viðvíkjandi reikningshaldinu, og hverjum og hvenær þessar athugasemdir skuli sendast.

8. breyt.till. við 70. gr. frumv. er upphaflega komin frá háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), og álítur nefndin hana sjálfsagða, og í fullu samræmi við það, að 81. gr. frumv. fjell burtu við 2. umr. málsins.

9. breyt.till., við 71. gr. er sjálfsögð breyting samkv. því, sem ákveðið var við 2. umr.

Frekara álít jeg ekki, að þurfi að tala um þessar breyt.till.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þgskj. 288 við 12. gr. samþ. án atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 288 við 16. gr. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. á þgskj. 288 við 42. gr. samþ. með 22 atkv.

4. breyt.till. á þgskj. 288 við 50. gr. samþ. án atkv.

5. breyt.till. á þgskj. 288 við 53. gr. samþ. með 22 atkv.

6. breyt.till. á þgskj. 288 við 23. gr. samþ. með 22 atkv.

7. breyt.till. á þgskj. 288 við 69. gr. samþ. með 22 atkv.

8. breyt.till. á þgskj. 288 við 70. gr. samþ. með 22 atkv.

9. breyt.till. á þgskj. 288 við 71. gr. samþ. án atkv.

10. breyt.till. á þgskj. 288 við 82. gr. samþ. með 21 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 : 1 atkv., og afgreitt til Ed.

Á 30. fundi Ed. þriðjudaginn 8. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A. 299).

Forseti Júlíus Havsteen, (1. kgk. þm.): Með því, að jeg hef ásett mjer að tala í þessu máli, vil jeg biðja hinn háttv. varaforseta (Jón Jakobsson) að stýra fundi á meðan.

Orsökin til þess að jeg ætla mjer að tala nokkur orð í þessu máli er sú, að amtsráð Suðuramtsins hefur falið mjer, að mæla á móti því, að frumv. þau, er komu frá milliþinganefndinni

í fátækra- og sveitarstjórnarmálum, verði að lögum áður en amtsráðin fá að segja álit sitt um þau; sjer í lagi lagði amtsráðið áherzlu á frumv. um jafnaðarsjóðsgjaldið eða gjald það, sem lagt er á sýslusjóðina til landssjóðs í þessu tilliti, en það frv. þarf jeg nú eigi að minnast á, þar sem það fjell í háttv. Nd. Þar næst hafði amtsráðið í huganum sveitarstjórnarfrumv., og lagði þó minni áherzlu á það, en hitt frumv. Jeg skrifaði alþingi brjef um þetta efni, og hef sjeð, að það hefur verið tekið til greina í hinu ágæta nefndaráliti minni hlutans í þessu máli í Nd. (háttv. þm. V.-Sk. Guðl. G.). Framsm. nefndarinnar í Nd. hefur líka getið þessa brjefs, en talið það óþarft, að láta amtsráðin segja álit sitt í þessu máli; og byggir það á því, að amtsráðin hafi fengið nægilega aðvörun um, að segja álit sitt um tilhögun sveitarstjórnanna, og allt það, sem að henni lýtur, í áskorun þeirri til sveitarstjórna, sem milliþinganefndin birti í ýmsum frjettablöðum, um að þær segðu til um sínar skoðanir á þessu máli.

Jeg vil geta þess, að jeg sá þessa áskorun, en gat ómögulega skilið hana öðruvísi, en að hún ætti eingöngu við hreppsnefndir. Það hefði átt vel við, að milliþinganefndin hefði gefið amtsráðunum tækifæri til að segja álit sitt um þetta mál, en eptir meðferð nefndarinnar á amtsráðsmönnunum í brjefi sínu til stjórnarráðsins um þetta frumv. sje jeg, að jeg hef ætlazt til of mikils af nefndinni í þessu tilliti. Nefndin skýrir svo frá í nefndu brjefi sínu, að hún hafi hugsað um, að taka til íhugunar bæjarstjórnarlög kaupstaðanna, en orðið að hörfa frá því af þeirri sök, að hún hefði eigi haft nægan tíma til þess. Til þess að leita álits amtsráðanna hafði hún aptur á móti haft nægan tíma, en það þótti henni hreinasti óþarfi. Umtal nefndarinnar um amtráðsmennina í fyrnefndu brjefi sínu skal jeg eigi fást frekara um, en læt mjer nægja að mótmæla því sem markleysu. Jeg skal alveg leiða hest minn frá því, að láta uppi hjer álit mitt um lagafrumv. það, sem hjer liggur fyrir. Jeg vil að eins geta þess, að það var að minni hyggju óaðgengilegt, eins og það kom frá milliþinganefndinni, enda hafði hún eigi haft langan tíma til þess, að íhuga þennan hluta af ætlunarverki sínu, en nú hefur það tekið þeim bótum hjá háttv. Nd., að una megi við það.

Það sem jeg ber fyrir brjósti er, að amtsráðunum gefist færi á, að láta uppi það álit sitt um meðferðina á eignum amtanna, sem ætlazt er til að leitað verði hjá þeim, þannig, að þetta álit gæti komið fyrir augu alþingis. Til þess, að þetta geti orðið, er nauðsynlegt, að gildi laganna verði frestað til 1. janúar 1908, og jeg get eigi annað sjeð, en að landið megi vel án nýju laganna vera þetta eina ár fram yfir þann tíma, sem nefndur er í frumv., og jeg efast yfir höfuð um, að þau sjeu betri en tilskipun 4. maí 1872. Hjer ekki um litlar eignir að ræða, og væri það í mesta máta óeðlilegt og rangt í sjálfu sjer, að amtsráðin fengju ekki tækifæri til, að láta uppi það álit sitt um meðferðina á þessum eignum og ráðstöfun þeirra, sem gæti komið fyrir alþingi, ef til kæmi.

Jeg skal stuttlega minnast á eignir þær, sem ömtin eiga; er þá fyrst að geta þess, að afgangs eign Suðuramtsins í Hvanneyrarskóla-stofnuninni er metin á 65 þúsund kr., en í jafnaðarsjóði eru um nýársleytið vanalega 1—2 þús. kr. Þetta er mikil eign, enda hafa verið lagðar til Hvanneyrarskólans um 150 þús. kr. alls.

Af þessari upphæð eru 40 þús. komnar frá landssjóði, en hitt hefur amtið

lagt til, sumpart með fjárframlögum úr jafnaðarsjóði og með eyðslu búnaðarskólasjóðsins, sumpart með lántökum. Vesturamtið á 2 sjóði, sem nema um 20 þús. kr. samtals, bókasafn í Stykkishólmi og jafnaðarsjóð. Norðuramtið á búnaðarskólann á Hólum í Hjaltadal, bókasafn á Akureyri, jafnaðarsjóð og búnaðarsjóð. Skólinn á Eiðum er talinn eign Múlasýslnanna, en Austuramtið á búnaðarsjóð, jafnaðarsjóð og bókasafn á Seyðisfirði. Auk þess má geta þess, að amtið hefur að mestu leyti eytt búnaðarskólasjóðnum í þarfir Eiðaskólans.

Það þarf að íhuga vandlega, hvernig fara skal með þessa sjóði og eignir. Meiningin er, að þær aðallega gangi til bændaskólanna, sem nú er í ráði að stofna, en meðan bændaskólafrumv. er eigi samþykkt, finnst mjer hæpið að amtsráðin hverfi. Jeg skal svo eigi fara frekari orðum um þetta mál og eigi fara meira út í þetta frumv., er hjer liggur fyrir, því að, ef jeg ætti að gjöra grein fyrir því öllu, sem jeg hef að athuga við frumv., þá mundi jeg verða fremur á þingmannabekkjunum en í því sæti, sem jeg nú á að skipa.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg get eigi verið samdóma háttv. forseta (Júl. Havsteen) í þessu máli. Jeg hef heyrt getið um þetta brjef, sem háttv. forseti talaði um, og jeg hef líka heyrt till. þm., en það breytir engu í málinu. Jeg sje eigi annað, en að amtsráðin hafi haft nægan tíma til þess, að fá að láta álit sitt í ljósi, og jeg skil eigi í, að þau skyldu eigi gjöra það, en við því var ekkert að gjöra. Frumv. kom svo snemma frá milliþinganefndinni, að það var nægur tími til þess, að íhuga málið og nota svo síðustu amtráðsfundina til að láta uppi skoðun sína. Amtsráðunum hlýtur að hafa verið kunnugt um, að frumv. þetta hafði fengið 5 ára undirbúning og máttu ganga að því sem vísu, að það yrði samþykkt á þessu þingi. Jeg hygg, að því nær allir sjeu því meðmæltir, að afnema amtsráðin. Það er rjett, sem háttv. forseti tók fram, að jafnaðarsjóðsfrumv. er fallið, en það er í sjálfu sjer eigi nema frestur á frumv., því að það má taka það upp á næsta þingi, en það mun varla vera hætt við því; mönnum mun varla hafa getizt svo vel að því. Háttv. forseti tók það líka fram, að sveitastjórnarfrumv. hefði verið mikið breytt frá því, sem það var frá milliþinganefndinni, og verð jeg að játa, að mjer er ekki vel kunnugt um það, en að því, er jeg bezt veit, mun það vera stórvægilegasta breytingin á frumv. í háttv. Nd., að 81. gr. hefur verið felld úr. Aðalverksvið amtsráðanna er að vera hæstirjettur í sveitarstjórnarmálum, það hygg jeg að allir muni játa, en ef nú sýslunefndirnar eru orðnar færar til þess, hver ástæða er þá til þess samt sem áður að halda amtsráðunum? Jeg er þeirrar skoðunar, að því meira sem hvílir á sýslunefndunum, því meir vandi þær sig. Það er rjett, að amtsráðin hafa miklar eignir til umráða, sem þau þurfa að ráðstafa, en jeg verð að halda því fast fram, að þau hefðu haft tíma til þess og hvöt, þar sem þeim hlaut að vera kunnugt um, að þess var brýn þörf þegar í stað; þau geta líka lagt sitt til málanna enn þá og eignunum geta þau ráðstafað á næsta ári, eptir því sem þau óska, en lögunum geta þau eigi breytt. Jeg sje alls enga ástæðu til þess að hindra framgang málsins á þinginu nú, en hvort lengja skal tímann þangað til lögin öðlast gildi, er álitamál, en um það vil jeg eigi tala í þetta skipti, enda býst jeg við,

að nefnd verði kosin í málið, sem tekur þetta til athugunar sem annað, og vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd. Jeg veit að sönnu, að eigi mundi veita af 5 manna nefnd, en af því að mjer er kunnugt um, að háttv. deildarmenn eru mjög uppteknir, þá vil jeg þó láta mjer nægja með 3 manna nefnd.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nefnd samþykkt til að íhuga málið og hlutu kosningu í hana:

Guðjón Guðlaugsson	með	10 atkv.
Þórarinn Jónsson	——	10 ——
Jóh. Jóhannesson	——	9 ——

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, og Guðjón Guðlaugsson skrifari og framsögumaður.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 299, 448, 498).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Frumv. þetta er upphaflega samið af milliþinganefndinni í fátækra- og sveitarstjórnarmálum. Þetta mál hefur fengið mjög góðan undirbúning, bæði hjá milliþinganefndinni og svo hefur háttv. Nd. fjallað um málið, svo eigi þarf að tala langt mál, þar sem öllum háttv. þingdeildarmönnum er málið vel kunnugt.

Þetta frumv. er aðallega samsafn af núgildandi 10—20 lögum um sveitarstjórn.

Eins og frumv. kom frá milliþinganefndinni, gjörði það 2 höfuðbreytingar frá núgildandi lagaákvæðum, sem sje um að afnema amtsráðin, og breyting á reikningsárinu þannig, að það fylgdi almanaksárinu. En nú hefur háttv. Nd. gjört þá breytingu á frumv. milliþinganefndarinnar, að haldið sje framvegis núgildandi ákvæðum um reikningsár sveitanna. Vjer verðum að vera háttv. Nd. sammála um það, að þessi lagabreyting milliþinganefndarinnar væri ekki nauðsynleg, og að af henni gæti leitt nokkur óþægindi og ónákvæmni í framkvæmdinni. Önnur aðalbreyting, sem gjörð var á frumv. milliþinganefndarinnar í háttv. Nd. var sú, að fella burt 81. gr., sem hafði inni að halda ákvæði um, að sýslunefnd yrði að fá samþykki stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita nokkurra mála.

Af afnámi amtsráðanna leiddi það, að milliþinganefndin vildi skjóta ýmsum málum, er áður höfðu heyrt undir samþykki amtsráðanna, undir samþykki stjórnarráðsins. En háttv. Nd. hefur kippt þessu í burt, og verðum vjer að fallast á þessa breytingu, þar sem vjer teljum rjett að auka vald hjeraðsstjórnanna fremur en að skerða, enda getur það opt valdið óþægilegri töf á framkvæmd þýðingarmikilla málefna, að þurfa að leita samþykkis stjórnarráðsins.

Þá skal jeg minnast lítið eitt á breyt.till. nefndarinnar, sem ekki eru mjög miklar.

Það er fyrst breyt.till. við 8. gr. frv.: í staðinn fyrir orðin »er löglega á með sig sjálfan« komi: »sem er í löglegri stöðu og ekki er öðrum háður sem hjú«. Vjer höldum, að ef það er orðað eins og í frumv. greininni stendur, geti orðið deildar meiningar um það, hverjir hafi kosningarrjett eptir þessu, því þetta er nýtt hugtak, sem ekki á sjer stað í öðrum lagaákvæðum um kosningar. Vjer leggjum því til, að þessu sje breytt eins og farið er fram á í breyt.till. vorri.

3. breyt.till. við 16. gr. fer fram á, að í staðinn fyrir orðið »nægum« í 2. málsgrein komi: »14 daga«. Vjer álítum það svo óákveðið að segja, að það skuli auglýsast með nægum fyrirvara,

hvar kjörskrá skuli liggja frammi. Hæfilegan frest álítum vjer 14 daga, og því viljum vjer leggja til, að því sje þannig breytt.

5. breyt.till. við 26. gr. fer fram á að í stað orðsins: »júnímánuði« komi: »aprílmánuði« eða »maímánuði«. Það er ákveðið, að halda að minnsta kosti 2 sinnum hreppsfundi; annan í júní en hinn í október. Sökum þess að vjer álítum þennan fund í júní á óhentugum tíma, og þar sem aðalstarf þessara vor-hreppsfunda er það, að ráðstafa þurfamönnum hreppanna, og koma sjer saman um hreppsvegavinnu, sem bezt er að gjöra að vorinu, áður en annir byrja, þá verðum vjer að breyta til með tímann, færa hann fram, þannig að vorfundirnir væru ákveðnir síðast í apríl eða fyrst í maí.

6. breyt.till. fer fram á að hækka laun hreppsnefndaroddvita, sem talað er um í 48. gr., þannig að í stað »1 kr. 50 aur.« komi: »2. kr.«, í stað »100« komi: »140«, og í stað »25« komi: »40«. Eins og kunnugt er, eru störf þessara manna mjög mikil og margbrotin og fara sívaxandi og nauðsynlegt, að geta haldið hæfum og duglegum mönnum í henni. Enn fremur er ein ástæða, til að hækka laun oddvitanna, sem milliþinganefndin tók ekki til athugunar. En það var af athugaleysi en ekki af sýtingsskap hjá henni. Það er sú ástæða, að laun oddvita verða lægri samkvæmt þessu frumv., heldur en ef oddvitum er borgað eptir lögum 11. des. 1891, bæði oddvitalaun og innheimtulaun eins og víða á sjer stað. En það getur ekki verið meining þingsins, að vilja, að launin minnki eptir því sem störfin aukast, og vonum vjer, að háttv. deild vilji fallast á þessa breytingu vora.

7. breyt.till. er lítil og þarf ekki að orðlengja um hana.

8. breyt.till. við 50. gr. Í stað: »lok júnímánaðar«, komi: »15. októbermánaðar«. Oss er kunnugt um, að oddvitar gjöra sjaldan hreppareikninga fyr en í októbermánuði, þegar mestu haustannir eru um garð gengnar eða þá rjett áður en niðurjöfnun fer fram, enda er ekki brýn þörf á, að það sje gjört fyr. Vjer álítum því ekki rjett, að vera að setja inn ákvæði í lögin, sem ekki verður hlýtt, og leggjum því til, að þessu verði breytt eins og vjer stingum upp á.

9.—13. breyt.till. eru að eins orðabreytingar, sem ekki þurfa skýringar við.

14. breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að hækka fæðingspeninga sýslunefndarmanna um helming, en að ferðakostnaði sje sleppt. Við álítum það heppilegra, að hækka dagpeningana, en sleppa ferðakostnaðinum, með því að hann mundi í reyndinni verða mjög misjafn hjá sýslunefndarmönnum, þó vegalengd og aðrir erfiðleikar væru líkir.

Aðrar breyt.till. nefndarinnar þurfa ekki skýringar við.

Það hefur komið fram sú ósk, að lög þessi öðluðust ekki gildi fyr en ári síðar en frumv. ætlast til, sem sje ekki fyr en 1. jan. 1908.

Nefndin fann enga ástæðu til þess, að taka þessa ósk um frestun laganna til greina, því sú ástæða, sem færð var fyrir þeirri ósk, sem sje, að amtsráðin fengju annars ekki nægan tíma til þess, að ráðstafa og gjöra tillögur um eignir og skuldir amtanna, finnst oss ekki á nægilegum rökum byggð. Amtsráðin hafa $1^1/_2$ ár til þessa, og virðist oss það nægur tími.

Auk þess standa 4 frumv., sem hafa verið fyrir þinginu, (2 þegar orðin að lögum, og 2 eiga eptir að verða það nú óefað), í sambandi við nýmæli

það, sem 4. gr. frumv. hefur inni að halda.

Enn fremur hefur eitt frumv. verið fellt í háttv. Nd. vegna þess, að það þótti óþarft einmitt vegna ákvæðis 4. gr. þessa frumv.

Það getur því ekki komið til mála, að rjett sje, að fresta þessu máli.

Svo kem jeg að fyrstu breyt.till. á þskj. 498 við 9. gr., og getum við fallizt á hana.

Sama er að segja um 2. og 3. breyt.till. á sama þskj. við 56. gr., að vjer getum fallizt á þær báðar.

Viðvíkjandi 4. breyt.till. á sama þskj. við 58. gr., þá getum við líka fallizt á hana.

Vjer álítum rjett, að ef um það er að ræða, að reka mann úr sýslunefnd, þá sje það bundið sama skilyrði, eins og þegar um það er að ræða, að vísa hreppsnefndarmanni burt úr hreppsnefnd, og teljum vjer rjett, að þessir menn eigi þá stjórnarráðið yfir sjer, sem dómstól, sem þeim sje heimilt, að áfrýja máli sínu til.

Um 5. breyt.till. við 61. gr. er ekki annað að segja en það, að hún stendur í sambandi við 2. breyt.till. á sama þskj. við 56. gr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer þykir vænt um, að háttv. framsm. hefur lýst því yfir, að hann geti aðhyllzt breyt.till. þær, sem jeg og háttv. 2. kgk. þingm. höfum leyft okkur að koma fram með við frumv. Þær miða flestar að eins að því, að koma skýrari orðum á þær greinar, sem við höfum gjört þessar breytingar við, og vonum við, að þær sjeu til bóta.

Viðvíkjandi breyt.till. okkar við 9. gr. skal jeg geta þess, að okkur þótti greinin óheppilega orðuð, eins og hún stendur í frumv., og þess vegna höfum við farið fram á, að greinin orðist eins og stendur í breyt.till. okkar. 4. breyt.till. við 58. gr. fer fram á, að setja reglur um úrgöngu eða brottvísun sýslunefndarmanna úr sýslunefnd. Okkur fannst ákvæði um þetta efni vanta í frumv., og sjerstaklega þótti oss óheppilegt, að sýslunefndinni er ætlað að hafa fullnaðarúrskurð um brottrekstur sýslunefndarmanna, því að hætt er við, að því valdi kynni að verða misbeitt. Reglurnar um úrgöngu sýslunefndarmanna höfum við lagað eptir reglunum um úrgöngu hreppsnefndarmanna úr hreppsnefnd, en bætum að eins við, að sá, sem vikið er burt, geti skotið úrskurði sýslunefndar til stjórnarráðsins.

Þá kem jeg að 6. breyt.till. um amtsráðin. Það er töluverð efnisbreyting, og vonum við, að hún verði samþykkt.

Við vitum, að amtsráðið í Suðuramtinu hefur beðið um, að því yrði frestað um eitt ár, að leggja það niður, það þarf tíma til að skila af sjer ýmsum eignum, sem það hefur undir höndum, og get jeg því ekki betur sjeð, en að krafa amtráðsins sje rjettmæt, og vonum við þess vegna að háttv. deild geti vel sinnt henni og samþykkt þessa breyt.till., með því að það getur ekki staðið á neinu.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um breyt.till. okkar, en jeg vil leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi breyt.till, nefndarinnar á þgskj. 448, að jeg kann ekki eins vel við orðunina á breyt.till. nefndarinnar við 8. gr., eins og orðun frumv. á sömu gr.; mjer finnst viðfeldnara og fallegra mál á greininni, eins og hún er orðuð í frumv.

Jeg skal enn fremur leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi 9. breyt.till. nefndarinnar við 52. gr., að þar er dálítil ósamkvæmni, þar stendur tvisvar orðið »snertir«. Jeg held, að

þetta orð eigi við 4. línu, en ekki við 1. línu greinarinnar, *ok* vildi jeg gjarnan fá skýringu nefndarinnar á því.

Svo vildi jeg líka minnast á ákvæðið í 74. gr. frumv., um grundvöllinn fyrir niðurjöfnun á sýsluvegagjaldinu; Þar er kveðið svo á, að að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjaldi með niðurjöfnun á annan hátt, skuli jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfjelög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig. Mjer er kunnugt um, að sumstaðar er óánægja út af því, að sýslugjaldið komi misjafnt niður á hreppana. Sumstaðar þar sem eru verzlunarstaðir og hvalaveiðastöðvar í hreppunum, þar er þetta gjald ekki tilfinnanlegt, af því að þessu fyrirtæki bera svo mikinn part af útgjöldum hreppsins, en þar sem engir verzlunarstaðir eða slík fyrirtæki eru, þar er þetta gjald aptur á móti mjög tilfinnanlegt. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til háttv. nefndar, hvort henni finnast þessar athugasemdir mínar ekki hafa við rök að styðjast, nefnilega að þessum gjöldum er ekki jafnað sanngjarnlega niður eptir gjaldþoli hreppanna, og hvort hún gæti ekki sjeð eitthvert ráð til að bæta úr þessum ójöfnuði.

Framsögumaður, Guðjón Guðlaugsson (þm. Strandam.): Jeg þarf ekki að svara háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) mörgu upp á athugasemdir hans. Jeg er honum þakklátur fyrir bendingar hans til nefndarinnar, en jeg er hræddur um, að það verði erfitt með þetta síðasta atriði, sem háttv. þingm. var að minnast á viðvíkjandi sýsluvegagjaldinu.

Sá mælikvarði, sem tekinn er í frv. er gamall og sá bezti, sem hægt er að finna, en ef maður ætti að finna út mælikvarða fyrir niðurjöfnun þessara gjalda eptir því sem háttv. 3. kgk. þm. var að benda á, þar sem hann var að tala um verzlanir og hvalveiðastöðvar í sumum hreppum, þá yrði það að vera niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum.

Það er auðvitað ekkert á móti því, að taka þessar athugasemdir hv. 3. kgk. þm. til greina; þetta, sem þm. benti á, hefur sínar gildu ástæður, en hitt er annað mál, hvort það getur bætt nokkuð úr því ástandi, sem nú er í þessu atriði.

Annars þarf jeg ekki að fjölyrða frekar um það, sem háttv. 3. kgk. þm. tók fram, því að hann fór svo vægt í sakirnar um síðasta lið breyt.till. á þgskj. 498, þar sem hann sagði, að þar væri að eins um tillátssemi að ræða; en hins vegar álít jeg óheppilegt að fresta niðurlagningu amtsráðanna, eins og till. fer fram á.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi þessu síðasta atriði um frestun á niðurlagningu amtsráðanna, að það er í samræmi við það, sem átti sjer stað eptir að stjórnarskrárbreytingin komst á, nefnilega að amtmennirnir sátu lengur en önnur stjórnarvöld, sem frá áttu að fara samkvæmt þeirri breytingu; og til þess að sveitarstjórnarlögin geti komið til framkvæmda, þá fannst okkur eðlilegt, að einhver verði að vera til þess að afhenda þær eignir, sem amtsráðin láta af hendi, og þessvegna þótti okkur rjett, að koma fram með þessa viðbótartill. aptan við 85. grein frumv.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mig langar til að skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún ekki muni vilja taka aptur 1. breyt.till. sína á þgskj. 448. Það

er vitaniega ekki nema orðabreyting, en sem miðar að eins til að spilla málinu á greininni. Jeg get ekki skilið, að nokkur maður, sem löglega á með sig sjálfur, geti verið öðrum háður sem hjú. Hjer er því sagt það sama sem í frumv., en með fleiri orðum og óþörfum. Þessi breyt.till. segir þessvegna ekki neitt og gjörir ekki neitt nema að valda óþarfa orðalengingu. Það getur enginn verið í löglegri stöðu nema því að eins að hann ekki sje öðrum háður sem hjú.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Nefndin leit dálítið öðruvísi á þessa breyt.till. við 8. gr. en háttv. 1. kgk. þm. (J. Ól.). Nefndin leit svo á, að með þessu væri leitt inn í lögin nýtt hugtak. Nefndin áleit, að eins og greinin er orðuð í frumv., þá gæti hún orðið skilin mismunandi af ýmsum mönnum, sem með lögin eiga að fara, og að það gæti verið skoðanamunur um það, hvaða menn eiga löglega með sig sjálfir. Það er ekki sjálfsagt, að hjú eigi ekki löglega með sig sjálf, þó þau hafi leigt vinnukrapta sína einhversstaðar um ákveðinn tíma. Þá er heldur eigi víst, að t. a. m. verzlunarmenn og aðrir, sem hafa ráðið sig um ákveðinn tíma til starfa hjá öðrum, verði álitnir eiga löglega með sig sjálfir, og mun þó eiga að skilja hin umræddu orð svo. Nefndinni virðist rjett að útiloka ólöglega lausamenn og húsmenn frá kosningarrjetti í sveitamálum. Jeg verð þess vegna að álíta, að þessi breyt.till. sje til bóta, þar sem ákvæðið, ef það verður orðað eins og breyt.till. fer fram á, verður svo ljóst, að eigi virðist hægt að misskilja það eða skilja á fleiri vegu.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer finnst það standa á sama hvort sagt er, að menn eigi löglega með sig sjálfir eða að þeir sjeu í löglegri stöðu, Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það náist alveg það sama með því að setja inn í lögin, að hver karlmaður hafi kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefnda, ef hann á löglega með sig sjálfur, eins og þó þetta sje bundið því skilyrði, að maðurinn sje í lögiegri stöðu, eins og stendur í breyt.till. nefndarinnar,

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg get ómögulega skilið, að ef menn eiga löglega með sig sjálfir, þá sjeu þeir líka öðrum háðir sem hjú. Að því er verzlunarmenn snertir, þá hafa þeir kosningarrjett til alþingis og ennfremur til þess að kjósa í bæjarstjórn og sveitarstjórn. Jeg vildi að eins benda á þetta atriði, annars er mjer það ekkert kappsmál; það er að eins smekkmál.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil að eins leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd. Jeg hef í huga að koma fram með breyt.till. við 11. gr., þar sem sagt er, að kjósa skuli í hreppsnefnd í júnímánuði. Jeg hefði viljað hafa það eins og verið hefur áður, að kosning í hreppsnefnd mætti líka fara fram í október. Í þeim hreppum, þar sem margt er af sjómönnum, þar er júnímánuður óhentugur tími til kosninga, vegna þess, að flestir sjómenn eru þá ekki heima. Það sýnist ekki rjett, að svipta þá kosningu, með því að ákveða eingöngu þennan tíma til kosningarinnar, og þess vegna hefur hingað til verið leyft, að kosning í hreppsnefnd mætti líka fara fram í október.

Þar sem háttv. nefnd hefur komið fram með þá breyt.till. við 26. gr., að hafa apríl- eða maímánuð í staðinn fyrir júnímánuð til hreppsnefndarfundarhalda, þá verð jeg fyrir mitt leyti að vera á móti því, að ákveða

þessi fundarhöld í apríl eða maí. Jeg kynni þá betur við að hafa júnímánuð með.

Þriðja athugasemdin, sem jeg vildi gjöra, er viðvíkjandi 50. gr., þar sem talað er um, að fyrir lok júnímánaðar ár hvert skuli reikningshaldari gjöra reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið ár. Nú vill nefndin breyta þessu ákvæði frumv. og setja það ákvæði inn í staðinn, að þessi reikningsskil skuli vera gjörð fyrir 15. október. Jeg skil ekki, hvers vegna nefndin hefur viljað gjöra þessa breytingu. Í júnímánuði er, eins og menn vita, reikningsárið liðið, og þá er rjett, að farið sje að semja reikninginn, enda hentugast, svo að hann verði endurskoðaður í tíma.

Jeg mun þess vegna greiða atkvæði á móti þessum breyt.till. nefndarinnar, og einkum legg jeg áherzlu á það, að kosningin í hreppsnefnd mætti, þar sem svo stendur á, að það er nauðsynlegt kjósenda vegna, fara fram í október eins og hingað til hefur verið, og mun jeg koma fram með breyt.-till. í þá átt til 3. umr.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg verð að játa það, að mjer virðist þetta mál vera komið í æskilegt horf, og er jeg í öllum aðalatriðum samþykkur breyt.till. nefndarinnar.

Jeg þykist hafa fullan rjett til að tala um þetta mál og láta í ljósi álit mitt um það, þar sem jeg hef verið í sveitarstjórn í rúm 20 undanfarin ár. Það eru að eins tvö til þrjú atriði, sem jeg vildi minnast lítið eitt á, ef háttv. nefnd vildi taka bendingar mínar til athugunar til 3. umr., og vil jeg þá fyrst víkja stuttlega að 5. breyt.till. nefndarinnar við 26. gr. frumv.

Jeg er samdóma háttv. þm. Barðstr. (S. J.) um það, að mjer finnst ekki rjett að binda þessa hreppsnefndarfundi við apríl- eða maímánuð, af því að eptir því sem jeg þekki til, þá er bezti tíminn í júnímánuði til slíkra fundarhalda. Þá eru vorhreppamót haldin, og þá geta sveitabændur bezt haft tal hver af öðrum til þess að ráða ráðum sínum um ýms mál fyrir komandi ár; auðvitað er þetta ekki neitt aðalatriði, og því einasta drepið á það til bendingar.

Þá er hitt atriðið viðvíkjandi launum oddvitanna, sem jeg vildi minnast lítið eitt á.

Eptir frumv. milliþinganefndarinnar, þá sýndist mjer vera gengið lengra en sanngjarnt var í að íþyngja oddvitunum, sem hafa venjulega meiri hlutann af öllum þeim verkatöfum, umsvifum og erfiði, sem sveitarstjórnarstörfunum eru samfara. Eptir eldri lögunum mátti veita oddvitunum vissa þóknun og auk þess 4% fyrir alla innheimtu. Í þeim hreppum, sem jeg þekki til, munu launin að meðaltali vera um 50 kr., en í stöku hreppum allt að 70 kr. Með fyrra ákvæði nefndarinnar mun þetta hafa breytzt svo mikið, að menn, sem hafa starfað fyrir þessi laun, mundu ekki vilja vera við þau störf eptir þessum ákvæðum.

Það gengur þó nokkru nær því rjetta um síðari breyt.-till. Þar sem farið er fram á, að oddviti skuli hafa 2 kr. að launum um árið fyrir hvern fullan tug hreppsbúa; það mundi þó verða milli 40 og 50 kr. á ári að meðaltali.

Jeg ætla ekki að gjöra þetta að neinu kappsmáli, en mjer finnst ekki mega minna vera, en að þessum mönnum sje launað sómasamlega fyrir þau störf, sem þeir verja svo miklu af kröptum sínum og tíma til.

Hvað reikningunum viðvíkur, þá er það alveg satt, að þeir eru optast nær ekki búnir fyr en á haustin, þó að undirskriptin sje bundin við júnímánuð.

Mjer finnst því rjett, að breyta þessu, því þeir sem vilja, geta eptir sem áður lokið við þá að vorinu.

Jeg mun greiða breyt.till. atkvæði mitt og hverri grein frumv. sjerstaklega og öllu frumv. í heild sinni.

ATKV.GR.: 1.—7. gr. samþ. í einu hljóði.

1. breyt.till. (448) við 8. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. (448) við 8. gr. samþ. í einu hlj.

8. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

Breyt.till. (498) við 9. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

10.—15. gr. samþ. í einu hlj.

3. breyt.till. (448) við 16. gr. samþ. í einu hlj.

16. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

17.—23. gr. samþ. í einu hlj.

4. breyt.till. (448) við 24. gr. samþ. í einu hlj.

24. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

25. gr. samþ. í einu hlj.

5. breyt.till. (448) við 26. gr. samþ. með 10 : 2 atkv.

26. gr. svo breytt samþykkt með 11 samhlj. atkv.

27.—47. gr. samþ. í einu hlj.

6. breyt.till. (448) við 48. gr. samþ. í einu hlj.

48. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

7. breyt.till. (448) við 49. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

49. gr. svo breytt samþykkt með 12 samhlj. atkv.

8. breyt.till. (448) við 50. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.

50. gr. svo breytt samþ. með 11 : 1 atkv.

51. gr. samþ. í einu hlj.

9. breyt.till. (448) við 52. gr. samþ. í einu hlj.

52. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

53.—55. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. (498) við 56. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (498) við 56. gr. samþ. í einu hlj.

56. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

57. gr. samþ. í einu hlj.

4. breyt.till. (498) við 58. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

58. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

10. breyt.till. við 59. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

59. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

60. gr. samþ. í einu hlj.

5. breyt.till. (498) við 61. gr. samþ. í einu hlj.

11. breyt.till. (448) við 61. gr. samþ. í einu hlj.

61. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

62.—68. gr. samþ. í einu hlj.

12. breyt.till. (448) við 69. gr. samþ. án atkv.

69. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

70.—71. gr. samþ. í einu hlj.

13. breyt.till. (448) við 72. gr. samþ. í einu hlj.

72. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

73.—75. gr. samþ. í einu hlj.

14. breyt.till. (448) við 76. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

76. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

77.—78. gr. samþ. í einu hlj.

15. breyt.till. (448) við 79. gr. samþ. án atkvgr.

79. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

16. breyt.till. (448) við 80. gr. samþ. í einu hlj.

80.—84. gr, samþ. í einu hlj.

6. breyt.till. (498) við 85. gr. samþ. með 8 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Aug. Flygenring,
Jón Ólafsson,	Guðj. Guðlaugsson,
E. Briem,	Gutt. Vigfússon,

Já:	*Nei:*
Jón Jakobsson,	Jóh. Jóhannesson,
Sig. Jensson,	Þórarinn Jónsson.
Sig. Stefánsson,	
Valt. Guðmundss.,	
Þorgr. Þórðarson.	

Allar fyrirsagnir frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 24. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 531, 539, 562).

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg hef, ásamt tveimur öðrum háttv. þm., leyft mjer að koma fram með 2 breyt.till. við þetta frv., eins og jeg ráðgjörði við 2. umr. málsins. Fyrri breyt.till. er við 11. gr. og fer hún fram á, að sýslunefndir megi leyfa hreppsnefndum að láta kosningar til þeirra fara fram á haustin í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það sje nauðsynlegt kjósenda vegna. Þetta getur verið nauðsynlegt þegar sjómenn eiga í hlut og verða að vera fjarverandi að vorinu til vegna atvinnu sinnar og þannig misst af kosningarrjetti sínum.

Þetta er leyft í lögum 8. nóvember 1897, og hafa menn því fundið til þess, að þörf væri á því.

Hin breytingin er við 26. gr., og fer fram á, að hreppsnefndin skuli ekki eingöngu vera bundin við að halda nefndarfundi sína í apríl- eða maímánuði, heldur skuli henni einnig vera heimilt að halda slíka fundi í júnímánuði. Það getur opt verið óþægilegt fyrir hreppsnefnd, að hún sje neydd til að halda fundi sína í apríl eða maí; en jeg legg samt ekki eins mikla áherzlu á þessa síðari breytingu eins og hina fyrri, því að það getur þó ekki verið meining frumv., að svipta vissa menn atkvæðisrjetti; en það verður samt tilfellið, ef 11. gr. frumv. verður samþ. óbreytt eins og hún nú liggur fyrir.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 562 við 48. gr. tekin aptur.

Breyt.till. á sama þgskj. við 26. gr. einnig tekin aptur.

Breyt.till. á þgskj. 539 við 11. gr. samþ. með 9 atkv.

Breyt.till. á sama þgskj. við 26. gr. samþ. með 8 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 591, 610).

Framsögumaður Jón Magnússon, (þm. Vestm.): Það eru ekki margar breyt.-till., sem gjörðar hafa verið við frumv. í háttv. Ed. Nefndin í þessari háttv. deild hefur athugað þær og ræður til, að frumv. verði samþ. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Önnur aðalbreytingin er að hækka laun hreppsnefndaroddvita og sýslunefndarmanna. Á þessa breytingu fellst nefndin, en um hina höfuðbreytinguna, að amtsráðin haldist til ársloka 1907, er það að segja, að nefndinni virtist að vísu ekki full þörf eða ástæða til að halda þeim til þess tíma, þegar flestöll störf amtsráðanna eru fallin burtu, um leið og hin nýju sveitarstjórnarlög væntanlega koma í gildi, eða 1. jan. 1907; þá er auðvitað lítið fyrir þau að gjöra árið 1907. Þó getur farið svo, að eigi verði ráðstafað öllu á fundi eða fundum 1906, sem ráðstafa þarf áður en ráðin sjeu lögð niður, með öðrum orðum, að þau hafi ekki ráðstafað til fulls búum sínum

eptir sinn dag fyrir árslok 1906. Því hefur nefndin eigi viljað hafa neitt á móti þessari breytingu heldur.

Að öðru leyti skal jeg eigi fjölyrða um málið. Tími þingsins fer að verða naumur. En jeg ætla að eins að geta þess, að þó amtsráðin haldist til ársloka 1907, þá hafa þau þó ekki neitt yfir sýslunefndunum að segja frá 1. jan. 1907, því þá eru fallin burt þau fyrirmæli, sem heimila amtsráðunum afskipti af gjörðum sýslunefnda. Frá þeim degi verða sýslunefndirnar, ef þetta frumv. verður að lögum í sinni núverandi mynd, hin æðstu völd í öllum sveitarstjórnarmálefnum.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 19 samhlj. atkv.

Frumv. afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XIII. Fátækralög.

Á 4. fundi Ed., miðvikudaginn 5. júlí kom frumv. til fátækralaga til 1. umr.

Ráðherrann: Eins og tekið er fram í hinum prentuðu ástæðum við frv., þá kom frumv. þetta nokkuð seint til stjórnarráðsins frá milliþinganefndinni, og hafði stjórnarráðið þess vegna eigi vel gott svigrúm til að taka málið til ýtarlegrar rannsóknar; sjerstaklega er eitt aðalatriði í því, sem stjórnarráðið var nokkuð hikandi við, en það er breytingin á sveitfestisákvæðinu og því, sem stendur í sambandi við hana. En þar sem nefndin hefur lagt mikið verk í frumv. þetta, og stjórnin telur það yfir höfuð mjög vel af hendi leyst, áleit stjórnin rjett, að leggja það fyrir þingið óbreytt í öllum meginatriðum, en jeg mun verða fús á að semja við hina væntanlegu nefnd um ýms smáatriði, er henni kann að virðast þurfa breytinga við, því að jeg geng út frá því, að nefnd verði skipuð í þetta þýðingarmikla og umfangsmikla mál.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í þetta mál, að aflokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. var í e. hlj., að skipa 5 manna nefnd til að íhuga málið, og óskuðu þessir þingdeildarmenn hlutfallskosningar:

Björn M. Ólsen, Jón Jakobsson, Eiríkur Briem, Ágúst Flygenring, Jón Ólafsson.

Hlutu þá kosningu samkvæmt henni:
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Sigurður Stefánsson,
Þorgrímur Þórðarson.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður, Sigurður Stefánsson skrifari og Guðjón Guðlaugsson framsögumaður.

Á 20. fundi Ed., miðvikudaginn 26. júlí kom frumv. til 2. umr. (Stjórnarfrv. A. 129).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strandam.): Jeg vil gjöra

grein fyrir skoðun nefndarinnar í þessu máli og breytingum þeim, sem hún leggur til að gjörðar verði við frumv. Það væri ef til vill alls ekki ótilhlýðilegt, að gjöra hjer grein fyrir því, að hve miklu leyti frumv. þetta breytir núgildandi lögum, og hverjar sjeu hinar helztu breytingar, sem það flytur, ásamt formi þess og aðalskoðunum milliþinganefndarinnar, sem vann að þessu máli næstl. vetur og gjörði það úr garði eins og frumv. nú kemur fyrir sjónir, að því er heita má, en þar sem háttv. þingdeildarmenn hafa allir fyrir löngu síðan fengið frumv. með öllum þeim athugasemdum og skýringum, er milliþinganefndin gat í tje látið, þá virðist mjer ekki nauðsynlegt nú, að fara um þetta efni mörgum orðum.

Þó vil jeg leiða athygli háttv. þingdeildarmanna að því, að í þessu frumv. felast aðalákvæði 10—20 gildandi lagaboða, sum nokkuð breytt, en mörg alveg óbreytt að því, er efni snertir. Auk þessa, að upp í frumv. þetta eru tekin óbreytt ákvæði nokkurra laga, sem ekki er breytt, og því síður numin úr gildi með þessum lögum, en að eins tekin hjer upp, til þess að þessi lög geti um leið og þau eru aðal- og einustu lögin um hin beinu fátækramálefni, einnig verið hentug handbók fyrir sveitastjórnir, sem þar geta fundið í öll hin helztu lagaákvæði, er snerta framfærsluna, svo þær geti glöggt og fyrirhafnarlítið sjeð, hvar takmörkin eru, hvar og nær fátækrafjelögin eiga að byrja eða enda á sinni framfærslu. Þess vegna eru tekin hjer inn í ákvæði úr hjúalögunum, iðnaðarnemalögunum og farmannalögunum, auk allra gildandi ákvæða um frændaframfæri og sifja, breytt og löguð eptir því, sem nefndinni þótti bezt við eiga. Sem sagt, meiningin var, að gefa sveitastjórnum handhæga bók um sem flest, er að fátækralöggjöf lyti, þar sem það var áður mjög tvístrað, og ætla má, að sumar hreppsnefndir eigi bágt með að tína það saman, og jafnvel vanti kunnáttu til þess. Það er mikill hægðarauki, að geta sjeð í sama lagabálki, hverjar fátækraskyldurnar eru, hvar framfærsluskyldan endar hjá frændum, meisturum, húsbændum, útgjörðarmönnum o. s. frv.

Í frumvarpinu eru þó nokkrar breytingar á gildandi fátækralöggjöf, sumar smáar, en nokkrar, er hafa talsverða þýðingu, þó þær geti ekki talizt stórar efnisbreytingar. Þó er ein breyting, sem verður að teljast allstór, og líklega ekki þýðingarlítil í reyndinni, ef hún verður að lögum, en það er nú líka sú breytingin, sem milliþinganefndin klofnaði á, og sem opt áður hefur orðið hneyxlunarhella eða þrætuepli, enda aðalbreyt.till. hjá þessari nefnd, að færa það lagaatriði í sama farið, sem það er í samkvæmt gildandi lögum.

Þetta er hið margnefnda sveitfestisákvæði, eða sveitfestistíminn.

Meiri hluti milliþinganefndarinnar setti hann í frumv. að eins 2 ár, en minni hlutinn taldi heppilegast, að hann væri ekki styttri, en nú er og hefir verið síðan 1848, nfl. 10 ár.

Þetta ákvæði er í 32. gr. frumv., og hefur nú þessi nefnd fallizt á tillögur minni hlutans í milliþinganefndinni og það í einu hljóði; að minnsta kosti eru allir nefndarmenn sammála um það, að aðhyllast ekki tillögur háttv. meiri hluta milliþinganefndarinnar, enda var nú ekki tilfellið, að hann í raun og veru væri sammála um þetta atriði, heldur var milliþinganefndin í jafnmörgum hlutum og

mennirnir voru í henni, eins og sjá má af áliti hennar, þótt svo færi, að tveir af þeim slægju sjer saman að lokum; jeg held eingöngu af því, að þeir hafi haldið, að sú breyting fjelli almenningi bezt í geð, eða að hún mundi fá mest og almennast fylgi. Þeir munu hafa byggt það á hljóðinu, sem þeir heyrðu mest bera á í þessu efni hjer í grenndinni við Reykjavík, þar sem þeir voru kunnugir vegna búsetu sinnar. En jeg held, að þessi skoðun um styttingu sveitfestistímans sje hvergi ríkjandi annarsstaðar en einmitt hjer í nágrenninu, ef það getur þá kallast skoðun; ef það er annað en hugsunarlaus hljómur, sem hver tekur við af öðrum án rökstuddra athugana.

Jeg ætla nú að leyfa mjer, að hafa sömu aðferðina í framsögunni, sem í nefndarálitinu, með það, að byrja á að tala um þessa aðalbreyttill. fyrst, þótt hún sje ekki sú fyrsta í röðinni af breyt.till. vorum.

Nefndin hefur nákvæmlega rannsakað ástæðurnar með og móti, og eru allir nefndarmennirnir mjög kunnugir þessum málum og byggja því á eigin reynslu og af henni komizt að sömu niðurstöðu, sem minni hluti milliþinganefndarinnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að verði sveitfestistíminn færður niður í 2 ár, muni hinn illræmdi hrakningur þurfalinga eigi minka heldur vaxa stórum, því að það liggur í augum uppi, að því styttri sem fresturinn er, því optar muni hreppsnefndir amast við þeim, er þær eru hræddar um, að þeir verði sveitarfjelaginu til byrðar, ef þeir verði sveitlægir. Líkurnar eru 5 sinnum meiri til hrakinga. Engum getur dulizt það, að meiri verður hættan á hrakningum, þegar hreppsnefndir þurfa að gæta sín gagnvart fátæklingum eptir 1. ár, en þegar þeir fyrst þurfa að fara að gæta sín fyrir þeim eptir 9. ár. Þetta gæti valdið óþolandi hrakningum stað úr stað, ár eptir ár, á sama manni eða fjölskyldu. Nefndin er sammála minni hluta milliþinganefndarinnar um það, að sterkar líkur sjeu til, að ýmsar sveitarstjórnir mundu sæta lagi, ef lag skyldi kalla, með að koma af sjer fátæklingum, sem þegar eru orðnir sveitarþurfar, á aðrar sveitir, sem nú er mjög fátítt, því eins og það er auðveldara að vinna sjer sveit á tveim árum en 10, ef enginn rekur manninn burtu, eins er það miklu auðveldara, að koma beinum þurfamanni eða þeim, sem er kominn að því að vera þurfamaður, á aðrar sveitir þegar ekki þarf til þess nema 2 ár, heldur en þegar þau eru 10. Það eru dæmi til þess, að jarðir hafa verið byggðar fátæklingum til 10 ára, þótt eigandinn hafi átt það á hættu, að jörðin liði vegna ljelegrar ábúðar, einungis til þess að gjöra þá sveitfasta, en það sjer hver maður, að hættara er við samskonar aðferð, ef sveitfestistíminn er eigi nema 2 ár. Nefndin byggir hjer á reynslu, og mun hún því sjá það rjett, að þetta geti valdið miklum hrakningum, og ef til vill að hreppstjórnir gætu með brögðum alveg losast við þurfalinga. Jeg veit, að þeir, sem eru meðmæltir 2 ára sveitfestistímanum, líta svo á, að hreppsnefndir muni eigi athuga þetta eptir 1 ár, en slíkt er ekki fullkomlega á rökum byggt; allar hreppsnefndir mundu gjöra það, sem þær gætu í því efni, þær mundu beinlínis álíta það skyldu sína gagnvart sveitarfjelaginu. Hrakningurinn er algjörlega ósæmilegur og það er stór synd og minnkun fyrir þjóðina, að hrekja fátæklinga sveit úr sveit, sem opt mundu geta komizt af án sveitarstyrks, ef þeir

fengju að vera kyrrir, en komast einmitt á vonarvöl við hrakninginn. Þá dylst nefndinni það ekki, að annar enn meiri ókostur fylgir stuttum sveitfestistíma, en hrakningarnir, en það er hin sterka mótstaða, sem fátækt og vanmegna fólk verður fyrir, þegar það vill færa sig úr einu sveitarfjelagi í annað, til þess að vera þar sem það heldur sjer líði betur. Það má eiga víst, að fólk, sem vegna heilsubrests, fátæktar eða annara annmarka verður rígbundið við sinn fæðingar- og uppeldishrepp, af því að enginn þorir að eiga undir að taka það í öðrum sveitarfjelögum, þegar um leið er eptir litlu og miður áreiðanlegu gagni að slægjast. Þetta að kviksetja fólk þannig í þess uppeldissveit, getur orðið því til óbærilegs tjóns. Enginn er spámaður í sínu föðurlandi, svo er ekki sízt um þetta fólk. Auk þess sem það getur fengið miklu betri og hentugri atvinnu í öðru hjeraði en sínu, þá getur vel verið, að það vaxi í áliti við breytinguna eða njóti meiri og betri viðurkenningar í öðrum sveitum, en sinni eigin, auk þess sem það fær meiri hvöt til þess að bjarga sjer, fær í sig eins og nýtt líf við það að skipta um.

Því hefur verið haldið fram móti þessu, að rjett væri að afnema skyldu húsmanna og þurrabúðarmanna til þess að fá leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að setjast að í öðru sveitarfjelagi, en þó að þetta sje gjört, sem jeg fyrir mitt leyti hef ekki mikið á móti, þá mundi það mjög svo lítið hjálpa upp á sakirnar í þessu efni. Lausafólk og vinnufólk hefði sömu aðstöðu og nú, og þó ekki væri hægt með sjerstöku lagaákvæði, þá mundi það verða gjört á annan hátt eigi að síður, þegar einhver hætta þætti á ferðum; þá mundu verða almenn samtök um það, að hleypa engu fólki inn í sveitarfjelögin, sem nokkur hætta væri með að yrði þeim til byrðar. Annars verð jeg nú að geta þess, að þessu ákvæði húsmennskulaganna er mjög sjaldan beitt að því, er jeg þekki til, og því mundi ekki verða stór breyting, þó það væri numið úr lögum, einkum ef sveitfestistímanum væri ekki breytt.

Jeg hef hjer eigin reynslu fyrir augum. Jeg hef sjálfur tekið hjú og komið að góðum notum, sem jeg alls ekki mundi hafa tekið ef jeg hefði átt á hættu, að þau yrði sveit minni til byrða, og sem hefur orðið til þess, að bæði jeg og þau (hjúin) hafa haft gott af vistarráðunum, og gæti jeg tilfært ýms dæmi til sönnunar því, að þetta kemur opt fyrir, og að færslan kemur mönnum af sveitarframfæri, en ekki á það.

Allir hljóta að sjá, að þetta kemur einkum fram á aumingjum og vanmegna fólki, og að það er ósamboðið mannúð vorra tíma, og að það er efnalegur skaði og siðspillandi að hamla þeim að færa sig.

Þótt sjúkdómar hamli eigi, er það þó svo, að sumir geta unnið fremur á einum stað en öðrum; er því nauðsynlegt, að þeir geti fært sig. Vatnskerlingarnar sumar eða vatnskarlarnir hjer í Reykjavík, sem hjer vinna vel fyrir sjer og jafnvel græða fje, mundu að öllum líkindum tæpast vinna fyrir sjer sem hjú á sveitarheimili; þannig er um margan mann, að hann getur mikið gagn unnið í einum stað, þótt hann geti nálega ekkert gjört til gagns í hinum.

Nefndin leggur því eindregið á móti stytting sveitfestistímans, því það gæti auk þess, sem áður er um talað, komið af stað heimilisleysi og flækingshætti. Fyrst nú er fullsannað, að um

1,200 manns sjeu heimilslausir á landinu; þegar menn hafa enga ástæðu til sliks, aðra en þá, að skjóta sjer undan opinberum gjöldum, þá má geta nærri, hvað sú tala vex, þegar við þetta bætist það, að menn geta hvergi fengið heimili nema með eptirgangsmunum og opt ekki fyrir það. Það er fullkomlega víst, að þá mun sú tala stórum vaxa, og þá munu margir, sem nú borga með ánægju þau sveitargjöld, sem á þá eru lögð, sleppa við þau með öllu af því að sveitirnar vilja ekki vera að helga sjer þessa menn með því að leggja á þá litilfjörlegt útsvar. Nú getur hver maður fengið heimili, ef hann borgar það sem lögákveðið er til allra stjetta og ef til vill litla þóknun fyrir húsnæði; er það eigi svo mikið, að eigi geti flestir undir því risið. En verði 2 ára sveitfestistiminn lögleiddur, er miklu meiri freisting til að verða heimilislaus; þá mun líka miklu hægra að skjótast undan lögákveðnum skyldum, enda munu, eins og jeg hef sagt, hreppsnefndir ekki leggja kapp á, að leggja 2—3 kr. útsvar á menn, þótt þeir dveldu 1—2 ár í hreppnum. Þær fáu krónur draga annarsvegar hreppinn skammt á veg, en eru hins vegar nógar til þess, að löggilda menn þessa í hreppnum. Mjer finnst jeg því hafa sýnt fram á, að miklu fleiri mundu heimilislausir, ef þetta næði fram að ganga.

Jeg skal svo víkja að niðurlagsástæðum nefndarinnar fyrir breytingum þeim, sem hún hefur gjört á 32 gr. frumv., nefnilega þeim ástæðum, sem hún hefur haft til þess, að taka tillit til þjóðarviljans í þessu efni, og er þar sannast að segja ekki mjög mikið til þess að byggja á, en það, sem sjeð verður, bendir þó í þá áttina, að breyta ekki gildandi lögum að því, er sveitfestistímann snertir.

Við verðum að athuga þetta mál með ró og stillingu og ekki byggja á neinu því, sem getur valdið æsingum og villt mönnum sjónir, svo að þeir vaði í villu og svíma. Við verðum að eins að byggja á því, sem eigin reynsla og heilbrigð skynsemi segir okkur um það, sem *getur* giörzt og *hefur* gjörzt. Þjóðarviljinn í þessu efni sjest að eins af þingmálafundargjörðum, og eins og sjá má af nefndarálitinu, hefur mestur hluti þeirra verið meðmæltur 10 ára sveitfestistímanum: 19 þeirra hafa óskað eptir 10 árum, 6 eptir 2 árum, 5 eptir dvalarsveit, 4 eptir 5 árum, 1 eptir fæðingarhreppi, 4 eptir frestun á málinu og 5 nefna það alls ekki á nafn.

Nú er á það að líta, að þetta mál hefur verið til umræðu á mörgum undanförnum þingum, að minnsta kosti á flestöllum þingum, sem jeg hef setið á; síðan 1903 hefur sveitfestisspursmálið verið til umræðu; það hefur jafnvel komizt svo langt, að ákvæðið um dvalarsveit hefur verið samþykkt. Þetta sýnir og sannar, að málið kemur ekki þjóðinni á óvart, enda hefur það verið full 5 ár í undirbúningi og leitað álits allra sveitarstjórnarvalda landsins um það, áður en milliþinganefndin tók til starfa, og virðist því þær óskir ekki vera á rökum byggðar, að málinu í heild sje frestað, en aptur á móti er það mjög hugðnæm ósk að minnsta kosti fyrir mig, og jafnvel alla nefndina hjer í deildinni eins og nefndarálitið ber með sjer, að breytingu á sveitfestistímanum sje frestað, því það er álit vort, að ekkert sje rjettara en það, og það, hvað fáir þingmálafundir hafa verið með styttingunni, er næg ástæða fyrir þeirri frestun útaf fyrir sig.

Eins og jeg þegar hef tekið fram, hafa 19 þingmálafundargjörðir óskað eptir 10 ára sveitfestistíma. Það, sem álykta má af þessu, er þó helzt það, að langflestir sjeu sammála um það, að hafa sveitfestistímann hinn sama og verið hefur, því um þá, sem hafa lagt til, að málinu væri frestað, eða alls ekki nefnt það á nafn, er ekki hægt að segja, hverrar skoðunar muni vera. Þó mætti helzt álíta, að þeim sje ekki áhugamál um lagabreytingu í þessu efni, fyrst þeir láta ekki til sín heyra um hana, og sá fundur, sem óskar eptir fæðingarhreppi, má teljast með 10 ára tímanum, því hann vill þó alls ekki stytta tímann.

Þegar því ekki hefur enn unnizt meiri eða ákveðnari vilji hjá þjóðinni fyrir því, að stytta sveitfestistímann, en orðið er, þá sá nefndin ekki ástæðu til þess, að leggja til með þeirri breytingu, þar sem jafnmikil óvissa er fyrir, að hún yrði til bóta, og því fremur hvort þjóðinni í heild sinni geðjaðist að henni.

Jeg skal svo snúa mjer að hinum öðrum breyt.till. nefndarinnar, og kem jeg þá fyrst að breyt.till. við 8. gr., nefnilega að í staðinn fyrir 6 mánuði komi 12, þegar ekki er um skuldlýsingarfrest að ræða, og er þessi gr. frumv. að öðru leyti í samræmi við lög frá 12 jan. 1900.

Í 8. gr. er svo fyrirmælt, að þegar faðir óskilgetins barns deyr, þá skuli greiða fúlguna úr dánarbúi föðursins svo framarlega sem beiðni um það sje komin til skiptaráðanda áður en skuldlýsingafrestur sje liðinn eða 6 mánuðir frá láti hans. Nefndin áleit, að þegar skuldalýsing er ekki út gefin, þá geti 6 mánuðir frá láti föðursins reynzt allt of stuttur frestur, ef t. d. faðirinn deyr á öðru landshorni en því, sem barnið er á, sem opt getur komið fyrir. Ef t. d. faðir óskilgetins barns deyr í Austur-Skaptafellssýslu, en barnið er á Ísafirði, þá er tæpast vissa fyrir því, að fregnin um lát föðursins sje komin austan úr Skaptafellssýslu, en þá er eptir að senda kröfuna þvert yfir land, sem í flestum tilfellum getur tekið langan tíma. Af þessum ástæðum hefur nefndin lengt þennan frest úr 6 mánuðum upp í 12 mánuði eða 1 ár, og vona jeg, að háttv. deild samþykki þessa breytingu og sjái, að hún hefur við rök að styðjast.

Þá hefur nefndin gjört aðra litla breytingu við þessa sömu grein, sem raunar er ekki nema orðabreyting. Í síðustu málsgrein 8. gr. er ákveðið, að ef slík fúlga sparast af öðrum ástæðum en þeim, að barnið deyi, þá falli afgangurinn til barnsins. Nú er ákveðið, að fara skuli með fúlguna sem ómyndugrafje, en það á að ávaxtast meðan því ekki er eytt. Af því leiðir, að afgangur getur orðið af fúlgunni, ekki einungis vegna sparnaðar á henni, heldur líka af því, að hún hefur ávaxtazt, og taldi nefndin rjett, að sá afgangur, sem af því leiðir, falli barninu einnig til eignar, enda var það meining milliþinganefndarinnar.

3. breyt.till. nefndarinnar við 19. gr., að í staðinn fyrir »hann« komi »húsbóndinn«, er að eins orðabreyting, og þarf því ekki að fjölyrða um hana.

4. breyt.till. við 22. gr. fer fram á, að í staðinn fyrir »eigandi« komi: »landeigandi«, og er það skýrara og samkvæmt meiningu milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar, að hjer sje átt við þann, sem á landið. Þá er 5. breyt.-till. við 32. gr., að í staðinn fyrir 2 ár komi 10 ár, og hef jeg þegar gjört grein fyrir henni, og skal jeg ekki fjölyrða frekara um hana fyr en jeg heyri mótmælum hreyft gegn henni. 6 breyt.-till. við hina sömu grein er afleiðing

af hinni fyrri, nefnilega, að síðustu orð greinarinnar falli burt. —

7. breyt.till. við 34. gr. leiðir einnig af hinni fyrri. Sama er að segja um 8. breyt.till. við 36. gr., að hún er líka afleiðing af breytingunni á 32. grein.

Þa kem jeg að 9. breyt.till. og fer hún fram á, að orðunin á 37. gr. sje nokkuð öðruvísi, en í frv. stjórnarinnar. Eins og 37. gr. er orðuð í breyt.till. nefndarinnar, þá er hún hjer um bil í sama formi sem hjá milliþinganefndinni, og virtist nefndinni hún ljósar orðuð þannig, enda í betra samræmi við 10 ára sveitfestistímann en greinin, eins og hún er orðuð í frv., því með henni gæti það komið fyrir, að útlendingur, sem fengi hjer rjett innborinna manna, ætti þó hvergi framfærslurjett. Það, sem mun hafa valdið því, að stjórnin vildi orða þetta ákvæði eins og hún gjörði í frumv., var það, að það náði ekki út yfir eitt tilfelli, sem stjórnin hefur hugsað sjer að gæti átt sjer stað, nefnilega að útutanríkismaður, sem verið hefði í Danmörku mörg ár, sækti þar um rjett innborinna manna, en meðan á því stæði að fá rjettinn, þá flytti hann hingað til Íslands, og þó að hann fái rjett innborinna manna, þá er hann sveitlægur hjer, ef hann dvelur hjer 1 ár. Það hefur stjórninni þótt ósanngjarnt, að maðurinn hefði heldur ekki framfærslurjett í Danmörku, þar sem hann væri kannske búinn að vera nýtur borgari í mörg ár, þegar miðað er við 2 ára sveitfestistíma. En þegar miðað er við 10 ára sveitfestistíma, þá gæti það t. d. komið fyrir, að maður flyttist frá útlöndum til Hafnarfjarðar og dveldi þar 9 ár, svo þaðan til Rvíkur og dveldi þar 8 ár, svo sækir hann um rjett innborinna manna; en þá getur hann flutt upp á Akranes og dvalið þar jafnmörg ár, og á hvorum hinna staðanna; þá er hann búinn að fá rjett innhorinna manna, en enga sveit, af því að eptir 37. gr. stj.frumv. verður ekki sjeð, hvar hann öðlast sveitarrjett. Það er líka eðlilegast, að hann eigi sveitarrjett þar sem hann hefur dvalið, þegar hann fjekk rjett innborinna manna, því slíkur rjettur veitist ekki nema mönnum, sem eru þá taldir nýtir borgarar þjóðfjelagsins, og er þar af leiðandi eðlilegast, að maðurinn fái sveitfestisrjettinn um leið og á sama stað sem rjett innborinna manna.

Þá kem jeg að 10. breyt.till. við 38. gr., að í staðinn fyrir »sveit hans« komi: »sveit þeirri, er hann átti, er þau skildu«. Þegar hjón skilja að lögum, getur það opt komið fyrir, að maðurinn vinni sjer aðra sveit á eptir, en þá er hann átti þegar skilnaðurinn fór fram, en að konan vinni sjer enga sveit, en það væri óeðlilegt, að maður ynni fráskilinni konu sinni sveit, eptir að þau væru skilin að lögum, enda mun það ekki vera meiningin í frumvarpinu, en með orðun 38. gr. mætti skilja það svo, þar sem stendur að eins »sveit hans«.

11. breyt.till. við 40. gr., að fyrir »laungetin« komi: »óskilgetin«, er að eins orðabreyting, vegna þess að orðið »óskilgetin« er við haft allstaðar annarstaðar í frumv. og er þessi breyting því gjörð fyrir samræmissakir.

Þá er 12, breyt.till. við 41. gr. verulég efnisbreyting, og fer hún í sömu átt og breytingin við 32. gr., það er að segja, að nefndin vill, að það ákvæði, sem hjer ræðir um, viðvíkjandi fæðingarhreppnum, standi við það, sem nú er.

Í 41. gr. frumv. er kveðið svo á, að maður, sem ekki hefur unnið sjer sveit, eigi þar framfærslurjett, sem foreldri eða foreldrar hans áttu sveit,

þegar hann var 16 ára. Nefndin fann ekki nægа ástæðu fyrir þessari breytingu, og vildi því halda sjer við gamla fæðingarhreppinn, þegar svo á stendur, með því að það getur valdið miklu meiri erfiðleikum, að finna þann stað, þar sem faðir eða móðir átti sveit, þegar maðurinn komst af barnsaldrinum, en að finna, hvar hann er fæddur, og ef ð landsveitirnar hafa ástæðu til þess, að kvarta undan flutningi á fjölskyldum eða börnum úr sjávarplássunum, meðan þær hafa ekki framfærsluskyldu við þau nema til 16 ára aldurs, þá verður hún þó því meiri, ef framfærsluskyldan á að ná lengra, og því verra fyrir landsveitirnar, ef þær eiga líka að hafa alla ábyrgð og framfærslu á allri fjölskyldunni auk þess að ala börnin upp. Þetta ákvæði frumvarpsins er ómögulegt, ef breyt.till. nefndarinnar við 32. gr. kemst að. Það er ekki fyllilega rjettlátt og verður til þess að íþyngja vissum sveitum og að gjöra mönnum ómögulegt að finna, hvar einn maður á sveit.

Eptir 13. og 14. breyt.till. fellur fyrsta og síðasta málsgrein 42. gr. í burtu. Þetta er afleiðing af því, sem tekið hefur verið fram um 32. gr. og þarf því ekki að skýrast frekar. 15. breyt.till. um, að 45. gr. falli í burtu, er sömuleiðis afleiðing af 32 gr.

Þá kem jeg að 16. breyt.till. Í 50. gr. er lögð áherzla á, að börnin fái hæfilega fræðslu, Hjer er auðvitað ekki verið að ræða um neina verulega menntun, en um alvarlega viðleitni til að veita börnum svo mikla bóklega fræðslu, að þau verði eins og almennast gjörist meðal alþýðumanna. Nefndin vill sjerstaklega leggja áherzlu á það verklega, og hefur því lagt til að á eptir orðunum »hæfilega fræðslu« komi: »og venjast algengri vinnu«.

Í 56. gr. frumv. stendur, að ef að minnsta kosti meiri hluti hreppsnefndarinnar hafi skrifað undir innfærsluna, eptir að hafa sannfært sig um, að styrkurinn sje rjett tilfærður, þá er bókin sönnun fyrir skuldinni. Nefndin er ekki ánægð með þetta ákvæði, lítur svo á, að hreppsnefndin mundi optast nægjast með að fara eptir því, sem oddvitinn segði, og ekki rannsaka málið sjálf. Þessvegna hefur nefndin komið með 17. breyt.till. Eptir henni á annaðhvort meiri hluti hreppsnefndar eða oddvitinn að votta það í bókinni, að skuldin sje rjett tilfærð. Um þetta er hreppsnefndinni gefið skarpara aðhald í sjálfum lögunum.

Í 19. breyt.till. við 59. gr. hefur fallið úr orðið »og«, sem á að koma á eptir orðunum: »fengið umsögn sveitarstjórnar«. Nefndin álítur að svo opt sje álitamál um það, hvað sje góð og forsvaranleg vist, og telur því nauðsynlegt, að umsagnar hreppsnefndarinnar sje leitað um þetta mál.

20 breyt.till. við 63. gr. er veruleg efnisbreyting. Samkvæmt 63. gr. mega karl og kona, sem ekki hafa þegið sveitarstyrk seinustu 5 árin, giftast. Þetta er nú bæði gott og ekki gott. Vitanlega má ekki takmarka frelsið til að giftast of mikið, en hinsvegar væri mjög hætt við því, að stundum yrði farið illa með efnahag hjónanna eptirá, ef brúðurin stæði í skuld, þó eldri væri en 5 ára, því þá gæti fyrverandi framfærslusveit brúðurinnar komið á eptir og heimtað alla skuldina af brúðgumanum, og þannig komið honum ef til vill á sveitarframfæri sinnar sveitar. En sem optast er auðvelt, að ná hagfeldum samningum fyrir brúðgumann, þegar svona stendur á, jafnvel um fulla uppgjöf, og þá er þessi hætta með öllu horfin. Nefndin legg-

ur því til, að tímatakmarkið falli í burt, og gjörir fastlega ráð fyrir, að þrátt fyrir það þá mundi hreppsnefndin ekki hindra, að heiðarlegar persónur geti gipzt.

Þá hefur nefndin enn fremur gjört breyt.till. við 69. gr. Að vísu er þar ákveðið, að framfærslusveit skuli greiða 5% vexti, ef óhæfilegur dráttur verður á endurborgun sveitarstyrks. En í fyrsta lagi getur nú orðið mikil rekistefna út úr því, hvað sje óhæfilegur dráttur, og í 2. lagi verður ekki færð nokkur sönngjörn ástæða á móti því, að framfærsluhreppur greiði vexti af skuldinni, sem er rjettmæt, og í þriðja lagi mætti þessi vaxtagreiðsla vera til þess, að framfærslusveitir hættu vísvitandi að gjöra óþarfa vafninga, að eins til þess að teigja tímann. Breyt.til fer því í þá átt, að framfærslusveitin skuli allt af greiða 5% vexti af rjettum skuldum, ef endurborgunin dregst lengur en 6 mánuði.

Við 79. gr. hefur nefndin gjört þá breyt.till., að í stað 150 kr. komi 200 kr. Þegar svo stendur á, að íslenzkir þurfamenn eru á sjúkrahúsum erlendis, þá á sveit þeirra eptir frumv. að endurgreiða kostnaðinn allt að 150 kr. Nefndinni þykir rjettara að setja 200 kr. Hún finnur ekki ástæðu til að gjöra mun á því, hvort sjúklingarnir liggja á erlendum eða íslenzkum sjúkrahúsum. Í báðum tilfellum álítur hún, að landssjóður eigi að taka jafnan þátt í kostnaðinum.

Jeg hef nú gjört grein fyrir breyt.-till., og vona menn hafi skilið þær. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni, enda býst jeg við, að mönnum þyki jeg hafi verið nokkuð langorður.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að skjóta til háttv. framsm., hvort orðið »framfærslusveit« í 12. breyt.till. við 41. gr. sje ekki prentvilla. Jeg kann að minnsta kosti ekki við það, að tala um framfærslusveit í fæðingarsveitinni. Langt um rjettara er að viðhafa orðið »framfærslurjett«, enda stendur það líka í 9. breyt.till. Í öðru lagi vil jeg taka það fram, eins og líka framsm. benti á, að »og« hefur fallið úr 19. breyt.till. við 59. gr. En um leið og þessi villa verður leiðrjett við 3. umr., vildi jeg óska eptir, að málið yrði bætt á fleiri stöðum. Þannig stendur: »eptir að hafa fengið umsögn sveitarstjórnarinnar og leitað um það álits tveggja óvilhallra manna«. Betur færi á því, að »um það« væri fært fram og kæmi á eptir »fengið«, eða þá að setningin væri þannig: »eptir að hafa leitað um það umsagnar sveitarstjórnarinnar og álits tveggja óvilhallra manna«. Þetta er að eins lítil bending. Að því er 21. breyt.till. við 69. gr. snertir, verð jeg að taka það fram, að mjer finnst hún ekki vera nógu ákveðin. Því hvaðan á að telja þá 6 mánuði, sem þar er gjört ráð fyrir. Á að telja þá frá því, er krafan er meðtekin, eða frá því hún er viðurkennd, eða úrskurður fallinn? Þetta verður að ákveða skýrt og greinilega, og vona jeg, að þessar athugasemdir verði teknar til greina við 3. umr.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg hef því miður ekki getað orðið samþykkur meðnfndarmönnum mínum að öllu leyti, og hef jeg því skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Jeg vil með fáum orðum skýra frá, að hverju leyti jeg er þeim ósamþykkur. Það er að vísu ekki um mörg atriði í frumv. að jeg er á annari skoðun, en þeir. Það er að eins eitt atriði, en þetta atriði, sem er sveitfestistíminn, hefur mjög mikla þýðingu í mínum augum.

Meðnefndarmenn mínir hjeldu því

fast fram, að það sje ekki ráðlegt, að stytta sveitfestistímann úr því, sem nú er, og færa ýmsar ástæður fyrir máli sínu, sem háttv. framsm. hefur skýrt frá í framsögu sinni, en þessu get jeg ómögulega verið samþykkur.

Eins og nú hagar til hjer á landi með lausafólk og vinnufólk, má segja, að það sje mjög sjaldgæft, að fólk þetta dvelji nú 10 ár samfleytt í sama hreppi eptir 16 ára aldur, því fyrir bættar samgöngur má heita, að það sje á sífeldri ferð milli hinna einstöku hreppa og landsfjórðunga, eptir því hvar því býðst bezt atvinna í þann og þann svipinn. Flutningurinn er nú mestur úr landsveitum til kaupstaðanna og sjávarsveitanna, þar sem kaupgjaldið er hærra og því fýsilegra að lifa. En sakir vinnufólkseklunnar og samkeppninnar um að fá vinnufólk, skiptir það stöðugt um vistir eptir því, sem því býðst bezt kaup, og dvelur sjaldan lengur en 1, 2 eða 3 ár í sama stað. Við þetta væri nú ekkert að athuga, ef vinnufólk og lausafólk safnaði sjer á þennan hátt efnum með því að halda kaupi sínu saman, og ávaxta það og tryggja framtíð sína, en því miður mun það ekki vera. Jeg hygg, að þrátt fyrir það að kaupgjaldið og öll vinnulaun hafa hækkað á síðast liðnum mannsaldri frá því sem áður var, þá sje efnahagur þeirrar stjettar ekki betri en áður var, meðan kaupgjaldið var lægra. Það virðist svo sem hækkandi kaup vinnuhjúa hafi í för með sjer miklu fleiri þarfir og útgjöld en kauphækkuninni nemur. Það mun sjaldgæft, að hjú, sem stöðugt eru að skipta um vistir, sjeu betur efnum búin en þau, sem eru vistföst og hafa minna kaup. Það liggur nú fyrir lausafólki og vinnufólki að giptast, eins og öðrum mönnum, en því miður eru efni hjá mörgum þeirra helzt til of lítil. Ef svo fjölskyldan vex, sem þau eiga að ala önn fyrir, heilsan bilar eða afli og atvinna bregzt, eða einhver önnur óhöpp koma fyrir, þá verða vanalega einu úrræðin, að leita til dvalarhreppsins, því fyrir hina stöðugu breytingu á vistum og verustað hafa þessir menn sjaldan dvalið 10 ár samfleytt í sama hreppi; verður svo endirinn á, að fæðingarhreppurinn verður að standa straum af þeim og hyski þeirra, og borga auk þess mörg hundruð kr. sveitarskuld, þótt menn sjeu komnir á fimmtugs aldur og hafa má ske aldrei unnið eitt dagsverk í þeim hreppi og ekki komið þar í 40 ár. Jeg get nefnt mörg dæmi þessu máli til sönnunar, ef jeg áliti þess þurfa, því jeg hef haft tækifæri til að kynnast þess konar málum í hartnær 20 ár, sem jeg hef verið í hreppsnefnd og endarskoðað hreppareikninga í heilli sýslu.

Þessi þungbæra og óeðlilega framfærsluskylda, sem hvílir nú á fæðingarhreppunum, er bein afleiðing af hinum langa sveitfestistíma, og þeirri skyldu verður ekki ljett af þeim, nema sveitfestistíminn sje styttur að mun. Getur nokkur skylda verið óeðlilegri, en að skylda einn hrepp til að annast þurfaling og hyski hans, af því hann sje fæddur í hreppnum, ef hann hann hefur ekki unnið sjer framfærslusveit í öðrum hreppi með 10 ára óslitinni dvöl eptir 16 ára aldur? Jeg get ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi af mörgum til þess að sýna, hve þessi framfærsluskylda fæðingarhreppsins er ósanngjörn. Þurfalingur einn, sem hafði dvalið í fæðingarhrepp sínum að eins 1 viku eptir fæðinguna, var fluttur á sinn fæðingarhrepp 25 ára gamalt, þegar hann missti heilsuna, og

varð þungur ómagi fyrir fæðingarhreppinn, þótt hann í öll þessi 25 ár hefði dvalið í sama hreppi og unnið frá því hann gat nokkuð gjört.

Þegar maður athugar, hvaða hreppar í landinu verða verst úti sem fæðingarhreppar, þá kemur það fljótt í ljós, að það eru landsveitirnar og það af mjög eðlilegum ástæðum. Fólkið streymir úr þeim til sjávarsveitanna og kaupstaðanna, og það svo mjög, að í sumum hreppum, sem jeg þekki til, er nú svo ástatt, að að eins 2 til 3 vinnumenn og fáeinar vinnukonur eru til í öllum hreppnum. Bændur hafa því ekki annað vinnufólk en börn sín, meðan þeir geta haldið þeim. Á flestum hreppum hvílir þó, þrátt fyrir það að gjaldþolið fer alltaf minnkandi fyrir skort á vinnuafli, skylda að taka við þeim þurfalingum, sem eiga þar fæðingarhrepp, og fjölskyldu þeirra, ala önn fyrir þeim, og auk þess borga opt stóra sveitarskuld fyrir þá til annara hreppa, þótt þessi þurfalingur hafi aldrei unnið eitt dagsverk í hreppnum, eða farið úr honum undir eins og þeir voru sjálfbjarga, en alið mestan hluta aldurs síns í öðrum hreppum og greitt þar árlega fje til hreppsþarfa. Það er því sannarlega engin furða, þótt menn óski eptir að fá þessum ákvæðum breytt í fátækralöggjöfinni, með því að stytta þann tíma, sem þarf til að vinna sjer framfærsluhrepp. Það er líka einmitt þetta atriði í fátækralöggjöfinni, sem svo opt hefur verið rætt um á undanförnum þingum, og jafnan verið bent á, að eina ráðið til þess að ráða bót á þessari þungu og óeðlilegu kvöð, sem hvílir á fæðingarhreppnum, væri að stytta sveitfestistímann. Þegar milliþinganefndin var skipuð, skildist mjer, að eitt af aðalstarfi hennar væri að athuga tillögur fyrri þinga, og finna ráð til að ljetta á fæðingarhreppunum. Meiri hluti hennar hefur álitið heppilegra, að stytta sveitfestistímann ofan í 2 ár, og færir mörg rök fyrir þeirri skoðun sinni, en minni hlutinn heldur fram 10 ára sveitfesti, eins og nú er, og á þá skoðun hafa meðnefndarmenn mínir fallizt. Jeg er hvorki samþykkur meiri hluta milliþinganefndarinnar nje minni hluta hennar. Jeg álít, að meiri hlutinn hafi farið of langt í breytingum sínum, með því að færa sveitfestistímann ofan í 2 ár. Það er allt of stórt stökk frá því, sem nú er, og mjög hæpið að sú breyting nái tilgangi sínum, þótt meiningin sje góð. En minni hlutinn álít jeg að sje of fastheldinn við það, sem nú er, og búi sjer til allt of margar grýlur úr þeim skaðlegu afleiðingum, sem stytting sveitfestistímans muni hafa í för með sjer. Jeg hygg, að heppilegast sje að stytta ekki sveitfestistímann að þessu sinni meira en um 5 ár, svo hann verði eins og hann var ákveðinn með fátækralöggjöfinni frá 8. jan. 1834, og finnst mjer það mjög sanngjörn breyting, og til mikilla bóta og ljettir á fæðingarhreppunum, sem sannarlega eiga þann ljetti skilið. Þeir eru nógu lengi búnir að búa undir þeirri ósanngjörnu kvöð að ala önn fyrir þurfalingum, sem hvergi hafa getað unnið sjer sveit með 10 ára óslitinni dvöl eptir 16 ára aldur.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Eins og háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) tók fram, er ekki hlaupið að því, að gjöra svo öllum líki í þessu fátækralöggjafarmáli. Jeg álít, að hin háttv. milliþinganefnd eigi þakkir skilið fyrir hið mikla starf sitt, að safna allri fátækralöggjöfinni í einn lagabálk. Um langan aldur hefur það verið ósk manna út um landið, að fá þetta verk unnið. Hin mikilvægasta breyt.till., sem menn hafa komið fram með í málinu er að

stytta sveitfestistímann og færa hann niður í 2 ár, enda var það aðal-verkefni nefndarinnar, að gjöra breytingu á þessum tíma, sem flestum finnst óeðlilega langur. En er þá ekki varhugavert fyrir háttv. deild eða þingið í heild sinni, að fella þessa breytingu milliþinganefndarinnar? Með því að fella hana, þá hefur í raun rjettri sama sem ekkert unnizt við þetta kostbæra milliþingarnefndarstarf; við höfum í öllum aðal-atriðum sömu fátækralöggjöf og við höfum haft og höfum enn. Nefndin hefur þá eiginlega ekki gjört annað, en semja einskonar handbók fyrir sveitarstjórnir.

Jeg fyrir mitt leyti er því samþykkur, að færa sveitfestistímann eitthvað niður, því jeg fæ eigi betur sjeð, en að 10 ára sveitfestutími sje sama sem að kviksetja menn í fæðingarhreppi sínum, svo jeg noti orð háttv. þm. Strand. (Guðj. G.).

Jeg fæ alls ekki skilið það, sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) hjelt fram, að það væri 5 sinnum meiri líkur til hrakninga á þurfamönnum, ef maður hefði 2 ára sveitfestuna, heldur en með því, að halda 10 ára tímabilinu. Komi til nokkurra hrakninga, þá stafar það af því, að hreppsnefndirnar misbeita valdi sínu, en það geta þær ekki; það er sem sje ómögulegt, að reka fólk í burtu að eins fyrir það, að það er fátækt, meðan það ekki þiggur sveitarstyrk, — fólk, sem hefur fengið búsetuleyfi í hreppnum. En hitt veit jeg, að opt ber við, að mönnum er haldið uppi af framfærslu-hreppnum, eða einhverjum skyldmennum, til þess er þeir hafa unnið sjer sveit, svo þeir ekki þurfi að hrekjast í burtu úr dvalarhreppnum.

Jeg álít, að það sje of illa borin sagan hreppsnefndunum, að þær sýni af sjer samvizkuleysi eða jafnvel »prakkaraskap«, eins og háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) komst að orði, í þá átt, að koma mönnum burt úr hreppnum, þegar þeim sýnist geta verið ástæða til að óttast sveitfesti þeirra. Enda kemur hrakningur á fátæku fólki, að því er mjer er kunnugt, all-sjaldan fyrir.

Enn óeðlilegra finnst mjer það, að maður, sem búinn er að vera 9 ár í sömu sveit, en verður einhverra orsaka vegna styrks þurfi, að hann skuli vera neyddur til þess, að fara á sinn fæðingarhrepp, heldur en þó hann þyrfti að fara það á öðru dvalar-ári sínu, hvað ekki gæti komið fyrir, nema því að eins, að hann væri þá strax orðinn þurfamaður.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje sanngjarnara, og komi í veg fyrir hrakning á fátæklingum, ef um þá væri að ræða, að stytta sveitfestistímann frá því, sem nú er.

Jeg felli mig betur við uppástungu hins háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) um 5 ár, ef að mönnum þykir of langt stökkið úr 10 árum niður í 2 ár.

Jeg er að öðru leyti flestum breyt.-till. nefndarinnar sinnandi, og mun gefa þeim atkvæði mitt.

Að eins vil jeg gjöra þá athugasemd við 23. gr., að hún er óþörf sökum þess, að hið sama er tekið fram í farmannalögunum, og sú grein farmannalaganna er prentuð í viðskiptabók hvers sjómanns. Það er ekki mjög hætt við, að hreppsnefndirnar gleymi þessum paragraf. Annars er líklega mikið spursmál um, hvað skilzt með heimsending sjómanns samkvæmt farmannalögunum í þessari sömu grein. Jeg held, að heimsending hjer þýði ekki annað en það, að senda sjómanninn heim til þess staðar er skipið á heima, en ekki þangað, sem maðurinn á heima, og einmitt með tilliti til

þessa álít jeg varhugavert, að setja þessa grein eða efni hennar inn í fátækralögin.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg ætla ekki að tala langt mál. Mjer kom í hug gamla máltækið: »Parturiunt montes, nascitur ridiculus mus«, »fjöllin tóku ljettasótt, og það fæddist hlægileg mús«, þegar jeg sá álitið frá fátækralaganefndinni, því ef gamli sveitfestistíminn 10 ár á að haldast, þá eru breyt.till. þær, sem nefndin hefur gjört, svo lítilvægar, að mikið af þessu umstangi hefði verið óþarft.

Mjer virðast ákvæðin í 23. og 25. gr. mjög varhugaverð. Verði t. d. háseti vitstola, á skipstjóri þá að borga allan kostnað, sem af læknishjálp og hjúkrun leiðir, þó það væri kannske alla æfi mannsins. *(Eiríkur Briem:* Það er að eins út vertíðina). Jæja, en ákvæðið er samt talsvert varhugavert.

Viðvíkjandi sveitfestutímanum vildi jeg helzt hafa dvalarsveit. En af því að jeg hef ekki mikla reynslu fyrir mjer í þessum málum, þá mun jeg hjer fylgja vilja kjósenda minna, sem vilja halda 10 ára sveitfestutímanum. Jeg hefði verið þakklátur hinni háttv. milliþinganefnd og stjórn, ef hún hefði komið fram með tillögur og ráðstafanir til þess, að setja á stofn uppeldisstofnun handa börnum, því jeg hef tekið eptir því, að það fer í ættir, að vera á sveit, og kemur það af uppeldinu. Því væri nauðsynlegt, að koma börnum þurfamanna á uppeldisstofnun, og er jeg sannfærður um, að við það mundi fátækrabyrðinni ljetta til stórra muna.

Jeg vildi, að nefndin tæki þetta til íhugunar, en jeg treysti mjer ekki til, að koma með breyt.till. í þessa átt, sökum þess, að þetta er svo stórt atriði. Annars vildi jeg taka það fram, að mjer virðist ekki ástæða til, að flýta þessum lögum svo mjög, sökum þess að þetta mál þarf að ræðast mjög ítarlega, þar eð þau grípa inn í allt þjóðlífið.

Vildi jeg því helzt, að frumv. þetta væri sem bezt rætt á þessu þingi í báðum deildum, en því ekki ráðið til lykta að svo komnu.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg vil að eins gjöra stutta athugasemd. Jeg ætla að minnast á eina grein í frumv., sem sje 78. gr. Þar er talað um, að landssjóður hlaupi undir bagga með sveitarsjóðum, ef kosta þarf þurfamann á spítala nema holdsveikraspítalanum, ef kostnaðurinn fer fram úr 200 krónum, en þó aldrei nema fyrir 2 í einu. Það er að vísu góð meining í þessu, en jeg er hræddur um, að lítil stoð verði í þessu. Jeg held, að það sje mjög sjaldgæft, að kostnaðurinn fari mikið fram úr 200 kr., því að í greininni er að eins talað um kostnað fyrir lyf og læknishjálp og spítalavistina, en ekki talað um ferðakostnað á spítalann og það er þó ferðakostnaðurinn, sem munar mikið um, þar sem langt er til spítalans.

Eins og kunnugt er, er sullaveiki mjög algengur sjúkdómur hjer á landi og gjörir nauðsynlegt, að senda fjölda sjúklinganna á sjúkrahús til uppskurðar. Kostnaðurinn við þetta mun allajafna vera um 200 kr., þegar ferðakostnaður er ekki reiknaður með, eða svo hefur það verið í tilfellum, sem jeg þekki til; þá á sveitarsjóður enga hjálp að fá. Og ef sveitin er svo ólánsöm að eiga fleiri en 2 sjúklinga á spítala og því þarf hjálparinnar mest við, þá dregur landssjóður sig til baka, hvað fleiri en 2 sjúklinga snertir. Jeg hygg því, að þetta ákvæði verði mjög þýðingarlítið, og jeg vildi mælast til þess, að hin háttv. nefnd gjörði einhverja ráðstöfun til að laga þetta á-

kvæði eða sleppa því að öðrum kosti. Jeg hygg, að heppilegra væri að ákveða einhverja vissa fjárupphæð á fjárlögunum til styrktar fátækum mönnum, hvort sem þeir eru á sveit eða ekki, til að standast kostnað við dvöl á spítala, einkum fyrir þá, sem verður að flytja langa leið til þess þeir geti notið læknishjálpar á spítala.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Það hefur verið minnzt á það, að undirbúningur frumv. þessa hafi verið mikill, en það, sem fæðzt hafi, sje hvorki nýtt nje merkilegt.

Jeg er þessu ekki samdóma, en lít svo á, að hjer hafi verið gengið rækilega að verki, og hin háttv. milliþinganefnd eigi þökk skilið fyrir starf sitt; þó aðalatriðinu, sveitfestistímanum, hafi af minni hluta nefndarinnar ekki verið breytt, þá beri ekki að skoða það á þann veg, að það hafi orðið niðurstaðan að órannsökuðu máli. — Það er í rauninni óviðfeldið samt, að menn almennt út um land hafa ekki haft færi á að kynnast málinu. En ekki sje jeg þó, að það eigi að verða því til hnekkis hjer á þinginu, þar sem þessu aðalatriði er hægt að breyta síðar, ef almenn ósk kemur fram um það, en á hina hliðina inniheldur frv. ýmsar bætur, er sem fyrst ættu að komast í gildi.

Það sem er aðalatriðið í þessu máli er, að engum sje hamlað að leita sjer þar atvinnu, er hann helzt óskar, eða að styðja af fremsta megni atvinnufrelsi. En sje sveitfestistíminn styttur, leiðir það til margfalt meiri hrakninga á þurfamönnum, og er því ranglátt gagnvart öllum sveitum landsins, þótt það ætti að hepta fólksrennsli úr landsveitum til sjávar.

Það þykir hart, ef maður er rekinn og flæmdur úr sveit eptir 9 ára dvöl, þegar hann er búinn að búa þar um sig eptir megni og allar líkur eru fyrir, að hann mundi geta bjargað sjer framvegis; en hve miklu hættara er ekki við þessu með tveggja ára sveitfestistíma, því þá mundi allt kapp verða á það lagt, að menn, sem nokkur hætta væri með að yrðu þurfandi, fengju alls ekki að setjast að í sveitinni.

Hvernig sem á málið er litið, er það auðsætt, að því lengri tíma sem maðurinn er búinn að vera og hefur reynzt nýtur maður, þó honum hafi ekki tekizt að safna fje, því minni hvöt er fyrir sveitarstjórnina að koma honum burt. Jeg er því eindregið með breyt.-till. við 32. og 41. gr., og þótt jeg hefði jafnvel óskað, að sveitfestistíminn yrði lengdur, og því nálgaðist fæðingarhreppinn, gjöri jeg það ekki að umtalsefni.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram, að hann mundi fylgja skoðun kjósenda sinna í sveitfestisspursmálinu. Enda hygg jeg, að meiri hluti manna út um landið sje þeirrar skoðunar, að breyta ekki að svo komnu sveitfestistímanum. Annars álít jeg ekki ástæðu til að fresta þessu máli eins og jeg hef áður á vikið, því það er nægilega undirbúið, þótt auðvitað verði að vanda mjög til slíkra laga sem þessara, þar eð þau grípa inn í allt íslenzkt þjóðlíf.

Ráðherrann. Eins og tekið er fram í ástæðunum við stjórnarfrumv., var stjórnarráðið ekki sammála meiri hl. milliþinganefndarinnar að því, er snertir það atriði, hversu langan tíma þarf til þess að vinna sjer sveit. Stjórnin gekk út frá því, að þetta atriði kæmi til rækilegrar umræðu og athugunar á þinginu, og ljet því tillögu meiri hluta milliþinganefndarinnar um sveitfestisdvölina halda sjer í stjórnarfrumv., án þess þó að binda sig við það.

Jeg get ekki fallizt á þær athugasemdir háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.),

þar sem hann hendir gaman að starfi milliþinganefndarinnar og heldur því fram, að árangurinn af því sie mjög lítill. Jeg álít þvert á móti, að milliþinganefndin hafi unnið mikið verk og gott. Það var alls ekki hlutverk milliþinganefndarinnar, endilega að breyta og umturna allri fátækralöggjöfinni, heldur einmitt að rannsaka, hvort umkvartanir þær, sem fram höfðu komið yfir ýmsum atriðum hennar, væru á rökum byggðar eða ekki; væru þessar umkvartanir á rökum byggðar, átti hún að reyna að finna nýjar leiðir, en annars ekki.

Um sveitfestisdvölina hefur verið rætt mikið hjer á landi og á undanförnum þingum, og hafa sumir haldið fram 10 ára dvölinni, aðrir styttri tíma. Sjerstaklega hefur háttv. framsögum. (Guðj. Guðl.) gjört mikið til að skýra málið, bæði með minnihl.-áliti sínu í milliþinganefndinni og með hinni ágætu ræðu sinni nú. Með því, sem fram er komið um þetta atriði, álít jeg ekki enn *eins* fullsannað, að nauðsynlegt sje að hafa sveitfestisdvölina svo langa, að nemi 10 árum, eins og hitt, að tveggja ára sveitfestistíminn sje ekki heppilegur. Eitt atriði, sem ennþá hefur ekki verið sjerstaklega tekið fram, mælir mjög á móti svo stuttum sveitfestistíma.

Sveitarstjórnir hafa, og hljóta ætíð að hafa talsvert vald yfir þurfalingum. Þeir, sem af sveit þiggja, verða að hlýða boði og banni sveitarstjórnarinnar í ýmsu; sjerstaklega ræður sveitarstjórnin heimilisfangi þurfalingsins. Þetta kemur mjög illa niður, verði sveitfestistíminn svo stuttur. Setjum, að gamall maður, sem barizt hefur góðri baráttu fyrir sjer og sínum í sinni sveit, fari í fjarlægl pláss, t. d. til barna sinna eða ættingja; þessi ætt-

ingi hans deyr eða getur ekki einhverra orsaka vegna alið önn fyrir honum að tveim árum liðnum. Væri nú ekki hart fyrir hinn gamla öldung, að standa undir hinni ókunnu sveitarstjórn og verða að dvelja síðustu æfiár sín á ókunnum stað, innan um ókunnugt fólk langt frá átthögum sínum. Þetta er mjög mikilsvert atriði, og hefur mjer ætið fundizt þessi mótbára móti mjög stuttum sveitfestistíma rjettmæt.

Að svo stöddu ætla jeg ekki að binda tillögu mína, að því er snertir sveitfestistímann. Háttv. nefnd í þessari deild hefur ekki gefið mjer kost á því, að koma á fundi hennar, enda hefur tíminn verið talsvert upptekinn fyrir mjer sem öðrum. Jeg býst við, að nefnd verði einnig sett í Nd., og er hugsanlegt, að umræður þar geti leitt til samkomulags um einhvern milliveg.

Það eru að eins örfá atriði í breyt.-till. nefndarinnar, sem jeg vildi minnast á. Fyrst er 1. breyt.till. við 8. gr., að lengja frestinn úr 6 mán. í 12 mán. Jeg er hræddur um, að þetta ákvæði, verði það samþykkt, geti orðið til þess að menn reki sig á ákvæði skiptalaganna; það verður að álítast óheppilegt, að skiptum skuli frestað af þeirri ástæðu einni, að þessir 12 mánuðir eru ekki liðnir; innköllunarfrestur í búum er opt 6 mánuðir, og þegar innköllunarfrestur er liðinn, má skipta búinu; en í smábúum er innköllun opt ekki notuð í »praxis«, þegar öllum er kunn viðskipti hins látna, en þetta er nú ekki stórvægilegt atriði og mætti þá laga síðar við 3. umr. Þá breyt.till. nefndarinnar við niðurlag 8. gr., að í staðinn fyrir orðin »sparist fúlgan« komi »verði afgangur af fúlgunni«, álít jeg ekki heppilega; það færi máske betur á því,

að hafa hvorttveggja: »sparist fúlgan eða verði afgangur af fúlgunni«. Að öðru leyti ætla jeg ekki að gjöra athugasemdir við breyt.till. nefndarinnar að svo stöddu, sumar þeirra eru til bóta, og get jeg fallizt á þær, en þó vil jeg taka það fram, að jeg fæ ekki sjeð, að nægilegar skýringar hafi komið fram fyrir 12. breyt.till. við 41. gr.; það virðist vera óeðlilegt, að maður skipti um sveit að eins við það, að verða 16 ára.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg þakka háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) fyrir bendingar þær, er hann gaf nefndinni, og mun hún taka þær til greina.

Mjer virtist háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) ekki lýsa stöðu sinni í nefndinni nákvæmlega rjett. Hann hjelt því fram, að stytta ætti sveitfestistímann niður í 5 ár; hann fór aldrei fram á meira og talaði alls ekki um að hafa hann 2 ár. Háttv. þm. (Þ. Þ.), fjellst einnig á það, að vilji þjóðarinnar væri óákveðinn í þessu efni, og klauf þess vegna ekki nefndina, kom ekki fram með neina ákveðna tillögu, heldur skrifaði undir með fyrirvara. Okkur meiri hluta nefndarinnar fannst það í engu atriði í raun og veru til bóta, að stytta að mun sveitfestistímann; við álitum það ekki einu sinni heppilegt. Háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) minnist á það, að hrakningum mundi ekki fjölga við styttinguna; jeg held nú samt, að það sje rjett hjá mjer, þrátt fyrir röksemdir hans og háttv. 5. kgk. (Ág. F.); það kemur ef til vill ekki fram á fleiri mönnum, en jeg held því fram, að því optar sem getur orðið spurning um sveitfesti hvers einstaklings, því optar á æfi hans verður að flytja hann fátækraflutningi.

Þá kvartaði háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) yfir því, að landsveitirnar yrðu sjerlega illa úti við 10 ára sveitfestisdvölina af því, að fólk, sem á unga aldri flykktist í sjávarsveitir og kaupstaði, væri að nokkrum árum liðnum rekið á sveit sína opt með mikla ómegð.

Jeg verð nú að halda mjer til reynslunnar í því efni og þeirrar þekkingar, sem jeg hef um þetta atriði. Eptir þeim upplýsingum, sem milliþinganefndin fjekk hjá sveitarstjórnum og bæjarstjórnum á landinu, er tiltölulega allur fjöldinn af ómögum þjóðarinnar fólk, sem aldrei hefur stigið fæti út fyrir sína sveit, og hefur það ekki síður aukið kyn sitt en annað fólk. Það er rjett, að slíkt kemur fyrir, að fjölskyldur eru fluttar heim, en jeg held, að það sje of mikið gjört úr því, og að því slepptu, þá eru lítil líkindi til þess, að fólk verði síður rekið heim eptir 4 ár heldur en 9 ár. Jeg held einmitt, að opt gæti komið fyrir, að fátæklingar yrðu rifnir upp eptir 4 ár og sendir heim á fæðingarhrepp sinn, sem máske aldrei hefðu orðið sveitarþurfar, hefðu þeir fengið að vera í friði í 9 ár; þá væru þeir máske komnir í efni og álit, sem þeir ekki gátu náð hin fyrstu 4 ár í dvalarsveitinni.

Í samanburði við 2 ára sveitfestistímann, hefur 5 ára sveitfestistími einn aðalkost, en stóran ókost í öðru tilliti. Þegar um 5 ára tímabil væri að ræða, þá mundu sveitarstjórnir og sveitarfjelög ekki svo mjög amast við, að efnalítið fólk settist að í sveitinni, eins og það eflaust mundi gjöra við 2 ára sveitfestistíma; þetta er kostur við 5 árabilið. Á hinn bóginn yrði erfiðara fyrir sveitarstjórnirnar, að vara sig á því, að fólk yrði sveitlægt,

þegar 2 ára sveitfestisdvöl nægði til sveitfestis; við 5 ára sveitfestistíma ættu þær þar á móti mjög hægt með að vara sig og hrakningar á fólki yrðu meiri en með 2 ára sveitfestistíma; þetta er stór ókostur við 5 ára bilið; þannig kemur að því, að hlutfallslega eru hrakningarnir meiri, en mótstaða móti búsetu minni með 5 ára sveitfestistíma en 2 ára; en 2 ára sveitfestistíminn er eða virðist vera af öðrum ástæðum óbrúkandi.

Í samræmi við það, að nefndin vill halda 10 ára sveitfestistímanum óbreyttum, hefur hún lagt til, að breyta 41. gr. stjórnarfrumv. í þá átt, að fæðingarhreppurinn sje látinn gilda, eins og verið hefur, eptir 16 ára aldur, þangað til maðurinn hefur unnið sjer sveit; sje nokkuð í því, að landsveitirnar verði stundum hart úti og verði að taka á móti fólki máske biluðu að heilsu með mikla ómegð, án þess í nokkru verulegu að hafa notið vinnu þeirra eða krapta, þá gá menn ekki að því, að þetta er alda, sem gengur nú yfir landsveitirnar, en sem von bráðar mun kastast til baka yfir sjávarplássin og kaupstaðina, því ef fæðingarhreppurinn verður látinn gilda eptir 16 ára aldur eins og verið hefur, þá sjest það, að börn þeirra manna, sem þurft hafa sveitarstyrk og því verið sendir heim á sveit sína úr kaupstöðunum, eru einmitt sveitlæg í þessum kaupstöðum; nú lítur það opt svo út, sem styrkþörf manna gangi í ættir, og mun það ekki vera með öllu að ástæðulausu, og stafar sjálfsagt mest af uppeldinu hjá þurfandi foreldrum, og má því búast við, að börn þeirra núverandi þurfalinga, verði styrkþurfar í sveitum þeim, sem þeir hafa alizt upp í, og kemur þá upp úr dúrnum, að þeir eiga margir sveit í kaupstöðum og sjávarplássum. Á þennan hátt mun allt jafna sig, ef ákvæði þau, sem nú eru, fá að standa.

Reykjavík á alls ekki skilið það ámæli, sem hún hefur fengið fyrir það, að hún vildi reka menn burtu og hrekja af hræðslu við að sitja uppi með styrkþurfa. Það eru nú 90 manns á sveit í Reykjavík, sem hafa unnið sjer þar sveit; og sjálfsagt eru þar margfalt fleiri orðnir sveitlægir með dvöl, en sem alls ekki eru styrkþurfar. Jeg held að þetta ámæli sje fremur orðasveimur, sem almenningur hleypur eptir og trúir, því að um 90 manns eru þegar komnir á bæjarsjóðinn, sem allir eru það fyrir dvöl; sannar ekki það, að allir sjeu reknir heim í sveitirnar, sem ósjálfbjarga verða.

Ísafjörður er lífvænlegur staður, engu síður en Reykjavík, og þangað fara menn. bæði karlar og konur, ýmist til ársveru eða styttri tíma, einmitt úr mínu hjeraði, sveitunum umhverfis Steingrímsfjörð. Þar ætti því að vera sama ástæðan fyrir styttingu sveitfestistímans, sem hjer umhverfis Reykjavík. En að því, er jeg þekki bezt, finnst þar tæpast nokkur maður, þó leitað sje með logandi ljósi, sem vill stytta sveitfestistímann um eitt ár, hvað þá meira, enda má sama segja um Ísafjörð sem Reykjavík, að þaðan eru fjölskyldur alls ekki hraktar á sveit sína, nema gildar ástæður sjeu til. Sem sönnun þessa má geta þess, sem er í ritgjörð minni við fátækramálið, að þar (í Ísafjarðarkaupstað) voru árið 1902—3 að eins $^1/_5$ hluti fjölskyldu-þurfamanna, sem áttu þar fæðingarhrepp, en $^4/_5$ höfðu unnið sjer þar sveit.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) heldur fast við 10 ára sveitfestistíma og hafa kjósendur hans skorað á hann í því skyni; þeir hafa ekki verið hræddir um að fólk það, sem streymir í kaup-

staðina þar, verði rekið heim aptur.

Þá talaði háttv. þm. A.-Sk. (Þ. Þ.) um það, að fæðingarhreppurinn væri óeðlilegur og óheppilegur; það má satt vera; en það þarf þá að bæta úr því með viðeigandi skynsamlegri breytingu, en ekki breyta þannig, að enn þá meiri ósanngirni komist að í framkvæmdinni og engu eðlilegri. Getur þingmaðurinn sannað, að það sje eðlilegt og sanngjarnt, að maður, sem hefur verið til uppbyggingar í einu og sama sveitarfjelagi í 44 ár og það á meðan hann var í blóma lífsins, eigi að hafa þar framfærslu í ellinni. sem hann hefur dvalið að eins í 5 ár, og það þegar hann var kominn á fallanda fót með heilsu og krapta?

5 ára sveitfestistími er ekki heldur neitt nýmæli hjer á landi; hann var hjer lögleiddur með fátækrareglugjörðinni 1834, en þess var óskað á þinginu 1845 eptir ein 11 ár, að tíminn væri lengdur og það upp í 20 ár. Nefndin, sem gaf álit sitt um málið 1845, skipuð landsins beztu búmönnum og æfðum sveitarstjórum, lagði til, að sveitfestistíminn væri lengdur upp í 20 ár, og var ein af aðalástæðunum hennar sú, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að gamall maður, sem einhverra orsaka vegna flytti sig í fjarlæga sveit, yrði þar á stuttum tíma sveitlægur og væri þannig undirgefinn ókunnugra manna valdi, ef hann yrði styrksþurfi og byrði sveitarfjelags, er hann hefði ekkert gagn unnið, eptir að hafa unnið öðru sveitarfjelagi allt það gagn, er leitt gat af lífsstarfi hans, langt frá átthögum sínum og kunningjum.

Í þessu nefndaráliti frá 1847 er meðal annars farið svofeldum orðum um þetta:

»Sá, sem frá því hann hefur náð 16 ára aldri og hefur í einum og sama hreppi verið uppbyggilegur búandi eða sem hjú í 40 til 50 ár, og þess eru mjög mörg dæmi á landi voru, hvar flutningur úr einni sveit í aðra er sízt algengur í hjúa- og bændastjett, einkum ef bærilega gengur, getur einhverra orsaka vegna á efra aldri flutzt úr þeim hreppi í annan. og eptir fárra, það er 5 ára dvöl þar, orðið þurfamaður, annaðhvort vegna uppáfallandi ófara og efnamissis, eða vegna tilfallins sjúkdóms og ellihrörnunar; nú getur ekkert ósanngjarnara hugsazt, en að sá hreppurinn, sem naut vinnu og gagns mannsins um langan tíma, jafnvel 40 eða 50 ár, sje laus við forsorgunarskylduna, en hinn sje henni bundinn, sem um 5 ár hin seinustu ein hefur sjer til lítils hagsmunar átt þann mann að fjelagslimi«.

Enn fremur segir í nefndarálitinu, að það sje reynsla fyrir því, að menn í staðinn fyrir að hlynna að fátæklingunum, gjöri allt til að varna þeim þeirra meðala, sem þeir þurfa til lífsviðurhalds. Jeg ætla með leyfi hæstv. forseta, að leyfa mjer að lesa upp nokkur orð:

»Svo að þeir neyðast til að bregða búskap eða hlytu að kalla eptir sveitarstyrk; er það öllum auðsætt, hversu skaðleg þessi aðferð er, hvílíkt volæði og hrakning það orsakar hinum fátæku, hvílíkt niðurdrep mönnum og góðu uppeldi barna þeirra, og reynsla flestra hreppa mun sanna, að hin næstliðnu 11 ár hefur tala ómaganna og sveitarþyngslin aukizt um þriðjung«.

Nefndin, sem byggir á 11 ára reynslu, tekur það enn fremur fram, að opt hafi svo mikilli harðýðgi verið beitt við menn, til að firrast sveitavandræði, að bændum hafi verið bannað að halda

hjú sín, og jafnvel bjargálnamenn reknir frá eða þrengt burt af jörðum. Hún segir svo, að allstaðar á landi hjer hafi þetta komið til vegar áður óþekktri harðýðgi, er sveitarstjórar, til þess að verjast þyngslum og sveitarvandræðum, banna bændum að halda hjú þau, sem annaðhvort eru farin að eldast eða eru heilsutæp, þó þau annarskostar sjeu húsbændum sínum geðfeld og vegna dyggðar sinnar uppbyggileg; hefur með þessu búskap margra hnignað, og þeir, sem til boða stóð að vinna sjer brauð enn í nokkur ár, eru orðnir ölmusumenn og hreppunum byrði; af sömu ástæðum eru jafnvel bjargálnamenn reknir af jörðum og orðnir að vandræðamönnum. Skriflegar áskoranir þess efnis höfðu borizt úr 4 sýslum Snæfellsness-, Borgarfjarðar-, Rangárvalla- og Mýrasýslu. Enn fremur segir hún, að lagaboðið hafi valdið óvild milli hreppanna, er menn væru að pota fátæklingum inn í aðra hreppa.

Í nefndarálitinu segir svo:

»Til svo mikilla miskliða og óvildar millum hreppanna innbyrðis hefur lagaboð þetta tilefni gefið, að varla verður frá sagt, og að slíkt sje illt í sjálfu sjer og orsök til siðspillingar, mun enginn neita«.

Í niðurlagi álitsins kemst nefndin svo að orði:

»Reynsla hinni fyrri tímanna hefur frætt oss um það, að 20 ára vinnutími fyrir sveitarframfæri sje sanngjarnastur og hagkvæmastur, og reynsla síðustu áranna, að 5 ára vinnutími sje ósanngjarn og óhagkvæmur, leiði menn til harðýðgi og rangsleitni við hina fátæku og í innbyrðis skiptum við aðra orsaki ójöfnuð hreppanna á milli meir en vera þarf, og gjöri öllum þeim, sem af fátækramálefnum eiga að hafa afskipti, óþarfa mæðu og umsvif, en hinum fátæku margfalt volæði«.

Greinilegri ályktun er ekki hægt að gjöra, enda eru þær ályktanir, sem byggðar eru á reynslu ávallt ugglausastar.

Háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Fl.) talaði um, að milliþinganefndin hefði verið skipuð til að breyta sveitfestistímanum; þá er því til að svara, að það hefði verið svo einfalt, að tæpast hefði þurft að skipa milliþinganefnd til þess; meiningin var sú aðallega, að safna allri fátækralöggjöfinni í eina heild og að rannsaka hverjar breytingar mundu vera nauðsynlegar, og held jeg, að ekki sje hægt annað að segja, en að milliþinganefndin hafi gjört þetta eptir föngum. Nefndir eru ekki eingöngu skipaðar til að breyta, heldur einnig til að athuga, hvort breyta skuli og hvernig breyta skuli Það var rjett athugað hjá háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Fl.), að jeg áleit, að margur maður yrði sama sem kviksettur í sínum fæðingarhrepp fyrir áhrif 2 ára sveitfestistímans, og er mjer torskilið, að þm. skuli ekki sjá, að þetta er rjett, þar sem hann mun valda því, að fólk á svo erfitt með að færa sig sveita á milli einmitt hans vegna, og þarf jeg ekki að taka upp rökin fyrir því frekar en búið er. Hinn háttv. sami þm. talaði líka um, að það væri óeðlilegt, að hafa fæðingarhrepp fyrir framfærsluhrepp, en jeg held, að jafn óeðlilegt sje, að maður verði þar sveitlægur, sem hann einungis hefur dvalið í 2 eða 5 ár, hafi hann dvalið annarsstaðar miklu lengur. Meiningin er, að fæðingarhreppurinn sje þar sem annar framfærslurjettur næst ekki, og held jeg, að torvelt sje, að fá annað betra, þó vitanlega megi að honum finna.

Háttv. sami þm. hjelt því fram, að

23. gr. og næstu greinar á eptir væru óþarfar hjer, en þær eru eingöngu teknar hjer upp til hægðarauka fyrir sveitarstjórnir út um land, sem ekki þekkja staf í farmannalögunum.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) byrjaði á að tala um, að fjöllin hefðu tekið ljettasótt, en fæðzt hefði mús. Það er ekki hægt að segja hið sama um hann, því þegar hann byrjaði að tala, tóku fjöllin að vísu ljettasótt, en það fæddist ekki einu sinni mús, af svo mikilli vanþekkingu á málinu talaði hann. Það er ekki nóg að slá því fram, að dvalarsveit sje bezt fallin til að vera framfærsluhreppur. Jeg held, að það hafi fleiri ókosti en kosti í för með sjer, að minnsta kosti mundi það valda meiri hrakningum en nú gjörist. Þjóðin mundi yfirleitt verða óánægð, ef slíkt ákvæði væri sett. Sami háttv. þm. hafði búizt við, að nefndin mundi koma fram með uppástungu um uppeldishæli fyrir börn; það er mikið rjett, að þetta var henni ætlað að hugleiða eins og annað fátækramálinu viðvíkjandi, enda hafði nefndin það fyrir augum, en afrjeð að gjöra ekkert í málinu, af því hún sá sjer það ekki fært og taldi nokkurn efa á, hvað við ætti í því efni. Enn fremur hafði sami háttv. þm. tekið eptir því, að þurfalingar virtust nær alltaf vera afkomendur þurfalinga. Jeg ímynda mjer, að hann hafi þetta ekki frá eigin brjósti, heldur hafi hann lesið það á 30. og 31. bls. í áliti milliþinganefndarinnar. Það er hart, að menn, sem enga þekkingu hafa á sveitarstjórnarmálum, skuli vera að knjesetja og kenna þeim mönnum, sem um mörg ár hafa verið við sveitarstjórnarmál riðnir.

Jeg er þm. Barðstr. (S. J.) mjög þakklátur fyrir, hve hann er hlynntur málinu; hann hafði þó það út á 78. gr. að setja, að 200 kr. gæti orðið nokkuð þungbært fyrir sumar sveitir, en jeg verð að álíta, að menn megi gjöra sig ánægða með, að landssjóður hlaupi undir bagga, þegar kostnaðurinn yfirstígur 200 kr.

Jeg vil geta þess, að af vangá okkar nefndarmanna hefur það farizt fyrir, að kveðja hæstv. ráðh. til viðtals. Stjórnin hafði áskilið sjer rjett til að koma með breyt.till. en nefndin hafði ekki athugað það. Jeg er hinum hæstv. ráðh. þakklátur, sjerstaklega af því, að hann er á minni persónulegri skoðun um, að velja beri þann tíma, sem þurfaliugurinn hefur lengst dvalið í, bundinn við vissan árafjölda. Nefndin var aptur á móti hrædd við að gjöra þannig lagaðar breytingar; hún var þó einkum hrædd um, að ef þetta yrði gjört að lögum, mundi verða erfitt að finna, hvar menn ættu sveit. Mjer mundi þykja mjög vænt um, ef hægt væri að koma þessu í gott horf. En jeg vil taka það fram, að jeg tala hjer ekki í nafni nefndarinnar, heldur mín sjálfs.

Jeg hef svo ekki meira að athuga að sinni; býst enda við, að mönnum þyki jeg orðinn nokkuð langorður.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg get ekki tekið undir með háttv. þingm. G.-K. (V. G.) í því, að vanþakka milliþinganefndiuni starf hennar. Jeg held jeg hafi kynnt mjer því nær öll milliþinganefndarálit og jeg verð að segja það, að ekkert þeirra er jafnrækilegt og fátækranefndarinnar. Menn þeir, sem hana skipuðu, voru allt góðir menn, enda hafa þeir gefið mönnum mörg stuðningsatriði; sjerstaklega á leikmaður sá, er sæti átti í nefndinni, lof fyrir starf sitt; skýrslur þær, sem hann hefur safnað, eru eitt hið þarfasta og fróðlegasta, sem fram hefur komið í málinu. Annað mál er það,

þótt jeg sje ekki samþykkur ýmsum atriðum frumv. Lakasta ákvæðið finnst mjer ákvæðið um sveitfestistímann; jeg er bæði óánægður með 10 og 2 ár, styttri tíminn þó betri. Helzt vildi jeg, að sveitfesti væri bundið við dvalarstað. Ekki skil jeg, hvernig háttv. flutningsmaður fór að telja það helzta ástæðu móti 2 ára tímanum, að harðýðgi mundi verða beitt við menn og þeir hraktir burt úr sveit sinni, svo þeir ekki yrðu þar sveitlægir, þar sem þó sveitarstjórnir ekki geta hrakið menn burt fyr en þeir hafa þegið af sveit. Að mínu áliti er mest harðýðgin falin í heimild sveitastjórna til að banna mönnum að setjast að; þetta er eitthvert hið harðasta þrælsband og jafnvel verra en vistarskyldan, sem afnumin var fyrir nokkrum árum, enda mun það hvergi eiga sjer stað nema á Rússlandi og Íslandi. Jeg er því hissa á, að milliþinganefndin skuli ekki hafa tekið þetta til athugunar og sett ákvæði í frumv., er afnemi þetta.

Jeg er á því, sem hæstv. ráðherra benti á og líka var í áliti milliþinganefndarinnar, að bezt mundi að hafa þar framfærsluhrepp, sem þurfalingurinn hefði lengst dvalið, bundið við vissan árafjölda. Með 10 ára ákvæðinu er alls ekki loku fyrir það skotið, að fátæklingurinn komi ekki þar niður, sem hann síður óskaði. Tökum til dæmis, að hann hefði fyrst dvalið 20 ár í einum hreppi og svo 10 ár í öðrum, þá er hann orðinn þar sveitlægur, en mundi ef til vill fremur óska. að verða í þeim hreppnum, sem hann lengst dvaldi í.

Flutningsmaður lauk miklu lofsorði á Reykjavík fyrir, hve vel henni færist við aðflytjendur, og hve lítt hún neytti heimildar sinnar til að banna mönnum að setjast að. Þá er því til að svara, að þetta þrælsband nær ekki lengra en svo, að menn geta ráðið sig hjer sem hjú í eitt ár og farið svo að eiga með sig sjálfir. Jeg held það fari svo fjarri því, að Reykjavík sje frjálslyndust að því, er aðsetursleyfi snertir, að jeg ímynda mjer, að hún sje allra ófrjálslyndust. Það mun nú orðin venja hjer, að leyfa ekki aðsetur, nema maðurinn sje skuldlaus og eigi auk þess 400 kr. Auðvitað er það, að hægt er að fara í kring um þetta; maðurinn þarf ekki annað, en að fá til láns hjá kunningja sínum 400 kr. og leggja þær í sparisjóð; getur hann þá sýnt sparisjóðsbók og borgað lánið aptur í næstu viku. Jeg vil ekki segja mig betri mann en jeg er, en víst er um það, að jeg hef opt hjálpað til að fara í kringum lög þessi og álít mig hafa gjört gott verk með því. Hjer kom t. d. fyrir nokkrum árum fátækur maður með konu og 3 börn; það var náttúrlega ekki að tala um, að hann fengi að setjast hjer að; hann rjeð sig hjer í vinnumennsku fyrsta árið, og eptir það var ekki hægt að hreyfa við honum. Aptur á móti varð bróðir hans einhleypur að setja 400 kr. veð, áður hann fengi að setjast að. Hvað því viðvíkur, að óánægjuyfirlýsing yfir 5 ára sveitfestistíma hafi komið frá 4 sýslum, þá er það ekki svo mikið að marka. Það þarf ekki nema einn gikk í hverja veiðistöð; þess sjáum vjer ljós dæmi í ræðu háttv. 5. kgk. þm. (Ág. Fl.) um fiskisamþykktirnar.

Jeg vil því sjerstaklega skjóta því til nefndarinnar, að taka upp við 3. umr. ákvæði, er afnæmi þessa heimild sveitarstjórna. Jeg vil lítið fara út í einstakar greinar. Þó finnst mjer, að 47. gr. mætti falla burtu, það getur opt komið sjer vel, að geta haldið undirboð; oddviti þarf ekki fremur en

hann vill að taka því. Sjerstaklega mundi það opt koma sjer vel í fjölmennum sveitum.

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg verð að svara háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) nokkrum orðum. Hann var að tala um þurrabúðarmenn, en jeg verð að minna háttv. þm. á, að það kemur ekkert fátækramálinu við, og ef að það, sem hann sagði, kæmi nokkuð málinu við, þá væri það til að styrkja minn málstað, því að því lengri sem sveitfestistíminn er, því minni hætta er á því, að mönnum verði bannað að setjast að þar sem þeir vilja. Það er eigi heldur rjett, að minnast eingöngu á þurrabúðarmenn; það er eins og vinnuhjú og bændur sjeu eigi til, sem jeg hygg þó, að háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) viti, að er mestur hluti landsmanna, og verður því að taka mest tillit til þeirra. Hjer er því mest að ræða um hjú, bændur og sveitarstjórnir. Sveitarstjórnir eru bundnar við vilja sveitunga sinna, enda eru þær samsettar af helztu mönnum sveitarinnar. Jeg álít ákvæðið um undirboð á framfærslu þurfalinga alveg nauðsynlegt. Mjer finnst hvorki undirboð eða uppboð mega eiga sjer stað um menn. Það er þrælasala, sem er ósamboðin hverju sveitarfjelagi. Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) verður að gæta þess, að hjer er eigi verið að ræða um að banna hreppsnefndum að velja þann stað fyrir ómaga, sem ódýrari er, ef staðirnir eru jafngóðir; slíkt er sjálfsagt og bein skylda hreppsnefnda; heldur er hjer átt við almennt undirboð, án tillits til þess, hvernig staðirnir eru. Jeg held því fast við það, að rjett sje að banna undirboð.

Forseti: Með því að eigi taka fleiri til máls, en fundur er orðinn langur, og mikið eptir enn á dagskrá og frumv. hefur mjög margar gr., þá vil jeg skjóta því til háttv. deildar, hvort ekki megi bera fleiri en eina gr. undir atkv. í einu, þegar ekki eru breyt.till. við þær gjörðar. Þetta hefur eigi verið venja hjer í deildinni áður, en ef nokkur hinna háttv. deildarmanna hefur á móti því, þá gjöri jeg það ekki; annars skoða jeg það samþykkt.

Fyrst enginn tekur til máls er það samþykkt, að greiða atkv. um fleiri gr. í einu, þar sem því verður við komið, þó þannig að hver grein verði nefnd út af fyrir sig.

ATKVGR.: 1.—7. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. við 8. gr. (129) samþ. með 11 : 2 atkv.

2. breyt.till. við 8. gr. (129) samþ. í e. hlj.

8. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

9.—18. gr. frumv. samþ. í e hlj.

3. breyt.till. við 19. gr. (128) samþ. í e. hlj.

19. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

20.—21. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. við 22. gr. (129) samþ. með 12 atkv.

22. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

23.—24. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

25. gr. frumv. samþ. með 11 : 2 atkv.

26.—30. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn 1. kafla samþ. í e. hlj.

31. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. við 32. gr. (129) samþ. með 11 : 1 atkv.

6. breyt.till. við 32. gr. (129) samþ. í e. hlj.

32. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

33. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. við 34. gr. (129) samþ. án atkvgr.

34. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

35. gr. frumv. samþ. með 12 shlj. atkv.

8. breyt.till. við 36. gr. (129) samþ. með 12. shlj. atkv.
36. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.
9. breyt.till. við 37. gr. (129) samþ. í e. hlj.
37. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
10. breyt.till. við 38. gr. (129) samþ. í e. hlj.
38. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
39. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
11. breyt.till. við 40. gr. (129) samþ. í e. hlj.
40. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
12. breyt.till. við 41. gr. (129) samþ. með 11 : 1 atkv.
41. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
13. breyt.till. við 42. gr. (129) samþ. í e. hlj.
14. breyt.till. við 42. gr. (129) samþ. í e. hlj.
42. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
43.—44. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
15. breyt.till. við 45. gr. (129) samþ. í e. hlj.
45. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 2. kafla samþ. í e. hlj.
46. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
47. gr. frumv. samþ. með 11 : 1 atkv.
48.—49. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
16. breyt.till. við 50. gr. (129) samþ. í e. hlj.
50. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
51.—53. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 3. kafla samþ. í e. hlj.
54.—55. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
17. breyt.till. við 56. gr. (129) samþ. í e. hlj.
56. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
57.—58. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
19. breyt.till. við 59. gr. (129) samþ. í e. hlj.
59. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
60.—62. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
20. breyt.till. við 63. gr. (129) samþ. með 11 : 1 atkv.
63. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 4. kafla samþ. í e. hlj.
64.—68. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
21. breyt.till. við 69. gr. (129) samþ. í e. hlj.
69. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
70.—77. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 5. kafla samþ. í e. hlj.
78. gr. frumv. samþ. með 11 shlj. atkv.
22. breyt.till. við 79. gr. (129) samþ. með 10 : 2 atkv.
79. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 6. kafla samþ. í e. hlj.
80.—81. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn 7. kafla samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 20. júlí kom frumv. til 3. umr. (A 199, 215).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Nefndin hefur leyft sjer, að koma með nokkrar breyt.till., sumpart vegna nánari yfirvegunar og sumpart vegna bendinga, sem fram komu við 2. umr. 1. breyt.-till. er við 8. gr. og er það gjört að tilmælum háttv. ráðh. 2. breyt.till. er við 41. gr. og er hún gjörð eptir bendingu háttv. 3. kgk. þm. og er eingöngu orðabreyting. 3. breyt.till. er við 58. gr. að orðin »um það« falli burtu. 4. breyt.till. er við 68. gr. og er hún bein afleiðing af breyt.till. við 68. gr. og má því að eins samþykkja, að breyt.till. við 68. gr. verði það líka. 5. breyt.-till. er líka eptir bendingu háttv. 3. kgk. þm.; nefndinni þótti glöggvara, að taka til, frá hvaða tíma skyldi reikna vexti eptir að framfærslusveitin hefur fengið tilkynningu um sveitarstyrkinn, og lengur dregst en 6 mánuði. Viðvíkjandi 6. breyt.till. er það að segja, að það er ekki allt búið; þó framfærslusveit eigi að greiða 5%. Dvalarsveitin á sem sje að greiða 1/3 af

kostnaðinum og nefndinni fannst, að bezt mundi að setja þetta ákvæði, svo framfærslusveitin fengi ekki hvöt til að draga málið á langinn vegna þess, að hún losnaði við $^1/_3$ af kostnaðinum,

Nefndinni fannst líka, að ekki mundi alltaf gott að hafa ákveðið vissan tíma; 6 mánaða tími ekki allskostar hentugur; það færi allt eptir því, hvort sveitirnar lægju saman eða fjarri hvor annari, og skuli því leita úrskurðar yfirvalds um það; með því er að nokkru girt fyrir það, að framfærslusveitin dragi málið um skör fram.

Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að nokkrar prentvillur hafa slæðzt inn í breyt.till., og vona, að háttv. þm. hafi tekið eptir þeim og leiðrjett þær. Jeg ímynda mjer líka, að háttv. deild hafi skilið breyt.till. og sjái, að þær eru til góðs. Áður en jeg sezt niður, get jeg ekki látið hjá líða, að bera ofurlitið hönd fyrir höfuð milliþinganefndarinnar. Hún varð hjer við 2. umr. fyrir miður sanngjörnum ástæðum; meðal annars kom fram, að ef sveitfestistímanum yrði ekki breytt, væri verk hennar að mestu ónýtt. Jeg hef nú sjeð síðan eins og jeg þá tók fram, að hún alls ekki var skipuð með þetta sjerstaklega fyrir augum, enda má benda á tillögur þingsins fleirum sinnum, þar sem þetta sveitfestispursmál hefur verið látið liggja á milli hluta, og engin krafa komið um það, að stytta hann, en aðalkrafan hefur verið um það, að safna öllum hinum mörgu lagaákvæðum í eina heild.

1887 var farið fram á breytingar á fátækra-reglugjörðinni í 8 aðalatriðum, en ekkert þeirra var sveitfestistíminn, og alls ekki var þar lagt til af nefnd, er fjallaði um málið, að hann yrði styttur. Á sama þingi var borin upp tillaga um að skipa milliþinganefnd og átti hún sjerstaklega að athuga þessar aðal-breytingaruppástnngur þingsins.

1889 koma enn fram tillögur um breytingar á 5 atriðum, en heldur ekki þá, var farið fram á sveitfestisstyttingu.

1891 var þessu máli enn hreyft og enn þá sneitt hjá þessari títtnefndu breytingu.

1893 kom fram tillaga um það, að skipuð væri milliþinganefnd, og þarf ekki annað en nefna fiutningsmanninn til þess að sanna, að stytting sveitfestistímans var þar ekki höfð fyrir augum. Það var nefnilega þm. Strandamanna bæði þá og nú, og er öllum kunnugt um, að skoðanir hans hafa ávallt farið í sömu átt og nú.

1895 kom enn fram tillaga um milliþinganefnd, og enn ekki hreyft þessari ósk.

1897 kom sama óskin fram um milliþinganefnd, og sama þögnin um styttingu sveitfestutímans, í sambandi við hana.

En á því sama þingi kom fyrst fram hjer í deildinni uppástunga um dvalarsveit sem framfærslusveit og á þingunum 1899 kom fram sama tillagan, en fjekk þá enn verri undirtektir en áður.

Á þinginu 1901 kom svo loks fram sú tillaga, sem hreif, um skipun milliþinganefndar, og snertir þetta mál að eins fyrsti liðurinn í ályktunum þingsins um það, hvað nefndin skyldi starfa og hljóðar hann þannig. »*að* safna saman í eina heild fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins og endursemja hana með þeim breytingum, sem þurfa þykir«.

Hvar eru nú sannanirnar fyrir því, að aðal-ætlunarverk nefndarinnar hafi verið það, að stytta sveitfestistímann? Jeg get ekki fundið þær nema í höfði

þessara fáu meðhaldsmanna þeirrar tillögu, sem öll rjett rök vantar til að styðja.

Þá er það heldur ekki rjett, að milliþinganefndin hafi ekki farið fram á breytingar, sem standa óhaggaðar í frumv., þó þessi sje felld. Jeg skal t. d. leyfa mjer að benda á fáein veruleg atriði. Eptir núgildandi lögum geta menn unnið sjer framfærslusveit alla æfi. Maður, sem dvelur t. d. 80 ár í sama hrepp, og svo 10 ár í annari sveit, er orðinn þar sveitlægur. Hjer er ákveðið, að enginn geti unnið sjer sveit eptir 65 ára aldur.

Þá er og mikil breyting gjörð á fátækraflutningi; eptir gildandi lögum var engin ástæða fyrir dvalarhrepp eða framfærsluhrepp að spara flutningskostnað, vegna þess, að honum var jafnað niður á sýslurnar. Nú eiga framfærsluhreppur og dvalarsveit að annast þetta og bera kostnaðinn að vissum hluta hvor, þannig að dvalarsveit borgi $^1/_3$ af honum, en framfærslusveit $^2/_3$; afleiðing þessa verður sýnilega það, að flutningskostnaður verður mun minni. Þá má reikna þurfamanni flutningskostnaðinn sem annan sveitarstyrk eptir gildandi lögum, en ekki eptir frumv. Eptir gildandi lögum á að flytja þurfamenn hreppstjóra frá hreppstjóra, en eptir frumv. beinustu leið, og er þetta sýnilega mikil breyting til bóta. Enn fremur á dvalarsveit að fá endurgoldinn að fullu styrk til utansveitar þurfamanns eptir gildandi lögum, en að eins $^2/_3$ eptir frumv. Þetta eru allt verulegar breytingar, og jeg held þær muni allar reynast til bóta og svo eru ýmsar smærri breytingar, er jeg álít ekki ástæðu til að telja upp nú.

Jeg vil svo ekki fara út í fleiri atvik, en biðja afsökunar á, að jeg hef farið að tala um þetta hjer við 3. umr. Þetta var meir til að benda á, að nefndin ekki eingöngu hefði safnað fátækralögunum saman, heldur einnig breytt þeim, þar sem þurfa þótti. Jeg verð að fullyrða þó mjer sje skylt málið, að háttv. nefndarmenn mínir hafi starfað af hinni mestu vandvirkni og samviskusemi, og að málið sje nú komið í svo gott horf, að ekki sje líklegt að það fáist nú öllu betra eða hagfeldara fyrir þjóðina í heild sinni.

ATKVGR. 1. breyt.till. (215) við 8. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. — við 41. gr. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. — við 58. gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. — við 63. gr. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. — við 68. gr. samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. — við 68. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A. 240).

Ráðherrann: Jeg álít ekki þörf á því, að fara að skýra nákvæmlega frá þessu frumv., því eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, er frumv. þetta samið af milliþinganefndinni í fátækramálum, og er ítarlega gjörð grein fyrir öllum breytingum þess á gildandi lögum í álitsskjali milliþinganefndarinnar. Í athugasemdunum við stjórnarfrumv. sjest hverju stjórnarráðið hefur breytt.

Frumv. er, eins og það nú liggur fyrir, aðallega fólgið í samanfærslu á eldri lögum. Það er lítið af nýbreytingum í því, og minna nú, eptir að það er búið að ganga í gegnum háttv. Ed., en þegar það kom frá stjórninni, því Ed. hefur fellt burt úr því hið nýja ákvæði um sveitfesti og fleira. Jeg býst við því, að það þurfi að setja nefnd til þess að athuga málið, og finn því ekki ástæðu til þess, að tala

frekar um það, en leyfi mjer að stinga upp á því, að því verði vísað til 2. umr., og síðan kosin nefnd í það.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg leyfi mjer að skjóta því til háttv. deildar, hvort ekki megi nægja, að vísa frumv. til sveitarstjórnarlaganefndarinnar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykkt með nafnakalli með 13 atkv. gegn 11, að kjósa sjerstaka nefnd í málið.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Guðm. Björnsson,
Björn Bjarnarson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánss.,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Herm. Jónasson,
Guðl. Guðmundss.,	Lárus H. Bjarnason,
Jóh. Ólafsson,	Magnús Kristjánss.,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Briem,	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	

5 manna nefnd samþ. án atkv.gr., en þessir 9 menn æsktu hlutfallskosningar:

Skúli Thoroddsen, Einar Þórðarson, Björn Bjarnarson, Ólafur Thorlacius, Ólafur Ólafsson, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Jón Jónsson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skagf.

Með hlutfallskosningunni hlutu að eins þessir 2 kosningu:

Jón Jónsson og

Stefán Stefánsson. þm. Skgf.

Fór þá fram óbundin kosning á 3 mönnum í nefndina, og voru þá kosnir:

Árni Jónsson með 15 atkv., og

Guðl. Guðmundsson með 15 atkv.

Einar Þórðarson fjekk 9 atkv., og aðrir færri.

Fór þá aptur fram óbundin kosning, og fjekk þá Jóhannes Ólafsson 11 atkv., Einar Þórðarson 9 og Eggert Pálsson 3.

Hafði enginn fengið næg atkvæði, svo að kosið var með bundnum kosningum milli þeirra Jóhannesar Ólafssonar og Einars Þórðarsonar.

Var þá kosinn Jóhannes Ólafsson með 12 atkv.

Einar Þórðarson fjekk 11 atkv.

Í nefndinni var Árni Jónsson kosinn formaður og Guðlaugur Guðmundsson skrifari og framsögumaður.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A. 240, 476).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er æði umfangsmikill lagabálkur, sem hjer liggur fyrir, en það er þó ekki til neins að halda langa ræðu um málið, því að ef hvert einasta atriði ætti að krufja til mergjar, þá yrði það of langt mál, sem fáir mundu hlusta á og enn færri hafa gagn af.

Málið hefur fengið ítarlegan undirbúning. Fyrst hjá milliþinganefndinni, síðan gengið gegnum hreinsunareld stjórnarinnar og loks gegnum Ed., og var þar samið langt nefndarálit og haldin enn lengri framsöguræða. Það væri því að bera í bakkafullan lækinn, ef jeg færi að halda langa ræðu um þetta mál; jeg mun því sleppa því, og að eins víkja fám orðum að breyt.till. þeim, sem nefndin hefur gjört við málið.

Er þá fyrst 1. breyt.till. við 11. gr. Í stað »fer« komi »er«. Oss þótti það hart, að móðir óskilgetins barns, sem færi t. d. til Færeyja, mætti ekki taka barn sitt með sjer.

Við 14. og 34. gr. er breyt.till. að eins orðabreyting.

4. breyttill. við 34. gr. 3. málslið er um, að sveitfestisdvöl lausamanna falli burt, vjer höfum lagt það til af því, að það er opt illt að fá áreiðanlegar upplýsingar um þetta.

Síðan hefur nefndin enga breyt.till. gjört fyr en við 53. gr. Það er um greftrunarkostnað þurfamanna; nefndin áleit rjett, að reitur þurfamanna, að því leyti sem þær hrökkva til, gangi upp í þann kostnað. Um 7. brt. er ekkert að segja. 8. breyt.till. við 66. gr. fer fram á að stytta tímann um helfing. 9. breyt.till. við 66. gr. er að eins orðabreyting. 10. breyt.till. við 68. gr. um að sektir þær, sem lagðar kunna að vera á sveitarstjórnir, renni í sýslusjóð en ekki í landssjóð. Það getur verið ágreiningur um, hvort þessar sektir ættu að renna í sýslusjóð eða landssjóð; oss þótti rjettast að þær rynnu í sýslusjóð.

Í þessum lagabálki eru ýms nýmæli, en jeg finn ekki ástæðu til að ganga mjög nákvæmlega inn á þau. Ákvæðin um hjónaframfæri standa í eðlilegu sambandi við lög 12. janúar 1900, en mjer virðast þau ákvæði samt fara nokkuð skammt; því mætti þá breyta í framtíð. Eins er um rjett kvenna til að vinna sveitfesti, ef þær eru að lögum skildar við menn sína. Rjettarafstaða kvenna, sem orðnar eru viðskila við menn sína, þótt ekki sjeu skildar að lögum, hefur breytzt mjög við lögin 12. jan. 1900, en mjer virðist það ekki svo til fulls til greina tekið hjer, sem rjett hefði verið.

Þá er mesta ágreiningsatriðið um sveitfestistímann; mörgum þykir hann of langur í 10 ár, en hins vegar of langt stökk að færa hann niður í 2 ár. Nefndinni þótti hæfilegast að hann yrði 5 ár, en kom þó ekki með breyt. till. í þá átt, til þess að tefla ekki frv. í neina tvísýnu. Það er nauðsynlegt, að það gangi fram.

Jeg skal að endingu taka fram, að af þeim frumv., sem á þessu þingi hafa komið fram frá milliþinganefndum, er þetta frumv. án efa bezt úr garði gjört; í því liggur mjög mikið verk, og þótt menn ekki sje samdóma um öll atriði, þá »gjörir enginn svo öllum líki«. En þetta er í heild sinni mjög þörf rjettarbót og nauðsynlegt, að hún geti í framkvæmd komizt sem fyrst.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg get fyllilega tekið undir það með háttv. framsm. (Guðl. G.), að hjer hefur verið unnið mikið verk. Hjer liggur fyrir stór lagabálkur, og það hefur mikið verið rætt og ritað um, hvílík þörf væri á lögum þessum. Það er sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vil minnast á í lögum þessum. Jeg tel það víst, að það muni vera miklum hluta landsmanna mikil vonbrigði, að sveitfestistíminn er hafður hjer 10 ár, eins og áður var. Mjer þótti vænt um að heyra það hjá framsm., að breyt.till. væri ef til vill í vændum, enda segir nefndin, að hún hefði gengið að 5 ára tímabilinu; 10 ára tímann telur nefndin annmarka á frumv., þótt hún hafi ekki ráðizt í það að svo stöddu, að breyta því. Jeg tel þetta ákvæði annmarka, og mjer þótti vænt um, að orð framsm. lutu í sömu átt.

Jeg og fleiri þm. höfðum í huga að koma með breyt.till. þess efnis, að færa 10 ára tímann niður á bóginn. Vjer álítum þennan annmarka varhugaverðan agnúa á lögunum. Mjer er óhætt að segja, að þessi langi sveitfestistími, 10 ára tíminn, var á Suðurlandi og líklega víðar stærsti ókosturinn á gömlu lögunum. Þessi langi tími hefur reynzt misjafnlega, og mjer er óhætt að fullyrða, fyrir landbúnaðinn ærið

skaðlegur og bakað honum mikið tjón. Síðan sjávarútvegurinn komst á þetta stig, hefur straumurinn allt af staðið úr sveitunum og til sjávarins. Fólkið hefur fæðzt og alizt upp og fengið allan sinn þroska í sveitinni, en síðan hefur sjávarsíðan dregið allan þann vinnuafla til sín, og þar hefur það varið beztu árunum sínum. Fólkið hefur gipzt, aukizt og margfaldazt við sjóinn, en síðan þegar eitthvað hefur ábjátað, annaðhvort aðstandendur hafa dáið, eða veikindi hafa hamlað, þá hefur ekkert annað lagzt fyrir þessa veslinga, en það að vera sendir á sína sveit. Þannig hafa landbúnaðarsveitirnar orðið fyrir áföllum, og þetta hefur eitt með öðru orðið til þess, að drepa niður landbúnaðinn, og færa hann úr lagi. Þetta, að fara vinnufær, en koma aptur heim óvinnufær, og með skuldasúpuna á bakinu, hefur átt ærið mikinn þátt í því, að eyðileggja landbúskapinn okkar. Það hefur verið talið bezt vitni um dugnað sveitarnefndaroddvita, þegar hann getur látið aðkomufólk ánetjast til að þiggja sveitarstyrk á 9. ári. En þegar fólk hefur verið búið að þiggja sveitarstyrk og hin rjetta sveit verið búin að viðurkenna það, þá hefur það stundum, jafnvel opt, verið látið safna skuldum í næði; þangað til það svo hefur verið tekið upp og sent á sveitina sína með barnahrúgu og skuldasúpu á bakinu.

Almenningur óskar, að sveitfestistíminn sje færður niður. Sumir vilja færa hann niður í 5 ár, aðrir í 2 ár, og enn þá aðrir að uppgjafahreppurinn sje framfærslusveitin. Jeg hafði hugsað mjer, að koma með breyt.till., en þegar háttv. framsm. tók svo liðlega í þetta mál, þá mun jeg láta mjer nægja að bera mig saman við nefndina um þetta atriði, en vona, að deildin verði fús á að samþykkja breytingu í þessa átt, ef hún kemur.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta stóra mál. Jeg finn ekki ástæðu til að hafa langar umr. um það. Jeg býst við, að jeg greiði atkv. með frumv., þótt jeg sje ekki alls kostar ánægður með það. Jeg vil að eins gjöra grein fyrir því, að jeg er ekki ánægður yfir breytingu þeirri, sem gjörð var við frumv. í Ed. Jeg var mjög vel ánægður með starf milliþinganefndarinnar og fjellst á þá stefnu, sem meiri hluti þeirrar nefndar fylgdi í sveitfestisspursmálinu, og það taldi jeg kjarnann í aðgjörðum milliþinganefndarinnar. Jeg hef fyrir nokkrum árum látið skoðun mína í ljósi á þingi í þessu máli, og er hún í samræmi við meiri hluta milliþinganefndarinnar. Þótt mjer þætti nefndin fara nokkuð skammt, bjóst jeg við, að breyting sú á sveitfestistímanum, er hún fylgdi fram (meiri hl.), mundi verða gott spor í þá átt, sem jeg álít að fara eigi.

Þetta vildi jeg taka fram til þess, að atkv. mitt með frumv. ekki væri skilið sem samþykki á þeim breytingum, sem það tók í háttv. Ed. og jeg er mótfallinn, þó jeg ekki treystist til að berjast á móti þeim.

Það er gott að hafa öll lög um þetta atriði í einum bálki, og tel jeg því frumv. til bóta eins og það er. Þess vegna greiði jeg því atkv.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg þarf engu að svara þessum 2 háttv. þm. öðru en því, sem jeg hef áður sagt. Þeir viku báðir að sveitfestistímanum. Agreiningur hefur ætíð verið um þetta atriði og það fundið til, að sveitfestistíminn væri of langur. En menn hafa þó ekki getað komið sjer saman um, hve langur hann skuli vera. Jeg er einn í

þeirra tölu, sem vil stytta hann. Það mætti reyna að fara meðalveg og stytta niður í 5 ár. En jeg vil ekki tefla því á tvær hættur, vil alls ekki, að þetta verði þessu frumv. að falli eða til tafar, því að frumv. í heild sinni er verulegr rjettarbót. Það er betra að láta sitja fyrst um sinn við það sem er.

Ef komið verður með breyt.till. um þetta, þá verður að bæta inn á eptir 44. gr. ákvæði um þá, sem eru byrjaðir að vinna sjer sveit, þegar lögin komu í gildi.

ATKVGR. 1.—10. gr. hver um sig samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (476) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

11. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

12.—13. gr. hvor um sig samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (476) við 14. gr. samþ. án atkv.

14. gr. breytt samþ. í e. hlj.

15.—30. gr. hver um sig samþ. í e. hlj.

31. og 32. gr. hvor um sig samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (476) við 33. gr. samþ. án atkv.

33. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (476) við 34. gr. samþ. með 22 atkv.

34. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

35.—44. gr. hver um sig samþ. í e. hlj.

45.—46. gr. hver um sig samþ. í e hlj.

5. breyt.till. (476) við 47. gr. samþ. án atkv.

47.—52. gr. hver um sig samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (476) við 53. gr. samþ. með 20 atkv.

53. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

54. gr. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (476) við 55. gr. samþ. í e. hlj.

55. gr. þannig breytt samþ. í e hlj.

56.—62. gr. samþ. í e. hlj.

63.—65. gr. samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (476) við 66. gr. samþ. með 22 atkv.

9. breyt.till. (476) við 66. gr. samþ. með 22 atkv.

66. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

67. gr. samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (476) við 68. gr. samþ. með 18 atkv.

68. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

69.—75. gr. hver um sig samþ. í e. hlj,

11. breyt.till. (476) við 76. gr. samþ. með 17 atkv.

76. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

77.—78. gr. hvor um sig samþ. í e. hlj.

79.—80. gr. hvor um sig samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv., og málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 3. umr, (A 518, 530).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Hjer er komin fram breyt.till. á þgskj. 530, sem fer fram á að stytta sveitfestistímann úr 10 árum í 5 ár, og í sambandi við hana önnur breyt.till., sem snertir þá, sem byrjaðir eru að vinna sjer sveit eptir núgildandi lögum, en eru ekki búnir að vinna sjer sveit neinstaðar, þegar þessi lög koma í gildi. Í nefndinni varð nokkur ágreiningur um þetta, og vill hún leggja þessi atriði á vald háttv. Nd. Háttv. þingdm. ættu að vera ljósar þær ástæður, sem mæla með og móti þessum breytingum. Það, sem fram hefur verið tekið, um að stytting sveitfestistímans auki hrakninga þurfamanna, er þýðingarlítið. Og að því leyti mundi standa á sama, hvort miðað er við 2 eða 5 ár. Það vakir fyrir mörgum, að jafnvægið milli sjávarsveita og landbúnaðarsveita sje ekki rjettlátlega varð-

veitt með 10 ára sveitfestistímanum. Breytingarnar á síðustu árum hafa orðið svo miklar hjer á landi, að það tímaákvæði er ekki nú eins rjettlátt og fyrir 50—60 árum. Fyrir mitt leyti er jeg persónulega meðmæltur breyt.till., en sumir í nefndinni eru þeim þó mótfallnir. Jeg hygg, að háttv. Ed. muni sætta sig við það, þó að þessar breytingar verði gjörðar á frumv.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Af því að nafn mitt stendur við breyt.till. þær, sem hjer liggja fyrir, verð jeg að minnast á þær örfáum orðum. Jeg gat þess við 2. umr., að sveitfestistíminn væri ekki sanngjarn, og ráðgjörði þá að koma með breyt.till. til þessarar umr. Háttv. framsm. hefur nú sagt það, sem jeg hafði ætlað mjer að taka fram. Þetta atriði um stytting sveitfestistímans hefur mikið verið rætt og um það ritað í blöðunum. Landbúnaðarsveitirnar hafa liðið mikið óhagræði við 10 ára sveitfestistímann og vilja því ákaft fá hann styttan. Jeg álít þessa breytingu til mikilla bóta, og að meira jafnvægi komist á milli sjávar- og landbúnaðarsveita, eins og háttv. framsm. tók fram. Jeg hygg óefað, að þetta geti orðið spor í áttina til þess að laga þann ójöfnuð, sem sveitirnar eiga undir að búa, vegna gildandi ákvæða um sveitfestistímann. Jeg vonast því eptir góðum undirtektum háttv. Nd. undir þessa breyt.till.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þó að ætla mætti, að jeg væri þessum breyt.till. fylgjandi, þá er þó ekki svo. Jeg er ekki viss um, að breyt.till. sjeu til bóta. Spurningin er um það, hvort ráða eigi sveitfestinni það atriði, að maður hefur tekið sjer einhversstaðar fastan bústað, eða hitt að maður hafi verið vissan tíma í einhverri sveit. Ef heimtaður er langur dvalartími, þá verður það ávallt álitamál, hve langur hann á að vera.

Það er annars undarlegt, að á Íslandi skuli ýmsar laudbúnaðarsveitir, þvert á móti því, sem á sjer stað í öðrum löndnm, vera á móti því, að sveitfestistíminn sje styttur, og sumir vilja jafnvel lengja hann. Jeg get þess að eins svo sem milli sviga, skal ekki fara mikið út í það, af hverju þetta stafi, en jeg held, að það sje sprottið af misskilningi. Þó að jeg kannist við, að 5 ára tímabilið sje nær hæfi en 10 ára tímabilið, þá álít jeg áhorfsmál, hvort rjett sje nú, að fara að breyta þessu, þar sem svo áliðið er þingtímans. Það gæti orðið til þess að fresta framgangi málsins.

Margir hyggja, og jeg er einn meðal þeirra, að 1—2 ára sveitfestistími sje hinn heppilegasti. Ef þingið samþykkir nú 5 ára sveitfestistíma, og mönnum fyndist sá sveitfestistími ekki heppilegri en sá, er nú er nauðsynlegur til að vinna sveit, má ske þvert á móti, þá mundi mönnum hætta við að kenna þetta því, að tíminn hafi verið styttur, en ekki hinu, að hann hafi ekki verið styttur nógu mikið, og þá væri maður orðinn fjær takmarkinu en ekki nær. Jeg álít, að rjettast sje því að láta 10 ára tímann standa óbreyttan og lofa mönnum að átta sig bæði á þessu atriði og lögunum yfir höfuð. Það má taka þetta atriði til athugunar á næsta þingi, og þó að því yrði breytt þá, þyrfti mjög lítið að breyta lögunum. Því þori jeg ekki annað en vera á móti breyt.till.

Annars álít jeg ekkert á móti því, að frá þinginu kæmi bending til stjórnarinnar um að bera þetta atriði undir hreppsnefndir. Það hafa opt verið lagðar líkar spurningar fyrir hreppsnefndir annarsstaðar, og það mætti vel gjöra hjer fyrir næsta þing.

ATKVGR. Breyt.till. (530) við 32. gr. felld með 12 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkv.gr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Eggert Pálsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Jóh. Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Hannes Þorsteinss.,	Magnús Kristjánss.,
Herm. Jónasson	Ólafur Thorlacius,
Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson,
Magnús Andrjess.,	St. Stef., 2. þm. Eyf.
Ólafur Briem,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Ólafur Ólafsson,	Tryggvi Gunnarss.,
Skúli Thoroddsen,	Þórh. Bjarnarson.

Frumv. samþ. með 19 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 26. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 565, 595).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Nefnd sú, sem skipuð var til að íhuga þetta mál hjer í þessari deild, hefur nú farið yfir frv., eptir að það kom frá háttv. Nd., og hefur athugað breytingar þær, sem Nd. hefur gjört á því, og gjörir nefndin ráð fyrir, að háttv. deildarmenn hafi einnig kynnt sjer þær.

Breytingar þessar eru litlar og óverulegar, og sje jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða um þær; sumar þeirra miða að eins til þess að laga málið, aðrar eru þýðingarlitlar, en engar þeirra eru til spillingar.

Viðvíkjandi breyt.till. um greptrunarkostnaðinn, þá hefði nefndin hjer kunnað betur við, að þetta ákvæði hefði verið látið standa óbreytt, eins og það fór hjeðan frá deildinni; nefnilega, að kostnaðurinn væri ekki talinn sem skuld, heldur sem gjöf.

Sem sagt eru þessar breytingar svo lítilfjörlegar, að jeg þykist ekki þurfa að lýsa því nánar, enda hefur nefndin lagt það til, að frumv. verði samþ. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Þetta er mikið gleðiefni fyrir mig, því að satt að segja bjóst jeg við, að frumv. kynni í verulegum atriðum að spillast í Nd., en hún hefur, eins og kunnugt er, fallizt á frumv. með þeim breytingum, er jeg hef minnzt á, og er jeg henni þakklátur fyrir það, og sýnir þetta, að maður getur stundum gjört öðrum óverðskuldaðar getsakir eða búizt við öðru lakara af þeim, en raun verður á. Jeg held, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þetta frumv. sje eitt af þeim fáu frumv., sem ekki hefur verið flaustrað af á þinginu, og að það að því leyti sje eitt í sinni röð, og að ekkert frumv. hafi verið eins rækilega íhugað og eins heppilega til lykta leitt. Jeg hef svo ekki meira um þetta mál að segja, og skal því ekki lengja umræðurnar með því að tala frekar um það.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XJV. Ný bankavaxtabrjef

Á 5. fundi Ed., fimmtudaginn 6. júlí kom frumv. til laga um heimild fyrir landsbankann til að gefa út nýjan flokk (seriu) bankavaxtabrjefa.

Ráðherrann: Tilgangurinn með frv. þessu er tvennskonar. Í fyrsta lagi hefur þótt ástæða til að auka rjett veðdeildarinnar til að gefa út bankavaxtabrjef; bankastjórnin hefur gefið í skyn, að þar sem veðdeildin hafi nú þegar gefið út um 2,200,000 kr. í bankavaxtabrjefum, þá megi búast við því, að útgáfuheimild hennar á bankavaxtabrjefum muni þrjóta áður en ár er liðið.

Í öðru lagi er tilgangur frumv. sá, að gjöra veðdeildinni mögulegt, að veita lántakendum sínum betri kjör, en hingað til hefur verið hægt. Nú er ekki auðið að veita lán úr veðdeildinni, nema með þeim kjörum, að lántakandi greiði, auk afborgunar og vaxta, $^1/_2$ % á ári af upprunalegri upphæð lánsins í kostnað.

Það er ekki hægt að gefa lántakendum betri kjör með því að gefa veðdeildinni að eins rjett til að gefa út fleiri bankavaxtabrjef; það mundi skerða rjett þeirra, er brjefin hafa keypt. Til þess að breyta útlánskjörum þyrfti að innkalla og innleysa öll útgefin brjef og gefa svo út ný í þeirra stað.

Eini vegurinn til þess að geta jafnframt gefið lántakendum betri kjör er því sá, að gefa út nýja seriu, er sje fráskilin hinni fyrri.

Nái þetta frumv. fram að ganga, fá lántakendur þessarar seriu þeim mun betri kjör en lántakendur veðdeildarinnar nú, að þeir þurfa að eins að greiða $^1/_2$ % á ári af þeirri upphæð lánsins, er eptir stendur ógreidd við hvern gjalddaga.

Annars sje jeg eigi ástæðu til að fara frekar út í þetta mál að sinni, en leyfi mjer að skýrskota til athugasemdanna aptan við frumv. og vona, að því verði vel tekið í hinni háttv. deild.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd sje skipuð til að íhuga þetta mál, og vona að 3 manna nefnd sje nægileg.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tfll. um að skipa 3 manna nefnd til að íhuga málið var samþ. í e. hlj. og hlutu kosningu í hana:

Eiríkur Briem með 13 atkv.

Ágúst Flygenring með 9 atkv.

Næstir þeim fengu þeir Valtýr Guðmundsson 4 atkv., Guðjón Guðlaugsson og Sigurður Jensson 3 atkv. hvor um sig; en með því 3. maður var enn ókosinn í nefndina, var kosið á ný, og fjekk Sigurður Jensson 7 atkv. og varð þannig nefndarmaður.

Í nefndinni var Sigurður Jensson kosinn formaður, Eiríkur Briem skrifari og Ágúst Flygenring framsögumaður.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 29. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A 133).

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Nefndarálitið er svo stutt og ljóst, að óþarfi virðist að taka það hjer fram aptur. Nefndin áleit þessi lög betri og að mörgu leyti hentugri en hin fyrri. Helztar breytingar frá eldri lögunum eru þær, að nú er bankanum ekki gjört að skyldu að selja brjefin fyrir ákvæðisverð (pari); í eldri lögunum var þetta ekki tekið eins skýrt fram og hjer, og fyrir því hafði fólk mynd-

að sjer þá skoðun, að Landsbankinn væri skyldugur til að taka brjefin eða sjá um sölu þeirra fyrir »pari«-verð. Í öðru lagi er tillagið til að borga kostnað við deildina ákveðið $^1/_2$ af hundr. á ári af lánsupphæðinni, en ekki samkvæmt 11. gr. veðdeildarlaganna. Afborgunartíminn er líka nokkuð lengdur, í stað 40 ára koma 50 mót jarðar veði, og í stað 25 koma 35 á steinhúsum. Þá er það og breyting frá eldri lögunum, að ógilding glataðra brjefa þarf ekki að fara fram fyrir dómi heldur eingöngu með auglýsingu, sjeu brjefin nafnskráð í veðdeildinni. Helztu breyt.till. nefndarinnar eru við 5. gr., að eigi sje það skylda að virða jarðarhús með eigninni, og að þau skuli vátryggð, ef virðingarverð þeirra nemur $^1/_4$ af virðingarverði jarðarinnar. Úr því að heimild er til, að virða jarðarhúsin með jarðeigninni, þá þótti viðurhlutamikið að hafa þau ekki tryggð fyrir eldsvoða, ef verðhæð þeirra væri hlutfallslega mjög stór við jörðina; um þessa vátryggingarskyldu áleit nefndin hlutfallstakmark húsaverðsins við jörðina hæfilega sett $^1/_4$ (þ. e. lágmark). Oss þótti ekki þessi vátryggingarskylda geta verið neitt varhugaverð, því nú munu væntanlega ganga í gegn lög um vátrygging sveitabæja.

Þá er 3. breyt.till., að laun gæzlustjóranna sjeu hækkuð upp í 1000 kr. Upphaflega voru það 500 kr., en við útgáfu síðustu »seríu« bankavaxtabrjefa voru þau hækkuð upp í 750 kr. Bein afleiðing af þessari hækkun er því sú breyt.till. nefndarinnar, að hækka nú aptur laun gæzlustjóranna um sömu upphæð og síðast, nfl. 250 kr. Jeg skal þó leyfa mjer að geta þess, að full ástæða væri til að hækka þessi laun talsvert meira, með því að störf bankans hafa margfaldast síðan hann var stofnaður, auk þess sem nú hefur verið kastað þar inn öllum landssjóðsreikningunum, og liggur yfirskoðun og eptirlit þessara reikninga undir bankastjórnina. Annars get jeg ekki stillt mig um að bæta við þeirri athugasemd, úr því minnzt er á þessi gæzlustjóralaun, að þau eru svo skammarlega lág, að þess mun varla finnast dæmi um neina bankastjórnendur, að þeir ekki hafi nema 1,000 kr. að launum.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vildi að eins gjöra fáeinar athugasemdir; ekki um lögin í heild sinni, heldur um einstök atriði þeirra.

Í 3. gr. frumv. er það ákveðið, að trygging skuli gefin í ríkisskuldabrjefum, því að þau þykja bezt trygging, en jeg vildi skjóta því til háttv. nefndar, hvort eigi væri hægt að gefa tryggingu í öðrum skuldabrjefum. Það væri hagur, því ríkisskuldabrjefin gefa lægri vöxtu, en þetta er kann ske ekki mögulegt, með því ríkiskuldabrjefin þykja gefa meiri tryggingu, og veðdeildinni því meira álit. Í sömu gr. vildi jeg líka gjarna fá skýringu á því, hvort það er meiningin að geyma ríkisskuldahrjefin í bankanum eða hjá stjórninni. Mjer virðast breyt.till. nefndarinnar sanngjarnar; einkum vil jeg mæla með launaviðbót gæzlustjóranna og gæti meira að segja vel verið með henni, þótt till. færi fram á 2,000 kr. laun, í stað 1,000 kr. Því að þótt min stefna sje að minnka embættisgjöldin, þá vil jeg einkum minnka þau á þann hátt að fækka embættismönnum, en launa þá sómasamlega, sem eru, og klípa það eigi mjög við neglur sjer. Laun gæzlustjóranna hafa verið mjög lág, svo að mjer finnst sjálfsagt að hækka þau, með því líka

að jeg hygg, að þeir hafi því nær eins mikið að gjöra og bankastjórinn sjálfur, sem hefur 5,000 kr.

Ráðherrann: Jeg er þakklátur nefndinni og hef ekkert að athuga við gjörðir hennar. Viðvíkjandi fyrirspurn háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) skal jeg geta þess, að það kom til orða að gefa heimild til að nota bankavaxtabrjef af fyrri »seríu« sem tryggingarfje jafnframt, en það þótti miður viðkunnanlegt vegna þess, að báðar »seríur« tilheyra þó eiginlega sömu stofnun. Kgl. dönsk ríkisskuldabrjef eru svo tryggir pappírar, sem unnt er að fá, en gefa hins vegar heldur lága vexti. Jeg skal þó ekki segja, nema hægt væri að gjöra einhverja miðlun í þessu efni, t. d. með bankavaxtabrjefum af fyrri »seríu«, ef »seríurnar« eru alveg aðskildar og sama trygging, og nú er, helzt fyrir hinar eldri.

Háttv. þm. spurði, hvar skuldabrjefin yrðu geymd, og er því að svara þannig, að þau skulu vera geymd í kjallara landsbankans í sjerstökum skáp, sem stjórnarráðið geymir lykla að. Jeg býst við, að það verði í sama skáp, og landssjóður geymir peningaforða sinn og verðbrjef.

ATKVGR.: 1.—4. gr. frumv. samþ. hver um sig með 12 shlj. atkv.

1. breyt.till. (133) við 5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. breyt.till. (133) við 5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt samþ. með 12 shlj. atkv.

6.—11. gr. frumv. samþ. hver um sig með 12 shlj. atkv.

3. breyt.till. (133) um nýja gr., er verður 12. gr., samþ. með 11 shlj. atkv.

4. breyt.till. (133) um, að 12. gr. verði 13. gr. samþ. án atkvgr.

13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 236).

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj., og síðan afgreitt til Nd.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A. 271)

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg ímynda mjer, að allir háttv. þm. hjer í deildinni taki vel á móti þessu frumv.

Svo er ástatt, að sú upphæð, sem veðdeildin hefur leyfi til að gefa út, er nú uppgengin. Við síðustu mánaðamót voru eptir 3,500 kr. af hinni beinlínis lögheimiluðu upphæð; það er því búið að lána 2 milljónir og 400 þús. kr. En eptir lögunum má gefa út allt að því sexfalt við varasjóðinn, og það mundu þá verða liðugar 200 þús. kr., en það er vafalaust, að sú upphæð verður búin nú um nýárið.

Tvö atriði eru þó í þessu frum., sem jeg vildi minnast dálítið frekar á. Annað er ákvæðið í 3. gr., að tryggingarbrjef skuli eingöngu vera ríkisskuldabrjef, en upphaflega hefur bankastjórnin lagt það til, að tryggingin gæti verið í ríkisskuldabrjefum og bankavaxtabrjefum, en hjer er »bankavaxtabrjef« fellt burt, líklega af því, að það hefur verið álitið tryggilegra, að að hafa ríkisskuldarbrjef eingöngu, en bankavaxtabrjef eru svo vel tryggð og í svo miklu áliti bæði utanlands og innan, að jeg held, að það væri óhætt, að hafa þau fyrir tryggingu að nokkrum parti eða allt að helmingi. Bankinn verður eptir þessu frumv. að

verja 300,000 kr, til þess að kaupa fyrir ríkisskuldabrjef, sem ekki gefa nema $3^1/_2$% vexti; ef bankinn ekki þyrfti að kaupa þau nema til helminga, þá gæti hann lánað mönnum 150,000 kr. gegn 5% vöxtum.

Hitt atriðið er ákvæðið í 12. gr. um, að laun gæzlustjóra skuli hækka upp í 1,000 kr. Mjer sýnist þetta óþörf eyðsla á fje bankans, það er ekki svo mikið starf, að ástæða sje til þess, að hækka launin. En það er líka annað, sem jeg hef á móti því, sem er það, að þetta er hreint og beint »fornærmandi« gagnvart bankastjóranum. Það er nú búið að bæta við laun allra starfsmanna við bankann nema hans. Laun gæzlustjóra hafa áður verið hækkuð; þúsund krónum hefur verið bætt við laun bókhaldarans og nú á aptur að bæta við laun gæzlustjóra, en enginn talar um að bæta við laun bankastjórans. Starf hans hefur þó ekki aukizt minna en hinna að tiltölu, síðan hann kom til bankans. Umsetning bankans hefur vaxið þrefalt, sparisjóðurinn er orðinn fjórum sinnum stærri en þá; veðdeildin, næstum $2^1/_2$ milljón kr., hefur bætzt við. Og nú er landssjóðurinn kominn til viðbótar. En ekki segi jeg þetta þó af því, að jeg sje óánægður með mín laun eða ætlist til, að bætt sje við þau, Þau eru nógu mikil og jeg er ánægður með þau. En mjer sýnist, að í þessu lýsi sjer sjerstakt viðurkenningarleysi fyrir starf bankastjórans; það er eins og hann væri einhver ómagi, sem bankinn þyrfti að dragast með. En jeg hef þó ekki verið neitt kominn upp á þennan banka, og þessar 5 þús. kr., sem jeg hef í laun. Mjer hafa verið boðnar 10 þús. kr. til þess að stýra öðrum banka, en jeg tók ekki við því; jeg vildi heldur hýrast við minn litla banka fyrir hálfu minna. Menn mega nú ekki misskilja þetta sem svo, að jeg geti ekki unnt samverkamönnum mínum launahækkunar; en jeg vil spara fje bankans. og ekki eyða því til starfsmanna bankans að óþörfu.

Mjer virðist þetta frumv. vera talsvert þýðingarmikið, svo jeg álít rjettast að það sje íhugað í nefnd, og vil jeg leyfa mjer að stinga uppá 3 manna nefnd, þegar búið er að vísa málinu til 2. umr.

Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Jeg sting upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd.

Þessir 9 þingmenn æsktu hlutfallskosningar: Skúli Thoroddsen, Björn Bjarnarson, Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf. og Jóhannes Ólafsson.

Síðan var kosið hlutfallskosningu og hlutu þessir kosningu:

Ólafur Briem,

Tryggvi Gunnarsson,

Lárus H. Bjarnason.

Fleiri náðu ekki kosningu, og var þá kosið óbundnum kosningum og hlutu kosningu:

Hannes Þorsteinsson með 12 atkv.

Jón Jónsson fjekk 9 atkv. aðrir færri. Var þá enn kosið óbundinni kosningu og náði þá kosningu:

Jón Jónsson með 14 atkv.

Björn Kristjánsson fjekk 5 atkv., aðrir færri.

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst kom frumv. til 2. umr (A. 271, 417, 434).

Framsögumaður, Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það eru allir sammála um það, að það sje mikil þörf á því, að auka veðdeildina; bezta sönnunin fyrir því er sú, að nú má heita, að bankavaxtabrjefin sjeu þrotin. Það eru að eins 200 þús. kr. eptir. Aukningin er ef til vill helzt til lítil, en nefndin hyggur, að hún muni nægja til 1907. Reynist hún ónóg, má auka hana þá, enda mun það í fjármálum heppilegast, að færa ekki út kvíarnar fyr en þörfin segir til sín.

Nefndin hefur að eins gjört 2 breytingar á frumv. frá því er það kom úr Ed. Aðalbreytingin er um trygginguna. Nefndin fer fram á, að á undan »í ríkisskuldabrjefum« í 3. gr. komi: »að helmingi«, og að á eptir »í ríkisskuldabrjefum« komi: »og að helmingi í bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. janúar 1900 og 25. september 1902«. Nú er allt tryggingarfjeð í ríkiskuldabrjefum, en hjer er farið fram á þá línu, að helmingurinn megi vera í 1. flokks bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar. Og það er sannarlega góð trygging, enda er samskonar trygging notuð við líkar stofnanir erlendis, t. d. í landmannsbankanum í Kaupmannahöfn. Þar er nýr flokkur brjefa að nokkru leyti tryggður með eldra flokki.

Hin breytingin er sú, að nefndin leggur til, að fella burt 12. gr. Auðvitað er henni það ekkert kappsmál, en hún getur ekki sjeð, að störf gæzlustjóranna aukist svo við þessa nýju seríu, að ástæða sje til að hækka laun þeirra.

Að því, er snertir breyt.till. á þgskj. 434, hefur nefndin ekki haft tíma til að bera sig saman um hana á fundi, en jeg hefi gengið á milli meðnefndarmanna minna, og hafa þeir tjáð sig henni samþykkir. Persónulega er jeg henni mikið hlynntur.

Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Háttv. framsm. (L. H. B.) hefur tjáð nefndina samþykka tillögu þeirri, er jeg er fyrstur skrifaður undir sem flutningsmaður; og þarf jeg því vart að tala fyrir henni.

Í nefndarálitinu um frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka, að gefa út bankavaxtabrjef, er því spáð, að aukning veðdeildar Landsbankans, sem hjer er á ferðinni, verði í raun og veru svo lítil, því að menn muni hópum saman greiða eldri skuldir sínar við veðdeildina, og taka aptur lán í nýja hlutanum, þar sem kjörin þykja betri. Þetta kann að rætast að nokkru leyti, og er því rjett að færa heimildina upp í 3 miljónir.

Að því, er snertir laun gæzlustjóranna, þá voru þau að vísu hækkuð með lögum um stofnun veðdeildar 12. Jan. 1900, en síðan hafa störf þeirra aukizt og aukast enn meir við þennan nýja flokk bankavaxtabrjefa. Og svo mælir það einnig með hækkun á launum þeirra, að fulltrúar Íslandsbanka hafa 1,000 kr. í laun.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason, (þm. Snæf.): Jeg vil að eins gjöra þá athugasemd, að það er ekki hægt að draga neina ályktun af því, að launin voru hækkuð árið 1900; þá var veðdeildin stofnuð, og með henni bættust á bankastjórana ný störf, en því er ekki að heilsa hjer, heldur er þeim að eins fengið meira fje að fara með, en það eykur lítt fyrirhöfn þeirra. Annars er nefndinni þetta ekkert kappsmál, eins og jeg hef áður tekið fram.

ATKVGR. Breyt.til. við 1. gr. (434) samþ. í e. hlj.

1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (417) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (417) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. svo. breytt samþ. í e. hlj,

4.—11. gr. hver um sig samþ. í e. hlj.

3. og 4 breyt.till. (417) við 12. og 13. gr. felldar með 13:9 atkv.

12. og 13. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 451,471).

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Sem framsm. nefndarinnar, í þessu máli hef jeg litlu við að bæta það, sem jeg hef tekið fram við 2. umr. Frumv. þetta hefur hingað til fengið góðan byr hjá deildinni, og vona jeg, að hún skiljist þá eins vel við það. Aðallega stóð jeg upp vegna breyt.till. á þgskj. 470. Þessar breyt.till. eru fram komnar samkvæmt samróma tilmælum bankastjórnarinnar, og er ekki ástæða til annars fyrir háttv. deild, en að taka þeim vel.

Fyrri breyt.till. fer fram á, að inn í frumv. á eptir 4. gr. bætist ný grein, sem verður þá 5. gr., þess efnis, að veðdeildinni sje heimilt að veita bæjarfjelögum, sýslufjelögum og sveitarfjelögum lán, er stjórnarráðið hafi samþykkt, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelagsins. Síðari breyt.till. tiltekur, að slík lán megi eigi veitast til lengri tíma en 40 ára. Auk þess sem veðið fyrir slíkum lánum, eignir og tekjur hlutaðeigandi fjelaga, er í sjálfu sjer mjög gott og tryggilegt, þá kemur það einnig til greina, að skattaálöguvald þeirra er sama sem ótakmarkað, takmarkað að eins af gjaldþoli manna. En svo eru þetta líka að eins heimildarákvæði, sem ekki þarf að óttast að stjórn bankans noti nema tryggingin sje áreiðanlga góð.

ATKVGR. 1. breyt.till. (470) samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (470) samþ. í e. hlj.

Frumv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Ed.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 495,523).

Frumv. var umræðulaust samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XV. Útgáfa nýrra seðla.

Á 5. fundi Ed., fimmtudaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um innköllun seðla landssjóðs og útgáfu nýrra seðla til 1. umr.

Ráðherrann: Stjórn Landsbankans hefur optar en einu sinni farið fram á, að hinir núgildandi 5 króna og 10 króna seðlar væru innkallaðir, og að gefnir væru út nýjir í þeirra stað. Þótt allir verði að játa, að hinir gildandi seðlar sjeu fremur óhentugir að gjörð og ekki fallegir útlits, þá hefur eigi þótt tiltækilegt hingað til að verða við þessari beiðni bankastjórnarinnar.

Að vísu þarf nú ekki nein sjerstök lög til þess að skipta um seðla, en með því, að stjórnarráðið áleit tilhlýðilegra, að Landsbankinn, en eigi landssjóður,

greiddi kostnaðinn, er af því leiddi, en til þess þarf breyting á bankalögunum, og til að taka af allan vafa um afleiðingarnar af innköllueinni, þá hefur þetta frumv. verið samið og lagt fyrir þingið.

Að því, er ógilding gömlu seðlanna snertir, verður að sýna varúð og lempni, og álít jeg sjálfsagt, að seðlarnir sjeu innleystir, að minnsta kosti fyrst í stað, þótt fresturinn sje liðinn, nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Enda er sú aðferð tíðkanleg í öðrum löndum.

Jeg skal svo eigi fara fleiri orðum um frumv., og leyfi mjer að óska þess, að hin háttv. deild lofi því að ganga áfram sinn veg.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að frumv. þessu verði vísað til þeirrar nefndar, sem skipuð var í næsta mál á undan, um nýja »seríu« bankavaxtabjefa, með því, að frumv. það, er hjer liggur fyrir, er líks eðlis.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. vísað til nefndarinnar í málinu um útgáfu nýrra bankavaxtabrjefa.

Á 19. fundi Ed,, þriðjudaginn 25. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A. 132).

Framsögumaður Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, þá álítum vjer ekki, að þetta mál skipti miklu. en þó álít jeg, að það sje fremur nauðsynlegt en hitt. Eins og kunnugt er, hefur stjórn landsbankans óskað eptir nýjum 5 og 10 kr. seðlum. Nefndin er fullkomlega samþykk stjórnarráðinu í því, að ef seðlarnir verða innkallaðir, þá sje rjettast að innkalla þá alla, til þess að nýju seðlarnir geti orðið allir í sama stíl. Af sömu ástæðum og bankastjórnin og landsstjórnin, álítur nefndin að nokkur þörf sje á seðlaútgáfunni. Gömlu seðlarnir eru of stórir og fara því illa í meðferðinni, pappírinn í þeim er fremur slæmur og mótið ósmekklegt. Auk þess stendur nú svo á, að bráðum þarf að gefa út nýtt seðlaupplag. Það gamla er bráðum búið. Virðist því rjett, að grípa tækifærið og endurbæta seðlana um leið. Kostnaðurinn kemur aðallega til að liggja í því, að ný mót þurfa, en jeg ímynda mjer samt, að kostnaðurinn nemi ekki eins miklu (8—10 þús.) og stjórnin hefur áætlað. Þá má enn fremur við því búast, að töluvert sje glatað af seðlum. Auðvitað er ekki hægt að gjöra neina ákveðna áætlun um, hvað mikið það muni vera, en líklegt er, að það muni vega töluvert á móti kostnaðinum við seðlaútgáfuna, því enginn getur þó verið í vafa um það, að seðlar, sem ekki koma fram við innköllunina, hljóta að teljast landssjóði til ágóða. Nefndin hefur ekki gjört margar breyt.till. við frumvarpið. Henni þótti rjettara, að kalla seðlana útgefna fyrir landssjóð, eins og gjört er í lögum 18. sept. 1885, í staðinn fyrir landsbankann, eins og stendur í stjórnarfrv.; ennfremur álítur hún, að rjettara sje, að vitna líka í lög 12. jan. 1900, um breyting á lögum 18. sept. 1885. Breyt.till. verða því þessar:

1. við 1. gr. komi í 2. línu fyrir »landsbankann« »landssjóð«.

2. eptir »18. sept. 1885« bætist inn í »og lögum um breyting á þeim, dags. 12. jan. 1900«.

3. í fyrirsögninni komi »landssjóðs« fyrir »landsbankans«.

Seinasta breytingin er eðlileg afleiðing af 1. breyt.till. Jeg skal að öðru leyti ekki fjölyrða um þetta mál, en vænti, að því verði vel tekið hjer í deildinni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg skal ekki vera langorður. Nefndin tók það fram, að ekki væri brýn þörf á þessu frumv. Jeg er nefndinni fullkomlega samþykkur um þetta atriði, en óánægður með þá niðurstöðu, sem nefndin kemst að. Því mjer finnst ærið varhugavert að fleygja út, þó ekki sje nema 10 þús. króna, þegar fjárhagurinn er eins slæmur og nú. Nýjar og þungar álögur eru lagðar á þjóðina, og þó sjer stjórnin sjer fært að mæla með litt þörfum fjárframlögum. Auðvitað er það rjett, að seðlarnir eru óhentugir og ósmekklegir, en ekki fæ jeg annað skilið, en hægt væri að komast af með þá, þangað til fjárhagurinn kemst í dálitið betra horf.

Það er ýmislegt annað, sem stjórnin ætti öllu fremur að athuga við landsbankann. Hún ætti t. d. að sjá um, að hann kæmi upp fleiri útibúum, enn eru þau ekki nema tvö, og var þó meiningin að hann sem fyrst skyldi koma upp útibúum í öllum kaupstöðum landsins. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta frumv. en í þetta sinn get jeg ekki gefið því atkv. mitt.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Háttv. framsm. (Á. F.) sagði, að nefndin hefði verið sammála um það, að leggja með frumv. Jeg verð að taka það fram, að jeg var nefndinni ekk fullkomlega samþykkur, en hitt er rjett, að það varð ofan á í nefndinni, að hún mælti með frumv.

Jeg get ekki sjeð, að þessir nýju seðlar sjeu svo nauðsynlegir, en ef það yrði ofan á, að útgefa nýja seðla, þá er jeg nefndinni fullkomlega samþykkur í þeim breyt.till. sem hún hefur komið fram með. Eiginlega virðist mjer það vera lítil ástæða til þessara breytingar á seðlunum, þó seðlarnir sjeu ekki eins fallegir og seðlar Íslands banka. Jeg skil ekki, að það spilli neitt fyrir seðlum landsbankans, þó þeir sjeu ekki alveg eins fallegir, enda eru menn nú orðnir svo vanir við þá hjer á landi.

Jeg get ekki sagt neitt um það, hvort áætlun stjórnarinnar um kostnaðinn muni vera of há eða lág. En þó kostnaðurinn yrði nú ekki nema 10 þúsund eða jafnvel nokkuð minni, þá eru það ofmiklir peningar til að kasta þeim út að ástæðulausu. Ennfremur mundu þau verkfæri, sem nú hafa verið notuð, verða einskisvirði og sama er að segja um það, sem kynni að verða eptir af seðlaupplaginu. Jeg get því ekki sjeð neina verulega ástæðu, til að verja miklu fje til nýrrar seðlaútgáfu.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Mig hálffurðar, að háttv. þm. Barðstr. (S. J.) skuli tala svona. Að vísu var nokkuð hik á honum í nefndinni, og vegna hans var því bætt inn í nefndarálitið, að nefndin teldi þetta mál eigi brýna nauðsyn, en að það hefði þó orðið ofan á að leggja með því. Jeg fjekk ekki betur skilið, en hann væri okkur samdóma um niðurstöðuna. Jeg verð því að furða mig á, að hann skyldi ekki lýsa því yfir í nefndinni, að hann væri okkur ósamþykkur.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Háttv. skrifari nefndarinnar hefur einmitt rjett í þessu tekið það fram, að fyrir mínar tillögur hafi nefndarálitið verið orðað þannig, að þetta hafi orðið ofan á. En hvað þýða nú þessi orð? Mjer finnst erfitt, að skilja þau öðru vísi en svo, að meiri hluti nefndarinnar hafi verið með nefndarálitinu. Jeg verð að halda því fram eins nú, eins og jeg gjörði í nefndinni, að jeg sje enga brýna ástæðu til, að breyta seðlunum.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Háttv. þm. Barðstr. (S. J.), taldi auðvitað ekki brýna nauðsyn á nýjum seðlum, en hins vegar kom hann ekki með nein mótmæli, og því síður rökstudd mótmæli. Því verður nú ekki neitað, að seðlar landsbankans eru fremur ónýtir, og enn fremur er upplagið að þrotum komið. Seðlarnir eru líka ljótir og stórir; þeir eru með einu orði ópraktiskir, og jeg hef mikla ástæðu til að ætla, að þetta hafi óholl áhrif á viðskiptalíf bankaus. Enda veit jeg mörg dæmi þess, að menn heldur vilja hafa seðla nýja bankans. Innköllun seðlanna sýnir líka, hvað mikið af þeim hefur glatazt, en við þá seðla, sem glatazt hafa, græðist landssjóðnum fje. Jeg álít fulla þörf á, að kalla seðlana inn, jafnvel þó að ekki stæði til, að gefa þá út í nýrri mynd, og enda hefur því opt áður verið hreyft. Hinn sanni kostnaður við þessa nýju seðlagjörð er þá aðallega fólginn í því, að gjöra þarf nýtt mót. Hve mikið það kostar, get jeg ekki sagt með neinni vissu, en þykist viss um, að það verði ekki svo afardýrt. Til upplýsinga skal jeg leyfa mjer að geta þess, að útgáfa hinna núverandi bankaseðla o: mót, prentun og pappir, mun hafa kostað 5 til 6 þús. kr., og var þó það upplag stórt. Það sýnist því sannarlega ríflega í lagt, að áætla, að kostnaður við tilbúning hinna nýju móta verði 5,000 krónur. Þess ber og að gæta, að stjórn landsbankans hefur mikla fyrirhöfn fyrir endurnýjun seðlanna, sem nú eru brúkaðir; það er fremur ógeðfelt starf, að vera sífelt að undirskrifa heila bunka af ónýtum seðlum.

Jeg fæ því ekki annað sjeð, en bæði þessar ástæður, og það, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni, megi teljast sem gild rök fyrir því, að virkileg þörf sje á nýjum seðlum.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (132) við 1. gr. samþ. með 12 atkv. samhlj.

2. breyt.till. við 1. gr. samþ. með 12 atkv. samhlj,

1. gr. þannig breytt samþ. með 7:1 atkv.

2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (132) við fyrirsögn frv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin svo breytt samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Á 21. fundi Ed., fimmtudaginn 27. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A. 184).

Framsögumaður Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Jeg sje ekki ástæðu til, að halda langa ræðu í þessu máli við þessa umræðu. Málið hefur þótt heldur lítils virði, einkum í deildinni, en jafnvel líka í nefndinni. Jeg hef tekið áður fram beztu ástæður fyrir frumv., og þykist hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje heldur þörf á því. Vonast jeg eptir, að háttv. deild láti það ganga í gegn umræðulaust.

Jóhannes Jóhannesson (2. þm. N.-M.): Jeg er nú einn af þeim, sem hef ekki sannfærzt um gagnsemi þessa frumv., hvorki af athugasemdunum við stjórnarfrumv., nje af ástæðum nefndarinnar eða umræðunum hjer í þessari háttv. deild. Það er líka varla von, því að enginn hefur haldið því fram, að það væri nauðsynlegt, hvað þá heldur brýn þörf á því.

Stjórn landsbankans hefur fundið það til, að seðlarnir væru of stórir, pappírinn óvandaður, mótin ósmekkleg og seðlarnir því óútgengilegri en seðl-

ar Íslandsbanka. Því verður nú ekki neitað, að seðlarnir eru ekki eins hentugir og vandaðir og seðlar Íslandsbanka, en hinsvegar verður að taka til greina þann kostnað og óþægindi, er leiða mundu af útgáfu nýrra seðla. Stjórnarráðið hefur áætlað, að kostnaður þessi mundi nema 10 þús. krónum, en jeg verð að álíta, að sú áætlun sje of lág. Ef seðlarnir eiga að vera vandaðir, þá verður að gefa listamönnum kost á að keppa um fyrirmynd fyrir þeim og veita verðlaun fyrir þær beztu. Ef þeir eiga að verða eins vandaðir og seðlar Íslandsbanka, hvað pappír og prentun snertir, þá mundi kostnaðurinn fara langt fram úr upphæð þeirri, sem stjórnarráðið hefur ákveðið; jeg hef enda heyrt sagt, að Íslandsbanka seðlar hafi kostað yfir 30 þús. kr. En fyr má vera upphæðin, og virðist mega verja henni til annars nauðsynlegra og gagnlegra. Auðvitað eru nú seðlategundir Íslandsbanka 4, en Landsbandans 3, svo kostnaðurinn yrði ef til vill nokkuð minni. En þó hann væri nú ekki nema 10 þús., þá hygg jeg, að því fje mætti verja til margs, sem gagnlegra væri, því til þessa virðist aðallega stofnað af fordild einstaks manns eða einstakra manna. Það hefur verið tekið fram, að kostnaðurinn við seðlaútgáfuna muni vinnast upp í því, sem glatazt hefur af seðlum, en jeg verð að minna á, að þessi gróði er nú þegar í landinu. Hann leiðir eigi af innköllunínni, heldur er hún að eins til að slá föstu, hvað mikið hefur glatazt af seðlum. En aðalástæðan á móti þessu frumvarpi er sú fyrirhöfn og það fjártjón, sem það mundi baka þjóðinni, ef gömlu seðlarnir yrðu kallaðir inn með svona stuttum fyrirvara, að eins einu ári. Frumv. gjörir engar ráðstafanir í þá átt, að gjöra almenningi hægra fyrir að skipta seðlunum. Og þar sem nú eru að eins tvö útibú frá bankanum, þá yrði mikill kostnaður við sendingu peninga til og frá bankanum. Og ef einhver ekki skiptir seðlum sínum innan eins-ársfrestsins, þá á hann undir náð bankastjórnarinnar, hvort hann fær nokkuð fyrir þá. Jeg fæ því ekki betur sjeð, en frumv. hafi óþarfa kostnað í för með sjer og baki þjóðinni fyrirhöfn og fjármissi. Engin ástæða að halda, að bankinn komi ekki út seðlum sínum, þar sem hann hefur á hendi gjaldkerastörf landssjóðs og getur látið seðlana í öll opinber gjöld. Af framangreindum ástæðum er jeg því mótfallinn, að frumv. þetta verði að lögum, og mun greiða atkvæði móti því, og svo vona jeg að fleiri gjöri.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk.): Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) lagði á móti frumv. einkum af tveim ástæðum, nefnilega sökum kostnaðar fyrir landssjóð, og sökum ómaks og fjármissis þjóðarinnar. Fyrri ástæðunni hefur þegar verið svarað áður með því að taka það fram, að þótt þetta sjeu fjárframlög í bili, þá vinnst það upp aptur að nokkru leyti með því, að hinir nýju seðlar verða vandaðri og endast því lengur, og þarf þar af leiðandi sjaldan að fá þeim skipt í bankanum fyrir nýja, en það er mikið af seðlum, sem landsbankinn notar til þess árlega. Hinn áætlaði kostnaður mun vera fullhár. Landsbankaseðlarnir kostuðu eigi meira en 5—6 þúsund kr. allt upplagið, sem var þó allstórt í byrjun. Upplagið er nú að þrotum komið. svo að það er eigi annar kostnaður, sem leiðir af innköllun seðlanna og útgáfu þeirra en sá. sem þarf til nýja mótsins. Jeg skil varla, að sá kostnaður færi fram úr 5—6 þúsund kr., því að varla

mundi þurfa að fara til margra teiknara til að gjöra uppdrætti af hinum væntanlegu nýju seðlum, enda er það ekki mótið eða teikningin, sem aðallega er fundið að hinum gömlu seðlum, heldur stærðin og það, að pappírinn er ónýtur. Jeg held því eigi, að grýla sje gjörandi út úr kostnaðinum; þar sem það má til að búa til nýtt upplag hvort eð er, þá hygg jeg og, að allir muni fegnir ómakinu, sem af þessu leiðir, með því að þá er hægt að losna við þessa stóru, ljótu og ónýtu seðla. Ómakið býst jeg eigi heldur við að verði svo mikið, líklegt að hægt verei að skipta í hverri sýslu, *(Jóhannes Jóhannesson:* Það stendur hvergi í frumv.). Nei, en það er hægt eigi að síður. Fjártjón mun ekki verða af þessu fyrir almenning, því að þótt svo sje ákveðið í lögunum, að þeir seðlar skuli ógildir, sem eigi koma innan árs, þá mun, eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumv., eigi vera hætt við, að bankastjórnin beiti þessum ákvæðum, nema mjög langt væri umliðið. Mjer er kunnugt um, að samskonar ákvæðum er eigi beitt stranglega í Danmörk eða Noregi. Annars finnst mjer þetta naumast gjörandi að kappsmáli, en jeg verð að halda því fram, að kostnaður mun eigi verða mjög mikill, og álít því, að háttv. deild eigi að samþykkja frumv.

ATKVGR. Frumv. í heild sinni samþ. með 7 : 3 og afgreitt til forseta Nd.

Á 29. fundi Nd., laugardaginn 5. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 208).

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Mjer þykir vænt um, að þetta frumv. er komið fram. Það er stór nauðsyn á því, að skipt sje gömlu seðlunum fyrir nýja og betri seðla. Hinir núverandi seðlar eru óhentugir; þeir eru of stórir og vondur og haldlítill pappírinn í þeim, svo þeir slitna og velkjast mjög fljótt. Í þriðja lagi er mjög auðvelt að falsa seðla eptir þeim.

En þrátt fyrir það, þó að jeg viðurkenni nauðsynina á því, að þetta frumv. er framkomið, þá er þó eitt ákvæði í 2. gr. þess, sem jeg get ekki fallizt á; þar er ákveðið, að kostnaðurinn við tilbúning hinna nýju seðla skuli borgast af landsbankanum. Fyrst og fremst er það undarlegt, að Landsbankinn skuli eiga að borga kostnað við útgáfu þeirra seðla, sem landssjóður á, og hann hefur að eins að láni frá landssjóði, og svo má ganga að því vísu, að kostnaður þessi verði eigi svo lítill.

Útgáfa gömlu seðlanna kostaði, ef jeg man rjett, 8—9 þús. kr., en hún var svo ófullkomin, eins og allir sjá, og þess vegna ódýr; engar steinprentaðar rósir og ekki prentað nema á aðra hliðina, svo það er allt of auðvelt að búa til falsaða seðla eptir þeim. Þessir nýju seðlar verða að vera miklu fullkomnari og fallegri, úr því að á annað borð er farið að breyta þeim, en þá um leið verða þeir miklu dýrari. Jeg hef spurzt fyrir um, hvað seðlar hlutabankans hafi kostað, og var mjer sagt, að það hefði verið nálægt 45,000 »Reichsmark« eða 40,000 kr. Auðvitað hefur upplagið verið miklu meira en það þarf að vera fyrir þennan litla landsbanka, en eigi að síður má búast við, að þessi seðlaútgáfa landsbankans kosti nálægt 20 þús. kr., því að á þessum nýju seðlum munu verða prentaðar vandaðar myndir bæði á bakhlið og framhlið, svo að kostnaðurinn við þá yrði yfir helmingi meiri en á þeim gömlu.

Mjer þykir nokkuð mikið að demba þessum 20,000 kr. á landsbankann, þegar þess utan bætist á hann ýmislegt nýtt á næstu árum, svo sem 7,500 kr., sem hann árlega á að láta til byggingarsjóðsins og 8,000 kr. til prentunar bankavaxtabrjefa, ef veðdeildin 2. sería kemst á. Allt þetta mundi nema 30—40 þús. kr., og er það nokkuð mikið fyrir bankann á einu ári. Jeg segi ekki, að hann þoli það ekki, en mjer þykir óþarft að skella svona miklu á hann í einu. Það er óeðlilegt, að þyngt sje á landsins eigin banka, einmitt á sama tíma sem verið er að gjöra ívilnun við hlutabankann, sem eingöngu er eign útlendra manna.

Jeg veit, að margir þingmenn vilja spara landssjóði kostnaðinn við útgáfu seðlanna, og jeg er að nokkru leyti á sama máli, en mjer finnst, að það sje hægt að finna ráð til þess, að bæði landssjóður og Landsbankinn geti vel við unað, sem sje á þann hátt, að bankinn fengi afhent af landssjóði 750 þús. kr. í seðlum, þegar innlausnartíminn er úthlaupinn, án tillits til þess, hve mikið hefur komið inn af gömlu seðlunum. Jeg býst við, að eitthvað sje glatað af seðlunum síðan 1886. Ef t. d. vantar 30—40 þús. kr., þá á landsjóður eptir frumv. að láta af hendi til Landsbankans, þeim mun minna af seðlum, sem þessari upphæð nemur. En fái bankinn fulla upphæðina 750,000 kr., þá getur bankinn vel staðið sig við, að greiða kostnaðinn við útgáfu seðlanna, en það er landssjóði skaðlaust, því hann getur aldrei haft gagn af þeim seðlum, sem ekki eru útgefnir.

Jeg mun því við 2. umr. koma með þá breyt.till. við 2. gr., að kostnaðurinn við útgáfu seðlanna greiðist af landssjóði en ekki af landsbankanum, eða þá að bankinn fái 750 þús. kr. úr landssjóði, og borgi svo seðlaútgáfukostnaðinn. Komist hvorug sú breyt.till. fram, þá er mjer ekki sárt um, þótt málinu væri frestað til næsta þings.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Því miður heyrði jeg ekki vel ræðu hv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), honum liggur svo lágt rómur, en mjer skildist þó svo á niðurlagi ræðu hans, sem honum væri ekkert sárt um það, þótt þetta frumv. fjelli. Mjer þótti vænt um að heyra þetta, því að jeg stend einmitt upp til þess, að leggja til, að það sje fellt. Jeg sje enga knýjandi nauðsyn til þess, að fara að breyta seðlum Landsbankans að svo stöddu, Ástæðurnar, sem færðar eru fyrir frv., eru þær, að seðlarnir sjeu of stórir, pappírinn vondur og gjörðin ósmekkleg, og til þess finnur forstjórn Landsbankans því sárar, þar sem seðlar hins bankans þykja fallegir.

En það er ekki þetta, sem stendur Landsbankanum fyrir þrifum. Jeg er viss um, að seðlar hans fljúga út engu að síður, og að margir vilja eiga þá, þótt ljótir sjeu, ef lánskjör bankans þykja hagfeld og beitt er nægri lipurð.

Landsbankinn er stofnun, sem landssjóður á, svo að kostnaðurinn lendir í raun og veru á landssjóði, þótt bankanum sje ætlað að leggja hann fram; en hjer er alveg rennt blint í sjó með kostnaðinn. Í stjórnarfrumv. er áætlað, að hann nemi allt að 10 þúsund kr. En nú skyldist mjer á ræðu háttv. 1. þm. Rvk., að kostnaðurinn mundi ekki verða minni en 20 þús. kr., og mun hann vera manna færastur að dæma um það. Þetta gefur tilefni til að ætla, að áætlanir stjórnarinnar sjeu ekki allar vel glöggar, enda mun sú raun á verða í fleiri málum áður en þessu þingi lýkur.

Eins og frumv. er í garðinn búið, er það á valdi bankastjórnarinnar, hve miklu fje hún ver í þessu skyni, og hún brúkar mikið fje; það er líklegt, að hún horfi ekki í kostnaðinn, þar sem hún vill keppa við hinn bankann; engin takmörk eru sett fyrir upphæðinni, sem varið er til þessa.

Í nefndaráliti nefndar þeirrar, er kosin var í málið í Ed. segir, að nefndin telji »enga brýna þörf« á þessu, og undir þetta nefndarálit skrifar annar af gæzlustjórum bankans, og þegar þar við bætist, að bankastjórinn vill fella frumv., ef ekki verða þær breytingar gjörðar á því, sem hann telur nauðsynlegar, þá finnst mjer engin ástæða vera til þess, að hin háttv. deild fari að samþykkja frumvarpið, en tel miklu rjettara, að máli þessu sje frestað, unz hagur bankans hefur batnað, og varasjóður er orðinn mun öflugri, en nú er.

Að því er snertir alþýðu manna, getur breytingin einnig bakað stöku mönnum tap, þar sem seðlarnir eiga að innkallast með eins árs fyrirvara, og komi einhver seðill fram síðar, er hann ógildur. Það er vel hugsanlegt, að sumir menn sjeu enn svo fornbýlir hjer á landi, að þeim þyki gaman að luma á peningum, og vilji eigi láta vitnast, hvað peningaeign þeirra líður, og kemur þeim mönnum breyting þessi illa, enda getur hún valdið töluverðu óhagræði, einkum í sumum útkjálkahjeruðunum, og þyrfti bankastjórnin því að minnsta kosti að gjöra þá ráðstöfun, að skiptin gætu farið fram hjá sýslumönnum. Þótt ætla megi, að beitt verði lipurð, og seðlar leystir inn jafnvel eptir það, að fresturinn er liðinn, þá er það þó engin skylda samkvæmt frumv., og því ekki gjörlegt, að treysta því, svo að vel gæti svo farið, að stöku menn yrðu fyrir fjártjóni.

Ef þetta frumv. ætti fram að ganga, þá væri og ef til vill rjettast, að setja ákvæði inn í lögin, að því er snertir nauðsynlegt eptirlit með því, hvað kæmi inn af seðlum, og um eyðileggingu gömlu seðlanna í hvert skipti, er Landsbankinn fær nýja seðla í skiptum. Það er hvorki af tortryggni við bankastjórnina nje landstjórnina, að jeg segi þetta, heldur af því, að mjer finnst það vera rjett, og viðfeldnara fyrir alla parta.

Af því að jeg sje ekki, að ástæður verði færðar fyrir því, að nauðsyn sje á, að þetta frumv. nái fram að ganga, legg jeg því til, að það sje fellt.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vildi að eins gjöra þá fyrirspurn, hvort það er hugsun stjórnarinnar, að endurnýja alla seðlana, fimmtíukrónu seðlana líka, eða að eins fimm- og tíukrónu seðlana; það gæti verið talsverður munur á kostnaði, og jeg álít, að það væri rjettara að endurnýja að eins fimm- og tíukrónaseðlana, því fimmtíukróna seðlarnir eru svo vel úr garði gjörðir, að mjer finnst engin þörf á að endurnýja þá að svo komnu enda mikill kostnaður.

Ráðherrann: Háttv. þm. N.-Ísf. gat þess, að það mundi ekki vera mikil þörf á því, að endurnýja seðla landsbankanns, þar sem tveir af stjórnendum hans, er sitja hjer á þingi, annar í Ed. og hinn í Nd., hefðu að nokkru leyti verið móti þessu frumv. En jeg skal taka það fram, að þetta frumv. er komið fram eptir tvisvar endurtekinni ósk bankastjórnarinnar. (*Skúli Thóroddsen:* Þeir hafa þá breytt skoðun sinni). Jeg hef ekkert það heyrt í ræðu háttv. 1. þm. Rvk. að hann hafi breytt skoðun sinni. Það var alveg rjett tekið fram hjá háttv. þm., að það gjörir ekkert til í sjálfu sjer, hvort það er landsjóðurinn eða Lands-

bankinn, sem borgar prentun seðlanna, þar sem landsbankinn er landsins eign. En mjer finnst það rjett, að bókfæra þetta sem hver önnur útgjöld bankans, og þá á það að borgast af honum.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) gjörði víst allt of mikið úr þeim kostnaði, sem af þessu mundi leiða; því þó að seðlar Íslandsbanka hafi kostað 15 þús. »Reichsmark« eða hjer um bil 40 þús. kr., þá er lítið að miða við það. Það voru 4 tegundir af mjög vönduðum seðlum, en hjer er ekki að tala um nema tvær, því stjórnin ætlast til, að heimildin til þess, að skipta um fimmtíukrónu seðlana, verði ekki notuð fyr en síðar. Það yrðu þá að eins fimm- og tíukrónu seðlarnir, sem yrðu gefnir út, að minnsta kosti fyrst um sinn, og þar sem allir seðlarnir upphaflega ekki kostuðu nema 6—7 þúsund, sýnist mjer fullvel í lagt, að áætla 10 þús. fyrir þessar tvær seðlategundir. Allir, sem þekkja núverandi seðla landsbankans, hljóta að viðurkenna, að þeir eru mjög óhentugir í meðferð. Mjer finnst því sanngjarnt, að verða við ósk bankastjórnarinnar, og greiða atkvæði með frumv., en jeg held því föstu, að kostnaðurinn á að greiðast af bankanum, enda ætti honum ekki að verða nein vorkun, þar sem varasjóður hans er orðinn 400,000 kr., það ætti ekki að vera hætt við »undirbalance« fyrir það.

Háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) talaði um, að það væri ósanngjarnt, að bankinn ekki hefði neinn hagnað af týndum seðlum. En það getur ekki snert neitt veltufje bankans, þó eitthvað týnist af seðlum, svo hann hefur ekkert tap af því. Að láta bankann hafa nú 750,000 kr. í nýjum seðlum, *áður* en hann skilar hinum, er ómögulegt, því það kemur í bága við gildandi lög. Hann má ekki hafa úti seðla fyrir meir en 750,000 kr. alls. Það er sjálfsagt, að láta bankann skila öllum þeim gömlum seðlum, sem hann smám saman nær í, og láta hann fá nýja seðla jafnóðum í staðinn. Þannig fæst líka það eptirlit (»kontrol«), sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) kvartaði um að vantaði.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat um, að það gæti verið óþægilegt fyrir landsmenn, að þessi skipting færi fram, því margir hefðu gaman af því, að hafa eitthvað í kistuhandraðanum, og vildu luma á skildingunum. Þessu get jeg svarað með því, sem í athugasemdum við frv. stendur, að seðlarnir mundu að sjálfsögðu verða innleystir, eptir að fresturinn væri út runninn, ef enginn vafi er á því, að þeir sjeu ekta.

Það er annars vafasamt, hvort það þarf svona heimild til þess, að innkalla seðlana. Seðla Þjóðbankans mætti vel innkalla með konunglegri »resolútion«, en mjer þótti rjett, að taka þessa heimild upp í frv., úr því lagafrumv. þurfti á annað borð til þess, að breyta ákvæðum bankalaganna um seðlagjörð.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg veit nú raunar ekki, hvort háttv. þm. Ísf. (Sk. Th.) heyrir betur til mín nú en í fyrra skiptið. Hann talaði um, að bankastjórninni virtist ekki vera neitt annt um, að frumv. þetta næði fram að ganga. Jú, ef frumv. verður í þeirri mynd, sem jeg óska, þá þætti mjer vænt um, að það kæmist í gegn um þingið. Seðlarnir eru óhentugir bæði fyrir þá, sem brúka þá og fyrir bankann sjálfan. Þeir eru óálitlegir og óhandhægir fyrir þá, sem brúka þá, og að því, er bankann snertir, þá eru þeir svo illa gjörðir, að talsverð hætta er á, að hægt sje að falsa þá; það er svo einfalt verk á þeim,

að það er auðvelt fyrir hvern listfengan mann, að eptirgjöra þá, svo að því leyti væri það æskilegt, að frv. næði fram að ganga. En svo má dýrt selja, að menn gangi frá kaupum, og þetta frv. álít jeg of dýrt fyrir bankann. Jeg skal játa það, að kostnaðurinn er minni, ef að eins verða búnir til 5- og 10 kr.-seðlar, eins og hæstv. ráðherra talaði um; það er satt, að í bráð er ekki svo nauðsynlegt, að endurnýja 50 kr.-seðlana, þar sem enn er til töluvert af þeim óbrúkuðum, og þeir eru betur vandaðir en hinir. Það gæti verið, að kostnaðurinn yrði þá ekki meiri en 15 þúsund kr. 5- og 10 kr.-seðlarnir gömlu eru óvandaðir bæði í bak og fyrir, og því óhætt að gjöra ráð fyrir, að hinir nýju seðlar verði helmingi dýrari.

Hæstv. ráðherra talaði um, að bankinn ætti nú 400 þús. kr. í varasjóði, og honum væri því ekki of vaxið, að ráðast í þetta. Jeg játa það líka, að bankinn kæmist ekki í neina hættu fyrir þetta, en það er samt leiðinlegt, að eyða meiru en þarf, því bankinn hefur ekki of miklu úr að spila. Bankinn hefur fjarska lítið fje til að lána; hann hefur ekki annað í veltunni til útlána en stofnfje sitt, þessar 750 þús. kr., er seðlafúlgan nemur. Hitt er mest, allt sparisjóðsfje, sem hann hefur með $3^3/_4$% vöxtum, og þarf að svara til, hvenær sem krafizt er. Svo eru það þessar 400 þús. kr., sem safnazt hafa í varasjóð, að frádregnum 80,000 kr., sem standa í bankabyggingunni; þær hefur bankinn einnig til að lána út gegn rentum. En bankinn þarf líka allt af að hafa mikið fje fyrirliggjandi, minnst 60—100 þúsund, svo að menn þeir, sem eiga í sparisjóði, geti ætíð hiklaust fengið það út, sem þeir eiga inni. Bankinn hefur frá upphafi haft það fyrir reglu, að borga tafarlaust úr sparisjóði, þegar þess hefur verið krafizt, hversu stór sem upphæðin var; hann hefur aldrei neitað því, að borga út 5—10 þús. kr. samdægurs, þó þess hafi verið krafizt. Af þessu stafar hið mikla traust, sem landsmenn nú eru farnir að hafa á sparisjóðnum.

En af því varasjóður bankans er nú orðinn nokkuð stór, leiðir það, að bankinn þarf nú ekki lengur ábyrgð landssjóðs til seðla útgáfunnar. Það væri full mikil trygging, þó hann gæfi nú út seðla sína eingöngu gegn tryggingu í varasjóðnum. Nú á samt landssjóður að hafa ábyrgðina eins og áður, en fyrir það tekur hann 15 þús. kr. á ári. Það er þó ekki svo að skilja, að jeg sjái ofsjónum yfir því, sem landssjóður fær; það gleður mig þvert á móti, að bankinn getur hlaupið ofurlítið undir bagga með landssjóði, en ekki er þó vert, að fara of langt út í það í bráðina.

Í lögunum frá 1885 fjekk bankinn leyfi til að hafa allt að 500 þús. kr. í seðlum og eptir lögunum 1900 hefur hann leyfi til að hafa alls $^3/_4$ miljón í seðlum. Jeg vil nú, að bankinn fái að nota það leyfi, sem hann þannig hefur að lögum, þegar hann fær nýja seðla, en ef hann að eins fær nýja seðla fyrir þá gömlu seðla, sem inn koma, þá hefur hann ekki alla þá upphæð til útlána, sem lögin heimila. En það finnst mjer óviðfeldið, ef landsbankinn má eigi nota heimild sína til fulls, þegar útlendir menn hafa leyfi til að gefa út $2^1/_2$ miljón í seðlum og nota þá heimild til fulls. Auðvitað verður það gróði þess banka, allt sem glatast af hans seðlum, en landsins eigin banki má eigi njóta sömu hlunninda.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en rjettara sje, að landsbankinn græði andvirði

þeirra seðla, sem tapazt hafa í umferðinni, en landssjóður ekki, þó hann upphaflega hafi gefið seðlana út; landsbankinn hefur komið þeim í umferð og haft allt umstangið með þá; það er nú komið yfir 100 þús. kr., sem landssjóður er búinn að fá frá landsbankanum síðan hann var stofnaður, að eins fyrir lán á pappírsmiðunum. Það er góð hjálp og alllaglegur skildingur frá þessu litla peði, sem landsbankinn er. Jeg vil því ráða til, að landssjóður noti það leyfi út í æsar, sem hann hefur til að gefa út seðla, og að hann unni landsbankanum að hafa þann litla hagnað, sem hjer ræðir um. Það er ekki nema lítil viðurkenning til landsbankans fyrir góða þjónustu í landsins þarfir.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ætla að eins að leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir út af ræðum þeirra, sem síðast hafa talað.

Þar sem hæstv. ráðh. vefengdi, að gæzlustjóri bankans, sem á sæti í Ed., hefði látið í ljós, að honum væri ekkert annt um, að frumv. þetta kæmist í gegnum þingið, og taldi enga brýna nauðsyn á því, þá hefur hæstv. ráðh. fráleitt lesið nefndarálit Ed., sem gæzlustjórinn sjálfur hefur skrifað undir, því þar er komizt svo að orði, að nefndin telji »enga brýna þörf« á breyting þessari. Eptir því sem mjer hefur skilizt, leggur líka bankastjórinn, hv. 1. þm. Rvk (Tr. G.) því að eins kapp á málið, að landssjóður sje látinn bera kostnaðinn. Hann segir, sem rjett er, að bankinn hafi lítið fje til umráða, og get jeg vel skilið, að hann vilji ekki verja því til þessa, þar sem hann sjer sjer ekki fært að stofna útibú á Seyðisfirði, þó það sje bein skylda bankans. Það er því naumast vel ráðið, að kasta út þessum 20—25 þús., úr því engin brýn nauðsyn er á því, og væri betra að verja 20—25 þús. til þess að stofna fyrir lítið útibú á Seyðisfirði. En hvað það snertir, að varpa kostnaðinum á landssjóð, þá er það varla ráðlegt, þegar hagur hans stendur ekki betur en svo, að þingið hefur orðið að leggja allmikil ný gjöld á þjóðina.

Háttv. 1. þm. Rvk. taldi í síðustu ræðu sinni enn eina ástæðu til þess að innkalla gömlu seðlana, sem sje þá, að það væri svo auðvelt að falsa gömlu seðlana. En ef svo er, þá væri auðvitað mest þörfin á því, að innkalla 50-króna seðlana, þar sem mest er í húfi að því er þá snertir, sjeu þeir falsaðir. En þar sem hæstv. ráðh. tók fram, að hann hefði hugsað sjer að kalla að eins inn 5- og 10 kr.-seðlana í bráðina, þá nær ákvæði frumv. til allra seðlanna, og það er mun betra að panta mót á alla seðlana í einu, því það verður ellaust ódýrara; það hlýtur að vera eins með þá pöntun og aðrar, að því meiri sem viðskiptin eru, því lægra er verðið. Auk þess er rjettast að endurnýja 50 kr.-seðlana. Sjeu þeir ekki fallegir, er sjerstök ástæða til að prýkka þá, því menn finna þó einna mest til þess, og þykjast menn með mönnum, er þeir hafa 50 kr. seðil í vasanum, og þeir seðlar eiga því sjerstaka heimtingu á að ganga í endurnýjungu lífdaganna. Annars má geta þess, að sje það aðallega pappírinn í 5 og 10 kr. seðlunum, sem gjöra þá svo auðvirðilega, þá er enginn vandi að bæta úr því, og þarf ekki miklu til að kosta. Það þarf ekki annað en að endurprenta seðlana og hafa þá betri og vandaðri pappír í þeim en áður, því mótin eru sjálfsagt til enn.

Innköllun seðlanna hefur líka töluverðan kostnað í för með sjer fyrir landsmenn. Það stendur ekki í frv., hvernig henni skuli hagað. Ef til vill

verður henni hagað svo, að innleysa megi seðlana hjá sýslumönnum landsins, og bætir það talsvert úr skák, en eigi landsmenn að snúa sjer beint til bankans, þá getur það haft töluverð óþægindi og kostnað í för með sjer.

Að öllu þessu yfirveguðu get jeg ekki sannfærzt um, að svo brýn þörf sje á því, að frumv. þetta gangi fram nú, og jeg verð að álita það miklu hyggilegra, að láta varasjóð bankans halda áfram að safna í sarpinn, og ráðast ekki að svo stöddu í þetta ónauðsynlega fyrirtæki, sem vel má bíða öllum að skaðlausu.

Ráðherrann: Auðvitað er þetta ekkert stórmál nje brýn nauðsyn á að koma því fram. En málið er sanngjarnt, og það væri mjög hentugt bæði fyrir bankann og landsmenn, að fá gömlu seðlana endurnýjaða. Jeg skil heldur ekki, að mótspyrnan gegn því hafi við rík rök að styðjast,, nema það þyki of »fint« fyrir þennan banka, að hafa góða og laglega seðla, af því að hann er að eins íslenzkur landsbanki, en ekki útlent aktíufyrirtæki. En það get jeg ekki talið lögmæta ástæðu, og jeg svara því á móti, að jeg held, að margir menn út um land yndu því vel, að banka landsins væri sýndur þessi sómi.

Mjer finnst raunar ekki þurfa að endurnýja 50 kr. seðlana, því þeir eru að sínu leyti eins fallegir eins og 5 og 10 kr. seðlarnir eru ljótir. Þar að auki slitna þeir síður, og það sjest minna á þeim en hinum tegundunum; það er sjálfsagt af því, að þeir eru vandaðri og mynd á þeim báðumegin. En að mynd er báðumegin á seðlum merkir það, að þeir eru helmingi dýrari en hinir í tilbúningi, og það hefur sjálfsagt ekki kostað meira en 1/4 af andvirðinu, sem varið var til seðlanna 1885, að búa til 5 kr. og 10 kr. seðlana hvora um sig; þá kostaði ekki meira en eitthvað á 7 þús. kr. að búa til alla seðlana. Það getur því ekki nú farið fram úr 10 þús kr., þó búnir verði til vandaðir 5 og 10 kr. seðlar.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en vona, að háttv. þingd. lofi því að ganga áfram til 2. og 3. umr.

ATKVGR. Málinu vísað til 2. umr. með 13 : 6 atkv.

Á. 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A. 208, 322).

Forseti leitaði atkv. deildarinnar um, hvort breytingartill. á þgskj. 322 mætti koma til umr. og atkv., og var það leyft með öllum atkvæðum.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg á þessa breyt.till. á þskj. 322, sem leyft var að kæmi til umr.

Hún er framkomin af þeirri ástæðu, að jeg álít heppilegt fyrir landið, að rjetturinn til að gefa út seðla sje notaður að fullu, en það er eigi hægt eptir þessu frumv. Með lögum 18. septbr. 1885 var veitt heimild til að gefa út seðla fyrir 1/2 milljón króna og seinna, 12. jan. 1900, var veitt heimild tit að gefa út seðla fyrir 1/4 milljón, en þetta nemur samtals 750,000 kr.

Jeg gjöri nú ráð fyrir því, að þegar landssjóður á að gefa nýja seðla fyrir þá gömlu, þá komi í ljós, að eitthvað sje glatað af gömlu seðlunum, en ef landssjóður á að gefa nákvæmlega þá sömu upphæð út eins og kemur inn af gömlum seðlum, þá gefur hann minna út, heldur en honum er heimilað með lögum. Það er auðvitað, að það, sem glatast af seðlum, er beint tap fyrir þá menn, sem áttu seðlana

og sem þeir aldrei geta fengið endurgoldið, en hver á þá að hafa hag af því, að seðlarnir glatast? Nokkrir segja, að landssjóður eigi að hafa hag af því, en aðrir, að landsbankinn eigi að hafa þann hagnað.

Jeg get nú ómögulega sjeð, að landssjóður geti haft hag af glötun seðlanna, en þar í móti sje jeg, að landsbankinn getur haft gagn af því, ef landssjóður gefur út nýja seðla, sem nema seðlatapinu og afhendi þá bankanum. Það er ómögulegt að segja, hve mikið hefur glatazt af seðlum; það getur numið 20, 30 eða 40 þúsundum króna. Jeg vil taka til dæmis, að seðlar hafi glatazt fyrir 30 þúsund krónur og að þeir seðlar, sem koma inn, nemi 720,000 krónum; þá eru 30 þús. krónur minna til nota fyrir almenning, og 30,000 kr. minna, sem landssjóður gefur út, en bann hefur lagaheimild til. Ef landssjóður ekki gefur seðla út fyrir þessari upphæð, þá er þetta tap fyrir lántakendur við bankann, en landssjóður hefur engan hag af því, að láta seðlana liggja ónotaða og óarðberandi hjá sjer. Þeir nýju seðlar kosta landssjóð ekki hálfan eyri, þegar landsbankinn á að kosta útgáfu þeirra, en í landssjóðnum verða að liggja 30 þúsund kr., sem landssjóður ekki hefur heimild til að gefa út eptir því, sem ákveðið er í frumv. þessu.

Landsbankinn tapar einnig rentunum af þessum seðlum, sem nema 1350 kr., í samanburði við það, ef hann mætti hafa þá til útlána. Það stendur í 3. gr. gildandi laga, að landssjóður eigi að leggja til $^1/_2$ milljón króna, en ef þessir seðlar nema ekki fyllilega þeirri ákveðnu upphæð, þá tapar bankinn rentunum; en landssjóður tekur eigi að síður 2% eður 600 kr. af þessum 30 þús. kr., þó landsbankinn hafi þær ekki í veltunni.

Jeg er sannfærður um, að þessi breyt.till. mín er fyllilega rjettmæt. Ef hún verður felld nú, þá er jeg viss um, að búa verður til ný lög, að 2—4 árum liðnum, til viðbótar þessum lögum, því þegar innlausnartíminn er útrunninn, þá sjá menn, að nauðsynlegt er að fá ný lög, sem heimila landssjóði að afhenda bankanum fulla upphæð seðla, í allt fyrir 750 þús. króna.

Jeg ímynda mjer, að þeir, sem vilja stækka og fjölga útibúum landsbankans, vilji ekki að óþörfu minnka seðlafúlgu bankans, heldur greiði atkvæði með því, að svo mikið sje gefið út af seðlum, sem lögin frekast leyfa, og jeg veit, að þeir muni sjá, að það er heppilegast fyrir landssjóð og lántakendur bankans.

Jeg vona því, að breyt.till. mín fái góðan byr hjer í deildinni.

Ráðherrann: Jeg hef áður tekið það fram, að jeg sjái ekki, að afhending seðlanna geti farið fram öðru vísi en að bankinn gjaldi gamla seðla við nýjum seðlum. Bankinn er búinn að fá hjá landssjóði það, sem hann má fá, og ef hann nú fær 750,000 kr. aptur í nýjum seðlum, án þess að skila jafnmiklu, þá fær hann frá landssjóði meira, en skuldabrjef bankans til landssjóðs segir til um.

Jeg get því með engu móti sjeð, að þessi breyt.till. fái staðizt.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg get ekki skilið, hvaða hag stjórnin sjer sjer í því, að halda þessu fram. Það er sagt, að bankinn hafi einu sinni fengið 750 þús. kr. En það er svo í öllum bönkum og ríkisstofnunum, að ef bankavaxtabrjef eða »Obligation« glatast, þá getur sá, er missti, fengið annað í staðinn, ef sannanir eru nægar; því má bankinn þá ekki fylgja sömu reglu, einkum þar sem landssjóður tapar ekki $^1/_2$ eyris virði á því? Hvað á landssjóður að gjöra með að

liggja með 30 þús. kr. í handraðanum, sem enginn hefur gagn af, en landið gæti haft miklu meira gagn af, ef þetta væri tekið upp úr handraðanum, og haft til útlána, landsmönnum til gagns.

Meðan þetta verður ekki skýrt svo glöggt, að jeg skilji það, þa verð jeg að telja það undarlegt, að landssjóður ætlar að hafa gagn af þeim seðlum, sem ekki eru gefnir út, eða liggja hjá honum.

Ekki getur landssjóður sjálfur verzlað með þessa afgangs seðla, og ekki selt Landsbankanum þá fyrir peninga, því í lögunum frá 1885, 18. sept. 2. gr, stendur, að landssjóður eigi að afhenda Landsbankanum $^1/_2$ miljón kr. í *seðlum*, ekki peningum. Hvernig á þá landssjóður að hafa gagn af seðlum þessum, þegar hann hvorki getur selt þá nje lánað þá út gegn vöxtum?

Ráðherrann: Jeg skil ekki, hvað háttv. þm. meinar með að landssjóður *tapi* 30 þús. kr. Sjeu 30 þús. kr. í hinum gömlu seðlum týndar, þá er innlausnarskylda landssjóðs nú þeirri upphæð minni. Gefi landssjóður út seðla einnig fyrir þeirri upphæð, sem töpuð er af gömlum seðlum, þá tekur hann á sig nýja innlausnarskyldu, án tilsvarandi hækkunar á seðlaskuld bankans til landssjóðs, sem þegar nú er 750 þús. kr. og má ekki vera meiri.

En eins og breyt.till. er orðuð, fer hún ofan í skýlaus ákvæði 8. gr. í lögum frá 7. júní 1902, sem auðvitað ekki er meining flutnm., og getur því ekki staðizt óbreytt.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Það er engin ný útgáfa, þó að látnir sjeu nýir seðlar fyrir gamla, rifna og glataða. Það eru ekki gefnir út neinir nýir seðlar, svo lengi sem verð þeirra samtals fer eigi fram úr 750 þús. kr.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 atkv. gegn 10 að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Þorsteinss.,	Guðm. Björnsson,
Herm. Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Briem,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Ólafsson,
Magnús Andrjess.,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Kristjánss.,	Stef. Stef., þm. Skgf.
Ólafur Thorlacius,	
Stef, Stef., þm. Eyf.	
Tr. Gunnarsson.	
Þórh. Bjarnarson.	

Pjetur Jónsson þm. S.-Þing. var ekki á fundi.

2. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 322 samþ. með 13 atkv. gegn 1.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 atkv. gegn 6.

Á 38. fundi Nd. miðvikudaginn 16. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 328, 400).

Ráðherrann: Breyt.till. á þgskj. 400 er gjörð í þeim tilgangi að nota út seðlaútgáfurjett landssjóðs, og verða við þeim óskum, að glataðir seðlar komi bankanum til góða.

Eins og frumv. kom frá stjórninni og Ed., var gengið út frá því, að ekki yrðu gefnir út fleiri nýir seðlar, en skilað væri gömlum, og að landssjóður þannig, með lækkaðri innlausnarskyldu, græddi þá upphæð, sem töpuð væri í seðlum, þ. e. að hann hjeldi seðlaskuldarkröfu sinni gagnvart landsbankanum, jafn vel þótt innlausnar-

skylda hans takmarkaðist um þá upphæð, er glataðir seðlar næmu. Breyt.-till. háttv. 1. þm. Rvk. er þannig orðuð, að það leit svo út, sem heimild væri gefin til að hafa úti fleiri seðla, að minnsta kosti í bráð, heldur en önnur gildandi lög ákveða. Það varð því að gjöra talsverða breytingu, og hef jeg steypt frumv. algjörlega upp, þannig að nú vona jeg, að ekki sje hægt að misskilja ákvæði þess á neinn hátt.

Eptir breytingaruppástungu minni verður frumv. þannig, að fyrst er ákveðið, að kostnaður við seðlagjörð greiðist af bankanum. Því næst eru settar reglur um innköllun gömlu seðlanna, og afleiðing af innkölluninni.

Þá er ákveðið, hvernig afhenda skuli bankanum hina nýju seðla og hafa eptirlit með seðlaskiptunum, og reglur settar um það, hvenær megi álíta seðla glataða. Loks eru »pósitív« ákvæði um, að landssjóður skuli afhenda bankanum í nýjum seðlum jafn mikið og nemur þeirri upphæð, sem ætla má, að glataðir seðlar nemi.

Þetta er gjöf til bankans frá landssjóði, en þó ei nein útgjöld fyrir hann. Eign bankans og varasjóðsins eykst, en það er eign landssjóðs og er því sama sem að taka úr öðrum vasanum, og láta í hinn.

Jeg vona, að frumv. þannig lagað verði samþykkt af háttv. deild og óskir háttv. 1. þm. Rvk. með þessu uppfylltar.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Óskir mínar og bankans eru með br.-till. og orðum hæstv. ráðh. uppfylltar. Br.till. er alveg fullnægjandi. Jeg ætlaði mjer að koma með breyt.till. líka þessari, sem fyrir liggur, en hætti við það, þegar jeg sá breyt.till. hæstv. ráðh. Hún er betur orðuð og þess vegna hætti jeg við mína. Ráðherrann talaði um, að innlausnarskyldan fyrir landssjóð yrði dálitið meiri, ef bankinn verður lagður niður, þegar ekki væru gefnir út seðlar af nýju fyrir þá glötuðu, en jeg vonast til þess, að það komi aldrei fyrir, að þingmenn verði svo blindir, að þrengja svo að kostum landsbankans, landsins eigin eign, að hann þurfi að hætta störfum og leggjast til hvíldar, svo þess vegna sje þarflaust að minnast á innlausnarskyldu landssjóðs. Landsbankinn á nú yfir 400,000 kr. varasjóð, svo það er illa áhaldið, ef bankinn þyrfti að hætta.

Jeg álít það ákvæði í frumv. rjett, að enginn gamall seðill sje gildur, þegar eitt ár er liðið frá síðasta innköllunardegi, en eigi að síður getur bankinn skaðlaust borgað nokkra seðla, sem síðar kunna að koma fram, þó engin lagaskylda verði fyrir því.

ATKVGR.: 1. breyt.till. við 1. gr. (400) samþ. með 22 atkv.

1. gr. fallin.

2. breyt.till. (400) við 2. gr. samþ. með 22 atkv.

2. gr. þar með fallin.

3. breyt.till. (400) við 3. gr. samþ. með 22 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 21 atkv. og endursent forseta Ed.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A. 436, 481).

Framsögamaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Eins og hið stutta nefndarálit ber með sjer, eru það svo örlitlar breytingar, sem orðið hafa á frumv. í háttv. Nd., að jeg vona, að allir háttv. þingdm. eigi hægt með að átta sig á þeim. Aðalbreytingin er fólgin í því, að frumv. er orðað öðruvísi en þegar það fór frá þessari deild, og að skýrara er kveðið á um það,

hvernig seðlaskiptin skuli fara fram. Það er gjört ráð fyrir, að öll úpphæðin, 750 þús. kr. verði greidd til landsbankans, þegar liðið er eitt ár frá því er innköllunarfresturinn er liðinn, og að landsbankinn skuli bera allan kostnaðinn af útgáfu hinna nýju seðla. Þar sem þetta er aðalbreytingin, þá þykir mjer ekki taka að eyða frekar orðum að því. Það virðist ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að þegar landsbankinn á að bera allan kostnaðinn við seðlaútgáfuna, að honum beri þá líka öll sú fúlga, sem hann hefur leyfi til að gefa út.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K): Eins og jeg var mótfallinn þessu frv., þegar það var til umræðu áður hjer í deildinni, eins er jeg ekki síður mótfallinn því nú, þar sem hjer er farið fram á að gefa bankastjórninni ótakmarkaða heimild til þess, að verja svo miklu fje, sem vera skal, til útgáfu þessara nýju seðla. Bankastjórninni er alveg í sjálfsvald sett, þótt hún vildi verja 50—60 þúsundum króna til útgáfu hinna nýju seðla. Hjer er að vísu ekki farið fram á, að kostnaðurinn greiðist úr landssjóði, en þar sem fje landsbankans er eign landsins, þá getur manni verið alveg eins sárt um það.

Jeg verð að álíta það mjög athugavert að gefa bankastjórninni alveg ótakmarkaða heimild, og setja henni alveg í sjálfsvald, hversu miklu fje hún láti verja til útgáfu seðlanna.

Jeg hef heyrt það á umr. um þetta mál í háttv. Nd., að það varð töluverður meiningarmunur um kostnaðarupphæðina. Stjórnin gjörði ráð fyrir, að 10 þús. krónur mundu vera nægileg upphæð, en stjórn bankans áleit, að ekki mundi veita af hjer um bil 25 þús. krónum. Þar sem áætlanirnar eru svona míkið á reiki, og ef svo þessir nýju seðlar landsbankans eiga að verða eins vandaðir og fallegir og seðlar Íslandsbanka, sem kostuðu ca. 40 þús. króuur, þá er það meðal annars næg ástæða til þess, að jeg get ekki gefið þessu frumv. atkv. mitt. Jeg mun því greiða atkv. á móti frumv., með því að jeg álít það alveg óþarft.

Ráðherrann: Út af orðum hins h. 2. þm. G.-K. (V. G.) skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að jeg tel það sennilegast, að kostnaðurinn við útgáfu hinna nýju seðla fari ekki fram úr 10—15 þús. kr., þótt öllum seðlum yrði breytt, og ef að eins smærri seðlunum yrði breytt, þá mundi kostnaðurinn verða að því skapi minni. Jeg hef að vísu heyrt, að kostnaðurinn við útgáfu seðla Íslands banka hafi numið ca. 40 þús. kr. En þar var um 4 seðlategundir að ræða, og jeg held líka, að seðlagjörðin hafi verið miklu dýrari, en þurfti að vera. Við það er í öllu falli ekkert miðandi.

Þá áleit háttv. sami þingm. það mjög varhugavert, að bankastjórninni væri gefin ótakmörkuð heimild og henni sett í sjálfsvald, hve miklu hún vildi verja til seðlaútgáfunnar. En hjer tel jeg fyrst því að svara, að auðvitað sjer landsstjórnin um seðlaútgáfuna, þótt kostnaðurinn sje greiddur af bankans fje, og er ómögulegt að takmarka seðlakostnaðinn nákvæmlega. Í annan stað væri það ekki svo hættulegt, þótt bankastjórninni væri falin önnur eins framkvæmd eins og þetta. Ef henni hefur verið trúandi fyrir því fje, sem hún hingað til hefur haft með að fara, þá er torskilið, að ekki ætti nú að vera vogandi að fela henni að annast kaup, er nema svo sem 10 til 12 þús. kr.; slík tortryggni virðist vera alveg ástæðulaus, og ef háttv. 2. þm. G.-K. hefur ekki neinar aðrar huldar

ástæður til þess að vera á móti þessu frumv, þá finnst mjer, að hann geti vel breytt þeirri ákvörðun sinni, að greiða atkv. móti frumv.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 7 : 1 atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XVI. Rithöfundarjettur.

Á 5. fundi Ed., fimmtudaginn 6. júlí kom frumv. til laga um rithöfundarjett til 1. umr.

Ráðherrann: Það verður varla sagt, að til sjeu hjer á landi nein lög, er verndi rjettindi rithöfunda. Raunar eru til nokkur ákvæði í tilsk. frá 7. jan. 1741 og 7. maí 1828 um ritsmíðar, en það er hvorttveggja, að vafasamt er, hvort þau gildi hjer á landi, enda eru ákvæði þessi allsendis ófullnægjandi. Það er þannig bannað að prenta upp aptur það, sem gefið hefur verið út á prenti, en ekki bannað að taka handrit manna, og prenta þau að þeim fornspurðum.

Á alþingi árið 1889 var samþykkt frumv. um þetta efni, en sökum ýmsra galla, er á því þóttu vera, var því synjað staðfestingar. Þá voru í undirbúningi í Noregi og Danmörku lög um þetta efni. Nú eru komin út lög í Danmörku um rjettindi rithöfunda og listamanna, og eru þau að efni samkvæm sænskum og norskum lögum sama efnis, og í samræmi við samskonar lög í flestum ríkjum hins menntaða heims.

Frumv. þetta er að mestu leyti sniðið eptir dönsku lögunum frá 29. marz 1904, um rjettindi rithöfunda og listamanna, en úr því sleppt öllu, er lýtur að rjettindum listamanna. Stjórnarráðið fann ekki ástæðu til að taka rjettindi listamanna með í frumv., bæði vegna þess, að listamennska er í svo mikilli bernsku hjer á landi, að naumast tekur því að setja ennþá sjerstakar verndarreglur um eptirgjörð listaverka, enda njóta íslenzkir listamenn verndar fyrir verk sín í Danmörku, þar sem einna mest mundu líkindi til að á slíkri vernd þyrfti að halda. Það eru talsvert ítarlegar athugasemdir prentaðar við frumv. þetta, og eru þær skrifaðar með hliðsjón af athugasemdum þeim, er fylgdu frumv. því, er lagt var fyrir ríkisþingið danska 1897. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um frumv. að þessu sinni, en býst að sjálfsögðu við, að nefnd verði skipuð í málið.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð til að íhuga mál þetta.

Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Mætti jeg leyfa mjer að benda á, að mjer virðist vera prentvilla í upphafi 12. gr. frumv.; þar stendur »erfingjar hans« en á víst að vera »erfingja hans«.

Ráðherrann: Jeg skal játa, að það kunni að vera nokkrar prentvillur í frumvörpunum; það þurfti að hraða prentuninni mjög, enda hef jeg orðið þess var, að talsverðar smávillur hafi slæðzt inn við prentun og prófarkalestur. Þetta, sem háttv. þm. nefndi, er bersýnileg prentvilla.

ATKVGR.: Að frv. gangi til 2. umr. samþ. e. hlj.

Samþ. að skipa 3 manna nefnd í málið og hlutu kosningu í hana:

B. M. Ólsen með 13 atkv.

Jón Ólafsson með 12 atkv.

Næstir þeim fengu þeir Ágúst Flygenring og Valtýr Guðmundsson 3 atkv. hvor; var því kosið á ný, og fengu 2 hinir síðasttöldu þingdm. aptur 3 atkv. hvor um sig og nokkrir aðrir 1 og 2 atkv.; en með því að 3. maður var enn eigi kosinn í nefndina, var kosið bundinni kosningu í 3. sinn, og hlaut þá kosningu:

Valtýr Guðmundsson með 9 atkv.

Í nefndinni var Björn M. Ólsen kosinn formaður og Jón Ólafsson skrifari og framsögum.

Á 35. fundi Nd., mánudaginn 14. ágúst kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 351). Guðjón Guðlaugsson og Guttormur Vigfússon ekki á fundi, höfðu skýrt frá forföllum.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk.): Eins og nefndin hefur skýrt frá í hinu stutta áliti sínu, þá er frumv. þetta ekki frumsmíði, heldur er það að mestu leyti þýðing á lögum Dana um sama efni, sumstaðar miður vönduð; en með því að þau lög eru góð og að miklu leyti er samræmi milli þeirra og laga hinna ríkjanna á Norðurlöndum um sama efni, þá hefur nefndinni ekki þótt þörf á, að gjöra margar efnisbreytingar á frumv., og þótt breyt.till. nefndarinnar sjeu 47 að tölu, þá eru þær þó flestar orðabreytingar, og stafar það af því, að þýðingin á frumv. er ekki sem bezt úr garði gjörð og málið víða stirt og óviðfeldið, sjerstaklega þar sem íslenzkan gefur sumstaðar aðra og gagnólíka meining við það, sem tilgangurinn hefur verið, og urðum við þessvegna að hafa danska textann til hliðsjónar,. til þess að geta sjeð, hvað frumv. vildi segja.

Um fyrstu og aðra breyt.till. er ekkert að segja; það eru að eins orðabreytingar.

3. breyt.till. við 2. gr, er að eins fólgin í því, að fella burt kommuna á eptir orðinu »opinberlega«, með því að hún heggur í sundur meiningu málsins.

4. breyt.till. við 3. gr. er heldur ekki efnisbreyting; sama er að segja um 5. og 6. breyt.till., að það eru að eins orðabreytingar.

7. breyt.till. er líka orðabreyting, en af því að orðalagið gat verið tvírætt, eins og það stendur í 5. gr. frumv., þá vildi nefndin gjöra þessa litlu breytingu, og miðar hún til þess að bæta málið og gjöra efni greinarinnar ljósara.

8. breyt.till. við 6. gr. er heldur ekki efnisbreyting, en að eins orðabreyting.

9. breyt.till. við 3. lið 6. greinar er orðabreyting og um leið efnisbreyting. Í frumv. stendur: »Nú fá margir eignarrjett á riti að arfi, og skal þá sá *þeirra*, sem höfundur með arfleiðsluskrá hefur til þess kjörið, skera úr því, hvort birta skuli ritið o. s. frv. Þetta stafar af misskilningi á danska textanum; það á að vera hver *sá*, sem höfundur hefur til þess kjörið, og er það í samræmi við samskonar ákvæði, sem kemur fyrir á öðrum stað í stjórnarfrumvarpinu.

10. breyt.till. við 6. gr. 4. og 5. lið er að eins orðabreyting til þess að gjöra málið skýrara. Það hefði ef til vill mátt komast hjá að gjöra þessa breytingu, en annar háttv. meðnefndarmanna minna vildi heldur orða þessa liði á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á.

11. breyt.till. við 9. gr. fer fram á, að 4. liður þeirrar greinar orðist alveg um. Í stjórnarfrumv. stendur: »Nú selur höfundur útgáfurjett á riti, og nær þá rjettur útgefanda aðeins til einnar prentunar, nema öðruvísi sje um samið. Ein prentun má eigi fara fram úr 1,000 eintökum, nema um rit þau sje að ræða, er um getur í 3. gr. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi uppselt.« Þar vildum við, að kæmi í staðinn: »Nú selur höfundur (eða sá, er í hans stað gengur) útgáfurjett á riti, og nær þá rjettur útgefanda til einnar prentunar að eins, nema öðruvísi sje um samið, og má slík prentun eigi fara fram úr 1,000 eintökum, nema ritið eigi að birtast á þann hátt, er um er rætt í 1. málsgr. 3. gr. Höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu meðan upplag útgefanda er eigi uppselt, enda sje ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi sje hærra, en upphaflega var á það sett.« Þessa viðbót höfum við gjört með tilliti til þess, að þar sem höfundur má eigi gefa út nýja prentun af ritinu nema upplag útgefanda sje uppselt, þá höfum við sett þetta viðbótarskilyrði, að ritið sje jafnan fáanlegt með hinu upphaflega verði; annars gæti útgefandi haldið fáeinum eintökum eptir af ritinu og þar með hindrað nýja útgáfu af því, og þannig misboðið rjetti höfundar. Við vonum því, að bæði háttv. stjórn og þingdeildin geti fallizt á þessa breytingartill. okkar og játi, að hún sje til bóta.

12. breyt.till. við 3. lið 10. gr. fer fram á að færa það tímatakmark, sem þar ræðir um, úr 5 árum niður í 3 ár. Í frv. stendur, að þegar einhver hefur öðlazt einkarjett á að sýna rit á leiksviði, en lætur eigi leika það opinberlega í 5 ár samfleytt, þá skuli höfundi aða erfingjum hans, en eigi öðrum, er kynnu að hafa náð eignarrjetti á ritinu, heimilt að fá öðrum í hendur leikrjettinn eða láta leika ritið sjálfir. Þetta tímatakmark er sett eptir því, sem til hagar annarsstaðar. Þar geta leikhús haft svo upptekið »prógram«, að ekki sje hægt fyrir þau að koma ritinu að fyr en eptir svo langan tíma, en hjer á landi er ekki líklegt að til þess þurfi að koma, og fannst nefndinni því nægilegt að ákveða þennan frest til 3 ára, þannig að höfundur eða erfingjar hans gætu öðlazt þenna einkarrjett eptir 3 ár.

Svo kem jeg að 13. breyt.till. við 11. gr. Þar höfum við sett inn dálitið viðbótarákvæði í samræmi við samskonar ákvæði í 2. hluta 6. gr. Þetta viðbótarákvæði hljóðar svo:

»Nú arfleiðir höfundur einhvern að eignarrjetti samins máls eða gefur hann sem dánargjöf, og skal þá rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið«.

Okkur fannst höfundarrjettur að sömdu máli vera svo *persónulegs* eðlis, að hann yrði ekki metinn til útlags móti öðrum arfahlutum. Þess ber líka að gæta, að höfundurinn má banna að birta ritið, og þá er *enn* minni ástæða til að reikna það í arf, nema hann sjálfur setji ákvæði um það í erfðaskrá sinni.

15. breyt.till. nefndarinnar við 3. lið 11. gr. fer fram á, að síðasta málsgr. orðist svo:

»Þó skal óskerður rjettur sá, er 12. gr. veitir þeim, er skuld eiga að hinum látna manni«.

Þetta er að eins orðabreyting og þarf hún því ekki frekari skýringar við.

16. breyt.till. við 12. gr. er líka orðabreyting, sem meðfram byggist á, að

fyrsta málsgrein er misþýðing á danska textanum, og er það að líkindum prentvilla.

17. breyt.till. við 1., 2. og 3. málsgrein 12. gr. er eigi efnisbreyting, en að eins fært til þess, sem okkur fannst vera liðlegra mál.

18., 19. og 20. breyt.till. eru að eins orðabreytingar.

21. breyt.till. við 15. gr. er líka orðabreyting, en jafnframt ofurlítil efnisbreyting. Í stj.frumv. stendur:

»Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit einstakar greinar úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema fylgisögur og skáldsagnir, enda sje þess eigi getið við greinarnar, að eptirprentun sje bönnuð«.

Okkur fannst nóg að taka það fram, að þessi heimild nái eigi til sjerstakra fylgirita. Ennfremur höfum við bætt við því ákvæði, að tilgreina skuli nafn þýðanda líka, með því að opt getur staðið svo á, að verk það, sem þýðandinn innir af hendi. sje fullt eins þýðingarmikið og frumritið, og þess vegna fannst okkur ástæða til, að hann geti látið nafns síns getið.

22. breyt.till. er að eins orðabreyting.

Í 23. breyt.till. er farið fram á, að bætt sje inn í 2. lið orðunum: »svo sem mót, plötur og þessháttar«, og er það í samræmi við dönsku lögin.

24. breyt.till. er að eins orðabreyting, og sama er að segja um 25. breyt.till.

26. breyt.till. er líka orðabreyting, en miðar jafnframt til þess að taka það skýrara fram, hvenær hlutaðeigandi hafi ástæðu til að ætla, að hann hafi rjett fyrir sjer eða sje í góðri trú. Við getum hugsað okkur það dæmi, að gefin væru út rit eptir dáinn höfund, og að útgefandi hefði leitað eptir dánarári hans, og fundið það, en það verið skakkt tilfært (vangá eða prentvilla), og hefði svo útgefandi í góðri trú haldið samkvæmt því, að nægur tími væri liðinn; en svo reyndist síðar, að skakkaði t. d. 1 ári eða 2.

27. breyt.till. við 17. gr. fer fram á, að á undan orðinu: »útbýti« komi »viss vitandi«; okkur fannst sem sje ekki ástæða til, að leggja refsingu við því, að maður af gáleysi flytur með sjer t. d. blað í bók, sem hann ekki hefur vitað af.

28. breyt.till. fer fram á, að brot gegn 1. málsgr. 15. gr. skuli varða allt að 50 kr. sektum í staðinn fyrir frá 1—20 kr., eins og stendur í frumvarpinu. Okkur fannst rjett að setja hámarkið 50 krónur. Sum af þessum brotum geta verið svo vaxin, að eigi sje ástæða til, að ákveða hámark sektarinnar lægra en þetta; það getur auðvitað verið álitamál þetta atriði um upphæð sektanna, en það virðist þó ekki geta orðið verulegt ágreiningsefni.

29. og 30. breyt.till. eru að eins orðabreytingar. Okkur var ekki fyllilega ljóst, hvað meint er með orðinu »gerfileikar« í þessu sambandi; vanalega er það haft í allt annari merkingu. Þess vegna höfum við lagt það til, að í staðinn fyrir setninguna: »í heimildarleysi að sýna gerfileiki eða söngleiki« komi: »að sýna í heimildarleysi sjónleika eða söngleika«.

31. breyt.till. er að eins orðabreyting.

32. breyt.till. er líka orðabreyting. Nefndin kunni betur við að hafa orðið »sýning« í staðinn fyrir »leikir«, með því að það getur verið sú sýning, sem tæplega getur kallazt »leikur«.

33. breyt.till. er í samræmi við 26. breyt.till. og á sömu rökum byggð.

Sama er að segja um 34. breyt.till., að hún er í samræmi við 28. breyt.till.

35. breyt.till. er að eins orðabreyting.

36. breyt.till. er kommubreyting.

37., 38. og 39. breyt.till. eru að eins orðabreytingar.

40. breyt.till. er leiðrjetting á óviðkunnanlegu máli.

41. breyt.till. er að eins orðabreyting.

42. breyt.till. er lagfæring á því, sem hlýtur að vera prentvilla í frumv.

43. og 44. breyt.till. eru að eins orðabreytingar.

45. breyt.till. við 26. gr. er efnisbreyting. Í frumv. stendur, að ákvæði þessara laga skuli ná til allra ritsmíða danskra þegna, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er forlagsmaður þeirra er íslenzkur. Nefndinni þótti undarlegt að veita í þessu efni lagavernd t. d. ritsmíðum Íslendinga í Ameríku, sem geta prentað allt upp eptir okkur. Þess vegna hefur nefndin lagt til, að fyrsta málsgr. 26. gr. orðist svo, að lög þessi taki til ritsmíða allra Íslendinga hjer á landi, og til ritsmíða annara danskra þegna að svo miklu leyti og svo lengi sem Íslendingar njóti sama rjettar í Danmörku, og einnig til ritsmíða utanríkismanna, er prentaðar eru eða forlagðar hjer á landi í fullri heimild. Það sem hjer á landi er prentað eða forlagt þótti okkur sjálfsagt að vernda; en hins vegar þótti okkur eigi ástæða til, að láta þessa vernd ná til útlendinga, sem ekki veita íslenzkum ritsmíðum sömu vernd.

Að því er danska þegna snertir, þá er þess að gæta, að forlagsrjettarlögin gætu breytzt svo, að það yrði misrjetti við þá, og þess vegna þótti okkur rjettara, að taka það fram, að lög þessi nái til ritsmíða annara danskra þegna, svo lengi sem Íslendingar njóta sama rjettar í Danmörku, svo að það yrði jafnrjetti á báðar hliðar.

Svo höfum við enn fremur stungið upp á því, að fella burt 2. málsgrein 26. greinar, og fellur þá um leið burt öll »definitión« á því, hvort forlag er íslenzkt eða ekki. Þetta er verulegasta efnisbreytingin, sem við höfum gjört á frumvarpinu, og þess eðlis, að við vonum, að hún fái góðan byr í deildinni.

Við höfum ekki haggað við síðari hluta greinarinnar; að eins höfum við í stað orðsins »fjárskuldbinding« í næstsíðustu línu greinarinnar sett orðið »fjárkvöð«, sem okkur þótti liðlegra orð.

Með því að flestar af breyt.till. okkar eru orðabreytingar, þá höfum við lagt til, að frumv. verði samþykkt að mestu leyti óbreytt að efni til. Það inniheldur töluverða rjettarbót á því núverandi ástandi, því að mjer vitandi eru ríthöfundar algjörlega rjettlausir í þessu tilliti hjer á landi.

Það voru fleiri atriði, sem komu til umræðu í nefndinni í sambandi við þetta frumv., og sem nefndinni virtist æskilegt að gjörð væru að löggjafaratriði, svo sem rjettur listamanna; en nefndin vildi ekki setja nein ákvæði um það, inn í þetta frumv. og heldur ekki koma fram með sjerstakt frumv. um það, en vildi heldur skjóta því til stjórnarinnar, hvort henni fyndist ekki ástæðu til að taka það atriði til íhugunar og leggja svo frumv. um það fyrir næsta þing, þegar málið væri búið að fá nægilegan undirbúning.

Að svo mæltu vona jeg, að frumv. og sjerstaklega breyt.till. okkar byrji vel hjer í deildinni, þar sem þær eru flestar óverulegar.

Ráðherrann: Í athugasemdum stjórnarinnar við þetta frumv. er það tekið fram, að það sje að mestu leyti tekið eptir hinum nýju lögum í Danmörku um þetta efni. En þau lög eru aptur sniðin eptir því, sem nú mega heita allsherjar reglur í menntuðum löndum. Það var því enginn

sjerlegur vandi fyrir háttv. nefnd að uppgötva, að frumv. væri »*lítið* annað en þýðing«, eins og nefndarálitið segir; það var ekkert leyndarmál, því í ástæðunum við stjórnarfrumv. er beinlínis vísað til, hvar fyrirmyndina sje að finna. Nefndin segir, að þýðingin sje sumstaðar »miður vönduð« og að flestar breyt.till. hennar miði að því, »að leiðrjetta *misþýðingar* eða lagfæra málið«. Það kann nú vel að vera, að málið sje ekki allstaðar eins gott, og æskilegt hefði verið, og var þó vandað til þess eptir föngum. Þegar þetta frumv. var gjört úr garði, var mikið annríki í stjórnarráðinu, og af því að til var alþingismaður hjer í bænum, mikilhæfur málvöndunarmaður, sem hafði sýnt það af sjer, að hann hafði mikinn áhuga á þessu frumvarpsefni, sem sje háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.), þá tók stjórnarráðið það til bragðs að senda honum frumvarpið ill yfirlesturs, eptir samkomulagi við hann, til þess að spara honum ómak í væntanlegri nefnd hjer í deildinni. Frumv. kom aptur frá honum eptir nokkurn tíma með *2 smáathugasemdum*, sem báðar voru teknar til greina. Jeg leit þá svo á, að frumv. væri þá orðið svo úr garði gjört að málfæri, sem föng voru á eptir atvikum, er það var búið að ganga í gegnum þennan hreinsunareld. En það sýnist svo, sem Filippus hafi þó viljað eptirskilja Alexander einhvern sigur að vinna, einnig hjer. Svo hafa prentarar og prófarkalesarar gefið háttv. nefnd nokkurt verkefni, og hefur háttv. nefnd þar ekki gengið frá leifðu. Flestallar breyt.till. miða að því, að leiðrjetta prentvillur, sem reyndar hefði allt eins vel mátt gjöra með því, að benda skrifstofunni á þær, í staðinn fyrir að vera að þenja nefndarálitið út með þessum mörgu breyt.till. um kommur og punkta; en einu má gilda hvaðan eða hvernig gott kemur.

Háttv. nefnd segir, að flest allar breyt.till., sínar miði að því, að leiðrjetta misþýðingar, og laga málið. Hún gleymir að nefna allar kommurnar. En um »misþýðingarnar« er það að segja, að þegar að er gætt, er það, sem nefndin alítur misþýðing, sumpart miskilningur hennar sjálfrar, sumpart er það ákvæði, sem af ásettu ráði eru höfð öðruvísi en í dönsku lögunum, og tekin upp eptir frumv. um eignarrjett á sömdu máli 1889, sem háttv. framsm. þekkir eða ætti að þekkja, t. d. ákvæðin í 3. gr. Flestar breyt.till. háttv. nefndar eru orðabreytingar eins og háttv. framsm. hefur tekið fram, eða lestrarmerkjabreytingar, sem gjöra lítið til eða frá. Þá eru og nokkrar efnisbreytingar. Þar á meðal breyt. við 1. gr., þar sem á eptir banninu móti því, að lesa upp í heimildarleysi annara ritsmíðar, er skotið inn orðunum: í »almanna áheyrn«. Það var einmitt með vilja gjört, að nefna ekki almanna áheyrn í stjórnarfrumv., til þess að gefa ekki þar með óbeinlínis heimild til að lesa upp í leyfisleysi handrit annara manna í svo nefndum »prívatfjelögum«, sem geta verið allstór og með rúmri aðgöngu.

Það þætti hart, ef einhver næði í handrit höfundar, að hann mætti þá lesa það upp í fjelagi, sem kallar sig »sluttet Selskab«. Mjer finnst þessi breyt.till. heldur til skemmda, og vona því, að háttv. deild felli hana. Háttv. framsm. gat um, að misþýðing væri á 3. lið, 6. gr. En jeg verð að halda því fram, að »testamentariskur« erfingi sje líka erfingi; þó er mjer það ekkert kappsmál, að halda hjer orðalagi frumv.

Það er bersýnilegt, að meiningin er sú í báðum tilfellum, að höfundur geti falið hverjum sem hann vill, að gæta ritsæmdar sinnar. Þetta stendur líka beint úttalað í aths. við frumv. Hjer er því að eins um orðamun að ræða.

Aptur á móti finnst mjer breyt.till. við 9. gr. 4. lið in f. sje dálítið varhugaverð. Eins og niðurlag liðsins er nú, finnst mjer það alveg öfugt við það, sem vera ætti. »Höfundur má ekki gefa út nýja prentun af riti sínu, meðan upplag útgefanda er eigi upp selt«, stendur í breyt.till. nefndarinnar »enda sje ritið þá jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, er eigi er hærra, en upphaflega var á það sett«. Það virðist augljóst, að meiningin er, að ekki megi gefa út nýja prentun fyr en fyrri útgáfan er orðin *ófáanleg* í bókaverzlunum við upphaflegu verði.

Nefndin hefur í stað »höfundar« í 6. gr. 4. lið sett »sameigandi«. Mjer finnst það of mikið, að taka svo ráð af höfundi, að hver og einn, sem kann að hafa eignazt einhvern part í ritinu, geti heimtað, að það sje prentað aptur óbreytt. Reyndar má segja, að það komi sjaldan fyrir, að margir sjeu höfundar að sama riti, en ef svo færi, þá finnst mjer, að ákvæði frumv. sje betra en br.till. nefndarinnar í þessu efni. Hinar br.till. eru svo margar, að það tekur allt of langan tíma, að fara út í þær, enda eru flestar þeirra þannig vaxnar, að á sama má standa, hvort þær verða samþ. eða ekki.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Hátt. framsm. hefur þegar skýrt breyt.-till. nefndarinnar, og jeg ætla mjer heldur ekkert að blanda mjer inn í þessa »familiuscenu« milli hans og hæstv. ráðherra. Jeg stóð upp, af því jeg tók það fram í nefndinni, að jeg gæti ekki verið með 45. og 46. breyt.till. við 26. gr. Jeg sje ekki annað en það sje að eins tituprjónastingur til Dana, að vera að taka fram, að lögin nái til danskra þegna svo lengi sem Ísland njóti sömu rjettinda í Danmörku. Þetta virðist óþarfi, því ef breyting verður á þessu í Danmörku, þá er hægurinn hjá að breyta því líka hjer. Það getur aldrei orðið að tilfinnanlegum skaða fyrir oss, þó 2 ár liðu á milli breytingarinnar í Danmörku og hjer. Viðvíkjandi 46. breyt.till. þá kynni jeg því illa, að Bókmentafjelagsdeildin í Kaupmannahöfn þyrfti að komast undir ákvæðið. »Danskur þegn«. Að mínu áliti er stjórnarfrumv. betra á þessum stað og mun jeg því ekki greiða atkv. með þessum breyt.till.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Hæstv. ráðh. tók nefndinni nokkuð óstinnt upp breyt.till. hennar. Af því jeg er bæði skrifari og framsm., verð jeg að halda uppi svörum fyrir þeim, þó jeg ekki eigi þær allar. Hæstv. ráðh. þótti það hart að segja, að flestar breyt.till. miðuðu að því að leiðrjetta misþýðingar og bæta mál. Jeg skal játa, að hið síðara hefði átt að standa á undan. Það er ekki rjett hjá hinum hæstv. ráðh., að frumv. frá 1889 sje sniðið eptir dönskum og norskum lögum, því mörg ákvæði, sem í því standa, eru fyrst á síðari árum tekin upp í lögin í Danmörku og Noregi. Sömuleiðis gat hæstv. ráðh. þess, að mjer hefði verið sent frumv. til yfirlesturs, það er mikið rjett, en jeg átti annríkt þá og gat að eins lesið það í gegn og gjörði 2 stryk við þar sem jeg vildi, að efnisbreyting yrði gjörð, annars hjelt jeg, að jeg þyrfti ekki að lesa stýla fyrir stjórnina.

Það er ekki rjett, að það hafi verið tekið spottslega á móti frumv., því þó að því sje ábótavant, þá eru allir þakklátir stjórninni fyrir að hafa komið fram með það, þar sem engin lög

voru til þessa efnis, en mesta þörf á þeim. Það er engin ástæða til fyrir hæstv. ráðh. að taka það illa upp, þótt málið sje leiðrjett, því það er ekki nema satt, að það er líkt því, sem sagt var um mál á öðru frumv. hjer um daginn. að það væri eins og garnaflækja. Það er ekki heldur við að búast, að það sje betra, því að sömu mennirnir hafa búið frumv. undir, sem gjörðu það þegar skrifstofan var í Khöfn, og ekki von á, að þeir eptir 2 ár sjeu orðnir miklu betri, þó að auðvitað megi sjá framför frá því, sem áður var. Hæstv. ráðh. minnist á, að nefndin hefði tekið prentvillur upp sem breyt.till., en það gjörðum vjer til þess, að skrifstofan skyldi taka eptir þeim og leiðrjetta þær, því að allir vita það, að það hefur verið svo í sumar, að hvert einasta frumv. hefur úð og grúð af prentvillum.

Að ákvæðið um 50 kr. hafi verið tekið upp úr frumv. frá 1889, þá er það ekki rjett; nefndin hafði það frumv. ekki við nema við 14. breyt.till. Það er rjett hjá hæstv. ráðh., að það er efnisbreyting við 11. gr., en jeg verð að líta svo á, að hún sje til bóta. Eptir því sem stóð í frumv. hefði höfundur ekki mátt lesa verk sín upp fyrir ættingjum sínum, og gat verið spursmál, hvort hann hefði mátt lesa það upp fyrir sjálfum sjer, nema þá í hljóði.

Jeg fæ ekki skilið, hvernig hæstv. ráðh. fær það út, að í 11. breyt.till. ætti að standa »ófáanlegt« í stað »fáanlegt«. Jeg sje ekki betur, en að meiningin sje svo glögg, sem hægt er. Höfundur má ekki gefa út rit sitt, ef það er fáanlegt við sama verði og upprunalega. Tökum t. d., að einhver gæfi út ljóðasafn hæstv. ráðh. og seldi á 3 kr., en er 100 eintök væru eptir, setti hann það allt í einu upp í 50 kr., þá hefði hæstv. ráðh. leyfi til að gefa það út aptur, af því að það fæst ekki við upprunalegu verði. Það er alkunnugt, að forleggjarar fara allt, sem þeir geta, við höfunda, sjerstaklega góða höfunda, en hjer hafa hingað til engin lög verndað þá, og er það því von mín, að háttv. deild samþ. þetta frumv. ásamt með breyt.till. vorum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði gagnvart 45. breyt. um að það væru tituprjónastingir til Dana, þá skil jeg alls ekki mótbárur háttv. þm. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það sje sanngjarnt, að láta Dani hafa sama rjett og okkur, svo lengi sem við njótum sama rjettar hjá þeim.

Enn fremur talaði háttv. þm., að sjer þætti leiðinlegt, að »Bókmenntafjelagið« komist undir ákvæðið »danskur þegn«, en við því má gjöra, ef fjelagið gefur út sín rit á Íslandi. Jeg man svo ekki fleiri atriði, sem jeg þarf sjerstaklega að svara að sinni.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg ætla að gjöra fáeinar athugasemdir. Jeg skal lýsa yfir því, að jeg mun greiða atkv. á móti 1. breyt.till. nefndarinnar, því að mjer finnst hún fremur skemma en bæta. 14. breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. fer fram á, að aptan við 1. lið bætist inn nýr málsliður svo hljóðandi: »Nú arfleiðir höfundur einhvern að eignarrjetti samins máls eða gefur hann sem dánargjöf, og skal þá rjetturinn eigi til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eigum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið«.

Jeg er ekki viss um, að jeg greiði atkv. með þessu, því svo getur á staðið, að eptirlátin rit sjeu aleiga einhvers manns. Mjer dettur í hug það tilfelli, að Gísli sálugi Konráðsson hefði dáið ungur og bláfátækur, eins og hann var. Því nær hið eina, sem hann hefði þá látið eptir sig handa fjölskyldu sinni,

hefði þá verið rit hans, sem hann samkvæmt þessu ákvæði nefndarinnar hefði mátt svipta fátæka erfingja sína. Þetta ákvæði getur orðið ósanngjarnt og komið hart niður á erfingjum.

Enn fremur ætla jeg að geta þess, að orðið »ritsmíð«, sem notað er í frumv. þessu, lætur mjög illa í eyrum manna. Því er ekki notað orðið rit eða ritverk? Smíði er aðallega notað um verk iðnaðarlegs eðlis. Annars er þetta þýðingarlitið atriði, en jeg bendi að eins á það, af því að farið er að nota þetta orð víða, þar sem það alls ekki á við.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Húnv, (J. Jak.) sagði, þá er það satt, að svo getur á staðið, að eini arfurinn, sem erfingjum er eptirlátinn, sjeu rit. Þannig var það með Oehlenschläger. Hann ljet ekkert annað en rit eptir sig. Þetta tók jeg líka fram í nefndinni. En jeg gekk inn á það með meðnefndarmönnum mínum, að hafa það þannig, af því mjer fannst þeir hafa töluvert til síns máls, að menn ættu að hafa leyfi til þess að hafa frjálsari umráð yfir ritum sínum en öðrum eignum.

Ennfremur vildi jeg gjarna sameina mig við einhverja háttv. deildarmenn um, að skjóta því inn í við 3. umr., að Íslendingar í Ameríku sjeu undanteknir.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer finnst að öll þau atriði, sem um hefur verið rætt, sjeu fremur óveruleg.

Eins og háttv. framsm. tók fram, þá eru flestar breyt.till. nefndarinnar að eins orðabreytingar, og þær fáu efnisbreytingar, sem nefndin hefur leyft sjer að gjöra, hefur háttv. framsm. skýrt. Jeg tek það fram, að mjer fanst ekki mikil brögð að málvillum eða málýtum á frumvarpinu, eins og það kom frá stjórninni, og yfir höfuð finnst mjer í sumar vera sýnileg framför, að því er snertir orðfæri á þeim frumv., sem stjórnin hefur lagt fyrir þingið, frá því, sem áður var. Jeg get ekki verið meðnefndarmönnum mínum samdóma um, að málið á þessu frumv. væri svo vítavert. En óneitanlega voru á því smámisfellur, sem vjer höfum leitazt við að koma í betra horf. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram viðvíkjandi 11. breyt.till. nefndarinnar við 9, gr., að jeg var ekki alls kostar ánægður með orðin: »enda sje ritið jafnan fáanlegt í bókaverzlunum við verði, sem sje eigi hærra, en upphaflega var á það sett«. Meining nefndarinnar var, að aldrei mætti verða hlje á útsölu ritsins, meðan upplagið entist, og að eigi væri hækkað verðið. Jeg mun reyna að koma fram með breyt.-till. viðvíkjandi þessu, en í svipinn datt mjer ekki neitt annað í hug en það, sem stendur í breyt.till. nefndarinnar.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er nú fátt, sem jeg þarf að svara síðan áðan. Viðvíkjandi athugasemdum hv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) þá skal jeg skýra honum, hversvegna nefndin vildi gjöra þessi sjerstöku ákvæði um ritverk. Nefndin sem sje áleit, að þau væru svo persónulegs eðlis, væri eins og partur af manni sjálfum, að um þau giltu alveg sjerstakleg ákvæði. Allir geta, ef þeim svo sýnist, eyðilagt eða gefið rit sín í lifandi lífi, og jeg sje ekki, hvað er unnið við það, að meina mönnum að gjöra sjerstakar ráðstafanir um eptirlátin rit sín eptir sinn dag.

Hátlv. 2. þm. G.-K. (V. G.) vildi undantaka Íslendinga í Ameríku, ef þeir væru ekki íslenzkir þegnar, en jeg held, að opt verði torvelt að upplýsa um það, hvort þeir sjeu það.

Háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) tók það fram, að sjer hefði ekki þótt málið á stjórnarfrumv. neitt tiltakanlega slæmt, en jeg vil minna háttv. sessunaut minn á það, að það var einmitt hann, sem var faðir að flestum breyt.till. nefndarinnar, svo eitthvað hefur honum þótt athugavert við málið.

Ennfremur skil jeg ekki það, sem háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) sagði um 11. breyt.till. við 9. grein, því eins og nefndin hefur gengið frá henni, næst allt, sem hann vill hafa með, og mjer er óljóst hvernig öðruvísi hann vill hafa það.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg skal leyfa mjer að gjöra viðvíkjandi orðum háttv. framsm. (J. Ó.) út af 14. breyt.-till. Að vísu viðurkenni jeg það, að því er dálitið öðru vísi varið með ritverk en aðra eign, en jeg vil ekki ganga eins langt eins og háttv. nefnd, því hjer er ekki að eins óprentað mál, heldur öll ritverk, einnig prentað mál tekið með. Þetta verður því ósanngjarnt, og bein eignaskerðing gagnvart löglegum erfingjum þeirra, sem einungis eða aðallega láta eptir sig ritverk og lýsi jeg yfir því, að jeg mun greiða atkv. á móti þessari breyt.till. nefndarinnar.

Björn M. Ólsen (3. kgk.): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, gagnvart háttv. 1. þm. Húnv. (J. Jak.), að 14. breyt.till. stendur í nánu sambandi við það ákvæði frumv., er gjörir ráð fyrir því, að svo geti staðið á, að hinn látni höfundur vilji fela einum manni umsjón og eptirlit með útgáfu rita sinna. Þetta heimilar frumv. í 6. grein, og ákveður, að sá maður, sem höfundurinn nefnir til þessarar umsjónar í arfleiðsluskrá, skuli skera úr, hvort birta skuli ritið eða ekki. En úr því þetta er heimilt, hvað er þá á móti því, að höf. geti beinlínis arfleitt mann að eignarrjetti að riti sínu. Væri það ekki eðlilegt, að höfundurinn einmitt gæfi þeim manni ritið eptir sinn dag, sem hann fæli umsjón með því, svo sem nokkurskonar endurgjald fyrir starfa hans. Auk þess eru ritverk eign sjerstaklegs eðlis, því að ritin eru einskonar partur af höfundinum sjálfum og virtist því nefndinni ástæða til, að hafa alveg sjerstök ákvæði um arfleiðslu að þeim. Að því er snertir það, sem háttv. 4. kgk. (J. Ó.) sagði um 11. breyt.till. við 9. gr., þá er hún að vísu nokkurnveginn í áttina, en mjer finnst hún ekki nógu skýr, og jeg vildi láta taka hugsunina betur fram.

Ráðherrann: Mjer þykir vænt um, að háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) vill vera með því, að breyta 9. gr., því jeg fæ ekki betur sjeð, en að það væri að minnsta kosti skýrara, að þar standi »ófáanlegt« í staðinn fyrir »fáanlegt«. Það eru fáein önnur atriði, sem jeg vildi minnast á, og þar á meðal viðaukatillöguna við 1. lið 11. greinar, sem háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) talaði um. Nefndin vill, að eignarrjettur að sömdu máli, sem höfundur arfleiðir að, eða gefur sem dánargjöf, skuli ekki til verðs metinn gagnvart öðrum eptirlátnum eignum hans, nema hann hafi sjálfur svo til skilið. Þetta virðist allt of mikið byggja á þeirri gömlu skoðun, að ritsmíði sje brauðlaus list, og að mannvitið verði ekki látið í askana. Jeg sje ekki betur en að þetta ákvæði geti opt leitt til ranglátra ráðstafana og algjörlega komið í bága við gildandi reglur um lögboðinn erfðarjett og takmörk fyrir dánargjafarjetti þeirra, sem eiga skylduarfa.

Það væri sök sjer, ef breyt.till. næði aðeins til óprentaðs máls, handrita, og getur þó einnig staðið svo á um ó-

prentuð handrit, að það sje fyrirfram víst, að þau hafi frekar peningalegt verðmæti en persónulegt sjer-gildi, svo sem þegar um árangur af rannsóknarstörfum er að ræða eða þvílíkt. Það er svo misjafnt, hvað ritsmíðin geti álitist persónuleg. Það er t. d. ekki gott í því efni að bera »lýriskan« skáldskap saman við venjulegar barnalærdómsbækur, stafrófskver og þvílíkt. Það geta verið ritverk, sem verða að skoðast hjerumbil eingöngu frá fjárhagslegu sjónarmiði, eru meira eða minna peningalegt verðmæti, annað ekki, og í þessum tilfellum er breyt.till. nefndarinnar ekki sanngjörn. Jeg skal leyfa mjer að benda á, að nefndin hefur notað óheppilega orðið að »birta« í 17. breyt.till. Þetta orð er allstaðar í frv. notað um *fyrstu* birtingu rits og verður því ósamræmi í orðalagi frumv., ef þessi breyt.till. verður samþ. Að endingu vil jeg taka það fram, að í 12. gr. er nákvæmlega fylgt hugsun norrænu laganna um þetta efni, og að það er varhugavert að breyta til um atriði, sem eru svo þaulhugsuð og helztu lögfræðingar á Norðurlöndum hafa spreytt sig á; því er stór hætta á því, að slíkar tilbreytingar kunni að reka sig á á einhvern hátt; er það lítt hugsanlegt, að menn með lítilli umhugsun bæti mikið um þessi vandlega hugsuðu ákvæði.

Á tveim stöðum í frumv. hefur háttv. nefnd lagt það til, að hegningarskilyrðunum sje breytt, sem sje með 27. breyt.till. við 17. gr. og 33. breyt.till. við 19. gr. Jeg ímynda mjer, að nefndin hafi meint það sama sem í stjórnarfrumv. stendur, en aðeins breytt út af venjulegu lagamáli; hafi menn fullar afsakanir fyrir gjörðum sínum, þá kemur ekki til mála að beita hegningu.

Í stjórnarfrumv. svara orðin »af ásettu ráði« — »vangá« til orðanna »med Forsæt« — »Uagtsomhed«. Það mundi enginn dómari láta sjer detta í hug, að dæma í hegningu fyrir verknað, sem hvorki væri framinn af ásettu ráði, nje af vangá, en hlutaðeiganda verður að einhverju leyti sök á gefin; hafi maðurin haft fulla ástæðu til þess að halda, að verknaðurinn væri sjer heimilaður, og hafi hann hegðað sjer eins og hver annar góður maður og samvizkusamur mundi gjöra undir líkum atvikum, þá mundi vangáin vera afsakanlegri og verknaðurinn því ósaknæmur; þetta er þannig eptir stjórnarfrumv., og jeg fæ ekki betur sjeð, en að þessar breyt.till. nefndarinnar sjeu alveg óþarfar.

Jeg er samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um það, að óþarft sje, að gjöra orðabreytingu þá við fyrsta málslið 26. gr., sem háttv. meiri hluti nefndarinnar fer fram á með 45. breyt.till. sinni; eins og greinin er orðuð í stjórnarfrumv., nær hún bæði yfir Íslendinga og Dani, sem ekki eiga hjer heima, en eru danskir þegnar, og Íslendinga hjer heima. Íslendingar í Ameríku eru ekki íslenzkir þegnar, og það er ekki rjett eða eðlilegt, að þeir njóti ríkisverndar hjer á landi, meðan þeir njóta hennar í Ameríku.

Að endingu vil jeg geta þess, að mjer finnst það mjög óheppilegt, að fella burtu ákvæðin í stjórnarfrumv. um það, hvenær álíta skuli fjelög innlend, því það gæti þá opt orðið vafasamt ágreiningsmál, hvort álíta ætti fjelag innlent eða ekki.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Af mótbárum þeim, sem fram hafa komið á móti breyt.till. nefndarinnar virðist að eins ein vera á rökum byggð, nefnilega á mótbáran á móti 14. breyt.till. við 11. gr., og er jeg fús að vera með breyt.till. við 3.

umr. í þá átt, að takmarka rjett arfleiðanda til arfleiðslu, án þess það verði metið til verðs gegn öðrum eptirlátnum eigum hans, til þeirra rita, sem óútgefin eru við lát hans.

Viðvíkjandi því, að óþarft væri, eins og hæstv. ráðh. hjelt fram, að gjöra þá orðabreytingu á 26. gr., fyrstu málsgrein, sem nefndin hefur lagt til að gjörð yrði, þá vil jeg benda á það, að árið 1889 var samhljóða ákvæði samþ. í báðum deildum hjer á þinginu, og hafði umboðsmaður stjórnarinnar, landshöfðingi Magnús Stephensen, rækilega kynnt sjer frumv., og var það áhugamál, að það næði fram að ganga; synjun stjórnarinnar á staðfestingu frumv. var að eins byggð á því, að frumv. um rithöfundarjett hafði verið í undirbúningi í 15 ár í Danmörku, og vildi stjórnin, að málið væri látið bíða þess, að lög yrðu gefin um þetta efni í Danmörku. Þetta var sú eina ástæða, sem stjórnin hafði til þess að synja frumv. staðfestingar.

Að því er snertir mótbárur hæstv. ráðh. á móti 17. breyt.till. nefndarinnar við 12. gr., þá er það svo bersýnilegt, að orðið »birta« hjer þýðir að sýna á leiksviði, en ekki gefa út á prenti.

Að öðru leyti vil jeg geta þess, að öðrum en mjer stendur nær að svara mótbárum þeim, sem fram hafa komið á móti till. nefndarinnar, því að jeg er faðir að fæstum þeirra, heldur mætti má ske segja sem svo, að jeg væri ljósmóðir þeirra, þar sem jeg hef skrifað þær niður.

Ráðherrann: Jeg hef ekki við hendina B.-deild Stjórnartíðindanna frá 1891, þar sem prentað er brjef stjórnarinnar, dags. 30. maí, viðvíkjandi synjun um konungsstaðfestingar á frumv. frá 1889, um eignarrjett að sömdu máli, en jeg man það fyrir víst, að þar eru taldar upp margar efnisástæður, er gjöri frumv. óaðgengilegt. Jeg man t. d., að það er að fundið, að lögin ættu að eins að ná til rita, sem *prentuð* væru á Íslandi, allt svo t. d. ekki til þeirra bókmenntafjelagsbóka og annara íslenzkra bóka, er prentaðar væru í Kaupmannahöfn. Það var álitið, að frumv. veitti allsendis ófullnægjandi rjettarverndun, þar sem því var slegið föstu, að »eptirprentun« gæti eigi talizt, ef nokkrar breytingar, sem ekki væru »óverulegar eða þýðingarlausar«, hefðu verið gjörðar á ritinu. Sjálfræði þótti of lítil takmörk sett, þar sem öllum var leyft að prenta upp »hvers konar skjöl, er í almanna þjónustu hafa skráð verið«, og þótti frumv. að ýmsu leyti fara í bága við almennar grundvallarreglur laga. Enn fremur þótti ýmislegt vanta í frumv., svo sem ákvæði um það, hvernig höfða skuli mál útaf brotum gegn lögunum o. s. frv. Að eins sem óverulegs aukaatriðis er þess getið, að fyrirsjáanlegt sje, að hentugri lagafyrirmæli muni bráðlega verða sett í stað þágildandi laga í Danmörku, og muni heppilegt að bíða þess, að þeim lagaundirbúningi verði lokið.

ATKVGR. 1. breyt.till. (351) við 1. gr. felld með 7 atkv. gegn 3.

2. breyt.till. (351) við 1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (351) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (351) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

5. og 6. breyt.till. (351) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (351) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (351) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (351) við 6. gr. samþ, í e. hlj.

10. breyt.till. (351) við 6. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

6. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

7. og 8. gr. samþ. í e. hlj.

11. breyt.till. (351) við 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

9. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

12. breyt.till. (351) við 10. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

10. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

13. breyt.till. (351) við 11. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

14. breyt.till. (354) við 11. gr. felld með 7 : 3 atkv.

15. breyt.till. (351) við 11. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

11. gr. svo breytt samþ. í e, hlj.

16. breyt.till. (351) við 12. gr. samþ. í e. hlj.

17. breyt.till. (351) við 12. gr. samþ. með 6 samhlj. atkv.

12. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

18.—19. breyt.till. (351) við 13. gr. samþ. án atkvgr.

13. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

20. breyt.till. (351) við 14. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

14. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

21. breyt.till. (351) við 15. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

15. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

22. breyt.till. (351) við 16. gr. samþ. í e. hlj.

23. breyt.till. (351) við 16. gr. samþ. í e. hlj.

24. breyt.till. (351) við 16. gr. samþ. í e. hlj.

25. breyt.till. (351) við 16. gr. samþ. í e. hlj.

26. breyt.till. (351) við 16. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

16. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

27. breyt.till. (351) við 17. gr. samþ. í e. hlj.

28. breyt.till. (351) við 17. gr. felld með 7 atkv. gegn 3.

29. breyt.till. (351) við 17. gr. samþ. í e. hlj.

17. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

30. breyt.till. (351) við 18. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

31. breyt.till. (351) við 18. gr. samþ. án atkvgr.

32. breyt.till. (351) við 18. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

18. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

33. breyt.till. (351) við 19. gr. samþ með 8 samhlj. atkv.

19. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

34. breyt.till. (351) við 20. gr. fallin við fyrri atkvgr.

20. gr. samþ. í e. hlj.

35.—37. breyt.till. (351) við 21. gr. samþ. í e. hlj.

21. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

38. breyt.till. (351) við 22. gr. samþ. í e. hlj.

39. breyt.till. (351) við 22. gr. samþ. í e. hlj.

40. breyt.till. (351) við 22. gr. samþ. í e. hlj.

22. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

23. gr. samþ. í e. hlj.

41. breyt.till. (351) við 24. gr. samþ. í e. hlj.

24. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

42. breyt.till. (351) við 25. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

43. breyt.till. (351) við 25. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

44. breyt.till. (351) við 25. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

25. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

45. breyt.till. (351) við 26. gr. felld með 6 atkv. gegn 2.

46. breyt.till. (351) fallin þar við.

47. breyt.till. (351) við 26. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

26. gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

27. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 17. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 414, 447).

Þorgrímur Þórðarson og Jón Jakobsson ekki á fundi, hinn fyrnefndi veikur, hinn síðarnefndi hafði tjáð forföll.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Breyt.till. þær, sem fyrir liggja eru frá nefndinni um að skjóta inn nýrri grein um verndun á »telegrömmum«, er vjer erum komnir í samband við umheiminn. 2. breyt.till. er um að greinatalan breytist og 3. breyt.till við fyrirsögnina að hún lengist. Eins og frumv. er nú, ræðir það eiginlega um fleira en rithöfundarjett.

Mjer finnst breyt.till. mæla með sjer sjálfar og vona, að þær verði samþ.

ATKV.GR.: 1. breyt.till (447) ný 14. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (447) við greinatöluna samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (447) við fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj., og afgreitt til forseta neðri deildar.

A 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 458).

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mætti ekki vísa þessu máli til þessarar fræðslunefndar?

Ráðherrann: Þetta frumv. hefur fengið svo góðan undirbúning í háttv. Ed. og verið þar svo vel athugað í nefnd, að jeg held, að þess gjörist ekki þörf, að skipa nefnd í málið hjer í deildinni.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst kom frumv. til 2. umr. (Á 458).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1.—7. gr. samþ. hver um sig með 16 atkv.

8.—14. gr. samþ. hver um sig með 15 atkv.

15.—21. gr. samþ. hver um sig með 14 atkv.

22.—28. gr. samþ. hver um sig með 16 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 samhlj. atkv.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A. 458).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XVII. Vátrygging sveitabæja.

Á 5. fundi Ed., fimmtudaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um vátrygging sveitabæja og tómthúsa í sveitum utan kaupstaða til 1. umr.

Ráðherrann: Frumv. þetta er komið frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum. Viðvíkjandi efni frumv. álít jeg nægilegt, að vísa til athugasemda og tillagna nefndarinnar, og viðvíkjandi þeim breytingum, er stjórnarráðið hefur gjört á frumv. nefndarinnar, læt jeg mjer nægja að skírskota til athugasemdanna við frumv. þetta.

Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að í 2. gr. frumv. 2. línu er prentvilla; þar stendur »ábúandi« en á að vera »eigandi«.

Þar sem mál það, er frumv. þetta ræðir um, er mjög vandasamt og varhugavert, og jafnframt mjög mikilsvarðandi fyrir landið, og felur í sjer mjög mikla rjettarbót, ef það er vel úr garði gjört, þá vonast jeg til þess, að hin háttv. deild taki því vel og nefnd verði skipuð í það.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg álít sjálfsagt, að þetta mál sje sett í nefnd, og þótt það út af fyrir sig sje ekki svo umfangsmikið, að 3 manna nefnd nægði ekki, þá geng jeg út frá því, að fleiri mál, skyld þessu, komi fyrir deildina og mætti þá vísa þeim til nefndar þeirrar, er skipuð verður í þetta mál, og leyfi jeg mjer þess vegna að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Samþ. í e. hlj. að vísa frumv. til 2. umr.

Till. um að skipa 5 manna nefnd til að íhuga málið samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Eiríkur Briem með 11 atkv.

Þórarinn Jónsson með 10 atkv.

Guttormur Vigfússon með 9 atkv.

Sigurður Stefánsson með 7 atkv.

Næstir þeim fengu þeir Ágúst Flygenring og Þorgrímur Þórðarson, hvor um sig 5 atkv.; var þá varpað hlutkesti um þá, og kom upp hlutur Ágústs Flygenrings, sem þannig var kosinn 5. maður í nefndina.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 22. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A. 122.)

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að taka það fram, að 3 eða öllu heldur 4 prentvillur hafa slæðzt inn í nefndarálitið. Þannig stendur í 8 breyt.till. við 7. gr. í 3. línu »þó« fyrir »þá«. Í 12. breyt.till. við 11. gr. stendur: »hin fyrsta« fyrir »hina fyrstu«, og í staðinn fyrir 13. breyt.till. við 12. gr. á að standa: 13. breyt.till. við 13. gr., og vona jeg, að þetta verði leiðrjett eptir þessu.

Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, hefur upphaflega verið samið af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, og hefur stjórnin síðan tekið það til flutnings á þinginu; það hefur þess vegna fengið svo rækilegan undirbúning, sem kostur er á.

Að því, er aðalstefnu frumv. snertir, þá er nefndin samdóma stjórninni og milliþinganefndinni um nytsemi þess, og duldist henni ekki, að tilgangur frumv. er góður og miðar til þess, að efla efnalegt sjálfstæði landsmanna. Því betur sem eignir manna eru tryggðar, því betur má kalla þá efnaða, og því færari verða þeir um að standast það tjón, sem eldsvoðar hafa í för með sjer. Hingað til hefur, eins og kunnugt er, lítið verið um vátryggingar til

sveita; stafar það sumpart af deyfð og áhugaleysi, en þó aðallega af því, að það hefur verið svo miklum örðugleikum bundið fyrir almenning, að vátryggja húseignir sínar, þar sem menn að eins hafa átt kost á að vátryggja þá í útlendum fjelögum með svo afarháum iðgjöldum, að það hefur verið frágangssök fyrir þá, að hlíta þeim kjörum. Hjá þjóðinni er nú vaknaður töluverður áhugi á því, að bæta húsakynni sín, en samfara hýbýlabótunum vex brúkun á eldstóm og ofnum, svo að brunahættan verður að því leyti meiri en áður, og verður því meiri þörf fyrir eigendur húsa og bæja að eiga kost á að vátryggja með bærilegum kjörum, og gjöra ákvæði þessa frumv. þeim töluvert ljettara fyrir með það, en hingað til hefur átt sjer stað; ef frumv. verður lögleitt, þá mun brunabótagjaldið stórum lækka, og þess vegna var nefndin samdóma bæði milliþinganefndinni og stjórninni um flestar till. þeirra í þessu mikilsvarðandi máli, en samt hefur nefndin gjört nokkrar verulegar breytingar á frumv.; ganga sumar af þessum breytingum út á, að koma frumv. í sama horf og það kom frá milliþinganefndinni, en sumar eru nýmæli, og skal jeg leyfa mjer að gjöra grein fyrir hinum helztu þeirra.

Fyrsta aðalbreyting nefndarinnar er við 2. gr. Þar hefur nefndin farið fram á, að gjöra þá breytingu frá frumv. stjórnarinnar, að brunabæturnar sjeu $^2/_3$ brunaskaðans eins og hjá milliþinganefndinni, í stað $^3/_4$ hjá stjórninni.

Það getur nú af til vill verið álitamál, hvort rjettara sje; en, að öllu vandlega athuguðu, telur nefndin samt heppilegra að fylgja milliþinganefndinni í þessu atriði; lítur hún svo á, að húseigendur mundu fúsari á að vátryggja, þótt vátryggingarupphæðin sje minni, heldur en ef hún er stærri; menn líta í því efni fyrst á það, hve iðgjaldaupphæðin er há, en minna á það þótt tryggingin nái skemmra; svo er það að athuga, að því stærri sem sá hluti húseignarinnar er, sem ekki er vátryggður, því minni er freistingin fyrir eigendurna að gjörast sjálfir valdir að bruna þeirra. Eins og kunnugt er, þá er reynsla fengin fyrir því, að brunar eru tíðari í vátryggðum en óvátryggðum húseignum, og er þess vegna ástæða til að ætla, að ekki sje laust við, að þeir sjeu stundum af manna völdum, og þess vegna þótti nefndinni þetta ákvæði milliþinganefndarinnar betra en stjórnarfrumv., en ef vel gengur með stofnun brunabótasjóðanna og hagur þeirra eflist og blómgast, þá má með tímanum breyta þessu ákvæði eptir því sem mönnum síðar kann að þykja ástæða til.

Þá hefur nefndin einnig lagt það til, að á eptir orðunum »vátryggðum þar« í 2. gr. komi: »úr hvaða efni, sem þau eru byggð«. Nefndinni þótti glöggvara, að þetta væri tekið fram, og þess vegna hefur hún bætt þessu ákvæði inn í. Sömuleiðis þótti nefndinni rjettara, að í staðinn fyrir »ábúandi« komi: »eigandi«.

Þá hefur nefndin gjört þá breytingu við 2. gr., að í staðinn fyrir 200 komi 2,000, og þóttist nefndin viss um, að 200 mundi vera prentvilla.

Við 5. gr. vill nefndin bæta því ákvæði, að til þess að takast á hendur hærri ábyrgð en 6,000 kr. á húsum eða húsaþyrpingu þurfi samþykki sveitarstjórnar og stjórnarráðs, og er þetta sett til tryggingar því, að brunabótasjóðir takist ekki á hendur stórar ábyrgðir, nema að öllu vel athuguðu.

Það er aðgætandi, að þessi breyting stendur í sambandi við aðalbreytingu stjórnarfrumv. á frumv. milliþinganefndarinnar, nefnilega þá, að

stjórnin vildi láta vátryggingarákvæðin ná til tómthúsa í sveitum, og fjellst nefndin á þá breytingu, að tómthúsmenn geti líka fengið hús sín vátryggð, sjerstaklega með tilliti til þess, að brunaskaðinn verður enn þá tilfinnanlegri fyrir þá en jarðarábúendur, sem efnaðri eru og meira hafa að missa. En af þessari breytingu leiðir aptur, að í sjóþorpum, þar sem þjettbýlla er; þar er meiri brunahætta. Auk þess vill nefndin taka það fram, að þar sem húsaþyrpingar eru, og þar af leiðandi meiri brunahætta, þar skuli iðgjöldin ákveðin hærri, en þegar um einstök hús er að ræða, sem eru langt hvert frá öðru.

7. breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. er líka afleiðing af aðalbreytingunni á 2. gr., þar sem farið er fram á, að brunabæturnar sjeu $^2/_3$ brunaskaðans, í stað $^3/_4$ hjá stjórninni.

Þá kem jeg að 3. aðalbreytingu nefndarinnar við 7. gr.

Í 7. gr. frumv. er ákveðið, að til stofnunar brunabótasjóðs þurfi meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum. Nefndinni þótti það ekki sanngjarnt, að húsráðendur skuli hafa jafnan atkvæðisrjett, hvort sem þeir eru leiguliðar eða eigendur.

Leiguliðar eiga miklu minna á hættu, þótt hús brenni, en eigendurnir, og því ekki óliklegt, að þeir láti sig minna skipta, hvort brunabótasjóðir komist á eða ekki; þess vegna virtist nefndinni rjett, að eigendur hefðu meiri rjett en leiguliðar, og hefur hún því lagt það til, að þessu ákvæði 7. gr. verði breytt þannig, að hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húsi sínu, 500 kr. virði eða meiru, hafi tvö atkvæði á stofnfundum þeim, sem hjer ræðir um. Nefndin áleit, að ef þessu ákvæði 7. gr. væri breytt þannig, þá mundi það fremur verða til þess að flýta fyrir stofnun brunabótasjóðanna, og til þess, að þeir húsráðendur, sem jafnframt eru eigendur að húseignum, er þeir sjálfir nota, mundu láta sig það meiru skipta, að þessir sjóðir verði stofnaðir.

9. breyt.till. við 8. gr. er afleiðing af þessari síðustu breytingu.

Þá kemur 10. breyt.till. nefndarinnar við 11. gr., nefnilega, að á eptir 1. málsgr. komi ný málsgrein um, að endurvirðing skuli fara fram á 10 ára fresti. Þessi breyting nefndarinnar stafar af því, að ef húseignin er ekki virt nema einu sinni, getur hún hrörnað svo, að hún verði ekki nærri þess virði, er hún var metin upphaflega, og þess vegna áleit nefndin rjett, að endurvirðing ætti sjer stað á hverjum 10 ára fresti.

Við þessa sömu grein hefur nefndin einnig lagt það til að bætt væri því ákvæði, að þar sem eigandi eða leigjandi húseignar getur krafizt yfirvirðingar, þá skuli hann gjöra það á sinn kostnað, þar sem ætlazt er til, að hinar lögboðnu virðingar skuli borgaðar af sveitarsjóðunum.

12. breyt.till. nefndarinnar er afleiðing af næstu breytingu á undan.

13. breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. er að eins til skýringar og raskar ekki efninu að neinu leyti, en nefndinni þótti fara betur á, að málsgreinin væri orðuð þannig.

Þau ákvæði 15. gr., að sveitarstjórn þurfi ekki að láta brunabætur af hendi, nema trygging sje fyrir endurbygging, er *henni* líkar, telur nefndin varhugaverð, með því að hugsazt getur, að sveitarstjórn geti misbeitt valdi sínu og beitt menn ójöfnuði, með því að heimta miklu kostnaðarsamari byggingu en þá, sem brann, og vildi nefndin koma í veg fyrir það með þeirri tillögu, að sveitarstjórnin geti ekki gjört hærri

kröfu, en að endurhyggingin sje jafngóð þeirri, er brann, þar sem brunabótafjeð nær að eins nokkuð á leið til að koma byggingunni upp.

16., 17., 18., 19. og 20. breyt.till. eru afleiðingar af 1. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. 21. breyt.till. er að eins leiðrjetting á málinu.

Þá hefur nefndin lagt til, að síðasta málsgrein 24. greinar falli burt, nefnilega ákvæðið um, að prentunarkostnaður nauðsynlegra eyðublaða o. s. frv. greiðist úr landssjóði.

Mjer gleymdist að geta 15. breyt.till. nefndarinnar við 17. gr., þar sem hún leggur það til, að landssjóður veiti 10.000 kr. til stofnunar hins almenna brunabótasjóðs. Nefndin verður að álíta fjárveiting þessa nauðsynlega til þess að afla sjóðnum þegar í byrjun meira trausts, og því meira fje sem hann fær í byrjuninni og því fljótar sem hann eflist, því meiri líkur eru til þess, að hann geti bjargazt á eigin spítur, og því síður má ætla, að hann þurfi að leita þeirrar hjálpar, sem gjört er ráð fyrir í 21. gr. frumv., en þegar nú sjóðnum er veitt þetta fje í byrjuninni, þá þótti nefndinni sanngjarnt, að hann greiddi þann prentunarkostnað, sem ræðir um í síðustu málsgrein 24. greinar.

Jeg skal að svo stöddu ekki orðlengja frekar um frumv. fyrir hönd nefndarinnar, en vona, að háttv. deild taki því vel, með því að þetta er nytsemdar- og velferðarmál fyrir þjóðina, sem bæði stjórnin og milliþinganefndin hefur gjört sitt bezta til að undirbúa fyrir þingið.

Ráðherrann: Jeg get ekki annað en verið nefndinni mjög þakklátur fyrir hennar góðu undirtektir í þessu máli. Þær breytingar, sem hún hefur gjört á frumv., eru fáar, og stafa aðallega af aðal-breytingunni á 2. gr., þar sem nefndin hefur farið fram á, að brunabæturnar sjeu $^2/_3$ brunaskaðans, eins og frá milliþingan. í stað $^3/_4$ hjá stjórninni. Jeg skal nú ekki gjöra þetta að verulegu ágreiningsatriði, en að eins taka það fram, að stjórnarráðið leit svo á, að líkindi væru til, að þessar brunabætur, sem nefndin vill láta standa eins og þær voru ákveðnar hjá milliþinganefndinni, nefnilega $^2/_3$ brunaskaðans, mundu þykja of lítlar, og að ekki væri ástæða til að gruna menn um grælzku þannig, að hærri upphæðin, $^3/_4$ brunaskaðans, mundi verða til þess að freista manna svo, að íkveikingar yrðu tíðari; en ef það er almennur vilji þingmanna, að lægri brunabæturnar verði látnar standa. eins og nefndin fer fram á, þá skal jeg lýsa því yfir, að frá stjórnarinnar hálfu er ekkert verulegt á móti því.

En jeg fyrir mitt leyti álít betra, að upphæðin $^3/_4$ hefði verið látin standa eins og ákveðið var af stjórninni.

Háttv. framsm. tók það fram, að upphæðin 200 kr. í 2. gr. frumv. mundi vera prentvilla fyrir 2,000 kr., og er það rjett til getið.

Að því er snertir þá breytingu nefndarinnar við 2. gr., að í staðinn fyrir orðið »ábúandi« komi: »eigandi«, þá er þessi breyting í samræmi við það, sem jeg hef tvisvar áður tekið fram. Meiningin var, að hjer ætti að standa orðið »eigendur«, eins og nefndin hefur stungið upp á,

Að því er snertir þá tillögu nefndarinnar, að landssjóður veiti 10,000 kr. til stofnunar hins almenna brunabótasjóðs, þá skal jeg láta þess getið, að jeg álít þessa fjárveitingu ekki nauðsynlega, og að það lán, sem ákveðið er í 21. gr. frumv., sje nægilegt fyrir þennan sjóð. Þar er gjört ráð fyrir svo miklu landssjóðsláni, að ástæða er til að ætla, að sjóðurinn geti staðizt þær skuldbindingar, sem á honum

hvila til endurtryggingar. Fari nú svo, að lánið nemi meiru en 10,000 kr., þá er ákveðið, að jafna niður aukagjaldi á alla brunabótasjóði hreppanna, að rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, og er það ekki nema sjálfsagt; það er gjört í öllum gagnkvæmilegum ábyrgðarfjelögum; annars væri þýðingarlaust, að kalla þau gagnkvæmileg. Jeg hallast því heldur að því, að 17. gr. frumv. sje látin standa óbreytt eins og hún er í frumv.; en það er á valdi deildarinnar, hvort hún vill samþykkja breyt.till. nefndarinnar.

Jeg ætla, að jeg hafi svo minnzt á allar aðal-breytingar nefndarinnar.

Hinar aðrar eru sumpart orðabreytingar og sumpart smærri breytingar, sem leiða af þeim aðal-breytingum, sem jeg hef minnzt á, og eru þær svo smávægilegar, að jeg álít ekki, að jeg þurfi að orðlengja frekara um þær.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

1. breyt.till. á þskj. 122 við 2. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. á þskj. 122 við 2. gr. samþ. í einu hlj.

3. breyt.till. á þskj. 122 við 2. gr. samþ. í einu hij.

4. breyt.till. á þskj. 122 við 2. gr. samþ. í einu hlj.

2. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

4. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

5. breyt.till. á þskj. 122 við 5. gr. samþ. með 12 atkv.

6. breyt.till. á þskj. 122 við 5. gr. samþ. í einu hlj.

5. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

7. breyt.till. á þskj. 122 við 6. gr. samþ. í einu hlj.

6. gr. svo breytt samþ. í einu hlj,

8. breyt.till. á þskj. 122 við 7. gr. samþ. í einu hlj.

7. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

9. breyt.till. á þskj. 122 við 8. gr. samþ. í einu hlj.

8. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

9. gr. samþ. í einu hlj.

10. gr. samþ. í einu hlj.

10. breyt.till. á þskj. 122 við 11. gr. samþ. í einu hlj.

11. breyt.till. á þskj. 122 við 11. gr. samþ. í einu hlj.

12. breyt.till. á þskj. 122 við 11. gr. samþ. í einu hlj.

11. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

12. gr. samþ. í einu hlj.

13. breyt.till. á þskj. 122 við 13. gr. samþ. í einu hlj.

13. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

14. gr. samþ. í einu hlj.

14. breyt.till. á þskj. 122 við 15. gr. samþ. í einu hlj.

15. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

16. gr. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn I. kafla samþykkt í einu hljóði.

15. breyt.till. á þskj. 122 við 17. gr. samþ. með 7 : 5 atkv.

17. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

16. breyt.till. á þskj. 122 við 18. gr. samþ. í einu hlj.

17. breyt.till. á þskj. 122 við 18. gr. samþ. í einu hlj.

18. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

18. breyt.till. á þskj. 122 við 19. gr. samþ. í einu hlj.

19. breyt.till. á þskj. 122 við 19. gr. samþ. með 12 atkv.

20. breyt.till. á þskj. 122 við 19. gr. samþ. í einu hlj.

19. gr, svo breytt samþ. í einu hlj.

20. gr. samþ. í einu hlj.

21. gr. samþ. í einu hlj.

21. breyt.till. á þskj. 122 við 22. gr. samþ. í einu hlj.

22. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn II. kafla samþ. í einu hljóði.

23, gr, samþ. í einu hlj.

22. breyt.till. á þskj. 122 við 24. gr. samþ. í einu hlj.
24. gr. svo breytt samþ. í einu hlj.
25. gr. samþ. í einu hlj.
26. — — - — —
27. — — - — —
Fyrirsögn kaflans samþ. í einu hlj.
Fyrirsögn laganna samþ. án atkvgr.
Frumv. með áorðnum breytingum vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 19. fundi Ed., þriðjudaginn 25. júlí kom frumv. til 3. umr. (A. 157).

Framsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg leyfi mjer að þakka fyrir hinar góðu undirtektir, sem mál þetta hefur fengið hjer í deildinni og hjá hæstv. ráðh. Nefndin hefur ekki komið með neinar breyt.till., svo jeg sje ekki neina ástæða til að tala meira í þessu máli, en óska, að það fái eins góðar undirtektir, eins og hingað til, og verði samþykkt af háttv. deild.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 27. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ág. kom frumv. til 1. umr. (A. 183).

Ráðherrann. Þetta frumv., sem hjer liggur fyrir, hefur verið samþykkt í Ed. með öllum atkvæðum. Það er komið frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum, sem hefur undirbúið það og látið fylgja all-ítarlegar athugasemdir, sem jeg býst við, að háttv. þingdm. hafi kynnt sjer.

Aðalbreytingarnar, sem stjórnarráðið gjörði á frumv. milliþinganefndarinnar, eru fólgnar í því, að stjórnarráðið lagði til, að vátryggingin næði til $^3/_4$ hluta virðingarverðs, en milliþinganefndin ljet sjer nægja með $^2/_3$ hluta. Sömuleiðis áleit stjórnin, að heppilegra væri, að vátryggingin næði ekki aðeins til bæja, heldur og til tómthúsa. Einnig áleit hún rjett, að fleiri hreppar gætu sameinað sig um einn sjóð, og að upphæð endurtryggingarinnar næmi $^2/_3$ í stað helmings hjá milliþinganefndinni. Loks hafði milliþinganefndin lagt það til, að greiddur yrði úr landssjóði styrkur fyrstu 10 árin á móta mikill og endurtrygging hreppanna væri, en stjórnin áleit nægilega tryggingu í því, að landssjóður ábyrgðist sem svarar 10,000 kr. fyrir sameiginlega brunabótasjóðinn. Nú hefur Ed. aptur tekið upp það ákvæði milliþinganefndarinnar, að vátryggingin skuli ekki nema meiru en $^2/_3$ virðingarverðs. Sömuleiðis hefur hún komið sjer niður á það, að landssjóður gefi 10,000 kr., þegar hinn sameiginlegi vátryggingarsjóður verður stofnaður. Og enn hefur Ed. sett það inn í frumv., að þegar um það væri að ræða að stofna vátryggingarsjóði, skyldu þeir, sem ættu húseign, er væri yfir 500 kr. virði, hafa 2 atkv. Þetta eru aðalbreytingarnar, og þær eru, eins og háttv. þingdm. sjá, ekki stórvægilegar. Stjórnin er raunar enn á þeirri skoðun, að ekki sje þörf á gjöf úr landssjóði til hins almenna vátryggingarsjóðs, því tryggingin er nóg samt, en ef menn endilega vilja gefa peningana, og álíta svo mikið af þeim, að þeim sje ekki betur varið til annars, þá ræður þingið auðvitað því. Sama verður að segja um hina aðra breytingu; stjórnin verður enn að telja það heppilegra, að vátryggingin nemi $^3/_4$ heldur en $^2/_3$ virðingarverðs. Það atriði er þó ekki þess eðlis, að það geti valdið miklum ágreining, og breytingin á atkvæðisrjettinum heldur ekki. Jeg býst við, að háttv. þingd. vilji láta nefnd athuga þetta mikilsverða mál, og vil jeg því

leyfa mjer að stinga upp á, að því verði vísað til 2. umr. og síðan kosin 5 manna nefnd í það.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Þessir 9 þm. æsktu hlutfallskosningar: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Björn Bjarnarson, Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf., Ólafur Thorlacius, Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf., Ólafur Briem, Einar Þórðarson.

Kosnir með hlutfallskosningu í nefndina voru þessir:

Pétur Jónsson,
Ólafur Briem,
Þórhallur Bjarnarson,
Jón Magnússon.

Var þá kosið með óbundnum kosningum um 5. mann í nefndina, og hlaut þá kosningu Hannes Þorsteinsson með 12 atkv.; Stefán Stefánsson 2. þm. Skf. fjekk 9 atkv.

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Pjetur Jónsson skrifari og framsögumaður.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 183, 357).

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg ætla ekki að tefja umr. með löngu máli. Mál þetta hefur verið vel íhugað, og hefur nefndin, sem hjer var skipuð í deildinni til þess að athuga það, orðið samdóma áliti nefndarinnar í háttv. Ed. í öllum verulegum atriðum. Málið hefur frá upphafi haldið sjer í sama horfi og ekki tekið neinum verulegum breytingum. Jeg vonast því eptir greiðum gangi málsins í gegnum þessa háttv. deild.

Skal jeg svo leyfa mjer að gjöra að eins grein fyrir breyt.till. nefndarinnar. Breyt.till. við 1. gr. frumv. má heita að sje mestmegnis að eins orðabreyting. Um breyt.till. við 2. gr. má segja hið sama. Þá er breyt.till. við 4. gr. Í þessa grein hefur nefndin lagt til, að verði fært ákvæði það úr 5. gr., að hámark virðingarverðs húsa, sem skylduábyrgð hvíli á, skuli eigi fara fram úr 6,000 kr. Við 5. gr. fer breyt.till. fram á, að vátryggingin sje einskorðuð við $^2/_3$ virðingarverðs. Milliþinganefndin lagði til og sömuleiðis stjórnin, að það væri hverjum í sjálfsvald sett, að vátryggja jafnmikla upphæð, og í 6,000 kr. húseign, þótt húseignin væri sjálf hærra virt. Svo var og þess að gæta, að ef þessi gr. er óbreytt, kemur fram ósamræmi í milli hennar og 2. og 6. gr. Nefndin vill breyta þessu svo sem að ofan er sagt. Þess vegna varð að breyta annað hvort þessari eða hinum báðum.

Breyt.till. við 7. gr. má fremur heita formsbreyting en efnisbreyting. Þar er talað um, hve nær sveitarfundur sje lögmætur, en nefndin leggur til, að í staðinn fyrir »lögmætur sveitarfundur« komi: »fundur«. Nefndinni þótti ekki eiga við, að kalla það sveitarfund, þar sem það eru allir »húsráðendur«, sem hafa atkvæðisrjett á þeim fundum. Auk þess eru nú komin inn í frumv. til sveitarstjórnarlaga ákvæði um lögmæti sveitarfunda, og má ekki setja ákvæði hjer, sem koma þar í bága við.

Helzta efnisbreytingin, sem nefndin leggur til að gjörð sje á frumv., er við 11. gr. Hún er í því fólgin, að sveitarsjóður borgi ekki fyrir aðrar skoðanir en þær, er fram fara við stofnun brunabótasjóða, en ekki þær skoðanir, sem fara fram við endurvirðingar á 10 ára fresti. Sömuleiðis leggur nefndin til, að borgunin fyrir skoðanir á 10 ára fresti verði færð niður úr 2

kr. í 1 kr. Þótti ekki ástæða til þess að hafa borgunina hærri, þegar skoðanir fara fram títt og í heilum hreppi í einu; kostnaðurinn þótti nefndinni verða óþarflega mikill, því að þessar skoðanir fara þannig fram, að virðingarmennirnir fara bæ frá bæ, taka bæina í röð, en ekki á stangli eins og við einstakar skoðunargjörðir. Fyrir þær skoðanir er 1 kr. eins góð borgun eins og 2 kr. við aukaskoðanir, ef ekki betur.

Breyt.til. nefndarinnar við 2. gr. frumv. eru mest orðabreytingar. Aptan við 24. gr. leggjum vjer til að komi þau ákvæði, að prentunarkostnaður greiðist úr hinum sameiginlega brunabótasjóði. Í stjórnarfrumv. var ætlazt til, að sá kostnaður væri greiddur úr landssjóði, meðan brunabótasjóðurinn væri að komast á fót. En háttv. Ed. breytti þannig til, að láta hinn almenna brunabótasjóð fá stofnfje 10,000 kr.

Orðlengi jeg svo ekki frekar um þessar breytingar. Jeg vonast eptir því, að háttv. þingdm. greiði atkv. með hinum einstöku greinum frumv. og frumv. svo í heild sinni.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (357) við 1. gr. samþ. án atkvgr.

1. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (357) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

3. gr. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till.(357) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (357) við 5. gr. samþ. með 15 atkv.

5. gr. frumv. fallin.

5. breyt.till. (357) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

6. gr. frumv. fallin.

6. breyt.till. (357) við 7. gr. samþ.

7. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

8. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. samþ, í e. hlj.

10. gr. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (357) við 11. gr. samþ. án atkvgr.

8. breyt.till. (357) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

11. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

12.—16. gr. samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (357) við 17. gr. samþ. án atkvgr.

17. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

18. gr. samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (357) við 19. gr. samþ. án atkvgr.

11. breyt.till. (357) við 19. gr. samþ. án atkvgr.

19. gr. með breytingu samþ. í e. hlj.

20.—23. gr. samþ. í e. hlj.

12. breyt.till. (357) við 24. gr. samþ. án atkvgr.

13. breyt.till. (357) við 24. gr. samþ. án atkvgr.

24. gr. breytt samþ. í e. hlj.

14. breyt.till. (357) við 25. gr. samþ. án atkvgr.

15. breyt.till. (357) við 25. gr. samþ. í e. hlj.

25. gr. breytt samþ. í e. hlj.

26. gr. samþ. í e, hlj.

27. gr. samþ. í e. hlj.

Brt. við fyrirsögnina samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 431).

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mál þetta er nú orðið svo ljóst, þó eigi hafi það mikið verið rætt í deildinni. að jeg tel víst, að ekki þurfi að tala frekar fyrir því. Jeg vona, að menn greiði atkv. með því. Jeg skal geta þess, að þær breytingar, sem gjörðar hafa verið á frumv. hjer í deildinni eru gjörðar í samráði við nefndina í Ed.

Jeg álít frumv. spor til framfara og vona, að það leiði af sjer fleiri spor í sömu átt, t. d. vátryggingu á munum manna.

Að svo mæltu vona jeg, að frumv. gangi áfram gegnum þingið.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj., og sent aptur til forseta Ed.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst kom fyrir til einnar umr. (A 455, 480).

Samþykkt var í e. hlj. að taka mætti málið fyrir, enda þótt nefndarálit á þgskj. 480 ekki hefði verið útbýtt með nægum fyrirvara.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson, (þm. Ísfjk.): Eins og kunnugt er, er mál þetta komið aptur frá háttv. Nd. nokkuð breytt, en eins og sjá má af nefndaráliti því, sem hjer liggur fyrir frá nefndinni, sem kosin var hjer í háttv. deild, þá ræður hin háttv. deild til þess að samþ. frumv. eins og það nú liggur fyrir, enda þótt hún geti eigi kannast við, að allar breytingarnar sjeu til bóta. Breytingarnar, sem háttv. Nd. hefur gjört eru fremur litlar, breytingin við 4. gr. frumv. er aðeins orðabreyting, en svo er breyting við 7. gr. frumv., sem nefndin verður að álíta að sje fremur til spillis en bóta, þótt hún gjöri eigi svo mikið úr henni, að hún vilji vinna til að hrekja frumv. milli deildanna vegna hennar, þar sem nú er svo liðið á þingtímann. Breyting þessi er um það, hvenær fundur er lögmætur; er hann það eptir frumv. Nd., þegar hreppsnefnd hefur boðað hann öllum húsráðendum, en í frumv. eins og það fór frá Ed. stóð, að hann væri lögmætur, þegar hann væri boðaður með nægum fyrirvara. Það er eigi óhugsandi, að þetta ákvæði yrði notað til hrekkja, því að það er ekki ætið hægt að sjá um það, að allir húsráðendur sjái fundarboðið. Annars er nefndinni eigi ljóst, hvað háttv. Nd. hefur haft í huga, er hún setti þetta ákvæði inn í frumv.

3. breytingin er við 11. gr. og er fólgin í því, að eptir frumv. á sveitasjóður aðeins að borga 1 kr. í virðingarlaun fyrir hvert býli í stað 2 kr., sem ákveðnar voru í frumv., eins og það fór frá háttv. Ed. Þessari breytingu gjörir nefndin ekki mikið úr og telur, að virðingarmenn geti opt haft allgóð daglaun fyrir starfa sinn, þótt eigi sje borgað nema 1 kr. af býli hverju. Þá hefur háttv. Nd. einnig bætt inn í frumv. nánari ákvæðum um endurvirðingu, og mun svo ætlazt til af háttv. deild, að kostnaðurinn við það yrði borgaður úr vátryggingarsjóði.

Í 25. gr. hefur deildin einnig hækkað sektir fyrir vanskil á húsvirðinga- og gjörðabókum brunabótasjóðanna uppí allt að 50 kr. Nefndin fellst á þessa breytingu og leggur sem sagt til, að frumv. verði samþ. með þessum breytingum, sem á því eru orðnar.

Ráðherrann: Jeg vildi að eins gefa þær upplýsingar, að það mun eigi hafa verið meining háttv. Nd. með breytingunni við 7. gr. frumv., að endilega þyrfti að boða hverjum húsráðanda fundinn persónulega, heldur ætti fundarboðið að vera stýlað til hvers húsráðanda og sent á hvert heimili.

Það væri líka undarlegt, ef hjer væri strangari kröfur gjörðar, en þegar um stefnur er að ræða, og vita þó allir, að löglegt getur verið að birta stefnu fyrir öðrum, en stefnda sjálfum persónulega. Meiningin í 7. gr. frumv. er því eigi önnur en sú, að boðinu á að vera *beint til* hvers einstaks húsráðanda.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Ef þetta er meining 7. gr. frumv., sem hæstv. ráðherra segir að sje, þá verð jeg að segja, að það er mjög óljóst orðað. Hjer er allt öðru máli að gegna en við stefnur, því að þar eru tveir stefnuvottar, sem geta borið vitni, ef á þarf að halda, en hjer getur opt verið mjög örðugt að leiða vitni. Annars álítur nefndin, eins og jeg tók fram áður, að þetta ákvæði sje eigi svo mikilsvert, að hún vilji gjöra það að kappsmáli.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með öllum atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XVIII. Byggingarsamþykktir.

Á 5. fundi Ed., fimmtudaginn 6. júlí, kom frumv. til laga um byggingarsamþykktir til 1. umr.

Ráðherrann: Þó að frumv. þetta sje nokkuð langt, þá er það samt afar-einfalt og auðvelt að átta sig á því.

Tilgangurinn með því er sá, að ráða bót á þeirri óreglu, sem nú á sjer stað að því er byggingar snertir í flestum eða öllum kauptúnum landsins, og eru ákvæði þess hin sömu og í gildandi lögum um byggingarnefndir í kaupstöðunum.

Jeg finn því ekki sjerstaka ástæðu til, að málið verði sett í nefnd, enda býst jeg ekki við, að hin háttv. deild hafi neitt á móti því, að frumv. þetta nái framgangi.

Frumv. er miðað við þá till. í sveitarstjórnarfrumv., er lagt er fyrir þetta þing, að kauptún með tilteknum íbúafjölda eigi rjett á því að verða sveitarfjelag út af fyrir sig, að því leyti, að gjört er ráð fyrir, að slík kauptún sjeu til, sem ekki mun vera nú. En sá greinarmunur gjörður, að kauptúnum, sem eru sjerstök hreppsfjelög, er gjört að skyldu, að gjöra byggingarsamþykktir. Hinum kauptúnunum, sem ekki eru sveitarfjelög út af fyrir sig, er að eins gefin heimild til samþykktar, *ef* meiri hluti kosningabærra kauptúnsbúa óska þess.

Ef kauptúnin fá fjárhag sinn út af fyrir sig, byggingarnefnd og lögreglusamþykktir, eins og annað stjórnarfrumv. fer fram á, þá ættu þau ekki að þurfa svo mjög að keppa eptir kaupstaðarjettindum eða kaupstaðarnafni, með bæjarstjórn og bæjarfógeta, eins og bólað hefur á hjá sumum þeirra.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv. og vona, að hin háttv. deild taki því vel.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mjer finnst óheppilegt, að frumv. þetta skyldi lenda fyrst hjer í þessari deild, í stað þess að verða samferða sveitarstjórnarfrumv. í neðri deild. En úr því nú svo er komið, og jeg gjöri ráð fyrir, að önnur mál geti komið fyrir hjer, sem hagkvæmt væri að sömu menn fjölluðu um til undirbúnings, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd sje skipuð til að íhuga málið.

Ráðherrann: Þótt svo færi, að sveitarstjórnarfrumv. gengi ekki í gegn á þessu þingi, þá virtist stjórnarráðinu sjálfsagt, að reyna að koma þeim ákvæðum sem fyrst í lög, að kauptún

fengju heimild til byggingarsamþykkta; komist sveitarstjórnarfrumv. eða ákvæði þess um sjerstaka sveitarstjórn í stærri kauptúnum ekki í gegn, þá yfirgripa ákvæði 3. gr. frumv. öll kauptún. Frumv. er þannig ekki svo nátengt sveitarstjórnarfrumv. að það þyrfti endilega að fylgjast með því. Frumv. um lögreglusamþykktir í kauptúnum er meira áhangandi því. Að nefnd þurfi í þetta einfalda mál skil jeg ekki, en auðvitað getur það aldrei sakað.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Ágúst Flygenring með 11 atkv.

Jón Jakobsson með 8 atkv.

Jóhannes Jóhannesson með 6 atkv.

Í nefndinni var Jón Jakobsson kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 12. fundi Ed., mánudaginn 17. júlí kom frumv. til 2. umr. (stjórnarfrv. A. 86).

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Eins og nefndarálitið ber með sjer, eru þær breytingar, sem nefndin hefur leyft sjer að koma fram með, að mestu leyti að eins orðabreytingar, en lítið af efnisbreytingum. Kommur vanta á 2 stöðum. »Til þess« í setningunni »sem atkvæðisbærir — kjósa« falla burtu í 3. gr. Í 4. gr. fer betur á því, að setja í stað orðanna, »þarf meiri hluta«, »nægir meiri hluti«, því hitt er sjálfsagt, að enginn samþykkt getur átt sjer stað án einhvers meiri hluta, en nú er hjer gjört ráð fyrir að eins einföldum meiri hluta. Í 5. gr. komi í stað orðsins »sýslunefndarfundi« »sýslufundi«, því að það er viðkunnanlegra orð, og svo kunni nefndin síður við, að þessi orð væru notuð á víxl. Enn fremur komi í 5. gr. í stað »skal bera — hreppsnefndarinnar« orðin: »skal oddviti hreppsnefndarinnar bera breytingarnar upp fyrir bæjarbúum á almennum fundi«. Í 5. gr. komi í stað orðsins »og« í setningunni »á þann hátt og fyr segir« orðið: »er«. Það er vanalegra mál og viðkunnanlegra. Í 6. gr. B. falli orðið: »eitthvað« í 1. línu stafliðsins burt, því það virðist þar óþarft; ennfremur leggjum vjer nefndarmennirnir til, að í staðinn fyrir setninguna: »skal greiða kostnað þennan — lögum samkvæmt« komi: »skal byggingarnefndin jafna kostnaði þessum niður á útsvarsskylda menn og fyrirtæki í verzlunarstaðnum eptir efnum og ástæðum. Um framlagning niðurjöfnunar þessarar fer sem um niðurjöfnun aukaútsvara, og má kæra yfir henni á sama hátt«. Þessa breytingu álítum við nauðsynlega vegna þess, að eptir lögunum mætti líta svo á, að verzlanir, einkum selstöðuverzlanir og ýmsar aðrar atvinnustofnanir væru undanþegnar kostnaði þeim, er hjer er gjört ráð fyrir, en þetta álítum við ekki rjett; verzlanirnar eiga t. d. opt land það, er gjört er ráð fyrir að kaupa þurfi. Aptan við greinina viljum við svo bæta: »enda greiði hann sjálfur kostnað við yfirmatið, nema endurgjaldið verði hækkað. Í sömu gr. stafl. C. komi í stað orðanna: »byggð eru ný hús« komi: »byggt er nýtt hús«. Á staflið D. verður sú breyting, að í stað »og með« komi: »og hafi eptirlit með«. Stafliður G. verður þannig: Í staðinn fyrir: »þó skal — stjórnarráðinu« komi: »þó öðlast sú reglugjörð fyrst gildi, er stjórnarráðið hefur samþykkt hana«. Í 8. gr. komi í stað: »á lögum« »á samþykktum eptir lögum«. Þessi breyting er eðlileg, því

að hættast er við broti á samþykktum þessum; á lögunum getur varla verið að tala um brot.

Jeg hef svo ekki fleira að athuga við frumv., en vona, að málið gangi greitt gegnum háttv. deild.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (86) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. samþ. með áorðnum breyt. í e. hlj.

2. breyt.till. (86) við 4. gr. samþ. með 12 samhlj. athv.

4. gr. svo breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. breyt.titl. (86) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (86) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (86) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (86) við 6. gr. B. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (86) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (86) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (86) við 6. gr. C. samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (86) við 6. gr. D. samþ. í e. hlj.

11. breyt.till. (86) við 6. gr. G. samþ. í e. hlj.

6. gr. svo breytt samþ. í hlj.

7. gr. samþ. í e. hlj.

12. breyt.till. (86) við 8. gr. samþ. í e. hlj.

8. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi Ed., miðvikudaginn 19. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A. 410).

Enginn tók til máls.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí, var frumv. tekið til 1. umr. (A. 123).

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra sömu uppástungu um þetta mál eins og næsta mál á undan, frumv. um lögreglusamþykktir utan kaupstaða, nefnilega að því, að lokinni 1. umr., sje vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj. og til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu með 16 samhlj. atkv.

Á 24. fundi Nd., laugardaginn 29. júlí kom frumv. til 2. umr. (A. 123, 195).

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er sama að segja um þetta frumv. og frumv. næst á undan (frv. til laga um lögreglusamþykktir), að það er komið frá háttv. Ed., og hefur nefndin hjer í deildinni álitið, að það þyrfti ekki breytingar við, og rjettast væri að samþykkja það eins og það liggur fyrir. Jeg ætla að eins að leyfa mjer, að taka eitt atriði til athugunar, sem sje það, að sýslunefndum er falið að samþykkja byggingarsamþykktirnar. Það gæti sumum fundizt það óþarft, að sýslunefndir hefðu afskipti af þessum samþykktum, en nefndinni hefur ekki þótt neitt verulegt athugavert við það, þar sem þungamiðjan liggur þó hjá hreppsnefndinni sjálfri. Önnur ákvæði í frv. eru eins og þau, sem nú gilda fyrir

suma kaupstaðina, einkum Seyðisfjarðarkaupstað.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rv.): Jeg skal viðurkenna, að það er fengur fyrir kauptúnin, að geta gjört byggingarsamþykktir. En fyrirkomulagið, eins og það er ákveðið í frumv., er ekki eins heppilegt, og jeg hefði ákosið. Jeg get í fyrsta lagi ekki sjeð minnstu ástæðu til, að uppástungur hreppsnefndanna þurfi að ganga til sýslunefnda, því hreppsnefndirnar hljóta að þekkja betur en sýslunefndir alla staðhætti í kauptúnum þeim, sem hlut eiga að máli, og þess vegna vera því kunnugastar, hvaða ákvæði henti bezt í hverju einstöku falli. Sýslunefndir eru vanalegast skipaðar mönnum úr landsveitum, sem ekkert vit hafa á byggingarmálum í kauptúnum, og jeg sje því ekki, hvað það á að þýða, að leggja þessi mál fyrir sýslunefnd. Sje nú þar að auki tekið tillit til þess, að þetta, samkvæmt 2. gr. frv., hefur ekkert annað að þýða en tefja fyrir málinu, úr því hreppsnefndin getur breytt aptur ákvörðunum sýslunefndanna, og svo er fyrir mælt, að, þegar til stjórnarráðsins kemur, skuli það standa, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, þá er því minni ástæða til, að fara þessa krókaleið. Stjórnarráðið fellst og eðlilega fremur á það, sem hreppsnefndin stingur upp á, þar sem hún er langkunnugust málinu, heldur en það, sem sýslunefndin kynni að vilja vera láta. Jeg tel því bezt, að haga þessu eins og með lögreglusamþykktirnar, og tel bezt, að byggingarsamþykktarfrv. gangi einnig beina leið til stjórnarráðsins.

Í öðru lagi skal jeg víkja dálítið að efni frumv. Í 6. gr. frv. er beinlínis tekið fram, um hvað byggingarsamþykktirnar eigi að fjalla, og er að sumu leyti beint fyrirskipað, að þau og þau ákvæði skuli standa í þeim, t. d. ákvæðið, að 10 álna bil skuli vera á milli húsa. Mjer þætti nú eðlilegast, að búin væru til ein sameiginleg byggingarlög fyrir öll kauptún, og að lög þau geymdu allar þær kröfur, sem gjöra verður jafnt til allra kauptúna, allstaðar eiga við, allstaðar eru nauðsynlegar, Þær mættu að vísu ekki vera of harðar nje of víðtækar, en þau ákvæði, sem heimta verður af öllum kauptúnum, eru þó nokkuð mörg. Öll þau ákvæði, sem virðast sjálfsögð í öllum kauptúnum, væri sem sagt eðlilegast að fela í einu lagaboði. En að því er öll önnur ákvæði snertir, þá ættu kauptúnin að hafa heimild til, að semja sig algjörlega að staðháttum, sem auðvitað geta verið mjög ólíkir sitt á hverjum staðnum, og þessar sjerstöku samþykktir ættu hreppsnefndirnar þá að fara beint með til stjórnarráðsins til staðfestingar. Þetta fyrirkomulag álít jeg það hollasta, og enda er reynsla fengin fyrir því í öðrum löndum, að með þessu móti komast byggingamálin í bezt horf.

Jeg skal í þessu sambandi leyfa mjer að drepa á eitt atriði, sem lauslega er vikið að í frumv. Hreppsnefndum í kaupstöðum er gefin bending um, að gjöra uppdrátt af kauptúnunum. Allir, sem verið hafa í kaupstöðum, vita nú, hvílíkt hringl er á byggingarmálum þeirra víðast hvar, af því að enginn uppdráttur er til, engar fastar fyrirætlanir um götur og torg, og það eru sínir menn sitt í hvert skiptið, sem ákveða hússtæðin og mæla út lóðirnar. Þetta er til stórbaga fyrir eðlilegan vöxt kauptúnanna og hentuga niðurskipun húsa og gatna. Til þess að koma í veg fyrir þetta, eru í Noregi t. d. öllum kauptúnum gjört að skyldu, að láta gjöra uppdrætti af bæjarlóðunum og marka á þá allar

götur, sem í bæjunum eru, og einnig þær, sem fyrirhugaðar eru. Síðan á að senda uppdrætti þessa til stjórnarinnar, og ef hún staðfestir þá, má ekki frá þeim víkja nema með sjerstöku leyfi hennar. Með þessu er komið í veg fyrir allt hringl.

Jeg býst nú við, þar sem málið er komið svona langt á leið, að ekki sje fært að gjöra slíka gagngjörða breytingu á því, sem jeg þó álít, að væri nauðsynlegt, og verður það þá að vera svo fyrst um sinn. Auðvitað eru lög þessi betri en ekki neitt, en jeg býst við því, að ekki líði á löngu áður en menn sjá, að við svona lög er ekki hægt að una til frambúðar.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg þarf eiginlega ekki að svara háttv. 2. þm. Rvk. mörgum orðum, af því hann talaði ekki beint á móti frumv., enda liggur engin breyt.-till. fyrir við frumv., svo að annaðhvort er að hafna því algjörlega nú við þessa umr. eða geyma breyt.till. við það til 3. umr.

Háttv. þm. vildi helzt hafa byggingarlög fyrir alla kaupstaði og kauptún landsins í einu lagi; jeg er samdóma háttv. þm. um þetta atriði, en til þess að koma slíku í framkvæmd, þarf miklu lengri tíma og meiri undirbúning, en hægt er að hafa á þessu þingi. Lög þessi væri sjálfsagt ekki nema að nokkru leyti hægt að sníða eptir útlendum lögum, því að hjer hagar öðru vísi til en víða annarsstaðar.

Háttv. þm. fann sjerstaklega að því ákvæði frumv., að sýslunefndir ættu að hafa atkv. um þessar samþykktir. Þetta er að nokkru leyti rjett athugáð af háttv. þm., en þar sem sýslunefndum er þetta mál að nokkru skylt, þá finnst mjer vera óhætt að lofa þessu ákvæði að standa í frumv., því að hreppsnefndir ráða þó mestu um samþykktirnar, eins og jeg áður hef tekið fram., og ekki virðist þetta atriði þess vert, að rjett sje þess vegna að vera að hrekja frumv. milli deildanna.

Ráðherrann: Jeg vil leyfa mjer að bæta því við það, sem háttv. framsm. (J. M.) tók fram, að aðalástæðan fyrir því, að frumv. um byggingarsamþykktir, en ekki um almenn byggingarlög var lagt fyrir þingið, var sú, að ekki þótti fært að skipa öllum smákauptúnum landsins að hafa byggingarnefnd, ekki síst þegar þingið hefur þá reglu að löggilda alla staði, sem um er beðið. Það liggur í augum uppi, að erfitt væri fyrir hvert smákauptún, þar sem ef til vill ekki er nema eitt einasta hús — að hafa byggingarnefnd; þess vegna þótti ekki rjett að heimta, að kauptún, sem ekki hafa kaupstaðarrjettindi og ekki yfir 300 íbúa, skyldu hafa byggingarsamþykktir, nema íbúarnir óskuðu þess sjálfir.

Jeg er samdóma háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) um það, að betra væri að hafa einfaldari reglur fyrir tilbúning samþykktanna; en það þótti rjettast að láta sýslunefndirnar eiga atkvæði um samþykktirnar, til þess að lögfróður maður, sem hefði vit á formi, hefði hönd í bagga með. Jeg get því ekki sjeð, að 2. gr. frumv., eins og hún nú liggur fyrir, sje ótæk að neinu leyti.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2.—8. gr. frumv. hver um sig samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi Nd., laugardaginn 5. ágúst var frumv. tekið til 3. umr. (A 123).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XIX. Skýrslur um alidýrasjúkdóma.

Á 6. fundi Ed., föstudaginn 7. júlí, kom frumv. til laga um skýrslur um alidýrasjúkdóma til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. með 9. samhlj. atkv.

Á 8. fundi Ed., mánudaginn 10. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 53).

Þorgrímur Þórðarson var fjarverandi með leyfi forseta.

Þingdeildin samþykkti, að breyt.till. á þgskj. 53 mætti koma til umr. og atkv., og leyfði ráðherra það.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg hef, ásamt tveim háttv. þingdm., leyft mjer að gjöra breyt.till. við þetta frumv., eptir samráði við lögfræðing, sem álítur, að nauðsynlegt sje, að hafa ákvæði um sektir í lögunum, með því að annars sje ekki hægt að hegna fyrir brot á þeim. Úr þessu var meiningin að bæta með þessari viðbót aptan við 4. gr. frumv. Þetta er alveg samhljóða samskonar ákvæði í 8. gr. laga 8. nóv. 1895 um hagfræðisskýrslur, og virðist rjett, að þau sjeu tekin til fyrirmyndar, að því er þetta atriði snertir.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um breyt.-till. þessa, og vona, að hin háttv. deild lofi henni að komast að.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skal játa það, að þegar jeg sá þetta frumv., þa datt mjer í hug, að það mundi fremur verða pappírsgagn, en til verulegra nota. En samt sem áður var jeg ekki frumv. mótfallinn vegna þess, að jeg áleit, að skýrslur þessar gætu orðið til þess, að landsmenn fengiu þó nokkra hugmynd um alidýrasjúkdóma hjer á landi. Þar á móti álít jeg það mjög varhugavert, að setja þau ákvæði í lögin, sem ómögulegt er að framfylgja. En nú getur því einmitt verið svo varið með þetta frumv. í mörgum tilfellum, að það getur verið alveg ómögulegt, að gefa rjettar skýrslur um ýmsa alidýrasjúkdóma vegna þess, að alþýðumenn þekkja ekki sjúkdómana, jafnvel dýralæknir getur verið í vafa um, hver þessi og þessi sjúkdómur er.

Af þessari skoðun minni leiðir það, að jeg get ekki verið samþykkur breyt.-till. á þgskj. 53. Það er ekki af því, að jeg ekki áliti rjett að sekta menn, ef þeir vísvitandi gefa rangar skýrslur, heldur af því, að það er ekki í einu tilfelli af þúsund hægt að sanna það, að skýrslan sje vísvitandi röng. Það má segja, að skýrslan sje röng, en það er nær því ómögulegt að sanna, að það sje gjört vísvitandi, því sá, sem skýrsluna gefur, getur jafnan borið það fyrir sig, að hann hafi gefið skýrsluna eptir beztu vitund. En auk þess er alloptast ómögulegt, að segja nokkuð um það, hvort skýrslan sje rjett eða röng, eptir því, sem tilhagar hjer á landi.

Hreppstjórnir eiga að taka þessar skýrslur af eigendum dýranna; þegar skýrslurnar eru teknar, eru dýrin, sem sýkzt hafa, annað hvort löngu dauð eða þeim batnað, og hvernig á þá að segja með vissu, hvort skýrslurnar sjeu rjettar eða rangar; það er ómögulegt.

Það er ekki hægt að bera þetta frumv. saman við lögin um hagfræðisskýrslur, því að þar er allt öðru máli að gegna. Það er hægt að gefa rjetta skýrslu um það, hve mörg pund af æðardún hafa fengizt af þessu eða hinu varplandinu, hve margir selir hafi veiðzt, hve margir fiskar hafi aflazt o. s. frv. Hjer er að eins um tölur að ræða. En hjer er um það að ræða, að heimta skýrslur af alþýðu um það, sem henni í mörgum tilfellum er ómögulegt að gefa

rjettar skýrslur um, og að sekta menn, þegar svo stendur á, er óneitanlega allt of hart að farið.

Þó að í 5. gr. frumv. standi, að með brot gegn lögum þessum skuli farið sem almenn lögreglumál, þá getur það ákvæði vel staðið, þó þessi breyt.till. eigi komst að, og jeg álít það nauðsynlegt, vegna dagsektanna, sem ákveðið er að beita megi. Jeg mun því hallast að stj.frumv., eins og það liggur fyrir, en greiði atkv. á móti breyt.till.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal játa það, að það getur verið erfitt, að fá rjettar skýrslur um tegundir sjúkdómanna og að það sje vandi fyrir alþýðumenn, að greina þá í sundur; en jeg verð að halda því fram, að það sje hægt að sanna, að röng skýrsla hafi verið gefin. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hins háttv. þm. Ísfjk. (S. St.), hvort eigi sje hægt að sanna, að skepna hafi verið veik, sem eigandi hennar hefur gefið skýrslu um að hefði ekki verið veik. Í þessu tilfelli er hægt að sanna, að skýrsla hafi verið röng. Jeg skal taka annað dæmi: ef dýralæknir hefði verið sóttur til skepnu, og hann hefði sagt, að einhver ákveðinn sjúkdómur gengi að henni, og eigandi hennar þvínæst gæfi skýrslu um, að hún hefði verið heilbrigð eða að einhver annar sjúkdómur hefði gengið að henni, þá væri hægt að sanna, að vísvitandi röng skýrsla hefði verið gefin. Yfir höfuð fannst mjer mótbárur háttv. þm. Ísfjk. ekki svo mjög beinast að breyt.till. þessari, sem að lögunum í heild sinni. Jeg verð að halda því fram, að þessi breyt.till. sje fullkomlega rjettmæt og nauðsynleg, til þess að gefa aðhald um, að gefa sem rjettastar skýrslur. Það mun varla verða farið út í rjettarhöld út af hverri skýrslu, en jeg álít heppilegt, að til sje ákvæði í lögunum um, að mönnum sje gjört að skyldu, að skýra eins satt og rjett frá, eins og þeir geta.

Guttormur Vigfússon (2. þm.S.-Múl.): Jeg skal játa, að þegar jeg sá þetta frumv. í till. milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, þá datt mjer líkt í hug og háttv. þm. Ísfjk. (S. St.). að frumv. þetta mundi fremur verða pappírsgagn, en til eiginlegra nota, og veit jeg, að margir muni líta á það sömu augum, Mjer er kunnugt um, að það hefur opt og tíðum gengið æði skrykkjótt að gefa ýmsar opinberar skýrslur, sem heimtaðar hafa verið. Jeg man t. d. eptir því, að öllum hreppsnefndum í Norður- og Austuramtinu var eitt sinn skipað, að gefa skýrslur um heilbrigðisástand manna í hreppnum. Voru þar heimtaðar upplýsingar um, hve margir hefðu dáið og úr hvaða sjúkdómi, hve margir hefðu veikzt og af hvaða sjúkdómi, hve lengi þeir hefðu verið veikir og hversu mikið vinnu- eða efnatjón hver og einn hefði beðið af veikindunum. Jeg held, að þessar skýrslur hafi verið gefnar í 3 ár, en þá mun líka hafa verið fengin full reynsla fyrir því, að skýrslur þessar voru svo óáreiðanlegar og ófullkomnar, að ekkert varð á þeim byggt, og hafa þær eigi verið heimtaðar síðan; mætti vel vera, að eitthvað líkt kæmi fyrir með skýrslur þær, sem hjer um ræðir. Jeg skal að vísu játa, að bændur eru máske almennt færari um, að gefa þessar skýrslur, vegna þess, að margir alidýrasjúkdómar koma fyrir ár eptir ár og gjöra meiri eða minni skaða. En fyrsta skilyrðið fyrir því, að skýrslur þessar geti komið að nokkru gagni, er það, að þær sjeu sem óbrotnastar og aðgengilegastar fyrir almenning;

spurningarnar þurfa að vera ljósar og skýrslurnar þurfa einkum í fyrstu að vera með sem fæstum sjúkdómanöfnum, og sjerstaklega taka til þá sjúkdóma, sem dýralæknir veit að algengastir eru og mestu tjóni valda. Enn fremur álít jeg nauðsynlegt, til tryggingar því, að skýrslurnar verði í nokkru lagi, að hver einasti búandi fengi skýrsluform til útfyllingar við hvert tækifæri, og afhenti það sinni hreppsnefnd eða stjórnarvaldi því, er skipað væri til þess að draga saman skýrslurnar úr hverjum hreppi. Jeg hef hugsað mjer, að greiða ekki atkv. á móti frumv., en jeg get ekki fallizt á breyt.till. um sektarákvæðin af sömu ástæðum, sem háttv. þingm. Ísfjk. Jeg gat ekki sannfærzt af ræðu háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) um, að hægt sje að fá neina sönnun fyrir því, að gefnar sjeu vísvitandi rangar skýrslur, því að þótt einhver segi, að skepnur, sem ekki eru tilgreindar sem sjúklingar á skýrslu búanda, hafi verið veikar á þessum eða þessum tíma og skýrslan því röng, þá er ekki þar með sannað og ómögulegt að sanna, að svo hafi verið máske mörgum vikum eptir að tilfellið átti að hafa komið fyrir. Þannig má segja, að kind eða kýr hafi ekki haft list á að jeta einn dag eða svo, en að byggja á því, að skýrsla hafi verið röng, er ekki hægt.

Sama er að segja um, að þótt dýralæknir hafi verið sóttur og sagt fyrir víst, hvað að skepnunni gengi, og eigandi svo gefið skýrslu um annan sjúkdóm, þá væri ekki hægt að sekta hann fyrir að hafa gefið vísvitandi ranga skýrslu, af því að hann hefur þá skoðun, að það hafi verið annar sjúkdómur en læknirinn sagði. Í flestum tilfellum verða þessi breyt.-ingartill.ákvæði því ónauðsynleg, og eru eigi samanberandi við ákvæði hagfræðisskýrslanna, því þar er hægt að gefa með skýrum tölum þær upplýsingar, sem heimtaðar eru. Auk þess álít jeg sektarákvæði breyt.till. allt of há.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) tók það fram, að það mundi ekki valda neinum verulegum erfiðleikum á framkvæmdum laganna, að þetta sektarákvæði væri sett inn í þau. En því get jeg ekki verið samdóma; það er langt um örðugra að sanna, að skýrslurnar sjeu rangar, heldur en háttv. 3. kgk. þm. vildi halda fram, vegna þess að sannanir vanta í flestum tilfellum. Að vitna til dýralæknis í þessu tilfelli, er helber hjegómi, þar sem að eins er einn dýralæknir til á öllu landinu. Í minni búskapartíð, og hún er orðin nokkuð löng, hef jeg opt misst skepnur úr sjúkdómum, sem jeg hef enga hugmynd haft um hverjir voru. Meira að segja eru dýralæknarnir sjálfir opt í vafa um hinn og þennan sjúkdóm. En jeg held, að þessi breyt.till., ef hún kæmist að, yrði til þess fremur, að ýta undir menn að gefa sjúkdómunum einhver nöfn og gæti þannig orðið fremur til að freista manna til að gefa skýrslur, sem þeir gætu alls ekki ábyrgzt að væru rjettar. Það er heldur engin þörf á þessum sektarákvæðum, því að í hinum almennu hegningarlögum, gr. 156, eru til ákvæði um hegning fyrir að gefa vísvitandi rangar skýrslur. Þetta, eins og háttv. flutnm. tók fram, að nægilegt væri, að mönnum væri gjört að skyldu, eða gefnar væru svo rjettar skýrslur sem unnt er, álít jeg rjett, en jeg tel óheppilegt, að löggjöfin heimti það af mönnum, sem þeim er ómögulegt að inna af hendi; og þó að skýrsla væri röng, þá getur hún samt verið gefin eptir beztu vitund, og eins og jeg tók

áðan fram, ómögulegt að sanna, að hún sje vísvitandi röng.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Mjer þykir dálitið undarlegt, hversu mikil vandkvæði háttv. þm., sem talað hafa, telja á því fyrir menn að gefa rjettar skýrslur. Það er alveg eins og þeir búist við, að menn eigi að heimfæra þessa sjúkdóma undir vissar sjúkdóms »rúbrikur«, en það er hvergi heimtað hjer í frumv. Mönnum er, samkvæmt 3. gr. frumv., að eins gjört að skyldu, að »lýsa« sjúkdóminum eins nákvæmlega og þeim er unnt og »gefa« allar þar að lútandi »upplýsingar«. Ákvæði hegningarlaganna eiga hjer tæplega við. Þau lúta, að mig minnir, að því, ef maður gefur skýrslu um það, sem hann ekki veit, en það á ekki hjer við, því að hjer er um það að ræða, að gefa ranga skýrslu um það, sem maður veit.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Annaðhvort hlýtur háttv. 4. kgk. (J. Ó.) eða jeg, að misskilja alveg 3. gr. frumv. Jeg skil hana svo, að stjórnarráðið muni gefa út, í samráði við dýralækni, skýrsluform, með nöfnum á þessum og þessum sjúkdómum, til útfyllingar fyrir bændur, en að þeim alls ekki verði gjört að skyldu að skrifa heilar sjúkdómslýsingar, enda væri það ekki nauðsynlegt, og alls ekki hægt að koma því við, heldur mun aðallega vera meiningin með þessum skýrslum, að fá upplýsingar um, hverir sjúkdómar sjeu algengastir hjer á landi meðal alidýra.

Það vita allir, sem lengi hafa búið, og gripi hafa haft undir höndum, sjerstaklega sjúka, hve erfitt það er, að ákveða, hvaða sjúkdómur að skepnunum gengur, Jeg vil til dæmis nefna hina svonefndu lungnaorma; einkenni þessarar veiki eru svo lík einkennum ýmsra annara sjúkdóma, að það er jafnvel ómögulegt fyr en kindin er dauð, og þá með stækkunargleri, að sjá, að það hafi verið lungnaormur. Í bæklingi dýralæknisins er líka talað um ormasótt, en það getur verið um svipuð veikindi að ræða af öðrum ástæðum. Ef menn ættu að dæmast í sekt fyrir að blanda slíkum sjúkdómum saman, þá væri það óneitanlega nokkuð hart.

Agúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að það vakti fyrir okkur flutningsm. þessarar breyt.till., að nauðsynlegt væri að einhver sektarákvæði væru sett inn í lögin, svo að hægt væri að dæma menn í sekt fyrir að gefa rangar skýrslur, einkum það sem stundum gæti verið freisting fyrir menn, að leyna vissum sjúkdómum, t. d. kláða, jafnvel bráðapest o. fl. Mjer finnst alls ekki neitt athugavert við að hafa þetta sektarákvæði í lögunum; annað mál er það, hvort það er beinlínis nauðsynlegt. Það hefur verið tekið fram af háttv. þm. Ísfjk. (S. St,) og 2. þm. S.-Múl. (G. V.) að með því að setja þetta ákvæði inn í lögin, væri mönnum lagðar of þungar byrðar á herðar með tilliti til þess að rannsaka sjúkdómana, en til þess er að segja, að það er að eins heimtað, að menn gjöri það eptir föngum, og menn verða því að eins sektaðir, að það sannist. að þeir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur. Að öðru leyti finnst mjer ekki ástæða til, að lengja umræðurnar um þetta atriði; ef það eru til ákvæði um það í hegningarlögunum, að menn skuli sæta hegningu fyrir að gefa rangar skýrslur, þá er það nóg, og þá get jeg fyrir mitt leyti verið með því að taka þessa breyt.-till. til baka, en annars er hún nauðsynleg.

Ráðherrann: Jeg er samdóma hv.

þm. Ísfjk. (S. St.) um það, að þessi breyt.till. sje ekki nauðsynleg. Jeg get ekki betur sjeð, en 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, leggi einmitt hegning við því, að gefa vísvitandi ranga skýrslu um málefni eins og það, sem hjer er um ræða. Jeg heyrði aðháttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) sagði, að 156. gr. hegningarlaganna ætti að eins við þá, sem gæfu skýrslur um það, sem þeir ekki vissu um, en það er ekki rjett; það er að eins annar liðurinn af greininni, en upphaf greinarinnar hljóðar um rangar, skriflegar skýrslur. Jeg hefði betur getað fellt mig við þessa breyt.till., ef hún hefði innihaldið sektarákvæði fyrir að trassast og tregðast við að gefa skýrslur þær er hjer ræðir um; en eins og till. er, álít jeg hana ekki nauðsynlega, þar sem ákvæði um þetta eru til í gildandi lögum.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Eptir yfirlýsingu hæstv. ráðh. um að breyt.till. sje óþörf, þá get jeg fyrir mitt leyti sætt mig við að, hún sje tekin aptur, en viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) tók fram um hinar mörgu sjúkdóms-»rúbrikur«, þá stendur ekkert um það í frumv., að neitt skýrsluform með neinum dálkum (eða »rúbrikum«) verði sent mönnum til uppfyllingar, heldur að eins að gefa skuli skýrslu um þá sjúkdóma, er fyrir hafa komið, og lýsa þeim.

Það yrði væntanlega hlutverk dýralæknis, að yfirfara og hagnýta skýrslurnar og byggja á þeim, þar á meðal að skýra sjúkdómana, að svo miklu leyti, sem auðið verður eptir lýsingunni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg tek breyt.till. aptur.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg skal leyfa mjer að benda á, að 156. gr. hinna almennu hegningarlaga, á að eins við skriflegar skýrslur. En jeg hef hugsað mjer að skýrslur þessar yrðu teknar af bændum á hreppaskilaþingi, og yrði því um munnlegar skýrslur að ræða. Og hefði breyt.till. þessi ekki verið tekin aptur, þá mundi jeg fyrir mitt leyti hafa greitt atkvæði með henni.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (þgskj. 53) við 4. gr. tekin aptur,

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 10. fundi Ed., miðvikudaginn 12. júlí kom frumv. til 3. umr. (stjórnarfrumv. (A 85).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með öllum atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 16. fundi Nd., fimmtudaginn 20. júlí kom frumv. til 1. umr. (A 85).

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þetta frumv. er komið frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum og má heita óbreytt af hálfu stjórnarinnar og Ed. Það virðist því engin þörf á að það setja það í nefnd, og er vonandi, að fái að ganga sinn gang í gegnum deildina.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Á 19. fundi Nd., mánudaginn 24. júlí kom frumv. til 2. umr. (A 85, 149).

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-

Sk.): Vitaskuld er hjer ekki um verulegt stórmál að ræða, en þó hefur mjer þótt ástæða til að gjöra dálitla breytingu á 4. gr. frumv., ef svo skyldi fara, að það yrði að lögum.

Frumv. er auðsjáanlega sniðið eptir lögum frá 8. nóv. 1895, en ákvæði um sektir við því að gefa vísvitandi rangar skýrslur er sleppt. Mjer virðist engin ástæða til að sleppa þessu ákvæði, og fer því í fyrri lið breyt.till. fram á, að því sje bætt framan við 4. gr.

2. liður breyt.till. fer fram á, að lögreglustjóri ákveði dagsektir með úrskurði, og væri það mikil bót, því eins og stendur, er ekki heimilt að ákveða þær öðruvísi en með dómi, en slíkt er erfitt mjög og umsvifamikið.

Ekki ætla jeg að gjöra þetta að neinu kappsmáli, en við þessar breytingar verður frumv. miklu aðgengilegra og nokkru* fullkomnara, en það er, svo jeg vona, að þeim verði vel tekið í háttv. deild.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg er háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) samþykkur í því, að nánari ákvæði um þau atriði, sem breyt.till. höndlar um, mundu bæta frumv. að nokkru. Nefndin, sem hefur haft þetta mál til meðferðar hjer í deildinni*, hefur ekki haft tækifæri til að athuga þessar tillögur, en þegar milliþinganefndin var með þetta smámál og ráðgaðist um það við dýralæknirnn, kom okkur saman um, að bezt mundi að sleppa ákvæði um sektir við að gefa rangar skýrslur, því það mundi gjöra frumv. óaðgengilegra. Jeg fyrir mitt leyti ímynda mjer, að slíkt ákvæði gjöri í rauninni hvorki til nje frá, og skil jeg varla í því, að nefndin setji sig upp á móti því.

*) Í deildinni var engin nefnd sett í þetta mál.

Að lögreglustjóri skuli ákveða dagsektir með úrskurði, það álít jeg heppilegt, svo jeg er fullkomlega meðmæltur síðari hluta breyt.till., og ekki á móti fyrri hlutanum. En verði þessi breyting samþ., þarf frumv. að ganga aptur til Ed., og ekki er víst, að það verði samþ. þar með þessum breytingum.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil að eins taka það fram, að þar sem háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) áleit breytingu þessa skerping á lögunum, vil jeg geta þess, að það er einmitt þvert á móti. Breytingin fer að eins fram á sektir, en brot á lögunum eins og þau eru eða yrðu samkvæmt frumv., mundu geta fallið undir meinsærisákvæði hegningarlaganna. En mjer virðist allt of strangt að beita svo þungu vopni í slíku máli.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 14 atkv.

2. gr. samþ. með 13 atkv.

3. gr. samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. við 4. gr. á þgskj. 149 samþ. með 13 atkv.

4. gr. samþ. með 13 atkv.

Viðauki við 4. gr. á þgskj. 149 samþ. með 14 atkv.

5. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin álitin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 21. fundi Nd., miðvikudaginn 26. júlí kom frumv. til 3. umr. (A. 163).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og endursent forseta Ed.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 29. júlí, kom frumv. til einnar umr. (A 192, 222).

Samþykkt var að breyt.till. á þskj.

222 mætti koma til umr. og atkv.gr., þó henni hefði verið útbýtt með ónógum fyrirvara.

Sigurður Stefánsson, (þm. Ísfjk.): Þegar þetta frumv. var til meðferðar hjer í deildinni, þá kom fram breyt.till., sem fór í sömu átt og viðauki sá, sem háttv. Nd. hefur bætt við 4. gr. Sú breyt.till var felld hjer í deildinni með töluverðum atkvæðamun, og verð jeg að líta sömu augum á þessa breytingu nú sem þá, að hún sje alveg óþörf.

Það er tekið fram í ástæðum millilinganefndarinnar við frumv. hennar, að það sje opt og einatt næsta örðugt fyrir almenning að ákveða, úr hvaða sjúkdómum skepnur deyja, og get jeg fyllilega undirskrifað það, að þekkingu manna í þessum efnum er ekki svo háttað, að þeir geti gefið skýrslu um þau, sem þeir enda sjálfir geta verið vissir um að sje rjett.

Jeg hef þegar áður tekið það fram, að þegar svo stendur á, þá sje það rangt að ákveða háar sektir fyrir brot gegn lögum, sem almenningi er lítt mögulegt að hlýða. Auk þess er líka annar galli á þessu, nefnilega sá, að þó að menn gefi rangar skýrslur, þá er ómögulegt að sanna, að þeir hafi gjört það vísvitandi; þeir gætu alltaf afsakað sig með því að segja, að þeir hefðu ekki vitað betur. Þetta finnst mjer gjöra það ómögulegt, að beita sektarákvæðum í þessum tilfellum, og þessvegna verð jeg að líta svo á, að þessi breyting Nd. sje alveg óþörf, með því að hún mundi í fæstum tilfellum koma að tilætluðum notum. Auðvitað geng jeg út frá því, að menn gefi þessar skýrslur eins rjettar og þeir geta, en það mundi í fæstum tilfellum vera mögulegt að sanna, að þeir hefðu gefið vísvitandi rangar skýrslur. Svo hefur háttv. Nd. gjört dálitla viðbót við þetta sektarákvæði, nefnilega það, að menn skuli staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú. Að vísu gjöri jeg ráð fyrir, að það mundi sjaldan verða mikil rekistefna út úr þessu, og að lögin mundu með þessum ákvæðum verða lítið annað en pappírsgagn, en jeg álít hart að gjöra mönnum að skyldu, að gefa vottorð upp á æru og trú um það, sem þeir alls ekki eru færir að gefa vottorð um. Jeg verð því að leggja það til, að þetta viðbótarákvæði Nd., sem ekki stóð í frumv. stjórnarinnar, verði felt burt, og ef það verður samþykkt, þá get jeg alveg eins búizt við, að jeg greiði atkv. á móti frumv.

Það hefur áður verið tekið fram af hæstv. ráðherra, að ef það upplýsist, að menn gefi vísvitandi rangar skýrslur, þá sjeu til önnur lög, sem menn verði dæmdir eptir fyrir slík brot, og fellst jeg fyllilega á það.

Jóhannes Jóhannesson, (1. þm. N.-Múl.): Jeg held, að háttv. flutnm. þessarar breyt.till. hafi ekki athugað nægilega þá málsgrein, sem þeir leggja til að felld sje burt.

Sektarákvæðunum verður ekki beitt nema því að eins að það upplýsist, að menn gefi *vísvitandi rangar skýrslur*, og svo er einnig heimtað, að þeir staðfesti skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú. Jeg get alls ekki sjeð, að þetta ákvæði sje þýðingarlaust. Jeg skal taka dæmi. Ef maður, sem fjárkláði er hjá, gefur vísvitandi ranga skýrslu um, að fje hans sje alveg heilbrigt, til að losna við allt ónæði, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það sje nauðsynlegt að hafa hegningarákvæði í lögunum um slíkt framferði. Háttv. flutnm. gat þess, að til væru önnur lög, sem menn yrðu dæmdir eptir

fyrir þessi brot, og á hann þar við hin almennu hegningarlög; en það er aðgætandi, að þau ná aðeins til skriflegra skýrslna; en þessar skýrslur geta alveg eins verið munnlegar, sem menn gefa á hreppaskilaþingum, og þó að menn gefi rangar skýrslur munnlega, þá er það ekki brot á móti hegningarlögunum. Svo er líka aðgætandi, að það er talsverð fyrirhöfn, að þurfa að höfða reglulegt sakamál út af þeim brotum, sem hjer ræðir um, auk þess sem tekið er fram í 5. gr., að með brot gegn þessum lögum skuli farið sem almenn lögreglumál.

Loks hefur háttv. Nd. samþykkt þetta viðaukaatkvæði með miklum meiri hluta atkv., og mundi það verða til þess, að hrekja málið milli deildanna, ef þetta ákvæði 4. gr. yrði fellt hjer í deildinni, og vil jeg þess vegna leyfa mjer að leggja það til; að frumv. verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Ráðherrann: Þegar þetta frumv. var til meðferðar hjer í deildinni, þá ljet jeg í ljósi, að þessi breyting, sem háttv. Nd. hefur gjört, væri ekki nauðsynleg út af fyrir sig, nefnilega að það skuli varða sektum að gefa rangar skýrslur. En jeg get þess jafnframt, að ákvæðið gæti haft þýðingu. ef það væri viðtækara. Þetta ákvæði hefur háttv. Nd. sett inn í frumv., en það er fleira, sem hún hefur bætt við.

Hvernig sem menn líta á þetta ákvæði um sektir fyrir vísvitandi rangar skýrslur, þá er þó hitt ákvæðið, sem Nd. hefur bætt við, til bóta, nefnilega að lögreglustjóri skuli ákveða dagsektir með utanrjettar úrskurði, og enn fremur að það skuli varða sekt, ef menn neita að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú. Þetta hvorttveggja er í samræmi við önnur lög hjer á landi, um hagfræðisskýrslur.

Jeg er enn á þeirri skoðun, að ekki þurfi nauðsynlega að setja ákvæði inn í lögin um hegningu fyrir að gefa vísvitandi rangar skýrslur, því að jeg hef gengið út frá því, að þessar skýrslur skyldu vera gefnar skriflega. Vísvitandi rangar skýrslur fjellu því beint undir hegningarlögin, ef ekki væri önnur ákvæði sett í þessum lögum. Jeg held ekki, að hreppstjórar gætu tekið þessar skýrslur eptir munnlegum tilsögnum, og þeim mun í reglugjörðinni verða lagt fyrir að heimta skriflega uppgjöf.

Það, sem jeg legg mesta áherzlu á, er ákvæðið um ákvörðun dagsektanna, er sparar mikil umsvif, og í þriðja lagi álít jeg það til bóta, að breytingin gjörir stjórnarvöldunum hægra viðureignar, þannig að það þarf ekki að höfða sakamál út af þeim brotum, sem hjer ræðir um.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að taka það fram út af ummælum háttv. þm. Ísfjk., að það var ekki rjett hermt hjá honum, að breyt.till. sú, sem kom fram hjer í deildinni og fór í sömu átt og viðbótarákvæði Nd. í 4. gr. um sektirnar, væri felld með miklum atkvæðamun hjer í deildinni við 2. umr. málsins; breyt.till. var ekki felld, heldur tekin aptur eptir bendingu hæstv. ráðherra. Jeg áleit, að það væri óhætt að fella þetta hegningarákvæði burt úr þessum lögum, og að það væri óþarft þar sem ein grein í hegningarlögunum hefur inni að halda ákvæði um hegningu fyrir að gefa vísvitandi ranga skýrslu.

En nú hefur hæstv. ráðherra tekið fram, að ef ekki væri sektarákvæði við þessum brotum í þessum lögum, þá væri nauðsynlegt að höfða beinlínis sakamál út af þeim, með öllu því umstangi, sem af því leiðir, og svo er ekki nóg með það; heldur sje jeg ekki betur,

en að það sje í beinni mótsögn við 5. gr, frumv.; þar stendur, að með brot gegn lögum þessum skuli farið sem almenn lögreglumál.

Nú er það vafalaust brot á lögunum, að gefa vísvitandi rangar skýrslur. En ef ekki er neitt ákvæði í lögunum um refsing fyrir það, þá verður ekki unnt að átelja brotið öðruvísi, en með því að að beita almennum hegningarlögum, og skilst mjer, að það verði ekki gjört öðruvísi en með því, að höfða sakamál, en það er á móti 5. gr.

Jeg held þess vegna, að það sje fullkomin ástæða til að fella hreyt.till. á þsgkj. 222. Jeg held ekki, að þetta ákvæði 4. gr. sje svo mikilvægt atriði, að það geti haft neinar hættulegar afleiðingar í för með sjer. En þar sem háttv. þm. Ísfjk. sagði, að þetta ákvæði væri þýðingarlaust, vegna þess, að almenningur þekkti ekki sjúkdómana, þá er það mótbára á móti málinu í heild sinni, en ekki þessu sjerstaka ákvæði.

Jeg held, að það sje aðhald fyrir menn, að þetta sektarákvæði standi í lögunum, og þess vegna mun jeg greiða atkv. með frumv., eins og það nú liggur fyrir.

Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg byggist við, að þessi lög mundu sjaldan verða annað en pappírsgagn; en á hinn bóginn neitaði jeg því ekki, að það mætti fá dálítið út úr þeim til leiðbeiningar fyrir þá menn, sem leggja stund á, að kynna sjer alidýrasjúkdóma. Við þá umr. málsins kom fram hjer í deildinni viðaukatill. í þá átt, að bætt væri í frumv. ákvæði um sektir fyrir ranga skýrslu, en þar sem ljóslega var sýnt fram á, að ákvæði þetta væri bæði ranglátt og óframkvæmanlegt, var till. felld með miklum atkv. mun. Sama till. hefur nú verið tekin upp í Nd., og virðist nú hafa hjer töluvert meðhald, en jeg verð að segja það, að mjer finnst lagt allt of mikið kapp á að ætla sjer að þröngva mönnum með þungum sektum til þess að gefa þessar skýrslur.

Ef það á endilega að varða sektum, að menn gefi rangar skýrslur um það, sem mönnum í mörgum tilfellum er ómögulegt að gefa áreiðanlega skýrslu um, hvers vegna nægja þá ekki ákvæði hegningarlaganna í því efni? Mjer virðist þetta sektarákvæði að eins vera til þess að gefa mönnum undir fótinn með að leita að sökum á nágranna sína.

Jeg fellst algjörlega á þau ummæli háttv. þm. Ísfjk., að þetta sektarákvæði væri bæði meiningarlaust og óþarft, með því að það verður í flestum tilfellum ómögulegt að sanna, að það hafi verið gjört vísvitandi; og þó að menn verði nú neyddir til, eða þar að auki gjört að skyldu, að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, þá bætir það ekki mikið úr, þar sem í fjölda mörgum tilfellum verður að gefa skýrsluna eptir ágizkun einni. Jeg mun því óhikað greiða atkvæði með breyt.till. á þgskj. 222 um, að fyrsta málsgrein 4. gr. falli burt, en falli sú breyt.till., mun jeg greiða atkv. móti öllu frumv.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg hef hjer litlu við það að bæta, sem fram hefur verið tekið á móti þessu frumv.; að eins nokkrum orðum viðvíkjandi því, sem háttv. þm. N.-Múl. tók fram, að mjög væri hætt við því, að rangar skýrslur yrðu gefnar, og því væru sektarákvæðin nauðsynleg. Það gæti t. d. sýnt sig, að það hefði verið leynt fjárkláða, og þá yrði viðkomanda hegnt. En þessu verð jeg að mótmæla, því skýrslan getur verið gefin upp á æru og samvizku, þó hún ekki

reynist rjett, og hins vegar getur skýrslan visvitandi verið röng, þó óhugsandi sje, að hægt sje að færa sannanir fyrir því, þar sem menn almennt út um land þekkja alls ekki sjúkdómana. Þessar sannanir verða þó enn þá erfiðari ef, um innvortis sjúkdóma er að ræða. Ef nú ekki er hægt að sanna, að skýrslan sje visvitandi röng, þá er naumast hægt, að hegna viðkomandi. Mjer virðist því, að hin almennu sektarákvæði muni verða að litlum notum; öðru máli gegnir með dagmúltirnar. Þetta frumv. í heild sinni er þannig úr garði gjört, að jeg fyrir mitt leyti get ekki gefið því atkvæði mitt.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg heyri mikið skopazt að þessum lögum, og því haldið fram, að þau sjeu að eins pappírslög. Jeg get nú ekki verið á þessu máli, og heldur ekki lái jeg stjórninni, þó hún vilji heimta einhverjar skýrslur, þar sem svo mikið er lagt í sölurnar fyrir kvikfjárræktina og landbúnaðinn yfir höfuð. Jeg held það sje stórmikill misskilningur að halda því fram, að bændur muni eiga svo erfitt með að ákveða, af hvaða sjúkdómi skepnurnar hafi drepizt, því bæði er nú það, að sjúkdómarnir eru ekki svo afar margir, og hins vegar eru bændur glöggir á aðalsjúkdómana. Að minnsta kosti ef faraldur er í skepnum þeirra, heyrir maður þess optast getið, hver sýkin er. Hjer er ekki um annað að ræða en það, að þeir gefi skýrslu eptir því, sem þeir vita bezt. Viti þeir ekki, hvað dauðanum veldur, verða þeir að setja það á skýrsluna, fremur en geta einhvers til til um sjúkdóminn, ef þeir ekki þekkja hann.

Mjer fannst yfir höfuð að tala mótbárurnar á móti þessu frumv. fremur ljettar á metunum og mun því gefa því atkv. mitt.

Ráðherrann: Mjer virðist háttv. þm. S.-Múl. hafa dálítið misskilið þessa staðfestingu upp á æru og samvizku. Með því er ekki meint, að viðkomandi eigi að votta, að álit hans sje áreiðanlega rjett í sjálfu sjer, heldur hitt, að hann hafi skýrt eins satt og rjett frá því eins og *hann* gat, og að hann sjálfur viti ekki betur, en að það sje eins og hann segir. Svona er allur vitnaframburður skilinn. Hjer getur því ekki verið að tala um að neyða neinn til að gefa skýrslu um annað en það, sem hann veit, eða á að geta vitað; hitt kemur ekki til mála, að heimtað verði af honum sjerfræðislegar skýrslur, eða að hann heimfæri hver sjúkdómseinkenni undir ákveðin sjúkdómsheiti.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer virðist þetta mál nú vera fullrætt, og skal jeg því að eins gefa eina litilfjörlega bendingu. Það hefur nefnilega orðið prentvilla: »y« í stað »i« í orðinu veita, sem er mjög óheppileg.

ATKVGR.: Breyt.till. (222) felld með 7 atkv. gegn 5.

Frumv. í heild sinni því næst samþ. með 7 atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XX. Gaddavírsgirðingar.

Á 6. fundi Ed., föstudaginn 7. júlí kom frumv. til laga um gaddavírsgirðingar til 1. umr.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Af því að mál það, er frumv. þetta ræðir um, hefur á undanförnum tíma sætt mörgum og misjöfnum dómum og valdið talsverðum ágreiningi bæði í ræðum og ritum, og þar með vakið töluverða athygli meðal þjóðarinnar, þá virðist vera full ástæða til, að rannsaka ítarlega, hvort og að hve miklu leyti þessir dómar eru á rökum byggðir, og hvort það frumv., sem hjer liggur fyrir, verður álitin heppileg rjettarbót, ef hin núgildandi lög ekki þykja fullnægjandi. Jeg skal þessvegna leyfa mjer að stinga upp á, að nefnd verði, að lokinni þessari umr., skipuð í þetta mál, og vil jeg þá leyfa mjer að leggja það til, að 3 manna nefnd verði kosin til að íhuga það.

ATKVGR. Að frumv. gangi til 2. umr., samþ. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Guðjón Guðlaugsson með 11 atkv.

Guttormur Vigfússon 9 atkv.

Næstir þeim fengu þeir Þórarinn Jónsson og Þorgrímur Þórðarson hvor um sig 7 atkv., og var þá kastað hlutkesti um þá, og kom upp hlutur Þorgríms Þórðarsonar.

Í nefndinni var Guðjón Guðlaugsson kosinn formaður og Guttormur Vigfússon skrifari og framsm.

Á 21. fundi Ed., fimtudaginn 27. júlí kom frumv. til 2. umr. (stjfrv., A 167).

Framsögumagur Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Jeg þykist vita, að eigi sje nauðsynlegt að tala langt mál fyrir þessu litla frumv., sem þess utan er mjög óbrotið, enda liggur fyrir nefndarálit í málinu, sem jeg get að mestu leyti vísað til. Með lögum 19. desember 1903, var stjórninni falið að kaupa inn vír til túngirðinga fyrir þá, sem æsktu þess, en þau lög giltu að eins um túngirðingar, eða girðingar um ræktað land, og af því að landssjóður ætlaði að lána peningana, þá átti stjórnin að annast um þetta. Þegar það svo kom í ljós, eptir að stjórnarráðið hafði auglýst verð á girðingarefni því, sem pantað hafði verið, að hvílíkum kostakjörum stjórnin komst við innkaup sín, hugkvæmdist mönnum, að komast að sömu kjörum til annara girðinga en túngirðinga eða girðinga um ræktað land, og á þessu er þetta frumv., sem miliþinganefndin í landbúnaðarmálum hefur samið og stjórnarráðið lagt fyrir þingið, byggt. Nefndin er einhuga um það, að heimila stjórninni, að standa fyrir innkaupi annara girðinga en túngirðiuga, og einnig um það, að stjórnin ætti eigi að sinna smápöntunum einstakra manna, heldur að eins pöntunum frá fjelögum, sem að sjálfsögðu munu panta girðingaefnið í stærri stíl.

Um hitt aðalatriði frumv., að fresta gildi laganna 19. des. 1903 var nefndin í meiri vafa og nokkuð hikandi, enda nokkuð undarlegt að fresta lögunum á þessu þingi, þar sem þau hafa eigi verið í gildi nema 1 ár. Nefndin var eindregið þeirrar skoðunar, að lögin frá 19. des. 1903 væru ein hin þörfustu og nytsömustu lög, sem hafa komið frá þinginu nú á síðari tímum, en að þau hafa eigi fengið eins góðar undirtektir hjá þjóðinni og þau eiga skilið, er eingöngu að kenna

»agitatión« þeirri, sem hafin var gegn þeim, undir eins og þau komu frá þinginu. Nefndin var því hikandi með, hvort hún ætti að fallast á ákvæði frumv. í þessu, en rjeð þó af að gjöra það. Landbúnaðarnefndin gjörði ráð fyrir því í athugasemdum við frumv. sitt, að pantanir, sem kynnu að koma til stjórnarinnar fyrir 1. janúar 1906, yrðu teknar til greina á þann hátt, að þær yrðu afgreiddar á árinu 1906, og fjellst nefndin á þú tillögu, enda er mjög eðlilegt, að þeir, sem ljetu mæla girðingastæði um tún sín haustið 1904 og sóttu þá um girðingaefni til landsstjórnarinnar, en gátu ekki fengið það vegna ófullkominna skýrslna frá skoðunarmönnum, eða urðu of seint fyrir með pantanir sínar. þurfi að bíða enn þá í tvö ár eptir girðingarefninu, ef þeir endurnýja pöntunina fyrir 1. jan. 1906. Nefndin býst þó eigi við, að þessar pantanir verði í stórum stýl, en leggur til, að ákvæðum um þetta verði bætt aptan við 1. gr. frumv.

Jeg vona svo eptir góðum undirtektum um þetta mál í háttv. deild, sje því eigi ástæðu til að fara fleiri orðum um það að sinni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg verð að játa, að jeg er að vissu leyti ánægður með þetta frumv., því að það sannar, að það var rjett, sem jeg sagði á síðasta þingi um gaddavírsfrumv. Það fór eins og jeg sagði þá, að engin meining væri í að demba þessum lögum á þjóðina, að henni fornspurðri, enda sýnir reyndin, að þau eru óvinsæl, menn vilja eigi nota þau, og það kveður svo rammt að, að stjórnin leggur til að fresta þeim. Háttv. framsm. (G. V.) er glaður yfir því, að hann hefur fundið í *einni* þingmálafundargjörð talað um »ágæti« þessara laga, en ef farið væri gegn um fleiri þingmálafundagjörðir, þá mundi annað uppi á teningnum; að minnsta kosti veit jeg, að í mínu kjördæmi voru menn á móti þessum lögum, og enginn úr kjördæmi hins háttv. framsm. hefur pantað nokkurn vírspotta.

Það er komið á daginn, að gaddavírslögin eru óbrúkandi, og það er því bót í að fresta þeim, þótt hún sje eigi mikil, af því um svo stuttan tíma er að ræða. En mjer þykir hálfleiðinlegt að gjöra stjórnina að »agent«, eins og gjört er í þessu frumv.; finnst það vera til að niðurlægja hana, en ef hún sjálf sækist eptir þeirri stöðu, vil jeg ekki vera að meina henni það, en sje þó eigi hvers vegna hún getur þá eigi verið »agent« fyrir fleira en gaddavír, og vil skjóta því til hinnar háttv. nefndar, hvort eigi væri tiltækilegt. að láta stjórnina panta fleira en gaddavír fyrir þjóðina. Annars sje jeg eigi ástæðu til að vera eiginlega á móti þessu frumv.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg ætlaði eigi að tala í þessu máli, en háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) kom mjer til þess.

Það er eins og það sje einhver sjúkdómsástríða á háttv. þm. til þess að lasta gjörðir stjórnarinnar í hverju máli. Honum varð tilrætt um þá óvild, sem þjóðin bæri til gaddavírslaganna, en jeg vil nú skýra fyrir háttv. þm., hvernig sú óvild er til komin. Blað eitt hjer á landi, sem engum, ekki einu sinni í háði, mundi detta í hug að kalla »sannsöglinnar málgagn«, tók upp á því, að senda fyrirspurnir til búfræðinga og annara, sem það hjelt að mundi bera skynbragð á þetta mál, um það, hvað þeir álitu um gaddavírinn. En hvernig fer svo? Svo er prentað í blaðinu allt það, sem ritstjóranum líkaði, en ekkert annað, með öðrum orðum, álit þeirra, sem voru gaddavírnum meðmæltir, var eigi tekið í blaðið, en þeir sem voru andstæðir lögunum um gaddavírsgirðing-

ar, komu náttúrlega sínu að. Jeg þekki búfræðing, sem var farið svo að við, að sumt var tekið af því, sem hann sagði, en sumt eigi. Fyrri kafli svars hans til ritstjóra, þar sem hann taldi upp það, sem að gaddavír mætti finna, var tekið í blaðið, en síðari kaflinn, þar sem hann hrakti öll mótmæli gegn vírnum, var eigi tekinn. Þegar svona er að farið, þá er eigi von, að almenningsálitið verði gott, og þetta er ástæðan fyrir því, svo drengilegsem hún er. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að stjórnin gjörðist »agent«, en mjer finnst það vera heiðarlegt og lofsvert af hverri stjórn, sem reynirað hjálpa sínu landi á sem flestan hátt, og að því má henni mest virðing verða og landi mest blessun. »Statssósialismus« er líka að ryðja sjer til rúms, og held jeg að fáir dirfist að lasta hann.

Framsögumaður Guttormur Vigfússon (2. þm. S.-Múl.): Það er í sjálfu sjer óþarfi, að svara háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) nokkru, en þó vil jeg gjöra það með fáum orðum. Hann var að minna á, að hann hefði verið á móti gaddavírslögunum í fyrra, eins og þau voru úr garði gjörð. Jeg man það vel, að honum þótti þá ýmislegt að þeim, en röksemdir hans man jeg ekki svo glöggt, enda hef jeg ekki haft fyrir að lesa upp röksemdir hans, en hitt man jeg fullvel, að bæði mjer og öðrum þóttu þær þá mjög ljettvægar og lítilfjörlegar. Háttv. þm. (V. G.) var enn fremur að fagna yfir því, að menn hefðu ekki notað sjer til neinna muna þægindi þau, er túngirðingalögin hefðu átt að veita bændum, ekki einu sinni í mínu kjördæmi. Því miður er þetta satt. En það getur svo farið um beztu hluti og beztu málefni, einkum í fyrstu, þegar óhlutvandir menn reyna á allan hátt, mögulegan og ómögulegan, heiðarlegan og óheiðarlegan, að gjöra málefnið tortryggilegt í augum almennings.

Það ætti að vera minnisstætt þeim mönnum, sem börðust fyrir túngirðingamálinu á síðasta þingi, hvílíkar æsingar það mál vakti einkum í sjávarplássum, og þá sjerstaklega í kjördæmi háttv. þm. (V. G.), Gullbringu- og Kjósarsýslu, yfir hinum stóru summum, sem fleygt væri í landbúnaðinn. Aptur á móti vakti mál þetta fögnuð út um land hjá landbúnaðarmönnum, sem von var, þar sem þeir eðlilega hlutu að geta bezt fundið til þess og dæmt um nytsemi túngirðingalaganna. Eptir að túngirðingalögin höfðu öðlazt staðfestingu H. H. konungsins, kom undarlegt apturkast í hugi manna út um landið viðvíkjandi málinu, ekki af því, að bændum snerist hugur um nytsemi laganna. Nei, það var ekki af því, heldur var það hinni verstu »agítation« að kenna, þeirri »agitation« og ósannindaryki, sem mótstöðumenn málsins þyrluðu upp til þess, að eyðileggja það í framkvæmdinni.

Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) lýsti því vel, hvernig farið var að ófrægja lögin. Hann nefndi til eitt dæmi um það. Jeg veit ekki, hvort það er sá sami maður, sem hann átti við, og sá, sem jeg þekki og heyrði lýsa því yfir á opinberum fundi, að mjög líkt hefði verið farið með hans umsögn í málinu, eins og háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) lýsti í ræðu sinni. Jeg þekki annan heiðursmann, sem af blaðstjóra var beðinn um umsögn í málinu; maðurinn gaf hana, en hinum heiðraða blaðstjóra hefur víst ekki líkað umsögnin, því maðurinn var eindregið með túngirðingalögunum, því aldrei kom svarið fram. Aðal-grýlan, sem notuð var móti lögunum var hinn óbæri-

legi kostnaður. Æsingamennirnir höfðu reiknað út, að faðmurinn mundi kosta 60—70 aura. En þegar auglýsingin frá stjórnarráðinu kemur um verð á túngirðingarefni, þá er sem köldu vatni sje steypt yfir menn, og þeir sjá nú fyrst ósannindin afklædd, og hversu hagkvæmt og ódýrt er, að fá girðingar úr þessu efni. Jeg þekki eitt dæmi: prestur nokkur pantar girðingarefni, til þess að girða tún sitt, 100—150 dagsláttur; þetta girðingarefni kostaði milli 200 og 300 kr. Ef menn almennt í þeirri sveit hefðu vitað um þetta lága verð, þá mundu margir sveitamenn hafa pantað girðingarefni til þess að girða tún sitt með og máske engjar. Aðal-orsökin til þess, hversu lánsheimildin til túngirðinga var lítið notuð síðasta ár, var því eingöngu sú, að það var búið að trufla og ranghverfa skoðunum manna um girðingalögin, en þetta mun bráðum lagast.

Jeg get ekki sjeð neitt á móti því, þótt stjórnin hlaupi undir bagga með að útvega það, sem til framfara og hagsældar getur leitt fyrir einhvern atvinnuveg; jeg á því ekki hægt með að skilja það, að það sje á nokkurn hátt óviðurkvæmilegt eða ótilhlýðilegt, að stjórnin panti gaddavír fyrir menn eins og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) vildi halda fram.

Að því er snertir önnur girðingarefni, er það að segja, að slíkt liggur hjer ekki fyrir, en ef það þykir tiltækilegt, þá mundi jeg ekki verða á móti því.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) tók það fram, að svo mjög hefði verið »agiterað« á móti túngirðingalögunum af vissum blöðum. En hvað hefur sjálft »sannsöglinnar málgagn« gjört? Og hvað hafa hin blöðin gjört? Hafa þau ekki reynt að mæla með lögunum af alefli? Jeg get ekki sjeð annað, en að það væri rjett og full þörf á því, að leita álits þeirra manna um túngirðingalögin, sem vænta mætti að hefðu vit á málinu, og hafi öll ummæli sumra ekki verið tekin, þá var þeim hinum sömu innanhandar, að fara til hinna blaðanna með umsagnir sínar; þau hefðu víst tekið við þeim, og þótt vænt um, að fá þau.

Það er annars undarlegt að heyra, að að eins þau blöð, sem hreyft hafa mótbárum gegn lögunum, skuli hafa haft áhrif, en hin blöðin, sem flutt hafa meðmælin og meðhaldið, engin áhrif; það er auðskilið, af hverju þetta kemur; það kemur til af því, að lögin voru algjörlega óbrúkandi, eins og þau voru úr garði gjörð.

Árangurinn af lögunum sýnir best, hversu fögnuðurinn hefur verið mikill yfir þeim. Af 500,000 kr., sem stjórnin hafði leyfi til að lána fyrir túngirðingarefni, hafa að eins verið notaðar 7,200 kr. Um þetta þarf ekki að ræða, það talar fyrir sjer sjálft.

Það getur verið gott og blessað, að fela stjórninni sem flest; en ef það er heppileg stefna, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að það ætti að fela henni að panta fleira en gaddavír; það mætti til dæmis fela henni að kaupa í stórkaupum fyrir allt landið kornmat, kaffi o. fl., svo hún tæki það ómak af kaupmönnum. Í stuttu máli: fögnuðurinn yfir túngirðingalögunum sjest af árangrinum af þeim, og ef það verður álitið heppilegt, að gjöra stjórnina að »agent«, þá vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að hún verði látin panta fleira en gaddavír; það má víst segja um margt annað, að það sje eins nauðsynlegt fyrir landsmenn að fá það með sem vægustu verði.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hjelt því fram,

að lögin hefðu verið mjög lítið notuð, þar sem að eins hefði verið pantað fyrir 7,200 kr. af 500,000 kr., sem hefði mátt verja til láns úr landssjóði. Það voru alls ekki áætlaðar 500,000 kr. til útlána fyrstu 2 árin, það var meiningin, að lögin giltu miklu lengur, og enginn gat búizt við því, að girðingarefnið yrði almennt pantað á þessum stutta tíma, sem lögin hafa verið í gildi; eftir því sem nú horfir við, er engin hætta á því, að þetta hefði ekki lagazt. Það er annars undarlegt, að háttv. þingm. (V. G.) skyldi ekki vera á móti því, að stjórninni var falið að annast innkaup á tóbakinu til útrýmingar fjárkláðanum, úr því hann er svo mjög á móti »agentúr« stjórnarinnar. Hann fór að tala um, að stjórnin ætti að vera »agent« í fleiru en gaddavír, og nefndi þá mjög háðslega sem dæmi kornmat vg kaffi. Einn merkasti maðurinn í Noregi hefur nýlega stungið upp á því, að ríkisstjórninni væri falið að kaupa kornmat fyrir allt ríkið, af því að hún gæti komizt að betri kaupum, en einstakir menn. Ef það er rjett hjá menntaþjóðum, að stjórnin beinist fyrir stórfyrirtækjum, sem geta orðið til hagsældar og þrifa þjóðinni í heild sinni, þá get jeg ekki ekki sjeð, að það sje vanvirða fyrir stjórn vora að gjöra hið sama, einkum þegar hún getur leyst verkið betur af hendi heldur en aðrir. Að halda slíku fram, er að eins gjört í þeim tilgangi, að villa sjónir fyrir mönnum.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg ætlaði ekki að taka til máls í þessu máli, en sökum þeirrar umræðu, er orðið hefur um það, einkum út af ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), þá vil jeg segja fáein orð.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) segir, að túngirðingalögin sjeu lítils metin hjá þjóðinni, og er það auðheyrt, að hann er glaður yfir því. En þetta er falsgylling hjá háttv. þm., sprottin af vanþekkingu á málefninu. Þótt álit manna hafi út af æsingunum á móti lögunum verið lítið fyrst í stað, þá er þetta allt öðru vísi nú, og þjóðin hefur miklu meira álit á lögunum heldur en háttv. þm. (V. G.) gjörir sjer í hugarlund; það var ekki nema eðlilegt, þótt álit manna á gaddavírnum minnkaði, þegar litið er til þess, sem að honum var fundið.

Fyrst var nú það, að hann væri svo skaðlegur; hann mundi gjöra tjón bæði á skepnum og jafnvel mönnum; reynslan hefur sýnt og sannað, að þetta var tómur hugarburður, enda eru nú þeir hinir sömu menn, sem álitu hann skaðlegastan, farnir að halda því fram, að lögin ættu ekki að vera svona, en það ætti að styrkja menn til þess, að kaupa hann á sem hagkvæmastan hátt. Hræðslan við gaddavírinn hefur því verið hjegilja ein, sem nú er með öllu horfin. Þá var því haldið fram, að gaddavír væri afardýrt girðingarefni; menn hjeldu fram, að áætlanir mínar væru fjarstæða ein; þetta fór allt út um þúfur með reynslunni; gaddavírinn reyndist miklu ódýrari, en jeg hafði áætlað hann og blöðin höfðu spáð. Fæstar af aðfinnslunum voru á rökum byggðar, og er þetta nú orðið hverjum manni fullljóst. Af þessum aðfinnslum leiddi það, að framkvæmd laganna var hnekkt í fyrstu, en nú er það alkunnugt, að þær eru ekki á rökum byggðar, og eru þær því orðnar að beztu auglýsingum fyrir gaddavírnum. Einmitt umræðurnar um vírinn hafa orðið til þess, að því eldri sem lögin urðu, því vinsælli varð hann. Þetta er ómótmælanlega satt, og jeg varð að segja frá því, þótt það verði

aldrei nema til þess, að græta háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.).

Jeg verð að segja það, að mjer finnst það nokkuð hart, þegar menn, sem ekkert vit hafa á búskap, eru að segja búmönnum fyrir um það, sem að búskap lýtur; t. d. að ætla að fara að kenna mjer túngirðingar, sem hef lagt efni til þeirra, unnið að þeim, og notið gagns þeirra um mörg ár. Þetta hef jeg gjört á mínum ábýlisjörðum í 20 ár, og áður fjekkst jeg við garðahleðslur meðal annara jarðabóta hjá öðrum; eptir reynslu þá, er jeg hef fengið í þessu undir 30 ár, get jeg lýst því yfir, að jeg hef aldrei unnið óþarfara verk, en þessar túngirðingar; öll þau störf, allir þeir kraptar, sem til þeirra fóru, hafa borið mjög ríra ávexti, rýrari en flestar aðrar umbætur, er jeg hef fengizt við. Þótt jeg væri fyrir einu ári búinn að koma mjer upp túngarði úr grjóti, svo vönduðum sem kostur var á, þá notaði jeg um nokkurn hluta túnsins samt lögin til þess að koma mjer upp girðingu úr gaddavír. Þetta getur nú að vísu verið kölluð heimska af sumum mönnum, en jeg get ekki beygt mig undir dóm annara í þessu efni, en þeirra, sem eitthvað vita meira af reynslunni en jeg, en alls ekki þeirra, sem eru eins gjörsneyddir allri þekkingu á málinu, eins og háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) vitanlega er.

Jeg hef ekki »agiterað« fyrir túngirðingalögunum; jeg hefði þá eflaust getað komið því til leiðar, að annaðhvort tún í kjördæmi mínu væri girt gaddavír. Jeg ætlaðist til þess, að lögin sýndu með reynslunni, að þau væru gagnleg. 2 af beztu búmönnum sýslunnar voru með mjer í pöntuninni á gaddavírnum, og ljetu girða tún sín á umliðnu vori og vona jeg það dugi sem meðmæli þar í kring með girðingalögunum. Hver sem kemur á heimili annars þessara manna að minnsta kosti, mun ganga úr skugga um það, að það sje engin vanhyggja eða vitleysa í búskap, sem sá maður tekur sjer fyrir hendur.

Háttv. þm. (V. G.) hefur talað um, að túngirðingalögin eyddu svo miklu fje úr landssjóði, en þó eru þau að hans sögn ekki notuð; nú, ef þau eru ekki notuð, þá eyðist heldur ekki fje þeirra vegna.

Eptir upplýsingum frá stjórnarráðinu hafa að eins verið lánaðar 7,200 kr. samkvæmt túngirðingalögunum; þessi lága upphæð sannar að eins, að hik hafi verið á mönnum með að nota lögin, enda er tíminn ekki langur, sem lögin hafa verið í gildi, og þótt engin »agitatión« hefði átt sjer stað móti þeim, þá hefði alþýða manna samt þurft nokkurn tíma til þess að átta sig á þeim.

En að svo lítið hefur verið eytt úr landssjóði vegna laganna, sannar þó alltjend það, að ekki allt er satt, sem háttv. þm. (V. G.) segir í ritum sínum. Í ritgjörð í Eimreiðinni segir hann, að nýja stjórnin hafi á fáum mánuðum sólundað 300,000 kr. út úr landssjóði, og að þetta athæfi hennar gangi næst gaddavírslögunum. Á hinu umliðna tímabili voru lánaðar c. 7,000 kr. samkvæmt gaddavírslögunum. Eru nú 7,000 kr. orðnar meira en 300,000 kr.?

Það er þessi gamla alþekkta ósamkvæmni í ályktunum þingmannsins, sem gjörir margt af því, sem hann segir, að markleysu einni, um leið og röksemdir hans eru fullar öfga og rangfærslna.

ATKVGR. 1. breyt.till. (167) við 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. gr, svo breytt samþ. í einu hlj.

2. gr. samþ. í einu hlj.
3. gr. samþ. í einu hlj.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 23. fundi Ed., laugardaginn 29. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 209).

Framsögumaður Guttormur Vigfússon, (2. þm. S.-Múl.); Jeg þarf eigi að tala langt fyrir þessu frumv., þar sem engar mótbárur hafa komið fram gegn því, en vona, að það fái fram að ganga.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 29. fundi Nd., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 284).

Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Frumv. þetta er komið frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum og komið hingað í deildina frá háttv. Ed., og hefur hún ekki breytt því að öðru en að tekið er upp í það ákvæði, sem sem bent var til í athugasemdum milliþinganefndarinnar. Það er bersýnilega þörf á því, að greiða sem mest fyrir mönnum að fá þetta girðingaefni svo ódýrt, sem kostur er á, og margir vilja ekki og geta ekki bundið sig við ákvæði túngirðingalaganna, og nægir þar að vísa í ástæður milliþingnefndarinnar fyrir frumv.

Eins og kunnugt er. hefur landbúnaðarfjelagið verið mlliliður við pantanirnar, sem gjörðar hafa verið á þessu ári, og ef jeg man rjett, hefur verið pantað efni fyrir c. 14 þús. kr. Af reynslunni, sem fengin er við það, hefur það lærzt, að það þarf að ætla lengri tíma, en gjört hefur verið, frá því að pöntunin er send. þangað til efnið á að koma, því að það vildi brydda á því, að verksmiðja sú, sem átt var við, væri talsverðan tíma að afgreiða pantanirnar.

Um eina tegund stólpanna er það og að segja, að hún var stórgölluð, að minnsta kosti það, sem kom til Búnaðarfjelagsins hjer í bænum. Skorurnar voru svo djúpar í flata járnið, að það var bráðónýtt, og hafði þó einmitt verið tekinn vari við því.

Frumv. er svo óbrotið og vel undirbúið, að jeg ímynda mjer, að það geti gengið í gegnum þessa háttv. deild án þess að sett sje nefnd í það.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ág. kom frumv. til 2. umr. (A 234).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 21. samhlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21. samhlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21. samhlj. atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 26. fundi Nd., mánudaginn 14. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A 234).

Enginn tók til máls. Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXI. Byggingarnefnd á Isafirði.

Á 6. fundi Ed., föstudaginn 7. júlí kom frumv. til laga um breyting á opnu brjefi 26. janúar 1865 um byggingarnefnd á Ísafirði til 1. umr.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísaf.): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta litla frumv. Eins og tekið er fram í ástæðunum við frumv., er það samið af bæjarstjórn Ísafjarðar, og þar sem það eigi fer fram á annað en það, sem þegar er orðið að lögum fyrir Reykjavíkurbæ, þá vona jeg að háttv. deild sjái því ekki neitt til tálmunar og lofi því að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi Ed., mánudaginn 10. júlí kom frumv. til 2. umr. (stjórnarfrv. A. 84).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Samþ. í e. hlj., að frumv. gangi til 3. umr.

Á 10. fundi Ed., fimmtudaginn 13. júlí kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. var samþ. í heild sinni í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí kom frumv. til 1. umr. (A. 84).

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí kom frumv. til 2. umr. (A. 84).

Enginn tók til máls.

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí kom frumv. til 3. umr. (A. 84).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXII. Lóðasala á Ísafirði.

Á 6. fundi Ed., föstudaginn 7. júlí, kom frumv. til laga um lóðarsöluheimild fyrir Ísafjarðarkaupstað til 1. umr.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er sama að segja um þetta frumv. og næsta frumv. á undan, að bæjarstjórn Ísafjarðar hefur borið það fram fyrir stjórnarráðið. og eru svipuð ákvæði þegar orðin að lögum fyrir Reykjavík,

og vona jeg, að háttv. deild lofi frv. að ganga tálmunarlaust til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi Ed., mánudaginn 10. júlí kom frumv. til 2. umr. (A 50).

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með breyt.till. á þgskj. 50, og fer hún fram á, að bæjarstjórn Ísafjarðar megi lengja frest þann, er ræðir um í 2. gr. frumv., allt að 1 ári. Eins og jeg tók fram við 1. umr., er frumv. samhljóða tilsvarandi lögum fyrir Reykjavík, en mjer hefur einmitt fundizt það athugavert við 2. grein laganna, að eptir henni falla lóðirnar skilyrðislaust aptur til bæjarins að 2 árum liðnum, sje ekki byggt á þeim. Það getur nefnilega vel komið fyrir, að lóðarkaupanda sje ómögulegt, að byggja á lóðinni á þessum tilteknu 2 árum. Til dæmis má taka, að fátækur maður veikist og geti ekki af þeirri ástæðu komið byggingunni í verk á hinum tiltekna tíma; einnig gæti svo farið, að lóðarkaupandi fengi ekki viðinn í tækan tíma, án þess hægt væri að kenna honum um það. Af þessari ástæðu hef jeg leyft mjer, að koma fram með breyt.till. um, að bæjarstjórninni sje heimilt, að lengja þennan frest um eitt ár. Að vísu mun bæjarstjórnin hjer opt hafa veitt svipaðan frest, en jeg álít heppilegra, að bæjarstjórninni sje gefin lagaheimild til þess að lengja frestinn. Jeg vona, að hin háttv. þingd. fallizt á þessa breyt.till. mína og ástæður þær, sem jeg hef fært fyrir henni; hún miðar að eins til hagnaðar fyrir þann, sem lóðina kaupir, en bakar ekki kaupstaðnum nein óþægindi.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (50) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 10. fundi Ed., fimtudaginn 13. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A. 61, 67).

Jón Ólafsson (4. kgk.): Breyt.till. þessi er ljós og skiljanleg og gengur eigi út á annað, en breyta orðinu »lóðarsölu« í »lóðasölu« til þess að fá rjett mál, því að auðvitað er átt hjer við margar lóðir og er því þetta sem nokkurskonar mismæli í frumv., sem jeg þykist vita að háttv. deild muni fallast á að jaga.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 67 samþ. með öllum atkv.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí kom frumv. til 1. umr. (A. 83.)

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí kom frumv. til 2. umr. (A. 83).

Enginn tók til máls.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. — — - ——

3. — — - ——

4. — — - ——

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi Nd., fimtudaginn 27. júlí kom frumv. til 3. umr. (A 83).

Enginn tók til máls.

Frumv. var samþ. í e. hlj. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXIII. Ekkjuframfærsla embættismanna.

Á 4. fundi Ed., miðvikudaginn 5. júlí kom frumv. til laga um viðauka við opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag til 1. umr.

Ráðherrann: Í dönskum lögum er ákveðið, að embættismenn geti fullnægt skyldu sinni um, að sjá ekkjum sínum fyrir fjárstyrk eptir sinn dag, er svari að minnsta kosti 1/5 af embættislaunum þeirra, með því, að þeir kaupi sjer lífsábyrgð, er sje minnst 15 sinnum stærri en hinn lögboðni lífeyrir. Þetta ákvæði vantar í hina íslenzku löggjöf um þetta efni (op. br. 31. maí 1855). Að vísu hafa ýmsir yngri embættismenn hjer á landi farið eptir þessu danska ákvæði, en það hefur að eins verið hægt því að eins, að hið danska fjármálaráðaneyti hefur frá gamalli tíð og allt til þessa tíma haft á hendi eptirlit með, að embættismenn fullnægðu ekkjuframfærsluskyldu sinni. En þegar stjórnin fluttist hingað heim, þá fluttist einnig forstaða þessara mála hingað, eins og hverra annara sjermála. En af því að hjer verður auðvitað ekki farið eptir öðrum en þeim lögum, sem gilda hjer á landi, en margir embættismenn hinsvegar kjósa heldur að fullnægja þessari skyldu sinni með því að kaupa sjer lífsábyrgð, þá hefur stjórnarráðinu fundizt ástæða til, að koma fram með þetta frumv., og vona jeg, að deildin hafi ekki neitt á móti því, en lofi því að ganga sinn gang til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg er samdóma hæstv. ráðherra um, að ekki sje neitt sjerstakt að athuga við þetta frumv., en jeg vildi að eins nota tækifærið til þess, að skjóta því til hæstv. ráðh., hvort honum ekki fynndist tiltækilegt, að prestum væri einnig gjört að skyldu, að tryggja ekkjum sínum styrk eptir sinn dag, og hvort ráðherrann gæti ekki hlutazt til um, að kirkjumálanefndin tæki þetta mál til íhugunar. Auðvitað eru engin tiltök að fara fram á slíkt, meðan kjör presta eru eins og þau nú eru, en maður getur gjört ráð fyrir, að breyting verði á þeim.

Ráðherrann: Jeg skal leyfa mjer, að geta þess, að þessi skylda embættismanna nær að eins til þeirra, sem hafa föst laun og rjett til eptirlauna samkvæmt eptirlaunalögunum. Eptir því, sem launakjörum, og sjerstaklega eptirlaunakjörum presta er varið, væri að mínu áliti ógjörlegt, að leggja á þá samskonar kvöð, er opt mundi gjöra meira en gleypa öll eptirlaun þeirra, því gjaldið verður auðvitað eins að greiðast áfram, þótt maðurinn fari frá embætti, ef hann nýtur eptirlauna.

Annars er jeg samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.)um það, að það væri æskilegt, að hagur presta væri þannig vaxinn, að tiltækilegt væri að leggja

þessa kvöð á þá, en nú sem stendur er mjög langt frá því, að svo sje, að því er flesta snertir. Ef jeg man, skal jeg segja kirkjumálanefndinni frá því, að þessi ósk hafi komið fram.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Á 7 fundi Ed., laugardaginn 8. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv.).

Enginn tók til máls.

Meginmál frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 9. fundi Ed., þriðjudaginn 11. júlí, kom málið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt í einu hljóði og afgreitt til forseta Nd.

A 11. fundi Nd., föstudaginn 14. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 65).

Ráðherrann: Frumv. þetta hefur sömul. verið samþ. af Ed. án nokkurra breytinga. Ástæðan fyrir frumv. er sú, að hjer á landi vantar heimild til þess, að embættismenn megi fullnægja ekkjuframfærsluskyldu sinni öðru vísi en með því, að tryggja þeim árlegan lífeyri eptir sinn dag. En á því er sá hængnr, að deyi konan á undan manninum, missir bú hans það fje, sem hann er búinn að leggja í ekkjukassa. Í Danmörku hefur það verið í lögnm nú í seinni tíð, að embættismenn i stað þess geti keypt sjer lífsábyrgð í lífsábyrgðarstofnun ríkisins, er sje 15 sinnum hærri að minnsta kosti en líffje það, sem skylt er að tryggja ekkjunni. Aðferð þessi er að því leyti betri eða haganlegri, að ef konan deyr á undan manninum. þá missist ekki fjeð, heldur gengur það til lögerfingja hans. Að vísu hafa ýmsir yngri embættismenn farið þessa leiðina, en þeir hafa því að eins getað það, að það hefur verið fjármálastjórnin danska, sem hefur til þessa haft á hendi — auðvitað í umboði íslenzku stjórnarinnar — allt eptirlit með ekkjuframfærslu íslenzkra embættismanna, og hefur því verið fylgt dönskum lögum einnig um þá. Þegar stjórnin nú flyttist inn í landið, flyttist þetta eptirlit með, svo að það er nú í höndum stjórnarráðsins hjer. En stjórnarráðið verður auðvitað að fara eptir lögum þeim, sem hjer gilda.

Jeg vænti þess, að hin háttv. deild taki frumv. þessu eins vel og Ed. og samþykki það eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.: Samþ. í einu hlj. að vísa frumv. til 2. umr.

Á 13. fundi Nd., mánudaginn 17. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A. 65.).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 18. fundl Nd., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. iil 3. umr. (A.65).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXIV. Hefð.

Á 3. fundi Ed., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um hefð til 1. umr.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Af því að þetta mál hefur áður verið lagt fyrir þingið án þess að ná fram að ganga, og skoðanir munu enn sem fyr vera talsvert skiptar meðal þjóðarinnar, þá vil jeg leyfa mjer að leggja það til, að 3 manna nefnd verði skipuð til að íhuga það.

Ráðherrann: Jeg skal að eins leyfa mjer, að segja örfá orð til þess að mæla fram með frumv. því, sem hjer liggur fyrir. Þegar tillaga kom fram á alþingi 1845 um að innleiða hefð hjer á landi, voru menn mótfallnir því, meðal annars vegna þess, að hætt væri við, að menn í skjóli laganna gætu svælt jarðeignir undir sig. En það var hvorttveggja, að mótbárur þær, sem komu þá fram gegn hefð yfir höfuð, höfðu aldrei mikil rök við að styðjast, enda eru nú kringumstæðurnar að ýmsu leyti orðnar breyttar, svo að þær eiga enn síður við nú. Hins vegar hefur þörfin fyrir slíka lagasetning aukizt mikið með auknu viðskiptalífi. Þar á meðal þörfin á því, að öll lántökuskilyrði verði sem greiðust og bezt. Eitt af því, sem opt bagar menn í viðskiptalífinu, er það, hve erfitt er að fá skýrar og hreinar eignarheimildir, en meðal annars, sem lög þessi hafa til síns ágætis, er það, að með þeim er mönnum gjörður greiðari aðgangur að fá eignarskilríki fyrir fasteignum með eignardómi. Jeg skal svo eigi fjölyrða um frumv. að þessu sinni, en leyfa mjer að skírskota til athugasemdanna og skýringanna, sem fylgja því og að styðja uppástungu þá, sem fram hefur komið um, að nefnd verði kosin í málið.

ATKVGR.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Jóhannes Jóhannesson með 11 atkv.
Guðjón Guðlaugsson með 9 atkv.
Jón Ólafsson með 7 atkv.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður, og Jón Ólafsson skrifari og framsm.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A 136, 137).

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Nefndin í þessu máli var svo saman sett, að skoðanir nefndarmanna voru talsvert skiptar í sumum atriðum frumv. í fyrstu, en þó komu þeir sjer niður á þessum ágreiningsatriðum við nákvæmari íhugun málsins, þannig að vænta má, að nægilegt tillit hafi verið tekið til beggja skoðana.

Það er mjög eðlilegt, að nú komi fram 2 skoðanir í máli þessu, því það hefur jafnan áður verið svo hjer á alþingi; lagamennirnir hafa verið með því að lögleiða hefð hjer á landi, en leikmennirnir á móti. Leikmenn þessir hafa ekki verið að lakari endanum; árið 1845 kom mál þetta fyrir alþingi, og var Jón Sigurðsson þá sjerstaklega eindreginn á móti því að innleiða hefð. En á þessum tíma, frá 1845 til vorra tíma, er svo mikil breyting orðin á ýmsu, er snertir þetta mál, sjerstaklega hafa orðið svo miklar framfarir í viðskiptalífi manna, og því nú orðin miklu meiri þörf á rjettarvissu manna á meðal, en áður var.

Hefðin á að gjöra viðskiptalífið tryggara, þar sem hún á að vera nægileg

til þess, að geta ónýtt allar gamlar heimildir til eignarinnar; sá, sem getur sannað, að hann hafi haft eignina, á heiðarlegan hátt, í eignarhaldi hefðartíma fullan, getur fengið fulla eignarheimild fyrir eigninni, þannig að öll eldri rjettindi, sem ósamrýmanleg eru með eignarhaldinu, falli í burtu.

Eins og nú er ástatt hjer á landi, þá verður að álítast, að rjettaróvissan sje mjög tilfinnanleg. T. d. má taka jörð, sem hefur gengið kaupum og sölum, að erfðum o. s. frv. mann af manni í 200—300 ár; nú finnur einhver gömul skjöl, sem brigða grundvellinum fyrir þessum rjetti, þá verður hinn núverandi rjettur að víkja fyrir þessum eldgamla rjetti, sem í sjálfu sjer sannar ekki annað, en hvað verið hefur þá; milliliðir geta verið glataðir, sem, ef þeir fynndust, mundu leiða í ljós, að hinn núverandi eigandi væri einmitt sá rjetti. Þessari rjettaróvissu, sem stendur hollu viðskiptalífi fyrir þrifum — t. d. eru lán út á fasteignir viðsjárverð, — vill stjórnin ráða bót á með frumv. þessu um hefð. Eptir frumv. stjórnarinnar á hefðartíminn að vera 20 ár fyrir allar fasteignir, jafnt jarðeignir sem aðrar.

Nefndin er á þeirri skoðun, að ekki beri að hafa sama hefðartíma að því. er snertir allar fasteignir eins og stj.-frumv. fer fram á. Brýnust þörf á styttum hefðartíma er að því, er kemur til lóða kaupstaða og verzlunarstaða; þar er rjettaróvissan mest og því tilfinnanlegust; nefndin getur því fallizt á, að þar sje hefðartíminn 20 ár. Með fasteignir til sveita er öðru máli að gegna. Það er hægt fyrir mann, sem á talsvert undir sjer, að ná eignarhaldi á ítaki úr jörð, þó ekki sje beinlínis með yfirgangi, þá með lægni og lipurð, ef því er að skipta, þegar hefðartíminn er svo stuttur, sem hjer er farið fram á. T. d. má taka 2 sambýlismenn, annar er ríkur og höfðingi í sínu hjeraði, en hinn fátækur og lítilsigldur leiguliði má ske fjarlægs landsdrottins; hversu hægt er þá ekki fyrir þann ríka höfðingja, að koma svoleiðis fram við sambýlismann sinn, að hann láti óátalið, þó höfðinginn noti slægjur, beit eða önnur ítök, sem heyra til ábýlisjörðu hans?

Af þessu má sjá, að viðsjárvert er, að hafa hefðartímann svo stuttan, að hægt sje að vinna hefð á búskaparárum eins manns; nefndin hefur því lagt það til, að hefðartíminn fyrir jarðeignir, sem metnar eru til dýrleika, verði lengdur upp í 50 ár.

Þó að það sje ekki ómögulegt, og dæmi sjeu til þess, að sami maður búi 50 ár eða lengur á sömu jörðinni, þá er slíkt svo sjaldgæft, að óhætt mun vera að líta frá slíkum tilfellum. Jeg skal játa, að jeg hefði helzt viljað, að hefðartíminn fyrir þessar fasteignir hefði verið 100 ár, til þess, að aldrei hefði mátt hefð vinna á eins og sama manns búskaparárum; en til samkomulags geng jeg inn á 50 ára hefðartíma; hins vegar má fullyrða, að hægt sje að finna eldri menn, sem borið geti um hefðarhaldið, þó hann sje lengdur í 50 ár, og að háttv. deild verði ekki á móti þessari lenging, af því, að hún sje hrædd um, að örðugt verði að leiða slík vitni.

Þetta er aðalbreytingin, sem nefndin hefur lagt til að gjörð yrði á frumv. Enn fremur hefur hún lagt til, að hefðartíminn fyrir lausafje sje lengdur úr 10 árum upp í 15 ár. Mjer stendur þetta atriði á litlu, og vil jeg játa, að jeg álít aðra hæfari til þess, að gjöra grein fyrir þessari breyt.till. Jeg vil því ekki fara frekar út í þetta atriði.

2. breyt.till. við 2. gr. 2. málslið er ekki efnisbreyting, heldur að eins orðabreyting. Sama er að segja um 3.

breyt.till., sem snertir allt frumv., að »hefðarmaður« breytist í »hefðandi«.

Að vísu kemur orðið »hefðarmaður« fyrir í fornu máli í þessari merkingu, en nú er hefðarmaður notað í allt annari merkingu; við getum allir verið hefðarmenn, án þess að hefða neitt undir okkur. Þar á móti er »hefðandi« gott og gilt orð, myndað af að hefða, og getur ekki misskilizt.

Þá er 4. breyt.till. við 6. gr. Nefndin hefur lagt það til, að í staðinn fyrir »sem stofnaður er af öðrum« komi: »sem stofnaður er með samningi handa öðrum«. Það er vitanlegt, að ekki er hægt að stofna neinn rjett yfir jörðu, sem er í hefðarhaldi, nema með samningi, þannig, að þessi rjettur fari í bága við hefðarhaldið. Það tók dálítinn tíma fyrir nefndina, að skilja, hvað meint væri með gr. og gjörði þessa breytingu að eins til skilningsauka.

5. breyt.till. við 6. gr. er eðlileg afleiðing af aðalbreyt.till. við 2. gr.

6. breyt.till. við 7. gr. er eiginlega orðabreyting. Nefndinni þótti orðið ítaksrjettur íslenzkara, en afnotarjettur.

7. breyt.till. við 8. gr., að 50 komi í stað 40, er til þess, að hafa samræmi við hefðartímann fyrir jarðeignir.

8., 9. og 10. breyt.till. við 9. gr. eru að eins orðabreytingar. Þá er 11. breyt.till. við 12. gr. »in fine« að fyrir 1909 komi: 1910; við gjörum ráð fyrir, að lög þessi öðlist gildi um nýár í vetur, og verði þá liðin 5 ár frá því, og þangað til nokkur geti öðlazt eignarrjett samkvæmt þeim; styttri frestur fannst nefndinni ekki nægilegur fyrir menn, til þess, að gæta rjettar síns.

Jeg vona, að nefndinni hafi tekizt að synda á milli þeirra 2 skoðana, sem jafnan hafa komið í ljós í máli þessu, og búast má við að komi enn fram í því; annars vegar mun nægilega tekið tillit til tryggingar þeirrar og rjettarvissu, sem nauðsynleg er til þrifa hollu viðskiptalífi, og hins vegar settar skorður við, að rjetti lítilsmagnans verði hallað og hann fótum troðinn.

Jeg vil leyfa mjer, að vonast til þess, að breyt.till. nefndarinnar sjeu til bóta, og að háttv. deild taki þeim vel, og að frumv. þetta nái svo fram að ganga hjer í deildinni.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-M.): Jeg vil að eins leyfa mjer að lýsa því yfir, að jeg gekk inn á breyt.titl. nefndarinnar til samkomulags við hana til þess, að bjarga málinu. Helzt hefði jeg viljað, að stjórnarfrv. hefði verið látið óbreytt að efninu til, en álít hins vegar, að frv. muni vera til bóta frá því, sem nú er, þó breyt.till. nefndarinnar nái fram að ganga, þar sem 20 ára tímanum er haldið, þar sem hans er mest þörf, nefnilega í kaupstöðum og kauptúnum.

Það skal því ekki hryggja mig, þótt breyt.till. nefndarinnar nái ekki fram að ganga. Síður en svo.

Ráðherrann: Jafnvel þó að jeg sje þakklátur háttv. nefnd fyrir starfa hennar í þessu máli, þá get jeg ekki annað en furðað mig á því áliti hennar, að hefðin í eðli sínu stríði á móti rjettlætistilfinningunni, og eigi uppruna sinn til nokkurs konar viðurkenningar á máttarrjettinum (jus fortioris) og rjettleysi lítilmagnans (sbr. nefndarálitið). Jeg er á þver-öfugri skoðun; jeg verð að álita hefðina viðurkennda einmitt af rjettlætistilfinningu. Jeg get ekki fundið, að það sje neinn rjettur í því, að maður, sem á löglegan hátt hefur fengið eignar- eða afnotarjett yfir landsspildu að erfðum eptir forfeður sína, eða með lögmætu kaupi frá mönnum, er notað hafa slíkt í góðri trú hver eptir annan mörg und-

anfarin ár, verði að láta slíka eign eða eitthvað af henni af hendi við einhvern, sem finnur gamalt kálfsskinnsblað, máske mörg hundruð ára gamalt, þar sem stendur, að blettur þessi eða afnot tilheyri annari jörð, sem hann hefur meðgjörð með. Sá, er fann kálfsskinnsblaðið, vissi alls ekki um þennan meinta rjett sinn, en hinn hafði fyrir vissu, að eignin væri hans; á þessari einkennilegu skoðun háttv. nefndar byggist líklega tillagan um, að færa hefðartímann upp í 50 ár á fasteignum.

Það þarf ekki að fara nákvæmlega út í þessi almennu atriði, því jeg get ekki af öðrum ástæðum fallizt á breyt.-till. nefndarinnar, að því er hefðartímann snertir.

Jeg álít enga ástæðu fyrir oss, að hafa annan eða lengri hefðartíma, en allar aðrar Norðurlanda þjóðir, og ef lögleiðing hefðar er nauðsynleg og rjettlát fyrir aðrar þjóðir, þá er hún það einnig fyrir oss.

Jeg skal ekki rengja háttv. framsm. (J. Ó.) um það, að hefðartíminn sje 100 ár hjá Bretum, en fyrir okkur hefur það enga þýðingu, því löggjöf vor á að öðru leyti ekkert samband við engil-saxneska löggjöf, og væri því hjáleitt, að fara að eltast við að stæla hana í þessu eina atriði.

Háttv. framsm. og skrifari nefndarinnar (J. Ó.) var hræddur um, að það gæti leitt til rangsleitni og yfirgangs, ef hægt væri, að vinna hefð í búskapartíð eins og sama manns. Jeg er á annari skoðun; einmitt af því, að svo stutt er liðið frá byrjun hefðarhaldsins, þegar á að afgjöra, hvort hefð er unnin eða ekki, þá er auðveldara að sanna, hafi hefðarhaldið byrjað á ranglátan hátt, þar sem búast má við, að margir sjeu á lífi, sem geta um það borið, og opt einnig sá, er byrjaði hefðina. Það er því opt hægt að fá eigin umsögn þess, sem byrjaði hefðarhaldið, ef hefðartíminn verður ekki lengri en 20 ár; enda finnst mjer yfir höfuð þýðingarlítið ákvæðið um, að hefðarhaldið skuli byrjað »bona fide«, ef hefðartíminn yrði 50 ár eins og háttv. nefnd leggur til; þetta ákvæði, um heiðarlega byrjun hefðarhaldsins, yrði opt tilgangslaust með 50 ára hefðartíma; því eptir 50 ár yrði optast ómögulegt, að fá neinar áreiðanlegar upplýsingar um það, og um á hvern hátt hefðarhaldið hefði byrjað; þau nánari smáatvik, sem það ylti á, hvort byrjun hefðarhaldsins yrði að álítast, að hafa verið prettlaus.

Jeg vona því fastlega, að háttv. deild felli þessa breyt.till. nefndarinnar, því að hún mundi skemma það að stórum mun.

Jeg get heldur ekki fallizt á breyt.-till. nefndarinnar um það, að hefðartími fyrir lausafje verði 15 ár, en ekki 10 ár; það er breyting, sem líklega stendur og fellur með lenging hefðartímans á fasteign.

Þetta atriði er raunar ekki eins þýðingarmikið og hin breytingin; hefð á lausafje kemur tiltölulega sjaldan fyrir, og hefur litla »praktiska« þýðingu.

Að því er þá breyt.till. nefndarinnar snertir, að breyta »hefðarmaður« í »hefðanda«, þá finnst mjer hún óþörf. Það mætti halda áfram allan daginn, að telja upp íslenzk orð, sem hafa fleiri en eina merkingu; jeg vil taka t. d. »formaður«, sem hefur margar merkingar; formaður í nefnd, formaður í embætti, formaður á skipi o.s.frv. Orðið »hefðarmaður« er gott og gilt íslenzkt orð, og mjer finnst engin ástæða til þess, að útiloka það hjer, þó að það sje búið að fá á sig þessa upphefðar merkingu, sem það hefur nú.

Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr., að í staðinn fyrir: »sem stofnaður er af öðrum«, komi: »sem stofnaður er með samningi handa öðrum«, virðist mjer byggð á misskilningi. Það, sem vakti fyrir stjórninni með þessu ákvæði, var það, að fyrir gæti komið, að einhver annar en hefðarmaður, og sem ekki vissi um hefðarhaldið, stofnaði rjett yfir eigninni, sem ekki gæti samrýmzt hefðinni, og ætti þá slíkur rjettur að falla burtu, er hefð fullkomnast.

Jeg vil taka dæmi til þess að skýra málið.: Jón er ábúandi á jörðu og notar skóg, sem hann veit ekki betur, en tilheyri jörðinni; Bjarni, sem býr á öðru landshorni, telur sig eiga þennan skóg, veit ekki um hefðarhaldið, og selur hann, meðan hefðartími er að líða, öðrum manni; nú kemur þessi maður, eptir að hefðartími er liðinn, og vill fá not skógarins hjá Jóni; eptir frumv., eins og það er frá stjórninni, er hann útilokaður frá notkun skógarins að því leyti hún kemur í bága við hefð Jóns, en það sem breyt.till. fer fram á er allt annað. Jeg er því á móti breyt.till. eins og hún er orðuð hjer, en það má ráða bót á þessu síðar, ef háttv. deild finnst gr. óskýr. Hið sama er að segja um breyt.till. nefndarinnar við 7. gr., að »ítaksrjettur« komi í stað »afnotarjettur«. Það er sitt hvað. Það er t. d. ekki hægt að kalla ábúðarrjett »ítaksrjett«, en ábúðarrjettur er afnotarjettur. Jeg vona, að háttv. nefnd sjái þetta.

Hefð á afnotarjetti er það sem á dönsku lagamáli er nefnt »Brugshævd«. en hefð á ítaksrjetti mundi heita »Hævd paa Servitut«. Hefð á ítaki er að eins eignarhefð.

Hinar aðrar breyt.till nefndarinnar eru lítilvægar og vil jeg ekki mæla sjerstaklega á móti þeim, ef háttv. deildarmönnum finnast þær heppilegar; það er aðeins sú síðasta, sem er efnisbreyting, en er ekki svo mikilvæg, að það taki því að mótmæla henni sjerstaklega.

En annars vonast jeg eptir, að háttv. deildarmenn geti fallizt á ástæðurnar fyrir stjórnarfrumv., og að frumv. nái fram að ganga með þennan hefðartíma, sem í stjórnarfrumv. er settur. Verði frumv. þetta að lögum, er þar með opnaður tiltölulega auðveldur aðgangur fyrir menn til þess, að geta fengið eignarskilríki fyrir fasteignum sínum; allir verða að játa, að viðskiptalífið nú á tímum útheimtir, að hægt sje að fá vissu fyrir, hvort sá eða sá er rjettur eigandi að fasteign þeirri, sem um er að ræða; og það mun óhætt að reiða sig á það, að lög þessi opni engan aðgang fyrir óhlutvanda menn, til þess að misbeita valdi sínu við lítilmagnan, þar sem hefð verður því að eins unnin, að hefðarhaldið sje heiðarlega byrjað, og því fram haldið í góðri trú.

Eiríkur Breim (2. kgk. þm.): Jeg er í vanda staddur, er jeg á að greiða atkv. um frumv. þetta með breyt.till. þeim, er fyrir liggja um það. Annars vegar er jeg alveg samdóma hæstv. ráðh. um það, að frumv. er bezt, eins og það kom frá stjórninni, að því er hefðartímann snertir; en hins vegar er jeg hræddur um, að frumv. verði fellt í heild sinni, ef 1. breyt.till. við 2. gr. nær eigi fram að ganga, með því að svo margir virðast mótfallnir hefð, en það teldi jeg ver farið. Margir skoða hefð sem órjettláta, en það er fjarri sanni. Það getur opt komið fyrir, að skilríki fyrir eignarrjetti á fasteign tapist, en aptur á móti hægt að grafa upp gömul skilríki, sem sýna

hvernig eignarrjettur einhvern tíma fyrir langa löngu hefur verið, og þá verður sá eigandi, er þessi gömlu skjöl sýnir, fyrst eigi er hægt að sanna annað. Hjer sjer hver maður, að hefð er alveg nauðsynleg. Jeg þekki dæmi upp á þetta. Viðvíkjandi klausturjörð einni á norðurlandi er til skinnblað, sem sýnir landamerki jarðarinnar á 16. öld, en í jarðabók Árna Magnússonar stendur um 6 aðrar jarðir, að þær eigi slægnaítök, innan þeirra landamerkja, og á þeim tíma, snemma á 18. öld; efaðist enginn um, að þau væru rjett fengin, og síðan hafa þau stöðugt verið notuð, en nú eru skilríkin alveg töpuð. Allar þessar jarðir voru klausturjarðir, flestar slægjulitlar, og því hefur klaustrið lagt til þeirra ítökin frá þeirri jörðinni, er vel mátti missa þau. Ef einhver hefur haft eignarhald á jörð, án þess þó að geta sýnt fullkomin skilríki fyrir því, hvernig hann eða forfeður hans eru að henni komnir, og enginn veit betur, en að það sje hans rjettmæt eign, þá sje jeg eigi annað rjettlátara, en að hann ætti að geta fengið eignarskilríki fyrir jörðinni. Það er því miður eigi siður hjer ú landi, að þinglýsa jarðeignum, en einmitt af því er meiri þörf á hefð, því að eins og jeg hef tekið fram, getur það vel komið fyrir, að einhver fiuni brjef eða önnur skilríki, sem sýna það, að einhver forfaðir hans hafi einhverntíma verið löglegur eigandi einhverrar jarðar, og ef svo öll yngri eignaskilríki eru töpuð, þá verður ómögulegt að sanna, að þau hafi haft það inni að halda, sem striðir á móti hinum eldri skjölum. Þegar menn vilja fá lán gegn veði í fasteign, vantar þá opt eignarskilríki, og því verður að láta sjer nægja með yfirlýsing frá viðkomandi yfirvaldi; er það óþægilegt, og opt eigi nægileg trygging, og batnaði stórum, ef hefð væri í lög leidd. Það er að vísu rjett, að menn geta gengið þá leið, að fá eignardóm, en sú leið er bæði erfið og tekur langan tíma. Fjelli frumv., mundi jeg telja það miklu ver farið.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.). Jeg vil eigi deila við hæstv. ráðh. um það, af hvaða rótum hefð sje runnin, en jeg vil halda því fram, að það sem vakti fyrir nefndinni og stendur í nefndarálitinu, sje hið sama, sem vakti fyrir Jóni Sigurðssyni, og síra Halldóri Jónssyni á Hofi og mörgum, er þeir felldu frumv. 1845. Hæstv. ráðh. spurði, hvort það væri nokkurt rjettlæti í því, að hafa hefðartímann svo langan. En jeg vil svara honum með annari spurningu. Er það sanngjarnt, að sá, sem hefur haft eignarhald í 20 ár, verði eigandi, þótt hann viti og hafi vitað, að hann á ekkert tilkall til þess, sem um er að ræða? Er það rjett, að sá geti unnið hefð, sem hefur fengið það, sem um ræðir, með glæp? Því á hverjum hvílir sönnunarbyrðin hjer? Það mundi eigi til mikils að skylda sökudólginn sjálfan til að segja satt. Jeg hygg, að þetta mundi örðugt að sanna, og 9. gr. frumv. getur þess eigi, að hefðandi eigi að sanna, hvernig hefðarhaldið hafi byrjað. Jeg játa það, að hefðin tryggi rjett manna, en það má skoða mál þetta frá tveim hliðum, eins og gjörð er grein fyrir í nefndarálitinu, og álít jeg það óþarft að taka það upp aptur. Jeg þekki dæmi til þess, að heiðursmenn nota land annara án þess að hafa nokkurn samning fyrir því, getur það gengið svo lengi, án þess að talað sje um af hvorugum, og án þess að nokkur ásælni liggi bak við, en það var eigi þetta, sem við vildum koma í veg fyrir með því að lengja hefðartímann,

heldur það, að sjeðir menn notuðu þetla mót betri vitund, og segðu svo á eptir. að þeir hefðu verið í góðri trú.

Jeg skil eigi, hvernig bæstv. ráðh. getur sagt, að við ættum eigi að hafa lengri hefðartíma (*Ráðherrann:* Annan hefðartíma) en allar aðrar þjóðir í heiminum, þegar jeg var nýbúinn að segja, að Englendingar hefðu hefðartímann 100 ár. Ráðherrann vildi byggja hefðina á Rómarjetti, en jeg get ekki stillt mig um að minna hann á orð þýzka skáldsins Heine, sem jeg veit, að hann muni kannast við, þótt jeg reyndar ætlist eigi til að þau sjeu nein sönnun. Hann minnist á 50 ára hefðartíma, og hve gagnstætt það sje »corpus juris«, sem hann kallar bibliu djöfulsins, og vottar það svo sem doktor utriusque juris.

Jeg fæ eigi sjeð, að nokkur ástæða sje til að innleiða orðið »hefðarmaður« í nýrri merkingu, þegar það er til áður í annari merkingu, og því minni, þegar nota má orðið »hefðandi«.

Hvað viðvíkur því að breyta »afnotarjett« í »ítaksrjett«, þá verð jeg að halda því fram, að bæði orðin segi hið sama, (*Ráðherrann:* Nei, ítak er Servitut) að minnsta kosti þegar um fasteign er að ræða. Jeg man svo eigi fleiri mótbárur hjá hæstv. ráðh., nema að hann sagði, að hann vildi heldur fella frumv., en að það yrði samþ. með breyt.till. nefndarinnar, en jeg er hissa á því; mjer finnst, að frumv., einnig frá hans sjónarmiði, hljóti að vera rjettarbót, þótt þessar breyt. yrðu á því. Eina breyt.till., sem hæstv. ráðh. eigi hafði neitt á móti, var að breyta 1909 í 1910. Um br.till. við 6. gr. vil jeg geta þess, að við skildum gr. alveg eins og hann, en vildum orða hana gleggra, og jeg get eigi sannfærzt á það, að við það hafi komið önnur meining í gr. Í hæsta lagi væri umhugsanvert að breyta gr. þannig, að stæði: »*af og* handa öðrum«.

Ráðherrann: Jeg legg mikla áherzlu á það og verð að halda því fast fram, að það er hægra að sanna ólöglega byrjaða hefð, þegar hefðartíminn er ekki afarlangur. Hjer er verið að ræða um eignarhald, eða með öðrum orðum það, að hefðarmaður hefði haft samskonár hald á því, er um ræðir, og hann væri rjettur eigandi en ekki leigjandi eða lánandi. Sje hefðin byrjuð í lífi hefðarmanns sjálfs, þá er optast nær miklu auðveldara en ella, að grafa upp allar nánari ástæður og atvik að byrjun hefðarhaldsins. Háttv. framsm. (J. Ó.) lagði áherzlu á, að margir helztu menn þjóðarinnar hefðu verið á móti frumv. árið 1845, en jeg hygg, að sú mótspyrna hafi verið sprottin af því, hvernig frumv. kom fram. Það gekk sem sje að eins út á það, að fyrirskipa, að hefðarákvæði Chr. V. D. L. um hefð skyldu gilda hjer á landi, án þess einusinni að taka ákvæði lögbókarinnar upp í frumv., því síður að setja nánari reglur um einstök tilfelli, eins og hjer er gjört eptir því, sem lögskýring og rjettarvenja nú í þessar tvær aldir hefur þróazt. Viðskiptalífið þarfnast sannarlega að fá lög um hefð, með því verður það miklu greiðara og öruggara. Jeg get eigi með nokkru móti fellt mig við breyt.till. við 6. gr. Það er stór munur á, hvort sagt er: *af öðrum* eða *handa öðrum*. Jeg sýndi fram á það með dæmi, er jeg nefndi í síðustu ræðu minni, hvernig ætti að skilja gr., og sje eigi ástæðu til að taka það upp aptur, en vona, að háttv. deildin hafi skilið mig.

Þótt afnotarjettur sje stofnaður handa öðrum en hefðarmanni, þá getur hann vel verið stofnaður af hefðarmanni sjálfum. Jeg held fast við það, að

hefðartíminn sje nógu langur eptir frumv. stjórnarinnar. Þó mun jeg ekki gjöra það að miklu kappsmáli, hvað lausafjárhefðartímanum viðvíkur.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Eptir að hafa ráðgast um það við nefndina vil jeg lýsa því yfir, að hún tekur aptur 6. breyt.till. við 7. gr. en breyt.till. við 6. gr. sje jeg enga ástæðu til að taka aptur, þar sem nefndin hefur skilið hana á sama hátt og hæstv. ráðh. Það mesta, sem nefndin gæti slakað til, er það. að setja í stað orðanna í frumv.: »sem stofnaður er með samningi *af og* handa öðrum«; þá verður gr. skýr, og þá ætti hæstv. ráðh. að vera ánægður.

Ráðherann: Mjer finnst þetta vera misskilningur hjá háttv. framsm. (J. Ó.). Það er óþarfi að segja »*handa öðrum*« þegar verið er að tala um »*af öðrum*«, og það breytir alveg meiningu gr., eins og jeg hef áður sagt. Jeg vona því, að breyt.till. verði felld.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (137) við 2. gr. felld með 8 : 5 atkv.

2. breyt.till. (137) við 2. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (137) samþ. með 8 samhlj. atkv.

2, gr. samþ. með áorðnum breytingingum með 9 : 3 atkv.

3. gr, frumv. samþ. með 8 : 1 atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 8 : 1 atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 10 : 1 atkv.

4. breyt.till. við 6. gr. 2. málslið felld með 7 : 5 atkv.

5. breyt.till. við 6. gr, samþ. með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn M. Ólsen,	Gutt. Vigfússon,
Jón Ólafsson,	Sig. Jensson,
Aug. Flygenring,	Sig. Stefánsson,
Eiríkur Briem,	Valtýr Guðmundss,
Guðj. Guðlaugsson,	Þórarinn Jónsson.
Jóh. Jóhannesson,	Þorgr. Þórðarson.
Jón Jakobsson,	

6. gr. frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 9 : 1 atkv.

6. breyt.till. (137) við 7. gr. tekin aptur.

7. gr, frumv. samþ. með 8 : 1 atkv.

7. breyt.till. (137) við 8. gr. felld með 8 : 1 atkv.

8. gr. frumv. samþ. með 9 : 1 atkv.

8. breyt.till. (137) við 9. gr., 1. málslið samþ. án atkvgr.

9. breyt.till. við 9. gr. 2. málslið samþ. með 10 samhlj. atkv.

10. breyt,till. við 9. gr. 4. málslið samþ. án atkvgr.

9. gr. svo breytt samþ. með 7 : 1 atkv.

10. gr. frumv. samþ. með 9 : 1 atkv.

11. gr. frumv, samþ. með 9 : 1 atkv.

11. breyt.till (137) við 12. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

12. gr. frumv. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. 8 : 3 atkv.

Á 20. fundi Ed., miðvikudaginn 26. júlí kom frumv. til 3. umr. (A 166).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 27. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 166).

Ráðherrann: Jeg býst við, að háttv. þm. hafi lesið athugasemdirnar við stjórnarfrumv., sem hefur verið samþ. þvínær óbreytt að efni í Ed. og læt mjer því nægja að skýrskota til þeirra. Jeg skal aðeins taka það fram, að jeg tel það mikla rjettarbót, að fá innleitt

hjer á landi ákvæði þessi, sem allar menntaþjóðir hafa lögleitt fyrir svo löngu. Það hefur opt verið fundið til þess af þeim, sem á einhvern hátt hafa verið við eignarþrætur riðnir, hve illt það er, að hafa ekki hefðarlög hjer, og það hefur lengi verið skoðað sem »hola« í islenzkri löggjöf.

Frumv. er nú allt öðruvisi úr garði gjört, heldur en þegar stungið var upp á að innleiða hefðarlög hjer á landi á fyrsta ráðgjafaþinginu 1845. Þá var farið fram á, að lögleiða óbreytt ákvæðin úr Chr. V. D. L., og getur verið, að það hafi verið meðverkandi ástæður til þess, að alþingi hafnaði frumv., því þau ákvæði eru mjög stuttaraleg og óljós. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, er samið eptir því, sem lögskýring og rjettarvenja hefur slegið föstu viðvíkjandi hefðarreglunum í Danmörku og Norvegi, og vona jeg, að ákvæði frumv. sjeu skýr.

Ein sjerstök ástæða til þess, að innleiða hefðina hjer, er þörfin fyrir því, að geta fengið formleg eignarskilríki fyrir fasteignum, sem nú er víða ómögulegt vegna þess, hve þinglýsingar hafa verið trassaðar hjer á landi að undanförnu. Eins og háttv. þingdm. sjá, eru í þessu frumv. sjerstök ákvæði, sem gjöra mönnum tiltölulega mjög ljett, að fá eignardóm, sem svo má þinglýsa sem formlegu eignarheimildarskjali, og er svo innanhandar að halda áfram að hafa þinglesturinn í reglu.

Vegna þess að frumv. þetta er talsvert nýmæli, að minnsta kosti að forminu til, býst jeg við, að mönnum þyki ekki hlýða, að það sje látið ganga í gegn án þess að nefnd sje sett í það, og vil jeg leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Þessir 9 menn æsktu hlutfallskosningar:

Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Björn Bjarnarson, Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Ólafur Thorlacius, Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., Ólafur Briem, Einar Þórðarson.

Kosnir með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacius,
Guðl. Guðmundsson og
Björn Bjarnarson.

Þá var kosið óbundnum kosningum, og hlaut enginn nægan atkvæðafjölda.

Eggert Pálsson hlaut 11 atkv.
Einar Þórðarson 9 atkv. og
Magnús Andrjesson 2 atkv.

Í annað sinn var kosið óbundnum kosningum og hlutu þá

Eggert Pálsson 10 atkv.
Einar Þórðarson 10 atkv.,
Magnús Andrjesson 2 atkv.,
Jón Magnússon 1 atkv.

Þá var kosið bundnum kosningum milli þeirra Eggerts Pálssonar og Einars Þórðarsonar og hlaut þá kosningu

Eggert Pálsson með 13 atkv.
Einar Þórðarson fjekk 10 atkv.

Var Eggert Pálsson þá rjett kosinn 5. maður í nefndina.

Í nefndinni var Lárus Bjarnason kosinn formaður og Guðlaugur Guðmundsson skrifari og framsögumaður.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 166, 449).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg get líka verið stuttorður um þetta mál. Nefndin hefur rætt það rækilega; það hefur gengið í gegnum háttv. Ed.. og er komið frá stjórninni. Málið er því gjörhugsað og nefndin hefur ekki fundið

neitt verulegt vtð það að athuga. Hún hefur gjört tvær breyt.till., við 4. og 6. gr., 2. málsgr., en þær miða að eins að því að skýra textann. Nefndin álítur, að frumv. þetta sje til mikilla bóta.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara út í einstök ákvæði þess, en þau eru sniðin eptir samskonar lögum hjá nágrannaþjóðum vorum, og eru þau flest runnin af rótum forn-rómverskra laga, eins og háttv. þingdm. vita.

Jeg skal því eigi tala frekar um málið, en að eins leggja það til fyrir nefndarinnar hönd, að frumv. verði samþ. með þeim 2 orðabreytingum, sem hún hefur gjört við það.

ATKVGR.: 1., 2. og 3. gr. samþ. með miklum meiri hluta atkv.

Breyt.till. við 4. gr., 2. málsgr. samþ. í e. hlj.

4. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

5. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 6. gr., 2. málsgr., samþ með 22 atkv.

6. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

7.—12. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 522).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 564, 598).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXV. Fyrning skulda.

Á 3. fundi Ed., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um fyrning skulda og annara kröfurjettinda til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að vísa frumv. til nefndar þeirrar, er kosin var í frumv. um hefð, samþ. í e. hlj.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. águst, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 246, 247).

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Eins og hv. deildarmenn sjá, eru það ekki stórar breytingar, sem nefndin hefur gjört á frumv. Hún hefur fallizt á stefnu frumvarpsins og frumv. í heild sinni. Það eru að eins fáar hreytingar, sem nefndin hefur gjört, og stafa þær flestar af einni aðalbreytingu nefndarinnar við 4. gr.

Fyrsta breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. fer fram á, að á eptir orðunum: »þessar kröfur fyrnast á 4 árum« (í upphafi gr.) komi: »sbr. þó 4. gr.«, og stendur og fellur sú breyt.till. eptir því, hvernig atkv. falla um breyt.till. minni hluta nefndarinnar við 1. gr.

Önnur breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. fer fram á, að á eptir orðunnm: »sölu eða afhendingu . . . . . fylgifje með fasteign«, bætist við: »Þó svo,

að haldi skuldunautur áfram föstum viðskiptum við kaupmann, verksmið eða þvílíkan atvinnureka, og fái árlega viðskiptareikning, fyrnist ekki sú skuld, er hann kann í að vera við nýár hvert, hvort sem hún stafar frá viðskiptum síðasta árs eða ekki, meðan viðskiptum er haldið áfram óslitið.

Ástæðan fyrir þessari viðbótartillögu nefndarinnar er sú, að nefndinni finnst óeðlilegt, að skuldin geti fyrnzt, þegar óbeinlínis liggur fyrir viðurkenning á skuldinni og sami maður heldur áfram viðskiptunum ár eptir ár, og þess vegna fannst nefndinni engin meining í því, að sú skuld þurfi að fyrnast, sem bein viðurkenning liggur fyrir.

3. breyt.till. nefndarinnar við 3. gr. fer fram á, að í fyrsta málslið síðustu línu bætist inn það ákvæði, að krafa hjús um kaupgjald fyrnist eigi, meðan hjúið er samfellt áfram í sömu vist ár frá ári, og er ástæðan fyrir þessari breytingu hin sama og fyrir breytingunni við fyrri liðinn.

Nefndinni þótti því fremur ástæða til, að bæta þessu ákvæði við, sem hjú opt eru lítilsigld og því fremur ástæða til að hlynna að rjetti þeirra í þessu tilliti.

Svo kem jeg að aðalbreyt.till. nefndarinnar við 4. gr. Meiri hluti nefndarinnar lagði það til, að á eptir 1. tölul. bætist inn nýr (2.) tölul. svo látandi: »Kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk fyrnast þó ekki, ef styrkþegi hefur fengið sveitarstyrk á ný, á síðustu 10 árum«.

Eptir frumv. eiga þessar kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk að fyrnast á 4 árum, en meiri hluti nefndarinnar vildi lengja tímatakmarkið upp í 10 ár.

Aptur á móti hefur minni hluti nefndarinnar komið fram með breyt.till. um, að kröfur þær, sem hjer ræðir um, skuli alls ekki fyrnast. Um þetta atriði var því stór skoðanamunur í nefndinni, og býst jeg jafnvel við, að þótt við værum í meiri hluta um þetta atriði í nefndinni, þá verðum við, ef til vill, í minni hluta um það í deildinni.

Meiri hluta nefndarinnar virtist ástæða til, að þessar kröfur megi fyrnast á 10 árum, ef sveitarstjórnir ekki gjöra neitt til að halda þeim við. Við hjeldum, að það mundi leiða til harðræðis við styrkþega, ef kröfur þessar alls ekki fyrnast.

Ef styrkþegi vill gefa viðurkenningu fyrir kröfunni, þá er henni haldið við; en ef sveitarstjórn ekki sjer um, að fá slíka viðurkenningu innan 10 ára, þá er sanngjarnt, að styrkþegi losni við kröfuna. Jeg veit, að sumir muni vilja setja fyrir sig þá hreppapólitík, að styrkþega kunni að tilfalla arfur áður en hann deyr. En jeg held, að þetta geti leitt til misbrúkunar, ef sveitarstjórnir nenna ekki að viðhalda kröfunni með viðurkenningu styrkþega.

Ef hann vegna heilsubrests, eða af öðrum knýjandi ástæðum, hefur þegið styrk, þá er það hart, ef harðdræg sveitarstjórn getur svipt styrkþega þegnrjetti sínum eða fullu þegnfrelsi til æfiloka, þó að hann ekki hafi getað borgað þeginn styrk vegna veikinda. Mjer finnst líka þetta ákvæði minni hlutans leiða til þess, að draga úr sjálfstæðisviðleitni manna. En þó að við meiri hluti nefndarinnar álítum þessa breyt.till. okkar um 10 ára takmarkið sanngjarna og rjettmæta, þá er jeg samt hræddur um, eins og jeg tók fram áðan, að við verðum í minni hluta í deildinni.

5. breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. fellur, ef hin fyrnefnda breyt.till. við sömu gr. verður felld.

6. breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. er að eins orðabreyting til þess, að lagfæra garnaflækjumál stjórnarinnar á frumv. — 7. breyt.till er líka að eins orðabreyting.

Þar sem breyt.till. nefndarinnar ekki eru fleiri eða stærri, vona jeg, að öllum háttv. þingdm. sje auðvelt að átta sig á þeim, og álít jeg því óþarfa að skýra þær frekar.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með viðaukatillögu á þgskj. 247, og skal jeg í fám orðum gjöra grein fyrir henni. Breyt.till. þessi var gjörð í samráði við nefnd þá, sem skipuð var til að íhuga frumv. til fátækralaga; sú nefnd hefur ekki getað komizt að þeirri niðurstöðu, að það sje rjett, að láta þær skuldir fyrnast, sem hjer ræðir um. Að vísu erum við þakklátir meiri hlutanum að svo miklu leyti sem við viljum heldur, að þessar skuldir fyrnist á 10 árum, eins og hann leggur til, heldur en á 4 árum eptir frumv. stjórnarinnar, sem er hreinasta fjarstæða; en við álítum rjettast, að kröfur til endurgjalds þegnum sveitarstyrk fyrnist alls ekki; í fyrsta lagi vegna þess, að hann er veittur af neyð, og meðan menn standa í slíkri skuld, missa þeir ýms rjettindi, sem aðrir ekki missa, þótt þeir ekki borgi skuld sína innan ákveðins tímatakmarks, og er því allt öðru máli að gegna með þá. Svo má líka skoða þetta mál frá fleiri hliðum, nefnilega, hvort það er til gagns eða ógagns fyrir þessa menn, að skuldirnar fyrnist.

Jeg fyrir mitt leyti verð að halda því fram, að það sje þessum mönnum til óhags, að þessar kröfur fyrnist. Það yrði opt sýnd meiri harka við þessa menn, þegar komið er að fyrningartíma skuldanna, en gjört væri og gjört er nú, þegar slíkar skuldir ekki fyrnast. Flestir munu vera vægari, þegar þeir eru að heimta inn skuldir fyrir sjálfa sig, en fyrir hið opinbera, því að þá hafa þeir á bak við sig almenningsálitið. Ef þeir slepptu opinberum kröfum, þá mundu þeir með því baka sjer álas. Jeg held, að það yrði mjög mikil tregða á því, að láta kröfur þessar fyrnast, og að þær mundu annaðhvort verða endurnýjaðar eða viðurkenndar áður en fresturinn væri liðinn, eða þá kallaðar inn hvort sem viðkomandi hefur efni á að borga eða ekki. Það að skuldirnar eru kallaðar inn, getur orðið til þess að eyðileggja manninn, þegar hann er á því stigi, að hann á að eins fyrir skuldinni; það er þó ekki eins slæmt að láta hann gefa viðurkenningu áður, en fresturinn er liðinn. Það er allt öðru máli að gegna, þegar um sveitarskuld en privatskuld er að ræða.

Bókfærsla á sveitargjöldum er vanalega ekki svo fullkomin, að hver sveitarstjórn geti auðveldlega sjeð, nær þessi og þessi skuld kemst í fyrningu. Jeg held því, að það mundi verða alltof mikið vafs út af þessu ákvæði meiri hlutans, um leið og það beinlínis mundi verða til skaða fyrir þá menn, sem hlut eiga að máli. Af þessum ástæðum hef jeg komið fram með þessa breyt.till. mína í samráði við þá nefnd, sem kosin var til að athuga frumv. til fátækralaga. Jeg held því ekki, að það sje mikil nauðsyn á fyrningu, að því er þessar kröfur snertir, því fremur sem hægt er að gefa eptir 5 ára gamla skuld án samþykkis sýslunefndar og yngri, ef hlutaðeigandi sýslunefnd samþykkir. Þetta virðist vera nægilega langt farið, með því að líkindi eru til, að optast mundi fást samkomulag um, að viðkomandi mætti borga skuldina smám saman á lengri eða skemmri tíma og meira eð-

ur minna af henni, og væri það víssulega betra en fyrning. Að tala um rjett á hjer alls ekki við, því að tilgangurinn með frumv. er alls ekki sá, að hjálpa þeim mönnum, sem vilja ná í annara manna fje, heldur er tilgangurinn sá, að menn hafi vit á að takmarka þetta þjóðarmein, lánsverzlunina, og þann ósóma, að fá alltaf krít, hvort sem þeir þurfa þess við eða ekki. Jeg tala ekki um það sem rjett, en það geta hins vegar komið fram rangar kröfur, t. d. í dánarbú, og þá er fyrning mjög nauðsynleg, og nauðsynlegt, að eitthvað sje gjört af hálfu löggjafarvaldsins til þess, að koma í veg fyrir slíkt. Hver sem gjörir sig sekan í að taka lán í þeim tilgangi eða vanrækja að borga skuld í von um, að hún fyrnist, hann nýtur ekki þess fjár með neinum rjetti, heldur með skertri æru og sómatilfinningu alveg eins eptir að skuldin fyrnist sem áður.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg er með breyt.till. á þgskj. 247, en af dálitið öðrum ástæðum, en háttv. flutnm. hennar (Guðj. Guðl.).

Jeg þekki margar »familíur«, sem þiggja af sveit, en þó lifa miklu betra lífi, en margur þeirra, sem geldur til sveitar; það eru hreint ekki svo fáir, sem sóa út fje sínu og lifa allt of vel, eða miklu betra lífi en þeir geta sjálfir staðizt; með þessu geta sveitarstjórnir ekki haft nægilegt eptirlit, enda ekki svo gott að gjöra við því. Því, sem þessir og aðrir þurfalingar þiggja af sveitarfje, þarf svo að jafna niður á gjaldendur, marga getulitla eða getulausa. Af því að skuldir þessar eru þannig stofnaðar með valdboði, leiðir það, að þær eru allt annars eðlis en aðrar skuldir. Skuldir manna á milli eru stofnaðar með fúsum og frjálsum vilja þeirra, sem lána, en þessar skuldir eru ákveðnar af öðrum, fyrirskipaðar með lögum.

Eins og háttv. flutnm. (Guðj. Guðl.) tók fram, má opt komast að samningum með að borga skuldina smátt og smátt; opt má fá hana eptirgefna og strykaða alveg út; jeg get ekki betur sjeð, en að þurfalingur, sem eptir t. d. 20 ár, frá því hann hefur þegið af sveit, kemst í efni og blómgast um nokkurt áraskeið, ætti að borga sveitarskuld sína. Það kemur opt fyrir, að menn þurfa að þiggja af sveit einu sinni eða svo, sökum veikinda eða annara óhappa, en komast svo af styrklaust framvegis; eptir mörg ár erfir slíkur þurfamaður má ske stórfje; jeg fæ ekki sjeð, hvers vegna hann ætti ekki að borga skuld sína, peninga, sem hafa verið píndir út úr gjaldendum, sumum bláfátækum; því eigi láta þessar skuldir vera rjetthærri en aðrar? Jeg þekki dæmi úr minni sveit; þar er »familía«, sem hefur verið haldið við með styrk í mörg ár; nú eptir nokkur ár mun heimilið verða með meðal-heimilum hvað efnahag áhrærir, ef allt gengur vel eins og sveitarstjórnin getur búizt við; jeg sje nú ekki betur, en þetta heimili ætti að greiða smátt og smátt aptur skuld sína, ef efni þess og ástæður leyfa á sínum tíma.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Meiri hluti nefndarinnar hjóst við, eins og jeg tók fram áðan, að verða í minni hluta hjer í háttv. deild; hún gjörir sjer það að góðu.

Háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) talaði um það, að sveitarstjórnir mundu fá ámæli fyrir það, að þær ljetu skuldir fyrnast. Jeg þekki sumar sveitarstjórnir, sem mundu verða fegnar að fá ámæli fyrir slíkt. En jeg vil spyrja

háttv. þm. (Guðj. Guðl.), hvort hann er ekki sammála mjer um það, að sveitarstjórnir mundu fá sama ámælið, ef þær gæfu eptir sveitarskuldir; það er auðvitað að svo yrði; ef þær fengju ámæli fyrir fyrningu skulda, þá fengju þær einnig ámæli fyrir að gefa þær eptir. Ef sveitarstjórnir eru hræddar við þetta ámæli, sem háttv. þm. (Guðj. Guðl.) talaði um, þá þyrðu þær aldrei að gefa eptir sveitarskuld, og er þá til lítils að tala um hana sem »æquivalent« fyrir fyrninguna.

Það hefur alls ekki verið talað um neinn rjett þurfalinga eins og háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) var að tala um, til þess að losast við skuldir sínar við fyrningu, heldur hefur meiri hluti nefndarinnar talið fulla sanngirni mæla með því, að sveitarskuldir fyrntust sem aðrar skuldir.

Þá var háttv. þm. Strand. (Guðj. Guðl.) að tala um ásigkomulag sveitarreikninganna, og kvað það vera víða bágborið; þetta játa jeg satt að vera; en jeg verð jafnframt að segja það, fyrst háttv. (Guðj. Guðl.) gengur inn á þetta, að mjer virðist það ætti að vera honum sterk hvöt til þess að hallast að skoðun meiri hluta nefndarinnar. Það yrði aðhald fyrir sveitarstjórnir til þess að gæta betur reikninga sveitarinnar, ef þær vissu, að skuldir þurfamanna fyrntust, og yrði þetta þannig til þess að endurbæta reikningshaldið.

Þar á móti get jeg ekki verið samdóma háttv. þm. (Guðj. Guðl.) í því, að sveitarskuldir sjeu rjettmætari en aðrar skuldir; hluturinn er sá, að þessar skuldir eru opt mjög vafasamar; það er opt og einatt svo, þegar þurfalingur kemur til fátækrastjórnar og biður um styrk, að hann þá ekki fær peninga eða úttekt úr reikningi, heldur lætur einhver fátækrafulltrúinn hann fá eitthvað úr búi sínu; þurfalingurinn sjer engan reikning yfir það, og getur því ekki mótmælt honum, þótt verðið á því, sem hann hefur tekið við, sje sett óhæfilega hátt; það er kunnugt, að þurfalingar eru ekki uppburðamiklir menn, enda hafa þeir optast harla lítla hvöt til þess að rannsaka reikninga sveitarstjórna meðan þeir þiggja af sveit. Þetta fyrirkomulag getur haft í för með sjer mjög mikinn órjett gegn þurfalingum og leitt til þess, að sveitarskuldir verði ekki neitt sjerlega rjettmætar eða rjettháar; kröfur um skuldina koma máske ekki fram fyr, en þurfalingurinn er dauður, og enginn getur neitt borið um rjettmæti hennar; en ef sveitarstjórnin þyrfti að halda kröfurjettinum við með viðurkenningu þurfalingsins eða stefnu, þá sæi hann reikninginn og gæti mótmælt honum, ef hann væri rangur.

Háttv. 5. kgk. þm. (Á. F.) kvað það ósanngjarnt, að sveitarskuldir fyrntust, þar sem þær hefðu opt myndast á þann hátt, að mönnum hefði verið hjálpað til þess, að rjetta við, þegar hagur þeirra var sem örðugastur; þegar nú slíkir menn rjettu við og blómguðust, máske einmitt fyrir það, að fótunum var eigi undan þeim kippt, þegar þeir þurftu styrks við, þá virtist honum ósanngjarnt, að þeir ekki endurborguðu styrkinn. Þetta er alveg satt; en það er lagt í vald sveitarstjórnarinnar, að halda skuldinni við, og má hún sjálfri sjer um kenna, ef hún fyrnist.

Það hefur þráfaldlega komið fyrir, að þurfalingar hafa sjálfir gefið sig fram ótilkvaddir, og borgað gamlar sveitarskuldir sínar, þegar þeir hafa getað það; já, menn hafa úr fjarlægum sveitum boðizt til þess, að borga sveitarskuldir, sem alveg voru gleymd-

ar, og sveitarstjórnin máske vissi ekkert um. Þetta ber vott um það, að jafnvel þeir, sem lítilmótlegastir eru álitnir hjá þjóðinni, eru ærukærir og samvizkusamir, og væri sæmra, að glæða þennan hugsunarhátt með því, að sýna þeim fulla mannúð, heldur en að deyða hann með harðræði í þessu sem öðru, og láta skuldir þeirra aldrei geta fyrnzt, hvernig sem á stendur.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg verð að játa, að jeg hallast heldur að því, sem háttv. framsm. kallar hreppapólitik, eða með öðrum orðum, að jeg er meðmæltur breyt.till. þm. Strand. (Guðj. G.). Hjer er auðvitað ekki um þýðingarmikið mál að ræða, en það getur þó komið fyrir, að hreppparnir eptir mjög langan tíma fái skuld sína endurgoldna, t. d. ef þurfalingurinn fær arf. Ef endilega á að stryka skuldir þessar út eptir 10 ár, þá má alveg eins gjöra það eptir 2 eða 3 ár, því fæstar af þeim verða sem sagt borgaðar, nema undir sjerstökum kringumstæðum, en ef borgunin fæst, þá álít jeg rjett að taka hana með, þó þetta auðvitað ekki komi nema sjaldan fyrir, og því er þetta, sem sagt, ekki neitt þýðingarmikið atriði um að ræða. Jeg verð að taka það fram, að mjer finnst, að full þörf hefði verið á, að laga málið á frumv., því sumstaðar er það svo slæmt, að jeg fyrir mitt leyti verð að segja, að það er fullhart, að jeg skilji það, enda sje jeg af athugasemdunum, að það er lagt út úr dönsku frumv. orði til orðs. Það hefur ekki einusinni verið beðið, þangað til frumv. varð að lögum hjá Dönum, eða þangað til danska frumv. var búið að ganga í gegnum hreinsunareldinn í þingunum. Ef við eigum endilega að sníða lagasmíði vort eptir Dönum, er þá ekki rjettast að bíða, þangað til þeir eru búnir að strjúka gallana af sínum frumv.

Að endingu langar mig til að spyrja háttv. framsögum. að því, hvort hann ætli, að þetta frumv. muni minnka lánstraust manna?

Hinn háttv. framsm. brá mjer um það í gær, að jeg væri sá einasti þjóðmegunarfræðingur, sem væri á móti því, að lánstraustið væri aukið; jeg vildi gjarnan benda honum á, að það er annar þjóðmegunarfræðingur, nefnilega stjórnin, sem, eins og jeg, vill girða fyrir óholla lánsverzlun og það var það, sem jeg átti við í gær, þegar framsm. sneri út úr orðum mínum. Eða álítur máske hinn háttv. framsm. öll lög góð, hvernig sem þau að öðru leyti eru, ef þau að eins auka lánstraustið. Jeg fyrir mitt leyti get ekki verið í vafa um það, að það minnki lánstraustið, að skuldirnar fyrnast svo fljótt.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Háttv. þm. Barðstr. (S. J.) var fremur mildur í ræðu sinni gegn frumv.. en áleit þó varhugavert, að stryka skuldirnar út eptir 10 ár. En hjer er alls ekki sagt, að skuldirnar eigi að strykast út eptir 10 ár, því bæði með því að fá viðurkenningu eða með stefnu má hindra fyrninguna, en ef hreppsnefndin brúkar ekki þau meðul, þá má hún kenna sjálfri sjer um, þó skuldin tapist. Háttv. þm. hefur rjett í því, að frumv. er þýtt úr dönsku og málið ljelegt, en þar sem eins mikill starfi liggur fyrir eins og nú á þinginu, þá verður lítill tími til að lesa stýla stjórnarinnar. Jeg get ekki verið hv. þingdm. samdóma um það, að nokkur ástæða sje til að bíða þangað til tilsvarandi frumv. er orðið að lögum hjá Dönum. Stundum áður höfum við komið með nýmæli á undan þeim, og hefur okkur fremur verið það til

sóma. Hjer er heldur ekki að ræða um nein algjörlega ný ákvæði, því víða í lögum annarsstaðar eru sömu efnisákvæðin. Jeg get ekki heldur verið háttv. þm. samdóma um það, að fyrningarlög yfir höfuð spilli lánstrausti manna; þvert á móti held jeg, að þau veiti mönnum aðhald og gjöri viðskiptalífið hreinna. Jeg verð að halda því fram, að það sje í alla staði heppilegt, að auka lánstraustið, en alltaf verður að gæta þess, að taka jafnt tillit til beggja málsaðila, bæði til lánsveitanda og lánsþiggjanda. Það er t. d. hart, að þurfa að sitja með heilt arkið af kvitteringum til dauðadags. Annars leyfi jeg mjer að vísa til athugasemda stjórnarinnar við frumv., sem eru svo ýtarlegar, að nefndinni fannst ekki ástæða til að bæta frekar við þær.

Eins og jeg tók áður fram, býst jeg við, að meiri hluti nefndarinnar verði í minni hluta í deildinni, en því ætlum við að taka með mesta jafnaðargeði.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Háttv. framsm. (J. Ól.) lagði áherzlu á, að þetta 10 ára fyrningarákvæði stafaði af mannúð, og jeg fann, að þetta vakti fyrir hinum háttv. meiri hluta nefndarinnar, en mjer finnst, að hjer geti mannúð ekki komið til greina. Þetta frumvarp er sprottið af rjettlætistilfinningu, og til að koma í veg fyrir stórt þjóðarmein. Það væri mjög óviðeigandi, að þingið færi að sýna þrjótum mannúð. Setjum t. d., að maður kæmi til háttv. framsm., og bæði hann um 10 kr., sýndi honum svo vinahót til þess að forðast lögsókn, og flytti svo burt án þess að borga, og reyndi þannig að draga málið á langinn, þangað til krafan fyrntist. Hefði nú þingið nokkra ástæðu til að vernda þennan mann; það ætti miklu fremur að gjöra allt til að ná í slíka þrjóta. Hvað viðvíkur reikningshaldi hreppanna, þá er það auðvitað rjett athugað, uð það er víða í ólagi, en þó bókfærslan sje ekki glögg, þá er þó hægt að »kontrolera«, að skuldin sje rjett þegar hún er stofnuð. Sýslunefndirnar endurskoða líka hreppsreikningana, enda er líka ákvæði um þetta í lögunum. Sjaldnast er líka lagt fje út til einstakra heimila, en optast meðlag með börnum þurfalinga og stundum með þeim sjálfum, en þá er líka vanalega gefin ávísun á sveitarsjóðinn, og er þá mjög ljett að »kontrolera« skuldina, að hún sje rjett með fyrstu, þó ekki sje ávallt svo auðvelt fyrir ókunnugan oddvita, að sjá aldur hennar, eða nær hún síðast hefur verið viðurkennd.

Jeg hef svo ekki fleiru hjer við að bæta; að eins vil jeg geta þess, að þetta er einasta atriðið, sem jeg er ekki sammála meiri hlutanum um, en annars þakka jeg honum fyrir samvinnuna, og það gladdi mig líka, að hann vildi framlengja fyrningarfrest þessara skulda til 10 ára. Það er alveg rjett hjá hinum háttv. 5. kgk. þm. (Á. Fl.), að það stendur sjerstaklega á með þessar skuldir, og má því vel segja, að þær sjeu lögstofnaðar. En þetta bendir enn þá sterkar á, að það er algjörlega ótilhlýðilegt, að láta þær fyrnast. Þær eru ekki lánaðar af frjálsum vilja, heldur þvingaðar með lögum, og sveitarstjórnir lána þar fje hins opinbera, sem þeim er trúað fyrir, og eru skyldugar til gagnvart gjaldendunum að varðveita gegn töpun á nokkurn hátt.

ATKVGR.: 1. gr. samþykkt með 12 samhlj. atkv.

Viðaukatill. við 1. gr. (247) samþykkt með 10 atkv. gegn 2.

2. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

1. breyt.till. (246) við 3. gr. fallin við samþ. 1. gr.
2. breyt.till. (246) við 3. gr. samþ. í einu hlj.
3. breyt.till. (246) við 3. gr. samþ. í einu hlj.
3. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
4. breyt.till. við 4. gr. fallin í burtu við atkvgr. um 1. gr.
5. breyt.till. (246) við 4. gr. sömul.
4. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
5. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
7. breyt.till. við 6. gr. (246) samþ. í einu hlj.
6. gr. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.
7. breyt.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.
7. gr. þannig breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.
8.—22. gr. samþ. allar hver um sig með 11 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr með 11 samhlj. atkv.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. ágúst kom frv. til 3. umr. (282, 303).

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Hjer liggja fyrir nokkrar breyt.till. frá nefndinni, sem af gleymsku hafa fallið úr áður en málið kom til 2. umr. Breytingar þessar eru þó ekki efnisbreytingar, heldur eingöngu orðabreytingar, nema ef til vill sú síðasta, að í stað 1909 komi 1910. 1. breyt. till. er við 7. gr.; hún gjörir það eingöngu ljósara, að önnur atvik hafi ekki áhrif á fyrninguna. 2. breyt.till. er við 14. gr. Oss þótti betra að hafa þar »fullnustu«. því það orð innibindur í sjer bæði skaðabætur og kostnað. 3. breyt.till. er við 15. gr. Oss þótti sanngjarnt, að úr því allt ómakið hvíldi á dómsmálaritara, að hann fengi þá líka launin fyrir það. 4. breyt.till. er við 18. gr. Rjettara þótti að taka það fram, að seðlar landsbankans væru líka gildir sem peningaseðlar, en þeir eru sem kunnugt er, ekki innleysanlegir. 5. breyt.till. við 20. gr. er eingöngu til að orða greinina ljósara. Það var svo klúsuð orðaröðin í frumv. stjórnarinnar, að það var alveg óskiljanlegt að kalla. 6. breyt.till. fer fram á, að engin krafa fyrnist fyr en árið 1910 í stað 1909. Jeg vona að menn fallist líka á það, enda er það líka í samræmi við samskonar breyt. á frumvarpinu til laga um hefð. Jeg sje ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira; vonast til, að hv. þm. sjái, að breyt.till. eru til góðs.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg vildi minnast lítið eitt á breyt.till. við 20. gr. Það getur verið skoðunarmál, hvort hún er ekki efnisbreyting. Jeg skal játa, að í stjórnarfrumv. er greinin ekki sem heppilegast orðuð, en mjer finnst hún líka vera það hjá nefndinni. Það geta einhver atvik hafa komið fyrir, sem benda til að krafan sje enn í gildi að einhverju leyti, þótt eigi verði sagt, að þau haldi kröfunni í gildi. Eptir breytingu nefndarinnar verður takmörkun á kröfunni. Jeg get því ekki sjeð, að þessi breyting sje til bóta og finnst, að varhugavert sje, að samþykkja hana.

Framsögumaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil taka það fram, að í þessari breytingu, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) talaði um, liggur ekkert annað en það, sem stóð í frumv. stjórnarinnar. Eins og jeg sagði áðan, var málið svo slæmt, að varla varð fram úr því komizt. Eptir breyt.till. geta þau ein atvik komið til greina, er halda kröfunni í gildi.

Jeg verð að játa, að jeg skil ekki mál, ef ekki liggur það sama í breyt.till. og í frumv. stjórnarinnar, og ekk-

ert annað ætlumst vjer til að liggi í henni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg verð að segja það, að jeg get ekki fallizt á síðustu breyt.till. (við 22. gr.), og kann betur við greinina, eins og hún er í frv., er ákveður, að engin krafa falli úr gildi samkvæmt lögum þessum, fyr en við árslok 1909. Nefndin vill hjer breyta 1909 í 1910. En ákvæði frumv. er auðsjáanlega miðað við 4 ára fyrningarfrestinn og í fullu samræmi við hann. Menn verða að gæta þess, að lög þessi geta öðlazt gildi seint á þessu ári (1905), og er þá óeðlilegt, að krafa, sem stofnuð er á þessu ári, eptir að lögin öðlast gildi. og annars eptir frumv. ætti að fyrnast á 4 árum, skuli ekki geta fyrnzt fyr en 1910. Jeg vil því heldur halla mjer að frumv. stjórnarinnar.

ATKVGR.: 1. breyt.till. við 7. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 14. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

8. breyt.till. við 15. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

4. breyt.till. við 18. gr. samþ. í einu hljóði.

5. breyt.till. við 20. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. breyt.till. við 22. gr. samþ. með 10 : 1 atkv.

Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 38. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr, (A 316).

Ráðherrann: Jeg sting upp á, að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem sett er í málið um hefð.

Málinu vísað til 2. umr. með 22 atkv., og til nefndarinnar í frumv. um hefð með 19. atkv.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 316, 469).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mál þetta er einnig búið að ganga í gegnum Ed. og það er komið frá stjórninni sem hennar frumv.; það er því mjög vel athugað. Nefndin hefur haft nauman tíma, en þó hefur hún kynnt sjer frumv. eptir föngum, og ekki fundið neitt verulegt við það að athuga. Ýms orðatiltæki eru raunar í frumv., sem gætu valdið nokkrum vafningum, eins og t. d. orðið »viðurkennt« í 1. gr. Það er ekki algjörlega ljóst, í hverju sú viðurkenning skuli vera falin. Nefndin hefur þó ekki komið með breyt.till. við þetta og henni þykir frumv. vera fremur til bóta og leggur því til, að það gangi fram. Í 13. gr. er dálítið óheppilegt ákvæði, þegar það er borið saman við 1. og 2. gr. frumv., en það er ekki svo verulegt, að það geti talizt stór galli. Það er nefnilega, ef sparisjóður eða banki yrði gjaldþrota, en það kemur nú vonandi sjaldan fyrir hjer á landi.

Svo skal jeg ekki fara frekar út í þetta mál, en leggja til fyrir hönd nefndarinnar, að það verði samþykkt.

ATKVGR.: 1.—10. samþ. hver um sig í e. hlj.

11.—22. gr. samþ. hver um sig með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 316).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil að eins leyfa mjer, að benda á prentvillu, sem nefndin rak sig á í frumv. Í 20. gr., 2 lið, síðari línu, stendur: »verðbrjef« fyrir »veðbrjef«. Þetta getur verið meinleg villa, og því bendi jeg á

hana, að hún verði leiðrjett. Þetta er víst eina prentvillan í frumv. Annars hefur nefndin ekki neitt að athuga við frumv. Jeg óska þess svo, að frumv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR. Frumv. samþ. í e. hlj., og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXVI. Lögreglusamþykktir.

Á 3. fundi Ed., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi Ed., þriðjudaginn 9. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv.).

Valtýr Guðmundsson (2. þm. (G.-K.): Enda þótt jeg ekki hafi komið fram með breyt.till. við þetta frumv., þar sem mjer ekki er fyllilega ljóst, hvort hægt er að svo stöddu að breyta því á þann hátt, er jeg gjarnan vildi, vil jeg þó leyfa mjer, að gjöra þá fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort honum fyndist ekki tiltækilegt, að breyta frumv. þannig, að það eigi væri gjört að skilyrði fyrir því, að kauptún mættu gjöra lögreglusamþykktir, að sýslumaður búi þar, því að jeg skil frumv. svo. Eptir því mundu kauptún með 300 íbúum geta gjört lögreglusamþykktir, ef sýslumaður byggi þar, en önnur til dæmis með 11 hundruð manns ekki, af því að sýslumaður væri þar ekki búsettur. Jeg skal taka til dæmis bæi eins og Blönduós gagnvart Eyrarbakka, Akranesi og Ólafsvík, sem ekki geta gjört lögreglusamþykktir sökum þess, að sýslumaður býr þar ekki, enda þótt þessir bæir hafi miklu fleiri íbúa en Blönduós. En er það nú fyllilega nauðsynlegt, að sýslumaður búi í bænum til þess, að lögreglusamþykktir geti komið að notum? Mjer finnst hreppstjórarnir líka vera nokkurs konar lögreglustjórar, og ef hjer verður stofnaður lagaskóli, þá gæti verið spursmál um, hvort ekki mætti láta hreppstjóraefni ganga í gegnum smákúrsus í lögum, svo að þeir gætu orðið hæfir til að verða lögreglustjórar í litlum kauptúnum, líkt og á sjer stað með sýslumennina á Færeyjum, sem að vísu ekki eru fullkomnir dómarar, en hafa nokkurt lögregluvald og dálítið dómsvald í smámálum.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vildi að eins beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh.

Ráðherrann: Stjórnarráðið leit svo á, að eigi væri full not að því, að hafa lögreglusamþykktir nema þar, sem hægt er að framfylgja þeim, en til þess þarf, að hægt sje að ná í dómara innan skamms tíma; það gæti annars orðið ill dvöl fyrir ferðamenn, sem sekir verða í lögreglusamþykktarbrotum, gjöra sig til dæmis seka í harðri reið á götum, áflogum eða öðrum samþykktarbrotum, að verða að bíða, þangað til sýslumaður getur komið, ef til vill langt að yfir fjöll og fyrnindi. En að neyðast til að sleppa því að taka brotlega menn fyrir vegna

dómaraleysis, væri ófært; þá væri lögreglusamþykktin dauður bókstafur, sem er ekki neitt. Það er að vísu satt, að það er óheppilegt, að stærri kauptún geti ekki fengið lögreglusamþykktir, en þetta má víða laga með því, að skipa sýslumanni að búa í kauptúninu við næstu sýslumannaskipti. Þannig hefur það til dæmis komið til álita, að gjöra sýslumanninum í Borgarfjarðarsýslu að skyldu að sitja á Akranesi; en að eins þar sem mörg kauptún eru í sömu sýslunni, verður þessu eigi við komið.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það svar, sem hann hefur gefið upp á fyrirspurn mína. Það lítur út fyrir, að það sjeu einhver önnur ákvæði um þetta í ýmsum öðrum löndum, þannig, að hægt sje að taka menn fasta, þó að ekki náist strax í hina eiginlegu dómara, og vil jeg t. d. nefna Manitóba, sem er stórt og mikið land, en dómararnir allir 4 búsettir í Winnipeg; en það er að líkindum eitthvert annað fyrirkomulag, sem gjörir það mögulegt, að hegna fyrir lögreglubrot, og má vel vera, að friðdómararnir hafi vald til þess. Að svo stöddu er ef til vill ekki tiltækilegt að breyta frumv. í þá átt, sem jeg hef bent á, en til þess þyrfti máske að breyta allri löggjöfinni um rjettarfarið í landinu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Þar sem háttv. þm. G.-K. (V. G.) minntist á, að allir dómararnir í Manitóba byggju í Winnipeg, þá vil jeg leyfa mjer að benda á, að það er ekki rjett; bæði »*sheriffs*« og lögregludómarar geta tekið menn fasta; en mjer er ekki kunnugt um, hvort hægt er að taka menn fasta í nokkru siðuðu landi, þar sem ekki er hægt að ná í dómara innan ákveðins tíma, enda væri það nokkuð hart. Jeg held ekki, að það sjeu nein vandkvæði á, að bæta úr því, sem háttv. 2. þm. G.-K. þótti ábótavant, að því er heimild til lögreglusamþykkta snertir fyrir stærri kauptún landsins. En á hinu gæti orðið vandkvæði að veita kaupstaðarrjettindi kauptúnum, þar sem enginn dómari er.

Hæstv. ráðherra tók fram, að við næstu sýslumannaskipti mætti gjöra sýslumönnum að skyldu, að búa í einu af stærstu kauptúnum sýslunnar, þar sem því verður við komið, og yrði þá viðast hvar bætt úr þessu atriði, þar sem óvíða er nema einn stærri kaupstaður í sýslu; en þó svo væri, að hinir minni kaupstaðir væru án lögreglusamþykkta, þá finnst mjer ekki rjett, að meina *þeim* kauptúnum, sem *geta* fengið þessi rjettindi, að fá þau, þó að *öll* geti ekki fengið þau þegar í stað, og þess vegna finnst mjer ekki næg ástæða til að meina frumv. framgang, og þannig svipta þau kauptún, sem eru því vaxin, aðgangi til að fá þessar lögreglusamþykktir.

ATKVGR. Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Að málið gengi til 3. umr. samþ. í e. hlj.

Á 11. fundi Ed., laugardaginn 15. júli, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. í heild sinni samþ. með 12 shlj. atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júli, kom frumv. til 1. umr. (A. 100).

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vil að eins leyfa mjer að fara fram á, að þessu máli verði vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu, að 1. umr. lokinni.

ATKVGR.; Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Málinu vísað til nefndarinnar í sveitastjórnarmálinu með 16 samhlj. atkv.

Á 24. fundi Nd., laugardaginn 29. júli, kom frumv. til 2. umr. (A. 100, 196).

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Nefndin hefur ekkert haft að athuga við þetta frumv. Eins og háttv. deild er kunnugt, er það komið trá háttv. Ed. og hefur verið athugað þar, en nefndin hjer í deildinni styður það af því, hún álítur það nauðsynlega rjettarbót. — Það er raunar óþarfi að flýta fyrir því; það stendur í nánu sambandi við sveitarstjórnarlagafrumv., og getur því að eins að haldi komið, að það frumv. komist í gegnum þingið. Það kom til orða í nefndinni, að nauðsynlegt kynni að verða, að fá lögreglusamþykkt fyrir fleiri kauptún en þau, sem sýslumenn búa í, því víða hagar svo til, að þess er ekki síður þörf í þeim kauptúnum en hinum. En nefndin hefur ekki treyst sjer til, að koma fram með breyt.till. í þá átt af því, að hún áleit, að ekki væri til neins, að búa til lögreglusamþykktir, þar sem ekki er hægt að framfylgja þeim. — Nú mætti segja, að hugsanlegt sje, að sýslumenn gætu fengið umboðsmenn til þessa, en það er ekki heimilt samkvæmt íslenzkum lögum að fá umboðsmönnum sýslumanna lögreglumál til meðferðar, og því treystí nefndin sjer eigi til þess, að koma fram með slíka breyt.till.

Vil jeg því leggja það til, að frumv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Frumv. samþ. í einu hlj.

Vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst, kom frv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXVII. Stefnufrestur til hæstarjettar.

Á 5. fundi Nd., fimmtudaginn 6. júli, kom frv. til laga um stefnufrest frá dómstólum á Íslandi til hæstarjettar í einkamálum fyrir þá, sem eru til heimilis á Íslandi, til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta litla frumv. er fram komið í því skyni, að stytta hjer búsettum mönnum leiðina til þess, að fá málalok fyrir hæstarjetti með því, að stytta stefnufrestinn til hæstarjettar, sem hingað til hefur verið óþarflega langur. Hann hefur, eins og kunnugt er, verið heilt ár frá stefnudegi, þangað til hæstarjettarár það, sem um er að ræða, hefst, og ástæðan fyrir þessari miklu lengd frestsins hefur auðvitað verið hinar afarstrjálu samgöngur milli Danmerkur og Íslands um það leyti, sem þetta ákvæði var sett. En eptir því, sem samgöngur nú eru orðnar, er engin ástæða lengur til svo langs frests, en stór-mikil töf á því fyrir málið.

Landshöfðingi Magnús Stephensen

hefur tvisvar stungið upp á lagafrumv. um stytting á frestinum við undanfarandi ráðgjafa, en ráðgjafarnir hafa í bæði skiptin litið svo á, að alþingi hefði ekki vald til, að breyta þessu, heldur heyrði það undir ríkisþingið; en eptir að álits hæstarjettar hefur verið leitað, má nú telja víst, að það beri undir alþingi, að ákveða stefnufrestinn að því, er hjer búsetta menn snertir, og er því þetta frv. nú loks fram komið.

Jeg vona, að enginn hafi á móti þessum ljetti, og tel því óþarft, að setja nefnd í málið, en óska, að frumv. fái að ganga til 2. umr. og áfram.

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Á 8. fundi Nd., mánudaginn 10. júlí, kom frv. til 2. umr. (stjfrv.).

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. í einu hlj.

Á 9. fundi Nd., miðvikudaginn 12. júlí, var frumv. tekið til framhalds 2. umr.

Forseti: Jeg verð að biðja h. hv. þingdeild mikillega afsökunar á því, að mjer láðist, eptir að búið var að samþykkja frumv. þetta og frumv. það, sem næst er á dagskrá, við 2. umr., að bera undir atkvæði, hvort frumv. skyldi ganga til 3. umr.

Til þess að bæta úr því, áleit jeg það rjettast, að setja þau á dagskrá þessa fundar, og bera það nú undir atkvæði deildarinnar, hvort þau skuli ganga til 3, umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 3. umr. í einu hljóði, að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk þessara 6 þm.:

Skúla Thoroddsens, Ólafs Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Björns Kristjánssonar, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skf., Ólafs Briems, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	
Jón Magnússon,	
Björn Bjarnarson,	
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stef., þm. Eyf.	
Stef. Stef., þm. Skgf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 11. fundi Nd., föstudaginn 12. júlí, kom frv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. í einu hlj., og afgreitt til forseta Ed.

Á 12. fundi Ed., mánudaginn 17. júlí kom frumv. til 1. umr. (A 91).

Ráðherrann: Eins og kunnugt er tekur það langan tíma að koma fram einkamálum við hæstarjett fyrir þá sem eru til heimilis á Íslandi, með því að stefnufresturinn er samkvæmt D. L. 1—4—12 og tilskipun 3. júni 1796, 16. gr. 1 ár til þess dags, er hæstarjettar-

ár það hefst, sem um er að ræða. Stefnufrestur þessi er miðaður við allt aðrar samgöngur en nú er, og með því að þær eru nú miklu greiðari en áður var, virðist bæði rjett og nauðsynlegt að stytta hann. Þess vegna er farið fram á, að hann verði eptir frumv. þessu styttur í 6 mánuði. Það hefur opt áður verið reynt, að fá þessu breytt, en ætíð misheppnazt, með því að ráðgjafi Íslands í Danmörku hefur litið svo á, að mál þetta heyrði ekki undir íslenzka löggjöf. Álits hæstarjettar hefur verið leitað um þetta mál, og hefur hann tjáð sig samþykkan því, og sömuleiðis hefur fengizt samkomulag við núverandi dómsmálaráðherra um það, að þetta falli undir löggjafarvald alþingis.

Sökum alls þessa kemur nú frumv. til hinnar háttv. deildar, og vona jeg að það fái góðan byr, eins og í Nd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi Ed., miðvikudaginn 19. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 91).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi Ed., föstudaginn 21. júlí kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXVIII. Ritsími og talsími.

Á 4. fundi Nd., miðvikudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um ritsíma, talsíma o. fl. til 1. umr.

Málið tekið út af dagskrá eptir ósk 11 þingdeildarmanna, er hljóðar svo:

»Með því að í ráði er að kjósa sjerstaka nefnd í ritsímamálið, teljum vjer rjettast, að frumv. um ritsíma og talsíma sje á sínum tíma vísað til þeirrar nefndar, og óskum því, að það frumv. sje tekið út af dagskrá í dag«.

Neðri deild alþingis 5. júlí 1905.
Hannes Þorsteinsson, Lárus H. Bjarnason, Árni Jónsson, Magnús Andrjesson, Pjetur Jónsson, Jón Jónsson, Stefán Stefánsson, þm. Skgf., Jón Magnússon, Guðmundur Björnsson, Hermann Jónasson, Magnús J. Kristjánsson.

Á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí, kom frumv. að nýju til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 19 atkv. og til nefndarinnar í hraðskeytamálinu með 24 samhlj. atkv.

Í nefndinni áttu sæti:
Skúli Thoroddsen,
Guðmundur Björnsson,
Björn Kristjánsson,
Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,
Jón Jónsson,
Guðlaugur Guðmundsson.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og Guðm. Björnsson skrifari og framsm.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 377, 415).

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þetta frumv. fer fram á, að landinu sje veittur einkarjettur til þess að stofna og starfrækja hraðskeytasambönd innanlands. Það er ekki gjört í því skyni, að auka tekjur landssjóðs, því þó slík sambönd geti ef til vill borið sig á stöku stað, er ekki hægt að búast við neinum ágóða, nema ef vera skyldi hjer í Rvk.

Aðalástæðan fyrir þessu frumv. er sú, að um leið og landið fær yfirráðin yfir samböndunum, þá sje trygging fengin fyrir, að samræmi komist á milli allra hraðskeytasambanda, sem sett verða á stofn hjer á landi. Fast samræmi þarf að komast á bæði í starfrækslu og gjöldum.

Það er ef til vill erfitt fyrir marga að gjöra sjer ljóst, hversvegna þessa þurfi með, og jeg skal því nefna dæmi til skýringar. Ef landssjóður t. d. leggur síma hjeðan frá Reykjavík austur að Þjórsá, en Árnesingar álmu frá Ölfusá niður að Eyrarbakka, þá er brýn þörf á því, að álman og aðalsíminn vinni í fullu samræmi. Allar stöðvarnar þurfa t. d. að vera opnar jafn lengi og á sama tíma. Landssjóður og hjeruðin verða að koma sjer saman um taxtana. Skeytagjald verður að greiða allt á þeim stað, sem skeytin eru send frá. Ef maður sendir skeyti frá Eyrarbakka til Reykjavíkur, þá verður hann að borga á Eyrarbakka, og ef hann sendir skeyti frá Reykjavík til Eyrarbakka, þá verður hann að borga í Reykjavík; landssjóður og sýslunefndir verða síðan að jafna gjöldunum á milli sín. Það er því augljóst, að samræmi og samvinna er nauðsynleg milli allra hraðskeytasambanda innanlands.

Til þess að nauðsynlegt samræmi milli hraðskeytasambanda innanlands geti komizt á, er enginn vafi á því, að bezti vegurinn er einkarjettur, sem landið sjálft hefði. Minni hlutinn er einnig á þeirri skoðun, að landið eigi að hafa einkarjett, þar sem það sjálft leggur síma, en vill, að símalagning sje annars öllum frjáls, og hyggur, að skeytagjöldin muni þá verða lægri; muni verða of hátt sett, ef einkarjettur er seldur í hendur einstökum mönnum eða fjelögum. Meiri hlutinn er á allt annari skoðun; ef landið hefur ekki einkarjett, en hverjum einum væri frjálst að leggja síma eða koma hraðskeytasambandi, þá mundi ekki mögulegt að reisa neinar skorður við því, að skeytagjaldið yrði of hátt sett. Það eru engin líkindi til, að tvö fjelög gætu unnið á sama svæði, lagt samsíða línur og keppt hvort við annað; ef það væri reynt, hlyti annaðhvort fjelagið að fara á hausinn. Það er því enginn vafi á því, að skeytagjald yrði yfirleitt hærra, ef hverjum væri frjálst að leggja síma, og landsstjórnin hefði enga hönd í bagga, hefði engan atkvæðisrjett um hámark gjaldanna. Þá er enn eptir að minnast á eina hlið málsins. Lögin ná einnig til sambands við skip. Það er ekki ósennilegt, að loptskeytastöðvar verði, er tímar líða, reistar á ströndum landsins til sambands við skip. Meginþorrinn af öllum loptskeytastöðvum heimsins, eru strandstöðvar, sem senda skeyti til skipa. Hjer er það enn þá nauðsynlegra að landið hafi hönd í bagga, til þess að stemma stigu fyrir þeim trafala, sem annars kynni af því að hljótast og ógagni, er leiddi af því, að tvenn sambönd af því tagi stórfuðu í senn. Jeg hef spurt erindreka Marconifjelagsins um þetta, og hann hefur tjáð mjer, að hentast mundi það vera, að öll þesskonar sambönd

væru á einni hönd. Marconifjelagið hefur á Englandi einkarjett á því. Jeg er eindregið á þeirri skoðun. að það sje harla nauðsynlegt, að landið hafi þennan einkarjett. Meiri hlutinn álítur frumv. til hagnaðar fyrir landið og sjer enga annmarka á því í samanburði við hagsmunina.

Breyt.til. við 2. gr. stjórnarfrumv., að í stað »fyrir 5 ár í bili að minnsta kosti« komi: »fyrir allt að því 5 ár í bili« telur nefndin hyggilegar, því að þá má breyta töxtunum á skemmri tíma eptir því, sem reynslan krefur.

Við 11. gr. er einnig gjörð lítilfjörleg breyt.till., nefnilega að í stað »leggja leiðsluþræði« komi: »leggja talsíma, ritsíma eða leiðsluþræði«. 11. gr. felur í sjer þau ákvæði, að ekki megi leggja nýjar rafleiðslur, svo að þær trufli hinar eldri leiðslur. Nefndin taldi það hyggilegt, að setja hjer einnig ritsíma og talsíma.

Að síðustu er lítil breyt.till. við 14. gr., er gengur út á það, að þetta ákvæði eigi ekki að eins við landssjóðsþræði, heldur einnig þar, sem sýslufjelög eða aðrir hafa fengið leyfi stjórnarinnar til að leggja slíka þræði. Það er og tekið fram í athugasemdum stjórnarinnar, að reynsla annara þjóða bendi ótvírætt í þá átt, að nauðsynlegt sje, að landið hafi þennan einkarjett.

Björn Kristjánsson (1. þm. K.-G.): Minni hlutinn hefur ekki orðið meiri hlutanum sammála hjer fremur en annarsstaðar. Ágreiningurinn er að öðru leyti ekki eins þýðingarmikill. Breyt.till. á þgskj. 415 er af allt öðrum rótum runnar, en við hitt frumv. Þar var um rjettindi landsins að ræða gegn útlendu stjórnarvaldi og peningavaldi, en um það er ekki hjer að ræða. Áður en jeg fer út í efni þeirra, vil jeg geta þess, að breytingarnar koma ekki að neinu leyti í bága við afstöðu hæstv. ráðh. í ritsímamálinu.

Breyt.till. ganga út á það, að gefa landinu rjett þar sem þörf er á að leggja síma yfir land og sömuleiðis til þess að reka hann. Þó að landinu sje eigi beint veittur einkarjettur, eins og frumv. fer fram á, til símalagningar hvar á landinu sem er, þá er honum tryggður rjettur með breyt.till. okkar, til að leggja síma eða talsíma hvar sem er, og landssjóði tryggðar tekjur af honum, þar sem öðrum er óheimilað að leggja þráð, þar sem landþráður er fyrir.

Munurinn er að eins sá, að landið hefur ekki einkarjett, en hefur þó heimild til að leggja síma þar, sem það vill, og banna alla samkeppni og fer þetta því ekki í bága við það, sem samþykkt var í gær. Það hindrar hvorki það mál nje talsíma Reykjavíkur.

1. gr. inniheldur það, að landinu sje ekki veittur einkarjettur og landstjórninni ekki ætlað að veita einkarjett. Fellur þá 2., 3. og 4. gr. burt, sem er og eðlileg afleiðing. 5. gr. einnig þar, sem vísað er til 1. gr. En 5. gr., sem verður 2. gr. eptir vorum till., nær því að eins til 1. gr. og segir, að þeir, sem í heimildarleysi setja upp stöðvar, að þá megi sekta, en áhöld öll og stöðvarnar skulu tekin niður. Þetta er það, sem fyrri hluti gr. á við. Að sekta menn fyrir þesskonar tiltæki finnst mjer alveg sjálfsagt. Okkur fannst því rjettast að fella aptan af fyrri hluta 4. gr. orðin: »en því að eins« o. s. frv. málsgreinina út. Síðari hluti 5. gr. fellur því burt, einnig 6. gr. Sú gr. snertir að eins hraðskeytasamband, sem landsstjórnin veitir einkarjett til. 7. gr. fellur sömuleiðis burt, svo og 14. gr., sem snertir hana, 16. gr. einnig.

Svo þarf jeg ekki að skýra þm. nánar frá þessu, þeir hafa allir frumv. fyrir sjer. Munurinn er því sá, að framsm. meiri hlutans leggur alla áherzluna á það, að landsstjórnin þyrfti að hafa yfirráð símans til þess að samræmi komizt á milli innanlandssambandanna, að því er snertir starfrækslu og taxta. Jeg sje ekki, að stjórnin þurfi að hafa þetta undir höndum. Þó talsími sje lagður austur í Árnessýslu af einu fjelagi, og svo lengra austur af öðru fjelagi, þá virðist ekki að þurfi að vera neinir örðugleikar á að ákveða taxtana eða annað. Þótt einstakir menn ræku þetta frjálst, er engin hætta á því, að þeir mundu ekki koma sjer saman og geta starfað, sem einn maður væri. Í Rvk eru t. d. 2 fjelög, Reykjavikurfjelagið og Hafnarfjarðarfjelagið. Ekki ber á öðru, en þau komi sjer vel saman. Mjer er yfir höfuð illa við einkarjett. Menn kvarta og kúgast undir honum í öðrum löndum. Það er ekki fyrir smámenni að nota talsíma, þegar borga verður 75—80 kr. á ári fyrir áhaldið, eins og á sjer stað í Danmörku og Þýzkalandi. Vinir stjórnarinnar fá einkaleyfin, og hún getur notað þetta sem agn til þess að hæna að sjer ýmsa menn, sjerstaklega auðmenn, Þjóðirnar eru að berjast nú á móti þessum einkaleyfum. Við ættum að gjöra það líka og gjöra það í tíma.

Jeg vildi óska, að Ísland kæmist aldrei inn á þessa einkaleyfabraut. Samkeppni gjörir allt ódýrara. Það er undarlegt, að keppast svo við að ná í þennan einkarjett, sem yrði til byrði. Það er skiljanlegt, að landssjóði sje tryggður einkarjettur þar sem landið hefur lagt síma, en aptur á móti þakkarvert, ef eitthvert fjelag vildi taka það að sjer, þar sem það yrði ávallt byrði fyrir landið. Jeg gjöri ekki ráð fyrir, að það verði margar loptskeytastöðvar eins og framsm. gjörði ráð fyrir, skil ekki í því, að hann skuli gjöra ráð fyrir slíku eptir framkomu hans í hraðskeytamálinu.

Jeg vonast til, að hin háttv. deild fallist á að veita landinu þann rjett, sem minni hlutinn fer fram á, að því sje veittur, en aðhyllist ekki svo víðtækan rjett, sem frumv. fer fram á, sem lagður sje í hendur stjórnarinnar til útbýtingar. Jeg álít rjettast, að slíkt vald liggi hjá þinginu en ekki stjórninni, ef slík einkarjettarlög verða samþykkt.

Ráðherrann: Það lítur út fyrir, að minni hlutinn sje ekki ánægður með að hafa gjört tilraun til að svipta landið ritsíma, heldur vill hann einnig sjá um, að gagnið verði sem minnst af honum, er hann er samþykktur. Það er mín skoðun, að innanlands ritsíma- og talsímasambönd yrðu hjer um bil ómöguleg, ef tillögur minni hlutans næðu fram að ganga. Breyt.till minni hlutans við 1. gr. er bæði að stefnu og meiningu óhafandi. Hver getur bannað landinu að setja rit- og talsíma á stofn? Það getur enginn bannað. »Exprópriatiónslög« má ætið gjöra. Það mætti undarlegt kalla, ef þessir 2 þingm. vita betur og bera gleggra skyn á þetta mál, en allar ritsímastjórnir og símafræðingar. Landinu er áskilinn einkarjettur, einmitt til þess að fyrirbyggja einokun einstakra manna. Það hefur t. d. verið megnasta óánægja í Kaupmannahöfn yfir talsímafjelaginu, sem ár eptir ár er um of dýrselt við menn, af því að ríkið hefur ekki umráð yfir því, Það er mjög nauðsynlegt, til þess að geta komið fullu samræmi á innanlandssímana og haft eptirlit með, að hinar ýmsu línur sjeu í sem notasælustu sambandi hver við aðra, að leyfi lands-

stjórnar þurfi til þess, að koma á símasambandi, og að stjórnin geti bundið þau leyfi vissum skilyrðum um starfrækslu, taxta ofl. Rök þau, sem háttv. 1. þingm. G.-K. (B. K.) færði fram, fara furðanlega fram hjá markinu. Með frumv. þessu er einmitt komið í veg fyrir það, sem þeir þykjast vera að berjast á móti. Með því er það einmitt tryggt, að taxtarnir verði ekki of háir. Það opinbera er alls ekki sömu freistingum undirorpið sem privatfjelög eða einstakir menn, enda getur þingið ætíð gripið fram í, ef stjórnin vildi vera um of kröfuþung. Þingm. sagði, að landið mætti þakka fyrir, ef privatfjelög tækju þetta að sjer. Það fer fjarri því, að það sje algild regla. Í kauptúnum er fyrirsjáanlegur gróði að talsímasamböndum, og í stærri bæjunum gefur það talsvert af sjer. Þessi reynsla hefur orðið í Noregi og Danmörku, þar sem þeir rit- og talsímar, sem ríkin hafa nú á síðari tímum orðið eigendur að, bera sig mjög vel, þrátt fyrir það, þó taxtarnir sje nú hafðir að mun lægri en áður, er það var í höndum einstakra manna, og stafar það aðallega af talsímasamböndum í kaupstöðum, kauptúnum og þjettbýlum sjóplássum. Jeg get því ekki annað en mælt með því sterklega, að frumv. verði samþ., samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvík): Mjer var það ljóst áður en umr. byrjuðu um þetta mál, og mjer er það ennþá ljósara nú, að það er eiginlega enginn verulegur ágreiningur milli meiri og minni hluta nefndarinnar. Báðum er það áhugamál, að tryggja það sem bezt, að sambandið verði sem ódýrast og hentugast. En það er aðferðin, sem ágreiningur er um. Minni hlutinn telur, að þar sem landið hefur komið hraðskeytasambandi á fót, megi ekki hver og einn setja upp annað samband samhliða. En jeg vil benda háttv, minni hluta á það, að einmitt þetta verður örðugt í framkvæmdinni; minni hlutinn vill, að landið geti sett upp hraðskeytasamband hvar sem það vill. En ef nú landið vill koma upp sambandi einhversstaðar, þar sem einhver hefur komið því upp á undan, á hann þá að víkja? Nei, jeg tek það upp aptur, að jeg er hræddur um, að það yrði örðugt í framkvæmdinni,

Hins vegar er jeg sannfærður um það, að hinn háttv. minni hluti játar, að nauðsynlegt sje að hafa samræmi í starfrækslunni. Hann bjóst við, að hin einstöku fjelög mundu gjöra samninga sín á milli, og þar við mundi skapast samræmi, en þar til er að svara, að við Íslendingar munum ekki vera samvinnubetri en aðrar þjóðir, og það er vitanlegt, að þetta hefur gengið illa annarsstaðar, og þó sje jeg ekki, að við betra sje að búast hjer heima. Hann gat þess, að í útlöndum væru menn óánægðir með telefónfjelög, sem hefðu einkaleyfi. En sannleikurinn er sá, að það er víða stutt síðan ríkin hafa tekið sjer þennan einkarjett; áður var ástandið eins og háttv, minni hluti vill hafa það hjer. En svo þegar tímar liðu, kom þetta í ljós, sem háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) minntist á, að þessi fjelög voru ekki eins góð og skyldi. Taxtarnir voru misjafnir og öll gjöld yfirleitt of há. Afleiðingin var sú, að ríkin sáu, að þetta gat ekki gengið, og *þá* tóku þau sjer þennan einkarjett. Og þau gjörðu meira, þau hafa varið stórfje, miljónum og aptur miljónum til þess að kaupa upp einstök fjelög. Þetta hafa bæði Englendingar og Frakkar gjört

á síðasta mannsaldri. Og þar sem hinn háttv. framsm. minni hlutans minntist á óánægju með þessi einkaleyfi, þá eru það einmitt þau einkaleyfi, sem voru til *áður* en ríkin tóku sjer einkarjett. Það er ekki fyllilega rjett, að hjer megi búast við samkeppni í þessu sem öðru. Hún er hjer um bil útilokuð af þeirri ástæðu, að það getur ekki komið til mála hjer á landi, að hafa tvö eða fleiri sambönd samhliða milli sömu stöðva.

Jeg held því fram. að það sje engin betri trygging til, en sú, að landið hafi yfirráðin yfir öllum samböndum, og ef fram kæmi uppástunga um það, að landið keypti talsímana í Reykjavík og milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, mundi jeg fyrir mitt leyti hiklaust greiða atkv. með því.

Skúli Thoroddsen, (þm. N.-Ísf.): Mjer þótti það óviðfeldið að heyra hinn hæstv. ráðherra segja, að við, minni hluti í nefndarinnar í hraðskeytamálinu, ljetum okkur ekki nægja að spilla ritsímamálinu, heldur vildum einnig spilla þessu máli. Þetta er ekki rjett, þar sem við höfum komið fram með tillögur, er miða til þess að koma landinu í hraðskeytasamband við útlönd á hagfeldari, ódýrari, og tryggari hátt. en ritsímasamningurinn fer fram á, og viljum nú einnig aptra því, að stjórnin hrifsi allt vald frá þingi, og þjóð í þeim efnum, er frumv. þetta ræðir um. Öll frammistaða ráðherrans, og þess flokks, sem hann »styðst við«, var og í ritsímamálinu á þá leið, að jeg held, að það væri heppilegast fyrir hann, að minnast sem minnst á það.

Ágreiningurinn í þessu máli snýst um það, hvort stjórnin skuli hafa vald til að veita mönnum einkaleyfi, eins og meiri hlutinn vill, eða að þingið skull gjöra það sjálft í hverju einstöku tilfelli, eins og minni hlutinn telur heppilegast, og blandast mjer eigi hugur um, að tillögur vor, minnihlutamanna, eru í þessu efni heppilegri. Jeg get yfirleitt ekki fellt mig við þá stefnu þessa þings, að vilja í hvívetna leggja valdið í hendur stjórninni, og draga það úr höndum þingsins. Hvaða trygging er fyrir því, að þetta vald verði ekki misbrúkað? Ekkert er líklegra, en að stjórnin ljeti vini sína ganga fyrir öðrum, er um veiting slíkra einkaleyfa væri að ræða, og hagaði skilyrðunum í ýmsum tilfellum eptir því, hver í hlut ætti, og gæti það orðið landi voru miður hagkvæmt. Ef menn aptur á móti þyrftu að snúa sjer til þingsins í því skyni, þá er það auðvitað þingsins, að íhuga hverja einstaka einkaleyfisbeiðni sjerstaklega, og ráða það úr, en bezt þykir gegna, eptir að málið hefur verið rætt opinberlega.

Háttv. framsm. meiri hlutans var mikið að tala um, hvernig hagaði til í útlöndum, og bera það saman við Ísland. En það á alls ekki við; það er allt annað í borgum, þar sem búa margir tugir eða hundruð þúsunda, og jafnvel miljónir manna, eða í jafnstrjálbygðu landi eins og Ísland er.

Það sem hæstv. ráðh. tók fram, um það, að í Kaupmannahöfn væri óánægja með einkarjett ýmissa fjelaga, þá yrði líklega eitthvað líkt hjer er stjórnin hefði veitt ýmsum fjelögum einkaleyfi til ýmiskonar rafmagnssambanda. En jeg legg *aðaláherzluna* á það, að þingið á hvorki í þessu, nje öðru að selja vald sitt í hendur stjórninni, án þess nauðsyn krefji.

Annars býst jeg ekki við, að þessar tillögur vor minni hluta manna hafi mikinn byr hjer í deildinni. Því er nú einusinni svo háttað, að ef hæstv. ráðherra vill fá einhverju framgengt,

þá eru hjer alltaf til taks hátt á annan tug manna, sem samþykkja það undir eins, hvað svo sem það er.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þessum síðustu orðum háttv. þm. ætla jeg ekki að svara. Fyrir hann hefðu þau verið betur ótöluð, og jeg álít þau ekki svaraverð.

Hann vildi ekki, að vald til þess, að veita svona einkaleyfi væri í höndum stjórnarinnar, heldur í höndum þingsins. En jeg bendi á það, að samkvæmt þessari breyt.till. hefur þingið ekkert vald í þessu máli. Þar stendur svo, að einstöku mönnum skuli vera heimilt að setja upp þar sem landið ekki hefur gjört það. Þeir þurfa ekki að spyrja þingið. Ef hann gjörði þá breyt.till., að þeir þyrfti að fá leyfi þingsins, þá væri það annað mál. En það hlýtur hann að sjá, að eins og þetta nú liggur fyrir frá háttv. minni hluta, er öllum tökum sleppt, og það álítur meiri hlutinn ekki rjett, en telur það nauðsynlegt að landið hafi »kontroll« með símalagningum um landið.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf,): Jeg vil að eins gjöra stutta aths., út af ræðu háttv. þm., sem síðast talaði. Það er misskilningur, að þingið hafi engan rjett, ef þessi till. vor verður samþykkt, því kjarninn í henni er einmitt sá, að menn verði að snúa sjer til þingsins, ef þeir æskja frekari rjettinda, en lögin heimila, og það er á þingsins valdi í hverju sjerstöku tilfelli, hvað það vill þá gjöra. í stað þess að leggja allt valdið í hendur stjórnarinnar. Það er að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi gjöra.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Já, þar til er því að svara, að það sem frumv. fer fram á, er þetta, að landssjórnin geti haft hönd í bagga með öllum hraðskeytasamböndum, að þau verði ekki óhagkvæm og dýr. Ef nú eitthvert fjelag vill setja á stofn talsímasamband og vill fá einhver sjerstök rjettindi, þá vill minni hlutinn, að þingið veiti þau. En ef eitthvert fjelag hefur sett upp talsíma án þess að biðja um nein rjettindi og þá auðvitað án þess að nein skilyrði hafi verið sett af þingi eða stjórn og taxtarnir þykja of háir, hvaða rjett hefur þá þingið til að segja, »Færðu þín gjöld niður?« (*Björn Kristjánsson:* Þá kemur samkeppnin), Samkeppnin, segir háttv. þm. En jeg sagði það áðan, að samkeppni í þessu er óhugsandi, því það getur ekki komið til tals, að leggja annan talsíma, þar sem talsími er fyrir. Jeg held því föstu, að eini vegurinn til þess að tryggja, að þetta sje í góðu lagi, er sá, sem meiri hluti nefndarinnar heldur fram.

ATKVGR.: 1. breyt.till, (415) við 1. gr. felld með 15 atkv. gegn 6.

2.—10. breyt.till. þar með fallnar.

1. gr. samþ. með 15 atkv.

1. breyt.till. (377) við 2. gr. samþ. með 18 atkv.

2., 3. og 4. gr. sþ. með 18 atkv. hver.

5, 6, 7, 8, 9 og 10 samþ. með 18 atkv.

2. breyt.till. (377) við 11. gr. samþ. með 18 atkv.

11. gr. samþ. með 18 atkv.

12. og 13. gr. samþ. með 18 atkv.

3. breyt.till. (377) við 14. gr. samþ. með 18 atkv.

14. gr. samþ. með 18 atkvgr.

15, 16. og 17. gr. samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv,

Málinu vísað til 3. umr. með 18 atkv, gegn 4.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 430).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 17 atkv. gegn 6 og afgreitt til forseta Ed.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 1. umr (A 456).

Ráðherrann: Jeg skal ekki tala langt mál fyrir þessu frumv.

Ef hraðskeytasamband kemst hjer á, eins og væntanlegt er, eða ef farið verður að nota rafmagn til að lýsa með o. s. frv., þá liggur það í augum uppi, að nauðsynlegt er að semja lög um þetta efni. Þetta frumv. er byggt á sömu undirstöðu eins og beztu lög um þetta efni víðsvegar um hinn menntaða heim.

Einkarjettur landsins til hraðskeytasambanda innanlands og í landhelgi við Ísland er ekki til fyrirstöðu því, að privatmenn hafi slík tæki sín á milli, heldur er hann bundinn við alla hraðskeyta sending fyrir borgun, og er nauðsynlegt að slá þessu föstu frá upphafi, til þess að fyrirbyggja glundroða og árekstur milli síma landssjóðs og privatsímafyrirtækja.

Í þessu frumv. er skipað fyrir um skyldu manna til að leyfa símalagning gegnum land sitt og láta af hendi grunna, ef þörf gjörist. Enn fremur eru hjer reglur um þagnarskyldu starfsmanna við ritsíma og talsíma o. fl.

Það er nauðsynlegt, að þetta frumv. komist í gegn um þingið, og jeg vona, að háttv. deild flýti því eins og hægt er, það er svo rækilega hugsað og undirbúið, að óhætt er að samþykkja það, án þess að skipa nefnd í það.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef haft svo mikið að starfa, að jeg hef ekki haft neinn tíma til að athuga þetta frumv. Mjer fyrir mitt leyti finnst því mikil nauðsyn á, að nefnd sje skipuð í svona stórt mál eins og þetta. Þegar annríkið er svo mikið, að maður varla getur lesið í gegn þau skjöl, sem manni berast í hendur, þá getur maður varla greitt atkv. í svona máli alveg undirbúningslaust, Jeg leyfi mjer því að stinga upp á nefnd.

Eiríkur Briem (4. kgk. þm.): Ef nefnd verður skipuð í þetta mál, eru mjög miklar líkur til, að það komist ekki í gegn um þingið, en málið er afarnauðsynlegt. Jeg fyrir mitt leyti verð því að leggja á móti því, að nefnd verði skipuð.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Mjer finnst það nokkuð hart, að ætla að neyða þingdm. til að greiða atkv. um frumv., sem þeir vegna naumleika tímans, alls ekki geta athugað. Jeg álít, að það sje algjörlega óhjákvæmilegt, að skoða þetta mál í nefnd, því það er þó alltaf ljettara, að átta sig á málunum, þó stór sjeu, ef maður hefur ýtarlegt nefndarálit að styðjast við. Jeg vona, að háttv. deild taki ekki þá ábyrgð á sig, að samþykkja þetta frumv. án þess að nefndin hafi íhugað það.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg mæli eindregið á móti því, að nefnd verði skipuð í þetta mál, enda get jeg ekki tekið tillöguna um nefndarskipun frá háttv. þm. G.-K. alvarlega. Jeg sje enga ástæðu til að gjöra leik til þess að drepa svona þýðingarmikið mál. Jeg er líka viss um, ef háttv. þm. vill taka nærri sjer, þá getur hann lesið málið í nótt, hugsað það á morgun og greitt atkv. með því næsta dag. Jeg fyrir mitt leyti greiði eindregið atkv. á móti nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillagan um, að nefnd verði skipuð, felld með 6:2 atkv.

A 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 456,515).

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef leyft mjer að koma hjer fram með breyt.till.. Við 1. umr. óskaði jeg eptir, að málið yrði sett í nefnd, en því var neitað.

Mönnum kann nú að virðast, að allar þessar úrfellingar sjeu nokkuð óviðkunnanlegar, en þær standa allar í sambandi við breytingu á 1. gr. Hún fer fram á, að landinu sje heimilt að stofna og reka rit- og talsímasamband á Íslandi og í landhelgi, og að banna einstökum mönnum og fjelögum að setja á stofn símastöðvar, þar sem landið hefur notað þessi rjettindi sín.

Ástæðan er sú, að reynsla er fengin fyrir því. að stjórnirnar veita opt gróðafjelögum þess konar einkarjett, og sjúga þau svo landsmenn út.

Jeg vil t. d. benda á, að í Kaupmannahöfn er »telefón«-fjelag, sem hefur einkarjett þar, og er það svo dýrt, að það fyrirmunar mönnum að hafa »telefón«. Í Kaupmannahöfn kostar það 100 kr., en hjer ekki nema 36 kr., og ætti það þó að vera öfugt, því að því fleiri sem áskrifendurnir eru, því ódýrara ætti það að vera, enda er líka hægt að hafa það svo; t. d. í Stokkhólmi getur næstum hver maður haft talsíma. Það er líka ekkert einkaleyfi. Tillagan fer fram á, að í staðinn fyrir að stjórninni er gefin heimild til að veita einkarjett, þá er nú landinu heimilað það. og þó að einstökum mönnum sje veitt leyfi til að setja upp símastöð, þá má landið samt setja upp samband við hliðina á þeim. Aptur er einstökum mönnum bannað, að setja upp stöð við hliðina á stöð landsins. Menn mundu eptir sem áður sækja um leyfi til þingsins til að tryggja sjer, að það færi ekki að »konkúrrera« við þá, en að sleppa slíku valdi úr höndum þingsins til stjórnarinnar, finnst mjer ekki rjett, vegna þess, að sama reynslan mundi verða hjer og annarsstaðar með það, að stjórnin mundi nota þessi einkaleyfi til að afla sjer fylgis. Það er svo alkunnugt, að stjórnir gjöri það, og það væri ekki undarlegt, þó að sjórn Íslands gjörði hið sama. Það er t. d. hart, að enginn megi leggja talsíma hjeðan austur um sveitir, nema að fá til þess einkaleyfi. Sem sagt, þessar mörgu breytingar standa allar í sambandi við breyt.till. við 1. gr., og þó þær verði samþ., er rjettur landsins eins vel tryggður og áður.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skil tilgang háttv. 2. þm. G.-K. (Valtýrs Guðmundssonar), en jeg skil eigi röksemdaleiðslu hans. Honum þótti það dýrt, að í Kaupmannahöfn væru borgaðar 100 kr. fyrir að hafa »telefón« í samanburði við hjer, að borga 36 kr., sem það þó er rúmlega, en fyrst og fremst skal jeg fræða hinn háttv· þm. á því, að áður en árið er úti, verður það sett upp í 48 kr., því að annars stórskaðast fjelagið.

Hann heldur, að telefónsamband sje því billegra, sem það nær yfir stærra svæði, en það er þvert á móti. Háttv. þm. hjelt, að enginn þekkti þetta eins vel og hann, en jeg verð þá líka að láta hann vita, að ieg þekki það nokkuð líka, einkum í Ameríku. Það sannar ekkert, þótt telefónsamband sje ódýrara í Stokkhólmi en í Kaupmannahöfn, því að svo er um alla hluti, að þeir eru ódýrari í Svíþjóð, en Danmörku, t. d. bækur kosta í Svíþjóð 50 aura, sem í Danmörku kosta 1,50 au. Háttv. þm. hjelt, að ef frumv. þetta yrði að lögum, þá gæti enginn stofnað

eða starfrækt »telefón«, en hluturinn er, að hver getur fengið leyfi hjá stjórninni sem vill, og það veitir hún auðvitað hvenær sem hún sjer, að slíkt má að gagni verða, auðvitað með þeim skilyrðum, að sá hinn sami verði að víkja, ef landið vill reka telefónsamband á sama stað, og ef til vill einnig með því skilyrði, að landið hafi rjett til forkaups áhaldanna fyrir virðingarverð.

Háttv. þm. vildi, að þingið rjeði þessu í hvert skipti, en þetta er í engu landi þingmál, enda væri það sjerstaklega óheppilegt hjer á landi, þar sem alþingi kemur að eins saman annaðhvort ár. Það sjer hver maður, að það er í alla staði óheppilegt, að þurfa að bíða í 2 ár, og það er stór munur að geta strax fengið leyfi til þess hjá stjórninni.

Í Ameríku er það líka svo, að menn vilja heldur láta stjórnina hafa þessi völd, en einstaka menn eða fjelög, enda gefur slíkt landinu miklu meiri tekjur. Annars er jeg hræddur um, að þessar breyt.till. hins háttv. þm. sjeu nokkurskonar afkvæmi af breyt.till. hans í gær við 12. gr. D. í fjárlagafrumv. og standi og falli með þeim. Jeg hygg, að það sje bezt að láta frumv. vera eins og það er, og samþykkja það, enda held jeg, að það verði gjört.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.: Það þýðir líklega ekki mikið, að hafa langar umræður um þetta frumv., því að það er auðsjeð, að það á að leggja mikið kapp á, að koma því fram óbreyttu. Það er rjett, sem háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.) tók fram, að sú stefna er að ryðja sjer til rúms, að landið eigi að hafa þesskonar stofnanir, sem hjer ræðir um, því að þá gætu einstök fjelög eigi orðið blóðsuga mannfjelagsins, en þetta er einmitt í samræmi við mína breyt.ttll., því að jeg legg einmitt til, að landið hafi rjett til að stofna »telefón«-sambönd hvar, sem það vill, en jeg sje aptur á móti alls enga ástæðu til, að banna öðrum að gjöra hið sama, þar sem landið eigi vill nota rjett sinn. Með þessu er girt fyrir, að einstök fjelög geti okrað á sambandinu, því að landið getur þá allt af stofnað samband við hliðina á hinu. Landinu er með þessu tryggður ágóði í svo miklum mæli, sem það sjálft vill. Það er hreinn misskilningur hjá háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.), að hver og einn, sem »telefón«-samband vill stofna, þurfi að bíða næsta þings; mínar tillögur fara einmitt í þá átt, að enginn þarf leyfi til þess, að setja á stofn þesskonar sambönd, þar sem stjórnin eigi notar það, og hví skyldi þá vera þörf á að bíða þings? Annað mál er það, að sá, sem vill vera viss um, að landið vilji eigi síðar nota rjett sinn, hann verður að fá að vita um það hjá þinginu, og jeg held fast við, að þingið veiti í því efni bezta tryggingu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að fjelögin misbrúkuðn einkaleyfi sín og það er rjett. En jeg þekki ekkert dæmi um það, að stjórnir misbrúki þetta vald, og háttv. þingm. þekkir það eigi heldur, en hvers vegna er hann þá að berjast á móti þessu? Jeg þekki víða í Ameríku, að þar sem bæjarstjórnir hafa þetta á sínu valdi, þar er það misbrúkað, því að það er hægt að kaupa bæjarstjórnir, en því gjörir maður ekki ráð fyrir með landsstjórnir. Þessi grýla á sjer því engan stað, og því engin ástæða til að tala meira um þetta.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (514) við 1. gr. felld með 8 : 5 atkv. og voru þar með allar hinar breyt.till fallnar.

1. gr. frumv. óbreytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

2.—17. gr. frumv. óbreyttar samþ. með 8 : 5 atkv.

Fyrirsögn frumv. og kaflanna samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 456).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 5 og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXIX. Kynbætur nautgripa.

Á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um samþykktir um kynbætur nautgripa til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er einnig frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu og læt jeg mjer nægja, að skýrskota til þeirra athugasemda, sem nefndin hefur gjört um málið. Jeg legg það til, að frumv. þessu sje vísað til hinnar sömu nefndar, sem hefur bændaskólafrumv. til meðferðar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til nefndarinnar í bændaskólamálinu með 22 atkv.

Á 9. fundi Nd., miðvikudag 12. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stjórnarfrumv. A. 55.).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Nefndarálitið við þetta frumv. er mjög stutt og eiginlega ekki annað en tillaga um það, að frumv. stjórnarinnar sje samþ. óbreytt. Frumv. stjórnarinnar er óbreytt frumv. milliþinganefndarinnar, að undanskildu ákvæðinu um skaðabótamatið í 5. gr. frumv. Nautgripafjelög eru óðum að breiðast út um landið og eru til mikilla búnaðarbóta, þar sem veruleg nautgriparækt er. Það er því ástæða til að hjálpa þessum fjelögum, og þeim verður bezt hjálpað á þann hátt, að því sje varnað, að einstakir menn geti látið kálfa sína ganga lausa og spilla þannig tilgangi fjelaganna, að koma upp góðum nautgripakynstofni.

Þessum tilgangi er leitazt við að ná með því, sem 5. gr. frumv. fer fram á, að láta ekkert graðneyti eldra en 5 mánaða ganga laust á því svæði, þar sem kynbótatilraunir annars eru gjörðar.

Jeg veit, að einstöku mönnum þykir ákvæði 5. gr. of vægt, en jeg álít, að því verði síður hlýtt, ef meira væri á því hert í fyrstu, og lánist þetta, þá verður hægra að færa sig upp á skaptið seinna.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg ætla að eins að beina þeirri fyrirspurn til nefndarinnar, sjerstaklega þeirra háttvirtu deildarmanna, er sæti áttu í landbúnaðar-milliþinganefndinni, hvort þeir álitu ekki, að koma mætti inn í samþykktir ákvæði um það, að óleyfilegt væri að halda naut til undaneldis á þeim svæðum, þar sem kúakynbótafjelög væru komin á, önnur en kynbótanautin. Eitt af því, sem mjög tefur fyrir stofnun og þrifum kynbótafjelaga er það, þegar menn á fjelagssvæðinu, sem mótfallnir eru slíkum fjelagsskap, ala upp naut og lána þau

nágrönnum sínum fyrir minna verð en hægt er að lána kynbótanaut fjelagsins fyrir. Til þess að koma í veg fyrir, að ófjelagslyndum mönnum hjeldist þetta uppi sjer og öðrum til tjóns, væri mjög æskilegt, að samþykktirnar kvæðu svo á, að engin önnur graðneyti mætti nota til undaneldis á kynbótafjelags svæðinu, en þau sem fjelagið hefur valið til kynbóta. Sumum kann að þykja þetta hart, og að það gangi full nærri rjetti manna til frjálsra umráða yfir eign sinni, en þess ber að gæta, að ákvæði þetta miðar til almennra hagsbóta og getur ekki orðið nokkrum manni til tjóns. Væri æskilegt, að bending um þetta kæmist inn í lögin, og vona jeg, að hin háttv. nefnd taki þetta til greina, svo framarlega að hún sje á sama máli og jeg. Annars býst jeg við að koma með breyt.till. í þessa átt til 3 umræðu.

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þingm, Borgf.): Þessi athugasemd háttv. 2. þingm. Skagf. (St. St.) veik að hinu sama, sem jeg gat um áðan, og nefndin mun bera sig saman um það við hann og lögfræðinga deildarinnar, áður en málið kemur til 3. umr.

Milliþinganefndin treystist ekki til að hafa aðhaldið strangara en þetta.

Annars vil jeg geta þess, að frumv. þetta er að mestu leyti til orðið eptir hvötum frá mikilsvirtum búnaðarfrömuðum á Suðurlandi, og má vel vera, að þeir hafi sjerstaklega haft Suðurland fyrir augum. En mjer er ekki vel kunnugt um, hvort því hagar öðru vísi á Norðurlandi en hjer fyrir sunnan.

Forseti: Jeg hef fengið beiðni frá 6 þingm. um að viðhafa nafnakall við allar atkvgr. um frumv., en þessir 6 þingdeildarmenn eru:

Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf., Ólafur Briem.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg skal leyfa mjer að lýsa því yfir, að beiðnin um nafnakall er tekin aptur, með því að forseti hefur lýst því yfir, að hann muni eptirleiðis ekki fylgja sömu reglu, sem fylgt var á síðasta fundi, heldur leita mótatkvæða, ef einhver þingmanna krefst þess.

Forseti: Hefur þm. (Sk. Th.) nokkra heimild til þess, að taka þá beiðni aptur?

Skúli Thoróddsen (þm. N.-Ísf.): Já, hinir, sem beiðzt hafa nafnakallsins, eru hjer viðstaddir, og geta því sagt til, ef eigi er, sem jeg segi.

Forseti spurði þá hina 5 þingdm., hvern um sig, hvort þeir tækju beiðni sína um nafnakallið aptur, og sögðu þeir allir já við því.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. í einu hlj.
2. — — — - — —
3. — — — - — —
4. — — — - — —
5. — — — - — —
6. — — — - — —
7. — — — - — —
8. — — — - — —

Fyrirsögn frum. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júli, kom frumv. til 3. umr. (stj.frv. A 90).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þingm. Borgf.): Þessi breyt.tlll., eða rjettara viðaukatill. á þgskj. 90 er komin frá háttv. 2. þingm. Skgf. (St. St.). Hann hefur borið sig saman við nefndina um þennan viðauka, og af því að hún álítur viðaukann til bóta, lætur nefndin þessa viðaukatill.

koma frá sjer. Það er hjer að eins bannað, að nota til undaneldis, þar sem kynbótafjelag hefur verið stofnað, önnur naut en þau, sem fjelagið hefur valið til kynbóta, og getum vjer ekki sjeð, að slíkt ákvæði geti orðið til nokkurra óþæginda. Jeg vona því, að háttv. deild. samþ. viðaukatill.

ATKVGR.: Viðaukatill. á þgskj. 90 samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Á 14. fundi Ed., miðvikudaginn 19. júlí kom frumv. til 1. umr. (A 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi Ed., föstudaginn 21. júlí kom frumv. til 2. umr. (A 103).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

7. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

8. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr í e. hlj.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXX. Verzlunarlóð í Vestmannaeyjum.

Á 5. fundi Nd., fimmtudaginn 6. júlí kom frumv. til laga um ákvörðun verzlunarlóðarinnar á Vestmannaeyjum til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 8. fundi Nd., mánudaginn 10. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv.).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj.

Á 9. fundi Nd., miðvikudaginn 12. júlí, kom frumv. til framhalds 2. umr. (sbr. málið um stefnufrest til hæstarjettar).

ATKVGR.: Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj. að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara 6 þingmanna:

Skúla Thoroddsen, Ólafs Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Björns Kristjánssonar, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skgf., Ólafs Briems, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Enginn.
Jón Magnússon,	
Björn Bjarnarson,	
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	

Já:
Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,
Guðm. Björnsson,
Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,
Herm. Jónasson,
Jóh. Ólafsson,
Jón Jónsson,
Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Andrjess.,
Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,
Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,
Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
St. Stef., 2. þm. Eyf.
St. Stef., 2. þm. Skf.,
Þórh. Bjarnarson.

Tryggvi Gunnarss greiddi ekki atkv., því talinn með meiri hluta.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júlí kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls,

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 12. fundi Ed., mánudaginn 17. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 92).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi Ed., miðvikudaginn 19. júlí, kom til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: *Meginmál frumv. samþ.* í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi Ed., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXXI Landsdómur.

Á 4. fundi Ed., miðvikudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um landsdóm til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Frumv. þetta er svo þýðingarmikið fyrir landið, og ýms atriði í því, sem þörf er á að athuga vandlega, að jeg álít nauðsynlegt, að það sje íhugað í nefnd, og vil jeg þess vegna leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd sje skipuð í það að lokinni þessari 1. umr. Það er svo umfangsmikið mál, að jeg álít það ekki eiga við, að einungis 3 manna nefnd sje skipuð í það.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd til að íhuga frumv., að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um 5. manna nefnd í málið var felld.

Till. um 3 manna nefnd samþ. með 8 shlj. atkv.

Þessir þingdm. höfðu æskt hlutfallskosningu:

Björn M. Ólsen, Jón Ólafsson, Ágúst Flygenring, Eiríkur Briem, Jón Jakobsson, og hlutu eptir henni kosningu:

Valtýr Guðmundsson og
Eiríkur Briem;

en með því að 3. maður enn eigi hafði náð kosningu í nefndina, var kosið aptur óbundnum kosningum, og fengu þeir Jón Jakobsson og Jóhannes Jóhannesson þá 6 atkv. hvor um sig; en með því að enginn einn hafði fengið næg atkv., var enn kosið í 3. sinn, og var þá kosinn 3. maður í nefndina:

Jóhannes Jóhannesson, með 7 atkv.

Jón Ólafsson hlaut 6 atkv.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og framsm. og Valtýr Guðmundsson skrifari.

Á 15. fundi Ed., fimmtudaginn 20. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A. 111, 112, 125, 126).

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vænti þess, að háttv. þingdm. hafi nefndarálitið á þgskj. 111 fyrir sjer, og hafi kynnt sjer það, og ætla jeg þess vegna ekki að taka allt upp, sem í því stendur, heldur að eins taka fram það helzta í því og skýra till. nefndarinnar. Eins og nefndarálitið ber með sjer, hefur nefndin í öllum aðalatriðunum yfirleitt fallizt á frv.

1. breyt.till. nefndarinnar er við 3. gr. frumv. Nefndin leggur til, að hún orðist öðruvísi. Eins og frumv. var samþ. af Nd. 1903, var engin trygging fyrir því, að lögfræðingar sætu í landsdóminum; stjórnin hefur viljað hafa trygging fyrir því, og nefndin hefur fallizt á það í »princípinu«; en þar sem stjórnin vill, að dómararnir við landsyfirrjettinn eigi sæti í landsdóminum, hvort sem þeir eru alþingismenn eða ekki, þá vill nefndin ekki láta þá eiga þar sæti, þegar þeir eru alþingismenn; nefndinni finnst það óheppilegt, að partur af ákæruvaldinu eigi sæti í landsdóminum, og hefur því lagt það til, að aðrir lögfræðingar komi í stað þeirra yfirdómara, sem eru alþingismenn.

Breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. frumv., þar sem lagt er til, að skjóta inn í: »að tilhlutun stjórnarráðsins«, er gjörð til þess, að taka af allan vafa um það, að bæjarstjórnir og sýslunefndir ættu ekki að ganga til kosninga á dómurum í landsdóminn fyr en stjórnarráðið hefði gefið þeim fyrirskipun um það.

Nefndinni virtist nauðsynlegt, að bæta við 4. gr. ákvæðum um það, að forseti sameinaðs þings tilkynni þeim, sem hlotið hafa kosningu sem dómendur og varamenn í landsdóminum, kosninguna, og að þeir svo sendi forseta landsdómsins aldursskírteini sín. Það er ekki meining nefndarinnar, að heimta beri formlegan skírnarseðil, heldur eitthvert það aldursskírteini, er byggja megi á, svo hægt sje að kveða á um, hvort og hve lengi þeir uppfylla kjörgengis-skilyrðin að þessu leyti.

Breyt.till. við 5. gr., aptan við 1. línu er gjörð til þess, að það sjáist skýrt, að skilyrðin, sem sett eru í 5. gr. fyrir kjörgengi, eigi að eins við hina kosnu dómara; það má ganga út frá því sem gefnu, að hinir, sem eiga að vera embættismenn, uppfylli þessi skilyrði, að aldurs-skilyrðinu undanteknu.

Enn fremur hefur nefndin lagt það til, að í staðinn fyrir 40 í 5. gr.

a. komi 35. Nefndinni virtist lágmark aldurstakmarksins vera sett of hátt; það má ætla, að hver maður muni hafa náð þeim þroska, sem hann nær, þegar hann er 35 ára; á þeim aldri mun hann einnig hafa náð þeirri æfingu í sveitarstjórnum og þess háttar, sem ætti að nægja, ef hann á annað borð yrði nokkurn tíma fær um að sitja í dóminum.

Að síðustu leggur nefndin til, að bætt sje aptan við 5. gr. ákvæðum um það, að mönnum sje gjört að skyldu, að taka við kosningu í landsdóminum.

Þá leggur nefndin til, að 6. gr. orðist svo: »Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins unz hann er kosinn samkvæmt 14. gr.« Þessi breyting er eðlileg afleiðing af því, að alþingismenn mega ekki eiga sæti í dóminum. Það þarf því ætíð að kjósa forseta. Nefndinni fannst heppilegast, að dómararnir kysu sjer forseta ætíð, þar sem það gat opt komið fyrir, hvort sem var; það hefði þurft að kjósa hann, þegar forstjóra landsyfirdómsins var rutt; væri hann alþingismaður eða ef hann forfallaðist.

Þá þótti nefndinni rjettast, að forseti tæki 3 en ekki 2 af varamönnum með hlutkesti, þegar einhver dómaranna missti sæti í dómnum; það virðist rjett, að sóknari megi ryðja öðrum, þegar svo er ástatt, en ákærði hinum; samkvæmt þessu hefur nefndin lagt til, að niðurlag 7. gr. breytist þannig, að þar komi: »3 af varamönnum í hans stað, og ryður ákærði einum þeirra, en sóknari öðrum«, i staðinn fyrir: »2 af varamönnum . . . þeirra«.

Breyt.till. við 9. gr. tekur nefndin aptur.

Þá stingur nefndin upp á því, að þingsályktun sú, sem ákvarðar málshöfðun gegn ráðherranum eða landritaranum, sje tekin í sameinuðu þingi, og leggur því til, að á eptir orðinu þingsályktun í 10. gr., 2. línu komi: »í sameinuðu þingi«. Ef hver deildin fyrir sig ætti að taka þingsályktun um málshöfðunina, þá gæti svo farið, að ekkert yrði úr málshöfðun, þó að meiri hlnti alls þingsins vildi það; það getur svo vel komið fyrir, að ráðherrann hafi meiri hluta í efri deild alþingis, þó að hann hefði mikinn minni hluta á þinginu öllu.

Þá leggur nefndin til, að í staðinn fyrir »útnefnir« í 10. gr. 3. línu komi »kýs«, því væntanlega verður sóknari kosinn af sameinuðu þingi, en ekki útnefndur eptir venjulegri merkingu þess orðs; nefndin lítur svo á, að þetta sje orðabreyting, en ekki efnisbreyting.

Þá virðist nefndinni rjett, að bæta því inn í 11. gr., að forseti dómsins skuli ákveða stað og stund, þegar dóm skal ryðja, og vill einnig breyta orðum 11. gr. þannig, að enginn vafi geti á því leikið, að ráðherrann hafi rjett til að verja sig sjálfur, ef honum þykir þess við þurfa, hvort sem honum er skipaður verjandi eða hann velur hann sjálfur. Nokkur orð eiga svo að falla úr greininni samkvæmt breytingartillögunum; er það að eins eðlileg afleiðing af þeim tillögum, sem jeg hef nefnt. Nefndin kann betur við, að orðinu »frestur« í 11. gr. sje á tveim stöðum breytt í »fyrirvara«. Viðvíkjandi 12. gr. frumv. leggur nefndin það til, að inn í hana sje bætt því ákvæði, að sóknari skuli útvega útskript úr gjörðabók ríkisráðsins, ásamt öðrum sönnunum. Þetta ákvæði var í frumv. Nd. 1903, en í frumv. stjórnarinnar hefur því verið sleppt, en nefndin getur með engu móti fallizt á þessa breytingu á frumv. frá 1903, þar sem útskript úr gjörðabók ríkisráðsins hlýt-

ur að vera eitt hið helzta og mesta sönnunargagn, sem um getur verið að ræða í málssókn gegn ráðherra. Úrslitin geta einmitt verið undir því komin, hverjar tillögur ráðherrans hafa verið til konungs í ríkisráðinu. Til þess því að útiloka allan vafa, leggur nefndin til, að ákvæði frumv. Nd. frá 1903 um þetta efni, verði tekin upp aptur. Það er hvergi tekið fram í frumv. stjórnarinnar, að dómararnir skuli vinna hinn vanalega dómaraeið, og þess vegna leggur nefndin til, að ákvæði um það sje bætt inn í 14. gr. Það virðist svo auðsætt og sjálfsagt, að eigi mun þurfa að fara fleirum orðum um það. Þá leggur nefndin enn til, að breyta orðinu: »ákærðs« í »ákærða« þar sem það kemur fyrir, þykir henni það viðfeldnara mál; ennfremur vill hún í 15. gr. breyta orðunum: »Er færð eru — ákærða« í »Er færð hafa verið — ákærða«. Á þann hátt verður tíðasambandið rjett, því að verjandi þarf eigi að koma fram með vörnina fyr en sönnunargögn hafa verið færð fram, þess vegna er rjettara, að hafa núliðna tíð í byrjun setningarinnar. Á tveim stöðum í 15. gr. komi: »talsmaður« í stað »talsmenn«, því að þess er hvergi getið í frumv., að ráðherrann eigi að hafa nema einn verjanda. Í sömu gr. vill nefndin, í stað orðanna: »eða og ákærður sjálfur jafnframt« setja inn: »svo og ákærður sjálfur, ef hann vill«; leiðir þetta af því, er jeg hef áður sagt. Svo er eitt atriði, er nefndin hefur eigi getað orðið samþykk um, er það ákvæðið í 16. gr., um að ráðherrann gæti ekki orðið dómfelldur, nema $^4/_5$ dómenda sjeu á eitt sáttir. Hver hinna þriggja nefndarmanna heldur þar fram sinni sjerstöku skoðun. Einn þeirra álítur, að heimta beri, að allir dómendur verði á eitt sáttir, til þess að ákærður verði dómfelldur, og færir það til síns máls, að hver dómari vandi því meira atkvæði sitt, sem hann veit, að meira er undir því komið. Annar nefndarmaður, er það jeg sjálfur, vill hlíta atkv. stjórnarfrumv.; tel jeg annars vegar ruðningarreglurnar tryggja það nægilega, að dómurinn verði eigi hlutdrægur ákærða í óhag, og hins vegar næga tryggingu fyrir því, að dómfelling eigi sjer stað, þegar gild ástæða er til. Þriðji nefndarmaðurinn vill taka upp ákvæði frumv. Nd. frá 1903, þar sem heimtað var, að $^2/_3$ dómenda yrðu á eitt sáttir. Hann færir það til síns máls, að lítil líkindi sjeu til, að dómfelling geti nokkurntíma komið fyrir, ef það er heimtað, að $^4/_5$ dómenda sjeu á eitt sáttir, þegar litið sje til hins mikla ruðningarrjettar, sem frumv. veiti ákærða. Að lokum liggur fyrir breyt.till. frá háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) við breyt.till. nefndarinnar, um að breyta orðunum: »uppkvaðning dómsins« í: »að dæma dóminn«. Nefndin mun vel geta fallizt á þessa breyt.till., þótt orðið »uppkvaðning« sje að minni hyggju gamalt.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef eigi getað orðið samdóma mínum háttv. samnefndarmönnum um eitt atriði, en það er um það, eins og háttv. framsm. tók fram, hvað mikinn meiri hluta ætti að heimta til þess, að sakfelling ætti sjer stað. Annar af hinum háttv. samnefndarmönnum mínum leit svo á, að öll atkv. ætti að heimta til þess, að dómfelling yrði; er langt frá, að jeg geti verið honum samdóma í því, en mjer þykir eigi þurfa að fara nánar út í það, þar sem hann hefur eigi komið fram með neina breyt.till. Jeg vil að eins taka það fram, að hjer er öðru máli að gegna, en um kviðdóma þá, sem tíðkast á Englandi og í Ameríku; í fyrsta lagi af því, að kvið-

dómurinn á að eins að gjöra út um spursmálið, *sekur* eða *sýkn*. Kviðdómendur dæma því eigi, þeir ákveða eigi hegninguna, en hjer á að gjöra það. Í öðru lagi eru kviðdómar viðhafðir í sakamálum, en hjer er um pólitiskan dómstól að ræða. Í pólitiskum málum er hætt við, að menn mæti í dóminum með fyrirfram ákveðinni skoðun, einkum þar, sem á að velja málsmetandi menn í dóminn. Pólitísk mál eru líka opt eins mikið tilfinningamál sem rjettarmál. Mjer finnst það því algjörlega óhugsandi, að enginn mundi verða meðmæltur ráðherranum. Jeg get eigi heldur sætt mig við $^4/_5$ atkv., því að ef það er heimtað, þá er mjög ósennilegt, að dómur gangi nokkurn tíma. Samkvæmt 4. gr. frumv. hefur Ed. rjett til að ryðja 24 mönnum úr dómnum, en nú eru líkindi til, að ráðherrann mundi geta haft áhrif á deildina, þar sem hann hefur valið þangað konungkjörna þm., og ruðningur þessi orðið honum til hagsmuna. Í 11. gr. er leyft, að ryðja 15 menn úr dómi og af þeim á ráðherrann að ryðja 11, en sóknari 4, með öðrum orðum; ruðningsrjettur hans er margfalt meiri en sóknara, og ef hann svo að eins þarf að hafa 4 dómendur með sjer, mun dómfelling því nær útilokuð, því að þegar hann er búinn að ryðja svo mörgum, hlýtur hann að geta haft 4 með sjer. Þess verður vel að gæta, að pólitiskir dómar eru opt eigi strang »júridiskir«; opt er eins mikið komið undir skilningi, sem lagalegum rjetti.

Mjer finnst það því vera hæfilegt, sem ákveðið var í frumv. Nd. 1903, að $^2/_3$ atkv. þyrfti til dómfellingar. Mjer finnst eigi of mikið heimtað, þótt farið sje fram á, að 10 : 5 sje nægilegt; það getur eigi heldur talizt óaðgengilegt fyrir ráðherrann, þar sem hann hefur rjett til að ryðja svo mörgum úr dómi, en ef heimtaðir eru $^4/_5$ atkv., held jeg, að dómfelling verði aldrei.

Ráðherrann: Jeg hef ekki ástæðu til annars en vera ánægður með nefndarálitið í þessu máli. Það er ekki vandalaust, að finna hjer heppilegt fyrirkomulag.

Vjer erum svo settir, að geta ekki haft Ed. þingsins sem dómstól eða dómstólshluta, eins og svo víða er annarsstaðar, því hjer tekur Ed. þátt í ákæruvaldinu í sameinuðu þingi, og er þannig málspartur. Æðsti innlendi dómstóll landsins, landsyfirdómurinn er fáliðaður, og auk þessi ekki svo í garðinn búið, að nein trygging sje fyrir, að fá þar óhlutdræga dómendur. Það varð að byggja landsdóminn upp á alveg sjerstökum grundvelli, og þurfti í því að byggja á »berum grunni«. Jeg var annar flutnm. landsdómsfrumv. í Nd. 1903, sem þetta frumv. er að mestu leyti tekið eptir, og get jeg vel játað, að við, höfundar frumv., vorum í mjög miklum efa um, hvort hjer væri hitt viðunanleg samsetning dómsins. Síðan frumv. var samþ. í e. hlj. í Nd. 1903, hefur það verið tekið til rækilegrar íhugunar í stjórnarráðinu, og var samsetning dómsins haldið í aðalatriðum, þótt nokkru væri breytt, bæði í frumv. og öðrum atriðum málsins. Að háttv. nefnd hjer í deildinni hefur ekki fundið neitt hagfeldara, heldur aðhyllzt öll aðalatriði frumv., virðist gefa nokkra tryggingu fyrir, að leið sú, sem valin hefur verið, sje góð eptir atvikum.

Breytingar þær, sem nefndin hefur gjört, eru flestar smávægilegar, og að eins fáar þeirra, sem jeg get ekki fellt mig við.

Jeg hef ekkert á móti breytingunni við 3. gr., sem nefndin hefur tekið upp úr frumv. 1903, að landsyfirjettardómendur eigi því að eins sæti í dómnum,

að þeir sjeu ekki alþingismenn. Að vísu *geta* þeir verið báðum pörtum geðfeldir sem dómarar, þótt þeir ættu sæti á þingi, og heimild stjórnarfrumv. til að ryðja þeim hefði átt að geta verið nóg trygging. En princíprjettast er, að þeir komi alls ekki í dóminn, ef þeir hafa átt þingsetu, þegar ákvörðunin um málshöfðun var tekin. Bezt væri, að landsyfirrjettardómararnir ættu alls ekki kjörgengi til alþingis. Það var meðfram tilgangurinn með því, að láta þá undir öllum kringumstæðum eiga sæti í landsdóminum, eins og gjört var í stjórnarfrumv., að dómendur þess dómstóls mundu því ef til vill fremur sjálfir hafa tilfinninguna af því, að ætlazt væri til þess, að þeir hjeldu sjer óhlutdrægum í pólitík, að þeir mundu fremur sjá svo sóma sinn, að blanda sjer ekki svo í dagsins þrætur og flokkadeilur, að þjóðin missi traust á því, að þeir *geti* dæmt óhlutdrægt. En það getur vel verið, að nefndin hafi rjett í því, að ekki sje undir því eigandi, og því rjettara að útiloka með lögunum frá landsdómi þá yfirdómara, sem fást við þingdeildir.

Ennfremur vill nefndin taka aptur upp ákvæði úr frumv. frá 1903 um útskrift úr gjörðabók ríkisráðsins, en það get jeg eigi fallizt á; mjer finnst það að eins skemma frumv. Það liggur í hlutarins eðli, að ef málið, sem um er að ræða, ris útaf einhverju, sem gjörðabók ríkisráðsins gefur upplýsingar um, þá er eigi að eins heimilt heldur og sjálfsagt, að fá upplýsingar þaðan jafnframt öðrum upplýsingum í málinu, en ef nú málið ris útaf einhverju öðru, sem gjörðabók ríkisráðsins getur engar upplýsingar gefið um, alveg innlendum misklíðum, t. d. kæru um eignatjón einstakra manna hjer á landi eða því líkt, þá get jeg eigi sjeð, hvað það á að þýða, að heimta útskript úr gjörðabók ríkisráðsins.

Jeg skil eigi, hversvegna nefndin vill fella burtu eignarfallsformuna af »ákærður«. Bæði orðin »ákærði, ákærða og ákærður, ákærðs« eru notuð í daglegu máli. Annars er mjer sama, hvort orðið er notað, en það ætti að vera »konsekvent«.

Viðvíkjandi breyt.till. við 10. gr. skal jeg taka það fram, að það hefur ætíð verið mín meining, að þingsályktun um málshöfðun gegn ráðherranum væri tekin af sameinuðu þingi og mundi sjálfsagt hafa orðið gjört. Jeg hef því ekkert á móti því, að það sje tekið fram.

Aptur á móti get jeg ekki verið meðmæltur breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um að breyta $^4/_5$ í $^2/_3$ í 16. gr. frumv. einmitt af þeim ástæðum, er hann sjálfur tók fram, að pólitiskar æsingar gjöra það að verkum, að sjerstaklega þarf að gæta þess, að ráðherrann verði eigi að ósekju dæmdur.

Ýms af rökum þeim, er hinn háttv. þm. færði fyrir þessari breytingu, voru ekki rjett. Hann sagði, að líkindi væru til, að ráðherrann mundi jafnan geta haft áhrif á Ed., þar sem hann hefði valið þangað 6 af þm., svo að búast mætti við, að hún yrði honum hlynnt, þegar hún samkvæmt 4. gr. nefnir frá með hlutfallskosningu þær tvær tylftir, sem þar um ræðir. En það er annaðhvort, að þm. er þar æði nærsýnn, eða að hann gætir þess ekki, að Ed. tekur ekki beinan þátt í skipun dómsins nema að eins í fyrsta sinn, eptir að lögin öðlast gildi. Síðar tekur hún að eins þátt í valning *varamanns*, samkv. 8. gr. En dómendur þeir, sem skipaðir verða í fyrsta skipti samkvæmt 4. gr., skipa dóminn,

meðan þeir lifa og fullnægja kjörgengisskilyrðunum, og varamennirnir verða ekki dómendur fyr en smátt og smátt eptir því sem plass losna í dómnum við dauðsföll eða kjörgengismissi, og eru þá teknir með hlutkesti úr öllum varamannahópnum.

Það, sem er hættulegast við alla þessa lagasetning, er það, að dómstóllinn verði hlutdrægur. Það má búast við, að mál verði ekki höfðað nema þegar talsverð æsing er í landi, og geta þá dómararnir smittazt. $^4/_5$ eru það minnsta, sem má nægjast með; hjer á eigi að vera markmiðið að koma fram dómfelling *per fas nefasque*, heldur sem rjettastur dómur.

Ráðherrann á að eins að vera dæmdur fyrir brot en eigi fyrir pólitiskan skoðanamun. Jeg vona því að háttv. deild felli breyt.till.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Eins og tekið er fram í nefndarálitinu, þá hafði jeg aðra skoðun en háttv. meðnefndarmenn mínir viðvíkjandi því, hve margir dómendur þurfi að verða á eitt sáttir til þess, að ákærði verði dómfelldur. Mín skoðun er sú, að heimta beri, að allir dómendur verði á eitt sáttir til þess. Jeg hef samt sem áður ekki komið fram með breytingaratkvæði um þetta atriði, sökum þess, að jeg hafði enga von um, að sú breyting fengi framgang. Ef kviðdómar væru innleiddir hjer á landi, þá óska jeg, að það ákvæði, sem gildir fyrir þá dóma, að því er þetta atriði snertir á Englandi og í Ameríku, væri einnig tekið upp hjer, nefnilega, að allir dómendur verði á eitt sáttir til þess, að ákærði verði dómfelldur með því, að ábyrgðartilfinningin hjá hverjum einstökum dómanda verður að mínu áliti meiri, er hann veit, hve miklu það varðar, hvernig atkvæði hans fellur.

Jeg verð að líta svo á, að það varði mestu máli, að rjettartilfinningin og ábyrgðartilfinningin komi sem allrasterkast fram.

Einmitt það, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) var að taka fram sem ástæðu fyrir því, að nægilegt væri, að $^2/_3$ dómendur yrðu á eitt sáttir um þetta atriði, og að hjer væri um pólitiskt mál að ræða, þar sem tilfinningar manna vildu opt ráða meiru en góðu hófi gegnir, þá er það miklu fremur minni skoðun til styrkingar, því að þeir, sem kvaddir verða í þennan dóm, verða einmitt að losast svo mikið sem auðið er við að láta tilfinningarnar hlaupa með sig; og svo framarlega, sem sakborningurinn væri sakarverður, þá yrði ábyrgðartilfinnin hjá dómendunum enn þá meiri fyrir því, að láta hann sleppa undan dómfellingu, þegar hver einstakur dómandi vissi, að ábyrgðin hvíldi öll á honum einum.

Jeg hef opt átt tal við þingmenn um kviðdóma, og heyrt þá almennt láta þá skoðun í ljósi, að þótt þessir dómar þannig lagaðir sjeu tíðkanlegir og eigi vel við á Englandi og í Ameríku, þá sje ógjörningur að innleiða þá hjer á landi í þessari mynd.

En þótt jeg, sem sagt, helzt hefði óskað, að þessu ákvæði 16. gr. væri breytt í þá átt, að allir dómendur yrðu að verða á eitt sáttir til þess að ákærði verði dómfelldur, þá hef jeg ekki komið fram með breytingaratkvæði um það vegna þess, að jeg hafði enga von um, að það fengi neitt fylgi á þinginu.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er háttv. 1. þm. N.-Múl. þakklátur fyrir hans góðu undirtektir undir þá breyt.till., sem jeg og háttv. 4. kgk. þm. höfum leyft okkur að koma fram með á þgskj. 126, og er hún að eins

orðabreyting, sem miðar til þess að lagfæra málið á frumv. Orðið »uppkvaðning« er sjaldgæft í daglegu máli, og mun naumlega notað nema af einstöku lögfræðingum; alþýða manna þekkir það ekki. Orðið »kvaðning« kemur af að kveðja, en ekki af að »kveða«. Uppkvaðning dómsins er sama sem »það að kveðja upp dóminn« og verður naumast rjettilega haft um annað en að slíta dómi eða vísa dómendum burtu. Jeg vona þess vegna, að þessi breyt.till. okkar verði samþykkt orðalaust, úr því að háttv. framsm. hefur tekið svo vel undir hana fyrir hönd nefndarinnar.

Jeg get verið hæstv. ráðh. samdóma um, að jeg kann illa við það ósamræmi, sem kemur fram í nefndarálitinu í beygingunni á orðinu ákærður, þar sem eignarfallið er »ákærða«. Jeg álít rjettast og sjálfsagt að hafa alls staðar sams konar beygingu á orðinu þannig, að annað hvort sje alls staðar notuð sterka eða veika myndin.

Annars er málið yfirleitt gott á frv., og þess vegna þótti mjer leitt er jeg í 11. gr. sá brúkaða sögnina »aðvara« í stað þess að »gjöra viðvart«, og vil jeg skjóta því til nefndarinnar, að hún lagfæri þetta til 3. umr. Þá hef jeg líka dálítið að athuga við efni málsins á stöku stöðum.

Í framanverðri 11. gr., þar sem talað er um dómruðningu, vill nefndin að tekið sje fram, að það sje gjört á ákveðnum stað og stundu.

Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort henni finnist rjett, að láta sóknara og ákærða engan frest hafa til undirbúnings.

Svo stendur enn fremur í niðurlagi 11. gr., að forseti skuli gefa út stefnu á hendur ákærða *með hinum sama fresti,* sem dómendum er veittur. Nú hefur nefndin áður lagt það til, að orðinu »*frestur*« skuli breytt í »fyrirvara« þar sem um dómendur er að ræða, og verður þá eptir því nauðsynlegt, að orða þetta öðruvísi. Breyt.till. nefndarinnar um stefnufrestinn á efalaust við frestinn frá því stefnan er birt, en ekki frá því hún er útgefin. Nú vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki verður mótsögn í því, að stefnufrestur ákærða sje ákveðinn jafn langur og sá fyrirvari, sem dómendum er veittur. Stefnufresturinn telst frá birtingardegi stefnunnar, en eptir frumv.-gr. fæ jeg ekki betur sjeð, en að fyrirvari dómenda teljist frá þeim degi, er forseti kallar dómendur saman. En nú getur verið, að ákærður búi langt burtu, og getur þá dregizt að birta stefnuna, en við það styttist stefnufresturinn, svo að hann getur varla orðið jafnlangur og fyrirvari dómenda, þar sem bæði ákærður og dómendur eiga að koma til dóms á sama ákveðna tíma.

Þá vildi jeg leyfa mjer að gjöra dálitla athugasemd við breyt.till. nefndarinnar við 3. gr., þar sem ákveðið er, að í landsdómnum skuli eiga sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar og ennfremur svo margir af hinum elztu lögfræðingum landsins, að talan verði full. En með þessu ákvæði hefur ekki verið sjeð við því, er hæglega getur komið fyrir, nefnilega að 2 eða fleiri lögfræðingar eigi jafnan rjett til að taka sæti í dómnum, af því að þeir sjeu jafngamlir, og þegar svo stendur á, þá væri eðlilegast, að hlutkesti væri látið ráða, og finnst mjer viðkunnanlegra, að það sje tekið fram í lögunum. Jeg þekki og get tilgreint fleiri en eitt dæmi þess, að 2 menn eru fæddir nákvæmlega sama dag og sama ár.

Þá kem jeg að breyt.till. nefndarinn-

ar við 6. gr. sem mjer finnst dálitið athugaverð að því er orðunina snertir. Þar stendur: »Forstjóri landsyfirdómsins er forseti landsdómsins unz *hann* er kosinn samkvæmt 14. gr.« Það liggur næst að skilja þetta svo, að orðið *hann* eigi hjer við forstjóra landsyfirdómsins. Jeg held að það væri greinilegra, að setja inn orðið forseti, í staðinn fyrir *hann*. Jeg veit, að nefndin hefur ætlazt til, að þetta skuli skiljast svo, sem jeg vil vera láta, og þykir mjer fara betur á, að því sje breytt í þá átt.

Þá kem jeg loks að breyt.till. nefndarinnar við 14. gr., þar sem stendur, að dómendur skuli kjósa sjer forseta *úr sínum flokki*. Petta er líka orðað þannig í frumv., en mjer finnst ekki með þessu vera nægilega tryggt, að það sje lögfróður maður, sem stjórnar dóminum, og vildi jeg því mega skjóta því til nefndarinnar, hvort henni finnist ekki ástæða til að breyta þessu ákvæði í þá átt, að forseti sje kosinn úr flokki hinna lögskipuðu dómenda.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Úr því að talað hefur verið um breytingar á orðum, þá vildi jeg leyfa mjer að skjóta því til nefndarinnar, að í 16. gr. stendur orðið »málfærsla«; og kann jeg betur við »málaflutningur«. Annars var það aðallega breyt.till. á þgskj. 112, sem jeg vildi snúa mjer að, nefnilega viðvíkjandi því, hve mikill hluti dómendanna þurfi að verða á eitt sáttir til þess að ákærði verði dómfelldur eptir 16. gr., og get jeg ekki með neinu móti verið samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) eða hæstv. ráðh. um það, að rjettast væri að allir dómendur þyrftu að vera samdóma til þess. Jeg er alveg samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) um það, að ef kviðdómar væru innleiddir hjer á landi, þá væri rjett að hafa samhljóða ákvæði um þetta afriði og á sjer stað í kviðdómum á Englandi og í Ameríku; en það er aðgætandi, að þar stendur allt öðruvísi á. Í kviðdómunum er það skilyrði sett, að dómendur lýsi því yfir, að þeir hafi ekki fyrirfram komizt að neinni fastri niðurstöðu eða myndað sjer neina ákveðna skoðun um málið. Hjer er því ekki um samskonar skilyrði að ræða, sem gjöri það æskilegt, að allir dómendur sjeu samdóma. Eins rjettlátt og það er, að ákærði sje sakfelldur, ef hann reynist sannur að sök, eins rjett er á hinn bóginn, að það sje jafngóð trygging fyrir því, að hann ekki verði sakfelldur, ef hann er saklaus, En þó að jeg ekki sje samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) og hæstv. ráðh. um þetta atriði, þá er jeg því síður samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um, að eigi skuli þurfa, að fleiri en $^2/_3$ af dómendum verði á eitt sáttir til þess að ákærði verði dómfelldur. Jeg álít beztu tryggingu fyrir rjettlátum dómi með ákvæði frumv. um, að $^4/_5$ dómenda þurfi að verða á eitt sáttir. Ástæður þær, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) færði fyrir br.till. sinni eru ærið viðsjárverðar.

Hann sagði, að hann ætlaðist ekki til, að svona lagaður dómstóll dæmdi eptir því, hvað rjett er, heldur eptir tilfinningum. Ef svo er, þá verður hann að kannast við, að rjettast væri að hafa töluna sem hæsta.

Jeg er samþykkur hæstv. ráðh. um það, að ekki beri að dæma ákærða nema því að eins að ótvírætt sje, að hann sje sekur um brot. Eins og þessi um dómstól verður fyrir komið, þá álít jeg hæfilegt, að $^4/_5$ dómenda þurfi að verða á eitt sáttir, til þess að dómfelling geti átt sjer stað. Minna megi það ekki vera, til þess að pólitísk æsing geti ekki borið ofurliði það, sem rjett er.

Jeg mun því greiða atkv. með 16. gr. óbreyttri, eins og hún stendur í frumvarpinu.

Framsögumaðar Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal leyfa mjer að gjöra aðeins örstuttar athugasemdir við mótbárur þær, sem fram hafa komið gegn einstöku breyt.till. nefndarinnar, og skal jeg þá fyrst taka það fram, að mjer finnst breyt.till. nefndarinnar í 3. gr. um, að dómarar landsdómsins skuli ekki eiga sæti á alþingi, alls ekki svo þýðingarlítil, því að ef dómararnir væru allir þingmenn, þá væri ekki hægt að ryðja hinum lögfræðingunum, og væri það bagalegt. Jeg verð því að líta talsvert heppilegri þessa breyt.till. nefndarinnar við 3. gr.

Mjer fannst hæstv. ráðh. misskilja breyt.till. nefndarinnar við 12. gr. um, að sóknari skuli útvega í hverju tilfelli útskript úr gjörðabók ríkisráðsins. Það er ekki meining nefndarinnar með þessari breyt.till., eins og hæstv. ráðh. virtist skilja það, heldur að eins þegar leita þarf sannana. Það stendur í upphafi 12. gr., að það sje skylda sóknarans að leita allra sannana; þar meðal er þá einnig þetta sönnunargagn, útskriptir úr gjörðabók ríkisráðsins, sem nefndin álítur, að jafnan ljóti að verða eitt hið helzta og mest riðandi sönnunargagn, sem um getur verið að ræða í málssókn gegn ráðherra; en nefndin lítur svo á, að þessi útskript skuli að eins heimtuð, ef um annanir er að ræða, annars ekki. Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að prentvilla hefur slæðzt inn í breyt.till. nefndarinnar í upphafi 12. gr.; þar stendur: »útskriptir«, en á að vera »útskriptar«.

Nefndin mun taka til athugunar tilmæli háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) um það, hvort nauðsynlegt sje að setja ákvæði í lögin um það, að þegar 2 dómarar eru jafngamlir, þá skuli þeir kosnir með hlutkesti, og að því er snertir bendingu háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.), þá er auðvitað rjettara, að brúka orðmyndina »málaflutningsmaður« en »málfærslumaður«.

Loks skal jeg leyfa mjer að taka það fram út af orðum háttv. 3. kgk. þm. (R. M. Ó.), að það var ekki meining nefndarinnar, að forseti landsdómsins þyrfti nauðsynlega að vera lögfræðingur.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þar sem hæstv. ráðh. tók fram, að það væri ekki fyllilega rjett, að kviðdómar ættu að eins að kveða upp úrskurðinn *sýkn* eða *sekur*, þá verð jeg að halda því fram, að það sje fyllilega rjett, að minnsta kosti að því, er England snertir. Það veit jeg fyrir víst. Reynslan að því, er einróma kviðdóma snertir, er heldur ekki svo glæsileg, og vil jeg benda á eitt tilfelli í New-York nýlega, þar sem sannaðist, að kona hafði tvivegis gjört sig seka í morði, en var frikennd af dómurunum, af því hún hafði svo mikil áhrif á þá með töfrandi fegurð sinni, og þeir gátu því ekki orðið sammála allir saman. En þar sem hæstv. ráðh. tók fram, að málshöfðun mundi optast ekki fara fram, fyr en ráðherrann væri farinn frá, þó skal jeg játa, að það getur verið nokkuð til í því, svo framarlega sem vjer hefðum fullkomið þingræði, svo að full trygging væri fyrir því, að ráðherrann færi ætíð frá undir eins og hann fengi meiri hlutann í þinginu á móti sjer; en vjer höfum enga reynslu eða tryggingu fyrir, að svo muni verða. Ef vjer lítum til Noregs og Danmerkur, þá er reynsla fyrir því, að stjórnin hefur setið þar að völdum, þrátt fyrir það, þó hún hefði meiri hluta

þingsins á móti sjer. En ef full trygging fengist fyrir því, að þingræðisreglunni væri fylgt, þá gjörir minna til, þótt ekki væru svo mjög strangar reglur settar, því þá mundi sjaldan eða aldrei til þess koma, að mál yrði höfðað gegn ráðherra.

Þar sem háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) sagði, að jeg ætlaðist til, að dómendur landsdómsins dæmdu fremur eptir tilfinningum, en eptir því, sem rjett væri, þá hefur hann algjörlega misskilið orð mín. Jeg sagði, að það gæti komið fyrir, að pólitísk mál gætu verkað svo á tilfinningar dómendanna, að þeir gætu orðið blindir fyrir því, sem rjett er.

En þetta getur fullt eins vel átt sjer stað á hvora hliðina sem er, og ef svo er, þá er óheppilegt að láta þessa sárfáu menn hindra það, að dómfelling geti átt sjer stað; en eins og frumv. nú er að því, er ákvæði 16. gr. snertir, þá getur dómfelling alls ekki átt sjer stað.

Jeg verð að halda því fram, að meiningin með lögunum verði að vera sú, að dómfelling geti átt sjer stað.

Jeg vil gjarnan tryggja ákærða fyrir því, að hann sje ekki beittur ofbeldi; en jeg vil líka láta lögin tryggja það, að hann geti orðið dæmdur.

Útskriptina úr gjörðabók ríkisráðsins er að eins meiningin að nota, þegar hún er sönnunargagn, og nefndinni fannst hún einmitt vera svo mikilvægt sönnunargagn í málum gegn ráðherranum, þar sem það getur eins orðið honum til áfellis, að hann hafi þagað og ekkert lagt til máls þess, er ræðir um, að því mætti með engu móti sleppa úr frumv. Það sem vakti fyrir nefndinni, er hún gjörði breyt.till. við orðmyndina »ákærða«, var að eins það, að hún kunni eigi við þessa orðmynd, en hún kannast vel við það, að til er bæði sterk og veik beyging á þessu orði og geta báðar staðizt. Annað var það eigi, sem nefndin hafði í huga, er hún gjörði breyt.till.

Ráðherrann: Jeg get eigi verið samþykkur hátt. 2. þm. G.-K. (V. G.), að dómfelling mundi aldrei geta orðið, ef $^4/_5$ atkvæða þurfa. Mjer finnst þetta vera óþarfa getsakir í garð hinna komandi dómara, og þótt opt eigi sjer stað hlutdrægni og flokkafylgi í málaferlum, sem á einhvern hátt snerta eitthvað pólitikina, þá er það sem betur fer eigi regla, að einn af hverjum *fimm* dómendum mundi meinsæri vinna og dæma móti betri vitund. Það verður sem sje allt af að ganga út frá, að slíkt mál sje ekki höfðað, nema sakarefnið sje augljóst, og ómótmælanlegt brot um að ræða. Eptir ráðherraábyrgðarlögunum má eigi dómfella ákærða, nema vissa sje fyrir því, að hann hafi gjört það, er um ræðir, af ásettu ráði. Þar sem hjer er um æðsta dóm að ræða, verður að fara mjög varlega, og það er algild meginregla, sem engum dettur í hug að vefengja, að það er betra að sýkna *marga* seka menn en sakfella *einn* saklausan. Ummæli um, að frumv. verði tilgangslaust við það, að $^2/_3$ er breytt í $^4/_5$, að því er til sakfellingar kemur, eiga sjer alls engan stað.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg þarf eigi að taka margt fram, af því að hæstv. ráðh. tók margt það fram er jeg ætlaði að segja. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að breyt.till. sín styddist við það, að alls eigi væri gefið að þingræði yrði hjer á landi, og það væri því eigi víst, að ráðherrann færi frá völdum strax er hann væri í minni hluta. En hvaða tryggingu er mögulegt að fá fyrir því? *(Valtýr Guðmundsson:* Venjuna.) Já, en hjer getur eigi verið að ræða um neina venju þar sem engin ráðherraskipti hafa enn þá orðið, en eptir því, sem ráða má af

konungsboðskapnum, eru miklar líkur fyrir þingræði, enda mun það eflaust vilji allra. Noregur er alls eigi heppilegt dæmi í þessu efni, því að þingræði hefur aldrei verið viðurkennt þar; það er tryggt á annan hátt með hinu svo nefnda frestandi neitunarvaldi stjórnarinnar, svo að þjóðin getur ætíð fengið vilja sínum framgengt eptir vissan árafjölda. Þess vegna hefur engum dottið þingræði í hug í Noregi, og því getur þetta eigi verið sönnun, Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) leit eigi svo á, að dómfelling væri alveg útilokuð, ef heimtuð væru öll atkvæði samhljóða, en hvernig getur hann þá álitið hana útilokaða, þegar að eins eru heimtaðir $^4/_5$ atkv.? Jeg er samdóma nefndinni um það, að eigi sje nauðsynlegt að forseti dómsins þurfi að vera júristi, eins og slíkur dómur er saman settur. Það væri hugsanlegt, að allir »júristar« dómsins væru hlutdrægir, og því vildi dómurinn engan þeirra fyrir forseta, og hversvegna ætti þá að banna honum slíkt? Á hinn bóginn fæ jeg eigi sjeð, að hætt sje við, að gengið væri fram hjá lögfræðingunum í forsetasessinn að ástæðulausu.

ATKVGR. 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2, gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (111) við 3. gr. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. þar með fallin.

Breyt.till. (111) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

viðaukatill. (111) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

4. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (111) við 5. gr. samþ. með 10 gegn 2 atkv.

viðaukatill. (111) við 5. gr. samþ. í e. hlj.

5. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. við 6. gr. samþ. í e. hlj.

6. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (111) við 7. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

8. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (111) við 9. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 10. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (111) við 10. gr. samþ. í e. hlj.

10. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (111) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

11. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 12. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (111) við 12, gr. samþ. í e. hlj.

12. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (111) við 13. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 2

13. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 14. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (126) við 14. gr. samþ. í e. hlj.

14. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (111) við 15. gr. samþ. með 9 atkv. gegn 1

2. breyt.till. (111) við 15. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (111) við 15. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (111) við 15. gr. samþ. í e. hlj.

15. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (112) við 16. gr. felld með 10 atkv. gegn 3.
2. breyt.till. (126) við 16. gr. samþ. í e. hlj.
3. breyt.till. (111) við 16. gr. samþ. í e. hlj.
16. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 139,141, 156,159).

Samþ. var, að breyt.till. á þgskj. 159, er útbýtt hafði verið með ónógum fyrirvara, kæmi til umr. og atkv.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson, (1. þm. N.-Múl.): Frumv. þetta hefur, eins og háttv. þdm. sjá, verið prentað upp, og hafa þá á stöku stað slæðzt inn í það fáeinar prentvillur, sem jeg skal leyfa mjer að benda á.

Fyrst er þá þess að geta, að í næstsíðustu línu 5. gr. í staflið h. stendur: »á heima á öðru landi«, en það á að vera »*í* öðru landi».

Í 7. gr. 1. línu stendur »dómari«, en það á að vera: »*dómandi*«.

Í 8. gr. 2. línu stendur: »6. hvort ár«, en á að vera »*hvert* ár«.

Í 11. gr. 8. línu stendur: »verjand*a*« í staðinn fyrir »verjand*i*«; enn fremur stendur í sömu gr. 3. línu að neðan: »ekki þó« í staðinn fyrir: »*þó ekki*«. Loks stendur í 12. gr. næst síðustu línu: »vitnisburð*ir*« fyrir »vitnisburð*ar*«.

Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með 3 breyt.till. við frumv., á þgskj. 156.

Fyrsta breyt.til. er að eins orðabreyting, nefnilega, að í stað orðsins »hann« í 6. gr., komi: »forseti«, og er það gjört til skýringar, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, eptir bendingu háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) við 2. umr. þessa máls.

Næsta breyt.till. nefndarinnar við 11. gr. fer fram á, að á eptir orðunum: »lætur birta stefnuna«, í síðustu málsgrein, bætist inn í: »svo fljótt, að ákærður fái að minnsta kosti eins langan stefnufrest, og ákveðinn er til landsyfirdóms í einkamálum«.

Þessar 3 smábreytingar eru ekki þess eðlis, að ástæða sje til, að gjöra frekari grein fyrir þeim.

Þá hefur einnig komið fram breyt.till. á þgskj. 159 frá háttv. 3. og 4. kgk. þingm., í þá átt, að á eptir orðunum í 2. málsgrein 11. gr. »áskorun um að ryðja dóminn«, bætist inn: »með nægilegum fyrirvara«. Að visu álítur nefndin þessa breyt.till. ekki nauðsynlega, en getur á hinn bóginn ekki sjeð neitt athugavert við að samþykkja hana.

Allt öðru máli er að gegna með breyt.till. þá, sem fram er komin á þgskj. 141, frá háttv. 2. þingm. Húnv. (J. Jak.), þar sem farið er fram á, að fella burt úr 12. gr. ákvæðið um, að sóknara skuli gjört að skyldu, að leita útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, þegar slíkt getur haft áhrif á úrslit málsins. Þetta er ákvæði, sem samþykkt var í frumv. Nd. 1903 og sömuleiðis hjer í deildinni við 2. umr. þessa máls með 10 atkv. gegn 2. Háttv. flutningsmaður þessarar breyt.till. greiddi þá atkv. með þessu ákvæði frumv., og hlýtur hann því að hafa fengið nýjar ástæður síðan fyrir þessari breyttu skoðun sinni á þessu atriði, og skal jeg ekki fara fleirum orðum um þessa breyt.till. hans að svo stöddu, en bíða átekta, þangað til jeg heyri þau rök, sem hann hefur fram að færa fyrir henni.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það var óþarfi fyrir háttv. framsm. (Jóh. Jóh.) að fara að tala um þessa breyt.

till. mína, að óheyrðu máli mínu. Jeg man það vel, að jeg greiddi atkv. með þessu ákvæði 12. gr. við 2. umr. þessa máls, en þegar jeg fór að athuga betur, fyrir hverju jeg hafði greitt atkv., þá sá jeg, að 12. gr. er mjög svo afkáralega orðuð, svo afkáralega. að jeg álít alls ekki rjett, að háttv. deild láti hana þannig frá sjer fara.

Ef háttv. þingdm. vilja átta sig á, hvernig þetta ákvæði 12. gr. er orðað, þá skal jeg leyfa mjer, að lesa það upp. Það hljóðar svo:

»Það er skylda sóknara, að leita allra sannana, þar á meðal útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, og verjanda að færa fram allt það, er sýkna má ákærðan eða mýkja málstað hans«, o. s. frv.

Nú vil jeg spyrja, hvort það sje ekki ólögulegt og afkáralegt, að sóknari skuli einn leita útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða, en að verjandi skuli ekki gjöra það, og þar með eins og gefa í skyn, að verjandi eigi ekki að leita þeirra sannana, er felast kunna í tillögum ákærða í ríkisráðinu, þótt þær væru skjölstæðing hans í vil.. Þetta fannst mjer og háttv. meðflutningsmönnum mínum að þessari breyt.till. og að það líti mjög ólögulega út, og þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með þessa breyt.till. á þgskj. 141 við 2. gr. frv., með því að við álítum þessa innskotstill. nefndarinnar fremur skaða en bæta. Auk þess er þetta ákvæði um útskrift úr gjörðabók ríkisráðsins alveg ónauðsynlegt og óþarft, því að »Protokolföreren« í ríkisráðinu gefur að eins stuttan útdrátt af áliti — hinni svo nefndu »Forestilling« — ráðgjafanna, og þar af leiðir, að þessi útdráttur, að því er Íslandsráðherrann snertir, er ekki eins itarlegur og álitsgjörð sú, sem ráðherrann gefur og lögð er við skjalasafn ráðaneytisins. Í flestum tilfellum munu þess vegna fást betri skilríki og sönnunargögn fyrir tillögum ráðherrans í skjölum stjórnarráðsins hjer en í útdrættinum úr gjörðabók ríkisráðsins, og þess vegna er þessi innskotstill. nefndarinnar í efnislegu tilliti algjörlega óþörf og ástæðulans.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, mun jeg greiða atkv. á móti þessari innskotstill. nefndarinnar, þar sem hún er bæði óþörf og afkáraleg.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg get ekki verið h. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) samdóma um, að þetta ákvæði viðvíkjandi útskript úr gjörðabók ríkisráðsins sje afkáralegt eða óþarft, enda mundi það ekki hafa verið samþykkt í frumv. Nd. 1903 og hjer í deildinni með miklum atkvæðamun við 2. umr., ef svo hefði verið litið á það sem háttv. 2. þm. Húnv. gjörir nú. Vitanlega er það ekki tekið beint fram í hinni sömu málsgrein 12. greinar, að verjanda sje skylt, að leita útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins; en það leiðir af sjálfu sjer, að það liggur í þessum orðum sömu málsgreinar, að verjanda sje skylt að færa fram allt það, er sýkna má ákærðan, eða mýkja málstað hans.

Þá tók háttv. sami þm. það líka fram, að tillögur ráðherrans væru fyllri í hinum skrifuðu till. hans (Forestillinger), sem hann hefði jafnan uppkast að hjer heima, en í ágripi því, er stæði í gjörðabók ríkisráðsins. Gagnvart þessu skal jeg láta þess getið, að það gæti vel komið fyrir, að ráðh. hefði engar skriflegar tillögur gjört, heldur að eins munnlegar, sem hvergi væru til skrásettar nema í gjörðabók ríkisráðsins, og væri þá bráðnauðsynlegt, að fá útskrift úr gjörðabók ríkisráðsins

til þess að geta sjeð tillögur hans. Nefndin verður þessvegna að halda því fast fram, að 12. gr. verði samþykkt eins og hún stendur í frumv., og að breyt.till. á þgskj. 141 verði felld.

Ráðherrann: Þegar stjórnarráðið samdi upp frumv., þá felldi það þessi orð um útskript úr gjörðabók ríkisráðsins burt, vegna þess að því þóttu þau vera óþörf, en ekki af því, að það hefði neitt á móti eða vildi á neinn hátt draga úr því, að leitað yrði útskripta úr gjörðabók ríkisráðsins, þegar það ætti við og á þyrfti að halda. Jeg get ekki betur sjeð, en að það sje fyllilega ljóst, sem háttv. 2. þm. Húnv. tók fram um þetta atriði. Jeg skil ekki, hvað ætti að rjettlæta það ákvæði, að *sóknara* sje ætið skylt, að leita útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins, en verjanda ekki, nema því að eins að gengið sje út frá því, að útskriptin yrði æfinlega á móti ráðherranum, en að óhugsanlegt væri, að hún einmitt yrði til þess, að draga úr ákærunni. En að byggja lagafyrirmæli á slíkum »hýpóthesum«, er ekki heppilegt. Ákvæði þetta getur ekki verið hugsunarrjett, nema því að eins, að gengið sje út frá því í þessu ákvæði, að aldrei geti verið höfðað mál gegn ráðherranum nema út af einhverju, sem hann hefur gjört í ríkisráðinu, en ekki út af því, sem hann hefur gjört innanlands í »administratíóninni«, og þess vegna er jeg samdóma háttv. 2. þm. Húnv. um, að þetta ákvæði sje klaufalegt eins og það kemur fram í breyt.till.

Háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) tók ennfremar alveg rjettilega fram, að till. ráðh. sjást í fyllri mynd í skjölum stjórnarráðsins, en af útskript úr gjörðabók ríkisráðsins; því að þar er ekki bókað annað, en stuttur útdráttur af því, sem stendur í »Forestillingen«, sem konungurinn samþykkir eða neitar að staðfesta. En þessar ráðherratillögur til konungs með eiginhandar áteiknun konungs eru geymdar í skjalasafni stjórnarráðsins. Svo er líka annað atriði, sem hjer getur komið til greina, nefnilega það, að Íslandsráðherrann er aldrei viðstaddur nema þegar hann ber upp málin fyrir konungi í ríkisráðinu, en gjörðabókin er ekki lesin upp fyr en á næsta ríkisráðsfundi á eptir, og þá er Íslands ráðh. venjulega farinn úr landi. Ef nú svo kæmi fyrir, að eitthvað hafi verið bókað eptir honum, sem ekki stendur í »Forestillingen«, þá getur hann ekki fengið tækifæri til að »kontrollera« bókun þess og fá leiðrjett það, sem rangt kann að vera skilið hjá »prótokol-sekreteranum« og getur þess vegna hugsazt, að sóknari hafi ekki fullgilt sönnunargagn í höndum, þótt hann hefði útskript úr gjörðabók ríkisráðsins. Jeg verð þess vegna að vera samdóma háttv. 2. þm. Hún. um, að þessi innskotstill. nefndarinnar sje bæði óþörf og komi ekki vel fyrir, og þess vegna vil jeg styðja till. hans um, að þetta ákvæði um útskript úr gjörðabók ríkisráðsins um tillögur ákærða verði fellt burtu úr frumv.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg þakka hinni háttv. nefnd fyrir, að hún hefur tekið til greina sumar af bendingum mínum við 2. umr., nefnilega bendingar þær, er snerta 6. og 11. gr. En jeg hefði búizt við, að hv. framsm., samkvæmt loforði sínu, tæki einnig til greina bendingar þær, er jeg gaf viðvíkjandi ákvæðum 3. gr. Þar er tekið fram, að 6 lögfræðingar sjeu sjálfkjörnir í landsdóminn, nefnilega yfirdómararnir, sjeu þeir ekki alþingismenn, og svo margir af öðrum hinum elztu lögfræðingum landsins, sem þarf til að fylla töluna. Jeg benti á, að það gæti komið fyrir, að 2 jafngamlir lögfræð-

ingar ættu jafnan rjett til dómsetu. Rjettast hefði verið að gjöra ráð fyrir þessu og setja í lögin ákvæði um, að hlutkesti skyldi ráða, þegar svo stæði á. Nú hefur nefndin því miður ekki gjört neina breyt.till. um þetta, og jeg hef ekki haft svigrúm til að bæta úr því, af því að jeg fjekk tillögur nefndarinnar of seint. En það er vonandi, að tilfellið komi sjaldan fyrir, og læt jeg mjer því lynda, að við svo búið standi, enda mun mega gjöra ráð fyrir, að hlutkesti verði beitt, ef þetta kemur fyrir, þó að ekkert standi um það í lögunum.

Leiðbeiningar mínar um orðfærið hafa ekki verið teknar til greina. en þær snerta ekki efni frumv., og gjörir það því minna til. Óhjákvæmilega nauðsynleg virðist breyt.till. við 11. gr., að ákærður fái nægilegan fyrirvara til að ryðja dóminn, því vel gæti hugsazt, að bráðabirgðarforsetinn væri »alþingismaður« og því vilhallur og gæfi ákærðum því ekki nægan fyrirvara.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vildi minnast lítið eitt á breyt.till. á þgskj. 141. Jeg er hvorki samþykkur hinum hæstv. ráðh. eða háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.). Háttv. 2. þm. Húnv. tók það fram, að munur væri gjörður á sóknara og verjanda. Sóknari er skyldur að leita allra sannanagagna, en verjandi ekki. Jeg sje enga ástæðu til að leggja áherzlu á þennan mun, þar sem þó verjanda er ekki varnað neinna sannanagagna. Það er ákærða að sjá um, að hann gjöri skyldu sína í þessu efni, en ekki þess opinbera. Hæstv. ráðh. tók það fram, að í gjörðabók ríkisráðsins væri aðeins tekið ágrip af því, sem gjörzt hefði. Getur verið, að það sje svo í Danmörku, en í ríkisráðum annarsstaðar er mjer kunnugt að öll »Forestillingen« er tekin með; svo er það bæði í Svíþjóð og enska ríkinu, enda sjest hún þar þrásinnis í blöðunum. Það er og kunnugt, að þing Norðmanna fyrir skömmu krafðist útskriptar úr gjörðabókinni. Ennfremur minntist hinn hæstv. ráðh. á það, að það gæti komið fyrir, að útdrátturinn væri ekki fullt sönnunargagn, og því óheppilegt að heimta hann. Slíkt væri afleiðing af því, að ráðherrann ekki allt af (*Ráðherrann:* Aldrei) gæti verið viðstaddur á ríkisráðsfundum, þegar gjörðabókin væri lesin upp. Eptir að hæstv. ráðh. hefur bent mjer á þetta, virðist mjer þetta ákvæði vera enn þá nauðsynlegra, því það mætti verða til þess, að ráðherrann legði sem mesta áherzlu á það, að fullt samræmi væri milli þess, sem bókað væri, og þess, sem fer milli konungs og ráðherra. Enda færi þá að verða mjög varhugavert að bera mál upp í ríkisráði, ef þessa væri ekki gætt. Enda þótt að ráðherrann ekki gæti verið á ríkisráðsfundum, þá ætti honum þó að veitast tækifæri til að lesa gjörðabókina, og fullvissa sig þannig um, að tillögur hans væru rjett bókaðar. Mjer er annars óskiljanlegt, að hæstv. ráðh. nú skuli vera svo mótfallinn þessu útskriptarákvæði, þar sem hann á þingi 1903 bæði sem nefndarmaður og í sjálfri deildinni var því mjög fylgjandi. Ræða hins hæstv. ráðh. hlýtur að sannfæra alla um, hve afarnauðsynlegt það er, að fá frumv. með þessu ákvæði staðfest í ríkisráðinu; því ef svo yrði, leikur enginn vafi á því, að slík útskript fengist úr gjörðabókinni, en að öðrum kosti veit enginn neitt um það, fyr en á reynir og allt er um seinan.

Við 2. umr. kom jeg með breyt.till. um, að ekki þyrfti nema $^2/_3$ af dómendum þeim, er taka þátt í að dæma

dóminn, að vera á eitt sáttir, til þess að ákærði yrði dómfelldur. Hinn hæstv. ráðh. hefur líka hörfað frá þessu. Það virðist þó bersýnilegt. að ef 4/5 dómenda þarf, þá yrði aldrei neinn dæmdur. Þetta vil jeg leyfa mjer að leggja sjerstaka áherzlu á vegna þess að það hefur áhrif á afstöðu mína gagnvart frumvarpinu í heild sinni. Þetta frv. virðist mjer að eins vera »Paradenumer« samþ. til að sýnast, og með öllu gagnslaust: því með svona ruðningsreglum verður aldrei neinn dæmdur eptir þessum lögum. Fyrst kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir 72 menn með hlutfallskosningu. Nú gjöri jeg ráð fyrir, að þó stjórnin sje í minni hluta, þá hafi hún þó nokkurn flokk. Mætti búast við að stjórnarandstæðingar yrðu um 40, en stjórnarmenn 32. Af þessum 72 mönnum á efri deild að ryðja 24. Þótt nú ráðherrann sæti í trássi við þingið, mundi hinir 6 konungkjörnu fylgja honum, og ótrúlegt væri, að ekki slæddist einnig með 2 af hinum þjóðkjörnu; mundi þá stjórnarflokkurinn geta rutt 16, en mótflokkurinn 8. Báðir flokkar yrðu þá jafnir. Með hlutkesti skal þá ryðja tveimur tylptum, eru þá eptir 24 kosnir og 6 lögfræðingar. Nú ryður ráðherrann 11 en sóknari 4, og hefir ráðherrann þá hreinsað svo til, að líklega yrðu tómir hans menn eptir. Jeg tel það ábyrgðarhluta, að samþ. lög, sem að eins eru til að sýnast, og því síður mun jeg gefa þeim atkvæði mitt, ef ákvæðið um útskriptir úr gjörðabókinni verður fellt í burtu.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það virðist vera merkilegt skilningsleysi hjá hinum háttv. 2. þm. G.-K., að leggja svo mikla áherzlu á, að þetta útskriptarákvæði haldist, þar sem þó annarsstaðar í lögunum er skýrt ákveðið, að leita skuli *allra* sannanagagna, og svo framarlega sem útskript úr gjörðabók ríkisráðsins er sönnunargagn, þá fellur hún auðvitað líka undir þetta ákvæði, því að í því er gefin bæði heimildin og skyldan; furðar mig stórlega á því, að hv. þm. enn þá ekki hefur skilizt þetta.

Jeg vil leyfa mjer, að benda á, að annaðhvort af óaðgætni minni eða skrifstofunnar hafa fallið úr breyt.till. 3 orð: »Um tillögur ákærða«.

Mjer er það kunnugt, að þegar líkt hefur staðið á, hefur deildin opt skoðað slíkt sem prentvillu, og að eins látið leiðrjetta það í prentuninni. En ef háttv. forseti sjer sjer það ekki fært, þá óska jeg, að 3. umr. um þetta mál verði frestað.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg get ekki verið samþykkur þeirri skoðun, sem kom fram hjá háttv. 2. þm. G.-K., bæði við 2. umr. og nú aptur í síðustu ræðu hans. Hann tekur það hvað eptir annað fram, að dómendur muni ekki dæma eptir lögunum, heldur eptir tilfinningum sínum, líklega þá flokkstilfinningu. Honum virðist ekki geta komið til hugar, að menn úr sama flokki dæmi öðru vísi en vilhallt. Þannig telur hann það víst, að hinir 6 kgk. jafnan muni fylgja ráðherranum. Jeg fyrir mitt leyti vil frábiðja mjer þessar ósæmilegu aðdróttanir, og jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. þm., hvort rödd samvizkunnar muni ekki hjer sem annarsstaðar gjöra vart við sig; að minnsta kosti vil jeg ekki gjöra 2. þm. G.-K. þær getsakir, að hann dæmi eptir öðru en henni og lögunum, þegar hann situr í dómarasæti.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. K.-G.): Jeg held því enn fram, að tilfinningar geti verkað svo á menn, að þeir fari fremur eptir þeim heldur en strangri rjettvísi. Þar með er engan veginn sagt, að þeir dæmi á móti beztu samvizku, heldur hitt, að flokkstilfinning-

in verkar ósjálfrátt. Bæði í trúarbrögðum og pólitík er það alkunnugt, að menn að eins sjá eina hlið málsins, og láta tilfinningarnar ráða mestu. Þessa eru nóg dæmi í sögunni, svo ekki verður um þráttað. Það er heldur ekki að eins jeg, sem held þessu fram, heldur gengur allt frumv. út frá þessu. Bæði ruðningsreglurnar o. fl. ákvæði sýna það ljóslega. Jeg vona því, að háttv. þm. sjái, að hjer getur ekki verið að ræða um neinar aðdróttanir frá minni hálfu.

Ráðherrann: Því fer mjög fjarri, að jeg sje ósamþykkur efnisákvæðinu um útskriptina, en hitt finnst mjer nokkuð ankannalegt, að ganga út frá því, að málin sjeu ætíð þess eðlis, að hún sje viðeigandi sönnunargagn. Jeg álít gjörsamlega sjálfsagt, að leita hennar, ef þörf gjörist, og geng út frá því, að þó ríkisráðið yrði ekki skyldað til að gefa hana, að þá yrði því þó ekki neitað. Mjer virðist það mjög einkennilegt, að halda því fram, að ákvæðið um $^4/_5$ dómenda í stað $^3/_4$ (*Valtýr Guðmundsson*: $^2/_3$) gjöri frv. algjörlega ómögulegt. Þetta virðist mjer vera grýla tóm, eins og svo margar aðrar úr þeirri átt, enda æði merkilegt, að ætla, að 4 dómendur af 15 muni dæma vísvitandi rangt. Hjer er heldur ekki eingöngu verið að ræða um, að dómfella, heldur yfir höfuð, að dæma rjettláta dóma. Jeg ímynda mjer, að enginn geti í alvöru ímyndað sjer, að jeg haldi með þessari breytingu til þess, að vernda sjálfan mig, að jeg sje svo skammsýnn, að mjer ekki sje ljóst, að innan skamms tíma geti svo farið, að þeir menn skipi ráðherrasæti, sem jeg hefði ekki neina ástæðu til, að láta mjer annt um, að vernda framar en rjett væri. Það er eingöngu með tilliti til framtíðarinnar, og vegna rjettlætistilfinningar yfir höfuð, að jeg álít rjett, að þetta ákvæði sje sett eins og í stjórnarfrumv., því jeg vil heldur, að einn sekur sleppi, heldur en að saklausir menn verði dómfelldir. Munurinn á $^4/_5$ og $^2/_3$ verður heldur ekki meiri en svo, að í öðru tilfellinu þarf 10 af 15 til að dómfella, en í hinu 12 af 15. Jeg á erfitt með að skilja, hvernig háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) getur í alvöru kallað frumv. sýnibragð eða leiksopp, þar sem munnmæli þessi styðjast ekki við nein rök. Og þó háttv. þm. G.-K. (V. G.) snúist á móti frumv.. þá vona jeg, að nógu margir aðrir verði til að styðja það hjer í deildinni, þar á meðal háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. J.), sem þó ekki getur verið þekktur fyrir, að fylgja háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) til þessarar kreddu.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (156) við 6. gr. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. (159) við 11. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till. (156) við 11. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. (141) við 12. gr. samþ. með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkv.greiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Eiríkur Briem,
Jón Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Ág. Flygenring,	Sig. Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,	Sig. Stefánsson,
Gutt. Vigfússon,	Valtýr Guðmundss.,
Jón Jakobsson,	Þorgr. Þórðarson.
Þórarinn Jónsson.	

3. breyt.till. (156) við 16. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. með 11 samhlj. atkv., og sent forseta Nd.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frv. til 1. umr. (A. 165).

Ráðherrann: Jeg þarf ekki að vera langorður um þetta frumv., því það er gamall kunningi hjer í deildinni. Það var samið á alþingi 1903 og gekk gegnum þessa deild. Þá var sett nefnd í málið, og það svo samþykkt við allar umræður, og sent sem samþykkt í einu hlj. til Ed.

Háttv. þm. þekkja því aðalstefnu frumv., því það er lagt fyrir þingið nú fremur lítið breytt frá því, sem það var 1903. En bæði stjórnarráðið og Ed. hafa þó gjört nokkrar breytingar á því, bæði á efni og orðalagi. Jeg býst við, að menn kunni betur við, að lítið sje á þessar breytingar af nefnd, og sje jeg ekkert á móti því, þótt nokkuð sje áliðið þingtímann. Það ætti ekki að tefja mjög fyrir málinu eða stofna því í neina tvísýnu.

Aðal-breytingarnar eru þessar: Í þessu frumv. 3. gr. er gjört ráð fyrir, að í landsdóminum eigi sæti 6 sjálfkjörnir lögfræðingar, en í hinu áttu þeir að vera 3.

Ákvæðinu um kosningu í dóminn hefur verið breytt þannig, að þegar kjósa skal fleiri en einn í kjördæmi, þá getur hver sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krafizt hlutfallskosningar, sem fer fram samkvæmt fyrirmælum þingskapanna um slíka kosningu.

Enn fremur eru gjörðar talsverðar breytingar á ákvæðunum um meðferð málanna fyrir dóminum. Og að lokum er í 16. gr. ákveðið, að $^4/_5$ í stað $^2/_3$ allra dómenda, er taka þátt í dómsuppkvaðning, þurfi að vera sammála til þess, að dómfella ákærða.

Jeg skal ekki þreyta háttv. deild á því, að fara frekar út í þetta, því að væntanlega verður sett nefnd í málið, og geymi jeg því athugasemdir mínar, þangað til það kemur til 2. umr.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að 5 manna nefnd sje kosin í málið.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþykkt í einu hljóði, að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Þessir 9 þingdeildarmenn æsktu hlutfallskosningar:

Skúli Thoroddsen, Björn Bjarnarson, Guðl. Guðmundsson, Magnús Andrjesson, Einar Þórðarson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Ólafur Thorlacius, Ólafur Briem, Jón Jónsson.

Við hlutfallskosninguna hlutu þessir 4 kosningu:

Lárus H. Bjarnason.
Skúli Thoroddsen,
Guðlaugur Guðmundsson,
Björn Bjarnarson.

Fór þá fram óbundin kosning á 5. manni í nefndina; en enginn fjekk næg atkvæði. Hermann Jónasson fjekk 12 atkv., en Ólafur Briem 10 atkv.

Fór þá aptur fram óbundin kosning, og var þá kosinn

Hermann Jónasson með 14 atkv.

Ólafur Briem fjekk 9 atkv.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður og Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögumaður.

Á 44. fundi Nd., miðvikudag 23. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 165, 490, 541).

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mjer finnst markvert að geta þess stjórninni til lofs, að hún hefur borið fram þetta frumv., að mestu leyti samhljóða frumv. því um landsdóm, sem þingið 1903 hafði til meðferðar, og þess má líka geta í þessu sambandi, að hún hefur fengið staðfest ráðherraábyrgðarlögin, sem

sama þing samþykkti, en fyrverandi stjórn hafði lagt á hilluna.

Háttv. þm. geta sannfært sig um, að þetta frumv. er í öllum aðalatriðum samhljóða frumv. frá 1903. Þær helztar breytingar hafa verið gjörðar á því, að í þessu nýja frumv. er gjört ráð fyrir, að í landsdóminum sitji 6 sjálfkjörnir lögfræðingar, og sömuleiðis gjörðar breytingar á ruðningi dómsins. Þar sem í frumv. 1903 hafði verið gjört ráð fyrir, að amtsráðin skyldu ryðja úr dóminum, þá hefur Ed. verið ætlað það í þessu frumv. Það var ekki nema sjálfsögð breyting, þar sem gjört er ráð fyrir því nú, að amtsráðin verði lögð niður.

Þegar frumv. fór hjeðan úr deildinni 1903, þá var það ákvæði í því, að sóknari skyldi ætíð leita útskriptar úr gjörðabók ríkisráðsins. Þetta ákvæði hefur nú verið fellt burtu, enda á það hvergi nærri alls staðar við. Það getur ekki komið til mála, að öll afbrot ráðherrans sjeu svo vaxin, að upplýsinga um þau sje að leita í gjörðabók ríkisráðsins. Þau afbrot, sem hann kynni að gjöra sig sekan í hjer á landi, sem vitanlega geta verið margvísleg, verða því ekki upplýst með slíkri útskript.

Í frumv. 1903 var það og ákveðið í frumv., að $^2/_3$ hlutar landsdómsins yrðu að vera sammála, til þess að ákærði yrði sakfelldur. Þessu hefur nú verið breytt í $^4/_5$. Ef þessu yrði nú breytt aptur, þá væri frumv. þar með stofnað í hættu. Þess vegna verð jeg að leggja á móti breyt.till. háttv. meðnefndarmanns míns, þm. N.-Ísf. (Sk.Th.); jeg býst við, að yrði hún sþ., nú undir þinglok, ofan í mjög sterkan meiri hluta Ed., að þá gæti svo farið, að frumv. yrði ekki samþ. á þinginu, og teldi jeg það illa farið, enda er hjer um ekkert nýmæli að ræða; þvert á móti mun það vera algild regla, þar sem kviðdómar eru, að það þarf samhljóða atkv. allra kviðdómendanna til þess að sakfella ákærða, og landsdómurinn er að því leyti til líkur kviðdómum, að flestir af dómendunum munu vera ólögfróðir. Jeg skal taka það fram, að mjer er það ekki neitt kappsmál, hvort heldur verður ofan á, en það er sem sagt líklegt, að frumv. dagaði uppi á þessu þingi, ef breyt.till. gengi fram.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta, fyr en háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefur fært fram ástæður fyrir breyt.till. sínum.

Skúli Thorsddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg skal að eins fara fáum orðum um breyt.till. mína við frumv. Jeg hef ekki getað orðið samdóma háttv. meðnefnarmönnum mínum í þessu máli.

Í frumv. er gjört ráð fyrir því, að til þess að ráðherrann verði sakfelldur þurfi $^4/_5$ hluta landsdómsins að vera á einu máli um það. Það er og gjört ráð fyrir, að dóminn sitji 15 menn: 12 kjörnir og 3 lögfræðingar, eptir það er hann hefur ruddur verið, sem lögin gjöra ráð fyrir, en að dómurinn geti þó fjallað um málið, svo að löglegt sje, þó að eigi mætti fleiri en 10. Ef $^4/_5$ hluta landsdómsins þarf til að sakfella ráðherrann, þá verða 12 að vera sammála um það, ef allir 15 dómendurnir sitja dóminn. Ef þessu ákvæði er haldið, þá gjörir það ráðherraábyrgðarlögin þýðingarlaus, eða harla þýðingarlítil, því að það er varla hugsanlegt. að ráðherrann verði nokkurn tíma dæmdur sekur, ef þessum ákvæðum frumv. er haldið óbreyttum. Það er ekki að búast við, að það komi opt fyrir, að ráðh. verði ákærður, varla optar en einu sinni til tvisvar á öld, eða svo, því að það á aðallega að

vera siðferðislega ábyrgðin, sem hefur áhrif á ráðherrann. Jeg gjöri því ráð fyrir, að þessum lögum verði örsjaldan beitt.

En það er þó viðurhlutamikið, að gjöra lögin svo úr garði, að ráðh. eigi það hjer um bil víst, að hann verði ekki sakfelldur. Hann gæti skákað í því skjólinu, og leyft sjer óhræddur ýmislegt, sem hann eigi mundi voga, ef ábyrgðarlögin veittu honum hæfilegt aðhald. Þess vegna tel jeg betra að ákveða töluna lægri, svo að eins þurfi $^2/_3$ hluta, til þess að sakfella ráðh.; með öðrum orðum, að ef landsdóminn sitja 15 menn, þá þurfi að eins 10 til þess. Jeg held, að með þeirri tölu þurfi ekki að óttast rangláta dóma. Það er og vert að gæta þess, að ruðningi dómsins er þannig háttað, að Ed. á að nefna 24 úr dóminum af 72 kjörnu dómurunum. En í Ed. eiga einmitt sæti 6 kgk. þm., og er það því ráðh. í hag, ef Ed. riður fyrst dóminn, auk þess er kærði ryður síðar sjálfur 9 hinna kjörnu dómanda, eptir að 24 dómendur hafa verið kvaddir úr dómnum með hlutkesti í sameinuðu alþingi.

Með þessum ákvæðum er því allt of mikið gjört, til þess að tryggja það, að ekki fáist dómur yfir ráðherrann; en það tel jeg ekki rjett, þar sem aðaltilgangur þessara laga á að vera sá, að veita ráðherranum hæfilegt aðhald, og þessvegna álít jeg það rjett, að samþ. breyt.till.

Háttv. framsm. (L. H. B.) tók fram, að breyt.till. þessi væri í fullu samræmi við frumv., sem lá fyrir þinginu 1903, en hann áleit hætt við því, að frumv. þetta næði eigi fram að ganga í efri deild, ef breyt.till. yrði samþ. En jeg er alls óhræddur við það. Jeg held eigi, að háttv. Ed. fari að gjöra þetta að kappsmáli, enda nægur tími til þess, að málið komi aptur til einnar umr. hjer í deildinni.

Mjer er þetta að vísu ekki neitt sjerstakt kappsmál, en jeg taldi þó rjett, að koma fram með þessar breyt.till., til þess að gefa háttv. Nd. tækifæri til að íhuga þær.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háltv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hjelt því fram, að ef $^4/_5$ þyrftu til þess að dómur gæti gengið móti ráðherranum, þá mundi dómurinn þýðingarlítill og leiða til þess, að ráðherrann yrði sýknaður í flestum tilfellum. Jeg vona þó, að eigi beri að skilja orð háttv. þm. svo, að hann vilji, að ráðherrann verði alltaf sakfelldur. Það hefur hingað til þótt sjálfssögð meginregla fyrir skipun dómstóla og rjettarfars, að tryggja sjer öllu öðru fremur, að saklaus maður verði ekki sakfelldur. Og þá ætti sú regla ekki hvað síst að gilda hjer, þar sem flestir dómendurnir verða ólögfróðir og auk þess líklega flestir eða allir með ákveðnum pólitiskum lit. Og ekki má heldur leggja of mikið í ruðning dómsins. Fyrst og fremst ryður Ed. eptir hlutfallskosningu, og svo verður vel að gæta þess, að hlutkestið á 24 dómendum í sameinuðu þingi getur hæglega sópað öllum skoðunarbræðrum ráðherrans burt. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að skilja svo orð háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og tölu flutnm. breyt.till. svo, að þetta eigi að vera flokksmál þeirra megin. Það er allt annað en flokksmál eptir eðli sínu, enda var það samþ. í Ed. með 10 : 3 atkv., og af því atkvæðamagni dreg jeg þá ályktun, að málinu væri stofnað í hættu, ef því yrði breytt hjer í deildinni, og að því vil jeg ekki vinna.

Ráðherrann: Jeg ímynda mjer, að þetta mál sje alls ekki flokksmál, en hjer er aðeins um það að ræða að í

framtíðinni verði enginn maður, sem dómur þessi dæmir, ranglega sakfelldur. Háttv. framsm. gat þess, að það ákvæði, að Ed. skyldi taka 24 menn burt úr dómnum, væri ráðherranum í hag; en jeg býst miklu fremur við, að það ákvæði verði honum einmitt í óhag, því ekki verður mál höfðað á móti ráðherranum, fyr en hann er kominn frá embætti og þar af leiðandi í minni hluta, svo jeg ímynda mjer að Ed. sópi þeim helzt burt úr dómnum, sem hún býst við að verði meðmælendur ráðherrans. Svo ræður líka hlutkesti. Annars er munurinn ekki eins mikill og háttv. þm. N.-Ísf. sagði, það munar aðeins 2 mönnum, því í öðru tilfellinu þarf 10 samhlj. atkv., en í hinu 12 (ef það þarf $^4/_5$). Væri um augljósa sök að ræða, ætti því að vera nóg er 3 heiðarlegir menn ekki vildu dæma á móti betri vitund. Það er heldur ekki æskilegt, að dómurinn keppi um að sakfella jafnan hinn ákærða. »In dubio meliori« er algild regla, og álít jeg, að fremur ætti að haga svo til, að sýkna þann, sem sekur er, en að sakfella þann, sem er sýkn.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það var ekki rjett hjá háttv. þm. Snæf., að jeg hefði gefið í skyn, að jeg kysi, að svo væri um hnútana búið, að ráðh. yrði einatt sakfelldur. Það er mjer alls ekkert áhugamál, en hitt er mjer áhugamál, að lögin verði svo úr garði gjörð, að ekki megi ganga að því vísu, að ekki sje til neins að höfða mál. Landsdómslög þessi eiga að verða eins konar viðbót við ábyrgðarlögin, og nokkurs konar trygging þess, að stjórnarskrárbreytingin verði þjóðinni sem farsælust; og það má gjöra ráð fyrir, að hann eigi um ýms þau mál að fjalla, sem hafa mikla þýðingu fyrir þjóðfjelagið, og þess vegna er það ekki gott, að ráðherrann geti beinlínis byggt á því, að hann verði sýknaður, og leyfi sjer því ef til vill ýmislegt í því trausti, sem hann eigi hefði vogað ella. Jeg held, að það sje misskilningur hjá hæstv. raðh., að dómruðningin fari eigi fram, fyr en hlutaðeigandi ráðherra væri farinn frá embætti, því jeg get ekki skilið þessi lög öðruvísi, en svo, að menn verði þegar kosnir í dóminn, er þau eru samþykkt, og sitji svo í honum æfilangt, unz dauðinn kveður þá úr heimi þessum, og Ed. þess þings, sem kemur saman næst á eptir kosningu dómaranna, ryður dóminn, svo að það er ekkert víst, að ráðherrann verði þá kominn í minni hluta. Jeg skal að öðru leyti ekki fara frekar út í þetta, en jeg er á þeirri skoðun, að rjett sje að láta nægja $^2/_3$ samhljóða atkv. til dómfellingar; álít jeg, að í því ákvæði felist næg trygging þess, að ráðh. þurfi ekki að óttast ranga dóma; en hinu má ekki gleyma, hve nauðsynlegt það er, að gjöra dóminn svo úr garði, að lög þessi sjeu aðhald fyrir ráðherrann.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Ísf. má ómögulega ganga út frá því, að dómurinn verði »partiskur« ráðherra í vil. Eptir samsetningu dómsins mætti engu síður ætla hið gagnstæða. og það vil jeg þó ekki. Það er víst líka alveg rjett hjá hæstv. ráðh., að mál verði að jafnaði ekki höfðað á móti ráðh., fyr en hann er kominn frá embætti. Það er ótrúlegt, að gripið verði til þeirra örþrifsráða, að lögsækja ráðherrann, sem háttv. þm. N.-Ísf. bjóst við að ekki kæmi fyrir nema 1 sinni til 2var á öld, fyr en hann hefði sýnt, að hann beygði sig ekki fyrir hinum þinglegu áhrifum.

ATKVGR.: 1., 2., 3., 4. og 5. gr. samþykktar í e. hlj.

6., 7., 8., 9. og 10. gr. samþ. í e. hlj.

11., 12., 13., 14. og 15. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. (541) við 16. gr. felld með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson,	Árni Jónsson,
Einar Þórðarson,	Jón Magnússon,
Magnús Andrjess.,	Björn Bjarnarson,
Ólafur Briem,	Eggert Pálsson,
Ólafur Ólafsson,	Guðl. Guðmundss.,
Skúli Thoroddsen,	Guðm. Björnsson,
St. Stef., þm. Skgf.	Hannes Hafstein,
	Hannes Þorsteinss.,
	Herm. Jónasson,
	Jóhannes Ólafsson,
	Jón Jónsson,
	Lárus H. Bjarnas.,
	Magnús Kristjánss.,
Já:	*Nei:*
	Ólafur Thorlacius,
	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., þm. Eyf.,
	Tryggvi Gunnarss.,
	Þórh. Bjarnarson.

16. gr. óbreytt, samþ. með 19 atkv. samhlj.

Frumv. vísað til 3. umr. með 19 atkv.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXXII. Hlutleysisstaða ríkisins.

Á 4. fundi Ed., miðvikudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um hegning fyrir tilverknað, er stofnar hlutleysisstöðu ríkisins í hættu, til 1. umr.

Ráðherrann: Frumv. þetta er lagt fyrir þingið til þess að fullnægja fyrirmælunum í 11. gr. stjórnarskrárinnar, og er það í öllu samhljóða bráðabirgðarlögum frá 4. marz f. á. og lögum fyrir Danmörku frá 13. febr. f. á. um sama efni; munurinn er að eins sá, að í dönsku lögunum er ákveðið, að þau skuli að eins gilda í 2 ár, en hjer er þessu ákvæði sleppt; það virðist eigi nauðsynlegt, að binda gildi laganna við vissan árafjölda, þar sem engin ákvæði eru í lögunum, er eigi geti verið föst regla á ófriðartímum, þegar danska ríkið er hlutlaust í þeim ófriði.

Jeg vona, að háttv. þingdeild hafi eigi neitt á móti þessu frumv. og láti það ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 7. fundi Ed., laugardaginn 8. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv.).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi Ed., þriðjudaginn 11. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 66).

Ráðherrann: Þegar stríðið byrjaði milli Rússa og Japana, voru lög, sama efnis og þessi, gefin út í Danmörku, og þótti nauðsynlegt, að samskonar lög væru einnig gefin út fyrir Ísland, með því að alþingi var ekki fyrir hendi, voru því gefin út bráðabirgðarlög þau, sem fylgja stjórnarfrumv. sem fylgiskjal. Í Danmörku var gildi laga þessara takmarkað við 2 ára tímabil, en í þessu frumv. er því ákvæði sleppt, svo að lögin geta gilt um óákveðinn tíma.

Frumv. þetta er lagt fram samkv. 11. gr. stjórnarskipunarlaganna, og vona jeg, að hin háttv. deild samþ. það.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXXIII. Lögaldursleyfi kvenna.

Á 4. fundi Ed., miðvikudaginn 5. júlí, kom frumv. til laga um lögaldursleyfi handa konum til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta litla frumv. þarf eigi mikilla skýringa við. Þótt undarlegt megi virðast, er eigi hægt eptir gildandi lögum, að veita konum lögaldursleyfi. Í Danmörku hefur þessu nýlega verið kippt í lag að nokkru leyti, og þar sem ófullveðja kona hefur nýlega sótt um lögaldursleyfi hjer á landi, en eigi getað fengið það, þá er nú reynt að bæta úr þessum galla á löggjöfinni með því að leggja þetta trumv. fyrir þingið; jeg sje eigi ástæðu til að setja þetta litla frumv. í nefnd, og vona, að deildin láti það ganga greiðlega til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 7. fundi Ed., laugardaginn 8. júlí kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 47).

Sigurður Stefánsson, þm. Ísfjk., var ekki á fundi, hafði tilkynnt sjúkdómsforföll.

Björn M. Ólsen (3. kgk.): Breyt.till. sú, sem jeg hef leyft mjer að koma fram með, er ógnarlega einföld, nefnilega að setja í texta laganna orðið »kvennmönnum« í staðinn fyrir »konum«. Jeg hef viljað gjöra þessa breytingu til þess, að útiloka allan misskilning, því að í vanalegu daglegu máli, er orðið kona haft að eins um giptar konur, en meining frumvarpsins er

auðsjáanlega sú, að þetta orð eigi við bæði gipta og ógipta kvennmenn, eins og sjest af athugasemdunum við frumv., en ef maður heldur orðinu »konum« þá verður maður að breyta orðinu »karlmönnum« í »körlum« síðast í frumv.

Jeg vona svo, að háttv. deild lofi þessari stuttu breyt.till. að komast að.

Eiríkur Briem (2. kgk.): Jeg get verið samþykkur þessari breyt.till., en jeg vil að eins leyfa mjer að benda á, að ef hún verður samþykkt, þá verður um leið, að sjálfsögðu að breyta fyrirsögn laganna.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg get alls ekki fellt mig við þessa breyt.till., og álít hana alveg óþarfa, með því að það getur ekki valdið neinum misskilningi, eins og frumv. er orðað, þar sem það er skýrt tekið fram í athugasemdunum við frumv., hvaða þýðingu eigi að leggja í þetta orð, og mjer þykir miklu fallegra mál, að orða það eins og gjört er í frumv., en aptur á móti hefði jeg gjarnan verið með því, að breyta »karlmönnum« í »körlum« síðast í frumv.

Björn M. Ólsen (3. kgk.): Jeg get ekki verið háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) samdóma um, að þetta sje óþörf breyting, sem jeg hjer hef leyft mjer að koma fram með, og jeg verð að halda því fram, að orðið »kvennmaður«, sje eins gott og gilt orð og »kona«, og auk þess hefur það þann kost, að það er ótvírætt og fyrirbyggir allan misskilning, og ef það er sett inn, þarf ekki að fara í ástæðurnar fyrir frumv. til þess að sjá hvað meint er.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Af því, að þessi breyt.till. er nú einu sinni komin fram, þá mun jeg greiða atkvæði með henni; en jeg hefði betur getað fellt mig við, að orðinu »karlmönnum« hefði verið breytt í »körlum«; mjer þykir það fallegra mál, eins og háttv. 2. þm. G.-K. tók fram; en úr því að slík breyt.till. ekki liggur fyrir, þá vil jeg heldur, að því sje breytt, eins og hjer er farið fram á, samræmisins vegna. Jeg skyldi ekkert hafa á móti því. að komið væri fram með breytingartill. við 3. umr., er færi fram á, að láta standa »konum og körlum« í staðinn fyrir »kvennmönnum og karlmönnum«.

ATKVGR.: Breyt.till. (47) samþ. með 7 : 1 atkv.

Meginmál frumv. með áorðinni breytingu samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. breytt samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 9. fundi Ed., þriðjudaginn 11. júlí. kom frumv. til 3. umr. (A 52,58).

Allir á fundi nema Þorgrímur Þórðarson, þm. A.-Sk.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg þarf ekki að tala langt fyrir þessari breyt.till. Það kom til orða við 2. umr. hjá ýmsum háttv. þingdm., að þeim líkaði betur að halda orðinu »konum« og breyta þá orðinu »karlmönnum« í »körlum«. Það sem vakti fyrir flutningsmanni breyt.till. þeirrar, sem komst að við 2. umr., var auðsjáanlega það, að fá samræmi í texta laganna; en okkur, sem þessa breyt.till. flytjum, þykir fallegra að hafa »konum og körlum«, en »kvennmönnum og karlmönnum«. Hvorttveggju orðin eru auðvitað góð og gild, og er þetta því smekks- og tilfinningarmál og annað ekki. Við 2. umr. þessa máls var fyrirsögn frumv. raunar aldrei breytt; en til þess samt að taka af allan vafa, þá þótti okkur þó rjettara að taka fram í 2. lið breyt.till.. að fyrir-

sögnin skyldi vera í samkvæmni við breytinguna.

Björn M. Ólsen (3. 'kgk. þm.): Jeg verð að segja, að jeg fyrir mitt leyti felli mig betur við, að frumv. sje orðað eins og það var samþ. við 2. umr. Að vísu álít jeg það ekki neitt »kapítalspursmál«, hvort í frumv. stendur: »kvennmönnum« og »karlmönnum« eða »konum« og »körlum«. Það, sem er mest áríðandi, er, að texti laganna sje skýr og skilmerkilegur, og að ekki sje neitt orð í honum, sem er tvírætt.

Satt að segja finnst mjer þessi breyt.-till. vera bæði gagnslaus og óþörf, og að eins til að tefja tímann og lengja umr. Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, að sjer þætti fellegra »körlum« og »konum« en »karlmönnum« og »kvennmönnum«, en gat þess jafnframt, að það væri tilfinningamál, þá er til þess að segja, að það, sem liggur til grundvallar fyrir þessari tilfinningu, er að eins það, að »körlum« og »konum« er algengara í fornmálinu, en hitt í nútíðarmáli. Jeg sje enga ástæðu til, að vera að sýna lærdóm sinn og fordild með því að vera að troða inn úreltum orðum, þar sem maður hefur til góð og gild orð í nútíðarmálinu. Mjer fyrir mitt leyti finnst »karlmönnum« og »kvennmönnum« fullt eins falleg íslenzk orð eins og »körlum« og »konum«. Mjer finnast þau einmitt svo sjerstaklega þýð og skýr, af því að þau taka svo skarpt fram hugsunina. Síðari liðurinn táknar »genus«, en hinn fyrri »sexus«.

Auk þess hafa orðin »kvennmönnum« og »karlmönnum« þann kost, að þau eru ótvíræð, en hin orðin» konur« og »karlar« hafa í nútíðarmáli vanalega sjerstaka þýðingu, nefnilega giftar konur og gamlir karlar.

Ef maður. t. d. segir við einhvern: »Jeg mætti í dag 2 konum og körlum«, þá mundu flestir skilja það svo, að átt væri við giptar konur og sextuga til sjötuga karlmenn. Mjer er þetta að vísu ekkert kappsmál, en mjer þykir undarlegt, að vera að gjöra sjer tildur til að lengja umr. með því, að koma fram með breyt.till., sem eru þýðingarlausar og gagnslausar.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Sem einn af meðundirskrifendum þessarar breyt.till. vil jeg leyfa mjer að lýsa yfir því, að það er ekki til að sýna lærdóm eða fornmálsþekking, að jeg er með þessari breyt.till.; frá því sjónarmiði stendur mjer alveg á sama, hvor orðin eru notuð. Mjer þykir »körlum« og »konum« fallegra og er það að eins smekksmál, og svo að jeg noti hina gömlu reglu: *De gustibus non est disputandum*, þá ætla jeg ekki að orðlengja með því að færa önnur rök fyrir þessari breyt.till.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 58 samþ. með 8 : 3 atkv.

Meginmál frumv. svo breytt samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. svo breytt samþ. í einu hlj.

Frumv. í heild sinni samþ. í einu hlj., og afgreitt til forseta Nd.

Á 11. fundi Nd., föstudaginn 14. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 63).

Ráðherrann: Það er fátt og lítið um þetta frumv. að segja. Það fer fram á rjettarbót, sem virðist vera sjálfsögð: að konur fái sömu rjettindi og karlmenn, til þess að fá lögaldursleyfi, þegar þær þurfa á slíku að halda.

Flestir munu hafa gengið út frá því, að þetta væri hægt, en svo er ekki, því að slíkar undanþágur höfðu eigi komið fyrir áður en stjórnarskráin

kom út; til þess þarf sjerstaka lagaheimild. Ed. hefur þegar samþykkt frumv. í einu hlj. eg vona jeg, að það fái sömu viðtökur hjer í þingdeildinni.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2 umr. í einu hlj.

Á 13. fundi Nd., mánudaginn 17. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 18. fundi Nd., laugardag 22. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXXIV. Málaflutningsmenn við yfirdóminn.

Á 3. fundi Ed., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um málaflutningsmenn við yfirrjettinn í Reykjavík til 1. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þótt frumv. þetta sje eigi langt eða yfirgripsmikið, þá álít jeg samt rjett, að það sje athugað í nefnd, einkum til þess að athuga það, hvort eigi væri ástæða til að taka skrefið fyllra en hjer er gjört; enda virðist stjórnarráðið, eptir því, sem í athugasemdunum stendur, eigi vera því mótfallið, að ganga enn þá lengra, þannig að gefa málfærslustarfið alveg laust, svo að til dæmis lögfræðingar, sem unnið hafa vissan tíma hjá lögfræðislegum embættismönnum, fái málaflutnings-*rjett*.

Ennfremur getur það komið til athugunar, hvort ekki væri rjett að fella alveg niður laun málaflutningsmanna við yfirdóminn, þar sem svo margir lögfræðingar mundu fást til að taka að sjer málfærslustörfin við yfirrjettinn, enda eru lögfræðingastörf hjer orðin svo mikil og arðvænleg, að duglegir lögfræðingar geta haft hjer hærri tekjur, en megnið af embættismönnum landsins með föstum launum. Þessi atriði álít jeg æskilegt að athuguð væru í nefnd, og vildi jeg því stuttlega vekja athygli á þeim til athugunar fyrir hana, og skal jeg svo leyfa mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mjer finnst þetta vera svo óbrotið mál og svo lítil líkindi til, að það veki neinn verulegan ágreining hjer í deildinni, að jeg álít óþarfa að setja það í nefnd, enda munu svo mörg mál verða sett hjer í nefndir, að þær munu eiga fullt í fangi með að ljúka við þau. Að því er það atriði snertir, að afnema alveg einkarjett núverandi málflutningsmanna, þá má gjöra það með einfaldri breyt.till., og hygg jeg eigi, að það mundi valda neinni sjerlegri mótspyrnu hjer í deildinni. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á því, að frumv. verði látið ganga nefndarlaust til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg held því ekki svo sjerlega fast fram, að frumv. verði sett í nefnd og get fallizt á, að það verði látið ganga nefndarlaust til 2. umr., en jeg álít samt hægra að átta sig á einstökum

atriðum málsins með því að athuga það í nefnd; þannig getur það t. d. verið álitamál, hve langt menn eigi að ganga með rýmkun rjettindanna; því að nokkrir málfærslumennirnir við yfirrjettinn verða þó líklega að hafa dálítil rjettindi fram yfir aðra lögfræðinga, ef öll föst laun eru í burtu felld.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Stungið var upp á 3 manna nefnd, en sú uppástunga felld með 8 : 4 atkv.

A 10. tundi Ed., fimmtudaginn 13. júlí, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv., A. 64).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Hjer liggja fyrir langar breyt.till., viðvíkjandi frumv. þessu, en jeg verð að játa, að á þingæfi minni hef jeg eigi sjeð fáránlegri breyt.till.; virðast þær að eins vera gjörðar til þess, að koma fram með breyt.till., en nú skal jeg nánar athuga hinar einstöku tillögur.

Breyting sú, sem farið er fram á í 1. gr., hlýtur að vera sú, að allir, sem hafa leyst af hendi próf, sem gefur aðgang að embættum hjer á landi, eigi heimting á, að fá leyfið hjá ráðherranum, því að ef það er skilið á annan veg, þá er það vitleysa ein og engin breyt.till., en jeg verð þó að ætla, að eitthvert vit sje í tillögunum. En þótt jeg skilji breyt.till. þannig, get jeg alls eigi verið henni meðmæltur, því að það er kunnugt, að margir slarkast gegnum próf, sem þó eigi eru þeim starfa vaxnir, er hjer ræðir um; sömuleiðis getur það átt sjer stað, að sá, sem tekið hefur próf, og þá er hæfur til þessa starfa, verði síðar óhæfur, en það er ekkert getið um það, hversu langur tími mætti líða frá prófi til þess, er hann fengi starfa þenna.

Næsta breyting gengur út á það, að bæta inn í orðunum »og hjeraðsdóm í Reykjavík«. Það er merkilegt, að hinn háttv. tillögumaður skuli eigi vita, að það er nú og hefur verið öllum frjálst, að flytja mál við hjeraðsdóminn í Reykjavík, eins og allstaðar annarsstaðar á landinu. Breyting þessi byggist því á vanþekkingu, og auðvitað óþörf eptir því, sem jeg þegar hef sagt. Þess verður að gæta, að hjer er eigi verið að ræða um, að taka neitt einkaleyfi af neinum.

Þriðja breytingin fer fram á það, að á eptir 1. gr. komi ný gr., sem verði 2. gr., og er sú tillaga eigi betri en hinar, því að svo lítur út, sem að háttv. tillögumaður viti eigi, að það, sem farið er fram á að verði samþykkt í þessari grein, hafa verið lög hjer síðan á dögum Kristjáns 7. Það er að misbrúka þingtímann, að koma fram með slíkar breyt.till. 2. gr., sem á að vera 3 gr., gæti verið mikið skoðunarmál hvort eigi ætti að standa, og mundi vel geta staðið einstök.

Breytinguna á eptir 2. gr., sem á að vera 4. gr., get jeg ekki heldur fallizt á.

Þá er enn þá ein breyt.till., sem er enn þá undarlegri, en allar hinar, ef mögulegt er, en það er sú, sem á að koma á eptir hinni nýju 4. gr. og verða 5. gr. Ef hún yrði samþykkt, mundi Ísland vera eina landið í heimi, sem bannaði slíkt. Ef nú t. d. embættismaður fær gjafsókn, fær sjer svo málfærslumann til þess, að flytja málið, þá má hann ómögulega borga honum úr sínum vasa, þótt svo viðgangist um heim allan. Hver meining er í því, að hann megi það eigi, ef hann vill? Ef þetta yrði samþykkt, mundi staðan eigi verða eptirsóknarverð nje eptirsótt.

Í 3. gr., sem á að verða 6. gr., á líka að verða breyting eptir tillögunni,

sem eigi er betri en hinar. Það er alveg óskiljanlegt, hvers vegna á að skjóta gildi laganna á frest um óákveðinn tíma.

Breytingin á fyrirsögninni er náttúrlega hjegómi eins og hitt, en þó þyrfti þar breytingar við, ef að frumv. yrði samþykkt með breytingum háttv. tillögumanns, en jeg vona, að deildin samþykki þær eigi.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Satt að segja kom það nokkuð flatt upp á mig, hversu brátt háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.) var með að taka til máls, til þess að gjöra athugasemdir við breyt.till. mínar við frumv. þetta. Jeg hef tekið svo eptir, að það væri almenn regla hjer á þinginu, að bíða eptir skýringum þeim og röksemdum, er flutningsmenn einhvers frumv. eða breyt.till. kynnu að vilja gjöra, áður en aðrir tækju til máls; þetta hef jeg álitið, að væri venjuleg kurteisi, er sýnd væri flutningsmönnunum. En það er nú máske ekki því að heilsa hjá hinum háttv. 4. kgk. þm. Kurteisin er máske af of skornum skamti hjá honum til þess. En hefði hann getað beðið eptir því, að jeg hefði gjört grein fyrir breytingum mínum við frumv., þá hefði hann máske getað sparað sjer ýmislegt af athugasemdum sínum.

Það, sem háttv. þingm. tók fram um breyt.till. mína við 1. gr. frumv., var að því leyti rjett, að jeg vil, að málaflutningsstarfið við yfirrjettinn sje gefið frítt fyrir alla lögfræðinga, sem embættispróf hafa, og að þeir lögfræðingar, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í greininni, eigi heimtingu á því, að fá leyfi það, er greinin ræðir um. Ef þeir eru hæfir til þess, að setjast í dómarasæti, þá get jeg ekki sjeð, hvers vegna ekki mætti veita þeim leyfi til málaflutnings. Það hefur víst þráfaldlega komið fyrir, að lögfræðingar hafa verið skipaðir í dómarasæti beint frá »examens«-borðinu, og þá lítið rannsakað, hvort þeir að öðru leyti hafa verið hæfir til þess eða ekki. Þess vegna álít jeg rjett, að þeir ættu heimtingu á málafærsluleyfi, ef þeir uppfylltu hin almennu skilyrði. Jeg tók eptir þeirri hættu, er af þessu fyrirkomulagi gat stafað, og reyndi því að orða greinina þannig, að hægt væri, að skilja hana á þá leið, að stjórnin gæti neitað þeim lögfræðing um leyfið, er hún álítur óhæfan til að gegna starfanum, en að hitt væri hin almenna regla, að lögfræðingar ættu heimtingu á leyfinu. Það getur verið, að mjer hafi ekki tekizt að ná tilgangi mínum, og að mjer færari menn í þessu atriði hefðu átt að athuga frv. þetta; við 1. umr. þessa máls fór jeg fram á, að nefnd væri skipuð til að athuga frumv., en háttv. deild neitaði mjer um það, og verður hún nú að taka afleiðingarnar af þessari neitun sinni,

Háttv. þm. (J. Ól.) áleit það sprottið af vanþekkingu hjá mjer, þar sem í breyt.till. við 1. gr. frumv. standi: »og hjeraðsdóm í Reykjavík«, þar eð öllum, eptir gildandi lögum, sje heimilt að flytja mál við þann dóm. Mjer er það mjög vel kunnugt, að öllum er frjálst að flytja mál við undirrjettina á Íslandi, og þá einnig við hjeraðsdóm Reykjavíkur, en breyt.till. gengur einmitt út á, að lögfræðingar þeir, er leyfi fá til málaflutnings, fái einkarjett til málaflutnings við hjeraðsdóm Reykjavíkur eins og við yfirrjettinn. Ef breyt.till. mínar við frumv. þetta ná fram að ganga, þá er konungsúrskurður 19. marz 1858 úr gildi felldur; og vill þá háttv. þingm. halda því fram, að málaflutningur við yfirrjettinn standi öllum opinn, ef frumv.

þetta verður að lögum. Mín meining var, að lögfræðingarnir fengju einkarjett til málaflutnings við hjeraðsdóminn eins og yfirrjettinn, bæði í einkamálum og sakamálum; það er orðin svo mikil þörf á því fyrir almenning, að menn með lögfræðislegri þekkingu reki mál þeirra, eins og menn opt þurfa á lögfræðislegum ráðanaut að halda, að full ástæða virðist vera til þess, að útiloka aðra frá málaflutningum þar sem því verður við komið. Hjer virðast engin vandkvæði vera á slíku; hjer eru margir lögfræðingar, sem enga sjerstaka atvinnu hafa og fleiri munu bætast við árlega.

Háttv. þm. (J. Ól.) gat þess, að það væru gildandi lög, er stendur í gr. þeirri, er jeg ætlast til að verði 2. gr. laganna. Það er satt, en allir munu ekki þekkja þau lög. Tók jeg þetta upp í breyt.till., til þess að safna á einn stað sem mestu af þeim reglum, sem gilda um málaflutning fyrir aðra. Mjer virðist það nú mjög heppilegt, enda hefur það svo þráfaldlega verið gjört, að það þarf ekki orðum að því að eyða, að safnað sje saman á einn stað lagaákvæðum um sama efni; mætti til þess nefna mörg dæmi, svo sem sveitarstjórnarfrumv., er lögð hafa verið fyrir þetta þing af stjórninni; en þess gjörist engin þörf.

Breyt.till. mín við 2. gr. frumv., er á að verða 3. gr., gengur út á, að allir lögfræðingar, er leyfi fá samkvæmt 1. gr., fái einnig bæði einkarjett á flutningi sakamála og skyldu til að flytja þau; ætlaðist jeg til, að þau gengju eptir vissri reglu milli þeirra, líkt og venja er til við hæstarjett. Jeg vil leyfa mjer að benda háttv. þingdm. á, að það eru 2 prentvillur í breyt.till. »máta-« fyrir »mála-« og bið jeg þá að leiðrjetta þær.

Háttv. 4. kgk. þm. tók það fram, að það væri óhæfilegt, að gjöra að hegningarverðu athæfi af málaflutningsmanni, er skipaður er til að flytja opinbert mál eða gjafsóknarmál, að taka við eða láta lofa sjer aukaþóknun af þeim, er hann flytur mál fyrir. Ef slíkt væri leyft, þá sjer hver maður, að afleiðingin af því yrði sú, að mjög hægt væri að múta málaflutningsmönnum, án þess að það yrði sannað. Einnig kemur þar fram misrjetti milli hinna ríku og fátækari, og ætti þó að reyna að rýma honum burtu, þar sem því verður viðkomið; málaflutningsmaðurinn mundi fremur leggja sig í líma fyrir þann, er gæti borgað, má ske ásjálega aukaþóknun, en hinn, er ekkert gæti borgað; en þegar hann veit fyrir fram, að hann getur ekki átt von á annari borgun en þeirri, sem hið opinbera greiðir, þá mundi engin freisting vera fyrir hann að gjöra þeim ekki jafnt undir höfði, er hann flytur mál fyrir. Jeg verð því að álíta þessa breytingu mína vera til bóta.

Að breyt.till. mín viðvíkjandi borgun fyrir flutning gjafsóknarmála sje hin mesta rjettarbót, það er auðvelt að sýna fram á. Hvort heldur málið vinnst eða ekki, þá er fyrirhöfn málaflutningsmannsins sú sama, hafi hann flutt málið óaðfinnanlega. Það eru því heldur rangindi, að svipta hann allri þóknun fyrir flutning málsins, þó að hann tapi málinu, og þar að auki er mjög hætt við því, að hann leggi sig ekki eins mikið fram til að sækja eða verja mál, er honum má ske frá upphafi hefur litizt illa á, þegar hann veit fyrirfram, að hann fær ekkert fyrir það, ef það tapast.

Breyt.till. mína við 3. gr. frumv. kom jeg með af þeirri ástæðu, að mjer kom til hugar, að það væri varhugavert, að svipta þá menn, er nú hafa málaflutningsmannsstörfin á hendi, allt

í einu öllum rjettindum, þar sem þeir máske hafa sett sig úr færi að sækja um önnur embætti í þeirri von, að þeir fengju að halda starfi þessu óskertu. Það er að vísu ekki að tala um eiginlega embættismenn, en öll sanngirni mælir með því, að þeir haldi þessum starfa, einkum ef þeir hafa setið sig úr færi með að sækja um önnur embætti, og á þetta einkum við um þann eldri þeirra. Síðan jeg samdi breyt.till. mínar við frumv. þetta, hef jeg tekið eptir því, að það má finna annan veg til þess að fullnægja allri sanngirni gegn hinum núverandi málaflutningsmönnum, nefnilega að láta þá halda launum, en taka einkaleyfið. Launin eru veitt á fjárlögunum og má veita þau þessum mönnum persónulega, þó að einkarjetturinn sje af þeim tekinn; við að velja þennan veg, mundi rjettlætiskröfunni vera fullnægt. Jeg skal því lýsa því yfir, að jeg er fús á að taka breyt.till. mína við 3. gr. frumv. aptur undir þessum skilyrðum. Jeg skal ganga inn á, að nefnd verði skipuð í málið, ef það verður álitið nauðsynlegt; við 1. umr. fór jeg fram á, að svo væri gjört, en var þá neitað um það af háttv. deild; mjer fannst ýmislegt þurfa að athuga við frumv. og hef nú gjört mitt til þess, en jeg skal sízt hafa á móti því, að það verði ítarlegar gjört í nefnd.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það má segja hjer: »Margur fær lof fyrir lítið og last fyrir ekki par«. þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) bar mjer á brýn ókurteisi fyrir það, að jeg hefði tekið til máls á undan honum í máli þessu. Það var mikið fremur af kurteisi og tilhliðrunarsemi við háttv. flutnm. breyt.till. að jeg gjörði það. Jeg hugsaði sem svo, að þegar jeg sá svo margt athugavert við till. háttv. þm., þá mundu máske aðrir sjá ýmislegt fleira; jeg tók því til máls aðallega til þess, að háttv. flutnm. breyt.till. gæti svarað sem mestu í einu, og til að fyrirbyggja, að hann gæti ekki svarað nema einum eða tveimur athugasemdum; því ef einn hefði fundið þetta, annar hitt að breyt.till. hans, þá hefði hann fljótlega »dáið« sem kallað er, þar sem hann má aðeins taka tvisvar til máls.

Háttv. þm. kvað það rjett skilið hjá mjer, að meining hans með breytingunni á 1. gr. væri sú, að lögfræðingar ættu að eiga heimtingu á því að fá málaflutningsleyfi hjá stjórninni. *(Valtýr Guðmundsson:* Sem annars eru hæfir til embætta). Það stendur ekki að þeir eigi að vera hæfir. Það getur þó opt verið þörf á því, að stjórnin hefði frjálsar hendur í því tilliti, að dæma um, hvort álíta ætti einhvern lögfræðing hæfan til málaflutnings; hann gæti verið óreiðumaður í fjármálum og því viðsjárvert, að veita honum leyfið.

Háttv. þm. bar sig upp undan því, að nefnd hefði ekki verið sett í málið til þess að orða breyt.till. hans. Jeg hef aldrei heyrt fyr að skipa ætti nefnd til þess að orða breyt.till.; þeir, sem ekki eru færir um það sjálfir, ættu að fá aðra til þess fyrir sína hönd.

Þar sem háttv. þm, talar um málaflutningsleyfi við hjeraðsdóminn í Reykjavík, þá má um það segja: »Góð meining enga gjörir stoð«. Þó að lögfræðingar fengju leyfi til að flytja mál við hjeraðsdóminn, þá mundu allir aðrir hafa aðgang til þess eins og hefur verið, og þá auðvitað lögfræðingarnir sjálfir líka. Leyfið væri því bæði óþarft og gagnslaust.

Ástæðan fyrir hinni nýju grein, á eptir 1. gr. frumv., segir háttv. þm. sje sú, að almenningur þekki ekki þessi gömlu ákvæði, og sje því heppi-

legt að prenta þau upp. Jeg veit þó ekki betur, en að til sjeu mörg eldri laga ákvæði, en þessi, og sem tölulvert erfiðara er að finna. Það yrði því margt, sem endurprenta yrði, ef vel ætti að fara eptir meiningu háttv. þm.

Háttv. þm. sagði, að það væri til bóta, að það athæfi málaflutningsmanna, að þiggja aukaborgun eða láta lofa sjer henni af þeim, er hann er skipaður fyrir, varðaði hegningu samkvæmt hinum almennu hegningarlögum. Aðalástæðan, sem hann færði fyrir þessari rjettarbót sinni, var sú, að það kæmi fram misrjetti milli hinna ríku og fátæku, þar sem hætt væri við, að málið yrði betur flutt fyrir þann, sem betur borgaði. En má jeg spyrja: Getur háttv. þm. útrýmt mismuninum á milli hinna fátæku og ríku út úr heiminum? Ef svo er ekki, þá get jeg ekki sjeð, að það væri nein rjettarbót í því, að banna þeim að reka vel rjettar síns, sem geta gjört það. Úr því að svo er nú komið með breyt.till. háttv. þm., þá sje jeg ekki annað ráð betra en að verða við tilmælum hans, og að þriggja manna nefnd verði skipuð í málið. Jeg vil því leyfa mjer að stinga uppá, að þriggja manna nefnd verði skipuð til að íhuga mál þetta.

Ráðherrann: Jeg vil taka það fram, að stjórnarráðið tók til athugunar, hvort ekki væri rjett að binda rjettinn til málfærslustarfs við bæjarþingið og yfir höfuð undirrjettinn í Reykjavík vissum skilyrðum, t. d. heimta lagapróf og málfærsluleyfi, sem er sama sem að veita einkarjett fyrir »autoriseraða« málfærslumenn. En það þótti ekki eiga inn í þetta frumv., sem að eins er breyting á ákvæðum um einkarjett hinna föstu, launuðu málfærslumanna við yfirrjettinn. Til þess hefði þurft sjerstök málaflutningsmannalög. Það hefði ekki átt að láta hin sömu skilyrði nægja til þess að geta orðið yfirrjettarmálaflutningsmaður, sem til að geta orðið undirrjettarmálaflutningsmaður; t. d. hefði sjálfsagi verið heimtuð æfing af þeim, er æsktu málflutningsleyfis við yfirrjettinn. Það var einnig önnur ástæða fyrir því, að frumv. þetta tók ekki undirrjettinn í Reykjavík með; stjórninni virtist mjög varhugavert, að útiloka alla aðra en lögfræðinga frá málaflutningi við undirrjett hjer, á meðan hjer eru svo fáir, sem málfærslu stunda, og svo lítið fyrir málfærslumenn að gjöra, að varla eru enn skilyrði fyrir málfærslumannastjett. Það er engin trygging fyrir því, að hjer verði nægilega margir lögfræðingar til þess að flytja mál manna. Eins og breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hjer að lútandi er orðuð, getur hún ekki staðizt; því hún virðist ganga út frá öðru ástandi en því, sem er.

Jeg get heldur ekki fallizt á breyt.till. háttv. þm. við 3. gr. frumv. Það er ekki af því, að löggjafarvaldið geti ekki ætíð lagt þessa starfa niður hve nær sem er, án þess að þeir, sem í þá eru settir, eigi heimting á nokkurri uppbót, — þeir eru að eins »konstitúeraðir« — heldur af því að við höfum enga tryggingu fyrir, að hjer verði að staðaldri nógir hæfir menn til málfærslu við yfirdóminn, nema að það sjeu fastar sýslanir með dálitlum opinberum styrk, eins og hingað til.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það, sem háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) sagði um ummæli mín viðvíkjandi nefnd í mál þetta, var ekki rjett. Þó að jeg væri því samþykkur, að nefnd væri skipuð til að íhuga mál þetta. og

tæki fram um leið, að jeg hefði gjört mitt til að skýra það, þá er það nokkuð annað, en að biðja um nefnd til þess að orða fyrir mig breyt.till.; jeg verð því að vísa þessum ummælum háttv. þm. til baka.

Hæstv. ráðh. kvaðst ekki viss um, að hjer yrðu nægilega margir lögfræðingar ætið til staðar, til þess að flytja hin opinberu mál, eða að það væri að minnsta kosti engin trygging fyrir því, á meðan engin sjerstök málaflutningsmannastjett væri hjer til. Þó að það sje nú ekki óyggjandi trygging fyrir þessu, þá finnst mjer þó nægileg trygging fyrir því, þar sem svo margir embættislausir lögfræðingar eru hjer og málaflutningsmannsstörfin orðin svo mikil og arðvænleg, að búast má við, að lögfræðingar muni setjast hjer að, miklu fremur en erlendis. Jeg man nú ekki í svipinn, hversu margir embættislausir kandídatar eru hjer, en við háskólann eru mörg lögfræðiskandídataefni, sjálfsagt um 20. Ef að hjer væri dálitið rýmkað um hag lögfræðiskandídata, þá mundu þeir miklu heldur setjast hjer að, heldur en að vera hjá dönskum málaflutningsmönnum fyrir svo sem 50 kr. um mánuðinn svo árum skipti.

Það er hálf undarlegt, að háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) skuli þykja það óheppilegt og fráleitt, sem hefur komið til umræðu og álita í stjórnarráðinu, og því jafnvel þótt vafamál hvort ekki væri rjett, eins og sjá má af athugasemdunum við stjórnarfrumv. Jeg á hjer við einkarjett til málaflutnings við hjeraðsdóminn, og að allir lögfræðingar með fullkomnu embættisprófi skyldu hafa rjett til að fá málaflutningsleyfi. Það sem stjórnin hefur hálfpartinn verið að hugsa um að gjöra að lögum, það dæmir háttv. 4. kgk. þm. fráleitt og óbrúkandi, þegar jeg ber það fram; þetta þykir mjer nokkuð skrítið.

Það sem lagfæra þyrfti við breyt.-till. mínar, mætti gjöra við 3. umr., en samt skal jeg ekki vera því mótfallinn, að nefnd verði skipuð til að íhuga málið, og gleður það mig, ef breyt.till. mínar hafa haft þann árangur, að háttv. deild hefur af þeim komizt að þeirri niðurstöðu, að frumv. þetta þyrfti nánari athugunar við. Jeg vildi óska, að nefnd sú, er skipuð kann að verða, kæmist að einhverri svipaðri niðurstöðu í aðalatriðum málsins, eins og jeg hef gjört.

ATKVGR.: Till. um 3. manna nefnd til að íhuga málið var samþ. í e. hlj.

Kosningu í nefndina hlutu:

Jóhannes Jóhannesson	með	12 atkv.
Jón Ólafsson	—	8 —
Jón Jakobsson	—	8 —

2. umr. frestað.

Í nefndinni var Jóhannes Jóhannesson kosinn formaður og framsögumaður og Jón Ólafsson skrifari.

A 23. fundi Ed., laugardaginn 29. júlí, kom frumv. til framhalds 2. umr. (stj.frumv. A 64, 191).

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson, (1. þm. N.-Múl.): Nefndin, sem kosin var í þessu máli við fyrri hluta 2. umr., hefur komið fram með tillögur sínar um það og breyt.till. á þgskj. 64, frá háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), á þgskj. 191. Jeg vil með örfáum orðum skýra frá tillögum nefndarinnar og vonast til, að háttv. deildarmenn hafi fyrir sjer þgskj. 64 óg 191.

Hvað snertir 1. breyt.till. á þgskj. 64, hefur nefndin íhugað hana og á aðra hliðina duldist nefndinni það eigi, að þá fengist meiri trygging fyrir því, að eigi væri farið í mál nema nokkur ástæða væri til, og að staða bæjarfógetans í Reykjavík sem dóm-

ara, mundi verða mun ljettari en áður, þar sem það er alkunnugt, að málaflutningsmenn þeir, sem ekki eru löglærðir, skrifa miklu lengri sóknar- og varnarskjöl en hinir, og leggja opt áherzlu á atriði, sem eru gjörsamlega þýðingarlaus fyrir úrslit málsins. 2. breyt.till. á þgskj. 61 gat nefndin eigi tekið til greina nje aðhyllzt. Hún sá enga ástæðu til þess, að taka upp í þetta frumv. gömul gildandi ákvæði, enda þótt ætla mætti, að það gæti orðið nokkur leiðbeining fyrir almenning, með því að það er eigi vafasamt, að svo er um mikinn fjölda lagaákvæða, að almenningur eigi þekkir þau. Nefndin er eigi einungis stjórninni samdóma um það, að tími sje til þess kominn og ástæða sje til þess, að draga úr einkarjetti þeim, sem hinir núverandi settu málaflutningsmenn við landsyfirdóminn hafa til málaflutnings þar, heldur vill hún einnig ganga þar feti lengra en frumv. og afnema hann jafnframt í sakamálum og gjafsóknarmálum. Það getur eigi talizt ranglátt gagnvart þeim, sem nú eru í þessari stöðu, með því að ætlazt er til, að þeir haldi launum sínum óskertum, og það virðist ástæðulaust, að takmarka svo mjög, sem nú er gjört, val þeirra manna, sem flytja þurfa láta mál fyrir yfirdómt.

Þá vill nefndin taka til greina br.-till. um, að málafærslumenn í gjafsóknarmálum fái jafnt borgun, hvort þeir vinna málið eða eigi, ef það er óaðfinnanlega fært, með því að það liggur í augum uppi, að þeir geta hafa eytt miklum tíma og fyrirhöfn til þeirra mála og orðið þó af öllum launum fyrir starfa sinn, ef gjafsóknarhafi er snauður maður. En þetta er orðin rjettarvenja, og leggur nefndin því til, að grein sje bætt inn í frumv., sem breyti þessari rjettarvenju. Aptur á móti hefur nefndin með engu móti getað fallizt á það, að rjett sje að banna, að skipaðir málaflutningsmenn láti lofa sjer eða þiggi þóknun fyrir málaflutninginn af þeim, sem þeir eru skipaðir fyrir, nema þeir hafi afsalað sjer tilkalli til þóknunar af almanna fje, og því síður að hegning sje lögð við slíku. Hún fær eigi sjeð, að hinum fátækari sje neinn örjettur gjör með þessu og þykist þess fullviss, að mál þeirra verði rekin með sömu vandvirkni og samvizkusemi, hvort sem slík ákvæði eru í lögum eða eigi. Þar sem einkarjetturinn til sakamála og gjafsóknarmála er afnuminn, telur nefndin það rjett, sjerstaklega með tilliti til síðari tíma, að taka upp í frumv. ákvæði um það, að málaflutningsmenn þeir, sem hafa fengið leyfi stjórnarráðsins til málaflutnings, sjeu skyldir að flytja slík mál. Að síðustu skal jeg taka fram, að nefndin gat eigi fallizt á, að fresta gildi laganna, meðan þeir málaflutningsmenn eru við landsyfirdóminn, sem nú eru, með því að þeir eru báðir kornungir menn; gæti það því orðið langt að bíða. Þá leggur nefndin til að breyta orðinu: »landsyfirrjettur« í fyrirsögn frumv. í: »landsyfirdómur«, því að dómstóllinn heitir svo. Fleiru hafði nefndin eigi að breyta, en vonast til, að breyt.till. hennar verði samþykktar, og að frumv. gangi greitt gegnum deildina.

Ráðherrann: Í stj.frumv. var gjört ráð fyrir, að engir aðrir en hinir launuðu málafærslumenn yrðu skyldaðir til að flytja sakamál og gjafsóknarmál; og fyrir það hafa þeir aðallega launin; þó er leyft, að skipa megi jafnframt aðra lögilta málafærslumenn til þess, eptir ósk hlutaðeiganda, ef þeir vilja tak-

ast það á hendur, en af þeim rjetti föstu málafærslumannanna, sem hlýtur að fylgja með *skyldunni* til þess að flytja þessi mál, leiðir það ákvæði, að aðrir yrðu því að eins skipaðir, að þeir vildu vinna verkið án kostnaðar fyrir hið opinbera. Nú stingur háttv. nefnd upp á þeirri breytingu, að allir þeir málafærslumenn, sem leyfi fá, skuli vera skyldir til að flytja sakamál og lögreglumál, en vill þó halda því ákvæði, að þeir fái ekkert af opinberu fje fyrir starf sitt, ef sá, sem þeir eru skipaðir fyrir, hefur óskað, að þessi tiltekni maður væri skipaður.

Þetta finnst mjer óviðkunnanlegt, og einkum þegar þar við bætist, að annarsstaðar er stungið upp á í till. nefndarinnar, að málafærslumenn eiga að fá borgun í gjafsóknarmálum, enda þótt þeir eigi vinni málið. Þetta mætti laga við 3. umr., og vil jeg helzt, að það verði haft eins ákveðið og var í stj.frumv., en gjöri það þó eigi að miklu kappsmáli.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg fæ eigi sjeð, að ósamkvæmni sje í því, sem tekið er fram í 2. breyt.till. nefndarinnar, og þess að málafærslumenn lýsi yfir því, að þeir vilji flytja mál endurgjaldslaust af almannafje, en jeg játa, að það er eigi eins mikil ástæða til þess, þegar málfærslan er gefin alveg frjáls. Ef sakborningur óskar annars en málafærslumannanna við landsyfirdóminn, þá sje jeg eigi, að það sje svo ósanngjarnt, að hann þá einnig verði að borga honum sjálfur. Sá, sem svo færir málið fyrir beiðni annars, færi þá ekki fram á nein málafærslulaun af almannafje, og málafærslulaun eru eigi dæmd nema þeim, sem krefjast þeirra. Jeg fæ því eigi sjeð, að þessi ákvæði stríði hvort á móti öðru, en nefndin mun þó íhuga það betur.

Ráðherrann: Jeg get eigi sannfærzt um, að eigi sje ósamkvæmni í þessum tveim ákvæðum, er jeg nefndi, því að það heyrir eigi undir löggjafarvaldið að ákveða önnur málafærslulaun, en þau, sem borguð eru af almannafje. Hver og einn ræður því, hversu mikið hann borgar málafærslumanni úr sínum vasa. Jeg álít lang bezt að hafa þetta ákvæði eins og það var í stj.frum., því að þá er heldur ekki gengið of nærri rjetti þeirra, sem nú eru málafærslumenn.

Mjer finnst það dálitið óviðkunnanlegt, að láta þá halda þessum 800 kr., en taka frá þeim þá sjerstöku skyldu, sem þeir fá þóknunina fyrir, og þar með einkarjett til þeirra mála, sem þeim með þóknuninni eru sjerstaklega falin, og vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún sjái sjer eigi fært að breyta þessu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er nefndinni þakklátur fyrir tillögur sínar og er ánægður með þær, enda hefur hún tekið allar þær tillögur minar á þgskj. 64 til greina, sem jeg legg mesta áherzlu á. Jeg legg mesta áherzlu á, að málaflutningur við landsyfirdóminn sje alveg frjáls, enda hefur nefndin lagt það til. En sumar af minum breyt.till. hefur nefndin eigi fallizt á, en um þær var mjer minna hugað.

Jeg held, að gott hefði verið að taka upp nokkur ákvæði úr gildandi lögum; það mundi vera þægilegt fyrir marga og þá einmitt þessi, sem jeg benti á. Þó lögfræðingar þekki þau, þá er óvíst, að svo sje um allan almenning.

Að því er snertir hjeraðsdóminn í Reykjavík, er jeg ánægður með, að nefndin skýtur því til stjórnarinnar og vill fela henni að gefa út almenn málaflutningsmannalög. Jeg vil þess vegna leyfa mjer að taka aptur breyt.till. á

þgskj. 64, þar sem þær hafa allar verið teknar upp í breyt.till. nefndarinnar, sem mjer þykir verulega máli skipta.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 64 teknar aptur.

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (191) við 2. gr. frumv. samþ. með 7 : 2 atkv.

2. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

2. breyt.till., ný gr. (3. gr.) samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 3. gr., sem verður 4. gr., samþ. með 8:3 atkv.

4. gr. (3.) svo breytt samþ. með 7:1 atkv.

4. breyt.till. (191) um, að 4. gr. verði 5. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 237, 250).

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl): Nefndin hefur leyft sjer að koma fram með 2 breyt.-till. á þgskj. 250, en hvorug þeirra er efnisbreyting.

1. breyt.till. er fólgin, í því að lagt er til, að 2. málsgr. 2. gr. verði flutt fram fyrir þá fyrri; hjer er því að eins að ræða um orðaskipun.

2. breyt.till. er að eins til skýringar. Jeg skal enn fremur taka það fram, að prentvilla í 2. gr. frumv. fellur í burtu, ef breyt.till. verða samþ. Jeg vænti þess, að frumv. verði samþ. hjer í deildinni með breytingum þeim, er nefndin hefur komið fram með.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Háttv. framsm. sagði, að breyt.till. við 1. og 2. gr. væri ekki efnisbreyting, en jeg get ekki verið honum samdóma um það. Því samkvæmt 2. gr. frumv. fá yfirrjettarmálaflutningsmennirnir, sem nú eru, allt af borgun af almanna fje, ef þeir flytja sakamál, en þeir nýju mega að vísu flytja þau, ef sakborningurinn óskar þess, en fá þá ekki endurgjald af almannafje, en samkvæmt breyt.till. er enginn munur gjörður að þessu leyti á hinum núverandi málaflutningsmönnum og þeim, sem leyfi fá eptir 1. gr. Nefndin hefur sýnilega ætlað að laga þann misgáning, sem kom fram í uppástungum hennar við 2. umr., og hæstv. ráðherra þá benti á.

Í stjórnarfrumv. er lagt til, að rjettur núverandi málaflutningsmanna til að flytja sakamál og gjafsóknarmál haldist óskertur, en nýir málaflutningsmenn megi að eins flytja þau mál eptir sjerstakri ósk og með því að afsala sjer launum af almanna fje. Þetta var auðvitað gjört til að vernda rjett gömlu málaflutningsmannanna. Við 2. umr. rjeð nefndin til að taka einkarjettinn til að flytja þessi mál af hinum gömlu málaflutningsmönnum, en ljet þó það ákvæði frumv., sem sett var til að vernda þennan sama einkarjett, standa óbreytt. Þetta var auðvitað gjört í ógáti af nefndinni. Nú hefur nefndin með breyt.till. sínum viljað laga þá mótsögn, sem hún hafði komizt í við sjálfa sig, og lætur ákvæðið um það, að málaflutningsmenn verði að afsala sjer launum af almannafje, ef einhver sakborningur eða gjafsóknarhafi óskar eptir sjerstökum málaflutningsmanni, ná til allra málaflutningsmanna, bæði þeirra, sem nú eru, og hinna, sem leyfi fá. Við þetta kemst meira samræmi í till. hennar.

En engu að síður er það óeðlilegt og ranglátt, að málaflutningsmenn verði að afsala sjer borgun af almanna fje, ef sakborningur eða gjafsóknarhafi óskar, að hann flytji málið.

Rjettast virðist, að sakborningur

megi velja þann málaflutningsmann, sem hann treystir bezt og málaflutningsmaður fái eins fyrir það borgun af almannafje, enda má því opinbera standa á sama, hver skipaður er. Það er líka rangt gagnvart málaflutningsmönnunum, að þeir fái enga borgun af almannafje, ef sakborningar óska, að þeir taki málið að sjer, en fái aptur á móti borgun, ef enginn óskar þess; þó að jeg játi, að breyt.till. nemur burtu mótsögn þá, sem er nú í frumv., eins og það liggur fyrir, ætla jeg samt að greiða atkv. móti henni, svo háttv. Nd. verði neydd til að laga frumv. vegna sóma þingsins. Helzt vildi jeg óska, að málið yrði tekið aptur út af dagsskrá.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er leiðinlegt, að háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) hvorki við 1. eða 2. umr. eða þegar frumv. var tekið út af dagskrá, en fyrst nú, skuli hafa tekið eptir þessum miklu annmörkum við frumv. Samkvæmt 2. gr. stjórnarfrumv. og 2. gr. í frumv. eptir 2. umr. er málaflutningsmönnum gefið sama »privilegium« í báðum greinum; og þó er háttv. 3. kgk. þm. ánægður með stjórnarfrv., en harðóánægður með frumv., eins og það kom frá nefndinni; þetta á jeg erfitt með að skilja, því öll mótmæli hans eiga engu síður við stjórnarfrumv. Hitt er auðvitað satt, að það er nokkuð ósanngjarnt, að málaflutningsmenn verða að afsala sjer borgun af almannafje, þegar sakborningur óskar, að hann taki málið að sjer, en þessi ákvæði verða ekki sanngjarnari, þó þau standi í stjórnarfrumv.

Jeg verð aptur á móti að halda því fram, að nefndin hafi bætt frumv. stórum með breyt.till. sínum. Þar sem háttv. 3. kgk. óskar eptir, að málið verði tekið aptur út af dagsskrá, þá verð jeg að álíta, að gangur málsins sje orðinn óvenju langur hjer í deildinni, enda fljótlegra að taka það hjer til einnar umr., ef neðri deild skyldi breyta því.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Það er engin röksemd á móti mjer, þó jeg hefði ekki sjeð þessa annmarka fyrri. En nú er ekki því að heilsa, því þegar við 2. umr. hafði jeg tekið eptir þeim, og hæstv. ráðherra sýnt ljóslega fram á þá, en jeg treysti nefndinni til þess að hafa vit á að laga þá. Jeg á erfitt með að skilja það, að háttv. 4. kgk. (J. Ó.) játar, að aðfinnslur mínar sjeu á rökum byggðar, en þó heldur hann svo fast fram till. nefndarinnar. Jeg fyrir mitt leyti greiði eindregið atkvæði á móti breyt.till. og vildi óska, að háttv. deild ljeti frumv. ekki fara frá sjer í slíku formi.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Ræða hins hv. 3. kgk. (B. M. Ó.) ber það greinilega með sjer, að hann hvorki hefur skilið frumv. nje ræðu hins hæstv. ráðherra, því hún snertir annað atriði en það, sem hjer er um að ræða. Jeg ætla ekki að fara frekara út í þetta mál. Jeg neita því, að það sje þannig úr garði gjört, að deildin þurfi að bera kinnroða fyrir það. Jeg álít, að mikil bót sje í breyt.till. nefndarinnar, því allir sjá, að heppilegra er, að aðalreglan standi í fyrstu málsgrein og undantekningin í 2. málsgrein.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Breyt.till. nefndarinnar hafa legið fyrir deildinni í 2 sólarhringa, og þær eru ekki svo flóknar, að jafn skýr og orðhagur maður og háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.) hefði ekki getað áttað sig á þeim, ef hann hefði sjeð þessa stórgalla fyr en í morgun.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil skjóta því til forseta, hvort hann vilji ekki taka málið út af dagsskrá.

Forseti: Eins og háttv. 4. kgk. (J. Ó.) hefur bent á, sje jeg ekki, að nokkuð vinnist við að taka málið út af dagsskrá, en auðvitað get jeg gjarnan borið það undir háttv. deild.

ATKVGR.: Fellt að taka málið út af dagsskrá með 10 : 3 atkv.

1. breyt.till. (250) við 2. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.

2. breyt.till. (250) við 3. gr. samþ. með 12 : 1 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 12 : 1 atkv., og afgreitt til forseta Nd.

Á 38. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 270).

Ráðherrann: Ed. hefur gjört talsverðar breytingar á stjórnarfrumv. Jeg efast um, að þær sjeu til nokkurra bóta, heldur þvert á móti mun frumv. naumast geta staðizt eins og það er nú. Jeg tel nauðsynlegt, að sett sje nefnd í málið, og vona, að hún geti lokið starfi sínu svo, að málið geti fengið framgang á þessu þingi, og sting jeg því upp á þriggja manna nefnd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykkt að setja nefnd með 15 atkv. og í hana kosnir:

Jón Magnússon með 17 atkv.
Skúli Thoroddsen — 11 —
Magnús Kristjánsson — 9 —

Björn Bjarnarson fjekk 8 atkv., aðrir færri.

Í nefndinni var Skúli Thoroddsen kosinn formaður og Jón Magnússon skrifari og framsm.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 270, 463, 513).

Framsögumaður Jón Magnússon: Jeg get verið stuttorður. Breytingarnar, sem nefndin hefur gjört, eru litlar; það eru að eins lagfæringar, en engar efnisbreytingar. Nefndin áleit, að það gæti orðið gott að fá þessa breytingu á einkarjetti málflutningsmanna við yfirrjettinn, einkum og sjer í lagi nú, þar sem svo margir lögfræðingar eru nú í Reykjavík. Það getur verið bæði þægilegt og enda sanngjarnt, að þurfa ekki að binda sig við eina 2 menn, sem hafa einkarjettinn. Það var að vísu í stjórnarfrumv. ætlazt svo til, samkvæmt konungsúrskurði 19. marz 1858, að hinir föstu málaflutningsmenn við yfirrjettinn hefðu bæði einkarjett og skyldu til þess að flytja sakamál og gjafsóknarmál, en háttv. Ed. hvarf frá þessu, og hún hefur sett það ákvæði inn í frumv., að allir, sem fengju leyfi til að flytja mál við yfirrjettinn, hefðu jafnan rjett í öllum málum, jafnt einkamálum, opinberum málum og gjafsóknarmálum. En þá er engin ástæða til að taka það fram sjerstaklega um gjafsóknarmál og sakamál í 2. gr., og þessvegna hefur nefndin lagt til, að orðalaginu á 2. gr. verði breytt. Í sambandi við þetta leggur nefndin til, að fella burt niðurlagið af 2 gr., því ef allir, sem leyfið fá, hafa sama rjett og skyldu til að flytja sakamál og gjafsóknarmál, þá er engin meining í að skylda suma til að gjöra það endurgjaldslaust af almannafje. Og í samræmi við þetta er líka komin fram breyt.till. frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), um að niðurlagið á 3. gr. sje fellt burt. Það er bein afleiðing af breytingu nefndarinnar við 2. gr. og í fullu samræmi við hana. Jeg hef að vísu ekki talað við samnefndarmenn mína um þessa breytingu, en mjer finnst hún sjálfsögð og get því fyllilega mælt með henni.

Að öðru leyti hef jeg ekki meira að athuga við frumv.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Af því að það er venja, að mæla fram með breyt.till., kann jeg betur við, að fara örfáum orðum um breyt.till. mína á þgskj. 513, þó að þess reyndar þurfi ekki, þar sem háttv. framsm. (J. M.) fjellst á hana fyrir nefndarinnar hönd og taldi hana, eins og rjett er, afleiðing af breyt.till. nefndarinnar við 2. gr. Breyt.till. mín er fram komin í því skyni, að frumv. verði sjálfu sjer samkvæmara. Þess vegna vænti jeg þess, að svo framarlega sem breyt.till. nefndarinnar við niðurlag 2. gr. verður samþykkt, að þá fái breyt.till. mín góðan byr í háttv. deild.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 20 atkv.

1. breyt.till. á þgskj. 463 við 2. gr. samþ. með 20 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 463 við 2. gr. samþ. með 21 atkv.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 513 við 3. gr. samþ. án atkvgr.

3. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 21 atkv.

4. og 5. gr. hvor um sig samþ. með 23 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 22. atkv.

Á 44. fundi Nd., miðvikud. 23. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 521).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt í einu hlj. og endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A. 566, 572, 625).

Ráðherrann: Það er nokkuð langt síðan jeg kom með breyt.till. á þgskj. 572, og bjóst jeg við, að frumv. kæmi fyr til meðferðar í háttv. deild, en raun er á orðin; jeg vona samt, að tími sje til þess að bjarga frumv., þó breyt.till. verði samþ., því vafalaust verður haldinn fundur í Nd. á morgun.

Það er gjört að skyldu eptir frumv., eins og það liggur nú fyrir frá háttv. Nd., að skipa þann málaflutningsmann, sem beðið er um, til þess að flytja opinber mál og gjafsóknarmál, án nokkurrar undanþágu eða skilyrðis. Annarsstaðar í frumv. stendur, að málaflutningsmaðurinn sje skyldur að taka að sjer hvert það mál, sem hann er skipaður til. Þetta finnst mjer ótilhlýðilegt. Það gæti komið fyrir, eða er að minnsta kosti mögulegt eptir þessu, að óvildarmaður málaflutningsmanns vildi hefna sín á honum með því að neyða hann til að flytja gjafsóknarmál á móti föður, móður, vini sínum eða vandamanni, og væri málaflutningsmaðurinn varnarlaus móti slíkri »chikane«, ef hann vildi halda stöðu sinni. Það er nú að vísu ekki líklegt, að slíkt kæmi fyrir, en annað eins hefur þó sjest og fyrir öllu verður ráð að gjöra.

Sömuleiðis finnst mjer óheppilegt, að þeir, sem ekki hafa laun, skuli skyldir að flytja opinber mál og gjafsóknarmál; það er eðlilegast hjer sem annarsstaðar, að skylda og rjettindi fylgist að. Hinir núverandi settu málaflutningsmenn hafa samkvæmt konungsúrskurði 19. marz 1858, sem þetta frv. á að breyta, rjett til að fá þóknun 250 rdl., sem nú er hækkað upp í 800 kr. á fjárlögum, sjerstaklega fyrir flutning opinberra mála og gjafsóknarmála; það eru því að eins 300 kr. árlega, sem hægt væri að kippa burt án þess, að breyta konungsúrskurðinum.

Breyt.till. mín fer fram á, að hinir

settu málaflutningsmenn sjeu, eins og hingað til, skyldir að taka að sjer opinber mál og gjafsóknarmál, eptir því, sem þeir fá skipun til; en hins vegar skuli vera hægt, að fá skipaðan hvern þeirra, sem leyfi hefur fengið til að flytja mál við yfirrjettinn, þegar þess er óskað af hlutaðeiganda, ef hann vill takast það á hendur; málaflutningsmaðurinn fær eins fyrir því borgun framlagða úr landssjóði fyrir málsflutninginn.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki þessar breyt.till. mínar, sem ekki hagga við aðalefni breytinga þeirra á frumv., sem gjörðar eru í þessari háttv. deild, en gjöra þær að eins aðgengilegri og rjettari.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Nefndin hefur tekið til athugunar breyt.till. hæstv. ráðh. á þskj. 572, en hún gat ekki sjeð, að þær væru til bóta; nefndin getur ekki fallizt á, að það væri neitt harðara fyrir þá málfærslumenn, sem leyfi fengju samkvæmt 1. gr., að hafa skyldu til, að flytja opinber mál og gjafsóknarmál, fremur en aðra málaflutningsmenn í Danmörku.

Nefndin hefur ekki tekið eptir því, að yfirrjettarmálaflutningsmönnunum væru ákveðin laun í konungsúrskurðinum, því hún hafði að eins athugað hann í litla lagasafninu íslenzka, en ekki hinu stóra; en hefði hún veitt þessu eptirtekt, þá hefði hún lagt það til. að úrskurðurinn yrði úr gildi felldur, því meining hennar er sú, að þessi útgjaldaliður eigi að falla niður, þegar hinir núverandi málaflutningsmenn sleppa þessari stöðu.

Viðvíkjandi því, að hægt sje að neyða málaflutningsmenn til að flytja mál á móti skyldmennum sínum, þá er það ekki rjett; það er tekið fram í frumv., að skipun málaflutningsmanna til að flytja opinber mál og gjafsóknarmál skuli fara eptir sömu reglum og hingað til; það hefur nú ekki verið regla mjer vitanlega hingað til, að sonur væri skipaður til þess, að flytja mál á móti föður eða því um líkt, og gæti það því ekki orðið regla fremur nú. Meiningamunurinn milli hæstv. ráðherra og nefndarinnar er ekki annar en sá, að hæstv. ráðherra vill ekki, að málaflutningsmenn — að þeim settu undanskildum — hafi skyldu til þess, að taka að sjer opinber mál og gjafsóknarmál, en nefndin vill, að þeir sjeu skyldir til þess á sama hátt, og hinir hafa verið hingað til, sjerstaklega með tilliti til síðari tíma.

Jeg verð að halda því fram, að þessi skoðun sje happasælli og vona því, að háttv. deild felli breyt.till. hæstv. ráðherra, en samþykki breyt.till. nefndarinnar, þar sem hún girðir alveg fyrir, að málaflutningsmaður verði neyddur til að flytja mál á móti skyldmennum sínum eða vandamönnum.

Ráðherrann: Ákvæði frumv. um það, að skipa skuli málaflutningsmenn eptir sömu reglu og hingað til eiga að eins við þá röð, sem fylgt er, þegar störfum er skipt á þá, en alls ekkert annað; jeg verð að halda því fram, að það er hugsunarrjettara, að leggja *skylduna* til að flytja þessi mál, sem ætíð er afarilla borgað, á þá, sem hafa rjett til þóknunar af landssjóði fyrir málfærslustörf sín, heldur en að leggja þessa sömu kvöð á alla, er leyfi fá til að flytja mál við yfirrjettinn, þó þeir hafi enga slíka þóknun.

ATKVGR.: Breyt.till. (572) við 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Breyt.till. nefndarinnar (625) þar með fallin.

Frumv. í heild sinni þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt aptur til forseta Nd.

Á 49. fundi Nd., þriðjudaginn 29. ágúst var framv. tekið til einnar umr., eptir að forseti hafði fengið leyfi deildarinnar og ráðherrans tit þeirra afbrigða frá þingsköpunum, sem nauðsynleg voru í því efni. (A. 643. 648).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXXV. Ræktunarsjóður.

Á 6. fundi Nd., föstudaginn 7. júli, kom frumv. til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. marz 1900 til 1. umr.

Ráðherrann: Þetta frumv. er einnig frá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu og flytur meðal annars nýmæli í sömu átt og frumv. um þjóðjarðasölu og forkaupsrjett leiguliða.

Í því eru þau ákvæði helzt, að úr Ræktunarsjóðnum megi veita lán til ábýliskaupa gegn öðrum veðrjetti og að af vöxtum sjóðsins megi verja fje til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa til viðbótartryggingar lánveitingunum til ábýliskaupanna, og er þetta einn liður í tilraununum til þess, að auka sjálfsábúð og sjálfseign í landinu.

Mjer virðist efni frumv. þess eðlis, að vísa eigi því einnig til nefndarinnar í þjóðjarasölumátinu.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það hefur allmikið verið talað um hina tvo mismunandi strauma í þjóðjarðasölumálinu innan milliþinganefndarinnar.

Í þessu máli vona jeg, að allir sjái, að straumurinn er ekki nema einn, að ljetta mönnum aðgang að sjálfsábúð. Ræktunarsjóðurinn á að taka upp það stóra verkefni. Vegna sambandsins við hin frumv. ætti þetta frumv. einnig að ganga til nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu, og leyfi jeg mjer að stinga upp á því, að því sje vísað til 2. umr., og síðan til nefndarinnar.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. með 23 samhlj. atkv. að vísa málinu til þjóðjarðasölunefndaridnar.

Á 23. fundi Nd., föstudaginn 28. júlí, kom frum. til 2. umr. (stj.frumv. A 176, 201).

Framsögumaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Nefndin hefur leyft sjer að koma með breyt.till og eina viðaukatill.

Breyt.till. á þgskj. 176 fer fram á, að fyrir: »utan kaupstaði og kauptún«, í 1. gr. komi: »utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum«. Það, sem vakti fyrir nefndinni, var að orða þetta ljósar. Það kom fram við 1. umr., að ekki þótti sem bezt jafnrjetti milli sjávarbænda og sveitabænda samkvæmt

orðalaginu í frumv.; þess vegna þótti nefndinni sjálfsagt að lagfæra þetta atriði. Það var skoðun nefndarinnar, að fje Ræktunarsjóðsins ætti að verja til ræktunar jörðum, hvort sem þær liggja við kaupstað eða í sveit, en engin meining væri að veita styrk til að rækta land innan verzlunarlóða; það land yrði ef til vill næsta ár eptir tekið undir hús eða fiskireiti; þess má sjá ljós dæmi í Reykjavík, þar sem túnin eru árlega rifin upp undir hús. Nefndin áleit, að ekki ætti að veita fje til þess að rækta það land. En eins er það sjálfsagt, að ef einhver kaupstaðarbúi vill rækta land utan verzlunarlóða, þá sje honum fjeð jafn heimilt og sjálfsagt þar eins og annarsstaðar.

Að því, er snertir viðaukatill. á þgskj. 201, vil jeg taka það fram, að hún er sprottin af því, að bæði við 1. umr. þessa frumv., og eins í umr. um sölu þjóðjarða kom það fram, að mönnum þótti varhugavert, að veita eptirlitslitið Búnaðarfjelagi Íslands tillögurjett og stjórnarráðinu svo mikið vald, sem lög frá 2. marz 1900 veita, en ef þessi viðaukatill. nær fram að ganga, mun hún mikið bæta úr þessu.

Jeg vil með leyfi hæstv. forseta lesa viðaukatill. upp.

»Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis«.

Það getur aldrei verið nema eitt fjárhagstímabil, sem hægt er að brúka þetta fje öðru vísi, en þingið vill. Þingið getur þá sjeð, hvort tillögur búnaðarfjelagsstjórnarinnar hafa verið óheppilegar, og hvort stjórnarráðið hefur ráðstafað fjenu miður en skyldi, og getur þingið þá gjört þær ráðstafanir, sem því líkar. En engin ástæða er til að óttast, að það geti gjört mikið til eitt fjárhagstímabil.

Jeg tel víst, að þeir menn, sem vakið hafa máls á þessu, og yfir höfuð hin háttv. deild telji þessa viðaukatill. heppilega.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 176 við 1. gr. samþ. með 20 atkv.

1. gr. þannig orðuð samþ. með 20 atkv.

Viðaukatill. á þgskj. 201 (nýrri grein bætt inn í, sem verður 2. gr.) samþ. með 23 atkv.

2. gr., sem verður 3. gr., samþ. með 23 atkv.

3. gr., sem verður 4. gr., samþ. með 23 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 25. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 218).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 22 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 258).

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það er einungis svolítil athugasemd, sem jeg vildi koma með; eins og jeg hef verið mótfallinn stefnu þeirri, sem hingað til hefur ríkt í fjármálum landsins, hvað þessi gífurlegu fjárútlát til landbúnaðarins snertir, eins verð jeg að vera á móti þessu frumv. Jeg get enga ástæðu sjeð til þess, að fara að gefa einni stjett þetta fje. Jeg er algjörlega á móti því, að fara að selja þjóðjarðirnar og mynda af því, sem inn fæst, sjerstakan sjóð handa einni stjett landsins, nema þá að tekjurnar af því fje í það minnsta rynnu til landssjóðs. Þetta er líka algjörlega rangt, þegar litið er á, hvaðan jarðir þessar eru komnar. Þær munu all-

flestar vera fornar klaustraeignir, svo ef ætti að fara eptir því, þá ætti helzt að verja andvirði þeirra til eflingar menntunar í landinu.

En úr því þær hafa nú um langan aldur verið notaðar sem fastur gjaldstofn, og landssjóður hefur notað afgjald þeirra til hinna ýmsu gjalda sinna, með því að afgjöldin af þeim hafa runnið beint í landssjóð og þannig orðið til eflingar öllum stjettum jafnt, að svo miklu leyti, sem aðrir atvinnuvegir eru styrktir en landbúnaðurinn, þá leiðir þar af, að rangt er að taka þessar tekjur og kasta þeim öllum til eins atvinnuvegs.

Það er því nú engin ástæða til að fara að veita þetta einni stjett, sjerstaklega þegar sjómannastjettin er höfð svo útundan, sem raun er á.

Sú skoðun hefur því miðnr verið allt of ríkjandi, að hjer væri að eins um eina stjett manna í landinu að ræða, er bæri að styrkja, sem sje bændastjettina. Þetta er gömul skoðun og ætti að vera orðin úrelt. Fyrir hjer um bil 2 mannsöldrum var engin önnur stjettaskipting til í landinu, en bændur og embættismenn. Verzlunarstjettin var þá fámenn, því miður að mestu útlend og hötuð, handverksmenn fáir og álitnir nær því jafn ónauðsynlegir, og listamenn og skáld hafa verið álitin til skamms tíma. En fiskimenn voru þá ekki til öðru vísi en sem bændur, og mynduðu þá sem slíkir ekki neina sjálfstæða stjett. Jafnvel þó það hafi nú lengst af verið trú manna, að fiskiveiðar eingöngu væru ekki ábyggilegur atvinnuvegur, samanber málsháttinn: »svipull er sjáfarafli«, þá verðum við nú samt að telja þennan atvinnuveg með hinum blómlegri eða álitlegri af þeim, er hjer á landi er um að velja. Ef maður því styrkir eingöngu landbúnaðinn, álít jeg, að framin sje sá mesti misrjettur, sem hægt er; jeg verð því að vera algjörlega á móti þessu frumv. í þeirri mynd, sem það nú er, enda veit jeg ekki til, að nokkrar skynsamlegar eða rjettmætar ástæður hafi verið færðar fyrir þessu, aðrar en þær, að styrkja þurfi landbúnaðinn. En þegar þessi styrkur kemur fram eingöngu á kostnað hinna annara atvinnuvega í landinu, og sjerstaklega sjávarútvegsins, sem ekki er síður þess verðugur að hann væri styrktur, þá falla þær niður sem óeðlilegar og ósanngjarnar. Öðru máli er að gegna, þegar um einhver stór fjárframlög er að ræða til framfarafyrirtækja, er snerta allt landið og allar stjettir þess í heild sinni; þar getum við verið ósparari á landsfje. Hitt er ætíð varhugavert, að kosta afarmiklu til framfara eins atvinnuvegs á kostnað annars, jeg á hjer við landbúnað og sjávarútveg, og fyrir því mun jeg ekki gefa þessu frumv. atkv. mitt í þess núverandi mynd.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Útaf orðum háttv. 5. kgk. þm. (Á. Fl.) vil jeg leyfa mjer að minna á, að hjer liggur að eins fyrir frumv. um að breyta ákvæðum um, hvernig eigi að verja tekjum Ræktunarsjóðsins, þannig að nú skal mega auk verðlauna veita lán til ábýlis- og lífsábyrgðarkaupa. Þetta er það, sem nú liggur fyrir og eigi annað, og er því engin ástæða til, eins og háttv. 5. kgk. þm. (A. Fl.) gjörði, að tala um Ræktunarsjóðinn í heild sinni, og en minni ástæða er til, þar sem þetta er 1 umr., að fara út í einstök atriði. Það fje, sem Ræktunarsjóðurinn er stofnaður af, er verð fyrir þjóðjarðir, og því fje má alls eigi eyða; það verður að halda því sem eign, samkvæmt eðli þess fjár og uppruna, og jeg fæ eigi sjeð, að það sje nokkuð óskynsamlegt við það, að vöxtun-

um er varið til eflingar landbúnaðinum, því að þá þarf að sjálfsögðu minna fje úr landssjóði til hans en annars mundi. Og einmitt nú er því minni ástæða til þess, að tala um þetta, þegar nýbúið er að samþykkja frumv. um stofnun Fiskiveiðasjóðs hjer í hinni háttv. deild, sem nemur miklu meira fje í hlutfalli við fólksfjöldann, en Ræktunarsjóðurinn. En eins og jeg þegar hef tekið fram, liggur þetta málefni algjörlega fyrir utan dagskrána, og því eigi rjett að blanda því saman við þetta mál.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Ef jeg skildi rjett, þá sagði háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.), að hjer væri að eins að ræða um breytingu á, hvernig verja ætti tekjum Ræktunarsjóðsins, en jeg vil leyfa mjer að taka það skýrt fram, að sú breyting fer í þver öfuga átt við það, sem ákveðið var í fyrstu. Fje þessu var áður varið til ræktunar landsins, eins og nafn sjóðsins bendir á, en nú á að fara að verja því til að kaupa jarðir og lífsábyrgð, að minnsta kosti nokkru af vöxtunum, og allir hljóta að sjá, hversu fjarri þetta er hinu upphaflega augnamiði, og jeg fæ eigi skilið, að nokkur skynsemi sje í þessu, og það beinlínis hneyxlar mig. Nú er farið í frumv. fram á, að verja nokkru af vöxtunum tit jarðakaupa og lífsábyrgðarkaupa eins og fyr segir, en hver gefur tryggingu fyrir því, að hinu fyrsta augnamiði verði eigi alveg sleppt, og öllu varið til lána til jarðakaupa og lífsábyrgðarkaupa? Það er alltaf verið að færa sig upp á skaptið af hálfu landbúnaðarins, og Ræktunarsjóðslögin mundu aldrei hafa hafzt í gegn, ef þetta hefði verið uppi á teningnum, þegar þau fyrst voru borin upp.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg vil að eins láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg er sammála háttv. 5. kgk. þm. (Á. Fl.) í þessu máli, og jeg vil leggja það til, að máli þessu verði vísað til nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Mjer þykir leitt, að heyra hversu mjög háttv. 5. kgk. (Á. Fl.) komst í mótsögn við sjálfan sig. Háttv. þm. talaði um, hveru mikil heimska það væri, að »kapítalísera« fje eins og gjört er í Ræktunarsjóðnum, gætandi þess eigi, að hann hefur einmitt allra mest barizt fyrir, að gjöra slíkt hið sama í Fiskiveiðasjóðnum, og það gengur yfir mig, að hann vildi gjöra slíkt hneyxli sem hann svo kallar. Mjer finnst það rjett, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að frumv. þetta verðskuldaði eigi þessi orð, sem hann hafði um það, og það er einnig rjett, að þetta kemur eigi Ræktunarsjóðnum sjálfum við, og jeg skil eigi, hversvegna háttv. 5. kgk. þm. (Á. Fl.) er á móti þessu frumv., því að hann ætti þó sjálfur að geta sjeð, að það er líka hægt að fá lán til jarðakaupa við sjó, og það er þó til eflingar sjávarútveginum. Jeg skal játa það, að það er varhugaverð braut, sem þingið hefur lagt út á með stofnun Fiskiveiðasjóðsins, en það nær eigi til Ræktunarsjóðsins, að því er jeg fæ sjeð, enda er það mál skylt mjer, þar sem jeg var flutningsmaður þess frumv. Jeg er mótfallinn þeirri stefnu, að taka fje landsins undan stjórn þingsins, sökum þess að þjóðin hefur miklu meiri umsjón með gjörðum þingsins, en t. d. stjórn Landbúnaðarfjelags Íslands, því að þjóðin kýs sjálf fulltrúa á þing, en eigi stjórn Landbúnaðarfjelagsins. Jeg var meðmæltur stofnun Ræktunarsjóðsins, og get því verið með þessu frumv., sem hjer liggur fyrir, en vil alls eigi ganga lengra á þeirri braut, og þykir Ræktunarsjóðslögin ganga fulllangt.

Það væri eigi óhugsandi, að svo eða svo mikið fje yrði tekið undan umráðum þingsins til fiskiveiða eða eflingar landbúnaði. Það mætti taka tóbakstollinn til þess að búa til tóbaksverksmiðju í landinu, eða brennivínstollinn til útbreiðslu bindindis, eða sektir, og láta þá fá þær, sem optast verða fyrir útlátum fyrir meiðyrði, eða þá láta eitthvert friðsemdarfjelag tá þær. Svona má telja upp í það óendanlega, en jeg hygg, að enginn mundi telja það hyggilegt. En þar sem þetta liggur fyrir utan efni frumv., þá vil jeg eigi fara lengra út í það, enda vildi jeg að eins láta þá skoðun mína í ljósi, að jeg er algjörlega mótfallinn þeirri stefnu, að taka fje landsins undan stjórn þingsins.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að vísa málinu til nefndarinnar, sem kosin var í þjóðjarðasölumálinu, samþ. með öllum atkv.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 258, 412).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Það er aðeins ein breyt.till. við frumv. þetta, sem nefndin hefur komið með, og er hún í samræmi við uppástungu mína við 1. umr., þess efnis, að Ræktunarsjóðurinn greiði árlega til landssjóðs 4% af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. jan. 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann.

Nefndin fellst á það, að athugavert væri að svipta alþ. algjörlega umráðum yfir svona miklu fje, og engin trygging fyrir því, að þessu fje sje stjórnað í samræmi við vilja þess.

Annars leyfi jeg mjer, að skírskota til nefndarálitsins um sölu þjóðjarða því þar eru teknar fram ástæður þær, sem mæla með þessari breytingu.

Jeg vona, að hinir háttv. deildarmenn hafi kynnt sjer þær og geti fallizt á þær.

Ef til vill halda sumir, sem halda upp á Ræktunarsjóðinn, að þessi breyting sje slæm fyrir hann; en þar sem Ræktunarsjóðurinn er nú um 160 þús. kr. og fær þar að auki andvirði þjóðjarða til umráða, þá verður það ekki hættulegt, enda er aðaltakmark sjóðsins að eyða eigi »kapítalinu«, heldur nota það til útlána til jarðræktar, og jafnframt að styrkja sjálfsábúð í landinu.

Allt viðvíkjandi þessu er svo ljóslega tekið fram í nefndarálitinu, þskj. 413, um þjóðjarðasölu og vona jeg, að þm. skilji það.

Enn fremur ætlumst vjer til, að af vöxtum sjóðsins sje varið allt að $^5/_{12}$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðakaupa, til viðbótar-tryggingar lánveitingum til ábýliskaupa. Jeg held, að sumir hafi ekki skilið, hvernig því væri varið. En jeg leyfi mjer að skírskota til álits milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum, bls. 68, þar sem glögglega er framsett þessi hugmynd. Þetta er mjög fögur hugmynd og lofsverð og getur opt gjört afarmikið gagn.

Fyrir utan það hve nauðsynlegt er að tryggja líf sitt, og örfa menn til þess að gjöra það, þá getur þetta haft afarmikla þýðingu til að efla sjálfsábúð í landinu.

Setjum svo, að ungur bóndi setji sig í skuldir, til þess að kaupa jörð, og fellur svo frá, áður en hann er búinn að koma fjárhag sínum í það horf, sem hann hefur búizt við, ef hans nyti lengi við, þá eru kona og börn miklu ver stödd, en áður en hann keypti jörðina; en ef sami maður hefði átt lífsábyrgð og hefði hagnýtt sjer þau hlunnindi, sem þessi

lög heimila, þá er líklegt, að ekkja og börn eignuðust fyrst jörðina skuldlausa, þegar maðurinn fjelli frá, með því að lífsábyrgðin hrykki þá að miklu eða öllu fyrir skuldinni.

Jeg vona, að háttv. deild sjái, hver hlunnindi þetta eru, og samþykki svo þetta frumv. með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á.

ATKVGR.: 1. breyt. till. (412) við 3. málsgr. 1. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

2.—4. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 457).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

A 47. fundi Nd., laugardaginn 26. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A. 503, 579, 582, 609).

Ólafur Briem (1. þm. Skagf.): Sú aðalbreyting, sem orðið hefur á þessu frumv. í háttv. Ed., er, að það ákvæði hefur verið tekið upp í frumv., að allir vextir af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. jan. 1906, skuli að vísu renna í Ræktunarsjóðinn, en svo greiðast úr honum að fullu í landssjóð. Þar sem svo er ákveðið, að þessir vextir verði 4%, sem er hærra en þeir vextir, sem Ræktunarsjóðurinn tekur af útlánum (3%), þá verður auðvitað að hækka þá vexti upp í 4%.

Mjer sýnist nú undarlegt, að Ræktunarsjóðurinn þurfi að vera millistöð milli lántakanda og landssjóðs, þannig að hann taki á móti vöxtunum og greiði þá síðan aptur að fullu í landssjóð. Ástæðurnar fyrir þessu eru að líkindum þær, að landssjóður verði fyrir svo miklum tekjumissi, ef hann missir þetta. En nefndin getur ekki viðurkennt, að landssjóður missi mikils, því allar tekjur landssjóðs af þjóðjörðum eru sem stendur ekki meiri en 32,000 kr. »brúttó«, og má af því sjá, að þótt allar þjóðjarðir yrðu seldar, þá gæti tekjumissir landssjóðs ekki numið meiru, en áðurnefndri upphæð; en það er nú ólíklegt, að allar þjóðjarðir seljist fyrst um sinn, og jeg teldi gott, ef helmingur þjóðjarða kæmist í sjálfsábúð bráðlega, og þá yrði tekjumissir landssjóðs 16,000 kr. í hæsta lagi.

Önnur ástæða, sem getur hafa vakað fyrir háttv. flutnm. breytingarinnar í Ed., er sú, að þar eð Ræktunarsjóðurinn aðallega er ætlaður til þess að styrkja landbúnaðinn, hafi þeim ekki sýnzt rjett, að láta allt þetta fje ganga til þess eins. En jeg get nú ekki betur sjeð, en samkvæmt þeim viðauka við lög Ræktunarsjóðsins, sem frumv. fer fram á, þá eigi hann eptir leiðis að styðja einnig sjómannastjett landsins, þar sem sjóðnum er ætlað, að lána alveg jöfnum höndum til grasbýla við sjó og sjerstaklega til lífsábyrgðarkaupa til viðbótar við tryggingu þá, sem lántakendur setja, er kemur grasbýlismönnum við sjó engu síður að notum en sveitabændum. Og þegar enn fremur er litið til þess, að á þessu þingi er stofnaður álitlegur sjóður til eflingar hinum aðalatvinnuvegi landsins, fiskiveiðunum, sem þegar í upphafi er stofnaður með fullum 100 þús. kr., og hefur talsvert meiri árstekjur en Ræktunarsjóðurinn, þar sem hann auk vaxtanna fær 1/3 af öllum sektum fyrir brot gegn fiskiveiðalögunum, og þar að auki 6000 kr. árstillag úr landssjóði, þá held jeg sannarlega, að fullkomið jafnrjetti sje fengið milli þess-

ara tveggja aðalatvinnuvega. Samt sem áður hefur þó nefndin farið meðalveg, þar sem hún leggur til, að helmingur vaxtanna renni til hvors sjóðs, Ræktunarsjóðsins og landssjóðs. Við þessa breyt.till. nefndarinnar hefur svo háttv. 2. þm. Rvk. komið með þá breyt.till., að Ræktunarsjóðurinn greiði landssjóði 3% af vöxtunum. En nú er Ræktunarsjóðnum gjört að skyldu, að lána gegn 2. veðrjetti, og með því annar veðrjettur veitir ekki ávallt fullkomna trygging, getur svo farið í einstökum tilfellum, að Ræktunarsjóðurinn bíði fjártjón við útlán, svo að þau eru ekki með öllu áhættulaus, og nefndin verður því að leggja áherzlu á það, að Ræktunarsjóðnum sje ekki íþyngt með hærri vöxtum til landssjóðs en 2%.

Þá er breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 609, sem gengur út á það, að þar sem háttv. Ed. hefur nákvæmlega skipt niður, hve miklu fje skuli varið úr Ræktunarsjóðnum til að styrkja menn til lífsábyrgðarkaupa, og hve miklu skuli varið til verðlauna.

Þá hefur nefndin lagt til, að þessu yrði ekkert skipt í sundur, heldur yrði aðalupphæðin til hvors tveggja ákveðin þannig, að heimilt væri að verja $^2/_3$ af vöxtunum til þessara útgjalda, en $^1/_3$ vaxtanna leggðist við sjóðinn. Einnig hjer hefur nefndin farið meðalveginn, þar sem háttv. Ed. hafði ákveðið, að $^3/_4$ vaxtanna mætti verja til tjeðra útgjalda, en að eins $^1/_4$ skyldi leggjast við sjóðinn.

Það er heldur ekki fengin nein reynsla fyrir því, hve mikil eptirsókn verður eptir styrk til lífsábyrgðarkaupa, og væri því eðlilegra að láta reynsluna sýna, hvað til þess mundi nægja, áður en farið væri að ákveða vissa upphæð til þess. Nefndin hefur ekki lagt mikla áherzlu á að fylgja aðalskoðun sinni í þessu máli fast fram, heldur vill hún gjöra þeim mismunandi skoðunum, sem fram hafa komið í málinu, sem mest til hæfis.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með litla breyt.till. við þetta frumv. Þegar það mál, sem er náskylt þessu, nfl. þjóðjarðasölumálið, var til meðferðar hjer í deildinni, var jeg því mótfallinn, að allt andvirði þjóðjarðanna rynni í Ræktunarsjóðinn, af því að jeg þóttist sjá, að um mikla upphæð yrði að ræða, líklega allt að 1 miljón kr. Jeg áleit ekki rjett, að þingið sleppti alveg umráðum yfir svo miklu fje, ekki rjett, að því væri varið til þess að styðja eina einustu atvinnugrein. Jeg álít því, að breyting sú, sem Ed. hefur gjört á frumv., sje til bóta, að svo miklu leyti, sem þar er ákveðið, að vextirnir skuli renna í landssjóð. Nú leggur nefndin til, að þessu sje breytt þannig, að hálfir vextirnir, eða 2%, renni í landssjóð. Jeg get að vísu fallizt á, að það sje nokkuð mikið, að Ræktunarsjóðurinn greiði landssjóði full 4%, sjerstaklega þar sem búast má við, að vanhöld verði á vaxtagreiðslunni, en mjer virðist þó 2% of lítið, og þess vegna hef jeg komið með breyt.till., sem fer mitt á milli, þar sem jeg legg til, að Ræktunarsjóðurinn greiði 3% af innstæðufje í landssjóð í staðinn fyrir 2%, sem nefndin ætlast til. Eins og sakir standa, álít jeg þetta rjettlátt og málinu vænlegast til framgangs, því jeg býst við, að Ed. vilji, ef til vill, ekki breytinguna, ef hún yrði eins stórvægileg og nefndin ætlast til.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg vildi að eins með fám orðum gjöra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, því jeg býst við því, að sumum

kunni að koma það á óvænt. Jeg samþykki nefnilega breyt.till. hv. 2. þm. Rvík. (G. B.) af því, að jeg álít ekki óttalaust, að breytingin, sem nefndin vill gjöra, geti orðið frumv. að falli í háttv. Ed., og því vil jeg afstýra. Jeg hef ekki sagt eitt orð við fyrri umræður þessa máls hjer í deildinni; málið gekk svo vel, að þess gjörðist engin þörf, og var mjer þó af öllum þeim frumv., sem milliþinganefndin í landbúnaðarmálum átti við, þetta frumv. hvað kærast; mjer þætti því svo leitt, ef það nú fjelli í háttv. Ed., og því er jeg með þessari miðlun, sem háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) vill gjöra, svo að það atriði þurfi ekki að valda ágreiningi milli deildanna.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Jeg ætlaði að eins að gjöra litla athugasemd við ræðu háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.). Hann sagði, að það væri viðurhlutamikið, að þingið afsalaði sjer svo miklu fje, sem andvirði þjóðjarðanna yrði; en jeg get ekki sjeð, að þingið gjöri það, af því að Ræktunarsjóðurinn er full eign landsins, og ber að skoðast sem hluti af landssjóði, þó þingið feli landsstjórninni og Búnaðarfjelagi Íslands að hafa sjerstakt eptirlit með sjóðnum. Þar getur þingið gripið fram í, hvernig sem það vill og gæti sjálfsagt haft fullkomin áhrif á, hvernig fjenu er varið.

Háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) hjelt því fram, að Ræktunarsjóðurinn styrkti að eins einn atvinnuveg, en það hefur nú áður verið sýnt fram á, að hann hefur einmitt tvöfalt ætlunarverk, að því leyti sem hann eptirleiðis á að styrkja báða aðal-atvinnuvegi landsins. Viðvíkjandi því, að breyting nefndarinnar sje óaðgengileg fyrir Ed., þá er það athugandi, að eptir gildandi lögum á Ræktunarsjóðurinn alla vextina, og ef þetta væri samþykkt, að sjóðurinn greiddi 2%, þá lægi sú spurning fyrir Ed., hvort hún vildi, að Ræktunarsjóðurinn hjeldi öllum vöxtunum eða að eins hálfum.

Jeg skal ekki gjöra háttv. Ed. þær getsakir, að hún ekki vilji taka breytingunni, þegar málið er svona vaxið.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vildi að eins með örfáum orðum láta í ljósi undrun mína yfir því, hvað háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) er nægjusamur fyrir hönd milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálum. Hann gat þess, að þetta frumv. væri sinn augasteinn, og þó er honum ekki sárara um það en þetta. Háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) tók það fram hjer á dögunum hjer í deildinni, að það væri ekki vert, að vera að hræða menn með Ameríkuferðum, en jeg sje heldur ekki, að ástæða sje til, að hræða menn sífellt með Ed., enda get jeg ekki búizt við, að hún sje svo heimsk, að vilja ekki ganga að þeim millivegi, að Ræktunarsjóðurinn greiði 2% í stað 4% til landssjóðs.

Breyt.till. háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) um 3% finnst mjer vera einungis hálfleikur á hálfleikanum.

ATKVGR.: Breyt.till. (579) við 1. gr. samþ. með 15 atkv.

Breyt.till. (582) þar með fallin.

Breyt.till. (609) samþ. með 19 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 20 atkv.

Afgreitt á ný til Ed.

Á 50. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 624, 631).

Framsögumaður Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Háttv. Nd. hefur gjört miklar breytingar á þessu frumv.

bæði hvað snertir vöxtu þá, sem Ræktunarsjóðurinn á að greiða landssjóði, og um það, að hún vill láta það vera óákveðið, hversu miklu af tekjum sjóðsins sje varið á ári til lífsábyrgðarkaupalána og verðlauna hvors um sig og að það, sem veitt er til hvorstveggja fari eigi fram úr $^2/_3$ af vöxtum sjóðsins í stað $^3/_4$ eins og ákveðið var í frumv., eins og það fór frá þessari háttv. deild. Hvað viðvíkur þessari síðari breytingu, þá hefur nefndin fallizt á hana. Hún treystir stjórn Ræktunarsjóðsins til þess að skipta rjettilega á milli lána til lífsábyrgðarkaupa og verðlauna og kannast við það, að óheppilegt geti verið að hafa fastákveðna upphæð á ári til hvorstveggja þessa, með því að svo getur verið, að hyggilegra sje að verja meiru til verðlauna eitt árið, en þá minna til lífsábyrgðarlána eða hið mótsetta.

Öðru máli er að gegna með hina aðra breyt.till. háttv. Nd.; á hana getur nefndin með engu móti fallizt. Hún getur eigi fallizt á það, að rjett sje að »kapitalísera« fje landsins og fá það í hendur ýmsum stofnunum. Það er sjálfsmorð á fjárforræði þingsins, að taka þannig fje undan yfirráðum þess, og eins og jeg tók fram fyrir nokkrum dögum hjer í hinni háttv. deild, er með þessu lagi hægt að taka fje smátt og smátt undan yfirráðum þingsins, svo að það að síðustu hafi ekkert fjárvald. Og þótt þetta hafi verið gjört, hvað Ræktunarsjóðinn snertir og Fiskiveiðasjóðinn, þá er það fulllangt farið og rangt að fara lengra.

Þótt nefndin líti svo á, að bezt væri, að láta Ræktunarsjóðinn borga 4% til landssjóðs, eins og ákveðið var í háttv. Ed., þá kannast hún þó við, að það muni vera nokkuð hátt, og að sjóðurinn muni skaðast lítið eitt á því, þar sem búast má við, að hann liggi með nokkurt fje, sem hann getur eigi ávaxtað á hverjum tíma, en ef ákveðin væru $3^1/_2$% þá yrði það nokkur tekjuauki, gróði fyrir sjóðinn.

Það sem sjerstaklega gjörir nefndina óánægða með, hversu lágt vextirnir eru settir í háttv. Nd., er atkvgr. sú, sem fór fram hjer í deildinni um þjóðjarðasölumálið, því að hún var einmitt byggð á frumv. þessu, eins og það fór frá þessari deild, og á því trausti til háttv. Nd., að hún mundi taka tillit til vilja þessarar háttv. deildar. Margir, og þar á meðal jeg, greiddu atkv. í þessu trausti, en það hefur alveg brugðizt. Nefndin í þessu máli í háttv. Nd. segir, að hún vilji helzt, að Ræktunarsjóðurinn borgi landssjóði enga vöxtu. Það er því að eins af því, að nefndin vill eigi stofna máli þessu í hættu, að hún leggur það til, að Ræktunarsjóðurinn gjaldi eigi landssjóði nema 3% vöxtu í stað 4%, sem áður var, því að nefndin telur það mikinn skaða, ef frumv. þetta verður eigi að lögum, þar sem það styður að því, sem eptir hennar skoðun er stórkostlegt framfaraspursmál, að auka sjálfseignarábúð í landinu með því að veita lán til jarðakaupa.

Ef þessi breyt.till. nefndarinnar verður eigi samþykkt, þá get jeg eigi gefið frumv. atkv. mitt, og jeg vonast til þess, að deildin fari í þessu efni eptir bendingum hennar.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 631 við 1. gr. frumv., samþ. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með öllum atkv. og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Á 5. fundi sameinaðs þings, þriðjudaginn 29. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A 650, 651, 652).

Eggert Pálsson (4. þm. Rangv.): Frumv. þetta hefur sætt miklum hrakningi milli þingdeildanna. Atriði það, sem ágreiningnum hefur valdið, er það, hve háa vexti Ræktunarsjóðurinn eigi að borga landssjóði af tekjum þeim, sem hann fær af sölu þjóðjarða. Þegar frumv. kom frá landbúnaðarnefndinni, var ekkert ákvæði um vexti í því til landssjóðs, og stjórnin ljet það óbreytt í frumv., sem hún lagði fyrir þingið; þannig lagað gekk frumv. í gegn í háttv. Nd. við 3. umr. En þegar það kemur til háttv. Ed., setur hún inn í frumv. ákvæði um, að Ræktunarsjóðurinn skuli greiða landssjóði 4% af andvirði þeirra þjóðjarða, er seldar verða eptir 1. janúar 1906, með öðrum orðum fulla vexti, jafnháa því, sem landssjóður fær jafnaðarlega af lánum sínum.

Nefndin í háttv. Nd. gat ekki fallizt á þessa breytingu, en til samkomulags gerði hún þá miðlun, að sjóðurinn greiddi 2% vexti í landssjóð eptir 1. janúar 1906. En Ed. vildi ekki heldur fallast á það, og hefur að minu áliti sýnt með því óþarfa stífni. Og því undarlegri er þessi stífni, og jeg vil segja, ágengni við sjóð þennan, þar sem þar í deildinni, eins og hjer, hafa heyrzt hljóma þau fögru og sönnu orð, að ræktun landsins væri undirstaðan undir velmegun þess. En það lítur ekki út fyrir annað, en að þetta hafi að eins verið hljómur, orð, tóm orð, án þess að hugur fylgdi máli. Þetta kapp, sem hjer hefur komið fram, er þeim mun undarlegra, þegar litið er á það, að tekjur landsjóðs af þjóðjörðunum nema ekki mikilli upphæð. Tekjur af þjóðjörðum eru á fjárlagafrumvarpi því, sem þingið hefur uú samþykkt, áætlaðar rúmar 20 þús. kr. Ef því er farinn meðalvegurinn og miðað við 2%, þá yrðu árstekjur Ræktunarsjóðsins ekki meiri en rúmar 10 þús. kr. af andvirði hinna seldu þjóðjarða, þótt allar seldust, sem vart getur komið til og sízt þegar í stað. Og það getur sannarlega ekki kallast mikið, þegar skoðað er hið mikla verkefni sjóðsins, og hvað honum er ætlað gott og göfugt verk.

Jeg skal í þessu sambandi minna á stofnun fiskiveiðasjóðsins, sem samþykkt hefur verið nú í ár af þinginu, og sem jeg sjálfur greiddi glaður atkvæði með. Stofnfje hans er 100 þús. kr. og auk þess á hann að fá 6 þús. kr. árlega úr landssjóði og enn fremur $^1/_8$ af sektum og andvirði fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpuskipa, svo að þegar á þetta er litið, og meðaltal tekið af $^1/_8$ botnvörpusektanna, eptir því sem þær hafa verið á undanförnum árum, má gjöra ráð fyrir, að tekjur Fiskiveiðasjóðsins verði jafnmiklar tekjum Ræktunarsjóðsins með 2% vöxtum til landssjóðs.

En þrátt fyrir þetta lítur svo út, að sumir háttv. þingm. Ed. sjái ofsjónum yfir því, að slakað hefur verið til við Ræktunarsjóðinn um 1% á vöxtum þeim, er hann skal greiða af andvirði þjóðjarðanna. Það verður ekki öðruvísi á það litið, þar sem þeir hafa komið fram með breyt.till. um, að hækka vextina úr 3% upp í 4%. En þessi breyt.till. vona jeg að gangi ekki fram og eigi þurfi frekar um hana að ræða.

Jeg leyfi mjer því að mæla með breyt.till. á þgskj. 652 og vona, að hún verði samþykkt. En skyldi svo ólíklega fara, að hún yrði ekki samþykkt, þá get jeg ekki greitt frumv. atkv. mitt, þó að jeg játi, að ákvæði þess sjeu góð að öðru leyti. Komist ekki breyt.till. um vaxtagreiðsluna á

þgskj. 652 að, get jeg ekki verið þekktur að því, að samþykkja frumv.; jeg met svo mikils rjettlæti og sanngirni og býst við, að hinir háttv. þingm. muni einnig kunna að meta það.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg held það sje meira kapp hjá Nd. en Ed. Það var vitanlegt, að þetta frumv. stóð í sambandi við frumv. um þjóðjarðasöluna. Það var einnig vitanlegt í Nd. og tekið fram í nefndarálitinu, að sumir greiddu atkv. með frv. að eins af því, að ákveðið var, að landssjóður skyldi fá 4%, og það var búizt við því, að Nd. tæki tillit til þess, en Nd. hafði aðra aðferð, hún afgreiddi þjóðjarðasöluna fyrst en geymdi þetta frumv. En frumv. hefði verið fellt í Ed., ef hún hefði vitað þetta. Það er varhugaverð braut, að taka landsins bezta gjaldstofn undan yfirráðum þingsins. Það er viðurkennt allstaðar, að jarðir eru bezti gjaldstofninn. Ef taka þarf lán, þá eru þær bezta veð. En þegar þær eru seldar, þá er allt örðugra viðfangs.

Þá er og það æði athugavert, að selja jarðirnar nú, og láta landssjóð að eins fá 2%. Ef landið á nokkra framtíð, þá hljóta jarðirnar að hækka í verði. Það er því mjög svo ósanngjarnt, að láta landið ekki fá 4% nú, þegar jarðirnar eru seldar. Þess vegna vil jeg fá frumv. breytt, eins og það var samþ. í Ed. Vegna þess, að tíminn er naumur, þá komum við með breyt.till. til samkomulags, þar sem gjaldið er ákveðið 3%, en það er þó ekki nógu langt farið. Þó að greitt væri í landssjóð 4%, hefði Ræktunarsjóðurinn þó hagnað, þar sem hann gæti lánað út gegn $4^1/_2$%—5%. Framsögum. fór að bera Ræktunarsjóðinn saman við Fiskiveiðasjóðinn, og kvað Ræktunarsjóðnum ekki gjört jafnhátt undir höfði. Ræktuuarsjóðurinn er kominn upp í 160,000 kr., og er því 60 þús. kr. hærri en Fiskiveiðasjóðurinn. Og auk þess eru á fjárlögunum veittar 100 þús. kr. til landbúnaðarins: til búnaðarfjelagsins, mjólkurbúa og skógræktar nær 99 þús kr. En hvað er veitt til fiskiveiða? svo sem ekkert; þær eiga að lifa á fiskiveiðasjóðnum. Ennfremur verður tillag landssjóðs til hans afhent í skuldabrjefum, svo ekki verður hægt að nota það. Hver verður munurinn á tekjum landssjóðs af fiskiveiðunum eða landbúnaðinum? Af fiskiveiðunum hefur landssjóður langmestar tekjur, en af landbúnaðinum ekki svo sem neitt. Væri það hyggilegt af einum bónda, sem ætti 2 kýr aðra stritlu en hina beztu kú, að kasta öllu fóðrinu, sem hann ætti, í stritluna, en reka hina út á klakann. Sama aðferðin er höfð hjer. Landssjóður hrúgar í landbúnaðinn, sem gefur engar tekjur í hann aptur.

Það er nógu langt farið, þótt ekki sje því bætt ofan á, að tekinn sje arður jarðanna af landssjóði. Að láta að eins borga 2%, kemur ekki til mála, að alþingi samþykki. Jeg vona, að það verði ofan á, að Ræktunarsjóðurinn greiði 4%; þetta er það eina sanngjarna. Ræktunarsjóðurinn er orðinn nógu öflugur; þótt hann greiði 4% getur hann samt haft tekjur.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Jeg skal ekki vera langorður, enda hygg jeg, að hugum manna verði ekki snúið hjeðan af í þessu máli; háttv. þm. munu vera þegar ákveðnir í því, hvernig þeir ætla sjer að greiða atkv. um frumv. — Þó vil jeg með fám orðum gjöra athugasemdir við nokkur atriði í ræðu háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.).

Er þá fyrst sú athugasemd, að þá er háttv. þm. (V. G.) var að telja upp fje það, sem til landbúnaðarins gengi,

þá tjell það úr hjá honum eða honum gleymdist að geta þess, hvað lagt er fram af landsfje til sjávarútvegsins. En jeg skal þá aptur til jafnvægis telja upp nokkuð af því. Samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum er á komandi fjárhagstímabili ætlað sjerstaklega sjávarútveginum til stuðnings rúm 35 þús. kr. til vita, 12 þús. kr. til stýrimannaskólans, 15 þús. kr. til skipakviar á Oddeyri, 5 þús. kr. til stórskipabryggju í Stykkishólmi, 10 þús. kr. til mótorbátafjelaga og rúm 2 þús. kr., til skipstjórafjelagsins »Aldan« auk ýmislegs fleira smávegis, eða í allt um 80 þús. kr., og þar við bætist svo fiskiveiðasjóðurinn. Þetta er ekki hægt að segja að sje enginn styrkur, einkanlega þegar þess er líka gætt, að samkvæmt fjárlögunum má lána úr viðlagasjóði í sjávarútvegsins þarfir með meira eða minna hagkvæmum kjörum yfir 100 þús. kr. Einnig er þess að gæta, að þar sem háttv. þm. (V. G.) taldi Ræktunarsjóðinn vera að eins fyrir landbúnaðarsveitirnar, þá er það alveg rangt hjá honum, því að í 1. gr. frv. er tekið fram, að lána megi úr sjóðnum til að kaupa grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarlóða í kaupstöðum og kauptúnum. En eins og öllum er vitanlegt, eru þessi grasbýli og þurrabúðir eigi annarsstaðar til en einmitt við sjóinn, svo að slíka lánþiggjendur verður að telja fremur sjávarmenn en landbúnaðarmenn.

Háttv. sami þm. talaði um, að það þætti óbúmannlegt að gjöra þeirri kúnni betur, sem lítið hreytti, en mjólkurkúnni, og vildi þar með líkja landbúnaðinum við hreytuna en sjávarútveginum við góðu mjólkurkúna. En jeg skal benda honum á það, að það þykir ætíð óbúmannlegt að hafa nokkra þá kú í fjósi, sem lítið hreytir, en hitt búmannlegt, að gjöra fjósið sem bezt úr garði, hafa kýrnar allar góðar, bæta fjósið, svo að þær gefi allar sem mestan arð. Og eins ætti þingið að breyta gagnvart landbúnaðinum; það ætti að styðja hann og styrkja, til þess að hann yrði landinu sem arðsamastur.

En þó að sjávarútvegurinn nú sem stendur gefi landssjóði mikla vexti af því fje, sem til hans er lagt, þá getur þessi góða kýr gallast og geldst. Þessi atvinnugrein getur oltið um koll á svipstundu, ef illa árar fyrir hana, fiskileysi eða stórkostlegt verðfall á fiski ber að höndum. Og hvar er landssjóður þá staddur, ef landbúnaðurinn er látinn liggja í hirðuleysi og kaldakolum?

Það hefur verið sýnt fram á það með rökum, að landbúnaðurinn gefur landinu einmitt festu í framtíðinni. Þess vegna ætti það að vera markmið þingsins og allra þjóðhollra manna, að hlynna sem bezt að honum og styrkja hann á allar lundir, svo að hann geti í framtíðinni orðið sannur landstólpi, sem hann hefur í sjer mögulegleika til, ef honum er virkilegur sómi sýndur.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Jeg get ekki skilið í því, af hverju þetta þrátt, þessi metnaður og þetta kapp um tvo aðalatvinnuvegi landsins í sambandi við þetta mál, er komið. Mjer finnst allt það, sem sagt hefur verið í þessu máli í þessa átt, eins og talað út í hött. Jeg sje ekki, að það, sem hjer er um að ræða, breytingarnar í Ed. eða hitt, sem Nd. fer fram á, hafi þá þýðingu út af fyrir sig, að það sje þess vert, að svo mikið sje úr því gjört, Hjer er að eins að ræða um »princípið«, hjer er að eins verið að ákveða fasta tekjugrein landssjóðs, og það er það, sem mjer þykir athugaverðast. Vjer erum að eyðileggja fjárforræði þingsins eptir-

leiðis, að því er þessa tekjugrein snertir, og þessvegna vil jeg ekki, að Ræktunarsjóðurinn borgi minna til landssjóðs, en frumv. fer fram á. Jeg álít það ekki rjett, að vjer tökum ráðin af eptirkomendum vorum, ekki rjett að kasta tekjum landsins í hendur annara en þingsins, því það er sjálfsmorð á fjárforræði þingsins. Fyrst og fremst á það ekki við, að tala um það eins og stórmál, hvort vextirnir sem Ræktunarsjóðurinn á að borga í landssjóð, eru 1% hærri eða lægri. Það er ekki svo mikil upphæð, að landbúskapurinn standi eða falli með sliku. Og í öðru lagi, ef það er skoðun þingsins, að landbúnaðurinn einn hafi rjett til tekna af þjóðjörðunum, þá á þingið samt sem áður allt af að hafa frjálsar hendur til þess að veita þær upphæðir til landbúnaðarins á hverju þingi, sem því sjálfu sýnist. Annars gætu eptirkomendur vorir haft það til að segja, þegar Ræktunarsjóðurinn af andvirði seldra þjóðjarða er búinn að eignast höfuðstól upp á 600—700 þús. kr., sem hann nýtur vaxta af, að þá sje ekki, hvernig sem á stendur, ástæða til að veita meira fje til landbúnaðarins. Ef tekjur Ræktunarsjóðsins aptur á móti verða minni, þá eru líkindi til, að veitt verði fje á hverju fjárhagstímabili til landbúnaðarins, og það finnst mjer öllu heppilegra fyrir hann, eins og það líka er heppilegra fyrir landssjóð en að ákveða nú svo miklar fastar tekjur handa Ræktunarsjóðnum og kippa svo stórum og góðum tekjustofni, sem jarðeignir landsins eru, úr landssjóði, og undan yfirráðum þingsins. Mjer finnast orð háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) alls ekki eiga hjer við, að það sje verið að sýna Ræktunarsjóðnum ágengni, þar sem verið er að ákveða einmitt á þessu þingi, að hann fái 574 þús. kr., því minna verður það ekki reiknað eptir afgjaldi jarðanna, eins og það er nú að frádregnum umboðslaunum, og þar sem þingið er þar að auki búið að gefa 160 þús. kr. í sjóðinn, sem hann heldur áfram auk þessara 574 þús., þá finnst mjer það alveg rangt og ótilhlýðilegt að segja, að verið sje að sýna honum ágengni, enda þótt landssjóður vilji hafa einhverja leigu af þessum höfuðstól. Hingað til hefur það alltaf legið undir atkvæði þingsins, hvort nokkur þjóðjörð skyldi seld eða ekki, en nú á þessu þingi er búið að ákveða, að selja allar þjóðjarðir og setja andvirði þeirra í Ræktunarsjóðinn, en það nemur mörgum hundruð þúsundum, og samt er verið að segja, að þingið veiti Ræktunarsjóðnum ágengni. Þetta nær engri átt. Það á heldur ekki að vera að tala um það, hvort einn atvinnuvegur sje arðvænlegri, en annar, eða eigi meira gott skilið af þinginu. Jeg hallast nú raunar að því, að landbúnaðurinn eigi að sitja í fyrirrúmi, en á hinn bóginn álít jeg þó ekki rjett, hvaða atvinnuvegur sem í hlut á, að skerða yfirráð þingsins yfir eigum landsins, með því að fela þær öðru fjárveitingarvaldi. Það er heldur ekki rjett, að Ræktunarsjóðurinn sje svo lítill nú, að bráðnauðsynlegt sje að auka hann. Hann á þó þessar 160 þús., og þar við bætist 1/3 af vöxtunum, sem leggjast við höfuðstólinn; það nemur eitthvað á 3. þúsund á ári og það dregur sig saman, þegar til lengdar lætur. Hitt gæti jeg skilið, að menn kvörtuðu yfir því, að hann vantaði nú þegar fje til framkvæmda. Markmið sjóðsins, sem er ræktun lands vors, er háleitt og verksvið hans mikið, svo æskilegt væri, að hann þegar gæti hafizt handa og verið stórvirkur í framkvæmdinni. En hann vantar höfuðstólinn, sem hann á að starfa með, meðan verið er að selja

þjóðjarðirnar. Hefði þingið fundið upp á því að auka nú í skyndi umráðafje Ræktunarsjóðsins, svo að hann strax gæti tekið til óspilltra málanna, þá var það alveg rjett hugsun.

En bezti og greiðasti vegurinn til þess hefði verið að láta landssjóð lána Ræktunarsjóðnum svo sem 100 þús. kr. Það þarf engum blöðum um það að fletta, að Ræktunarsjóðinn vantar starfsfje, til þess að geta farið að starfa strax, svo að nokkuð kveði að, og það er sama, hvort hann yrði að borga landssjóði 2, 3 eða 4% af höfuðstól sínum; í bráðina gæti hann ekki starfað, svo að nokkru næmi. Uppástungan um að fá lán handa Ræktunarsjóðnum er rjett, og mjer þykir leitt, að jeg skuli ekki hafa tekið eptir henni fyr eða mjer dottið hún sjálfum í hug, Það er ekki aðalatriðið, hvort sjóðurinn verður orðinn mikill eptir svo og svo mörg ár, heldur hitt, að hann geti strax byrjað að starfa. Hann vex náttúrlega með tímanum með þessari litlu viðbót 2—3 þús. á ári, en hann á strax að geta byrjað að starfa.

Í sambandi við breyt.till. þá, sem jeg á hjer með 2 öðrum þingm., skal jeg taka það fram, að mjer er ekki neitt kappsmál, að hún gangi fram, en jeg hef skrifað nafn mitt á hana, af því að mín sannfæring er, að Ræktunarsjóðurinn eigi að endurgjalda landinu til fulls það, sem hann fær. Þingið er búið að gjöra nóg í því að kasta frá sjer fje landssjóðs, og því vildi jeg, að nafn mitt sýndi þá skoðun mína. En jeg held ekki svo fast við það, að Ræktunarsjóðurinn greiði landssjóði í leigu 4% í stað 2%. Hann fær heldur ekki fulla 4% af allri upphæðinni samtals fyrir hvert ár. Ræktunarsjóðurinn verður með því móti fyrir lítilfjörlegu vaxtatapi, en það nemur svo litlu, og það er hægt að kippa því í lag. Það, sem jeg vildi sjer í lagi sýna sem ljósast, er, að það var svo fjarstætt hjá Nd. að lækka leiguna úr 4% niður í 2%. Jeg kalla það engan meðalveg, þó landssjóður taki 2%. Annars ætti meðferð Nd. á málinu að vera lærdómsrík fyrir Ed. og kenna henni það, að halda frumvörpunum nógu lengi óútræddum, meðan Nd. er að sýna, hvað hún ætlar sjer, því Ed. hefði sjálfsagt aldrei samþ. þjóðjarðasöluna, hefði hún vitað, hvernig Nd. ætlaði að fara með andvirði þeirra, og þá hefði sjóðurinn skaðast miklu meira, ef enginn þjóðjörð hefði verið seld fyrst um sinn.

Þórhallur Bjarnarson, (þm. Borgf.): Það var eitt, sem jeg vildi taka fram og árjetta af því, sem háttv. þm. Strand. (Guðj. G.) sagði, að eins og á stendur um greiðsluna fyrir þjóðjarðir, er samkvæmt nýju lögunum kunna að seljast, þá verður upphæðin fremur smá, sem kemur í Ræktunarsjóðinn fyrstu árin, og tími og tækifæri verður þá til að breyta lögunum. Svo vildi jeg mega brýna það fyrir þinginu, að hvað sem ofan á verður, hvort sem það verða 3% eða 2%, sem sjóðnum verður gjört að greiða í landssjóð, þá má þetta atriði ekki verða því til fyrirstöðu, að lögin verði afgreidd nú frá þinginu. Það þarf nauðsynlega að breyta lögum Ræktunarsjóðsins, því verðlaunin koma nú svo út, að þau eru varla annað en viðbót við fje það, sem gengur eptir dagsverkatölu til búnaðarfjelaganna, sem kraptmennirnir aðallega njóta, að því er til Ræktunarsjóðsins kemur. Tilgangurinn með þessu frumv. er að gjöra verkahring sjóðsins rýmri, t. d. í því, að hann nái líka til smá grasbýla við sjóinn. Hinn góðkunni norski prestur Monrad, sem nú nýlega hefur komið á flesta firði landsins á ferð sinni í kringum landið, dáðist að því,

hvað rjett allstaðar í fjarðarbotnunum væri mikið af vel ræktanlegu landi móts við það, sem frændur vorir í Noregi eiga við að búa, og þangað, til sjávarbyggða vorra vill frumv. líka geta veitt frjóvgunarstraum sjóðsins, og ættu sjávarmennirnir að meta það.

Jeg tel eigi þurfa að andmæla því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði. Vjer landbúnaðarvinir vitum allir, hve arðsöm atvinnugrein sjávarútvegurinn er og hve miklar tekjur landssjóður hefur af honum, en jeg treysti því, að sami háttv. þm. muni vera mjer samdóma um það, hve mikils virði það er, fyrir sjómanninn, að hafa grasnyt sjer til stuðnings og tryggingar í lífsbaráttunni, og hvaða þýðingu einmitt landbúnaðurinn hefur fyrir alla þjóðmenning vora.

Jeg þarf ekki að taka til mín orð sumra háttv. efri deildar manna um ósamlyndið á milli deildanna út af þessu atriði um vextina, því jeg vissi, að þjóðjarðasalan var því að eins samþykkt í Ed., að það ákvæði deildarinnar fengi að standa, að meiri partur vaxtanna gengi til landssjóðs. Þess vegna mælti jeg með því um daginn, að það yrðu 3% og mæli með því enn. Hitt getur eigi komið til nokkurra mála, að greiddir sjeu 4% vextir. Ræktunarsjóðurinn á að lána til atvinnubóta, og getur ekki tekið meira en 4% af lánum sínum, og veitir honum þó ekki af, að eiga að minnsta kosti þennan 1% fyrir áhættunni af atvinnulánunum.

Hvort sem það nú verða 2 eða 3%, sem hann á nú um sinn að greiða landssjóði af væntanlegum viðauka við höfuðstólinn, þá hefur það ekki svo mikla þýðingu, hitt skiptir meiru, að Ræktunarsjóðurinn geti strax frá nýjári farið að keppa að hinu nýja markmiði sínu, að auka sjálfsábúð í landinu.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er fús á að taka breyt.till. mína á þskj. 651 aptur, svo framarlega, sem breyt.till. á þskj. 652 verður líka tekin aptur.

Eggert Pálsson lýsti því yfir, að hann tæki *ekki* aptur breyt.till. á þskj. 652.

Þá var gengið til atkvæða.

Breyt.till. á þskj. 651 að fyrir 3% komi 4% felld með 26 : 8 atkv.

Breyt.till. á þskj. 652, að fyrir 3% komi 2% felld með 19 : 17 atkv.

Frumv., eins og það liggur fyrir, samþykkt með 26 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli, eptir óljósa atkv. greiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Hannes Þorsteinss.,
Ágúst Flygenring,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Björn M. Ólsen,	Eggert Pálsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Gutt. Vigfússon,
Hannes Hafstein,	Jóh. Ólafsson,
Herm. Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Magnús Andrjess.,
Jón Jakobsson.	Ólafur Briem,
Jón Magnússon,	Ólafur Thorlacíus,
Júlíus Havsteen,	St. Stef., 2. þm. Eyf.
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Kristjánss.,	
Magnús Stephensen,	
Ólafur Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Sig. Jensson,	
Sig. Stefánsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Tryggvi Gunnarss.,	
Valt. Guðmundss.,	
Þórarinn Jónsson,	
Þorgr. Þórðarson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Frumv. afgreitt til ráðherrans, sem lög frá alþingi.

B. Felld.

I. Gjald frá sýslufjelögum.

Á 4. fundi Nd., miðvikudaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um gjald frá sýslufjelögum til landssjóðs til 1. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það, sem jeg hef að taka fram við frumv. þetta, stafar af sambandi því, sem það stendur í við frumv. það til sveitarstjórnarlaga, sem einnig hefur komið fyrir í dag. Í sambandi þessu kemur fram stefna, sem jeg ekki get aðhyllzt, sem sje sú, að leggja skatta á sýslufjelögin og láta þau gjöld renna beint í landssjóð, en svipta jafnframt gjaldendur því atkvæði um og þeim umráðum yfir skattgjöldunum, sem þeir hafa nú. Jeg get ekki betur sjeð, en að hjer sje verið að breyta ákvæðum, sem í eðli sínu voru »demokratísk« (lýðsinna) í þá átt, að auka skrifstofuvaldið og rýra sjálfsstjórnarrjett hjeraðanna, og þetta er gjört að hjeraðsstjórnunum fornspurðum. Skattgreiðendur eru sviptir atkvæðisrjetti, en bera sömu skyldur og áður. Jeg verð að vera á móti þessu; þar sem frumv. standa í þessu sambandi hvort við annað, álít jeg rjett, að máli þessu sje vísað til nefndar þeirrar, sem falið er að fjalla um sveitarstjórnarlögin.

Ráðherrann: Frumv. þetta kom til stjórnarinnar frá milliþinganefndinni í fátækramálinu og sveitarstjórnarmálinu, og stendur það í sambandi við þá uppástungu í frumv. til sveitarstjórnarlaga, að leggja amtsráðin niður. Jeg hef skilið tilgang nefndarinnar svo, að hún hafi hugsað sjer þetta að eins sem bráðabirgðafyrirkomulag meðan verið væri að skipa skattamálum landsins, og varð stjórnin að vera nefndinni samdóma um, að ekki væri hentugt, að láta gjöld þessi alveg falla niður í bráð, með því að niðurlagning amtsráðanna og yfirfærsla ýmsra gjalda, er á jafnaðarsjóðunum hafa hvílt, á landssjóðinn hafa í för með sjer ný og aukin útgjöld fyrir landið, sem að bæta verður landssjóði á einhvern hátt. Þar sem frumv. til sveitarstjórnarlaga auk þess hefur í sjer fólgnar ýmsar tillögur um, að landssjóður hlaupi undir bagga með ýmsan kostnað, er á sveitarsjóðunum hefur hvílt til þessa, og enn fremur er á leiðinni frumv. um mikil framlög af landssjóði bæði í eitt skipti fyrir öll og árlega eptirleiðis til byggingar geðveikrahælis, sem aðallega ljettir gjöldum af sveitarsjóðunum, þótti rjettlátt, að sveitarfjelögin, að minnsta kosti fyrst um sinn, legðu sinn skerf til hins almenna sjóðs. En væri gjaldið fellt niður nú, yrði erfiðara, að fá annan tekjuauka í staðinn fyrir það síðar.

Jeg álít, að frumv. þetta heyri undir sveitarstjórnarnefndina, og vonast til, að háttv. deild komi sjer svo saman um það, að það verði ekki að ásteytingarsteini, að því er snertir önnur frumv., sem við það eru bundin, eins og t. d. frumv. um geðveikrahæli.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vildi leyfa mjer að gjöra stutta athugasemd út af ræðu hæstv. ráðherra.

Jeg ætla mjer ekki að gjöra þetta að kappsmáli, en annaðhvort er, að hjeraðsstjórnirnar haldi því valdi, sem þær

hafa nú, og beri þá sömu skyldur, eða þá að ljett sje skyldunum af þeim, ef þær eru rjettinum sviptar.

Jeg get ekki ímyndað mjer, að þetta mál sje neitt kappsmál af hendi stjórnarinnar. Jeg vil enn fremur taka það fram, að mjer þykir nokkuð fljótt undið að þessu, þar sem sýslunefndirnar, sem eru aðalþátturinn í hjeraðsstjórninni og greiða kostnaðinn við hana að mestu leyti, hafa ekki verið aðspurðar. Ekki vil jeg mæla eitt illt orð í garð geðveikrahæla, því eins og við vitum, er meðferðin á geðveikum hjer á landi hörmuleg og hneyxlanleg; svo jeg álít það þarft verk. En hvort það er sveitarstjórnarmál eða landsstjórnarmál, skal jeg ekkert um segja, og þó það væri hjeraðsstjórnarmál, mætti sjálfsagt finna einhvern veg til þess, að geðveikrahælin fengju fullan styrk frá sveitarsjóðum, þó eigi væri breytt skattalögunum. Jeg hef að eins gjört þessa athugasemd út af orðum hæstv. ráðh.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 23 samhlj. atkv.

Samþ. að vísa því til sveitastjórnarlaganefndarinnar í e. hlj.

Á 26. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A 193).

Framsögumaður meiri hlutans Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta frumv.

Í áliti milliþinganefndarinnar hefur verið skýrt frá því, hvers vegna hún kom með tillögur í þessa átt. Svo er og bæði í álitinu og í ástæðum stjórnarinnar tekið fram, í hvaða sambandi það stendur við frumv. um geðveikrahæli, nefnilega að það var gjört að skilyrði frá hæstv. ráðherra fyrir því, að það frumv. yrði borið fram af stjórninni, að eitthvað í þá átt kæmi fram, sem frumv. það, er hjer ræðir um, fer fram á, til þess að standast kostnaðinn við stofnun geðveikrahælisins. Milliþinganefndin áleit það ekki nema sanngjarnt, að sýslufjelögin legðu eitthvað fram til slíkrar stofnunar, sem er í eðli sínu algjörlega »kommúnalt« fyrirtæki. Það hefði sjálfsagt verið gott, að geta stofnað geðveikrahæli fyrir hvert amt, en milliþinganefndin var þeirrar skoðunar, að ekkert eitt amt væri fært um að koma slíkri stofnun á fót, en um nauðsynina á einu geðveikrahæli að minnsta kosti, held jeg að flestum háttv. þm. komi saman um. Gjald þetta á sýslufjelögin kemur til að samsvara jafnaðarsjóðsgjaldinu, en er þó sett talsvert lægra, og er hjer því ekki um nýtt gjald að ræða, heldur um gamalt gjald í dálitið annari mynd og að eins til bráðabirgða 2—4 ár.

Þyki háttv. deild þessi leið ekki heppileg, vona jeg, að tillögur komi fram um, að sýslu- og sveitafjelögin leggi gjöld þessi á sig á annan hátt. Meiri hluta þingnefndarinnar er það alls ekki fært í hendi, að einskorða sig við þá leið, sem farið er fram á í frumv., en hún álítur þó, að vel megi við hana una til bráðabirgða.

Það hefur verið haft á móti þessu gjaldi, að það sje á lagt að fornspurðum þeim, sem eiga að greiða gjaldið, en því er svo varið með flestar álögur, að þær hafa verið lagðar á meira eða minna að gjaldendum fornspurðum. Meiri hluti nefndarinnar verður að leggja aðaláherzluna á það, eins og líka er tekið fram í álitinu, að þetta er að eins gjört til bráðabirgða, þangað til hin nýja skattalöggjöf væntanlega er komin í kring.

Þar sem háttv. þm. V.-Sk. sagði í gær, að milliþinganefndin hefði byggt þetta gjald á því, að landssjóður yrði að borga svo miklar skuldir fyrir ömtin, þá er þetta ekki rjett. 2 ömtin

voru skuldlaus, eða sama sem, og hin ekki svo ýkja skuldug; en í annan stað hefur milliþinganefndin í sveitarstjórnar- og fátækramálum ekki skipt sjer af búnaðarskólamálum amtanna, eða neinu er stendur í sambandi við þá, eða búnaðarmál yfir höfuð.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Í 58. gr. stjórnarskrárinnar segir svo: »*Rjetti* sveitarfjelaganna til að *ráða sjálf* málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lagaboði«. Með þessu ákvæði, er sjálfsstjórnarrjettur sveitarfjelaga viðurkenndur. Þau eiga að hafa sjálfræði um sín mál, og landsstjórnin á að eins að *líta eptir þeim*. Hið almenna löggjafarvald er hjer bundið við borð á tvo vegu. Því eru settar 2 meginreglur: *Önnur* er sú. að láta sveitarfjelögin ráða sínum málum og *hin* sú að líta eptir, að þau haldi þær reglur, er þeim hafa verið settar.

Þetta er í fullu samræmi við hlutarins eðli. Það er ekkert eðlilegra og sjálfgefnara, en að hvert sveitarfjelag ráði sjálft sínum málum og þá sjerstaklega fjármálum sínum, og að stjórnin hafi að eins umsjón með því, því flest mál, er sveitarstjórnirnar fjalla um, snerta eingöngu sveitirnar og sveitastjórnirnar sjálfar hljóta því að vera þeim kunnugastar.

Þetta hefur líka allstaðar og alltaf gefizt vel og því betur, sem sjálfræðið hefur verið meira og tryggara, og hefur því verið haldið allt til þessa. Löggjöf vor hefur allt fram á þetta ár haldið sjálfræði sveitarstjórna í heiðri. Það hefur enda verið aukið til þessa dags. Það er gjörð árás á það í fyrsta sinni nú þessa dagana og það alveg fyrirvaralaust. Það er gjört með frumv. því, sem hjer liggur fyrir. Og það er ráðizt á það, þar sem það er viðkvæmast, á fjárveitingarvald sveitarfjelaganna.

Hingað til hafa sveitarstjórnarvöldin ein ráðið því, *hvað* þau vildu á sig leggja, til *hvers* og á *hvern hátt* þau vildu verja framlögum sínum. Löggjöfin hefur enda í stað þess að leggja skatta á sveitarfjelögin fækkað ýmsum álögum, sem upprunalega voru lögð á þau, t. d. viðhaldi fangelsa, kennslu dumbra og málleysingja og fleira. En nú er annað uppi á teningnum og enda tvennt, sem hvorttveggja er jafnmikið nýmæli. Nú er farið fram á, að löggjafarvaldið leggi skatt á sveitarfjelögin. Og svo á að verja skattinum til fyrirtækis, sem sveitarstjórnirnar hafa engin tök á, en sem stendur eingöngu undir umsjón konunglegra embættismanna. Það eru ný tíðindi, en jafnframt ill tíðindi.

Og hver er ástæðan eða ástæðurnar til þessarar nýbreytni. Þær eru, eptir því sem mjer hefur skilizt, sagðar tvær. Önnur er sú, að skattur þessi leiði af niðurlagning amtsráðanna, þau standi í óbættum skuldum, sem borga verði, en þetta er alveg fótalaus ástæða. Suðuramtið og Norðuramtið eru skuldlaus. Vesturamtið á meir en nóg fyrir skuldum. Og kynni Austuramtið ekki að eiga fyrir skuldum, er hægur hjá að jafna skuld þess niður á sýslufjelögin; en að fara að, eins og hjer er gjört, er hreint og beint óyndisúrræði.

Hin ástæðan er sú, að við verðum að koma upp geðveikrahæli og verði sveitarfjelögin að standast þann kostnað, þar sem flestir geðveiklingar sjeu á fátækraframfæri. En þessi ástæða er jafn fótaveik og hin. Fyrst og fremst segir stjórnin sjálf í athugasemd við spítalafrumv.. að nauðsynin á, að koma upp geðveikrahæli, sje ekki meiri nú en aður. Í annan stað mundi geðveikrahæli þetta koma að litlum notum, þar sem það, eins og stjórnin bendir á, að eins mundi rúma $^1/_6$ af

öllum geðveiklingum landsins, og mætti því heldur heita geðveikragrýta en geðveikrahæli. Í þriðja lagi mætti láta sveitarfjelögin borga fyrir sjúklinga sína á annan hátt en með skattaálögum og það því fremur, sem það yrði miklu ódýrara fyrir þau og kæmi rjettlátar niður. Ekki væri annað en að láta sveitarfjelögiu borga sama og einstaklingar borga fyrir sjúklinga sína. Það yrði þeim, eins og jeg nú skal sýna fram á, vafalaust ljettbærara en hár skattur og hálft gjald, eins og frumv. leggur á þau.

Samkvæmt manntalsskýrslunum voru 1901 samtals 47 geðveikir menn í öllu Suðuramtinu. Setjum nú, að 7 þeirra hafi átt heima í Árnessýslu. Eptir frumv. á Árnessýsla að greiða 1,500 kr. skatt í landssjóð á ári hverju og auk þess 50 a. á dag fyrir hvern sjúkling eða 1277 kr. 50 a. á ári, ef hún kæmi öllum 7 sjúklingunum á hælið; það yrðu samtals 2,777 kr. 50 a., sem hún þannig ætti að greiða fyrir 7 sjúklinga samkvæmt frumv. En losnaði hún við skattinn og ætti aðeins eins og hver einstaklingur að greiða fullt gjald fyrir hvern sjúkling, þyrfti hún ekki að borga nema 2,555 kr. fyrir þá alla, eða 222 kr. 50 a. minna. En nú er geðveikrahælið svo lítið, að það að eins getur rúmað lítinn hluta geðveikra manna úr hverri sýslu, og þá verður sýslugjaldið tiltölulega miklu órjettlátara. Komi Árnessýsla t. d. aðeins 3 á hælið, og það er fullvel í lagt, borgar hún samt 1,500 kr. og auk þess c. 550 kr. fyrir sjúklinga, eða samtals um 2,050 kr., en ef enginn skattur væri á hana lagður, þyrfti hún aðeins að borga 3 × 365 eða 1,095 kr., þó hún borgaði fullt gjald fyrir hvern sjúkling. Kæmi hún að eins einum sjúkling í hælið, yrði hún eptir frumv. að borga 1,500 kr. + 182 kr. 50 a. eða 1682 kr. 50 a., en ella að eins 365 kr.

Á þessu sjest, hve rjettlátt, eða hitt þó heldur, sýslugjaldið mundi verða. Og þó verður það enn órjettlátara, þegar þess er gætt, að sýslurnar einar eiga að borga þetta, en kaupstaðirnir eiga alveg að sleppa. Sýslurnar eiga með öðrum orðum að borga skatt bæði fyrir sína geðveiklinga og sjúklinga kaupstaðanna. Jeg skil ekki það rjettlæti, og það því síður, sem fleiri geðveikir sjálfsagt eru í kaupstöðum en nokkru sinni til sveita. Það er lagður skattur á bændur og búalið, en götulýðnum er sleppt. Og skatturinn er hafður svo hár, að enda 4,000 kr. ganga af eptir reikningi spítalanefndarinnar, þó að hún gjöri spítalann 22 þús. kr. dýrari en stjórnin.

Frumvarpið er með öðrum orðum svo gallað, að það er lítt skiljanlegt, að það skuli hafa fengið 3 formælendur í nefndinni. En það fylgi er vafalaust því að þakka, að *í svipinn* er eigi farið fram á meira en nú er borgað til jafnaðarsjóðanna, og því, að menn hugga sig við, að þetta muni einungis haldast til bráðabirgða. En varnir þessar eru ærið varhugaverðar. Verði frumv. að lögum, má búast við, að skatturinn verði tvöfaldaður 1907, þrefaldaður 1909 o. s. frv.; þá er ómælandi glerhálka framundan. Og líkt er hinni vörninni farið. Stjórnin gjörir ráð fyrir, að gjald þetta sje fast ákveðið eitt skipti fyrir öll; býst með öðrum við, að það sje til frambúðar, enda lítur helzt út til, að hjer sje verið að útvega skattauka, þar sem gjaldið nemur töluvert meira en því, sem ganga á til geðveikrahælisins. Fullyrðing nefndarmanna um, að þetta fyrirkomulag mundi standa stutt, er því ekki annað en spá, spá, sem er því óábyggilegri, sem spámennirnir eru að eins 3·

Það hefði verið allt öðru máli að gegna, ef frumv. hefði verið skapaður aldur fyrir fram, líkt og tollfrumv., sem er sjálfdautt í árslok 1907. Þegar geðveikrahælið er komið upp, vakna sjálfsagt aðrar þarfir, sem sýslufjelögin verða látin borga. Það gæti farið svo, að sýslufjelögin yrðu skattskyld landssjóði upp frá þessu, að þau yrðu nokkurs konar mjólkurkýr landssjóðsins. Mesti og helzti gallinn á frumv. er þó sá, að hjer er verið að breyta út af meginreglu, sem reynzt hefur ágætlega vel síðan hún komst á, þeirri reglu sem sje, að láta sveitarstjórnarvöldin ráða sjer sjálf í sínum eigin málum. Jeg verð því, að öllu athuguðu, eindregið að ráða til þess, að frumv. verði felld nú þegar.

Guðlaugur Gumundsson (þm. V.-Sk.): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frumv., því jeg vjek lauslega að þessu efni í gær, svo háttv. þm. eru skoðanir mínar í málinu kunnar. Jeg er alveg sammála háttv. þm. Snæf., og hefur hann tekið af mjer ómakið sem framsm. minni hlutans. Jeg vil aðeins leggja áherzlu á það, að jeg er eindregið á móti frumv., og leyfi mjer að ráða háttv. deild til að fella það þegar í stað.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg skal ekki lengja mjög umræðurnar, en þó verð jeg að leyfa mjer að gjöra nokkrar athugasemdir við það, sem sagt hefur verið.

Háttv. þm. Snæf (L. H. B.) sagði, að með frumv. þessu væri farið fram á stjórnarskrárbrot.

Það nær auðvitað ekki neinni átt. Það atriði, hvort sýslufjelög skuli greiða skatt í landssjóð, er alls eigi sveitarstjórnarmál eða mál, sem 58. gr. stjórnarskrárinnar á við og segir að sveitirnar eigi að ráða. Hitt ákvæðið í þessari gr. stjórnarskrárinnar, nefnilega, að sveitarstjórnarmál skuli vera undir eptirliti landsstjórnarinnar, hefði þessi háttv. þm. átt að athuga betur, þegar sveitarstjórnarlagafrumv. var til umr. í gær. Það er miklu nær að kalla það stjórnarskrárbrot, að fella burtu ákvæðið í því frumv. um eptirlit af stjórnarinnar hálfu, og fyrir því barðist hinn háttv. þm.

Háttv. þm. Snæf. segir, að hjer sje verið að breyta frá þeirri meginreglu, sem fylgt hafi verið nú undanfarið í löggjöf vorri og reynzt ágætlega, að láta sveitirnar sjálfar ráða málum sínum. Með þessu sje gjörð árás í fyrsta sinn á lögheimilaða sjálfstjórn sveitarfjelaganna. Sje þetta slík árás, sem auðvitað nær ekki nokkurri átt, þá er það ekki í fyrsta sinni, því að áður höfðu amtsráðin meðgjörð með kennslu heyrnar- og málleysingja, fangelsin og fleira, en þessi ráð voru tekin af þeim; með lögunum 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða var yfir höfuð gjörð gagngjörð breyting á jafnaðarsjóðsgjaldinu og sýslusjóðsgjaldinu, alveg að hlutaðeigandi sveitarstjórnum fornspurðum. Þessi lög hljóta því eptir skoðun háttv. þm. Snæf., að teljast koma í bága við stjórnarskrána og það miklu fremur en það frumv., er hjer ræðir um, því að hjer var enginn efi á því að um beint sveitarstjórnarmál var að ræða.

Útreikningi hins háttv. þm., sem á að sýna, að gjaldið sje of hátt, þarf jeg ekki að svara, þegar af þeirri ástæðu, að í þessum útreikningi er ekki tekið tillit til þess, að tvö af amtsfjelögunum að minnsta kosti skulda nokkuð, sem landssjóður á að taka að sjer að borga, að það er vitanlega ekki ætlazt til þess, að þetta sýslufjelagagjald sje nema til bráðabirgða, hvað svo sem sagt er þar í

móti, og að hann alls ekki hefur tekið tillit til stofnunarkostnaðarins.

Um skuldir eða ekki skuldir amtsfjelaganna hef jeg talað áður, og hef engu við það að bæta.

Aðalástæðan til þess, að þetta frumv. kom fram, er hin fyrirhugaða stofnun geðveikrahælisins.

Svo er og hitt, að þegar jafnaðarsjóðirnir leggjast niður, koma eðlilega ýms gjöld á landssjóðinn, sem þeir hafa hingað til greitt, t. d. gjöld til kvennaskóla. En jeg játa það á hinn bóginn, að það er veikur »punktur« í frumv., að lögin skuli ekki einnig eiga að ná til kaupstaðanna, svo samræmi fengist að þessu leyti milli þeirra og sveitanna í þessu tilliti. En því má nú auðvitað breyta.

Það á að vera svo afarhættulegt, að samþykkja þetta frumv.; hjer á að vera komið inn á hála braut, og gefið er í skyn, að verði frumv. samþ., þá verði gjald þetta tvöfaldað á næsta þingi, síðan þrefaldað, o. s. frv. Slíkt og annað eins er nú varla svaravert. Ef þetta gjald væri í sjálfu sjer rangt gjald, þá væri öðru máli að gegna. Ef þannig löguð skattaálaga væri röng eða þekktist ekki annars, þá væri máske eðlilegt, að heyrðust önnur eins ummæli, en hjer er aðeins farið fram á, að niðurjöfnunargjald renni í landssjóð. Slíkt er ekki óþekkt erlendis, og sú skoðun virðist vera að ryðja sjer til rúms annarsstaðar, að slíkur skattur sje hinn rjettlátasti.

Jeg efast ekki um — þar sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) er í nefnd þeirri, sem skipuð var á þessu þingi til að athuga skattalöggjöf landsins, að honum hljóti að vera þessi stefna kunn. Og sje það hættulegt fyrir sýslufjelögin, að alþingi hafi það vald yfir þeim, að leggja gjald á þau, þá er það engu síður hættulegt, að amtsráðin hafi það vald, sem þau hafa nú, því sýslufjelögin verða eins og stendur að borga ákveðið jafnaðarsjóðsgjald án þess þau sjeu nokkuð um það spurð.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Að grundvelli þessa frumv. er ekki að leita í nefndaráliti meiri hluta þingnefndarinnar nje heldur í athugasemdum stjórnarinnar, en hann er að finna í áliti milliþinganefndarinnar, þar sem meðal annars er kveðið svo að orði, að á landssjóð sje stöðugt verið að demba nýjum gjöldum, sem áður hafa hvílt á sýslufjelögunum og að miklu leyti væri eigi óeðlilegt að hvíldi á þeim, t. d. kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja, til útrýmingar fjárkláða ofl.

En svo framarlega sem milliþinganefndin vildi halda því fram, að það væri óeðlilegt, að slík gjöld hvíldu á landssjóði, en ekki á sýslufjelögunum, þá hefði milliþinganefndin átt að koma með tillögur um breytingar á lögum þeim, er snerta þessi mál, en það hefur hún ekki gjört, en með þessu frumvarpi gjörir hún að eins glundroða í lögskipuðu fyrirkomulagi. Þessi glundroði liggur í því, að hún vill leggja umráð málanna undir landsstjórnina, en láta gjaldið hvíla á sýslufjelögunum. Landsstjórnin hefur þannig tekið að sjer umráð yfir kennslu heyrnar- og málleysingja, og þá sýnist ekkert eðlilegra, en að landssjóður beri kostnaðinn, eins og nú er fyrirskipað með lögum.

Eptir því sem málið nú liggur fyrir, er þetta frumv. aðallega sett í samband við frumv. um stofnun geðveikrahælis, en það frumvarp er allt of gott til að vera sett í samband við þetta.

Háttv. framsm. (J. M.) sagði, að stofnun geðveikrahælis væri eptir eðli sínu sveitarmál, en það er á valdi löggjafarinnar að skera úr því, hvort málið

eigi að vera sveitarmál eða landsmál, og virðist ekkert vera á móti því, að landið sem heild verði að sjá fyrir þessum olnbogabörnum þjóðarinnar; enda hafa sveitarfjelögin ekki tök á að sýna neina sjerstaka framkvæmd í þessu efni, svo að ef það á að komast til framkvæmdar, virðist það einu úrræðin, að landsstjórnin taki það að sjer.

Þvínæst vil jeg leyfa mjer að víkja að mælikvarða þeim, sem nefndin miðar gjöldin við. Mjer finnst vera eðlilegast, að mælikvarðinn væri sá sami eins og þegar sýslusjóðsgjöldum er jafnað niður á sveitarfjelögin, sem sje samanlögð tala fasteignar- og lausafjárhundraða og tala verkfærra manna eða fólkstala, sem fer nokkuð saman. Þetta hefur líka fyrst vakað fyrir nefndinni, því að hún byrjar með að brúka þennan mælikvarða, en svo víkur hún frá honum og lætur sum sýslufjelögin gjalda mikið minna. Í Vesturamtinu er gjald það, sem milliþinganefndin vill leggja á sýslufjelögin, miklu lægra, en samsvarar þeim mælikvarða, sem eg minntist á, og ástæðan er sú, að jafnaðarsjóðsgjaldið hefur verið þar lægra að undanförnu, en þetta lága jafnaðarsjóðsgjald í Vesturamtinu undanfarandi ár stendur aptur í sambandi við það, að amtið hefur tekið lán, yfir 10,000 kr., sem stendur óborgað, og eptirstöðvar þessa láns á svo landssjóður að taka að sjer að greiða, samkvæmt tillögum milliþinganefndarinnar. Með öðrum orðum: fyrir það, að landssjóður tekur að sjer allháa skuld fyrir Vesturamtið, á hann að hafa það, að fá úr sýslum amtsins lægra gjald en ella. Ef þetta er ekki ranglátt, þá veit jeg ekki hvað á að kalla því nafni.

Í annan stað má benda á það, að eðlilegt væri, að bæjarfjelögin bæru hlutfallslega jafnt gjald sýslufjelögunum; en þetta hefur milliþinganefndin ekki tekið til greina, heldur sleppt kaupstöðunum eða bæjarfjelögunum algjörlega undan þessu gjaldi, og vill nefndin fóðra það með því, að bæjarfjelögin fái ekki styrk til barnauppfræðslu. Ef það er ósanngjarnt, að þau ekki fá þennan styrk; þá er að bæta úr því, en blanda ekki hjer inn alveg óskyldu máli.

Þetta gjald er ný aukning á þeim gjöldum, sem hreppsnefndirnar eiga að jafna niður með aukaútsvörum, sem nú eru þó víða allhá og erfið hreppunum. Viðbótin verður því afarþung og kemur illa niður á þeim hreppsfjelögum, þar sem sveitarþyngsli eru afarmikil fyrir. Í staðinn fyrir á þennan hátt að auka sveitarþyngslin, virðist það hefði staðið nær milliþinganefndinni að reyna að finna einhver ráð til þess, að jafna þessum misjöfnu og afarþungu gjöldum á sveitarfjelögin. En það sjest hvergi, að nefndin hafi einu sinni tekið þetta þýðingarmikla atriði til íhugunar.

Háttv. framsm. (J. M.) tók það fram gagnvart því, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að þessi ráðstöfun væri að eins til bráðabirgða og gæti ekki verið annað, en jeg verð að benda á það, að háttv. framsm. virðist þar vera á allt annari skoðun, en formaður milliþinganefndarinnar, því að í áliti hennar er tekið skýrt fram, að það væri þvert á móti sanngjarnara að hækka þetta gjald.

Nú veit enginn maður, hvernig hv. þm. Vestm. (J. M.) muni standa í þessu máli á næsta þingi og ekki hægt að segja, hvernig málinu þá reiðir af; þess vegna vil jeg ráða háttv. deild til að fella þetta frumv. nú þegar, með

því jeg get ekki betur sjeð, en að það stríði á móti öllu rjettlæti, sanngirni og hagsýni.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg sagði aldrei, að hjer væri um stjórnarskrárbrot að ræða. Jeg las að eins upp 58. gr. stjórnarskrárinnar til að sýna, að sveitarfjelögin ættu að ráða sjálf málum sínum undir umsjón stjórnarinnar, og að með þessu nýmæli væri verið að ráðast á fyrirhcit stjórnarskrárinnar um sjálfstæði sveitafjelaganna. Og við það stend jeg.

Háttv. framsm. (J. M.) sagði, að hjer væri ekki farið fram á neitt nýtt, því umráð hefðu áður verið tekin af sveitarfjelögunum yfir ýmsum málum, t. d. kennslu málleysingja o. s. frv. En þetta er að eins orðaleikur, því umráðin hljóta að falla af sjálfu sjer, um leið og gjöldin leggjast niður. Ef ekkert fje er lagt fram, þá er ekki yfir neinu fje að ráða. Því hlutu umráð amtsráðanna yfir kennslu málleysingja að hverfa, þegar ráðin voru leyst undan kostnaðinum við kennslu þeirra.

Háttv. framsm. (J. M.) sagði það ekki rjett vera, að ástæðan fyrir þessu frumv. væri sú, að borga þyrfti skuldir amtanna með gjaldinu. En það hefur verið sagt, að öll þessi 3 frumv.: sveitarstjórnarlagafrumv., þar sem farið er fram á, að amtsráðin sjeu lögð niður, þetta frumv. um gjöld til landssjóðs frá sýslufjelögunum og frumv. um stofnun geðveikrahælis stæðu í nánu sambandi hvert við annað. Og sje nokkur skynsamleg ástæða fyrir nánu sambandi milli þessara frumv. og sveitarstjórnarfrumv., þá hlýtur það einmitt að vera sú ástæða, sem jeg hef nefnt.

Háttv. framsm. sagði, að óhjákvæmilegt væri, að landssjóður tæki að sjer ýms gjöld, sem hvílt hafa á sveitarsjóðunum, og tók t. d. kvennaskólagjöld. En hvað sannar þetta annað en það, að við eigum von á, að útgjöldin á sveitarsjóðunum hækki enn meira, ef við leggjum út á þessa braut.

Háttv. framsm. benti á aðferð annara þjóða við skattaálögur. En eigi það að hafa nokkra þýðingu hjer, verður að sanna, að aðstaðan sje svo lík, að saman verði borið. Hann áleit enn fremur hættulaust, að veita stjórninni þetta skattkröfuvald, það væri ekki hættulegra en skattaálögurvald amtsráðanna, en það er ósannað mál.

Án þess jeg vilji að nokkru leyti lítilsvirða þingið, álít jeg það að jafnaði ósparara á fje en amtsráðin. Og svo ber þess að gæta, að í amtsráðunum sitja fulltrúar hvers einstaks sýslufjelags, svo að sýslufjelögin skatta sig í rauninni sjálf, þó að amtsráðin leggi gjaldið á að nafninu til, en sýslufjelögin hafa engin tök á þingi og stjórn.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mjer dettur í hug, að rjett væri, að fleiri ljetu til sín heyra um þetta mál, þar sem enginn hefur mælt með frumv. nema framsm. (J. M.).

Fyrir mitt leyti er jeg meðmæltur frumv., en skoða það að eins sem bráðabirgðafyrirkomulag eins og tollhækkunarfrumv., sem samþ. var.

Háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) þótti innihald frumv. órjettlátt, og hef jeg aldrei heyrt hann jafn stórorðan um nokkurt mál sem þetta, enda þótt það eigi að eins að vera til bráðabirgða. *(Lárus H. Bjarnason:* Hvar stendur það?). Það hefur alltaf verið gengið út frá því sem gefnu.

Eitt af því, sem háttv. 1. þm. Skgf. (Ó. Br.) fann frumv. til forátttu, var það, að ekki stæðust á skyldur og rjettindi sveitafjelaganna, því rjettindin væru tekin af þeim.

En er það ekki alveg jöfnum hönd-

um eins með skyldurnar: hlutverkin. Jeg sje heldur engan mun á því gagnvart sveitarfjelögunum sjálfum, hvort amtsráð eða stjórnarráð tæki fjeð til umráða; umráð sveitarfjelaganna eru jafnt horfin hvort sem er. Þar sem háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) talaði um það, að útgjöld við og umsjón á kennslu heyrnar- og málleysingja hefðu verið tekin af sveitarfjelögunum, þá sje jeg ekki, að þar sje um ranglæti að ræða, því þar fylgdust skyldur og rjettindi að, og er ekkert um það að fást. Það mun hafa verið talinn ljettir á sínum tíma.

Hjer er ekki farið fram á annað, en að þau gjöld renni í landssjóð, sem hefðu runnið í jafnaðarsjóð, ef hann hjeldi áfram að vera til. Og þess vegna er að eins um það að ræða, hvort jafnaðarsjóðurinn á að halda áfram hjer eptir eins og hingað til, eða landssjóður skuli taka við hlutverkum hans, og þá auðvitað um leið við inntektum hans.

Jeg efast ekki um, að þessu verði með tímanum komið heppilegar fyrir, en eins og stendur er þessi breyting æskileg, því að landssjóður verður að taka að sjer búnaðarskólana og margt fleira, sem jafnaðarsjóðirnir áður hafa haft hönd í bagga með.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hef lítið skipt mjer af orrustu, er hjer hefur verið háð um þetta frumv. Mjer kom ekki til hugar, að nokkur mundi láta sjer detta í hug að halda uppi vörnum fyrir frumv. í alvöru. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) tók svo ljóst fram í upphafi þessarar umræðu ástæðurnar á móti þessu frumv., að það þarf þar ekki við að bæta.

Því er haldið fram, að þetta sje til bráðabirgða, en það er líklegt, að ekki fyr en eptir 6—8 ár verði þessu ljett af, því fyr er ekki líklegt, að breytingin á skattalöggjöfinni verði gengin fram. Er þá meiningin, að vitleysingjarnir verði reknir heim aptur, að þeim tíma liðnum, eða hvað? Eða á þá að hækka skattana? Þetta fyrirkomulag ætti þó allt af að haldast ein 6 ár, og jeg sje ekki betur, en að allan tíma verði lagður á sýslufjelögin gjörsamlegu rangur skattur, hvort sem skoðað er frá efnisins hlið eða formsins hlið. Jeg vil ekki segja, að frumv. ríði beinlínis í bága við stjórnarskrána, en það gengur mjög nærri þeirri hugsjón, sjálfstjórn sveitarfjelaganna, sem hún byggist á. Annaðhvort er þetta landsstjórnarmál, og þá á ekki að leggja neina skatta á sýslufjelögin til þess, eða það er sveitarstjórnarmál, og þá eiga sveitarfjelögin að hafa öll umráðin.

Nei, bráðabirgðarfyrirkomulag get jeg ekki kallað það; það er trúa mín, að þetta verði fyrsta rimin í stiganum til þess að leggja skatta á sveitarfjelögin í framtíðinni. Þetta er beinlínis spor í þá átt; hjer er farið inn á nýjan veg, nýr skattur á nýja gjaldendur. Það er óhætt að fullyrða, að aldrei hafi komið fram neitt slíkt, allar götur ofan frá voru fyrsta löggjafarþingi 1875.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að hjer stæðust á skyldur og rjettindi; einmitt það. Hann tók ekkert tillit til þess, hverjir legðu gjöldin á; þegar danska stjórnin 1872 lagði á oss brennivínstoll, án þess að vjer hefðum nokkurt atkvæði um það, var það þá skoðað eins og vjer hefðum gjört það sjálfir? Það er að sínu leyti jafnrangt af löggjafarvaldinu, að beita sveitarstjórnirnar og fjelögin gjörræði, og það er svo langt frá, að hjer standist á skyldur og rjettindi, að frumv. einmitt raskar því hlutfalli, sviptir fjelögin rjettinum en festir á þeim skyldurnar.

Það var því hvorki í háði nje glensi talað, að mjer gæti ekki dottið í hug, að nokkur stæði upp til varnar þessu frumv.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er mjög áhrifamikið að skjóta með kanónum, ef maður hittir markið, en örðugt að hitta með þeim. Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) hefur brúkað þær, eins og honum er títt, til að gjöra hvell með, en honum verður það stundum á að skjóta framhjá markinu, og svo hefur orðið nú.

Háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) þykist finna ósamræmi milli þess, sem sagt er í áliti milliþinganefndarinnar, og þess, sem jeg hef sagt hjer í dag. Jeg held samt, ef hann hefði viljað athuga það betur, að hann hefði getað skilið, að hjer þurfti engin ósamkvæmni að vera. Eitt er það nefnilega, að þetta frumv. sje og eigi að vera að eins til bráðabirgða, og annað hitt, að eitthvað líkt því, sem það fer fram á, kunni að verða tekið upp í skattalöggjöfina, þegar hún verður endurskoðuð.

Það hefur verið talað um, að skyldur og rjettindi stæðust ekki á, að því leyti sem sýslufjelögin væru látin borga fjeð, en hefðu engin ráð yfir því, hvernig það væri notað. Þessa ástæðu mætti færa á móti hverjum skatti. Það eru ekki gjaldendurnir, sem hafa beint ráðin yfir skattgjaldinu, heldur að eins óbeint í gegnum alþingi. Það er nú ekkert óvenjulegt, að framlög og fjárráð fylgist ekki að. Landssjóður hefur jafnaðarlega lagt $^2/_3$ af fje fram til búnaðarskólanna, en sveitarfjelögin hafa ráðið algjörlega fyrir skólum þessum.

Það hefur verið talað um, að það væri munur, hvort sveitarstjórnirnar legðu sjálfar gjaldið á, eða þingið legði það á. Eru þingmenn þá ekki kosnir af gjaldendum? Þessar mótbárur gegn frumv. eru allar meira eða minna út í loptið.

Háttv. þm. Snæf. sagði, að gjaldið hefði verið lækkað í Vesturamtinu. Það er víst ekki alveg rjett, það hefur verið hækkað, það er tiltölulega hærra, samanborið við gjaldið í hinum ömtunum undanfarin 5 ár, en auðvitað mætti koma hjer á þeim jöfnuði, ef háttv. deild óskaði.

En það er ekki vert að vera að lengja umræðurnar um þetta frumv. Það á víst að fella frumv., enda munu menn telja það vænlegt til vinsælda, og þegar svo miklir menn geysast á móti frumv., sem þeir, er talað hafa gegn því í dag, þá er ekki ólíklegt, að auðvelt verði að stytta því stundir.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Að jeg hef skrifað undir þetta nefndarálit, stafar auðvitað ekki af því, að jeg sje svo sjerlega fíkinn í, að lagt sje á mig eða mína kjósendur eða aðra, frekari gjöld, en nauðsyn krefur, heldur af því, að jeg álít, að frumv. byggist á sanngjörnum grundvelli, og landssjóður þarfnist þeirra tekna, sem hjer er farið fram á. Bæði jeg og aðrir óska þess, að stjórnin og þingið styðji ýms framfarafyrirtæki hjer á landi, en til þess að geta gjört það, þurfa þau að hafa einhver meðul í sinni hendi.

Þetta frumv. stendur, eins og tekið hefur verið fram, í nánu sambandi við frumv. um geðveikrahæli; þetta gjald, sem hjer er um að ræða, á að vera til þess að ljetta undir það, að koma því upp. Það er svo margt nýtt, sem farið er fram á á þessu þingi í útgjaldaáttina. Það er farið fram á, og eigi að þarflausu, að brúa þrjú stórvötn, en það mun kosta um 100 þús. kr.; það er farið fram á að koma upp kennaraskóla, og kostar það um 40 þús. kr. Menn vilja koma upp bændaskólum; kostnaður við það er ekki

minni en 60 þús. kr., að ótöldum árlegum reksturskostnaði allra þessara skóla; svo er og farið fram á tillag til fiskiveiðasjóðs o. fl. o. fl. Engin af þessum fjárkröfum stendur á fjárlagafrumv. stjórnarinnar. En þetta allt mun nema 300—400 þús. kr., og þar að auki mun fjárlaganefndin hafa eitthvað í pokahorninu, sem enn er eigi komið í ljós, að jeg ekki nefni útgjöldin til ritsímans eða loptskeytasambandsins, hvort sem tekið verður.

Nú veit jeg ekki, hvernig á að fá allt það fje, sem til þessa þarf. Að vísu hefur tollhækkunarfrumv. komizt í gegn, en tollhækkunin er ekki nóg til alls þessa; hún kynni reyndar að vera það, ef það væri satt, sem borið er út í fáfróðan almúga, að tollhækkunin næmi 30 au. á hverja tolleining. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Og meira, 30 au. á kaffipundið, en 25 au. á sykurpundið.). En það es vitanlegt, að svo er ekki.

Það er af þessum ástæðum, að jeg hef skrifað undir nefndarálitið. Jeg lít svo á, að ýms þessara fyrirtækja sjeu harla nauðsynleg, en til þess að koma þeim í verk þarf fje, en það fje er ekki fyrir hendi, og allra sízt, ef menn skorast undan útgjöldum, sem áður hafa hvílt á, án þess að setja nokkuð í staðinn. En það er ætlun mín, eins og stendur skýrt fram tekið í nefndarálitinu, að þetta gjald sje að eins til bráðabirgða, en þingið afli svo síðar landssjóði tekna á annan henntugri veg, og jeg ímynda mjer, að þinginu muni geta tekizt það, hve nær sem vera skal, þar sem allar sýslur landsins eiga hjer hlut að máli, og það er í þágu þeirra allra jafnt, að gjaldi þessu verði ljett af svo fljótt sem unnt er.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Mjer gleymdist að geta þess, að einn af milliþinganefndarmönnum, þm. Mýr., hafði allt af talsverðar efasemdir útaf þessu frumv., og þótt hann ekki gjörði neinn ágreining gildandi í þeirri nefnd, þá áskildi hann sjer að hafa sitt atkv. óbundið, þegar á þing væri komið.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. felld með 16 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk þessara þingdm.: Lárusar H. Bjarnasonar, Hannesar Þorsteinssonar, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skgf., Guðlaugs Guðmundssonar, Þórhalls Bjarnarsonar, Jóhannesar Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Hermanns Jónassonar, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Björn Kristjánsson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Herm. Jónasson
Ólafur Thorlacíus,	Jóh. Ólafsson,
Pjetur Jónsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Tryggvi Gunnarss.	Magnús Andrjess.,
	Magnús Kristjánss.,
	Ólafur Briem,
	Ólafur Ólafsson,
	Skúli Thoroddsen,
	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	St. Stef., 2. þm. Skf.,
	Þórh. Bjarnarson.

II. Kennaraskóli.

Á 3. fundi Ed., þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík til 1. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.) stakk upp á, að frumv. þessu væri vísað til hinnar sömu nefndar og frumv. til laga um fræðslu barna.

ATKVGR. Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Málinu síðan vísað til nefndarinnar í frv. um fræðslu barna í e. hlj.

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (stj.frumv. A 207).

Þorgrímur Þórðarson var fjarverandi með burtfararleyfi forseta.

Framsögumaður Jón Jakobsson (1. þm. Húnv.): Jeg finn ekki að svo stöddu ástæðu til, að halda langa ræðu um frumv., og það því síður, sem þetta mál hefur áður legið fyrir þessari deild, á síðasta þingi, og þá urðu töluverðar umr. um það, og hins vegar liggur hjer fyrir svo ítarlegt nefndarálit, að jeg hygg, að í því sjeu tekin fram öll aðalatriði snertandi þetta mál, og allt það, sem háttv. deildarmenn þurfa að vita, að minnsta kosti um efni málsins, svo að það væri að eins að endurtaka sjálfan sig, ef jeg ætti að fara að rekja allt nefndarálitið lið fyrir lið.

Eins og sjá má af nefndarálitinu, þá hefur nefndin gjört all-miklar breytingar á frumv. stjórnarinnar, bæði að því er snertir staðinn fyrir kennaraskólann og kostnaðarupphæð þá, sem verja megi til húsa og áhalda úr landssjóði. Sömuleiðis hafa verið gjörðar nokkrar breytingar, að því er snertir ársdeildafjölda og heimavistafjölda skólans, enn fremur hefur launum til kennaranna verið breytt nokkuð eða færð niður. Eins og jeg tók fram áðan, sje jeg eigi að svo stöddu ástæðu til, að orðlengja frekar um frumv., eða taka upp aptur það, sem stendur í nefndarálitinu; en jeg skal leyfa mjer að taka fram fáein atriði málinu til skýringar, sem ekki standa í nefndarálitinu. Þess er í fyrsta lagi ekki getið þar, hver sje vilji þjóðarinnar í þessu máli. Því var kastað fram í háttv. Nd. í hitt eð fyrra, að allur þorri þjóðarinnar vildi heldur hafa kennaraskólann í Reykjavík en Hafnarfirði. Jeg hef kynnt mjer þingmálafundargjörðirnar viðvíkjandi þessu atriði, og hef jeg þá fundið, að 10 þingmálafundir óskuðu, að skólinn væri í Hafnarfirði, en að eins 2 vildu hafa hann í Reykjavík; en svo eru 7 þingmálafundir, sem að eins hreyfa málinu, en tiltaka ekki staðinn, þar sem þeir vilji láta skólann standa. Allir þessir þingmálafundir eru því meðmæltir, að veittur sje styrkur til kennarafræðslu, en tiltaka ekki í hvaða formi eða á hvaða stað. Aðrir þingmálafundir en þeir, sem nú eru nefndir, hreyfa ekki þessu máli.

Ef hægt er að byggja nokkuð á þessum þingmálafundargjörðum, viðvíkjandi vilja þjóðarinnar í þessu efni, — en annað er ekki að byggja á, — þá verður ekki annað sjeð, en að meiri hluti hennar vilji heldur hallast að Hafnarfirði en Reykjavík, sem verustað fyrir skólann. Út af niðurlagsatriðum nefndarálitsins og 5. gr. stj.frumv., viðvíkjandi launum kennaranna, skal jeg taka það fram, að nefndin hefur lagt það til, að þau sjeu lækkuð nokkuð frá því, sem stj.frumv. gjörir ráð fyrir, þannig að laun forstöðumanns sjeu færð niður í 2,500 kr. í staðinn fyrir 3,000 kr. og laun annars kennara niður í 1,800 kr. í stað 2,000 kr. Þetta

gjörði nefndin bæði með sjerstöku tilliti til þess, að ætlazt er til, að skólinn standi að eins 6½ mánuði, og er þá eðlilegt, að það sje einhver munur gjörður á því, hvort unnið er heilt ár eða 6—7 mánuði, og meiri hluti nefndarinnar sá ekki betur, en að þau laun, sem hjer eru ákveðin, sjeu full-rífleg í samanburði við það verk, og þann vinnutíma, sem gjört er ráð fyrir.

Að því er snertir niðurfærslu á launum forstöðumanns skólans, þá má ganga út frá því, að þar sem honum er ætlaður leigulaus bústaður, þá muni það vera 400 kr. virði, og fær hann þá fast að 3,000 kr. launum. Þar við bætist, að ætluð er ókeypis íbúð í heimavistarhúsi skólans handa þeim kennara, sem ásamt forstöðumanni hefur umsjón með heimavistarnemendum, og þótti nefndinni því ekki fjarri lagi, þótt laun þess kennara væru lækkuð um 200 kr. Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um málið að svo stöddu.

Ef eitthvað þykir athugavert við nefndarálitið, þá gjöri jeg ráð fyrir, að menn muni hreyfa mótmælum gegn því og breyt.till. nefndarinnar, því að jeg geng út frá því, að háttv. deildarmenn hafi kynnt sjer hvorttveggja.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get tekið undir með háttv. framsm. að öllu leyti um það, sem hann hefur tekið fram viðvíkjandi þessu máli í heild sinni, Það er að eins eitt smáatriði í ræðu hans, sem jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta. Hann sagði, að skólinn ætti ekki að standa nema 6½ mánuð, en hann á að standa 7½ mánuð eða frá 1. október til 14. maí. Jeg hef verið meðnefndarmönnum mínum alveg samdóma um þetta mál; að eins hefði jeg kosið, að launin hefðu verið ákveðin dálítið hærri, og ef hægt væri, að fá nægilegt atkvæðamagn fyrir hækkun launa 1. og 2. kennara, þá mundi jeg fyrir mitt leyti greiða atkvæði með því, en jeg ætla mjer ekki að koma með breyt.till. í þá átt.

Mjer finnst það vera sjerstaklega æskilegt, að 1. og 2. kennari sjeu vel hæfir menn, en jeg efast um, að hægt sje að fá úrvalsmenn fyrir svo lág laun, sem þeim eru ætluð, það væri þó nokkur bót, ef þau væru hækkuð um 200 kr.

Jeg hafði líka hugsað mjer 2,600 kr. laun handa forstöðumanni skólans; ef svo þar við bættist ókeypis bústaður, þá yrðu laun hans með því um 3,000 krónur. Í stjórnarfrumv. er gengið út frá, að laun forstöðumanns sjeu 3,000 kr. auk ókeypis húsnæðis; er þessi áætlun samt niðurfærsla frá því, sem ákveðið var í stjórnarfrv.

Annars finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

Ráðherrann: Jeg var ekki hjer viðstaddur, þegar háttv. framsm. (J. Jak., 2. þm. Húnv.) hjelt ræðu sína, og heyrði jeg því ekki framsögu hans; en það gjörir að vísu ekki svo mikið til, því jeg þykist sjá á nefndarálitinu, hver forlög frumv. verða hjer í þessari hv. deild.

Frumv. er af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir deildina, eins og það var samþ. í Nd. í hitt eð fyrra með 17 atkv. Stjórnin áleit rjettast, að leggja það í þetta sinn fyrst fyrir þessa hv. deild, af því að hún þóttist fara nærri um, hvernig hv. Nd. mundi líta á frumv., en um þessa deild var vafasamara, eptir undirtektunum 1903, enda lítur út fyrir, að ágreiningurinn milli deildanna hafi ekki mikið jafnast síðan.

Stjórnarráðið var samdóma Nd. frumv. frá 1903 um það, að heppilegast væri að reisa alveg nýjan kennaraskóla, ef nokkra verulega áherzlu ætti að leggja á kennaramenntun á

annað borð, en vera ekki að basla við umbætur á öðrum skóla, sem ekki er nje getur verið kennaraskóli eingöngu, ekki einusinni aðallega. Slíkt finnst mjer líkt og að setja nýja bót á gamalt fat. Flensborgarskólinn er að vísu góður gagnfræðaskóli, og gjörir mikið gagn fyrir almenning, sem vill afla sjer menntunar á vetrum með sem minnstum tilkostnaði. Kennarkennslan þar er og allrar virðingarverð. Það er forstöðumaður Flensborgarskólans, sem fyrstur hefur vakið máls á nauðsyninni á kennarakennslu hjer á landi, barizt fyrir því ótrauðlega, og honum er að þakka það, sem áleiðis er komið. En kennarakennslan í Flensborg er þó að eins aukaatriði, vísir til kennaraskóla, og sú deild hefur ekki verið mikið sótt hingað til; mun það að líkindum meðfram koma til af því, að nemendurnir hafa orðið líka að ganga gegnum gagnfræðaskólann, og þá verið búnir að fá nóg, er því var lokið.

En hvað sem þessu líður, þá er aðalatriðið það, að háttv. nefnd hefur sýnt, að hún vill styrkja kennaramenntun, og á hún miklar þakkir skilið fyrir það; hitt verður alltaf aukaatriði, hvar skólinn verður settur; en fari svo, að skólinn fáist ekki settur í Reykjavík, þá gleður það mig mjög mikið, að málið horfir betur við og er ólíkt aðgengilegra nú, heldur en í fyrra; þá var talað um að láta sjer nægja að lappa upp á gamla húsið í Flensborg, en hjer liggja þó fyrir tilboð um nýja byggingu handa skólanum.

Jeg ætla ekki að telja hjer upp allar þær ástæður, sem mæla með því, að skólinn sje settur í Reykjavík, en ekki Hafnarfirði, heldur vil jeg láta mjer nægja, að vísa til þeirrar umr., er varð um frumv. í Nd. 1903, og held mjer við þá skoðun, að skólinn sje betur settur í Reykjavík.

En að því slepptu, hvar skólinn verður settur, þá álít jeg mjög vafasamt, að það sje gott eða heppilegt, að blanda saman kennaraskóla og gagnfræðaskóla. Verði námstíminn 4 ár — 2 ár til gagnfræðanáms og 2 ár til þess að nema kennarastörf — þá held jeg, að það sje of langur námstími; flestir munu ekki þykjast geta misst svo langan tíma til skólakennaranáms. Jeg tel full líkindi til, að skólinn yrði betur sóttur, ef hann væri sjálfstæður og að eins lögð stund á kennaramenntun, en námstíminn væri styttri. Það er mjög hætt við því, að aðalskólinn yrði gagnfræðaskólinn eins og hingað til. eða að þeir yrðu tiltölulega fáir, sem hjeldu áfram með kennaranámið. Það hefur svo orðið hingað til, og mundi verða svo eptirleiðis; ef skólinn væri hjer í Reykjavík sem sjálfstæður kennaraskóli, þá gengju menn frá upphafi inn í hann aðeins til kennaranáms, og þykist jeg viss um, að fleiri mundu sækja hingað en til Hafnarfjarðar einnig af öðrum ástæðum. Eins og jeg hef tekið fram, heyrði jeg ekki háttv. framsm. (J. Jak.) og skal því ekki fara frekari orðum um málið að sinni, enda álít jeg það tilgangslaust.

Framsögumaður Jón Jakobsson, (2. þm. Húnv.): Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) hafði eptir mjer um vinnutíma kennaranna við hinn væntanlega kennaraskóla, þá vil jeg játa það, að mjer hefur orðið mismæli; jeg sagði að vinnutíminn væri $6^1/_2$ mánuður, en hann er $7^1/_2$ mánuður. Þá vil jeg geta þess, að ef hin reglulegu frí eru dregin frá, þá mun vinnutíminn varla verða meiri en tæpir 7 mánuðir. Jeg vil halda því

fram, að rjett sje, að borga kennurunum sem öðrum, tiltölulega við vinnutíma þeirra. Launin við skólann á Akureyri sanna ekki neitt í þessu máli; þó einhversstaðar sjeu borguð of há laun, þá er maður ekki skuldbundinn þar fyrir til þess að gjöra það allstaðar. Jeg vil einnig taka það fram, að það er nokkru ódýrara að lifa í Hafnarfirði en í Reykjavík, og er sjálfsagt að taka tillit til þess, þegar ákveða skal laun kennaranna.

Hæstv. ráðherra taldi það heppilegra að byrja frá rótum og stofna nýjan skóla handa kennaraefnum. Jeg hef aldrei getað skilið það, að betra væri að byggja eitthvað af nýju, byggja á nýjum grundvelli, heldur en að byggja á þeirri reynslu, sem fengin er og færa sjer hana í nyt. Mjer þykir það næsta ólíklegt, að ekki yrðu notaðir einhverjir af kennurum Flensborgarskólans, þótt skólinn yrði hjer í Reykjavík; það kemur ekki til nokkura mála, að menn, óvanir slíkum kennarastörfum og óreyndir, yrðu teknir fram yfir þá, sem hafa gjört þessa námsgrein að lífsstarfi sínu og fengið mikla æfingu og reynslu í því, og sem þar að auki, að allra manna dómi, hafa leyst starf sitt ágætlega af hendi.

Þá gat hæstv. ráðh. þess, að skólinn mundi verða lítið sóttur ef hann væri í Flensborg. Þessu viðvíkjandi vil jeg leyfa mjer að vísa til reynslunnar hin síðustu árin, bæði að því, er snertir skólann í heild sinni, og sjer í lagi kennaradeildina. Skólaárið 1903—1904 voru nemendur 51 alls í skólanum, en 12 í kennaradeildinni; 1904—1905 voru þeir 58, þar af 14 í kennaradeildinni. Strax nú í vor voru búnir að sækja 50—60 manns; það má búast við, að margir fleiri sæki enn þá, og verður þá ekki hægt að veita nærri öllum umsækendum viðtöku. Í fyrra sóttu 70, en 12 gátu ekki fengið aðgang sökum þess, að skólinn getur ekki tekið við nema 58 nemendum; það er einmitt athugavert við þetta, að aðsóknin er alltaf að aukast; það virðist ekki benda á neitt vantraust á skólanum, heldur þvert á móti á vaxandi trausti og hylli hjá landsmönnum.

Viðvíkjandi því, að bætt væri við, að kennslunni í gagnfræði og kennaranáminu yrði blandað saman, þá vil jeg taka það fram, að meining nefndarinnar var það, að gagnfræðakennslan yrði eðlilegur undirbúningur undir kennaranámið; námsgreinarnar eru flestallar hinar sömu, en að eins kennsluaðferðin er önnur, enda heppilegt, að námsmenn fái fyrst fræðslu í þeim sömu greinum, sem þeir síðan eiga að læra að kenna. En þar að auki eru menn ekki einusinni bundnir við þetta fyrirkomulag. Menn eiga einnig aðgang að kennaraskólanum með því, að taka inntökupróf, og þeir sem útskrifaðir eru af skólanum á Akureyri, eiga aðgang að honum án inntökuprófs. Jeg vil endurtaka það, að jeg álít kennsluna verða fyllri og betri, ef gagnfræðakennslan er höfð sem undirbúningur undir kennaranámið, því fögin eru þau sömu, en kennslan önnur. Grundvöllurinn undir kennaranámið er lagður með gagnfræðakennslunni.

Aðrar mótbárur á móti breyt.till. nefndarinnar hafa ekki komið fram, en jeg vil að eins minnast á það, hversu það verður ódýrara fyrir nemendur að sækja skólann í Flensborg, heldur en ef hann verður í Reykjavík, eins og stjórnarfrumv. fer fram á. Eptir því sem nákunnugur maður Flensborgarskólanum hefur skýrt mjer frá, þá hefur fæðið að undanförnu í Flensborg kostað 48—56 aura á dag fyrir hvern nemanda; jeg efast ekkert

um, að það yrði aldrei eins ódýrt hjer í Reykjavík; þar við bætist, að heimavistirnar í skólanum verða, ef breyt.-till. nefndarinnar ganga í gegn, $^2/_5$ fleiri en ætlazt er til að þær verði eptir stjórnarfrumv. Ennfremur má geta þess, að byggingarkostnaðurinn er 7,000 kr. minni, eptir tillögum nefndarinnar, en eptir stjórnarfrumv. Mjer þykir það furðu kynlegt, að stjórnarfrumvarpinu skuli hvorki fylgja áætlun um kostnaðinn við bygginguna, nje teikning yfir hana, heldur er þessari upphæð, 40,000 kr., fleygt fram reikningslaust með öllu. Það lá ekkert tilboð fyrir þessari deild í hitt eð fyrra um skólabyggingu í Reykjavík, og það liggur ekki hjer fyrir enn þá. Jeg held, að svo gæti farið, að það yrði hærri upphæð, en þessar 40,000 kr., sem landssjóðar mætti borga út í byggingarkostnað, ef ekki væri búið betur um hnútana en hingað til sýnist hafa verið gjört.

Ráðherrann: Jeg vil geta þess, að engin ástæða er til að ætla, að »undirballance« verði á byggingunni, þó teikningin sje ekki framlögð nú. Auðvitað hefur verið fengin vissa fyrir því, að hægt er að fá bygginguna tekna upp á »akkord«, þannig að kostnaðurinn fari ekki fram úr 40 þúsundum. Þessi ástæða virðist því ljettvæg á móti frv. stjórnarinnar.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg vil að eins gjöra litla athugasemd. Það er mikill munur að hafa tilboð, sem er skuldbindandi og þar sem tilhögunin á húsinu er nákvæmlega ákveðin, heldur en að sæta væntanlegu tilboði, sem maður veit ekkert um nú annað en í hæsta lagi það, að það muni fást.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg get ekki verið samþ. hinum hæstv. ráðh. um það, að það sje óheppilegt að setja kennaraskólann í samband við gagnfræðaskóla; þvert á móti álít jeg, að það sje mjög heppilegt, að gagnfræðaskóli og kennaraskóli fari saman.

Það er alveg nauðsynlegt, að lærisveinar kennaraskólans hafi talsverðan undirbúning, því við það verða margfalt meiri not af kennslunni. Ef kennaraskólinn væri hjer, mundu 1—2 fyrstu árin fara til undirbúnings, nema sett væru allströng inntökuskilyrði, en við það að hafa kennaraskólann í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, sparast 1 ár fyrir kennaraskólann, og um leið er girt fyrir það, að Flensborgarskólinn verði lagður niður, en það væri glæpi næst að minni hyggju, þar sem aðsóknin er svo mikil að skólanum, og almenningur hefur svo gott traust á honum. Hjer má slá tvær flugur í einu höggi, að varðveita Flensborgarskólann og spara um leið eitt ár fyrir kennaraskólann.

Ráðherrann: Jeg get ekki kannast við, að nokkur hætta vofi yfir Flensborgarskólanum sem gagnfræðaskóla, því í fjárlagafrumv. stjórnarinnar er honum einmitt ætlaður styrkur áfram, og eptir því, sem jeg frekast veit, er fjárlaganefndin þar því meðmælt. Jeg sje ekki, að mögulegt sje að forsvara, að leggja Flensborgarskólann niður, því hann hefur þann kost, að fátækir menn, sem verða að vinna um sumartímann, eiga svo hægt með að leita sjer þar menntunar. Hann verður auðvitað sóttur sem gagnfræðaskóli eptir sem áður.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Út af síðustu athugasemd hins hæstv. ráðh. vil jeg taka það fram, að ef svo fer, að Flensborgarskólanum verður líka haldið við, þá verður hann hrein aukabyrði á landssjóð, því ef kennaraskólinn væri látinn standa í Flensborg, þá mundi kostn-

aðurinn við alla skólastofnunina, bæði gagnfræða- og kennara-skólann, ekki verða nema, í hæsta lagi, lítið eitt meiri, en kostnaðurinn við kennaraskólann einn hjer í Rvk. Það ber líka að leggja mikla áherzlu á það, að tiltrúin á Flensborgarskólanum fer sívaxandi, enda eru flest allir, sem þaðan koma, taldir mestu siðprýðismenn, en slíkt verður alls ekki sagt undantekningarlaust um suma skóla hjer í höfuðstaðnum.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (207) við 1. gr. samþ. með. 10:2 atkv.

1. gr. frumv. þar með fallin.

2. breyt.till. (207) við 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

3. breyt.till. (207) við 3. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. þar með fallin.

4. breyt.till. (207) við 4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (207) við 4. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. breyt.till. (207) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. þar með fallin.

7. breyt.till. (207) við 6. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. þar með fallin.

8. breyt.till. (207) við 7. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

7. gr. frumv. þar með fallin.

9. breyt.till. (207) við fyrirsögn frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin svo breytt samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ág., kom frumv. til 3. umr. (A 262, 269).

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það liggur engin breyt.-till. hjer fyrir, nema ein frá nefndinni á þgskj. 269. Hún er þó ekki efnisbreyting, heldur eingöngu orðabreyting til skýringar. Sökum þess að Flensborgarskólinn er tvískiptur, og að hinn fyrirhugaði skóli á að verða sambandsskóli, þótti oss rjettara, að það væri tekið fram, að það væri gagnfræðaskólinn, sem við væri átt. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, sjerstaklega þar sem engin mótmæli hafa komið fram gegn því af hálfu deildarmanna. Eg vona því, að frumv. verði samþ. hjer og Nd. taki vel í málið.

ATKVGR.: Breyt.till. (269) við 3. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Frumv. samþ. í heild sinni með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Á 30. fundi Nd., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 281).

Ráðherrann: Þetta frumv., sem var lagt fyrir þingið að mestu leyti eins og það var samþ. í Nd. á síðasta þingi, hefur tekið töluverðum og gagngjörðum breytingum í háttv. Ed., sem jeg efast um, að meiri hluti þessarar hv. deildar muni þykja til bóta. Fyrirsögnin sýnir þegar, í hverju breytingin er fólgin, og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana nú, því jeg býst við, að háttv. deildarmönnum þyki hlýða, að málið sje athugað í nefnd. Þar sem þeirri nefnd að líkindum mundi einnig falið að hafa alþýðufræðslumálið til meðferðar, álít jeg rjett, að hún sje vel mönnuð. Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á 7 manna nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

7 manna nefnd samþ. í e. hlj. og í hana kosnir:

Þórh. Bjarnarson	með 20	atkv.
Magnús Andrjesson	— 18	—
Árni Jónsson	— 16	—
St. Stefánss. 2. þm. Skgf.	— 16	—
Guðm. Björnsson	— 15	—
Jón Jónsson	— 11	—
Jón Magnússon	— 10	—

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., skrifari og framsögumaður.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom til forseta ósk frá þessum þingdm.:

Þórhalli Bjarnarsyni, Stefáni Stefánssyni 2. þm. Skgf., Hermanni Jónassyni, Birni Kristjánssyni, Jóni Jónssyni, Pjetri Jónssyni, Jóhannesi Ólafssyni, Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf., Magnúsi Andrjessyni, og Ólafi Briem um, að frumv. til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Hafnarfirði yrði tekið á dagskrá daginn eptir.

Á 43. fundi daginn eptir bar forseti undir atkvæði deildarmanna, hvort taka skyldi málið inn á dagsskrá, og var það samþ. með 19 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Hannes Þorsteinss.,
Guðm. Björnsson,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Herm. Jónasson,	
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., þm. Eyf.,	
St. Stef., þm. Skgf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 281, 484).

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg vona, að þm. hafi kynnt sjer málið og álit nefndarinnar. Jeg þarf því ekki að taka það upp aptur, sem þar stendur. Þar eru teknar fram ástæðurnar fyrir breyt.till. nefndarinnar. Að eins vil jeg víkja nokkrum orðum að gangi málsins í háttv. Ed. Mjer líka illa þau málalok, sem þar urðu. Í stað þess, að stjórnin ætlaðist til, að stofnaður væri sjerstakur 3 ára kennaraskóli í Reykjavík, vill Ed. stofna 2 ára skóla og setja hann í samband við Flensborgarskólann. Hún vill með öðrum orðum breyta Flensborgarskólanum í 4 ára skóla. Neðri deildin á þar að verða gagnfræðaskóli, en efri deildin kennaraskóli. Háttv. Ed. færir þær ástæður fyrir þessu, að með þessu móti verði kennslan ódýrari og hagkvæmari. Hún segir, að nota megi gagnfræðadeildina í Flensborg sem undirbúningsskóla og þannig spara 1. bekk í kennaraskólanum. Vjer getum ekki litið á þetta þannig. Gagnfræðaskólinn í Flensborg og kennaraskólinn stefna sinn í hvora átt. Þessi skóli í Flensborg, sem rjettara er að kalla al-

þýðuskóla en gagnfræðaskóla, því gagnfræðaskólar eru ekki aðrir hjer, en neðri deild almenna menntaskólans og Akureyrarskólinn, er fyrir fullorðna og hálf-fullorðna menn, sem ekki hafa tíma eða peninga til að ganga á skóla, nema bláveturinn þegar ekkert er til að gjöra. Þessi skóli hefur gjört mikið gagn með því að veita þessum mönnum nokkra almenna menntun, sem þeir annars hefðu farið á mis við, og á því fullt tilkall til styrks af almanna fje. Aðsókn hefur verið mikil að honum hin síðari árin, og er það ljósastur vottur þess, að almenningur kann að meta starfsemi hans.

Markmið alþýðuskólans í Flensborg er það, að veita allskonar alþýðufólki vissan þekkingarforða í almennum fræðum án tillits til nokkurs sjerstaks lífsstarfs.

Kennaraskólinn aptur á móti á að búa menn undir alveg sjerstaka lífsstöðu og eptir því á kennsla hans og starfsemi að vera sniðin frá byrjun.

Sambandið milli þessara tveggja skóla er því óeðlilegt og hlyti að verða þeim fremur til ógagns en gagns.

En svo er það fleira, en þetta skólasamband, sem háttv. Ed. hefur talið Hafnarfirði til gildis sem skólasetri, t. d. að Hafnarfjörður sje heilnæmari en Reykjavík, fámennari staður, hafi gott vatnsból o. s. frv. Jeg býst nú við því, að ekki verði langt að bíða, þangað til Reykjavík fær eins gott vatnsból og Hafnarfjörður, eða betra, og er þá sú ástæða horfin. Svo er það annað, sem háttv. Ed. finnur Reykjavík til foráttu, það er *spillingin*, þessi voðaspilling, sem sumir tala um hjer. Jeg efast ekki um það, að Hafnarfjörður sje skikkanlegur bær, en að ástæða sje til að halda, að hann í því tilliti standi framar en Reykjavík, sje jeg ekki, því ef fara ætti eptir því, sem venjulegt er, þá gæti verið ástæða til að halda, að Hafnarfjörður, sem aðallega er sjómannaþorp, stæði í siðferðislegu tilliti ekkert framar en Reykjavík, því sjómenn eru venjulega ekki taldir fyrirmynd í siðferði, að þeim alveg ólöstuðum. En það kann að vera, að Hafnarfjörður sje undantekning í því efni, þó jeg hafi aldrei heyrt það fyr. Jeg verð að játa það, að jeg þekki þar lítið til. En Reykjavík þekki jeg talsvert, og hef engrar siðspillingar orðið hjer var. Þegar svo spurt er, í hverju þessi spilling í Reykjavík sje fólgin, þá heyrir maður fyrst og fremst tilfærðan drykkjuskapinn. En jeg verð að segja það, að að svo miklu leyti, sem mjer er kunnugt, þá er ekki drukkið tiltölulega meira hjer en annarsstaðar á landinu. Svo er næsta hlið — lauslætið, sem hjer á að vera meir en annarsstaðar, en engar sannanir eru fyrir því, að svo sje. Það er víst allstaðar svo á byggðu bóli, að karlmenn og kvennfólk leita saman, og jeg get ekki sjeð neitt ljótt eða lautlætislegt við það. Þá er sagt, að unga kvennfólkið sje »fríara« hjer en annarsstaðar; mun vera með því meint, að það sje kátara og fjörmeira. En það kalla jeg framför, ef unga fólkinu lærist að kasta af sjer deyfðinni, og gleðja sig á skikkjanlegan og sæmilegan hátt, og þó að karlmaður og kvennmaður gangi saman á kaffihús og drekki þar kaffi, mjólk eða því um líkt, þá er langt frá því, að jeg finni ástæðu til þess, að kalla það spillingu. Fyrir mjer er þetta eintómur hjegómi, og jeg álít mjög einkennilega og illa að farið, að reyna að brennimerkja höfuðstaðinn sem mesta spillingarbæli, að ástæðulausu. Það er illa gjört, að

reyna til að svívirða og kasta skugga á þann stað, sem þjóðinni ætti að vera helgastur, þann stað, sem er og á að vera höfuðból og miðstöð þjóðmenningarinnar.

En þrátt fyrir ókosti Reykjavíkur, þá getur nefndin í háttv. Ed. þó ekki annað en talið henni ýmislegt til gildis, svo sem fræðandi fyrirlestra og samkomur, söfn og fleira. En í sambandi við það lætur hún þess getið, að í Flensborg sje bókasafn, sem megi auka! Það hefur þann einkennilega kost, að það má auka það. Jeg efast nú ekki um það, en hitt þykir mjer líklegt, að sú aukning verði ekki kostnaðarlaus, og mætti því jafnt verja því fje til bókakaupa til skólans, þó hann væri í Reykjavík.

Þá er að eins eptir, að drepa á kostnaðarhliðina, sem háttv. Ed. gjörir svo mikið úr og segir, að kostnaðarmunurinn sje svo stórvægilegur. Það hefur verið lagður fram uppdráttur af skólahúsi í Hafnarfirði, og á húsið eptir honum að kosta 33 þús. kr. með öllum áhöldum. Það mun þykja of hart að kveðið í nefndarálitinu, þar sem segir, að engum dytti í hug, sem nokkra hugmynd hefði um skóla eða skólahús, að byggja á þeirri áætlun eða fara eptir þeim uppdrætti. En jeg held þó, að það sje ekki of sagt, því *gott* hús, sem ætti að rúma allt, sem því er ætlað, hlyti að verða miklu dýrara. Aptur á móti hefur nefndin fengið hjá Völundi aðra teikningu af væntanlegu kennaraskólahúsi, og ábyrgist Völundur, að það verði ekki dýrara en 34,000 kr., eða með áhöldum og öðru tilheyrandi 38,000 kr.

Ef byggt væri jafngott hús í Hafnarfirði og hjer er gjört ráð fyrir, mundi það verða talsvert dýrara fyrir báða skólana, en Ed. gjörir ráð fyrir, svo stofnkostnaðurinn yrði líkur, hvort sem reistur yrði sameiginlegur skóli í Hafnarfirði eða sjerstakur skóli hjer, og fje veitt til aðgjörar á Flensborgarhúsinu, svo það yrði nokkurnveginn viðunandi. En það tel jeg alveg sjálfsagt, því jeg held, að ekki finnist á byggðu bóli annað eins skólahús, og er það guðs mildi, að ekki hafa opt slys hlotizt af þeim húsakynnum.

Svo er árlegur kostnaður. Ef aðsóknin að skólanum yrði eins mikil, og ráð er fyrir gjört í nefndaráliti Ed., þá þyrfti ekki minna en 5 eða 6 kennara og mundu þeir ekki kosta minna en 9,300 kr.

Svo bætist við hiti, ljós, ræsting og viðhald; það gæti ekki orðið minna en 1,500 kr. og yrði þá árlegur kostnaður samtals 10,800 kr. En eptir okkar uppástungu er kaup kennaranna 5,900 kr., hiti, ljós, ræsting og viðhald 1,100 kr. Alls yrði því árlegur kostnaður 7,000 kr. Og þó landssjóður bætti við 4,000 kr. styrk árlega til Flensborgarskólans, þá yrði árskostnaðurinn samt ekki meiri en 11,000 kr. Ef skólinn yrði settur hjer, þá fengi hann fría lóð, sem bærinn hefur boðið, og þar að auki fría 2 æfingabekki í barnaskólanum og fullt kennslukaup fyrir börnin. Ef tekjurnar af bekknum eru reiknaðar 400 kr. árl., þá yrði þetta 800 kr., sem telja mætti skólanum til tekna, svo árlegi kostnaðurinn við þessa tvo skóla yrði 600 kr. minni, en við sameiginlega skólann.

Ef nú gjört væri við skólahúsið í Hafnarfirði eins og Ed. ætlast til, fengjust þar 30 heimavistir. Hjer yrðu þær líka 30, ef sleppt væri íbúð fyrir annan kennarann, sem vel mætti. Í báðum skólunum til samans yrðu því um 60 heimavistir, þar sem ekki yrðu nema 30 í hinum sameinaða skóla, svo nokkuð meira væri fyrir það gefandi,

Þá er það tilfært, að landið njóti Flensborgareignarinnar, ef skólinn er þar. En það finnst mjer alveg öfugt. Flensborg nýtur einmitt landsins, því skólinn verður kostaður af landsjóði og tekjurnar, sem af eigninni fást, munu ekki verða meir en 200 kr.; lóð hjer í Reykjavík, yrði miklu meira virði en þessi eign í Hafnarfirði.

Ef frumv. verður samþ., eins og það kom frá Ed., þá er auðsætt, að Flensborgarskólinn kemur með öllu á landssjóð. Landinu verður talið skylt, að standa straum af þessum sameiginlega skóla. Þetta tel jeg nokkuð varhugavert. Ekki ólíklegt, að fleiri hjeruð heimti af landssjóði, að kosta alþýðuskóla hjá sjer. Jeg álít rjett, að Flensborgarskólinn haldi áfram sem »privat« skóli, sem sje styrktur úr landssjóði, eins og verið hefur, en jeg vil líka, að landið eigi kennaraskóla út af fyrir sig, og að hann verði í Reykjavík. Hvergi á landinu eru eins margir kennarar, og er rjett að gjöra þeim sem hægast fyrir að afla sjer menntunar, landinu að kostnaðarlausu; ekki ástæða til að gjöra þeim það örðugra, en nauðsynlegt er.

Viðvíkjandi því, að dýrara sje að lifa hjer en í Hafnarfirði, skal jeg geta þess, að jeg hef átt tal við skólastjórann í Hafnarfirði, og sagði hann, að auðvitað væri ekki ódýrara að lifa í Hafnarfirði en hjer, enda væri það óhugsandi, að svo væri. Ef skólinn yrði hjer, þá gætu piltar haft mötuneyti saman — matarfjelag eins og við kölluðum það á Möðruvöllum — og veit jeg af reynslu, að það er ódýrara að hafa fæði þannig, en að kaupa tilbúinn mat. Og auðvitað mætti í skólanum hjer hafa eldhús og aðrar tilfæringar til slíks mötuneytis, og þá fyrst yrði það reglulegt skólaheimili, en það er hið allra heppilegasta fyrirkomulag. Í nefndarálitinu er bent á, að innstökuskilyrðin á kennarskólann sjeu næsta sundurleit, þar sem burtfararpróf frá gagnfræðaskólanum á Akureyri og frá Flensborgarskólanum eða inntökupróf, sem jafngildir því, er sett að skilyrði fyrir inngöngu í kennaraskólann. En þar sem námstími Akureyrarskólans er fullir 24 mánuðir, en Flensborgarskólans aðeins 12 mánuðir, þá sjá allir, hvað þetta er fráleitt.

Hvað breyt.till. snertir, þá gengur hún í þá átt, að færa frumv. nær því, sem það var, þegar það kom frá stjórninni, það er gjörð dálítil breyting á launum kennaranna, og álít jeg, að hægt sje að fá góða kennara hjer í Reykjavík fyrir þetta verð, sem sje 2,700 og 2,000 kr. Þriðji kennar yrði að jafnaði ungur maður, sem gæti með tímanum komizt í hin æðri embætti; þó launin raunar sjeu nokkuð lág, þá ímynda jeg mjer, að nógir fáist fyrir þau, og jeg get hugsað mjer, að margir prestar mundu þakka fyrir þau, þó ekki væri hærri, og það tel jeg víst, að margir prestar sjeu vel til kennslustarfa fallnir við slíkan skóla.

Eg vænti nú þess, að háttv. deild hugsi sig vel um, áður en hún fellir breyt.till. Jeg fyrir mitt leyti vil heldur, að málið gangi ekki fram á þessu þingi, en að það gangi fram í því formi, sem er óheppilegt og dýrt fyrir landið.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Eins nefndarálitið ber með sjer, hef jeg ekki getað orðið samferða háttv. meðnefndarmönnum mínum í þessu máli. Og síðan jeg heyrði ræðu háttv. framsm. meiri hluta nefndarinnar (St. St. þm. Skagf.), þá hef jeg frekar fjarlægst, en nálgast skoðanir meiri hlutans á málinu. Þetta frumv. kom mjer þannig fyrir sjónir, að ekki væru þeir gallar á því, sem ekki væri hægt að laga,

ef háttv. framsm. (St. St.) hefði lagt eins mikla áherzlu á það, eins og hann lagði á að rífa frumv. niður.

Háttv. framsm. (St. St.) gjörði mikið úr því, hve fráleitt það væri, sem stendur í 3. gr., að burtfararpróf frá gagnfræðaskólanum á Akureyri veitti inntöku á kennaraskólann jafnhliða burtfararprófi frá Flensborgarskólanum.

En þetta er bara misskilningur. Próf þessi veita hvort um sig frjálsan aðgang að skólanum, og kemur það ekki til greina, þótt annað þeirra sje fullkomnari en hitt. Þetta er ekkert aðalskilyrði, því nemendur geta tekið inntökupróf við kennaraskólann, ef þeir hafa ekki vottorð frá gagnfræðaskólunum. Inntökuprófið á að vera sem næst því, sem kröfur eru gjörðar til við burtfararpróf frá Flensborgarskóla, og það er ekkert fast bundið með það, hvar eða hvernig sá undirbúningur sje fenginn. Jeg get heldur ekki verið samdóma um það, að ekki sjeu dæmi til þess í öðrum löndum, að kennaraskólar sjeu í sambandi við aðra skóla, þó jeg efist ekki um, að þeir sjeu víða hvar alveg sjálfstæðir nú orðið, en þetta var engan veginn svo upphaflega, og það eru ekki nema 2 ár eða svo síðan Norðmenn breyttu til um þetta.

Sá maður, sem í fjögur síðustu ár hefur verið að rannsaka skólamálin fyrir okkur, hefur sýnt fram á það, að við sjeum langt á eptir öðrum þjóðum í fræðslumálum; og það eru litlar líkur til, að við getum hlaupið í einu skrefi yfir allar þær tröppur, sem aðrar þjóðir hafa orðið upp að ganga, til að ná þangað sem að þær nú eru komnar.

Fyrir allmörgum árum var það fyrirkomulag í Canada, að próf, sem við mundum kalla gagnfræðapróf, veitti kennararjett, með því skilyrði, að ganga síðan nokkrar vikur eða mánuði á kennaraskóla. Og jeg veit ekki betur, en að svo sje enn þann dag í dag; þar standa opt auglýsingar í blöðunum um það, að það vanti kennara með þessum og þessum vitnisburði, sem alls ekki er miðaður við fullkomið kennaraskólapróf, heldur er talað um fyrsta, annan og þriðja vitnisburð (First, second and third class certificate). Þetta eru vitnisburðir frá allt öðrum skólum en kennaraskólanum. Menn geta fengið að kenna um styttri eða lengri tíma, fleiri eða færri ár upp á þessa vitnisburði sína.

Jeg álít, að við verðum fyrst að sætta okkur við eitthvað þessu líkt, því við megum ekki gjöra kröfurnar allt of háar í byrjun. Þó menn hafi ekki notið nema heimafræðslu, ef hún að eins er í bezta lagi, sem hægt er að fá hjer; ef þeir hafa lært á gagnfræðaskólum eða jafnvel unglingaskólum, þá ættu menn að fá að ljúka sjer af við kennaraskólann á einum vetri eða jafnvel skemmri tíma.

Það er ekki aðalatriði, eins og mjer virðist meiri hlutinn halda svo fast fram, hvar þessi skóli er settur, heldur að hann sje sem heppilegastur og standi í sem beztu og eðlilegustu sambandi við alþýðufræðsluna út um landið, og til þess þarf hann að færast hægt og hægt í æskilegt horf, eins og alþýðufræðslan verður að gjöra. Jeg get ekki skilið, að þessi skóli eigi að fara á stað eins og »Lokomotiv«, án þess að tengja hann við alþýðufræðsluna, sem aðvitað verður lestin, sem hann á að draga. Það þarf að tengja þetta tvennt vel saman, og gjöra það með gætni og góðri athugun, því alþýðumenntamálið er mjög þýðingarmikið.

Það er gjört ráð fyrir því, að kennaraefnin eigi að ganga á skólann og læra þar svo og svo langan tíma, en fara síðan út um landið og setjast þar að. En það er svo afar-hætt við því, að ekki vilji allir hverfa til baka út í sveitirnar, ef skólinn t. d. yrði hjer, heldur setjast að við gleðina og glauminn í höfuðstaðnum. því í sveitinni verða menn að lifa afskekktir og fara margs á mis. sem hjer er auðvelt að fá, og mörgum þykir eptirsóknarvert. Því eins og nú hagar til, verða sveitakennarar meira að vinna málefnisins vegna en launanna, svo það er ekki gott, að þeim verði námið allt of dýrt. Jeg álít því betra fyrirkomulag, að hafa að eins tveggja ára skóla í Hafnarfirði, heldur en þriggja ára skóla hjer. Það munar ekki svo lítið um hvert árið fyrir fátæka nemendur, og eptir því, sem þeir þurfa að eyða lengri tíma, kosta þeir meiru til við námið; er svo eðlilegt, að þeir vilji heldur setjast að, þar sem þeir búast við að fá betri laun og auk þess sjá margt fagurt og skemmtilegt, en vilji síður hverfa heim í strjálbyggðu og dauflegu sveitirnar, þar sem þeir munu eiga von á að fá lítil laun.

Jeg álít, að það sje nauðsynlegt fyrir okkur, að fá sem flesta kennara á sem stytztum tíma út um landið, og það sem allra fyrst, og þess vegna þyrfti kennslutíminn á kennaraskólanum að vera sem allra stytztur. Sveitakennararnir þyrftu að geta lokið sjer af á einum vetri eða styttri tíma. Fram á þetta fer breyt.till. mín. Þetta þykir nú kannske lítið. En jeg hef nýlega átt tal við mann, sem er fróður um þessa hluti, og taldi hann þetta enganveginn lítilsvert; hann áleit, að margir þeirra manna, sem fengizt hafa við kennslu í 2—3 ár eða lengur, þeir geti haft mikið gagn af tveggja mánaða »kúrsus« á kennaraskóla, hvað þá lengri tíma.

Það er mjög undarlegt og einkennilegt, að í barnafræðslufrumv. er talað um laun kennaranna og fastar reglur teknar um þau, en ekki minnzt á það, hvaða skilyrðum þeir eigi að fullnægja, eða hvaða próf þeir eigi að hafa tekið. Laun og landssjóðsstyrkur ætti þó að mínu áliti að vera bundið við ákveðið próf. Við hvaða störf sem er, ætti að hafa verðleika mannsins sem mælikvarða fyrir launum hans. Og það ætti ekki að kasta landssjóðsfje út án tryggingar hjer frekar en annarsstaðar.

Þetta hefur sjerstaklega verið ágreiningsatriðið milli mín og nefndarinnar.

Jeg álít, að þetta mál þyrfti og ætti að ná fram að ganga á þessu þingi, en ef breyt.till. meiri hluta nefndarinnar verða samþykktar hjer í deildinni, þá eru litlar líkur til, að svo verði. Það er nauðsynlegt, að deildirnar geti komið sjer saman um, að hrinda málinu áleiðis, og það hefði getað gengið vel, ef frumv. yrði ekki gjörbreytt í þessari deild. Enda hefur Ed. byggt það á góðum grundvelli, og það er engin vissa fyrir, að betur gangi með það síðar en nú.

Jeg tek það upp aptur, að við höfum þörf á að fá marga kennara. Ef við lítum á fræðslufrumvarpið, þá sjáum við, að það þarf einn aða fleiri í hvern hrepp. Alla þessa kennara viljum vér hafa sem bezt undir starf sitt búna, en þó svo ódýra sem auðið er.

Það er enginn vafi á því, að kennarafræðslan í Hafnarfirði hefur gjört mjög mikið gagn, og hafa þaðan komið frá kennaradeildinni, nú síðustu árin, 14—15 á hverju ári. Ef þessi fræðsla yrði nú gjörð nokkru víðtæk-

ari, þá mundu koma fleiri nemendur þangað, sem jeg ætla að allflestir mundu leita aptur heim í sveitirnar og verða þar að góðum notum. Jeg álít, að þetta yrði affarasælla, heldur en að setja skólann hjer. Og enda þótt kennaraefnin drykkju aldrei annað en mjólk og »mörk«, eins og framsögumaður gat til, þá gæti svo farið, að þeim fjelli þessir drykkir svo vel í geð, að þeir hættu við að hverfa heim í sveitirnar, en gengju að loknu kennaranáminu á háskólann hjer á »Uppsölum«.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Þetta er í annað sinn, sem jeg tala fyrir þessu máli hjer í deildinni. Ed. hefur fallizt á að setja þennan skóla upp í Hafnarfirði og samþ. frv. með 11 samhlj. atkv. Hún hefur fært svo skýr rök fyrir því, á þgskj. 207, að skólinn eigi að vera í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík, að erfitt mun að bæla þau. Það eru öll sömu rökin, sem jeg færði fram hjer á síðasta þingi.

Háttv. framsm. meiri hlutans (St. St., þm. Skgt.) gjörði ekki mikið að því, að mæla móti rökum Ed. Aðalástæðan, sem hann færði fram, var, að ekki væri hentugt, að setja kennaraskólann ofan á annan skóla. En jeg get ekki sjeð, að það sje nokkuð hættulegt, eða að kennaraskóli og gagnfræðaskóli geti ekki vel samþýðzt. Að það þurfi allt aðra aðferð við fyrstu kennslu á kennaraskóla en gagnfræðaskóla, það álít jeg alveg ástæðulaust. Jeg get fyrir mitt leyti sagt það, að mjer væri ómögulegt að læra að kenna, fyr en jeg væri búinn að læra það, sem jeg ætlaði að kenna. Fyrst verður að læra, og síðan að læra að kenna, því það er ómögulegt að kenna það, sem maður ekki veit. Sá sem t. d. vill kenna að spila á hljóðfæri, hann verður fyrst og fremst að kunna sjálfur að flytja fingurna á hljóðfærinu eptir nótunum og vera sýnt um það, annars getur hann ekki kennt að leika á hljóðfærið með smekk, og sama má segja um hvaða námsgrein sem er.

Einmitt það, sem kennt er á alþýðuskólanum, þurfa allir að læra, bæði börn og eldri menn, svo hjer er einmitt ágætt samræmi. Eða hvað ættu kennaraefnin að læra, ef ekki einmitt það, sem alþýða þarf helzt að vita. Þetta er því alveg haldlaus ástæða hjá háttv. framsm.

Nú þegar verið er að ræða þetta mál í annað sinn hjer á þinginu, og menn halda því fram, að sje skólinn ekki settur þarna og þarna, þá sje bezt að hann deyi, þá er eðlilegt að menn spyrji: Getur kennaraskóli verið nauðsynlegur í landinu, ef hann er þýðingarlaus eða þýðingarlítill mjög, svo framarlega sem hann stendur einni mílu vegar sunnar eða norðar á landinu.

Sje nokkur veruleg nauðsyn á að fá skólann, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en hann sje eins vel settur í Hafnarfirði og hjer, svo það sje ekkert aðalatriði. Það er svo stutt milli staðanna, að ekki er það lengra en hæfilegur morgungangur. Auk þess eru þeir tengdir með talsíma.

Það tekur svo mikinn tíma að taka upp allt, sem nefndin hefur um þetta sagt, að jeg verð að láta mjer nægja með einstök atriði.

Viðvíkjandi því, hver staðurinn sje hollari heilsu manna, þá er víst enginn efi á því, að Hafnarfjörður gengur þar fyrir. Það er t. d. ágætt vatn í Hafnarfirði, en hjer verður þess að líkindum langt að bíða, að gott vatn fáist. Heilsufar á Flensborgarskólanum

hefur verið ágætt, og hefur að eins einn einasti unglingur dáið þar, síðan skólinn var stofnaður.

Það er einnig töluvert atriði, þegar verið er að ala upp menn, sem aptur eiga að ala upp aðra, að það er engin vínsala í Hafnarfirði nje veitingahús, svo sú freisting, sem vínið veldur, er þar ekki til á neitt líku stigi og hjer.

Í nefndarálitinu er eitthvað sagt í þá átt, að það sje kennurunum að kenna, ef óregla sje meðal nemenda. Ef það væri kennurunum að kenna. að ýmsir ungir menn hjer í bænum drekka, því er þá ekki þeim kennurum vikið frá? Það er nú samt sannfæring mín, að þetta sje ekki kennurunum að kenna, heldur því, hve ljett er að ná hjer í vín.

Hefði latínuskólinn verið á Bessastöðum enn, þá mundi það hafa sýnt sig, að minna hefði verið drukkið.

Ekki vantar aðsókn að Flensborgarskólanum, svo ekki þarf að bera það fyrir.

Viðvíkjandi kostnaðinum, þá er ódýrara að lifa í Hafnarfirði, en hjer. Kemur það einkum af því, að landvara öll er þar að miklum mun ódýrari. Bændurnir koma þangað með vöru sína og selja hana borgurum bæjarins beint, en hjer er stórstaðarlegra og kaupmennirnir eru milliliðir milli bænda og borgara, og leggja auðvitað á landvöruna.

Hvað aðgang að bókum og söfnum snertir, þá er mjög auðvelt að ná í bækur hjeðan og sjá það, sem hjer er að sjá. Og einmitt vegna þess, að fjarlægðin er meiri, þá verður fýsnin meiri til að ná í bækurnar.

Jeg þori að fullyrða það, að bændunum er flestum ljúfara að senda sonu sína til Hafnarfjarðar en hingað, því það er ágætt orð á skólanum þar, og allar líkur til, að svo yrði með þennan skóla. Hjer er nóg reynsla fyrir því, að margir efnismenn hafa orðið að engu.

Það er eitt atriði, sem ekki hefur verið drepið á í þessu máli, og álít jeg það þó aðalatriði. Það er, hvort það hafi enga þýðingu, að málið deyi nú í annað sinn á þinginu. Jeg álít það mjög slæmt, því málið er mikið nauðsynjamál. Verði nú frv. breytt í þessari deild, þá eru engar líkur til, að það komist í gegnum þingið í þetta sinn. Alveg eins getur farið á næsta þingi, því þá geta vel orðið 2—3 menn í annari hvorri deildinni, sem setja sig á móti framgangi þess, einmitt fyrir þetta smávægilega atriði, hvar skólinn eigi að standa. Nú hefur málið þegar legið optar en einusinni fyrir þinginu og hæmingjan má vita, hvað við megum bíða lengi eptir kennaraskóla, ef við fáum hann ekki nú.

Hvað kostnaðinn við stofnun og rekstur skólans snertir, þá sýndi hv. framsm. (St. St., þm. Skgf.) fram á, að hann mundi verða líkur hjer og í Hafnarfirði. En aðgætandi er það, að laun þau, sem háttv. nefnd ákveður, eru að eins bráðabyrgðalaun og mundu hækkuð á næstu þingum. Þessvegna áliti jeg heppilegra, að ákveða launin sæmilega há í fyrstu og láta svo við það sitja, en reyna að koma í veg fyrir stöðuga launahækkun, sem getur orðið þjóðinni sæmilega kostnaðarsöm.

Aðgætandi er það einnig, að það hlýtur að vera dýrara, að halda tvo skóla en einn, og ekki virðist nein veruleg ástæða til að hafa einn skóla hjer og annan í Hafnarfirði, þegar mjög auðvelt er að sameina þá.

Jeg vil ekki lengja meira umr. um

þetta, því mjer er alls ekkert kappsmál, að skólinn sje endilega settur í Hafnarfjörð, en hitt er mjer kappsmál, að málið nái fram að ganga og landið fái góðan kennaraskóla. Og jeg þykist viss um það, að frumv. verður ekki samþykkt í Ed., ef þessar breyt.till. verða samþ. hjer; þá er málið drepið á þessu þingi, og væri það mjög illa farið. Þessvegna vil jeg mæla með því, að breyt.till. nefndarinnar verði þegar felldar hjer í deildinni.

Guðmundur Björnsson (2. þm, Rvk.): Jeg vil víkja nokkrum orðum að einstöku atriðum þessa máls. Jeg þarf ekki að tala um það almennt, því það hefur háttv. framsm. gjört svo rækilega.

Háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) fór mörgum orðum um það, að hann vildi gjöra mönnum sem auðveldast fyrir, að þeir þyrftu að vera sem stytzt við námið. Jeg skil nú ekki, úr því að hann hefur þessa skoðun, að hann skuli ekki hafa fylgt meiri hluta nefndarinnar, því háttv. Ed. hefur viljað hafa námstímann 4 ár alls, en nefndin hjer breytt honum í 3 ár. Auk þess er það ljóst, að það mætti setja inn í reglugjörð kennaraskólans ákvæði um það, að mönnum í vissum tillfellum gefist kostur á að ganga undir 1. eða 2. bekkjar próf, t. d. mönnum sem hafa verið kennarar, og þannig eru búnir að afla sjer töluverðrar þekkingar. Það er svo langt frá því, að mönnum sje gjört erfitt fyrir; það er alveg þvert á móti. Og það er ómögulegt að ganga fram hjá því, að þessi tvískipting, að ganga fyrst á gagnfræðaskóla, og svo á kennaraskóla, er að ýmsu leyti óhagkvæm og kostnaðarsöm. Meðal annars þarf tvöfalt fleiri kennslubækur.

Hvað staðinn áhrærir, þá er hann okkur ekkert kappsmál. Nefndin gekk inn á það, að hafa skólann í Hafnarfirði, ef það væri þá almennilegur skóli og ekki önnur eins ómynd og háttv. Ed. ætlast til. Því þessi samsteypa yrði hvorki almennilegur gagnfræðaskóli nje kennaraskóli, og það skyldi sannast, að hann yrði landinu dýr. Vjer höfum ekkert á móti því, að skólinn sje í Hafnarfirði, ef hann er alveg laus við og fráskilinn Flensborgarskóla. En við viljum ekki láta snúða Flensborgarskóla inn á landssjóð. Gagnfræðaskólinn á Akureyri kostar landssjóð 12 þús. kr. á ári, og Flensborgarskóli mundi innan skamms prila sig upp í einhverja líka upphæð. Það þarf ekki að efast um það.

Allt þetta tal um hollustuna í Hafnarfirði virðist mjer næsta undarlegt. Hjer er auðveldara, að fá góða kennslukrapta; það er enginn efi á því. Og þar sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), var að tala um heilbrigðisástandið, þá ætti jeg nú að þekkja það eins vel og betur en hann. Mjer er kunnugt um, að í Flensborgarskóla hefur opt bólað á veikindum, taugaveiki, berklaveiki og mörgum öðrum sjúkdómum. En það var eitt í ræðu háttv. þm. N.-Þing. (Á, J.), sem var eptirtektavert, og færði mjer sönnur á það, að skólinn á að vera í Reykjavík og hvergi annarsstaðar. Hann sagði, að það væri ekki heppilegt fyrir sveitamennina að koma hingað til Reykjavíkur, í alla lífsgleðina og glauminn hjer. Því ekki að senda þessa ungu menn hingað til þess að sækja hingað lífsgleði, ef þeir skyldu geta fengið eitthvað af henni hjer, og ef hana vantar í sveitirnar.

Hann fann það enn fremur að Reykjavík, að hjer stæðu svo margir lífsvegir opnir. En það getur þó aldrei verið nema meðmæli. Eða hvert ættu feðurnir heldur að senda sína ungu syni, heldur en þangað, þar sem flest-

ir lífsvegir standa opnir, þar sem mest er um dugnað og framtakssemi. Ef meira er um lífsgleði og dugnað hjer í bænum en til sveita, þá ættu sveitamenn sízt að óttast, að senda unga menn hingað til náms.

Jeg skal svo ekki tefja tímann, því að jeg býst við, að háttv. framsm. muni taka til máls. Menn eru hræddir um, að málið muni verða drepið. En jeg tek undir með hinum háttv. framsm. um það, að jeg vil heldur, að málið verði drepið, en að skólinn verði settur á stofn í þeirri mynd, sem háttv. Ed. ætlast til. Hjer er verið að ræða um stofnun, sem á að standa eina kynslóð fram af annari, og þá er allt undir því komið, að hún sje sem bezt úr garði gjörð í fyrstu.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það var eitt atriði hjá háttv. 1. þm. G.-K. Hann sagði að átsæðurnar fyrir því, að sambandið væri óheppilegt, væru einkisvirði. Ein af röksemdum hans var sú, að það væri hægt að breyta gagnfræðaskólanum svo, að hann yrði undirbúningur undir kennaraskólann. En sjer hann ekki, að þetta er til að eyðileggja gagnfræðaskólann? Þá verður hann ekki það, sem hann á að vera, skóli, sem veitir mönnum almenna fræðslu, án tillits til nokkurs sjerstaks lífsstarfs, heldur verður hann undirbúningsskóli undir kennaraskóla, eða með öðrum orðum í stað 3 ára kennaraskóla fáum við 4 ára kennaraskóla, en það tel jeg oflangan og dýran skólaveg fyrir kennara þessa lands.

Annars víkur þessu máli töluvert öðru vísi við nú en áður. Áður lá á bak við, að Flensborgarskóli væri lagður niður, ef kennaraskóli yrði stofnaður hjer, en nú er ekki svo til ætlazt. Eins og jeg áður hef tekið fram, hefur skóli þessi fullan tilverurjett, og verði það ofan á, sem jeg vona, að kennaraskóli verði stofnaður hjer í Reykjavík, þá tel jeg sjálfsagt, að ætla á fjárlögunum nægilegan styrk til húsabóta í Flensborg.

Það eru margir áfram um það, að hafa kennaraskólann í Hafnarfirði og nefndin bauð þeim til samkomulags, að breyta Flenshorgarskólanum í kennaraskóla, en ekki var við það komandi ýmsra orsaka vegna. enda teldi jeg það illa farið, að alþýðuskólinn fjelli niður.

Við leggjum því ekki aðaláherzluna á skólasetrið, heldur á hitt, að skólinn verði sem bezt úr garði gjörður að öllu leyti. En skólinn væri auðvitað kominn upp hjer í Reykjavík, ef ekki hefði verið hafin þessi barátta fyrir því að láta hann vera í Hafnarfirði. *(Guðlaugur Guðmundsson:* og í Hafnarfirði, ef ekki hefði verið barizt fyrir honum í Reykjavík. Það er alveg sama). Nei, það er alls ekki sama. Það hefði engum dottið Hafnarfjörður í hug, ef Flensborgarskólinn hefði ekki verið þar fyrir, enda liggur það í augum uppi, að eigi að forðast spillingu kaupstaðanna, þá lægi nær að setja skólann upp í sveit, heldur en í Hafnarfjörð, t. d. upp á Þingvöll eða austur í sýslur.

Það getur engum verið áhugamál, að málið fái enda, heldur að það fái *góðan* enda. Það er náttúrlega misjafnlega hægt, að halda á góðri reglu í skólum, en aðallega held jeg, að það sje kennurunum að þakka og kenna, hvernig ástandið er, en ekki skólastaðnum. Jeg hef ekki heyrt það, að það ætti sjer nokkur drykkjuskapur stað hjerna í latínuskólanum, heldur að eins stakt virðingarleysi fyrir kennurunum og öllum reglum, og það gæti

orðið alveg eins í Hafnarfirði og í Reykjavík, ef kennarar verða hinir sömu.

Jeg ætla svo ekki að segja fleira um þetta mál. Jeg býst við því, að menn sjeu ráðnir í því, hvernig þeir greiða atkvæði.

Árni Jónsson (þm. N.-þing.): Það voru að eins örfá orð. Hinn háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) fór ekki rjett með orð mín áðan, og var hann þó svo nærri mjer, að hann hefði bæði átt að geta heyrt þau og skilið. Hann tók það fram, að það væri allt annað, sem kennt væri í gagnfræðaskólum heldur en í kennaraskólum, en hann benti alls ekki á, í hverju sá mikli mismunur væri fólginn. Jeg veit nú ekki til, að munurinn sje svo afarstór. Þessir kennarar eiga þó ekki að kenna annað en það, sem um getur í fræðslufrumv. Mjer sýnist það ekki vera svo feykilega frábrugðið því, sem lært er á gagnfræðaskólunum. Svo sagði hann, að Flensborgarskólinn mundi færast í aukana og verða þungur á landssjóði með tímanum. Það er nú ekki nema rjett að styrkja hann betur, eptir því sem hann vex, og aðsóknin að honum eykst; það fje sem til hans væri lagt, mundi þá kannske gefa eins góða vexti eins og fje, sem veitt er til svo margs annars.

En það, sem jeg sjerstaklega vildi leiðrjetta, er það, sem hann sagði um lífsgleðina; það var annaðhvort byggt á ókunnugleik eða misskilningi. Jeg sagði, að það væri hætt við því, að þegar menn væru komnir hingað í alla lífsgleðina og glauminn, þá væru þeir ófúsir til þess að fara upp í sveitirnar aptur í fámennið.

Jeg fann heldur ekki Reykjavík til foráttu, að hjer væru miklar framkvæmdir og margir lífsvegir opnir fyrir unga menn. En jeg sagði það, að þegar þeir sæu alla þá vegi, sem hjer væru opnir, væri hætt við, að þeir heldur vildu einhverja af þeim, heldur en að verða kennarar uppi í sveit.

Það er ósköp hægt að segja eins og hinn háttv. framsm., að við berum ábyrgðina. Jeg tek það ekki til mín, jeg greiði atkvæði í þessu máli eins og öllum öðrum eptir sannfæringu minni og engu öðru.

ATKVGR.: 2. breyt.till. (484) frá nefndinni við 1. gr. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli vegna óljósrar atkvgr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Hermann Jónass.,
Magnús Andrjess.,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Briem,	Lárus H. Bjarnas.,
Ólafur Ólafsson,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
Pjetur Jónsson,	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
St. Stef. 2. þm. Skgf.,	
Tryggvi Gunnarss.	
Þórh. Bjarnarson.	

1. gr. þar með fallin.

3. breyt.till. (484) við 2. gr. samþ. með 14 atkv.

. 2. gr. þar með fallin.

4. breyt.till. (484) við 3. gr. samþ. með 14 atkv.

3. gr. þar með fallin.

Viðaukatill. (484) samþ. með 17 atkv.

4. gr. samþ. með 17 atkv.

5. breyt.till. (484) við 5. gr. samþ. með 15 atkv.

5. gr. þar með fallin.

6. breyt.till. (484) við 6. gr. samþ. án atkvgr.

6. gr. svo breytt samþ. með 14 atkv.

7. breyt.till. (484) við 7. gr. samþ. án atkvgr.

7. gr. svo breytt samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin hjá nefndinni samþ. með 14 atkv.

Vísað til 3. umr. með 14 : 7 atkv.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 538).

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg hef litlu við það að bæta, sem sagt var um þetta mál við 2. umr.

Rök þau, sem þá voru færð fyrir því, að Reykjavík væri óhentugri staður, en Hafnarfjörður fyrir kennaraskólann, gátu ekki sannað mjer, að svo væri. Síðan hef jeg komizt að því, að ýmsir, sem ekki greiddu atkvæði með því að hafa skólann hjer, gjörðu það af ótta fyrir því, að frumv. mundi falla, ef breytingar nefndarinnar yrðu samþ. hjer í deildinni. Þeim var svo mikið áhugamál, að kennaraskólinn kæmist upp, að þeir vildu ekkert aðhafast, sem gæti orðið því til hindrunar. Sumir vilja máske heldur, að skólinn yrði í Hafnarfirði, en jeg ætla, að þeim sje það ekki svo mikið áhugamál, að þeir samþykki ekki heldur, að skólinn sje í Reykjavík, en að láta málið falla. Jeg verð þess vegna að vona, að þessir menn greiði nú atkvæði með frumv. óbreyttu.

Ef þessum háttv. þm. er það kappsmál á annað borð, að skólinn verði settur á stofn, þá er þeim það auðskilið mál, að það hlýtur að draga úr mótspyrnu Ed., ef hún sjer, að Nd. er fullkomin alvara með að setja skólann hjer. Og verði frumv. samþ. með miklum meiri hluta hjer í deildinni, þá gæti það orðið til þess, að frumv. næði fram að ganga. Jeg vona fastlega, að mótspyrnan hafi minnkað hjer í deildinni frekar en vaxið og treysti háttv. þm. til að búa frumv. vel úr garði til Ed. í þetta sinn.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það eru síðustu orð háttv. framsm. (St. St.), sem gjöra það að verkum, að jeg hlýt að standa upp og gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Jeg tel mjer skylt, að greiða atkv. móti þessu frumv., og álít jeg mikið betra, að málið falli að þessu sinni, en það verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

Á þinginu 1903 áleit jeg ekki heppilegt, að kennaraskólinn yrði settur á stofn hjer í Reykjavík. Jeg talaði þá á móti málinu og gjörði grein fyrir, hvers vegna jeg ekki vildi setja þessa skólastofnun í Reykjavík, en háttv. þm., sem fyrir því hafa barizt, misskildu þá mjög orð mín, og á þeim misskilningi hafa þeir lifað hátt síðan.

Reynsla sú, sem við höfum af skólunum hjer í Reykjavík, er engan veginn glæsileg, og líti maður hlutlausum augum á hana, þá er það deginum ljósara, að ekki er álitlegt, að stofna til nýrra skóla hjer, sem eiga að hafa veruleg og djúp áhrif á líf þjóðarinnar, stofna þá á svipuðum grundvelli, í sama jarðvegi og í sama andlega andrúmslopti, sem er að eyðileggja skólana hjer.

Latínuskólinn, sem á að vera aðalmenntastofnun fyrir ungmenni landsins, vita allir að hefur á síðustu árum verið til hneyxlis og til skaða og skammar fyrir land og lýð. Prestaskólinn hefur á síðustu árum litinn skerf lagt til þess, að efla og auðga kirkjulegt líf og kristindóm í landinu, og maður, sem er því máli kunnugur, hefur í minni áheyrn haldið því fram, að á honum yrði að verða breyting, ef ekki ætti að stofna kirkju og kristindómi í landinu í voða.

Það er agaleysið, skortur á hugsjónum og skyldurækt við sitt starf, framtaks- og eljuleysi í öllum störfum, það eru þær ódyggðir andlegrar vesalmennsku og læpuskapar, sem spilla hugsunarhætti margra þessara ungu manna, samfara uppskafningsháttum, gjálífi og megnu sjálfsáliti. Þetta liggur eins og martröð á þessum menntastofnunum, og er það engin furða, þó að litt þroskaðir menn, sem komast inn í þetta andrúmsloft, smittist af hinum eldri og verði að ónýtum mönnum. Þess vegna hef jeg megna ótrú á því, að kennaraskóli þessi yrði hjer að nokkru liði.

Og það er enginn vafi á því, að kennaraskólinn mundi auk þessa draga að sjer marga skipbrotsmenn af hinum menntaskólunum. Þeir mundu sækja þangað inn utan af götum þessa bæjar, þegar allar aðrar dyr væru lokaðar, til þess, að þeir þó einhverstaðar hefðu höfði sínu að halla í framtíðinni. Á þennan skóla mundi einmitt safnast lakasti hluti þessara manna, þeir sem ekki ætti annars úrkosta, svo að hann yrði regluleg ruslaskrína þjóðfjelagsins í versta skilningi.

Skilríkur maður hjer í bænum hefur nýlega sagt mjer, að einmitt þetta fólk, þessir skipbrotsmenn skólanna hjer, safnist til barnaskólans og hafi þar tímakennslu, þegar ekki er um aðra vegi að tefla; og hvaða þýðingu mun það svo hafa fyrir barnafræðslu þessa bæjar? Því er vitaskuld auðsvarað, en jeg ætla að sleppa því.

Telja menn þessari stofnun það heppilegt, að fara að sópa miklu af þessum mönnum hjer úr bænum inn á kennaraskólann, og senda þá síðan út um landið til að leggja grundvöllinn undir hugsunarhátt og andlegt líf komandi kynslóðar?

Lízt mönnum sá andlegi straumur, sem berst út frá slíkum mönnum, svo ágætur, að hann sje nauðsynlegur fyrir þjóðina út í frá, og muni flytja henni andlega hollustu?

Það er langur vegur frá því, að skólinn yrði að þessu leyti eins illa settur í Hafnarfirði og hjer. Þeir menn, sem hjer ættu hægt með að stíga yfir þröskuld skólans, ef til vill samt með hjálp annara, þeir mundu fráleitt eins margir hafa framtak eða dugnað til að sækja hann í Hafnarfirði, enda mundi skólavistin þar hafa betri áhrif á þá, en skólavist hjer. Hjer er þessum mönnum auðveldara að hanga í skólanum að nafninu til, og ef til vill sleppa svo þaðan út í sveitirnar með allar góðar fylgjur götulífsins í Reykjavík.

Það er annars dálítið skoplegt, hvernig menn hafa misskilið þessa ræðu mína 1903, eins og jeg hafi gjört svo mikið úr spillingunni hjer. Það var mjög langt frá. Spilling eða siðleysi á háu stigi er auðvitað ekki til hjer. Til þess er bærinn ekki orðinn nógu stór. Það er iðju- og eljuleysi götulýðsins, það var slæpingsháttur inn og ódugnaðurinn, sem jeg vítti. Til þess að talað verði um spilling á háu stigi, hvort heldur þar er átt við drykkjuskap eða kvennafar, þarf kynslóðin að vera aðallega stórskornari, en þessi lýður.

»Der skal mere til end söle i Dynd,
der skal baada Kraft og Alvor til en Synd«,

segir hnappasmiðurinn við Pjetur Gauta, og jeg held í þessari okkar ungu menntakynslóð finnist meira af gjálífi, kæruleysi um alla hluti, heldur en af þeim andlega þrótt og kjarki, sem til allra hluta þarf, hvort heldur eru illir eða góðir.

Jeg álít miklu betra að málið falli á þessu stigi, en að það haldi lengra í þessa ófugu átt.

Þegar alvarlega hugsandi mönnum hefur komið til hugar, að rjettast væri að leggja niður latínuskólann, sökum

þess, hve óvænlega áhorfðist með hann, og þegar menn telja kirkju og kristindómi hættu búna. nema guðfræðingarnir fengju án stúdentsprófs að lesa og læra út í sveitum, það virðist það mjög undarlegt, að vilja stofna fleiri skóla undir slíkum skilyrðum, stofna honum í sömu eyðilegging og hinum, sem allir sjá að eru á fallanda fæti sem þarflegar stofnanir að minnsta kosti.

Reynslan frá þessum skólum ætti að vera nóg til þess, að sannfæra menn um, að ekki sje rjett, að stofna kennaraskólann í Reykjavík.

Það er nóg af mennta-fimbulfambi hjer, þó ekki sje kennaraskólinn fylltur af því líka. Það mundi verða til mikils skaða en lítils gagns. Og sá skaði, sem illur kennaraskóli getur gjört og mundi gjöra, hlyti að verða miklu meiri og viðtækari, en það tjón, sem latínuskólinn nokkurntíma hefur unnið eða getur unnið.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Ræðu háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tek jeg bara sem skemmtun fyrir fólkið. Einkum þótti mjer það broslegt, að háttv. þm. ekki treysti þessu úrgangsrusli, sem hann var að tala um, til að dragnast suður í Hafnarfjörð, allra helzt, þegar vagnarnir eru allt af á ferðinni í milli.

Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók þessi 2 voðadæmi máli sínu til sönnunar, hinn almenna menntaskóla og prestaskólann. Mjer stendur næst, að taka svari hins síðarnefnda. Og jeg get sagt og sýnt háttv. þm. það, að kennarar prestaskólans gjöra það, sem hægt er til þess, að afstýra óreglu hjá nemendunum, og svipta þá námsstyrk, sem brotlegir verða. Hitt veit þm., að með þeim skilningi, sem er á »akademiskum« rjettindum, er ómögulegt að neita mönnum um aðgang að æðri menntastofnunum, nema þyngri sakir sjeu fyrir hendi.

Jeg skil heldur ekkert í, að háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) skyldi slá því fram, að þessir úrhraks-slæpingjar væru notaðir sem tímakennarar við barnaskólann hjer í Reykjavík. Þetta er rangt hjá háttv. þm., og jeg mótmæli því sem gagn-kunnugur.

Annars finnst mjer það eiga afarilla við, að vera að slá sig til riddara á því, að niðra höfuðstað landsins. Höfuðstaðurinn er þó miðstöð þjóðlífs þessa lands. Slæmur fugl, sem fer svo með sitt eigið hreiður.

Mótmælalaust er það, að ef þessi kennsla hefði ekki áður verið í Flensborg, þá hefði engum komið til hugar, að kennaraskóli væri settur annarsstaðar en hjer. Enginn hafði t. d. neitt á móti því, að Stýrimannaskólinn væri hjer í Reykjavík. Var svo alveg sjálf gefið.

Jeg lít svo á, að það góða, sem fæst í Flensborg, það fáist einnig hjer, þær góðu »traditiónir« mundu haldast, og flytjast hingað með kennurunum. Mennirnir yrðu sömu áfram.

Þá hefur það verið svo marg-sýnt og sannað, hvernig betri og ódýrari kennsla fæst hjer í Reykjavík í ýmsum aukagreinum. Jeg bið menn að líta á 4. gr. Það vogar enginn að neita því, hvaða munur er á því, að fá góða kennslu hjer í teikningu, leikfimi, handavinnu, söng og hvað þá í garðyrkju og skólamatreiðslu. Menn með sjerþekkingu í þessu eru einmitt hjer, og geta haft ofan af fyrir sjer við kennslu í þessum greinum af því, að þeir fá atvinnu við marga skóla hjer í fjölmenninu, en þeirra verður eigi kostur annarsstaðar nema með föstum launum. Því mun líka hafa verið haldið fram, að það þyrftu einir 5 fastir kannarar í Hafnarfirði, og það

er rjett og satt, eigi þessi kennsla að komast á, sem lögin tilskilja, en vill þingið leggja svo mikið ttl skólans.

Það er ekkert efamál, að ef stýrimannaskólinn væri í litlu kauptúni, þá væri hann stórum mun dýrari, en hann nú er. Það þyrftu að vera fleiri fastir kennarar en nú eru. En nú á kennslan við hinn fyrirhugaða kennaraskóla, að vera miklu margbreyttari en á stýrimannaskólanum, en þó væri hægt, að fá góða kennslu í öllum greinunum hjer, nema það skyldi vera i skólamatreiðslu, en það mun nú þó í aðsigi, að Reykjavik fái útlærða kennslukonu í þeirri grein.

Þá er líka að líta á það, hvað mikill fjöldi er hjer af kennurunum. Hjer eru í bænum um 30 manns, sem hafa barnakennslu fyrir atvinnu. Þeir hafa fjelag með sjer, og halda í sameiningu mörg tímarit um uppeldi og skólamál. Hjer eru að öllu leyti miklu meiri skilyrði fyrir andlegu lífi eða vakning, en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu.

Þá er eigi síður á það að líta, hvaða skuldbindingu landssjóður tekur á sig með því, að taka að sjer gagnfræðaskólann í Hafnarfirði. Jeg er alveg samdóma háttv. framsm. (St. St.) um það, hvað samsteypan er óheppileg; jeg eyði ekki orðum að því. Um það eru skiptar skoðanir, en það er einsætt, að þegar gagnfræðastofnunin er komin með lögum á landssjóðinn, þá eru dyrnar opnaðar fyrir sihækkandi fjárkröfum. Úr því það gat ekki lánast, að Flensborgarskólanum yrði snúið upp í kennaraskóla, þá er farsælla, að þessi »privat«-stofnun haldi áfram, og segjum með auknum styrk í bili, svo hún geti komið að sem mestu gagni, en haldi áfram, að vera »privat«-stofnun, bara *styrkt* af landssjóði, en ekki hvílandi á landssjóði. Gjörum Flensborgar gagnfræðaskólann betur úr garði með þessum 8,000 kr. framlögum til húsabygginga þar, sem Hafnfirðingar hafa sem þrauta-tillögu. Það er auka-kostnaður við það, að leggja ekki út í samsteypuna, en þar kemur aptur á móti, að það liggur fyrir boð frá bæjarstjórninni hjer þess efnis, að hún greiði árlega kennslukaup fyrir tvo æfingabekki, sem má gjöra 800 krónur á ári, og það vegur margfaldlega á móti þessu framlagi í eitt skipti fyrir öll, svo að það verður til frambúðar mun ódýrara, að reisa skólann hjer.

Því var haldið fram við 2. umr., að málið mundi verða drepið í Ed., ef Nd. ekki gengi inn á, að hafa skólann í Hafnarfirði. Jeg trúi því ekki, fyr en jeg sje það eða heyri. Það er enn þá tími til þess, að koma því í sameinað þing, og þá verður þó kennaraskólinn að líkindum samþykktur annað hvort hjer eða í Hafnarfirði. Maður verður að halda hverju máli fram eins og maður veit rjettast, og það höfum við gjört og gjörum með rökum og góðu hófi. Allar ásakanir um ofur-kapp og óbilgirni liggja mjer því í ljettu rúmi, þær eru svo gjörsamlega staðlausar. Og jeg verð að segja það, að ef ræðu hins háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kemur orðrjett fyrir almenningssjónir, þá held jeg, að hún verði eitthvert bezta sönnunargagnið í þessu máli. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Heyr!)

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg játa, að jeg stend nauðugur upp, til þess að mótmæla staðhæfinga-fimbulfambi hins háttv. þingm. V.-Sk. (Guðl. G.), því allt hans mikla tal um menntunar-fimbulfamb var ekki annað en staðhæfinga-

fimbulfamb. Hann byrjaði á því, að Reykjavík væri ótækur staður til þess að hafa á kennaraskólann, og vitnaði í hinn almenna menntaskóla, sem hann sagði að væri skaðræði og hneyxli fyrir þetta land. En þetta er engin sönnun fyrir því, að kennaraskólinn verði það líka. Það er kennurunum að kenna, en ekki skólastaðnum, hvernig einn skóli er; jeg er sannfærður um, að þó hinn almenni menntaskóli væri fluttur burt úr Reykjavík, þessari spillingarinnar Sódóma(!), þá yrði hann ekki hóti betri fyrir það, með sömu stjórn og sömu kennurum, sömu lærisveinum og sömu »traditión«.

Jeg sagði, að það væri kennurunum að kenna, hvernig skólinn væri; en það er þó ekki alveg víst, að það sje þeim að kenna *eingöngu*. Það getur átt rót sína að rekja til heimilanna líka, þar sem undirstaðan er lögð undir siðgæði nemendanna, og þá er það náttúrlega hart, að kenna skólanum um það eingöngu, þó einhverjir námssveinar líði skipbrot.

Það var eitt í ræðu hans, að tímakennslan við barnaskólann væri athvarf fyrir þá, sem væru »havareraðir« á menntabrautinni. Hinn háttv. þm. Borgf. (Þórh. B,) vísaði því á bug, og jeg get sagt honum það, að tímakennarar við barnaskólann eru margir góðir og merkir menn. Jeg skal t. d. benda á hinn háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), sem jeg vona, að þingm. ekki telji meðal þeirra »havareruðu«.

Hann fór enn fremur mörgum orðum um prestaskólann, en þess hefði hann ekki þurft, því það er ekki nema eðlilegt, að ástandið þar verði líkt og í latínuskólanum, fyrst allir prestaskólanámsmennirnir koma beint frá honum. En hann minntist ekki á það, sem rjett var að minnast á í þessu sambandi, nefnilega stýrimannaskólann. Á þann skóla ganga hálffullorðnir menn, sem eru að búa sig undir vissa stöðu, og það er einmitt sama að segja um kennaraskólann; að sami andi komi til að ríkja í kennaraskólanum eins og nú í hinum almenna menntaskóla, það er bara staðhæfing, sem hann þó færði engin rök fyrir, og ekki einu sinni nokkrar líkur til.

Hann sagði, að ræða sín á síðasta þingi hefði verið misskilin og menn hefðu lifað hátt á því. Það væri ekki drykkjuskapur eða — jeg held að hann hafi nefnt það sínu rjetta nafni — kvennafar, heldur slæpingsskapurinn, sem væri skólans átumein. Og hann líkti Reykjavík við Sódóma; en ef jeg man rjett þær heilögu sagnir um þá borg, þá var það ekki slæpingsskapurinn sem þar kvað mest að, heldur lestir þeir og ódyggðir, sem nú kveður einna mest að í hinum spiltustu borgum heimsins.

Jeg vil ekki vera að eyða tímanum lengur; jeg veit, að það hefur enga þýðingu. En mjer gremst það, að jafnskýr maður, og hinn háttv. þm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) skuli eyða sínum tíma og sinni mælsku á þennan hátt. Hann má vita það, að það hefalls engin góð áhrif og verkar í alveg öfuga átt; þeim eykst ásmegin við svona lagaða mótspyrnu, sem er þetta áhugamál.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skapt.): Jeg stóð upp í meinleysi áðan til þess að gjöra grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, og svo hafa tveir háttv. þingm. fyllst heilagri gremju út af orðum mínum. Það var ekki tilgangur minn, að fara að beita hjer í fastri alvöru nokkrum verulega beittum vopnum. Jeg sagði eitthvað af

því, sem vjek að misskilningnum á ræðu minni 1903, í hálfkæringi, eins og þeir heyrðu, en ef þeir vilja hafa nokkur orð í alvöru, þá geta þeir sjálfsagt fengið að heyra þau við tækifæri.

Það sem hin háttv. framsögumaður kallaði staðhæfingafimbulfamb, það sannaði hann sjálfur með ummælum sínum um hinn almenna menntaskóla; því að jeg leitaði ekki að sökum; jeg benti að eins á, að svona væri það, og því mótmælti hann ekki. En hann leitaði að orsökunum; hann sagði, að það væri kennurunum að kenna, en ekki skólastaðnum. En jeg get sagt honum það, að það eru margir hjer utan skólans, sem bera engu minni ábyrgð á því hvernig ástandið í latínuskólanum er, en kennarar og piltar; og það er engin »garanti« fyrir því, að þeir hinir sömu ekki komi til að hafa lík áhrif á kennaraskólann.

Þetta sem jeg minntist á um tímakennsluna í barnaskólanum, sagði jeg ekki sem mín eigin orð, heldur gat jeg þess, að mjer hefði verið sagt það af skilríkum borgara hjer í bænum. En það útilokar heldur engan veginn, að heiðvirðir menn kunni að finnast innan um.

Nei, af þeim tveimur stofnunum, prestaskólanum og menntaskólanum, sem sjerstaklega eiga að búa menn undir andleg störf, höfum við því miður ekki góða reynslu. Jeg vitnaði ekki í stýrimannaskólann, af því að sá skóli er allt annars eðlis.

Það er skóla-»traditiónin« sem ekki er góð hjer í Rvk., og hún getur smitað. Þetta að telja sig menn, sem ekkert þurfi að læra og engum að lúta, þetta getur færzt yfir á kennaraskólann og borizt frá honum út um sveitirnar. Jeg greiði atkv. mitt á móti frumv. eins og það nú liggur fyrir, og jeg skoða það sem ófyrirsynju kapp að halda því til streitu að hafa skólann hjer, þar sem hægt er að hafa hann í sambandi við annan skóla, sem hefur góða »traditión«, og engin ástæða er til að óttast, að ekki geti verið í góðu lagi.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jóhannes Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Jón Jónsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Andrjess.,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Stef. Stef., þm. Skgt.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Stef, Stefánsson, (2. þm. Eyf.) ekki viðstaddur.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst kom frumv. til einnar umr. (A 584, 594.)

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er hvorttveggja, að frumv. þetta, eins og það fór frá þessari deild, stóð á föstum fótum, þar sem það var samþ. með 11 shlj. atkv. hjer í deildinni, enda kemur það sjer betur fyrir mig, að þurfa ekki að halda uppi langri vörn fyrir það, þar sem jeg hef orðið að vaka síðastliðna nótt, til að sinna öðrum störfum, en úr því að jeg er framsm. þessa máls, þá vil

jeg leyfa mjer með fáum orðum að gjöra grein fyrir breytingum þeim, sem gjörðar hafa verið af oss nefndarmönnum á frumv. hjer í deildinni, eptir að það kom frá háttv. Nd.

Háttv. Nd. hefur gjört þá aðalbreytingu á þessu frumv., síðan það var afgreitt úr vorri deild, að hún vill hafa kennaraskólann í Reykjavík, og þá auðvitað ekki láta hann standa í neinu sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Aðalbreyting nefndarinnar hjer er þess vegna fólgin í því, að frumv. sje fært aptur í þann búning, sem það hafði, þegar það fór frá þessari deild, þó með nokkrum breytingum til samkomulags, sem jeg nú skal stuttlega gjöra grein fyrir.

Fyrsta breyt.till. vor nefndarmanna er sú, að setja inn í frumv. aptur sambandið milli gagnfræðaskólans í Flensborg í Hafnarfirði og kennaraskólans, en þó hefur jafnframt sú breyting verið gjörð á frumv. frá því, sem það var samþ. hjer í deildinni síðast, að vjer höfum hækkað tillagið til húsabóta og áhalda um 2,000 kr., með því að það kom fram nokkur efi í háttv. Nd. um það, hvort sú upphæð, sem Ed. hafði farið fram á í þessu skyni, væri nægileg.

Þá fer önnur breyt.till. fram á það, að setja 2. gr. frv. aptur í sama horf, eins og hún hafði verið samþ. hjer áður í deildinni; mun þessi gr. vera að mestu leyti orðuð eins og 2. gr. frumv. frá Nd., nema að því leyti að vjer höfum fært heimavistatöluna úr 24 upp í 35, að því viðbættu, að nemendur kennaraskólans hafi forgangsrjett að þeim; sú viðbót kemur eðlilega ekki til greina í frumv. háttv. Nd., þar sem kennaraskólinn er þar ekki settur í samband við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Þá fer 3. breyt.till. vor fram á, að burtfararpróf úr gagnfræðaskólanum í Flensborg veiti rjett til inntöku í kennaraskólann. Þessu ákvæði var nokkuð öðru vísi fyrir komið áður, og föllumst vjer á breytingu þá, sem háttv. Nd. hefur gjört viðvíkjandi þessu atriði, nfl., að inntökuskilyrðin skulu ákveðin í reglugjörð skólans. Þá höfum vjer einnig tekið upp þá breytingu háttv. Nd., að farkennurum og barnaskólakennurum skuli heimilt fyrst um sinn, að ljúka sjer af á einum vetri eða skemmri tíma, allt að 2 mánuðum, samkv. þeim reglum, er stjórnarráðið setur.

Þá kem jeg að 4. breyt.till. vorri um launin. Vjer finnum eigi ástæðu til að fara eins hátt og háttv. Nd. í þessu atriði, og vil jeg í þessu tilliti skirskota til umræðanna um málið hjer í deildinni síðast. Vjer höfum eigi hreyft við launum þeim, sem ætluð eru 3. kennara í 5. gr. frumv. Nd. á þgskj. 584, þar sem vjer álítum þau eigi of hátt ákveðin; en að því er laun forstöðumanns skólans snertir, þá getur meiri hluti nefndarinnar ekki betur sjeð, en að 2,500 kr. sjeu nægileg árslaun, þar sem honum auk þess er ætlaður leigulaus bústaður í skólahúsinu, en vinnutíminn ekki lengri en $7^1/_2$ mánuður, og þar frá dragast hin vanalegu skólaleyfi.

Launum 2. kennara höfum við ekki hróflað við, og höfum vjer áætlað þau 2,000 kr. eins og farið er fram á í frumv. háttv. Nd., og álítum vjer, að ekki sje, eptir atvikum, klípandi af þeirri upphæð.

5. breyt.till., nefnilega, að í stað »skólans« komi »hins sameinaða skóla«, leiðir af sjálfu sjer, og sömuleiðis breytingin á fyrirsögninni, þar sem frumv. er fært aptur í sama horf eins og það

var samþykkt hjer í deildinni, nefnilega, að kennaraskólinn skuli standa í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði.

6. breyt.till. leiðir af þeim breytingum, sem vjer höfum gjört við frumv. yfir höfuð.

Viðvíkjandi aðalbreytingunni, um staðinn, þá fer Nd., fram á, að kennaraskólinn skuli vera í Reykjavík sem sjerstakur skóli, án sambands við nokkurn annan skóla, og skal jeg eigi fjölyrða um þetta atriði, fyr en jeg heyri mótmæli hafin gegn þeirri breytingu, er vjer höfum gjört í þessu tilliti. Mál þetta hefur verið rætt allmikið áður á síðasta þingi, bæði í þessari deild og háttv. Nd., og virðist það því vera að bera í bakkafullan lækinn, að færa frekari ástæður fyrir því máli, sem flestir eru á eitt sáttir um hjer í deildinni.

Jeg býst við, að ef ekki fæst samkomulag um málið í háttv. Nd., þá muni það komast í sameinað þing, og það verður því hið rjetta »forum« fyrir nefndir beggja deilda til að leiða saman hesta sína um þetta aðalágreiningsefni, Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið, að svo stöddu. fyr en jeg heyri andmælum hreyft gegn því.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal fyrst leyfa mjer, að taka það fram, að mjer finnst eins og nokkurs konar óheillastjarna hafi svifið yfir þessu máli frá því það kom inn á þingið. Jeg skal ennfremur geta þess, að dráttur sá, sem orðið hefur á málinu í þessari deild, er ekki nefndinni að kenna. Við urðum að fá ákveðin svör frá bæjarstjórn Reykjavíkur um það, hvað hún vildi leggja til þessa máls. Við urðum að bíða meir en hálfan mánuð eptir svari hennar. Það mun hafa verið um 21. júlí, sem vjer fengum svarið; 27. júlí var nefndarálitið samið; svo var málið afgreitt hjeðan til Nd. 4. ágúst; 7. ágúst var skipuð nefnd í það í háttv. Nd.; sú nefnd hjelt málinu til 19. ágúst eða alls 12 daga, og gjöri jeg ráð fyrir, að þessi dráttur hafi stafað af því, að fjárlögin voru um það leyti til umr. í Nd., og tími nefndarinnar þess vegna nokkuð bundinn; jeg geng að því vísu, að það hafi verið af þessari ástæðu, en ekki af því, að háttv. nefnd þar hafi viljað setja oss hjer í deildinni stólinn fyrir dyrnar, með því að láta málið koma svo seint hingað, að vjer yrðum annaðhvort að ganga að frumv. eins og það er eða láta það daga uppi. Jeg vil ekki geta þess til, enda fær nú nefndin í háttv. Nd. bráðum tækifæri til að sýna, hvort hún vill sinna þessu máli og greiða götu þess sem bezt, enda er nægur tími til þess enn þá að afgreiða málið í sameinuðu þingi; vjer munum halda okkar stryki í þessu máli hjer eptir eins og hingað til, að því er aðalágreiningsatriðið snertir. Það er auðsjeð, að eigi muni nást samkomulag milli deildanna um það, hvar skólinn eigi að standa, og að tillaga okkar eigi muni verða samþykkt í háttv. Nd.

Jeg skal því næst leyfa mjer að minnast lítið eitt á kostnaðarhlið málsins. Í nefndaráliti Nd. er það tekið fram, að kostnaðaráætlun þessarar deildar standi á svo veikum fótum, að ekki sje á henni byggjandi, og að »planið« sje óhafandi.

Hið eina, sem þeir hafa getað fundið að þessu »plani« er það, að einni tröppu sje óhentuglega fyrir komið, en þetta ætti að vera hægt að laga án nokkurs verulegs aukakostnaðar, og er þessi aðfinnsla því ekki á neinum rökum byggð; annars eru herbergin stór og góð, og ekkert út á birtuna að setja, og »kúbíkrúm« herbergjanna fullkomlega

nægilegt; þetta játaði nefndin í Nd. á fundi, sem hún hjelt með vorri nefnd; samt höfum við, eins og háttv. framsm. tók fram, lagt til, að upphæðin til áhalda og húsabóta sje hækkuð um 2,000 kr., og höfum við gjört það í þeirri von, að búa mætti til kjallara undir húsið eða nokkuð af því. Það hefur verið fundið að því, að við höfum ekki ætlað fyrir nægu geymslurúmi eptir teikningu okkar, en til þess er að svara, að all-stórt pakkhús fylgir skólaeigninni, sem nota má til geymslu, en hins vegar vildum við þó til samkomulags bæta við þessar 2,000 kr. upphæð, með því að við álítum heppilegt, að hafa einnig kjallara undir húsinu.

Jeg hef lauslega athugað »plan« það, sem háttv. Nd. lagði fram frá snikkara Magnúsi Blöndal, og er það við það að athuga, að íbúð sú, sem forstöðumanni skólans er ætluð, er ekki nema 3 smá herbergi, og lítið eldhús, og er það ekki stærri íbúð, en ætla mætti dyraverði.

Þetta er gjörsamlega ónóg íbúð fyrir forstöðumann skólans, þar sem ganga má að því vísu, að hann verði fjölskyldumaður. Ef þetta atriði er borið saman við teikninguna frá Jóhannesi Reykdal, þá er stór munur á þessum 2 teikningum, því að á teikningu Reykdals er gólfflöturinn 19×20 og 6 herbergi auk eldhúss og gangs gegnum allt húsið. Það mætti kannske jafnvel taka frá forstöðumanni skólans pláss til þess að laga þessa tröppu, sem nefndin í Nd. var að finna svo mikið að á teikningu okkar. Jeg hef hjer fyrir framan mig til sýnis báðar teikningarnar, til sannindamerkis um það, hvort það er ekki satt, sem jeg segi. Jeg heyrði, að einn háttv. þm. úr Nd. tók fram í fyrir mjer, og sagði, að það væri ein stofa niðri í húsinu, er forstöðumaður gæti notað, en jeg sje þar ekki annað en sameiginlega kennarastofu, en hvað sem því líður, þá er það mjög ónóg íbúð, sem forstöðumanni skólans er ætluð.

Þá er það eitt, að ekkert sjerstakt leikfimishús er ætlað þessum skóla hjer, heldur ætlazt til að hann noti leikfimishús latínuskólans. Hver maður, sem til þekkir, veit hve óhollt það er fyrir tvo skóla að hafa slíkt hús í samlögum.

Jeg vil þá lítið eitt drepa á eina mótbáru, sem kom fram í Nd. Það þótti óhæfa, að sameina gagnfræðaskólann og kennaraskólann, og að hafa gagnfræðaskólann sem undirbúning undir kennaraskóla; þó játar nefndin þar, að það eigi sjer víða stað annarsstaðar, að undirbúningsbekkir sjeu undir kennaraskóla. Eptir reglugjörð Flensborgarskólans eru allar sömu greinar kenndar í gagnfræðadeildinni og í kennaradeildinni, að ensku undanskilinni; en þess ber að gæta, að eptir gjafabrjefinu hefur hæstv. ráðh. vald til að breyta reglugjörð gagnfræðaskólans eptir þörfum kennaraskólans. Ef menn vilja láta kenna ensku líka, þá er ekkert á móti því, að menn geti lært hana aukreitis, en ekki sem skyldunámsgrein. Það mætti því laga gagnfræðadeildina svo, að hún yrði undirbúningur undir kennaraskólann og yrði með því komið á sama fyrirkomulagi og í öðrum löndum. Jeg vil spyrja, hvort ekki sje betra fyrir menn, sem koma ofan úr sveitum til kennaranáms og ekki hafa gengið í skóla áður, heldur að eins notið heimafræðslu, að fá fyrst þann undirbúning, sem gagnfræðaskólinn getur veitt, til þess að geta notið betur kennarafræðslunnar á eptir. Það er ekki nóg að koma til skólans og taka inntökupróf án þess að þekkja

sjálfa skólavistina af eigin reynslu. Grundvöllurinn undir að verða góður kennari er það, að hafa setið sjálfur á skólabekkjunum og lært þær kennslugreinar, sem menn síðar eiga að kenna. Þessi staða er sömu lögum háð og allar aðrar stöður í lífinu. Til þess að geta sagt vel fyrir verkum, þarf maður sjálfur að hafa æft verkið og kunna að framkvæma það. Jeg vona, að vjer hjer í deildinni höldum fast við okkar stefnu, þrátt fyrir það þó að meiri hluti Nd. sje á móti; jeg þykist viss um, að stór minni hluti úr þeirri deild muni styðja okkur í sameinuðu þingi. Þegar nú meiri hluti þingsins, jeg held $^2/_3$ hlutar þess, vilja heldur hafa skólann í Flensborg, því skyldum við þá láta kúga okkur til að breyta á móti sannfæringu okkar. Það er mín fasta sannfæring, að betra sje að hafa skólann í Hafnarfirði. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta að sinni, en vona, að enginn hafi skipt um skoðun síðan síðast.

Framsögumaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi gjöra viðvíkjandi húsáætluninni. Í hitt eð fyrra var kostnaðurinn áætlaður 55 þús. kr. með 35 heimavistum. Á stjórnarfrv. er hann færður niður í 40 þús. kr. og heimavistunum fækkað ofan í 24. Nú hefur kostnaðaráætlunin verið færð niður í 38 þús. kr. með 24 heimavistum. Hafa nú þeir menn, sem áætla þessar 38 þús. kr., gefið nokkur skuldbindandi boð? Nei, það hafa þeir ekki gjört og því verður að skoða, að þessi upphæð standi hjer að nokkru leyti út í bláinn. Oss er kunnugt um, sjerstaklega Reykvíkingum, að þesskonar áætlanir eru ekki alltaf rjettar. Menn verða opt að kosta til meiru en fjórðungi verðs fram yfir áætlanir eða meira til að fá hús sín svo mönnum líki. Hjer liggur ekkert bindandi tilboð fyrir um að koma húsinu upp fyrir 38 þús kr., og er sú áætlun því alveg út í bláinn. En á hinn bóginn er á vísan að róa með tilboðið frá Jóhannesi Reykdal. Að það sje betra, að hafa skólann í Hafnarfirði en í Reykjavík, er einróma álit allra hjer í deildinni, sem um það hafa talað, nema eins manns. Bæði vegna hlunninda þeirra að hafa þar gagnfræðaskóla og svo ekki hvað þýðingarminnst, að nemendur skólans geti verið á þeim stað, sem þeim er sízt hætta búin í siðferðislegu tilliti. Þó menn ef til vill gjöri skop að því, þá er það samt satt, að hjer í Reykjavík er ekki hollt líf fyrir æskulýðinn. Sum þau »súbjekt«, sem komið hafa hjer frá skólanum á síðustu árum, eru talandi vottur um, að jeg segi satt. Jeg veit ekki betur, en að talsverður meiri hluti þings sje með því, að hafa kennaraskólann heldur í Hafnarfirði; hjer í deildinni eru 11 með Hafnarfirði og í Nd. aðrir 11 og að líkindum 2—3 í viðbót í sameinuðu þingi. Það verður til samans 24—25.

Ef Nd. færi að bera oss hjer í deildinni á brýn þráa í þessu máli, þá held jeg, að það mætti með meiri rjetti snúa þeim áburði gegn þeirri háttv. deild.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Út af orðum hins háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) skal jeg leyfa mjer að koma fram með nokkrar upplýsingar.

Jeg spurði í morgun háttv. nefndarmenn í Nd., hvaða trygging væri fyrir því, að húsinu yrði komið upp fyrir hina áætluðu upphæð, en hún er ekki 38,000 kr., heldur 34,000 kr. Þeir sögðu mjer, að Magnús Blöndal byðist til að smíða húsið fyrir þetta. Jeg bað þá að sýna mjer einhver skilríki fyrir því, en fjekk ekki nema teikn-

ingarnar; þeir sögðu mjer, að brjef hefði fylgt með, og mjer dettur ekki í hug að rengja þá um það. En setjum nú, að hann vildi byggja fyrir 34 þús. kr. jafn stórt hús og Jóhannes Reykdal vill byggja fyrir 24 þús. kr., finnst mjer að of mikið sje, að gefa 10 þús. kr. fyrir kjallarann, sem á að verða undir Magnúsar húsi.

Jeg gleymdi áðan, að minnast á eitt atriði, sem er dálítið einkennilegt í nefndaráliti Nd. Þar segir, að búast megi við, að mestur hluti kennara verði innfæddir Reykvíkingar. Jeg held, að meiningin sje sú, að mestur hluti kennara í Reykjavík muni verða Reykvíkingar, en þessi setning er tvíræð, því það má líka skilja hana svo, að mestur hluti kennara *landsins* muni verða Reykvíkingar, og það er jeg einmitt hræddur um, ef skólinn verður í Reykjavík. Það er eðlilegt, að svo verði, því Reykvíkingum er gjört miklu hægra fyrir, að sækja skólann en öðrum, ef hann verður í Reykjavík. Jeg held nú samt, að það yrði ekki heppilegt, ef Reykvíkingar fengi nokkurs konar einkarjett til kennarastöðu til sveita. Það mun reynast hollara fyrir sveitirnar, að fá í kennarastöðuna menn, sem eru uppaldir í sveit og eru vanir sveitarlífi, heldur en menn, sem hafa gengið hjer á mölinni.

Einn af þeim mönnum í Nd., sem sátu í fræðslumálanefnd Nd., hefur játað það fyrir mjer, að hann vildi heldur senda son sinn í kennaraskóla í Flensborg, en í Reykjavík, og það hygg jeg að sje almennt álit manna út um land. Samt hefur þessi sami þingmaður ritað undir álit meiri hluta nefndarinnar í Nd., sem vill setja skólann í Reykjavík. Þetta er mjer óskiljanlegt. Jeg held, að skólinn eigi fyrir allra hluta sakir að vera heldur í Hafnarfirði. En ef menn vilja veita Reykvíkingum eins konar »privilegium« til barnafræðslu, jæja þá! í herrans nafni, þá er bezt að gjöra það!

ATKVGR.: 1. breyt.till. (594) við 1. gr. samþ. með 11 : 2 atkv.

2. breyt.till. (594) við 2. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (594) við 3. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (594) við 5. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (594) við 6. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

6. breyt.till. (594) við 7. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

7. breyt.till. (594) við fyrirsögn frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni svo breytt samþ. og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A. 623, 628).

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm, Skgf.): Hin háttv. Ed. hefur brugðizt vonum mínum, að ganga að frumv. óbreyttu eða lítið breyttu frá því, sem það var samþ. hjer í deildinni. Hún hefur sett það í sama horf og hún skildi við það síðast.

Nefndin getur ekki fallizt á málið nú heldur en áður, og leggur þess vegna til, að frumv. sje samþ, eins og það var samþ. síðast hjer í deildinni. Aðaldeiluefnið er það, hvort skólinn skuli vera í Reykjavík sem sjerstakur skóli, eða í Hafnarfirði í sambandi við Flensborgarskólann. Nefndin heldur því enn fram, að hann eigi að vera í Reykjavík. En jeg tek það skýrt fram, að það er ekki skólastaðurinn, heldur sambandið við Flensborgarskólann, sem nefndin gjörir að kappsmáli.

Það er kastað upp á landssjóð þungri byrði, þar sem Flensborgarskólinn er,

og það að óþörfu. Þetta getur nefndin ekki fallizt á. En jeg ætla ekki að vera að tala lengur um þetta mál. Jeg veit að það er ekki til neins, því að menn eru fyrir löngu orðnir ákveðnir í því, hvernig þeir greiða atkvæði sín. Ef frv. verður nú samþ. aptur eins og það var síðast, þá kemur málið í sameinað þing, og þá er kannske nokkur von um, að það nái framgangi.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mjer virðist koma fram talsverður þrái og frekja í þessu máli af hálfu þeirra manna, sem skólastaðinn vilja hafa í Reykjavík. Það hafa verið greidd alls 23 atkvæði í báðum deildum, með Hafnarfirði. Það er því fyrirsjáanlegt, að þeir, sem halda Reykjavík fram sem skólastað, verði í minna hluta í sameinuðu þingi, þótt þeir sjeu í meiri hluta hjer í deildinni. Þeir vilja kúga meiri hlutann, og þessir menn hafa alla ábyrgð á málinu, ef það eyðileggst. Jeg efast ekki um, að þau atkvæði, sem verið hafa á móti, verði nú á móti, og jeg get ekki ætlað, eins og háttv. framsm., að háttv. þm. sjeu þær hræriþvörur, að sameinað þing fallist á tillögur hinna hv. nefndar og meiri hluta hjer í deildinni.

Það er aðallega þetta, sem jeg vildi sagt hafa, að mjer virðist kenna óviðurkvæmlegs þráa og kapps að tefla málinu í voða hjá þeim mönnum, sem halda fram Reykjavík. Jeg hef áður tekið það fram, að það er beint skilyrði fyrir mínu atkvæði, að Hafnarfjörður sje skólastaðurinn.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg verð að lýsa þau orð háttv. þm. V.-Sk, (Guðl. G.) ósannindi, að jeg hafi nokkurntíma búizt við hræriþvöruskap af þingmönnum, þó að jeg hafi sagt, að jeg byggist við, að tillögur nefndarinnar væru samþykktar í sameinuðu þingi. Það voru ýmsir þingmenn, sem greiddu atkvæði móti breyt.till., af því að þeir voru hræddir um, að þær yrðu málinu til falls. Jeg tel víst, að jeg sje skoðunum manna á þessu máli miklu kunnugri en hann, og vísa jeg því þessum ummælum hans algjörlega á bug.

Og þar sem hann var að tala um þráa og stífni af vorri hálfu, þá kemur það af því, að vjer erum ekki hræriþvörur; það er enginn þrái, þó að vjer höldum til streitu vorum skóðunum, eins og hann og hans sinnar halda fram þeirra skoðunum. Vjer lítum svo á, að það sje betra, að skólinn komist ekki á á þessu fjárhagstímabili, heldur en að hann komist á svo lagaður, sem hann vill hafa hann. Vjer getum því ekki fyr en í fulla hnefana unað við, að samþykkt Ed. standi.

ATKVGR.: 1. *breyt.till.* (628) við fyrirsögn frumv, samþ, með 14 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Jón Jónsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Andrjess.,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Ólafsson,	Stef. Stef., þm. Eyf.,
Ólafur Thorlacius,	
Stef. Stef., þm. Skf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Pjetur Jónsson var ekki viðstaddur.

1.—5. breyt.till. (628) samþ. með 14 atkv.

5.—8. breyt.till. (628) samþ. með 14 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 14 atkv. gegn 8, og afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Á 5. fundi Sþ., þriðjudaginn 29. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A 641, 642, 653).

Forseti bar undir atkvæði deildarinnar, hvort breyt.till. á þskj. 653 mætti koma til umr. og atkvæða, þó henni hefði verið útbýtt meðan á fundinum stóð. Það var samþykkt með 29 atkv. og leyft af ráðherra.

Jón Jakobsson, (þm. Húnv.): Það er orðið áliðið tímans og ýmsir háttv. þm. eru nú ferðbúnir að stiga á skipsfjöl eða hestbak, svo að jeg ætla ekki að lengja umræðurnar, enda er það þýðingarlítið, því að svo mikið hefur verið um þetta mál talað.

Þetta frumv. hefur verið 4 ára þrætuepli milli deildanna; það gekk í gegnum að minnsta kosti 3 umr. í hvorri deild á síðasta þingi, nú er búið að ræða það við 4 umr. í hvorri deild, og er það nú loks komið í sameinað þing.

Háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) gat þess í ræðu sinni, viðvíkjandi fyrsta málinu á dagskránni, að í því hefði verið sýnd mikil stifni og kenndi Ed. um, en það er ekki vanalegt að tala um stifni hjá meiri hluta, og jeg hygg, að meiri hluti þingsins hallist að frumv. eins og það var samþ. í Ed., því það er »absolut majoritet« þingsins fyrir málinu í því formi eins og það liggur fyrir frá Ed.; því að jeg geng út frá því, að bæta megi þeim 10 atkv., sem eigi voru með Nd. frumv., við þau 12 atkv. úr Ed., sem hinum sameinaða skóla eru vís.

Jeg ætla ekki að tala um þau einstöku atriði, því að það væri bara endurtekning á því, sem búið er að margræða heldur einungis minnast á breyt.till. á þskj. 653, og vil jeg þá geta þess, að jeg get ekki greitt atkv. með henni; því þó að hún sje miðlunartillaga, þá eru þó, ef hún verður samþ., 2 atriði, sem missast úr frumv. Ed., en þau eru að mínu áliti til mikilla bóta og því eptirsjá í þeim. Þessi 2 atriði eru fjárhagslegs eðlis og kennslulegs eðlis. Ef borinn er saman árskostnaður, sem háttv. Nd. hefur gjört ráð fyrir, við árskostnað við hinn sameinaða skóla, þá er árlegur kennslukostnaður við hinn fyrirhugaða kennaraskóla í Reykjavík 5,900 kr., en við fyrirhugaðan kennaraskóla og gagnfræðaskóla í Flensborg er hann samtals 7,300 kr.; hjer verður því munurinn aðeins 1,400 kr. á árlegum kennslukostnaði við kennaraskólann einn í Reykjavík og hina tvo sameinuðu skóla í Hafnarfirði, en þar sem nú eru árlega veittar 3,000 kr. á fjárlögunum til gagnfræðaskólans, þá er hjer um 1,600 kr. sparnað að ræða með því fyrirkomulagi, sem Ed. fer fram á, og er þó enn ótalið sjerstakt leikfimishús, sem ekki stendur á áætlun Reykjavíkur skólans.

Það, sem menn einkanlega verða að athuga, er það, að þar sem aðsóknin verður meiri ár frá ári að gagnfræðaskólanum í Flensborg, þá dugar ekki að skera við neglur sjer fjárframlag til hans, og það er háttv. þingmönnum kunnugt, að ef frumv. Ed. ekki verður samþ., þá koma fjárbeiðnir frá gagnfræðaskólanum, sem nema 5,000 kr. til þess að bæta skólahúsið, og þeim *verður* að sinna.

Hitt atriðið er kennslulegs eðlis. Það er að minni hyggju ekki rjett, að ípyngja mönnum, sem ætla sjer að verða kennarar í sveitum með 3 ára skyldunámi á skólanum, þar sem svo lítil laun og ljeleg lífsstaða er í aðra hönd. Ed. hefur heldur eigi farið svo langt, þar sem hún hefur talið 2 ára skyldunám nægja, en hinsvegar lagt til, að hentugur undirbúningur fáist á gagnfræðaskólanum sjálfum. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um málið, enda er öll framsaga nú á enda, þar sem málið er komið í sameinað þing.

Guðlaugur Guðmundsson, (þm. V.-Sk.): Jeg á hjer litla breyt.till. og það er rjett athugað hjá háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), að hún er fram komin til þess að gjöra tilraunir til samkomulags. Það mun vera fyrirsjáanlegt, að frumv. falli eins og það stendur nú, hvort sem það verður frumv. óbreytt eða með breytingunum á þskj. 642, sem undir atkv. kemur. Jeg hef leyft mjer að koma fram með þessa breyt.-till. af því, að háttv. Nd. hefur lýst því yfir, að hún mundi styðja hana.

Kennaraskólamálið er mikilsvarðandi mál og sjálfsagt að gjöra allt til að bjarga því frá falli. Jeg legg ekki neitt kapp á, að þessi tillaga mín nái fram að ganga, en jeg er eindregið á móti frumv., eins og það kom frá háttv. Nd., ef þessi breyt.till. mín fellur. Jeg gjöri ráð fyrir, að hæstv. forseti beri fyrst upp þessa till. Falli þessi till., mun jeg greiða atkv, með þeim breyt.-till., sem fram eru komnar, og svo með málinu, ef þær ná samþ.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um till., jeg vona, að háttv. þm. skilji, hvað í henni liggur.

Stefán Stefánsson, (2. þm. Skgf.): Jeg vil lýsa því yfir eins og háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.), að jeg ætla ekki að lengja umr. Það hefur verið tekið fram, að stífni hafi verið sýnd í Nd. í þessu máli.

En mjer finnst það vera einkennilegt, að deildirnar skuli vera að bregða hvor annari um stífni, þó að tveimur ólíkum skoðunum sje haldið fram. Mjer finnst mjög eðlilegt, og með öllu sjálfsagt, að hver haldi því fram, sem honum finnst rjettast. Nú eru margir á þeirri skoðun, að ekki sje rjett, að steypa saman kennara- og gagnfræðaskólanum í Flensborg; líta svo á, að það sje heppilegast að hafa sjerstaka kennaraskólastofnun án nokkurs beins sambands við aðrar stofnanir.

Háttv. þm. Húnv. (J. Jak.) var að bera saman kostnaðinn við hinn sameinaða skóla og skólana sinn í hvoru lagi; það er ekki alltaf svo gott í umr. að átta sig á þess konar útreikningum, svo að hægt sje að »kritísera» hann, en jeg tel víst, að hann sje ekki sem allra rjettastur, eptir því, sem mjer hefur talizt til. Við 2. umr. þessa máls í Nd., kom jeg líka með reikningsdæmi, en útkoma mín sýndi það glögglega með tölum, að sameinaði skólinn væri dýrari heldur en sjerstakur skóli í Reykjavík og gagnfræðaskóli í Flensborg, jafnvel þó þingið veitti árlega allríflega til skólans í Flensborg og eitt skipti fyrir öll til búsabóta.

Mjer dettur ekki í hug, að fara að beita kappi í þessu máli; það er á valdi meiri hluta þingsins, hver úrslit verða, og á þeirra manna ábyrgð, sem greiða atkv. gegn málinu í heild sinni, að skólastofnun þessi ferst fyrir enn einu sinni. Út af þeirri nýju breyt.till., sem fram er komin, vil jeg geta þess, að jeg hef ekki og ætla ekki úr þessu, að gjöra það að kappsmáli. Fyrsta samkomulagstill. nefndarinnar í Nd. var sú; að stofna kennaraskóla í Flensborg, en leggja gagnfræðaskólann niður, en henni var hafnað. Nú er komin fram breyt.till.

um að hafa skólann í Hafnarfirði lausan við Flensborgarskólann, en ekki í Reykjavík.

Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að svo framarlega sem skólinn yrði ekki í Reykjavík, þá væri heldur engin ástæða til að hafa hann í Hafnarfirði, því að það væri ósamkvæmni í að flytja hann úr einum litlum kaupstað í annan minni; það væri þá miklu betra, að hafa hann uppi í sveit, með því og engu öðru verður til fulls sneitt hjá þessari líkamlegu og andlegu kaupstaðar spillingu, sem allt af er verið að tala um. En eins og jeg er búinn að taka fram, þá ætla jeg ekki að gjöra þetta atriði að neinu kappsmáli. Fyrir mjer er aðalatriðið, að góður skóli komist upp, og þess vegna mun jeg greiða atkv. með þessari till., ef það gæti orðið til þess, að góður kennaraskóli kæmist á á næsta fjárhagstímabili, sem landinu væri til gagns og sóma.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Breyt.-till. háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.), er komin fram í þeirri góðu meiningu, að bjarga þessu máli frá falli. Jeg tel þessa till. til bóta og mun því greiða henni atkv.; en þó með því skilyrði, að hún útiloki ekki breyt.till., sem er fram komin frá mjer og fleirum á þgskj. 642.

Jeg get ekki sjeð, að breyt.till. á þgskj. 653 þurfi að útiloka mína breyt.till., þó að hún verði samþ.

Jeg álít rjett, að breyt.till. á þgskj. 653 sje ekki borin upp öll í einu lagi, heldur að fyrri breytingin um, að skólinn skuli vera í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík, komi fyrst til atkv., og að síðari breytingin verði svo geymd þangað til búið er að greiða atkv. um breyt.-till. okkar á þgskj. 642. (Guðl Guðm: alveg rjett.) Það gleður mig, að háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. Guðm.) er mjer sammála um þetta.

Að því, er snertir ræðu háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.), þá skal jeg víkja nokkrum orðum að kostnaðarhliðinni. Jeg heyrði ekki kostnaðaráætlun hans við 2. umr. málsins í háttv. Nd., en jeg efast um, að það geti verið rjett hjá hinum háttv. þm., að kostnaður við kennaraskóla hjer í Reykjavík og gagnfræðaskóla í Flensborg geti orðið minni, en kostnaður sá, sem leiðir af fyrirkomulagi því, sem háttv. Ed. hefur samþ. Ef gagnfræðaskólinn í Flensborg á að standa, þá verður kostnaðurinn minni eptir frumv. háttv. Ed., því að það liggur í augum uppi, að það er sparnaður, að hafa skólana saman, heldur enn sinn í hvoru lagi. Nefndin í háttv. Nd. fann það að því »plani«, sem kostnaðaráætlunin um skólahúsið í Flensborg var byggð á, að ekki væri neitt geymslurúm, og að kjallara vantaði undir húsið. Við því liggur það svar, að til er allstórt pakkhús, sem fylgir Flensborgareigninni, svo að óþarft er að hafa kjallara. Samt höfum við álitið rjettara, að hafa kjallara undir nokkru af húsinu, og höfum í þeim notum og líka til að laga eina tröppu, sem var óheppilega sett, fært upp fjárveitinguna til skólahússbyggingar úr 24,000 kr. upp í 26,000 kr., eða sem er sama, hækkað stofnkostnaðinn um 2,000 kr.

Eptir áætlun okkar verður stofnkostnaðurinn þá alls 35 þús., og jeg held, að það sje ómögulegt, að hann fari fram úr því, því það liggur fyrir tilboð frá áreiðanlegum manni, um að taka húsbyggingar og viðgjörðir að sjer fyrir ákveðið verð. Eptir áætlun háttv. nefndar átti skólahúsið að kosta 34 þús. Jeg hef ekki sjeð það tilboð, sem þessi áætlun er gjörð eptir, heldur að eins teikningu skólahússins, en það er sagt, að það hafi legið fyrir tilboð frá »Völundi«, um að taka að sjer húsið

fyrir þetta verð. Áhöld og munir eiga að kosta 4 þús. Þá eru komnar 38 þús. Er þá ljóst, að stofnkostnaðurinn verður 3,000 kr. hærri í Reykjavík en Hafnarfirði. Þetta liggur mikið í því, að sje skólinn hafður í Hafnarfirði, þarf ekki mikið til áhaldakaupa, því að skólinn þar á svo mikið fyrir. En þar að auki er þetta »plan« nefndarinnar alveg ófullnægjandi; jeg álít ekki, að það sje mögulegt, að komast af með það. Því eins og hinn háttv. þm. Húnv. tók fram er ekki gjört ráð fyrir neinu leikfimishúsi; kennaraskólanum er ætlað sama leikfimishús og latínuskólanum. En það er ekki heppilegt, að tveir skólar noti sama leikfimishús. Jeg hygg því, að næsta þing mundi verða að veita fje til þess, að byggja slíkt hús handa kennaraskólanum.

Þar að auki er íbúð sú, sem skólastjóra er ætluð, að eins 3 herbergi með eldhúsi; því þó hann hafi kennarastofuna til afnota með öðrum kennurum skólans, þá getur það ekki heitið íbúð. Jeg held, að það yrði ekki komizt hjá því, að gjöra húsið stærra.

Eptir okkar áætlun, er auk íbúðar fyrir skólastjóra, einnig íbúð fyrir kennara, honum til aðstoðar. Það finnst hvergi í þeirra áætlun (St. St: Jú!) Ekki hef jeg fundið það.

Mjer finnst það liggja í augum uppi, að tveir skólar hljóti að verða ódýrari, ef þeir eru í sameiningu, heldur en ef þeir eru hvor í sínu lagi, og það mun ódýrari. Og þessi sannleikur gildir jafnt fyrir það, hvort kennaraskólinn er hjer sem sjerstakur skóli, eða í Hafnarfirði sem sjerstakur skóli,

Það er þá að eins spurningin, hvort ekki sje hægt að sameina þá, svo vel fari. Ef það væri ógjörningur, þá væri ekkert um að tala, þá yrðum við að bera kostnaðinn. En jeg held, að þetta sje mesti misskilningur; það þarf ekki að breyta mikið reglugjörð Flensborgarskólans, til þess að gjöra hann að undirbúningskóla undir kennaraskólann. Og það er á valdi ráðherra að breyta henni. Jeg tel það meira að segja mjög óheppilegt, að hafa engan undirbúningsskóla undir kennaraskólann. Menn koma í hann utan af landi alveg »rudes« og þekkja ekki minnstu vitund til skólalífs og sameiginlegrar kennslu. Þeim veitir örðugt að kenna öðrum, sem aldrei hafa sjálfir setið á skólabekkjunum. Menn verða að hafa fengið undirbúning áður en kennarafræðslan byrjar, og helzt í skóla, en ekki utan skóla. Jeg álít, að það sje heppilegt að sameina skólana; en mjer er það ekkert kappsmál, hvort báðar deildir gagnfræðaskólans, eða að eins önnur, verður undirbúningsdeild undir kennaraskólann. Það er alveg á valdi hins hæstv. ráðh.

Jeg get tekið undir það með háttv. 2. þm. Skgf. (St. St,), að mjer er sárt um þetta mál. Jeg álít það einhverja hina fyrstu landsnauðsyn, því að jeg tel það hina fyrstu undirstöðu undir barnafræðsluna, að vjer fáum sem fyrst kennaraskóla. Góðir kennarar eru hið fyrsta skilyrði fyrir góðri barnafræðslu. Þess vegna er mjer sárt um það. Jeg vona, að menn gjöri sjer ekki þessi ágreiningsatriði að svo miklu kappsmáli, hvað sem nú kann að verða ofan á, að þeir felli frumv. Þá sýna þeir, að þeim er ekki annt um málið; en það verður þá á þeirra ábyrgð, sem hindra, að það nái fram að ganga.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Breyt.till. frá háttv. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) er í fullu samræmi við vilja flestallra nefndarmannanna í þessu máli í Nd., og er komin fram af hvötum þeirra. Í Ed. er harðsnúinn flokkur, sem fella vill frumv., ef skólinn er ekki settur í Hafnarfirði,

og í Nd. er það ekki síður sótt fast af allmörgum, að grauta ekki kennaraskólanum saman við privatstofnun, sem bundin er af testamentisákvæðum og hefur sitt sjerstaka mark og mót. Báðir flokkar munu hafa atkvæðamagn til að fella frumv. í sameinuðu þingi, og þá er þetta eina úrræðið til að bjarga málinu, sem nú liggur fyrir í breyt.till. háttv. þingm. V.-Skaptf.

Vjer gjörum það verulega sáttaboð, að sleppa ágreiningi um skólastaðinn, þó að skoðun vor um það atriði sje söm og áður, en ætlumst svo til, að hinir falli frá því, sem oss er mest til ásteytingar. Þá fá báðir partar það fram, sem þeim þykir mestu skipta, og kennaraskólinn getur komizt á nú þegar, og það ætti að vera aðalatriðið.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg vil að eins gjöra örlitla athugasemd við orð háttv. 3. kgk. þingm. (B. M. Ó.). Hann sagði, að það væri mikill misskilningur, að þessir tveir skólar geti ekki verið í sambandi hvor við annan, og ljet þess getið, að hægt væri að breyta gagnfræðaskólanum svo, að hann yrði undirbúningsskóli undir kennaraskólann. En þetta er einmitt *stór misskilningur*, er sýnir, að háttv. þingm. hefur ekki gjört sjer ljóst ætlunarverk alþýðuskólans í Flensborg. Hann er, eins og opt hefur verið tekið fram, eingöngu til þess, að veita hálf-fullorðnum mönnum og fullorðnum nokkra almenna þekkingu, án nokkurs tillits til sjerstakrar stöðu eða lífsstarfs eptirleiðis. Þetta færist fyrir að miklu leyti, ef skólanum ætti að breyta í undirbúningsskóla undir kennaraskóla.

Út í kostnaðinn skal jeg ekki fara. Það var aðallega árlegi kostnaðurinn, sem jeg lagði áherzlu á; hann yrði minni, ef kennaraskólinn yrði ekki í sambandi við gagnfræðaskólann. Um stofnkostnað er ekki hægt að segja með neinni vissu, eins og jeg sýndi svo ljóslega fram á við 2. umr. þessa máls. Uppdráttur sá og áætlanir um byggingarkostnað í Hafnarfirði, er lágu fyrir nefndinni, voru með öllu óábyggilegar. Skólahús það, sem byggt yrði eptir þeim uppdrætti, yrði með öllu óhæfilegt sem skólahús. En skólahúsið hjer í Reykjavík á að vera mjög fullkomið, sniðið eptir því, sem nú tíðkast erlendis, og um það liggur fyrir ákveðið tilboð, sem hægt er að byggja á. Sami háttv. þingm. talaði um, að íbúð sú, er ætluð væri skólastjóra, væri lítil í Reykjavík, en þar sem skólastjórinn í Akureyrarskóla hefur sömu herbergjatölu til afnota, get jeg ekki skilið annað, en að þetta sje nægilegt. Þar að auki eru 2. kennra ætluð tvö stór herbergi og þeim mætti bæta við skólastjóra, því að það er naumast þörf á því, að skólastjóri hafi mann sjer til aðstoðar við umsjónina, að minnsta kosti er ekki meiri þörf á því við þennan skóla en Akureyrarskólann. Þar verður skólastjóri einn að hafa alla umsjónina á hendi, og eru þó heimavistir þar fleiri.

Forseti: Vegna þess, að ágreiningur er um, hvaða breyt.till. á að bera fyrst upp, þá tel jeg eðlilegast, að bera fyrst upp breyt.till. á þgskj. 653 og síðan breyt.till. á þgskj. 642.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 653 samþ. með 20 : 10 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 642 felld með 21 : 17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk. þessara þingm.: Ágústs Flygenrings, Þorgríms Þórðarsonar, Valtýs Guðmundssonar, Jóns Jakobssonar, Júlíusar Havsteens, Eggerts Pálssonar, Hermanns Jónassonar, Björns Kristjáns-

sonar og Skúla Thoroddsens, — og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	Guðm. Björnsson,
Árni Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Björn M. Ólsen,	Einar Þórðarson,
Guðj. Guðlaugsson,	Guðl. Guðmundss.,
Gutt. Vigfússon,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Jóh. Jóhannesson,
Jón Jakobsson,	Jóh. Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jón Jónsson,
Magnús Stephensen,	Jón Magnússon,
Sig. Jensson,	L. H. Bjarnason,
Sig. Stefánsson,	Magnús Andrjess.,
Skúli Thoroddsen,	Magnús Kristjánss.
Valt. Guðmundsson,	Ólafur Briem,
Þórarinn Jónsson,	Ólafur Ólafsson,
Þorgr. Þórðarson.	Ólafur Thorlacíus,
	St. Stefánsson, Eyf.
	St. Stefánsson, Skgf.
	Tr. Gunnarsson,
	Þórh. Bjarnarson.

Frumv. fellt með 13 : 25 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk hinna sömu þingm., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðm. Björnsson,	Árni Jónsson,
Hannes Þorsteinss.,	Björn Bjarnason,
Ág. Flygenring,	Gutt. Vigfússon,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Jóhannesson,
Björn M. Ólsen,	Jón Jakobsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Einar Þórðarson,	Júlíus Havsteen,
Guðj. Guðlaugsson,	Magnús Stephensen,
Guðl. Guðmundss.,	Pjetur Jónsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Herm. Jónasson,	Tr. Gunnarsson,
Jóh. Ólafsson,	Þórarinn Jónsson,
Jón Magnússon,	Þorgr. Þórðarson,
L. H. Bjarnason,	
Magnús Andrjesson,	
Magnús Kristjánsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Sig. Jensson,	
Sig. Stefánsson,	
St. Stefánsson Eyf.	
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	
Valt. Guðmundsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

C. Tekin aptur.

Þingsköp alþingis.

Á 5. fundi Nd., fimmtudag 6. júlí., kom frumv. til laga um breytingar á lögum 7. apríl 1876 um þingsköp handa alþingi ásamt lögum 23. maí 1890 um viðauka við og breyting á þingsköpum alþingis til 1. umr.

Ráðherrann: Það hefur verið gefin út tilskipun um breyting á þingsköpunum, dags. 5. maí þ. á. samkvæmt heimild þeirri, er veitt var til þess með lögum nr. 51, 27. nóv. 1903, og eru þar teknar upp þær breytingar, sem leiða af hinum nýju stjórnarskipunarlögum frá 3. okt. 1903. Í þessu frumv. eru nú þessar sjálfsögðu breytingar teknar upp, en jafnframt þótti rjett, að koma einnig fram með nokkrar aðrar æskilegar breytingar á þingsköpunum, lögfesta ýmsar venjur, er myndast hafa o. s. frv. Eins og menn sjá

á 20. gr. frumv. er svo til ætlazt, að ef lög þessi öðlast samþykki, verði breytingar þær á þingsköpunum, er þau hafa að geyma, færð inn í texta þingskapanna þannig, að úr því verði einn lagabálkur.

Jeg finn ekki ástæðu til að tala meira um frumv. þetta; engar af breytingum þeim, sem farið er fram á, eru störvægilegar; þó mun rjettast að kosin sje nefnd í málið.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það er sjálfgefið, að svona lagað mál þarf að ræðast í nefnd, og leyfi jeg mjer að stinga upp á þriggja manna nefnd, þegar búið er að vísa málinu til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. án atkvgr., og fór fram hlutfallskosning eptir ósk þessara 9 þingmanna.

Skúla Thoroddsens, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skgf., Jóns Jónssonar, Björns Kristjánssonar, Einars Þórðarsonar, Ólafs Briems, Magnúsar Andrjessonar, Guðl. Guðmundssonar, Ólafs Thorlaciusar.

Kosnir voru þessir tveir:

Þórhallur Bjarnarson, og

Magnús Andrjesson.

Fór þá fram óbundin kosning á 3. manni í nefndina, en enginn fjekk næg atkvæði. Var þá kosið á ný, og náði þá kosningu:

Björn Bjarnarson með 16 atkv.

Einar Þórðarson fjekk 9 atkv.

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Magnús Andrjesson skrifari og framsögumaður.

Á 39. fundi Nd., fimmtudag 17. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (stj.frv. A 238).

Forseti gat þess, að ráðherrann hefði tjáð honum, að hann tæki frumv. þetta aptur af því að allt efni þess væri tekið upp í frumv. það, sem nefndin hefur gjört úr garði.

D. Ekki útrædd.

I. Kosningarlög til Alþingis.

Á 5. fundi Nd., fimmtudaginn 6. júlí kom frumv. til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis til 1. umr.

Ráðherrann: Jeg gjöri ráð fyrir, að sumum háttv. þm. detti í hug, er þeir sjá fyrirsögn frumv. þessa, að ekki sje ráð nema í tíma sje tekið, að fara nú þegar að grauta í kosningarlögunum til alþingis frá 3. okt. 1903, áður en þau eru komin verulega til framkvæmda um land allt. En við nánari athugun munu menn sjá, að frumv. þetta breytir í engu þeim nýju meginreglum, sem lögleiddar voru með hinum nýju kosningarlögum, heldur er þetta frumv. í raun rjettri að eins framhald af kosningarlögunum, til þess að fylla það, sem í þau vantar, sem sje ákvæði um kjördæmaskipunina í landinu, sem ólítið hefur verið nauðsynlegt að endurnýja, en þessu atriði var sleppt úr hinum nýju kosningarlögum. En sú nýja kjördæmaskipun, sem hjer er

»*principaliter*» stungið upp á, hefur það í för með sjer, að hlutfallskosningar verður að viðhafa, til þess að slík skipun geti orðið affarasæl og rjettlát. Allar þær breytingar á kosningarlögunum, sem í þessu frumv. er farið fram á, eru þannig aðeins afleiðingar af kjördæmaskipun þeirri, sem uppá er stungið, og eingöngu snertandi hlutfallskosninguna, og eru þær settar fram í því formi, að setja má þær inn í meginmál kosningalaganna (samkv. 19. gr. frumv.), svo að kosningalögin geta orðið einn bálkur, þótt þessi lög sjeu samþ.

Það hefur lengi verið viðurkennt nauðsynlegt, að breyta kjördæmaskipuninni, og hafa ýmsar till. um það komið fram á undanfarandi þingum. Nefndin, sem hafði kosningalagafrumv. til meðferðar á alþingi 1901, ljet í ljósi, að hún vænti þess, að stjórnin veitti þörfinni á nýrri kjördæmaskipun sjerstaka athygli og umhyggju, svo fljótt sem föng væru á, og kæmi með till. um nýja kjördæmaskipun með rjettri hliðsjón af íbúafjölda, kjósendatölu og landsháttum. Á alþingi 1902 var stungið upp á að skipta landinu í 30 einmenn kjördæmi, en sú till. fjell þá, og í þess stað samþ. Nd. alþingis þingsályktun um, að skora á stjórnina, að leita álits allra sýslunefnda og bæjarstjórna um það, hvernig kjördæmaskipun mundi haganlegast fyrirkomið í hverju kjördæmi, svo og að leggja að því búnu fyrir næsta þing frumvarp til laga um nýja kjördæmaskipun. Á alþingi 1903 var gengið út frá því sem vísu, að sú skipan, sem þá var gjörð um kosning hinna fjögra nýju þingmanna, væri að eins til bráðabirgða, og væri ekki að neinu leyti bindandi fyrir það, hvernig hinni nýju kjördæmaskipun, sem menn bjuggust við, yrði fyrir komið.

Till. hjeraðsstjóra kom svo seint, að stjórnin gat ekki undirbúið kjördæmaskipunarfrumv. undir þingið 1903: till. frá sýslunefndum og amtsráðum eru prentaðar upp í athugasemdunum við frumv. þetta, og leyfi jeg mjer að skírskota til þeirra. Jeg skal aðeins benda á, að eptir sýslunefndatill. verða kjördæmin 37 (og þannig 3 of mörg), en eptir amtsráðstill. 35 (eða 1 of margt).

Ein af aðalástæðunum fyrir því, að breyta þarf kjördæmaskipaninni er hinn afarmikli ójöfnuður, sem nú er milli kjördæmanna að íbúatölu og kjósandamagni í hlutfalli við fulltrúa. Um þetta skírskota jeg til töflu þeirrar, sem prentuð er í athugasemdunum við frumv., og sem sýnir íbúatölu núverandi kjördæma eptir síðustu skýrslum, kjósendatölu eptir gildandi kjörskrám, tiltölulegt fulltrúamagn, miðað við einn þingmann á hvern 34. hluta íbúa og kjósenda í landinu, fulltrúatöluna eins og hún er eptir núverandi kjördæmaskipun, og loks hve mikið íbúatalan í hverju kjördæmi nú er yfir eða undir rjettri tiltölu við fulltrúamagn. Það sjest af töflunni, að í einu kjördæmi eru t. d. 43 af hverju 100 íbúa fram yfir meðaltölu, í öðru 39, og þriðja 38 yfir meðaltölu o. s. frv, Aptur á móti eru til kjördæmi, þar sem vantar 116, 158 og jafnvel 220 móti hverju hundraði upp á meðaltölu, og liggur í augum uppi, að þetta má naumast við svo búið standa.

Önnur ástæða fyrir breyting á kjördæmaskipuninni er misrjettið, sem leiðir af því, að sum kjördæmin eru einmenningskjördæmi, sum tvímenningskjördæmi, o: kjósa tvo þingmenn. Þetta hefur leitt til þess að sumsstaðar hefur lítill meiri hluti kjördæmis getað ráðið kosning tveggja manna, en útilokað frá allri »*præsentatión*« svo stór-

an minni hluta, að hann eptir rjettri tiltölu hefði átt rjett á fulltrúa. En þetta verður enn þá tilfinnanlegra, eptir að komin eru í gildi hin nýju kosningarlög. Eins og kunnugt er, hefur það hingað til verið reglan, að meira en helming greiddra atkvæða þyrfti til að vera rjettkjörinn þingmaður. En eptir hinum nýju kosningarlögum, 48. gr., eru þeir rjett kosnir, er fá flest atkvæði af þingmannaefnunum. Þetta ákvæði leiðir af hinni afar miklu fjölgun kjörstaðanna, sem gjörir endurkosningar svo umsvifamiklar, að ekki er hægt að hafa hið fyrra fyrirkomulag; en af þessu getur leitt, þegar margir eru í kjöri og atkvæði dreifast, að lítill hluti kjördæmis ráði kosningarúrslitum. Sje þetta óheppilegt, þegar um eins manns kosning er að ræða, er auðsætt, að það er hálfu verra, er um kosning á tveimur þingmönnum er að ræða.

Spurningin er þá, hvernig bót verði á þessu ráðin. Það er auðsætt, að skipting landsins í 34 einmenningskjördæmi, sem jöfnust að íbúatölu, væri mikil bót frá því, sem nú er, jafnvel þótt mikill ójöfnuður gæti komið fram vegna ákvæðisins í 48. gr. kosningarlaganna.

En því fer fjarri að það takmark, að skipta jafnt eptir íbúatölu, kjósendatölu og landsháttum, sje ráð við þeirri skiptingu, sem sýslunefndirnar stinga upp á. Tvímenningskjördæmunum væri skipt sundur; en flest smærstu kjördæmin væru óbreytt, eins langt frá jöfnuði eptir hlutfallslegu fulltrúamagni eins og nú. Mannfjölda skýrslurnar fyrir hinar einstöku sýslur og sveitir sýna, að það er ekki auðið að skipta landinu niður í 34 einmenningskjördæmi, með nokkurn veginn jafnri íbúatölu og kjósendatölu, nema vikið sje mjög mikið frá tillögum hjeraðsstjórnanna, og hreppar víða lagðir saman í kjördæmi án tillits til sýslutakmarka og eðlilegra staðartakmarka, sem hætt er við að yrði óvinsælt og leiddi til þess, að atkvæði í slíkum kjördæmum dreifðust svo mjög, að meiri hætta væri á óheppilegum afleiðingum af 48. gr. kosningarlaganna. Það er því athugandi, hvort ekki sjeu fleiri vegir færir, en að skipta landinu í einmenningskjördæmi.

Sú tillaga hefur stundum komið fram á undanförandi þingum, að heppilegt mundi að ýmsu leyti, að skipta landinu í fá, en stór kjördæmi, til þess að minnka hreppapólitík o. fl. En með meirihlutakosning gæti slíkt fyrirkomulag orðið mjög ranglátt, er tveir eða fleiri flokkar sæktu fram til kosninga, og sá flokkur, sem lítið eitt fjölmennastur væri, næði öllum fulltrúunum. Aptur á móti getur kosning í stórum kjördæmum, er kjósa marga fulltrúa, orðið mjög sanngjörn með *hlutfallskosning*.

Þegar frumv. um leynilegar kosningar og hlutfallskosningar til bæjarstjórna var fyrir þinginu í fyrra, og fjekk svo góðan byr, að það var samþ. í e. hl. í Nd., og með 9 samhlj. atkv. í Ed., kom ýmsum þm. til hugar, hvort ekki mundi unnt, að innleiða þá góðu og sanngjörnu kosningaraðferð einnig við alþingiskosningar; en það útheimtir aptur, að kosnir sjeu fleiri en einn og helzt fleiri en tveir í kjördæmi. En ekki varð úr þessu nein tillaga þá, því ýmsir erfiðleikar þóttu á vera.

Stjórnin hefur nú tekið þetta til athugunar, og eptir nákvæma yfirvegun hef jeg komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta sje vel mögulegt. En enn þá er þjóðinni þetta fyrirkomulag fremur ókunnugt, og því ekki óeðlilegt, þó að

mörgum finnist það óaðgengilegt í bráðina; en það er sannfæring mín, að við nánari athugun sjái menn og viðurkenni, að það, sem hjer er farið fram á, er í öllu sanngjarnt og rjettlátt. Jeg tel ekki hundrað í hættunni, þó að háttv. þm. komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sje nægur tími til að leiða málið til lykta á þessu þingi, því að væntanlega fara kosningar til alþ. ekki fram fyr en 1908, svo að ný kjördæmaskipting gæti þá samt sem áður orðið til í tæka tíð á þinginu 1907. Jeg vil ekki gjöra þetta mál að neinu kappsmáli að svo stöddu, en vona, að það verði tekið til alvarlegrar athugunar af þingi og þjóð, áður menn snúa sjer að öðru fyrirkomulagi.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Þar sem frumv. þetta er svo þýðingarmikið og þarf rækilegrar athugunar við, leyfi jeg mjer að stinga upp á, að skipuð verði 7 manna nefnd í málið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

7 manna nefnd samþ. án atkvgr. og eptir ósk þessara 9 þm. fór fram hlutfallskosning: Skúla Thoroddsens, Stefáns Stefánssonar, 2. þm. Skgf., Jóns Jónssonar, Björns Kristjánssonar, Einars Þórðarsonar, Ólafs Briems, Magnúsar Andrjessonar, Guðlaugs Guðmundssonar og Ólafs Thorlaciusar.

Kosnir voru:

Árni Jónsson,
Guðlaugur Guðmundsson,
Hannes Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Thorlacius,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.

Í nefndinni var Hannes Þorsteinsson kosinn formaður, og Lárus H. Bjarnason skrifari og framsm.

Á 46. fundi Nd., föstudag 25. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 517).

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Nefndin var á einu máli um það, að sú hugsun, sem að liggur til grundvallar fyrir frumv., umhyggjan fyrir rjettu hlutfalli milli meiri og minni hluta, sje í alla staði rjettlát, og nefndinni er ljúft að kannast við það, að athugasemdir stjórnarinnar aptan við frumv. eru bæði vandaðar og skýrar.

Helztu breytingar frumv. frá núverandi fyrirkomulagi er lögleiðing hlutfallskosninga og fækkun kjördæma, að miklum mun. Öll hlutfallskosning er eins og menn vita í því fólgin, að hver flokkur kjósenda á að geta komið að jafnmörgum fulltrúum og hann er sterkur til. Sje t. d. 900 kjósendur í kjördæmi einu og 2 flokkar, A. með 300 kjósendur og B. með 600, þá kæmi A. flokkurinn 1 fulltrúa að með hlutfallskosningu, en B. 2, í stað þess, að nú kæmi B. öllum 3 að. En til þess, að hlutfallskosning geti komizt að, verða kjördæmin að minnsta kosti að hafa hvert 2 fulltrúa og helzt sem flesta.

En allt fyrir það getur nefndin ekki ráðið háttv. deild til þess, að samþykkja frumv. að svo stöddu. Og ber einkum þrennt til þess. Fyrst og fremst er hjer um stórmikið nýmæli að ræða, sem allur þorri manna ekki þekkir. í annan stað er hlutfallskosning því að eins nýtileg, að flokkaskiptingin meðal kjósenda sje skýr og ákveðin, en um það er nokkur vafi hjer á landi. Og í þriðja lagi er hlutfallskosning því að eins framkvæmanleg, að kjósendur nái sæmilega hæglega hver til annars, en því er ekki hjer að heilsa utan kaupstaða og kauptúna. Í fjórða lagi liggur frumv. ekki á, því að líklega

tara almennar kosningar ekki fram fyr en eptir næsta þing.

Mjer þykir persónulega svo vænt um hugsjón frumv., svo vænt að jeg kem mjer varla til þess, að ráða til, að fella það, en óska þess heldur, að 2. umræðu verði frestað, enda munu háttv. þm. vera lítt undir það búnir, að greiða atkvæði um það.

Ráðherrann: Jeg ætla mjer ekki að flytja ræðu um þetta mál að svo stöddu. Jeg bjóst við því, að málið kæmi miklu fyr frá háttv. nefnd, svo að báðar deildir gætu látið uppi álit sitt um það. Jeg er alveg viss um, að stefna frumv. er sanngjörn og góð, og það er von mín, að það játi flestir þeirra, er íhuga málið vandlega. Ekki hygg jeg það heldur á rjettum rökum byggt, að fyrirkomulag það, sem frumv. fer fram á, sje óframkvæmanlegt. Því er haldið fram, að menn mundu eiga örðugt með. að koma sjer saman um listana, sem eptir á að kjósa. En jeg sje engin vandræði í því, að þeir, sem að kosningum vilja fylgjast í hreppi hverjum, velji sjer fulltrúa á sameiginum undirbúningsfundi fyrir kjördæmið, og listarnir sjeu þar settir. Vaxandi pólitískur þroski mundi fljótt kenna mönnum, að sætta sig við listana, og einmitt æfingin við þetta mundi verða til þess, að auka og efla pólitískan þroska. Hitt má vel vera, að þó að menn játi, að stefna frumv. sje góð, þá sjeu þó nægar ástæður aðrar til þess, að menn vilji ekki ráðast í það, að gjöra þessar breytingar. Menn vita, hverju kjördæmi þeir sleppa, en ekki hvert þeir hreppa. Enda þótt sumir kunni að vera í vafa um það, hvort þeir eigi að aðhyllast frumv. eða ekki, vonast jeg þó til þess, að þeir taki það tillit til frumv., að þeir á leiðarþingum skýri kjósendum sínum frá því, svo að þeim gefist kostur á, að íhuga það og ræða. Enn fremur er það ósk mín, að blaðamenn taki það til yfirvegunar og útlisti það fyrir landsmönnum.

Jeg bjóst við, að háttv. Nd. tæki frumv. til rækilegrar íhugunar, er tími hefur orðið til, og greiddi atkvæði um einstakar greinar þess, en nú heyri jeg á háttv. framsm. (L. H. B.), að hann ætlast ekki til þess, að sú atkvæðagreiðsla fari fram, að minnsta kosti ekki í dag. Hvort atkvæðagreiðsla verður um það á næsta þingi, kemur undir undirtektum þeim, sem það fær hjá þjóðinni.

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. ráðherra minntist að eins á aðra ástæðuna, sem nefndin færði fram gegn frumv., þá sem sje, að menn eigi örðugt með að ná saman, og nefndi jafnframt Ameríku sem dæmi þess, hvað það gæti gengið greiðlega, en Amerika er víst það óheppilegasta dæmi, sem hann gat valið. Þar hafa menn járnbrautir, ritsíma, talsíma og yfir höfuð öll samgöngufæri á fullkomnara stigi, en hjer ekkert. *(Ráðherrann:* ritsíma). Menn ferðast ekki með ritsíma, og svo er hann nú ekki kominn enn, enda sjest það ljósast hjer í deildinni, hversu lítið fylgi frumv. hefur, þar sem þingm. meta meira molakaffi frá Sigríðarstöðum, en að vera við umræður um málið. Mjer skildist hæstv. ráðherra halda, að sumir háttv. þm. mundu vera hræddir um sig, ef frv. yrði að lögum. Jeg þori að fullyrða, að það hefur ekki ráðið tillögum nefndarinnar, enda óvíst nema einhverjir slæddust með samt.

Jeg lagði ekki til, að fresta 2. umr, í því skyni, að girða fyrir atkvæðagreiðslu um einstakar greinir frumv.,

enda ræð jeg engu um það, hvenær málið yrði aptur tekið á dagskrá. Jeg lagði til, að fresta umræðunni af því, að jeg bjóst við því, að menn hefðu ekki búið sig undir, að greiða nú þegar atkvæði um einstakar greinir þess.

Málið tekið út af dagskrá.

II. Fræðsla barna.

Á 3. fundi Ed. þriðjudaginn 4. júlí, kom frumv. til laga um fræðslu barna til 1. umr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin, og frumv. vísað til hennar, að aflokinni þessari 1. umr. Jeg býst við, að til nefndar þeirrar, sem skipuð verður til að íhuga þetta frumv., verði ef til vill einnig vísað fleiri frumv., viðvíkjandi menntamálum, og því megi hún eigi vera fámennari, en jeg hef stungið upp á; hafa menntamálanefndir þessarar deildar vanalega verið skipaðar 5 mönnum.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

5 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Sigurður Jensson með 12 atkv.
Björn M. Ólsen með 11 atkv.
Jón Jakobsson með 11 atkv.
Sigurður Stefánsson með 11 atkv.
Þórarinn Jónsson með 9 atkv.

Form. og framsm. var kosinn Björn M. Ólsen, og Jón Jakobsson skrifari.

Á 24. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (stjfrv. A. 329, 368).

Framsögumaður Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Jeg skal fyrst byrja með því að biðja afsökunar á, að mál þetta kemur svo seint frá nefndinni, og stafar sá dráttur ekki af því, að nefndin vildi tefja fyrir málinu; þvert á móti óskaði nefndin, að það gengi sem greiðlegast; drátturinn stafar af því, að hjer er um vandamál að ræða, sem þarf að athugast rækilega, áður en því er ráðið til lykta.

Hjer er um það að ræða, að setja almenn lög um barnafræðslu, innihaldandi sömu almenn ákvæði, er gildi fyrir allt landið; en það er ekki unnt, að hafa hin sömu ákvæði um fræðslufyrirkomulag innleidd fyrir allt landið af þeirri einföldu ástæðu, að sum ákvæði geta átt við í einni sveit, sem ekki eiga við annarsstaðar. Sumstaðar má að vísu koma upp föstum skólum, svo sem í kaupstöðum og fjölmennum sjávarþorpum, en samt sem áður er það mestur hluti landsins, þar sem ekki er hægt að koma upp föstum skólum, nema með ókleyfum kostnaði.

Jeg veit, að til eru ýmsir stórstigir framfaramenn, sem segja, að hægt sje að koma á fót föstum skólum um allt land, og á jeg þar við skóla, sem eru meira en að eins til málamynda eða nafnið eitt, en kostnaðurinn við slíka skóla mundi verða svo gífurlegur, að landið gæti með engu móti risið undir því; sjerstaklega til sveita mundi það verða mjög svo kostnaðarsamt, og ef nokkurt gagn ætti að vera að slíkum skól-

um, mundu þeir þurfa að standa að minnsta kosti 6 mánuði á ári, en slíkt fyrirkomulag mundi verða afardýrt, og efnamenn einir geta undir því risið, en fátælingum mundi verða ókleyft að bera þann kostnað, sem af því leiddi, nema því að eins að landssjóður eða viðkomandi sveitarfjelag bæri kostnaðinn við það, en það mundi verða svo þung byrði fyrir sveitarfjelögin og landssjóð, að það yrði þeim um megn að bera hana. Nefndin játar, að hún hefur ekki neina tröllatrú á föstum skólum. Hún vill halda sjer við jörðina og ekki byggja neinar skýjaborgir. Nefndin er þeirrar skoðunar, að heimakennslan sje helzti grundvöllur alþýðumenntunarinnar; hún er arfur frá forfeðrum vorum, frá einni kynslóð til annarar. Það er hún, sem fremur öllu öðru hefur skapað hinar fornu bókmenntir vorar. Henni er það að þakka, að þær urðu svo einkennilega þjóðlegar.

Skólar eru mjög gamlir hjer á landi. Þeir komust á þegar skömmu eptir kristnina. En það voru alls ekki klerkaskólarnir á biskupssetrunum og klaustrunum og á einstaka höfðingjasetrum, sem áttu mestan þátt í að leggja grundvöllinn til menningar forfeðra vorra. Menn hafa haldið, að það hafi verið þessum skólum, klerkaskólunum og þeim klerkum, sem þar fengu menntun sína, að þakka, að bókmenntir vorar fengu svo mikinn vöxt og viðgang og stóðu í svo miklum blóma á 12. og 13. öld, og játa jeg að vísu, að nokkuð er hæft í því, en jeg hygg, að of mikið hafi verið gjört úr því. Það sem hefur sett stimpilinn á íslenzka menningu og varðveitt hana gegnum aldirnar, er ekki skólafræðslan, heldur heimafræðslan. Jeg skal leyfa mjer að taka að eins eitt dæmi. Það er sagt um Þorlák biskup, sem var fæddur á Hlíðarenda í Fljótshlíð, að foreldrar hans hafi farið með hann barn að aldri að Odda á Rangárvöllum og komið honum þar í skóla undir hönd Eyjólfs prests Sæmundssonar; en svo er því bætt við, að þessi maður, sem seinna varð eitt af dýrustu ljósum kristninnar, hafi numið ættfræði og mannfræði hjá móður sinni í tómstundum sínum. Þarna kemur ljóslega fram heimafræðslan. Jeg er sannfærður um, að ef hin klerkalega skólafræðsla hefði verið ein um hituna, þá mundi hún hafa haft sömu áhrif hjer á landi sem allsstaðar annarsstaðar í Norðurálfunni; hún mundi hafa leitt af sjer lítilsvirðingu á þjóðlegum fræðum, en sett klerkamálið, latínuna, og klerkleg latínsk fræði í hásætið. Það er einkennilegt, að meðan aðrar þjóðir Norðurálfunnar sátu á skólabekkjunum í Bologna, París og Oxford og voru fjötraðar í viðjum skólaspekinnar, þá hneigðust um sömu mundir hugir Íslendinga að þjóðlegum fræðum, og þetta, verð jeg að segja, var aðallega heimafræðslunni að þakka. Það er hún, sem hefur haldið við hinum einkennilegu bókmenntum vorum og varðveitt þær allt fram á þennan dag; það er hún, sem hefur haldið þjóð vorri andlega vakandi gegnum aldirnar og forðað henni frá að sökkva eins djúpt niður í myrkur vanþekkingarinnar eins og flestar, ef ekki allar, aðrar þjóðir í Norðurálfunni gjörðu á miðöldunum. Menn mega því ekki lítilsvirða heimafræðsluna. Að vísu hefur skólafræðslan ýmsa yfirburði yfir heimafræðsluna, en heimafræðslan hefur líka ýmislegt sjer til gildis fram yfir skólafræðsluna. Að þessu er vikið í nefndarálitinu og get jeg látið mjer nægja að vísa til þess. Menn hafa sagt, að heimafræðslunni hafi hnignað á síðari árum og

er jeg því miður hræddur um, að töluvert sje hæft í því. Menn kenna því helzt um, að fólkseklan sje orðin svo mikil; menn sjeu fáliðaðir á heimilunum, víða einyrkjar, og eigi því bágt með að veita börnum sínum nauðsynlega fræðslu. En jeg hygg, að þetta sje nokkuð orðum aukið. Einyrkjar hafa alltaf verið margir til á Íslandi frá alda öðli.

Það sem jeg held að mest hafi dregið úr heimafræðslunni, er farkennslan eins og henni hefur verið fyrirkomið. Það liggur í augum uppi, að svo stutt árleg fræðsla er að engu nýt, nema börnin njóti jafnframt stöðugrar heimafræðslu þann tíma, sem þau eru ekki í farskóla. Það er svo fjarska hætt við því, að lítt menntaðir alþýðumenn, sem hafa tröllatrú á skólafræðslu, en bera ekkert skynbragð á, hve langan tíma þarf til að koma barninu í skilning um það, sem það á að læra, þykist hafa fullnægt skyldu sinni, ef þeir hafa sent barnið í farskóla einn eða tvo mánuði á ári, og að þeir þá vanræki heimafræðsluna, en kasti allri sinni áhyggju upp á skólana í því efni, og hygg jeg, að það mætti tilfæra mörg dæmi upp á þetta.

Jeg hef verið svo langorður um þetta af þeirri ástæðu, að aðalbreyt.till. nefndarinnar er fólgin í því, að setja í stað II. kafla inn nýjan kafla um fræðslusamþykktir. Þessi kafli frumv. gjörir ráð fyrir að innleiða almenna skólaskyldu hjer á landi, og getur það komið til mála í kaupstöðum og fjölmennum sjóþorpum, þar sem börn geta gengið í skóla 6—8 mánuði á ári, en að innleiða slíka skólaskyldu til sveita, getur nefndin ekki álitið ráðlegt eða gjörlegt. Frumv. gjörir ráð fyrir, að gjöra mönnum að skyldu til sveita, að senda börn sín í farskóla, sem ekki eiga að standa nema 2 mánuði af árinu. Nefndin álítur, að þetta mundi hafa þær afleiðingar, að menn mundu enn þá meira en að undanförnu byggja eingöngu á farskólunum og leggja enn þá meira á árar í bát með heimafræðsluna. Nefndin er þessvegna í vafa um, hvort þetta fyrirmæli mundi verða til nokkurra bóta frá því, sem nú á sjer stað, þótt mönnum sje gjört að skyldu, að senda börn sín að eins tvo mánuði á ári í farskóla, því að við álítum, að það mundi verða hættulegt fyrir heimafræðsluna, sem okkur virðist hafa við svo mikið að styðjast. Hjer er því ekki nema um tvennt að gjöra; annaðhvort að stofna fasta heimavistarskóla til sveita með nægilega löngum námstíma, sem geti rúmað öll börn á skólaaldri, eða þá að reyna að hlynna sem bezt að heimafræðslunni. Hið fyrra telur nefndin oss ofvaxið og hneigist því að hinu síðara. Jeg hef verið svo langorður um heimafræðsluna vegna þess, að skoðun nefndarinnar á henni er grundvöllurinn undir hinni helziu breyt.till., sem nefndin hefur leyft sjer að gjöra við frumv.

Jeg skal svo víkja að einstökum atriðum. Fyrir nefndinni hafa legið skýrslur, sem meistari Guðmundur Finnbogason hefur safnað, og hafa þær verið til mikillar leiðbeiningar fyrir nefndina, og þótt hann hefði ekkert annað gjört barnafræðslunni til góðs, en að safna þessum skýrslum, þá ætti hann miklar þakkir skilið fyrir það. Því miður eru þessar skýrslur samt sem áður ónógar til þess, að gefa fullnægjandi upplýsingar viðvíkjandi farkennslu og heimakennslu, og yfir höfuð að tala hefur hann, eins og eðlilegt er, á þeim stutta tíma, sem hann hefur starfað, ekki enn getað rannsakað ásigkomulag farskólanna og

heimafræðslunnar öðruvísi, en mjög lauslega.

Það er margt í frumvarpi þessu, sem nefndin telur gott og gagnlegt svo sem t. d. það, sem stendur í I. kafla um kröfurnar til fræðslunnar.

Jeg skal taka það fram, að þar sem nefndin hefur komið með þá breyt.-till. á þgskj. 368, að í staðinn fyrir fyrirsögn I. kafla frumv. »um fræðsluskyldu«, komi: »um fræðslukröfur«, þá er það að eins orðabreyting, til þess að skýra nánar, hvert sje efni fyrsta kafla. Um þennan kafla höfum við í öllum verulegum atriðum verið samdóma því, sem stendur í frumv., og því látið þann kafla standa hjer um bil óbreyttan. Þessi kafli fer fram á, að hækka nokkuð kröfurnar til fræðslu barna á 10 ára aldri og á 14 ára aldri, og álítum við, að það sje ekki of langt farið, og að varla muni vera neinir sjerlegir erfiðleikar á, að fullnægja þeim kröfum.

Við 1. gr. þessa kafla höfum við komið fram með þá breyt.till., að í stað orðanna: »Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi verður ákveðið með skólareglugjörð. Skal hvert barn 10 ára að aldri« komi: »Hvert barn, 10 ára að aldri«, o. s. frv. Meiningin í setningunni verður alveg sú sama hjá okkur og í frumv.; að eins höfum við fellt í burtu fyrstu setninguna í greininni, og höfum við gjört það vegna þess, að þessi fyrsta setning, eins og hún er orðuð í frumv., mundi ekki koma heim við hinn nýja kafla, sem nefndin hefur lagt til að settur verði inn í staðinn fyrir II. kafla frumv., og þess vegna hefur nefndin fellt þessa setningu framanaf 1. gr. Önnur breyt.-till. nefndarinnar við 1. gr. (að »fræðslunefnd« komi fyrir »skólanefnd«) er að eins orðabreyting, en hún er nauðsynleg, ef 4. breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 329 verður samþ., því að þá er ekki sjálfsagt, að farskóli, eða yfir höfuð nokkur skóli sje í sumum hreppum.

3. breyt.till. nefndarinnar við 4. málslið 2. gr. fer fram á, að bætt sje tugabrotum við þær 4 höfuðgr. reikningsins, sem þar eru taldar. Þetta var fellt úr í frumv. af þeirri ástæðu, að það væri óþarft að taka það fram, þar sem tugabrot væru alltaf talin með almennum brotum, en okkur þótti skýrara, að það væri tekið beint fram, að tugabrot sjeu heimtuð með í þeim reikningskröfum, sem 4. liður 2. gr. fer fram á.

Aðaltill. nefndarinnar snertir II. kafla. Nefndin gat ekki fallizt á skólaskyldutíma, eins og áður er sagt, og var lengi í hinum mestu vandræðum með þennan kafla; hún var jafnvel að hugsa um, að sleppa honum alveg, því að lengi sá hún ekki neinn veg að setja almennar reglur um fyrirkomulag fræðslunnar, þar sem sitt á við í hverri sveit. En loks hugkvæmdist nefndinni einfalt ráð, og það var að veita hverri sveit á landinu heimild til að ráða sjálf fræðslumálum sínum, láta hverja sveit hafa allan veg og vanda af barnafræðslunni.

Nefndin vonar, að víðsvegar um land rísi upp menn, sem beitist fyrir því að koma fræðslumálum sveitarinnar í sem bezt horf, og þegar ein sveit hefur geugið á undan öðrum með góðu eptirdæmi, þá muni fleiri á eptir fara. Vjer viljum því setja einn nýjan kafla um fræðslusamþykktir í stað II. kafla. Þessi kafli er þá eptir tillögum nefndarinnar ekki annað, en einskonar samþykktarlög, sniðin eptir hinum venjulegu samþykktarlögum. Slík samþykktarlög eru háttv. þm. svo

kunn, að ekki virðist ástæða til að fjölyrða um þau. Jeg skal aðeins taka það fram að því er innihald kennslusamþyktanna snertir, þá mega í þeim vera ákvæði um skólastofnun, laun kennara, kennslutíma, kennslueyri og yfir höfuð allt, sem að barnafræðslu lýtur, og jafnvel um að innleiða almenna skólaskyldu, ef það þykir tímabært. Jeg held þetta sje heppilegt ráð, því það verður víst alveg ómögulegt að finna það fyrirkomulag, sem geti átt við allstaðar á landinu. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þennan kafla.

5. breyt.till er að eins um fyrirsögnina á II. kafla; hún verður eðlilega »Um fræðslusamþykktir«.

6. breyt.till. við 9. gr. 1. málsgr., að í stað orðanna »hreppi, kaupstað« komi: »í hverju fræðsluhjeraði«, stendur í sambandi við 23. breyt.till. við 18. gr., þar sem skýrð er hugmyndin »fræðsluhjerað« og er þar ætlazt til, að hver kaupstaður eða hreppur sje að öllum jafnaði fræðsluhjerað fyrir sig.

Þá erum við komnir að III. kaflanum um prófin, og verður þar fyrst fyrir 7. breyt.till. Hún fer fram á nokkuð nýtt. Við höfum álitið nauðsynlegt, að veita prófunum aðhald með því að fyrirskipa, að við prófin sje 1 prófdómari. Í kaupstöðum ætlumst við til, að fræðslunefnd skipi prófdómanda, og að hann fái laun úr bæjarsjóði. En utan kaupstaðanna sje hann skipaður af sýslunefnd og fái laun úr landssjóði, 4 kr. á dag. Við höfum ekki viljað víkja frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið hingað til, að því leyti, sem kaupstöðunnm hefur ekki verið veittur styrkur úr landssjóði til barnafræðslu, heldur að eins sveitunum. Vjer höfum gjört áætlun um, að kostnaðurinn við þessa prófdómendur mundi ekki fara fram úr 1,500 kr. á ári. Þessir prófdómendur eiga að senda skriflegt álit um hag barnafræðslunar til þeirrar nefndar, sem kaus þá, og vjer ætlumst svo til, að hún sendi það til yfirstjórnar fræðslumála. Þetta getur haft mikla þýðingu, því ókleyft verður fyrir yfirstjórnina, eða umsjónarmann þann, er hún kann að fá sjer til aðstoðar, að hafa eptirlit með þessum prófum á annan hátt, eða að gjöra sjer nokkra áreiðanlega hugmynd um menntunarástandið í sveitunum, eingöngu eptir þeim skýrslum og skilríkjum (prófstílum o. fl.), sem ætlazt er til að fræðslunefnd sendi yfirstjórninni.

Að öðru leyti er engin efnisbreyting við þennan kafla frumv.

8. breyt.till. við 9. gr. 3. málsgr. er að eins orðabreyting; í stað »skólanefndar« komi »fræðslunefndar«; sama er að segja um 10. breyt.till. við sömu gr., í stað »skólanefnd« komi »fræðslunefnd, og um 11. breyt.till. við 11. gr. Fyrir »skólanefnd« og »skólanefndin« komi »fræðslunefnd« og »fræðslunefndin«.

Eptir 12. breyt.till. á í staðinn fyrir »lýðskólanna« að koma »fræðslumála«. Þessi breyting stendur í sambandi við breytinguna á 24. gr. Þar er talað um aðstoðarmann, sem framkvæmi umsjón stjórnarráðsins með fræðslumálum landsins. Nefndin ætlast til, að þessi maður ætti helzt að veita stjórnarráðinu aðstoð sína ekki að eins við þau mál, er snerta barnafræðsluna, heldur líka við hin æðri fræðslumál, er snerta t. d. gagnfræðaskólana, hinn fyrirhugaða kennaraskóla, hinn almenna menntaskóla, o. s. frv.

Þá kem jeg að IV. kafla, sem talar um skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði. Nefndin hefur hjer í flestu

getað lagað sig eptir frumv. Hún hefur að eins gjört eina aðalbreyt.till., að 16. gr. verði felld í burt, en hinsvegar stingur nefndin uppá ýmsum viðaukum við þennan kafla. Sú grein; sem nefndin vill sleppa, er um styrkveitingarskilyrði til heimavistarskólanna. Í frumv. er sjerstök grein um þessa skóla, en nefndinni virðist engan veginn rjett, að gjöra þeim hærra undir höfði en öðrum föstum skólum.

Henni þótti jafnvel vafasamt, hvort rjett væri að styðja að því, að barnafræðslan til sveita færi fram í þesskonar skólum. Til að gjöra almennt gagn yrðu þeir að [illegible] öll börn fræðsluhjeraðsins og veita [illegible]erju barni eigi skemmri fræðslu, en t. d. 6 mánuði, en þá mundu þeir verða feykilega dýrir, svo dýrir, að æklingar mundu ekki geta notað þá En ef þeir veittu hverju barni skemmri fræðslu en 6 mánuði, mundu þeir keppa við heimafræðsluna og gjöra fremur ógagn en gagn.

Nefndin vill því ekki gjöra heimavistarskólum hærra undir höfði en öðrum föstum skólum og leggur til, að 16. gr. sje felld burt, en 15. gr. jafnframt löguð svo, að heimavistarskólar geti komizt þar undir, (16. breyt.till., að í stað »heimangönguskóla« komi »skóla«).

Aptur á móti er það skoðun nefndarinnar, að heimavistarskólar geti verið hentugir fyrir stærri hjeruð, t. d. fyrir heilar sýslur, eina eða fleiri í samlagi, helzt í sambandi við uppeldisstofnun fyrir fátæk börn, til að taka á móti börnum, sem vanrækt eru heima fyrir, og ættu þeir þá að standa minnst 6 mánuði á ári. Með því móti mundu þeir ekki spilla fyrir heimafræðslunni.

13. breyt.till. við 13. gr. er að eins orðabreyting, sem leiðir af þeim breytingum, sem búið er að minnast á.

Þá sný jeg mjer að þeim viðaukum, sem nefndin hefur lagt til að gjöra við þennan kafla. Vjer erum á þeirri skoðun, að landssjóður eigi að styðja hvern þann fræðsluvísi, sem búast má við að beri góðan ávöxt.

14. breyt.till. er nýmæli í þessa átt. Nefndin álítur, að það megi beina farkennslunni í rjettari átt, en tíðkazt hefur, þannig að hún sje aðallega fólgin í tíðu eptirliti með heimafræðslunni á heimilunum sjálfum. Nefndin heldur, að það mundi gjöra mjög mikið gagn, ef sveitirnar rjeðu sjer góðan kennara, — því að allt er komið undir því, að kennarinn sje góður,— sem færi sem optast bæ frá bæ, spyrði börnin og leiðbeindi þeim, sem hafa á hendi heimafræðsluna. Æfður og góður kennari mundi fljótt sjá, í hverju börnunum væri ábótavant; hann mundi geta komið þeim á rekspölinn, sett þeim fyrir þangað til hann kæmi næst, sagt þeim, sem hefði tilsögnina á hendi, fyrir um, hvernig hann ætti að haga kennslunni, og sjeð um, að börnin hefðu forskriptir, kennslubækur o. fl. Nefndin vill, að þessir kennarar fái líkt kaup og farskólakennurum er ætlað í stjórnarfrumv., og ætlast til, að skilyrðin fyrir styrknum úr landssjóði sjeu lík. Vjer vonum, að þetta fyrirkomulag mundi styðja heimafræðsluna og jafnvel hefja hana á nýtt stig. Vjer hyggjum, að heimafræðslunni sje sá stuðningur hollastur, sem hún fær á heimilunum sjálfum.

Þá kemur 15. breyt.till. við 14. gr. frumv. Hún er um styrk til farskóla. Nefndin fer hjer eiginlega ekki fram á aðra breytingu við frumv., en að bætt sje við ákvæði um, að lágmarkið fyrir hinn árlega fræðslutíma hvers

barns sje gjört 2 mánuðir, en er þó þetta í rauninni ekki breyt., því að hið sama er tekið fram á öðrum stað í stjórnarfrumv., sem gjörir ráð fyrir minnst 2 mánaða skólaskyldu fyrir hvert barn í farskóla. Að vísu var nefndin hrædd um, að þetta ákvæði um lengd námstímans í farskólum gæti orðið til að draga úr heimafræðslunni, og að ýmsir mundu halda, að þessi 2 mánaða fræðsla væri nóg fyrir barnið og því slá slöku við heimafræðsluna. En samt vildi hún engan veginn svipta þá farskóla, sem nú eru, þeim styrk, sem þeir hafa úr landssjóði. Það leiðir af afstöðu nefndarinnar til þessa máls í heild sinni, að hún vill láta menn ráða sem mestu sjálfa um fræðslufyrirkomulagið, og hún vonar, að stjórnarráðið mundi með reglugjörð þeirri, sem því er ætlað að semja, geta lagað farskólafyrirkomulagið að miklum mun. Sjerstaklega álítum vjer heppilegt, að farskóli skipti opt um kennslustaði, sje til dæmis ekki lengur en viku í senn á hverjum stað. Ef farskóli er hafður á 3 stöðum og viku í senn á hverjum, þá verður alltaf 2 vikna hlje á kennslunni fyrir hvern barnahóp. Á þeim tíma geta börnin bætt við sig heima eptir leiðbeiningu kennarans, og kennarinn getur, þegar kennslan byrjar aptur, haft eptirlit með, hvort þau hafa gjört það. Við þetta lengist hinn árlegi námstími barnsins. Meistari Guðmundur Finnbogason drepur á þetta fyrirkomulag í skýrslum sínum, og segir, að það þyki reynast vel. Þá skal jeg minnast á upphæð styrksins til farskóla, eptir hverju hún á að fara, og dettur mjer þá í hug, að jeg muni hafa gleymt að taka það fram áðan, þegar jeg talaði um styrkinn til eptirlits með heimafræðslu, að við ætlumst til, að upphæð þess styrks sje miðuð við, hve opt eptirlitskennarinn húsvitjar á hverjum bæ og eptir tölu þeirra heimila, sem hann hefur undir, og leggjum vjer mesta áherzlu á það, að kennarinn húsvitji sem optast

Að því er snertir úthlutunina til farskólanna, viljum vjer halda ákvæðum stjórnarfrumv. óbreyttum.

Viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar við 15. gr. frumv. þarf jeg eigi að segja margt, því að um hinar 2 fyrstu breyt.-till. við þá gr. er áður talað. Síðari hluti 18. breyt.till. fer fram á, að breyta »4—5 stundir« í: »5—6 stundir« því að okkur þótti það óheppilegt, að gjöra það að skilyrði, að kennari skyldi ekki hafa fleira en 5 stundir, enda mun vinnutími kennara optast vera svo langur eða lengri.

19. breyt.till. við 15. gr. fer að eins fram á breytingu á röðinni á liðunum í greininni, af því að við fellum okkur bezt við að hafa alltaf sömu röðina á þessum greinum. Þetta er því engin efnisbreyting.

21. breyt.till. hef jeg áður talað um; hún fer fram á, að í stað 16. gr. frumv. komi ný grein um sunnudagaskóla, því að við höldum, að mjög mikið gagn geti orðið að þeim, og að landssjóður ætti að styðja að því, að þeir kæmust á fót. Þeir eru víða í útlöndum og gefast mjög vel, og koma miklu góðu til leiðar og mundi það eigi síður hjer. Þar, sem börn læra mest heima, eins og hjer á sjer stað, mundu sunnudagaskólar verða þeim eins og smekkur af skóla, ef þau á sunnudögum koma saman við jafnaldra sína og geta borið sig saman við þá. Við þetta mundi sjóndeildarhringur barnanna víkka út yfir hin þröngu takmörk heimilanna. Annars er nákvæmar talað um þetta í nefndarálitinu, og get jeg vísað til þess. Sem skilyrði fyrir, að landssjóður styrki sunnudagaskóla, fannst okkur rjettast

að heimta það, að sunnudagaskólinn hafi verið haldinn 26 sinnum á síðasta almanaksári, eða annanhvorn sunnudag í árinu. Skólahaldinu vill nefndin líka haga eptir reglugjörð, er löguð sje eptir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett. Að því, er upphæð styrksins snertir til sunnudagaskólanna, leggur nefndin það til, að hún fari eptir því, hve opt skólinn hefur verið haldinn síðasta almanaksár og eptir tölu þeirra barna, sem hafa sótt skólann. Um 22. breyt.till. við 17. gr. frumv. er áður talað.

Jeg skal hjer taka það fram, að nefndin var samdóma um, að setja lágmark á launum kennaranna, sem skilyrði fyrir styrk úr landssjóði. Góðir kennarar eru undirstaða góðrar barnafræðslu, en menn fá ekki góða menn, nema menn tími að launa þeim nokkurn veginn viðunanlega, og það er engin von, að hæfir kennarar fáist, og því síður, að menn geti haldið þeim til frambúðar fyrir svo litla borgun, sem almennt gjörist. Eptir skýrslum meistara Guðmundar Finnbogasonar eru líka flestir barnakennarar 20—30 ára; eptir þann aldur þykir þeim eigi tilvinnandi að vera kennarar. Við höfum þó eigi viljað ganga lengra en frumv. gjörir í þessu atriði, og finnst það varhugavert, að setja þetta lágmark strax og framfylgja því stranglega, meðan við enn höfum svo fá sjermenntuð kennaraefni. Margir af þeim, sem nú kenna, munu varla eiga betri laun skilið, en þeir fá nú. Meðaltal launanna er nú 3 kr. á viku auk fæðis, eptir skýrslum meistara G. F., en við viljum færa það upp í 6 kr. á viku. Hærri þorðum við eigi að setja launin, þótt jeg sjálfur telji það æskilegt, að þau væru hærri. Þessi breyting ætlumst við eigi til að komist í gildi fyr en 4 árum eptir, að kennaraskólinn, sem væntanlega verður samþykktur nú á þessu þingi, hefur verið settur á stofn, eða þegar hann hefur þrisvar útskrifað kennaraefni. Við höfum því gjört breyt.till. um þetta efni við 26. gr. frv.

Jeg kem þá að V. kafla frumv.; leggjum við þar fyrst til, að 18. gr. frumv. breytist á þann hátt, sem stendur í nefndarálitinu. Nefndin hugsar sjer það sem hið vanalegasta, að hver hreppur og hver kaupstaður sje sjerstakt fræðsluhjerað, en vill þó hins vegar eigi banna það, að hreppur skiptist í tvö fræðsluhjeruð og telur, að það geti verið heppilegt, þar sem þorp eru og strjálbyggðari sveit, sem telst til sama hrepps.

Einnig er ætlazt til þess, að hreppar geti, ef þeir vilja, slegið sjer saman í eitt fræðsluhjerað. Þá vill nefndin ákveða, að í fræðslunefnd sjeu annaðhvort 3 eða 5 menn. Þar, sem strjálbyggt er, er óþægilegt og vafningssamt, að hafa fleiri en 3 menn í nefndinni, og hyggur nefndin að það muni nægja. Samt vildum við ekki banna, að 5 væru í nefnd, ef það virtist ákjósanlegra. Nefndin sá líka, að óheppilegt er að kveða svo á, að safnaðarfundir kjósi fræðslunefnd, því að sóknir og hreppar falla opt ekki saman. Þess vegna leggur hún til, að hreppsnefndir (bæjarstjórnir) kjósi nefndina. Í hreppsnefnd sitja vanalega rosknir og ráðnir menn, og því mun það vera eins heppilegt, að hún velji fræðslunefnd, eins og að almennur fundur atkvæðisbærra manna gjöri það, því að þar koma margir, sem lítið vit hafa á því máli. Við gjörum ráð fyrir, að sóknarpresturinn muni vanalega verða valinn í fræðslunefnd, ef ekkert sjerstakt er því til fyrirstöðu.

Eptir þessu er 18. gr. löguð samkv. 23. breyt.till.

24. breyt.till. við 19. gr. frumv. er að eins orðabreyting.

25. breyt.till. við 20. gr. frumv. fer fram á, að orðið »varaformann« falli burtu, með því að það er eigi víst, að í nefndinni sitji nema 3 menn og þá dálítið óviðkunnanlegt, að láta þá alla hafa sjerstakt starf á hendi, enda telur nefndin, að eigi þurfi nema formann og skrifara, einkum ef að eins eru 3 í fræðslunefnd.

26. breyt.till. við 21. gr. frumv. var nauðsynleg afleiðing af því, að eigi er víst, að nema 3 menn verði í fræðslunefnd.

27. breyt.till. fer fram á, að stytta 22. gr. frumv., en eiginleg efnisbreyting er hún ekki. Okkur fannst sumt í gr. frumv. reglugjörðarákvæði og felldum það því burt.

Nefndin hefur svo slengt saman 22. og 23. gr., því henni fannst það fara betur.

Við VI. kafla frumv. hefur nefndin líka gjört nokkrar breytingar; er þar fyrst 30. breyt.till. við 24. gr. frumv. um yfirstjórn fræðslumála. Nefndin fellst á, að nauðsynlegt sje fyrir stjórnarráðið að hafa kennslufróðan mann sjer við hönd til aðstoðar, en henni þótti rjettara að orða greinina svo, að hún gæti leitað aðstoðar hans einnig að því, er hin æðri kennslumál snertir, eins og jeg hef tekið fram, og enn fremur að gjöra hann eigi að embættismanni með föstum launum, heldur líka ákveða laun hans á fjárlögnnum í hvert skipti.

31. breyt.till, breytir fyrirsögn VI. kafla eptir því, sem áður er tekið fram og um 32. breyt.till. við 26. gr. hef jeg áður talað.

Að síðustu er 33. br.till., sem fer fram á að bæta aptan við fyrirsögn frumv. orðunum: *o. fl.*, því að okkur fannst það hugsunarrjettara, sjerstaklega með tilliti til breytingar vorrar við 24. gr. frumv. Ef hún verður samþykkt, þá seilist frumv. hjer út fyrir svið barnafræðslunar.

Jeg verð svo að biðja velvirðingar á því, hversu lengi jeg hef talað, en þetta er stórt og mikilsvert mál, sem eigi má ganga gegnum háttv. deild, án þess að það verði vel athugað. Og jeg vona, eð þetta mál verði aldrei gjört að flokksmáli og sje haldið lausu við alla pólitík, enda get jeg sagt það með sanni, að svo hefur verið í netndinni. Við höfum allir unnið að þessu máli í bezta samlyndi án tillits til allra flokka, og nota jeg tækifærið til að þakka öllum mínum háttv. samnefndarmönnum fyrir góða samvinnu.

Ráðherrann: Jeg hef enn haft svo lítinn tíma til þess, að athuga breyt.-till. nefndarinnar síðan nefndarálitið kom, að jeg get eigi mikið um þær sagt, en margt af því, sem hv. framsm. (B. M. Ó.) hefur tekið fram í hinni ýtarlegu og ljósu ræðu sinni er mjög sennilegt og áheyrilegt. Jeg er viss um, að nefndin hefur gjört sjer allt far um, að gjöra frumv. þetta sem bezt úr garði, og hefur vafalaust gjört ýmsar góðar bætur á því. Hvað viðvíkur skólaskyldu, þá dylst mjer það eigi, að það er erfitt, að koma henni fyrir hjer á landi, svo vel fari, en jeg verð þó að vera þeirrar skoðunar, að það sje mögulegt með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarfrumv. Jeg get eigi verið samdóma háttv. framsögum. nefndarinnar (B. M. Ó.) um það, að heimildin til að veita undanþágur frá skólaskyldunni mundi verða misbrúkað svo, að skólaskylduákvæðið yrði fræðslunni til skaða í stað gagns, því að jeg lít svo á, að það mundi þó verða aðalreglan, að fræðslunefndir veittu ekki þessa undanþágu; nema þær hefðu tryggingu

fyrir því, að börnin fengju eins góðaeða betri fræðslu í heimahúsum, en í skólanum. Jeg held, að skólaskyldan mundi miklu fremur verða hvöt fyrir þá, sem vilja hafa heimakennslu, til þess að hafa hana sem bezta, og betri en skólana, sem sveitin ljeti í tje, til þess að fá undanþáguna. Eptir því, sem jeg þekki sveitarstjórnarmenn fyrir vestan, held jeg ekki, að þeim væri svo hætt við því, að slaka til við bændur í því tilliti, og líkt hygg jeg að sje víðar um landið.

Hitt játa jeg, að mörgum muni þykja það nokkuð hart, að þurfa að borga til sveitarskóla, þótt þeir hefðu heimakennslu, en það er nú einusinni svo um öll sveitargjöld, að menn verða að greiða þau, þótt þeir sjálfir verji fje til þess sama, sem sveitargjöldin ganga til, enda má segja það, að allir eru sjálfráðir um það, hvort þeir hafa heimakennslu eða eigi. Viðvíkjandi sunnudagaskólanum verð jeg að láta það álit mitt í ljósi, að jeg tel það hæpið, að þeir gæti orðið eins almennir og tíðir eins og nefndin gjörir ráð fyrir, því að bæði veður og vegalengdir munu mjög opt hamla því, að börn geti farið á sunnudögum heimanað og heim, til að sækja þessa skóla, og þó haft tíma til að dvelja á kennslustaðnum. Í þorpum verður þeim vel komið fyrir, en til sveita er of mikið að heimta, að sunnudagaskóli hafi verið haldinn 26 sinnum á ári, sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk. Jeg held því, að fáir eða engir til sveita mundu fá þann styrk.

En eins og jeg tók fram, er jeg alls ekki undir það búinn að segja af eða á um einstakar tillögur nefndarinnar.

Jeg skal því eigi fara fleiri orðum um þetta að sinni, en mun með ánægju hlusta á umræður hv. deildarmanna, um þetta efni.

Framsögumaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er þakklátur hinum hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur tekið svo mildum höndum á tillögum nefndarinnar og hefur komið með tiltölulega fáar mótbárur á móti þeim; það er ekki nema eðlilegt, að hæstv. ráðh. vilji verja ákvæðið um skólaskyldu þá, sem stendur í stjórnarfrumvarpinu. Hann heldur, að vel mætti lögleiða skólaskyldu hjer á landi með þeim takmörkunum, sem sett eru í stjórnarfrumvarpinu. Jeg verð nú að vera á annari skoðun. Jeg er sannfærður um það, að undantekningar frá skólaskyldunni yrðu aðalreglan, en reglan, skólaskyldan, yrði að undantekningu þegar til framkvæmdanna kæmi; menn vita, hvernig þesshátt gengur til; menn eru meinlausir og veita undanþágur alveg út í bláinn, og svo mundu fræðslunefndirnar gjöra. Jeg verð því að ætla, að skólaskyldan mundi hafa lítinn árangur, í landsveitunum að minnsta kosti, þegar til framkvæmdanna kæmi.

Hæstv. ráðnerra minntist á einn annmarka á skólaskyldunni, sem jeg hafði gleymt að minnast á í framsögu minni en sem er tekinn fram í nefndarálitinu, nefnilega það, að þeir, sem fræddu börn sín heima, og ekki ljetu þau í skólann, ættu samt að greiða hin sömu gjöld og aðrir til skólafræðslunnar. Jeg verð að líta svo á, að þetta ákvæði laganna mundi verða mjög óvinsælt og þar með öll lögin, væri það lögleitt; það er nýmæli hjer á landi, að innleiða skólaskyldu, og þau ákvæði, sem af því leiða; málið hefur alls ekki verið rætt út um landið af þeim, sem helzt eiga að láta uppi álit sitt um það, og það er alls ekki komið inn í meðvitund þjóðarinnar enn þá, að brýn þörf sje á skólaskyldu fyrir börn um allt land;

Málið hefur ekki enn almennt fylgi þjóðarinnar, og á meðan svo er, þá er það mjög óheppilegt, að innleiða skólaskylduna, og yrði til ills eins; í þessu máli dugar ekki að lögleiða neitt, nema það hafi eindregið fylgi alþýðu manna. Það var einmitt sjerstaklega þetta atriði, sem kom okkur til þess, að koma með hinn nýja kafla um fræðslusamþykktir. Helzti kostur hans er sá, að ekkert verður í lög leitt, viðvíkjandi fræðslu barnanna, nema nokkurn veginn almennt fylgi íbúa fræðsluhjeraðsins standi á bak við.

Hæstv. ráðh. áleit, að ekki mundi vera hægt, að halda sunnudagaskóla svo opt sem nefndin gjörir ráð fyrir að vera ætti. Jeg verð að álíta, að það sje vel framkvæmanlegt, að minnsta kosti í mörgum sveitum. Það er víða svo háttað, að mjög hægt er að halda þá haust og vor á hverjum sunnudegi, og opt vetur og sumar; það er nauðsynleg hvatning, sem liggur í því, að binda landssjóðsstyrkinn því skilyrði, að skólinn sje haldinn nokkuð opt, og jeg álít, að minna megi varla heimta, en að skólinn sje haldinn annan hvorn sunnudag eða 26 sinnum á ári.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Því er ver og miður, að jeg hef ekki haft nægan tíma til þess að glöggva mig á ýmsum atriðum í máli þessu, sem skyldi; þetta er afar þýðingarmikið mál fyrir þjóð vora og framtíð hennar; það þarf góðan og yfirgripsmikinn undirbúning; að vísu hefur frumv. það, sem hjer liggur fyrir, fengið mikinn undirbúning, en jeg held tæplega nógan til þess, að heppilegt sje að leiða það til lykta nú þegar, sjerstaklega að því, er skólaskylduna snertir; mjer líkar vel breyting háttv. nefndar í þessu tilliti, þar sem hún leggur til, að sveitunum eða fræðsluhjeruðunum sje að eins gefin heimild til þess að innleiða hjá sjer skólaskyldu; jeg fyrir mitt leyti álít það óframkvæmanlegt hjer á landi að innleiða almenna skólaskyldu; raunar lít jeg nú talsvert öðru vísi á þetta mál, en margur annar, og álít þess vegna skólaskyldu barna ekki eins nauðsynlega og aðrir. Jeg held þessir barnaskólar í hverri sveit hefðu ekki svo mikla þýðingu; þeir mundu ætíð verða næsta ófullkomnir margir hverjir; á heimafræðslu barnanna legg jeg þar á móti mjög mikla áherzlu eins og nefndin; jeg veit til þess, að þekking barna, sem gengið hafa á barnaskóla í útlöndum 5—6 ár, þar sem skólaskylda er, er ekki ætið upp á marga fiska. Jeg þekki mörg dæmi þess, að börn eða unglingar, sem að eins hafa notið heimafræðslu, eru svo miklu betur að sjer, en börn og unglingar í barnaskólum, já, jafn vel hinum beztu barnaskólum.

Yfir höfuð held jeg, að ekki sje heillavænlegt að troða miklum lærdómi í börnin á unga aldri, heldur ætti miklu fremur að reyna að glæða skilning þeirra á meðan þau eru að ná dálitlum þroska.

Það er því mitt álit, að heppilegast væri, að hafa í hverri sýslu, eða sem næst því, unglingaskóla fyrir unglinga frá fermingu til 20 ára aldurs; í þessum skólum mundu svo unglingarnir, miklu betur þroskaðir en börnin, geta lært meira á tiltölulega stuttum tíma, en þeir hefðu getað lært áður á unga aldri sem börn.

Jeg hef heyrt menn segja um pilta á skólanum á Akureyri, að fyrst í stað stæðu þeir piltar sig betur, sem kæmu af barnaskólanum, en þeir, sem kæmu á skólann án skólaundirbúnings, en strax þegar fram í sækir, þá dragast barnaskólapiltarnir aptur úr hinum;

þetta liggur í því, að ein hlið skynseminnar, næmið, þroskast hjá því barni, sem snemma byrjar á bóknámi, en við það liður skilningurinn, svo hann þroskast ekki að sama skapi; en hjá hinum, sem ekki venjast eins miklum utan að lærdómi, og eru vön að gjöra sjer margt skiljanlegt upp á eigin hönd, þroskast einmitt skilningurinn miklu betur, og næmið kemur af sjálfu sjer við æfinguna í skólanum.

Jeg hef tekið eptir því sama hjer í latínuskólanum, eða, sem hann nú er kallaður, hinum almenna menntaskóla; svo var það að minnsta kosti í minni tíð þar. Þeir piltar, sem komu hjer úr barnaskólanum í Reykjavík, sköruðu optast fram úr sveitarpiltunum í næmi, en þegar frá leið, skutu sveitapiltarnir Reykjavíkurpiltunum aptur fyrir sig, af því skilningur þeirra var þroskaðri, og þeir hjeldu optast efri sætunum gegn um allan skólann.

Það má engan veginn skilja þetta svo, að jeg sje á móti barnaskólum almennt; þvert á móti; jeg viðurkenni fyllilega yfirburði skólanna, fram yfir heimafræðsluna, í mörgum atriðum, einkum í kaupstöðum og öðrum þeim stöðum, þar sem önnur kennsluaðferð ætíð hlýtur að verða örðug; en jeg held, að betra sje að láta sveitarhjeruðin sjálf ráða í þessu efni, en það væri tekið til alvarlegrar íhugunar, hvort ekki væri hægt að koma upp unglingaskólum fyrir landsveitirnar sjerstaklega. Á þetta atriði legg jeg mjög mikla áherzlu. Að því er sunnudagaskóla snertir, er jeg á sama máli og hæstv. ráðherra og sjerstaklega er jeg á móti því, að slíkir skólar nytu landssjóðsstyrks, því jeg álít, að þeir geti aldrei gjört neitt verulegt gagn til sveita.

Þar sem hjer er að ræða um svo afar vandasamt og yfirgripsmikið mál, mál sem grípur svo mjög inn í allt líf þjóðarinnar, eins og þetta gjörir, þá álít jeg að heppilegast væri fyrir málið sjálft, að frumv. þetta gengi ekki fram á þessu þingi, bæði til þess, að ennþá betur mætti undirbúa það, og ekki sízt til þess, að þjóðin gæti fengið tækifæri til að athuga það og láta uppi álit sitt um það.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Það gleður mig mjög, að undirtektirnar undir breyt.till. nefndarinnar eru yfirleitt góðar. og er jeg háttv. deild þakklátur fyrir það.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. hjelt fram um skólaskylduna, skal jeg taka það fram, að jeg álít það óhæfilegt og óheppilegt, ef almenn skólaskylda yrði lögleidd, án þess að leitað væri atkvæðis þjóðarinnar; og jeg er ekki í neinum vafa um það, hver dómur þjóðarinnar yrði í því efni; hún mundi einróma kveða nei við skólaskyldu barna; enda er jeg viss um það, að almenn skólaskylda, með öllum þeim kostnaði, er henni fylgir, yrði fjárhagslegur dauði fyrir þessa þjóð. Það vakti fyrir nefndinni, að leyfa ætti, með vissum takmörkum, þeim sveitarfjelögum, sem þættust hafa krapt til þess og eindregið vildu það, að innleiða hjá sjer skólaskyldu; með öðrum orðum nefndin vildi ekki banna þeim það.

Sunnudagaskólar verða að líkindum ekki víða notaðir; en þar sem svo háttar til, að hægt er að halda þá, er engin ástæða, að því er mjer virðist, til þess að láta þá ekki verða styrks aðnjótandi úr landssjóði; það eru fullar líkur til, að þeir verði ekki settir á stofn annarsstaðar, en í þjettbýlum sveitum. Nefndin reyndi að hafa ákvæðin um þá sem víðust, til þess að hvetja menn til að koma þeim á stofn, þar sem atvik og landshættir leyfðu

það, og yfir höfuð reyndi hún að hafa ákvæðin sem frjálslegust.

Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) talaði um, að heppilegt mundi vera að stofna unglingaskóla fyrir unglinga 14—20 ára að aldri. Fyrir þessa menn eru til skólar í landinu, gagntræðaskólarnir á Akureyri og í Flensborg; jeg fyrir mitt leyti held, að þeir sem líklegastir væru til að ganga á þessa unglingaskóla, ef þeir væru til, vildu heldur taka allan »kúrsusinn« á gagnfræðaskólunum, en fara á þessa unglingaskóla. Þar að auki er ramminn svo viður, sem lögin setja um skólana, að ákvæði þeirra munu einnig ná til þess konar unglingafræðslu.

Framsögumaður Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Jeg get sömuleiðis verið þakklátur háttv. deild fyrir hinar góðu undirtektir undir breyt.till. nefndarinnar og frumv. í heild sinni. Háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) kvað ýms vandkvæði vera á því, að lögleiða þetta frumv. nú á þessu þingi, eins og það liggur hjer fyrir, og að það ætti að gefa þjóðinni kost á, að ræða það og athuga. Því verður ekki neitað, að þetta á við talsverð rök að styðjast; en ef breyt.till. nefndarinnar verða samþykktar, þá er hver sveit sjálfráð um að skipa fræðslumálum sínum eins og hún vill; hún getur haldið því fræðsufyrirkomulagi, sem er, eða breytt því eptir vild sinni, og sjerstaklega ræður hún sjálf, hvort hún vill lögleiða hjá sjer skólaskyldu; en það er einmitt hið varhugaverðasta atriði frv., eins og það liggur fyrir háttv, deild.

Að því er hin nýmælin snertir, skilyrðin fyrir styrkveitingum, fræðslu kröfur, prófin, yfirstjórn fræðslumála o. fl., er allt öðru máli að gegna; þar sje jeg ekki eptir hverju er verið að bíða; fyrst þarf einmitt að tiltaka markmið það, er fræðslan á að stefna að, gefa fræðslunni aðhald með prófum, örva hana með því að setja skilyrði fyrir styrkveitingum, skipa fræðslunefndir o. fl.

Þessi atriði eru ekki svo löguð, að nokkur ástæða sje til þess að bíða eptir atkvæði þjóðarinnar um þau. Jeg get að ýmsu leyti verið háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) samdóma um unglingaskóla, en það mál liggur fyrir utan þetta frumv., sem að eins snertir barnafræðslu, og fann nefndin því enga ástæðu til að taka það til íhugunar í sambandi við barnafræðsluna, enda hafði hún nóg að gjöra við íhugun þessa fyrirliggjandi frumv.

Jeg vil svo vona, að breyt.till. nefndarinnar fái góðan byr hjá hinni háttv. deild, og að þær verði samþ.

Ráðherrann: Ef hjer væri að ræða um þá skólaskyldu, að sveitirnar væru skyldaðar til að hafa sjerstaka fasta skóla með hálaunuðum föstum kennurum, þá gæti jeg verið háttv. varaforseta (J. Jak.) samdóma um hina fjárhagslegu hættu fyrir þjóðina, sem af henni gæti leitt; en hjer er alls ekki um neitt slíkt að ræða. Umgangskennarar eru ekki svo hátt launaðir, að það gæti verið neinn fjárhagslegur voði, hvað þá heldur dauði fyrir þjóðina, að launa þá.

Hið annað atriði, sem fundið hefur verið að, sem sje að ætlazt er til, að þeir, sem sjá börnum sínum fyrir fræðslu utan skóla, greiði eigi að síður skólagjöld sem aðrir, kemur einmitt einnig fram í fræðslusamþyktum nefndarinnar. Fræðslusamþykktirnar ráða ekki bót á óánægju þeirri, sem risið gæti út af skólaskyldunni í þessu tilliti. Það má ætíð búast við því, að allir íbúar fræðsluhjeraðsins yrðu ekki á eitt sáttir um skólaskyldu; jafnvel mikill minni hluti verður að beygja sig undir ákvæði lítils meiri hlnta, og

gæti þá hjá þeim hluta, er undir yrði, vaknað, og frá honum dreifzt út megnasta óánægja út af gjöldunum; vjer þekkjum allir, hvernig gengur með hjeraðssamþykktir, t. d. í fiskiveiðamálum; menn eru miklu óánægðari með þær, en kvaðir, sem almenn lög leggja á herðar.

Viðvíkjandi undirbúningi þessa máls, skal jeg geta þess, að álits manna, sem helzt hafa við alþýðufræðslu fengizt, hefur verið leitað, svo sem kennaranna við Flensborgarskólann og Möðruvalla- eða nú Akureyrar-skólann.

Jeg veit ekki betur, en að kennarafjelagið hafi tekið þetta mál til rækilegrar íhugunar og getizt vel að stefnu frumv. Þetta er eitt af þeim málum, sem þjóðina varðar mestu og sem nauðsynlegt er að fái sem rækilegastan undirbúning. En þar sem nú $^2/_3$ hlutar þingtímans eru búnir, þá eru öll líkindi til, að málinu verði ekki ráðið til lykta á þessu þingi, því búast má við, að Nd. þurfi töluverðan tíma til að athuga málið, eins og þessi háttv. deild.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv): Jeg skal geta þess í tilefni af því, sem hinn hæstv. ráðh. sagði í enda ræðu sinnar, að það hryggir mig ekki, þótt málið verði geymt til næsta þings. Þessu máli hefur ekki verið sýndur nægur sómi; það þarf að leggja það á þingmálafundum fram fyrir þjóðina. Jeg held, að það væri heppilegast, að málið væri samþykkt hjer, og Nd. gæfist kostur á að íhuga það, en svo látið bíða til næsta þings, svo þjóðin gæti látið vilja sinn í ljósi.

Hvað það snertir, að mönnum hafi getizt vel að stefnu frumv., þá ber þess að gæta, að málið hefur því nær eingöngu verið rætt af þeim mönnum, sem hafa haft atvinnu sína af kennslu, og gjört hana að lífsstarfi sínu, en ekki af þeim, sem þetta á að koma að gagni — þjóðinni.

Hver er sjálfum sjer næstur, og eigingirninnar sterka hvöt hefur ósjálfrátt látið kennarana leggja aðaláherzluna á skólahliðina, á kostnað heimafræðslunnar. Jeg vildi, að frumv. þetta yrði ekki að lögum, fyr en þjóðin hefur rækilega íhugað það, því að það er eitt hið mesta — ef ekki allra mesta — velferðarmál hennar.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (329) við 1. gr. sþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (329) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (329) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. svo breytt sþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (368) við fyrirsögn I. kafla samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (329) í stað II. kafla komi nýr kafli (4.—8. gr.).

4. gr. samþ. í e. hlj.

5. — — - - —

6. — — - - —

7. — — - - —

8. — — - - —

5. breyt.till. (329) um fyrirsögn II. kafla samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. við 9. gr. sþ. í e. hlj.

7. — — — — — - - —

8. — — — — — - - —

9. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (329) við 10. gr. samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (329) við 10. gr. samþ. í e. hlj.

10. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.

11. breyt.till. við 11. gr. sþ. í e. hlj.

11. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.
12. breyt.till. við 12. gr. samþ. í e. hlj.
12. gr. svo breytt sþ. í e. hlj,
Fyrirsögn III. kafla sþ. í e. hlj.
13. breyt.till. við 13. gr. sþ. í e. hlj.
13. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.
14. breyt.till. (329), ný grein; samþ. í e. hlj.
15. breyt.till. við 14. gr. sþ. í e. hlj.
16. — — 15. — — - - —
17. — — 15. — — - - —
18. — — 15. — — - - —
19. — — 15. — — - - —
20. — — 15. — — - - —
15. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.
21. breyt.till. við 16. gr. samþ. með 11 gegn 2 atkv.
22. breyt.till. við 17. gr. sþ. í e. hlj.
17. gr. svo breytt sþ. í e. hlj,
Fyrirsögn IV. kafla sþ. í e. hlj.
23. breyt.till. (329) við 18. gr. sþ. í e. hlj,
24. breyt.till. (329) við 19. gr. samþ. í e, hlj.
19. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.
25. breyt.till. (329) við 20. gr. samþ. með 12 atkv.
20. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
26. breyt.till. (329) við 21. gr. samþ. í e. hlj.
21. gr. svo breytt sþ. í e. hlj.
27. breyt.till. (329) við 22. gr. samþ. í e. hlj.
28. breyt.till. (329) við 23. gr. samþ. í e. hlj.
29. breyt.till. við fyrirsögn V. kafla sþ. í e. hlj.
30. breyt.till. (329) við 24. gr. samþ. í e. hlj.
31. breyt.till. við fyrirsögn VI. kafla samþ. í e. hlj.
25. gr. frv. sþ. í e. hlj.
32. breyt.till. (329) við 26. gr. samþ. í e. hlj.
26. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn VII. kafla samþ. í e. hlj.
33. breyt.till. um fyrirsögnina samþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

A 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst kom frumv. til 3. umr. (A. 401, 422),

Framsögumaður Björn M. Olsen (3. kgk.þm.): Þetta mál fjekk svo góðar undirtektir við 2.umr., að jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða mikið um það. Þessar góðu undirtektir glöddu mig mjög mikið, því þær virtust benda á, að nefndin hefði farið rjetta leið í þessu máli. Það var þó eitt atriði, sem olli nokkrum ágreiningi, en það var liðurinn um sunnudagaskólana. Sjerstaklega held jeg, að menn hafi álitið erfitt, að fullnægja skilyrðinu fyrir styrkveitingu, og talið lítil líkindi til, að unnt væri að koma svona skólum á fót. Það getur nú líka verið, að sumstaðar yrði erfitt, að halda skólann 26 sinnum á ári, en víðast hvar er mönnum engin vorkun á því. Jeg ætla að leyfa mjer, að fara fáeinum orðum um þetta mál, með sjerstöku tilliti til þess, að vel gæti verið, að tilraun yrði gjörð til að veita eitthvað á fjárlögunum, til þess að styrkja menn til að koma upp sunnudagaskólum. Jeg man ekki eptir, að nokkur væri í vafa um það, að þeir mundu geta gjört gagn, og jeg fyrir mitt leyti er hjartanlega sannfærður um, að þeir muni reynast sjerstaklega hentugir til að styðja heimafræðsluna og fylla í skörðin þar sem henni er ábótavant. Í nefndarálitinu er tekið fram, að ýmislegt mætti kenna í sunnudagaskólanum af því, sem frumv. krefst, að börnin kunni, t. d. að nota kort, læra ættjarðarkvæði og syngja þau o. s. frv. Vanalega mun vera einhver organisti í hverri kirkjusókn, og hann gæti þá leiðbeint börnunum í söng.

Nefndin hefur hugsað sjer, að í þessum skólum verði mest áherzla lögð á að vekja og glæða fróðleiksfýsn barnanna, en minna á utanbókarlærdóm. Skólarnir eiga að vera svo aðlaðandi sem unnt er, svo börnin jafnframt skemmti sjer. Þau hafa í skólanum tækifæri til að hitta jafnaldra sína, hafa áhrif á þá og taka á móti áhrifum af þeim, en við það víkkar sjóndeildarhringurinn út yfir hið þröngva svið heimilisins, og við það bætist nokkuð úr einum hinum helzta annmarka, sem er á heimafræðslunni. Allir skólamenn vita, hve mikilsvert samlíf barnanna er í hverjum skóla fyrir andlegan þroska þeirra. Það er alls ekki skoðun nefndarinnar, að aðaláherzluna eigi að leggja á kristin fræði í þessum skólum; auðvitað ætti að kenna þau með öðru, en þau ættu ekki að vera ein um hituna. Helzta mótbáran á móti þessum skólum var, að erfitt mundi verða, að halda þá nema endrum og sinnum. Jeg skal játa það, að það mundi verða erfitt í sumum sveitum, en jeg held, að menn gjöri of mikið úr þessum erfiðleikum. Í minu ungdæmi var það að minnsta kosti altítt, að stálpuð börn komu með foreldrum sínum til kirkju bæði vetur og sumar, og þó kirkjurækninni hafi nokkuð farið aptur á síðari árum, þá mun þetta þó vera alltíður siður enn þá. En hafi börn getað farið til kirkju á vetrum áður, þá sje jeg ekki, að neinir örðugleikar sjeu á því, að þau geti sótt sunnudagaskóla nú. Gæti sunnudagaskólinn stutt að kirkjurækni ungra og gamalla, væri það ekki heldur einkisvert. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en snúa mjer að þeim br.till., sem fram eru komnar.

1. breyt.till. við 1. gr. fer fram á að bætt sje inn í tilvísan til 20. gr. Þetta þótti nefndinni rjettara.

2. breyt.till. við 4. gr. gengur út á það sama. 3. breyt.till. við 6. gr. hljóðar þannig, að í stað »greidd hafa verið« á að koma »á fundi eru«. Það virðist mjer, að hjer gildi alveg sama regla um samþykkt frumvarpsins í heild sinni og um samþykkt á breyt.till.; að minnsta kosti má ekki gjöra breyt.till. hærra undir höfði en sjálfu frumv. eða heimta færri atkv. þeim til samþykktar, en til samþykktar frumv.

Í 4. breyt.till. við 6. gr. er að eins bætt inn í tilvísun til 25. gr.

5. breyt.till. við 8. gr. fer fram á, að í stað »hreppssjóði« komi:»sveitarsjóði«. Sveitarsjóður grípur nefnilega bæði yfir hreppssjóði í hreppum og bæjarsjóði í kaupstöðum, en hjer er átt við þetta hvorttveggja, og því álítum vjer heppilegra, að hafa það orð.

6. breyt.till. við 12. gr. er að eins gjörð til þess að laga villu í tilvísun, sem orðið hefur, þegar frumv. var fært í stílinn eptir 2. umr.

7. breyt.till. við 16. gr. fer fram á, að í stað »2. mánaða« komi: »8 vikur«. Eiginlega er hjer engin efnisbreyting. Að eins er tíminn talinn í vikum í staðinn fyrir í mánuðum. Við búumst við, að farskólarnir flytji sig opt og sjerstaklega á vikumótum, og álítum því heppilegra að miða við vikur, en mánuði.

8. breyt.till. við 17. gr. er að eins til að laga málið, sem hefur aflagazt við breyt.till., sem var gjörð.

9. breyt.till. við 17. gr. er sömuleiðis orðabreyting.

10. breyt.till. er aptur á móti efnisbreyting. Jeg tók það fram, fyrir nefndarinnar hönd hjer áður, að við hefðum ætlazt til, að umsjónarmaður stjórnarinnar hefði ekki að eins umsjón með barnafræðslunni, heldur líka æðri menntuninni; nú hefur okkur hugkvæmzt, að heppilegra mundi, að

stjórnin hefði rjett til að velja fleiri menn, ef henni þætti þörf, til að gefa sjer leiðbeiningar í ýmsum greinum fræðslumálanna. Það er ekki víst, að alltaf sje völ á manni, sem er svo fjölhæfur, að hann geti leiðbeint bæði í meðferð hinna lægri og hinna æðri fræðslumála.

11. breyt.till. við 25. gr. er að eins orðabreyting; í stað »á fjárlögum« komi: »í fjárlögum». Þetta er fallegra mál.

Jeg held, jeg hafi gjört grein fyrir breyt.till. nefndarinnar, og hef því ekki fleira að athuga. Jeg vil að eins óska þess, að þetta frumv. geti orðið til góðs fyrir hina uppvaxandi kynslóð, tyrir alda og óborna.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Hinn háttvirti framsm. (B. M. Ó.) talaði svo mikið um það, sem var samþykkt við 2. umr., að jeg held, að það væri að bæta gráu ofan á svart, ef jeg færi líka að tala um það. Jeg get ómögulega fallizt á, að ákvæðin um sunnudagaskólana sjeu heppileg, það er auðsjáanlegt, að þau verða ekki annað en pappírslög, sem aldrei koma í framkvæmd. Og jeg get ekki neitað því, að mjer finnst það undarlegt, að stryka út ákvæðin um heimavistarskóla, sem þegar eru þó til og dæmi eru til að hafa gjört gagn og það án styrks, og setja þetta svo í staðinn.

Háttv. framsm. (B. M. Ó.) talaði um. að heimavistarskólarnir mundu verða svo dýrir, og ef kennararnir ættu að verða að gagni, þá yrði að borga þeim svo mikið. En jeg er nú ekki alveg viss um, að kennararnir verði þeim mun betri, því meir sem þeim er borgað, en jeg gæti hugsað, að meira væri komið undir því, að mennirnir væru virkilega »interesseraðir«, sem kennsluna stunduðu. Það vill nú svo vel til, að jeg hef reynsluna fyrir mjer með einn heimavistarskóla, og jeg hef sjálfur sent unglinga á hann, og það gefizt mjög vel. Og skólakostnaðurinn hefur ekki verið meiri en það, að fátækir menn hafa vel getað sent börn sín þangað. Kostnaður hefur verið kring um 4 krónar á viku.

Eptir minni meiningu, þá eru breytingar þær, sem gjörðar hafa verið við 2. umr. í þessu tilliti, algjörlega órökstuddar, og hafa spillt frumv. Þar sem háttv. framsm. (B. M. Ó.) hjelt því fram, að unglingarnir gætu farið á sunnudagaskólann um leið og þeir færu til kirkju, þá skal jeg láta þess getið, að nú er miklu breytt í því efni, frá því, sem var í ungdæmi hans; kirkjuferðir eru nú ekki nærri því eins tíðar og áður, svo jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að kirkjuræknin muni ekki hjálpa þessum sunnudagaskólum við. Jeg skal taka það aptur fram, að mjer finnst nefndin hafa kippt úr frumv. mjög heppilegum ákvæðum um heimavistarskóla, en sett eintóman hjegóma í staðinn. Jeg gjörði ekki neina breyt.till. við 8. gr. Jeg býst ekki við, að frumv. verði afgreitt sem lög frá þinginu í þetta sinn, enda býst jeg við, að það hefði gott af að vera athugað betur.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er mótfallinn 10. breyt.till. við 25. gr. frumv. á þgskj. 422, um að stjórninni sje heimilt, að hafa fleiri en einn mann til framkvæmda í þessu efni. Jeg held, að þessi breyting mundi verða til mikils skaða, því að ef fleiri eru en einn við þennan starfa, þá er miklu hættara við ósamræmi og hættara við, að þetta yrði veitt sem bitlingar handa ýmsum, er öðrum störfum hafa að gegna og mundu hafa þetta í hjáverkum; en ef þetta væri falið einum manni, mundi

hann gefa sig allan við því, verða meira samræmi í kennslumálunum og öllu, er að þessu máli lýtur og störfin betur af hendi leyst. Það veitir eigi af manni, er eigi hafi annan starfa á höndum, en á hinn bóginn álít jeg, að þetta sje eigi ofvaxið einum manni, ef hann má gefa sig eingöngu við því. Verði frumv. þetta að lögum, þarf líka undirbúning eigi alllitinn, og hann hygg jeg að einn maður leysi svo af hendi, að mest verði samræmi í. 9. breyt.till. við 17. gr. frumv. fæ jeg eigi heldur sjeð að sje til bóta, en þó get látið mjer nokkuð á sama standa um hana.

Forseti: Mjer hefur borizt beiðni frá 5 háttv. þm. um að hætta umr., og vil jeg leyfa mjer að bera hana undir atkv. háttv. deildar.

ATKVGR.: Samþ. að hætta umr. með 9 shlj. atkv.

1. breyt.till. (422) við 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (422) við 3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (422) við 6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (422) við 6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (422) við 8. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (422) við 12. gr. frumv. samþ. án atkvgr.

7. breyt.till. (422) við 16. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (422) við 17. gr. frumv. samþ. án atkvgr.

9. breyt.till. (422) við 17. gr. frumv. samþ. með 11 shlj. atkv.

10. breyt.till. (422) við 25. gr. frumv. samþ. með 7 : 1 atkv.

11. breyt.till. (422) við 25. gr. frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþ. með 11 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 40. fundi Nd., laugardag 19. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 445).

Ráðherrann: Frumv. þetta hefur tekið verulegum breytingum í Ed., en verst er þó, hve lengi það hefur verið á leiðinni. Jeg tel tilgangslaust, að tala um þær breytingar, sem eru orðnar á frumv., því jeg býst við, að háttv. deild þyki ekki annað hlýða, en að setja málið í nefnd, og leyfi jeg mjer því að stinga upp á, að því verði vísað til nefndarinnar, sem kosin var í kennaraskólamálið.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 23 atkv.

Vísað til kennaraskólanefndarinnar með 23 atkv.

Á. 42. fundi Nd., mánudag 21. ágúst, fjekk forseti frá nokkrum þingdm. svo látandi skjal:

»Undirritaðir þm. óska, að frumv. til laga um kennaraskóla og frumv. til laga um fræðslu barna o. fl. verði tekið á dagskrá á morgun«.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1905. Þórhallur Bjarnarson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Jón Jónsson, Hermann Jónasson, Björn Kristjánsson, Pjetur Jónsson, Jóhannes Ólafsson, Stefán Stefánsson, þm. Eyf., Magnús Andrjesson, Ólafur Briem.

Á næsta fundi, þriðjudag 22. ágúst, bar forseti undir atkv. deildarinnar, hvort taka skyldi frumv. inn á dagskrá, en það var fellt með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,

Björn Bjarnarson, Björn Kristjánsson,
Einar Þórðarson, Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson, Guðl. Guðmundss.,
Hannes Hafstein, Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson, Herm. Jónasson
Magnús Andrjess., Jóh. Ólafsson,
Ólafur Briem, Lárus H. Bjarnas.,
St. Stef., 2. þm. Skf., Magnús Kristjánss.,
Þórh. Bjarnarson. Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,
Pjetur Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Tryggvi Gunnarss.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 2. umr (A 445, 491,494,556).

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skf.): Ed. gjörði mikla og gagngjörða breytingu á þessu frumv., sjerstaklega að því, er snertir einn kafla frumv., kaflan um skólaskyldu, sem Ed. nam í burt, en setti í hans stað kafla um fræðslusamþykktir í hjeruðum. Nefnd sú, sem fjallað hefur um málið hjer í deildinni, getur fallizt á þessa breytingu og álítur, að hún sje heldur til bóta eptir því, sem nú stendur á hjá oss. Það er varhugavert, að lögleiða skólaskyldu, meðan svo örðugt er að fá góða kennara, þar sem ekki er enn kominn á almennilegur kennaraskóli, svo skortur mundi verða á kennurum, ef skólaskyldan væri leidd í lög. Strjálbyggðin hlýtur og að gjöra skólasókn örðugri hjer en víða annarsstaðar, það má nú samt búast við, að skólaskyldan verði lögleidd síðar, þegar völ er orðin á nógu mörgum og góðum kennurum; en það er naumast enn kominn tími til þess. Nefndin er því í þessu atriði samþykk gjörðum háttv. Ed.

Önnur breyting, eða öllu heldur viðauki við frumv. er það, sem Ed. hefur gjört, þar sem hún hefur lagt til, að settir verði eptirlitskennarar við heimafræðsluna, góðir kennarar, sem fara fram og aptur um sveitirnar, og eru tíma og tíma á hverjum stað, til þess að líta eptir, hvernig börnum fer fram og setja þeim fyrir og leiðbeina við heimafræðsluna. Þessi viðauki álítur nefndin að sje til bóta.

Þriðja nýmæli Ed. er það, að stofnaðir verði sunnudagaskólar og þeir verði styrktir úr landssjóði. En það lítur helzt út fyrir, að háttv. Ed. hafi ekki verið það vel ljóst, hvernig slíkum skólum er fyrirkomið erlendis, þar sem talað er um í nefndarálitinu, að slíkir skólar, sem hún stingur upp á, eigi sjer víða stað. En nefndinni hjer í deildinni er ekki kunnugt um, að sunnudagaskólar með því fyrirkomulagi sjeu til annarsstaðar; (einhver: Jú, víða!). Ed. gjörir ráð fyrir, að ýms fræði sjeu kennd í þeim, eins og t. d. landafræði o. fl., og á það að vera nokkurs konar viðbót við unglingafræðsluna, en sunnudagaskólar erlendis eru, að svo miklu leyti, sem mjer er kunnugt, helzt trúarlegs eðlis með bibliuskýringum og uppbyggilegum hugleiðingum, og á það að vera nokkurs konar viðbót við barnafræðsluna í kristindómi. Það verður líka að líta svo á, sem sunnudagurinn sje kirkjunnar dagur, og ekki verði ætlazt til, að önnur störf fari fram á þeim degi, enda eru ýmsir menn í nefndinni nýmæli þessu mótfallnir, og nefndin hefur komið fram með breyt.till. um, að grein sú, sem ræðir um sunnudagaskólana, verði felld burt úr frv. Þess er líka getið í nefndaráliti Ed., að sunnudagaskólar þessir verði haldnir í kirkjum og þinghúsum hreppanna, og að menn kenni þar endurgjaldslaust. Jeg veit nú ekki, hvernig nefndin getur búizt við þessu.

Í útlöndum eru það einkum kirkjunnar menn, prestar og aðrir, sem við kirkjumál eru riðnir, sem halda sunnudagaskólunum uppi, af áhuga fyrir trúar- og kirkjumálam, en að menn almennt fari að kenna hjer ýmsar fræðigreinar á sunnudögum og það endurgjaldslaust, því býst jeg varla við.

Þá er enn eitt, sem háttv. Ed. hefur breytt í frumv., eins og það kom frá stjórninni. Stj.frumv. fór fram á, að maður yrði skipaður af ráðherra til þess, að hafa á hendi eptirlit með barnaskólum og alþýðufræðslu, en Ed. hefur breytt þessu, líklega til þess að forða því, að úr þessu yrði nýtt embætti, og að þóknun fyrir eptirlit þetta væri sett í fjárlögin, og nefndin hjer í deildinni er í sjálfu sjer ekkert á móti því. En svo hefur Ed. kveðið svo á, að mennirnir eigi að vera »einn eða fleiri«, sem eptirlit þetta hafa á hendi. Ed. hefur ekki fært nein rök fyrir, að þetta sje nauðsynlegt, og nefndin hjer í deildinni hefur ekki fundið neinar ástæður fyrir því. Hún hefur raunar heyrt, að eptirlitið ætti ekki einungis að vera með barnaskólum, heldur með æðri skólum líka. En þá á það ekki heima í þessu frumv., að ákveða neitt um það. Þess vegna hefur nefndin hjer í deildinni komið með þá breyt.till., að orðin »einn eða fleiri« sjeu aptur felld burtu. Það vakti fyrir nefndinni, að maður þessi ætti ekki einungis að vera stjórninni til aðstoðar og sitja í Reykjavík, heldur ætti hann að ferðast sem mest um landið, og vekja menn til framkvæmda í fræðslumálum og leiðbeina þeim um allt, sem að kennslumálum lýtur.

Smábreytingar þær, sem vjer leggjum til að gjörðar sjeu á frumv., vonum vjer, að háttv. Ed. geti fallizt á, og sje því engin hætta að samþ. þær. Það getur ekki orðið sá ágreiningur út af þeim, að frumv. nái ekki alveg eins fram að ganga fyrir þær.

Sumum háttv. nefndarmönnum þóttu kröfurnar um kunnáttu barna, sem eru 14 ára að aldri, nokkuð harðar og voru hikandi í að samþykkja þær, meðan ekki er betri trygging fyrir því, að hægt sje að fá góða kennara. Sjerstaklega var það þó 4. og 5. liðurinn,—einkum landafræðin— sem var þeim þyrnir í augum. Og einn háttv. nefndarmaður benti á það, að í sumum sveitum, þar sem hann þekkti til, mundi mjög erfitt að fullnægja kröfum þessum.

Þó var öll nefndin samdóma um það, að í sjálfu sjer væru þessar kröfur alls ekki of háar eða harðar, og enda þótt þeim yrði ekki fyllilega fullnægt allsstaðar í bráðina, þá væri þó rjett, að gjöra þær og reyna að fullnægja þeim eptir því, sem föng væru á, og færa sig smátt og smátt upp á markið. Ef það ætti að bíða eptir því, að full vissa yrði fengin fyrir því, að kröfunum yrði fullnægt, þá gæti það orðið nokkuð löng bið, ekki sizt ef kennaraskólafrumv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi.

Nefndin áleit rjett, að fara sem allra vægilegast í því, að koma fram ábyrgð á hendur mönnum, þó kröfunum yrði ekki fullnægt sem bezt, ekki sizt í sveitum, þar sem mjög erfitt væri að fá hæfa kennara.

Varhugavert þótti nefndinni það, að sýslunefnd skyldi skipa prófdómanda, en fræðslunefnd ákveða próftíma, því vel gæti það rekið sig óþægilega á, ef fræðslunefndir t. d. ákvæðu próf á 2—3 stöðum sama dag, en sýslunefnd hefði skipað sama prófdómanda á báða eða alla staðina. Heppilegra væri, að sýslunefnd skipaði prófdómanda og ákvæði einnig tímann, en heppilegast mundi að haga þessu eins

og stjórnarfrumv. ætlaðist til, og láta öll ákvæði, sem snerta prófin, vera reglugjörðarákvæði, en ekki laga. Það er alltaf auðveldara, að breyta reglugjörðum en lögum, og þessvegna ættu öll þau ákvæði, sem miklum breytingum eru undirorpin, að vera reglugjörðarákvæði.

Það er eitt athugavert atriði í 16. gr. (IV. kafla), að hvert barn verði að njóta 8 vikna kennslu í farskóla á ári til þess, að skólinn geti fengið styrk úr landssjóði. Þetta gæti orðið til þess, að skólinn tapaði styrk, ef eitt barnið t. d. yrði veikt og gæti ekki notið kennslunnar nema í 6—7 vikur, og væri það mjög ranglátt, svo vonandi er, að því verði ekki beitt stranglega, þó það standi svo, enda mun þetta ekki vera ætlun laganna.

Enn fremur er í 17. gr. ákvæði um það, að kennarar skuli kenna 5—6 stundir á dag. Það er í raun rjettri allt of mikið heimtað, og væru slík ákvæði betur sett í reglugjörð en lögum.

Þetta eru helztu athugasemdirnar, sem jeg finn ástæðu til að gjöra í þetta sinn. Vil jeg vona, að háttv. deild leyfi málinu fram að ganga, og sömuleiðis, að hæstv. forseti taki frv. svo fljótt á dagskrá, að Ed. gefist tækifæri til að athuga það; því vel getur verið, að við 3. umr. verði gjörðar smábreytingar á frumv. í samráði við Ed.

Um tillöguna á þgskj. 491 hef jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Meiri hluti nefndarinnar áleit hana ekki heppilega, því miklar líkur eru til, að menn fallist ekki á það, að kristindómsfræðslan sje ekki lögskipuð. Háttv. flutningsmenn munu færa ástæður sínar fyrir þessari tillögu.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk): Jeg á breyt.till. við þetta frumv. með háttv. þm Sfjk. (J. J.) þess efnis, að 3. stafliður í 2. grein falli burt. Jeg vil strax lýsa yfir því, að þessi breyt.-till. er alls ekki sprottin af illum hug til kirkju eða kristindóms, því fer fjarri, en vjer lítum svo á, sem þetta ákvæði frumv. leggi harðan fjötur á skoðanafrelsi manna og trúarfrelsi -- fjötur sem þar að auki að okkar hyggju fer í bága við stjórnarskrána.

Ekkert frelsi er jafn dýrmætt og það að vera frjáls að hverskonar lífsskoðun eða trúarskoðun. Fullt trúarfrelsi höfum vjer ekki hjer á landi; menn eru á ýmsan hátt hlekkjaðir við þjóðkirkjuna og hennar trú, en vjer höfum þó að undanförnu fremur færzt í frelsisáttina; þannig hefur verið leyft borgararlegt hjónaband og ýms höpt leyst af utanþjóðkirkjumönnum. Sú skoðun er meir og meir að ryðja sjer til rúms, að kirkjuna beri að skilja frá ríkinu, að ríkið eigi ekki að styðja ein trúarbrögð öðrum fremur, að trúarfrelsi manna eigi að vera fullt og óskert í alla staði.

Eptir ákvæðum frumv. á hvert barn, sem er 14 ára að aldri, að hafa lært svo mikið í kristnum fræðum, sem útheimtist til fermingar, og hjer er auðvitað átt við lúterska fermingu; en hvernig eiga nú katólskir foreldrar eða foreldrar, sem hafa einhverja aðra trúarskoðun, en þá lútersku, að lúta þessu ákvæði? Þetta fer beinlínis í berhögg við stjórnarskrána. Þegar kennslan er kostuð af almannafje, þá á að haga því svo, að *allir* geti látið börn sín njóta hennar. Það er beint brot á trúarfrelsi manna, að heimta það, að börn *skuli* læra ákveðin trúarbrögð. Trúarbragðakennslan er bezt komin í höndum foreldranna og þess prests, sem þau hafa. Þetta er og að

miklu leyti í samræmi við skoðun þess manns, sem hefur rannsakað og undirbúið fræðslumálin; hann hefur að vísu ekki útilokað kristin fræði; en hann hefur lagt til, að kver yrði ekki kennt og vafalaust ætlazt til, að börnin skyldu ekki sett að kristindómsnámi, ef foreldrum væri það um geð.

Við búumst nú við, að það kunni að koma mótbárur gegn þessari till. okkar, að sumir muni halda því fram, að flestir sjeu sömu trúar hjer á landi og vilji því hafa þessa fræðslu og sjái ekki ástæðu til að hirða um þær fáu hræður, sem aðra trúarskoðun hafa. Það getur opt auðvitað verið rjettmæt krafa, að minni hluti lúti meiri hluta, en hjer er öðru máli að gegna; við álítum, að aldrei megi kúga nokkurn mann undir ákveðnar trúarbragðaskoðanir. Við álítum, að skoðanafrelsi manna sje svo dýrmætt, sje sá frumrjettur hvers manns, sem aldrei megi skerða.

Það mun einnig verða sagt, að það sje ekki tímabært enn að kippa þessari fræðslu burtu úr skólunum, að það eigi ekki að gjöra, fyr en kirkjan sje skilin frá ríkinu. En hugir manna eru þegar farnir að færast í þessa átt, og þá getum við ekki sjeð, að það sje rjett að hopa á hæl, og fara nú að keyra kver og bibliusögur inn í skólana, inn í hvert einasta barnshöfuð.

Afnám trúarbragðakennslu í skólum og aðskilnaður ríkis og kirkju þarf heldur ekki að fylgjast að. Á Frakklandi var t. d. búið að nema trúarbragðakennsluna burt úr skólunum löngu áður en kirkjan var skilin frá ríkinu,

Jeg tek það fram aptur, að breyt.till, er ekki sprottin af óvild til kristindóms eða kristinna fræða; hún miðar að því, að menn megi halda óskertu trúfrelsi sínu, því frelsi, sem er dýrmætast af öllu sjálfstæði.

Arni Jónsson (þm. N.-Þing.): Eins og háttv, framsm. (St. St.) tók fram? er ekki langt síðan, að frumv. þetta kom fyrir deildina. Það er að eins ein vika, svo að lítill kostur hefur verið á, að ræða eða athuga málið; menn eru líka önnum kafnir, og nefndin, sem sett var til að íhuga frv., hefur haft tíma af mjög skornum skammti. Fyrir mjer er mál þetta mjög mikilsvert, en mjer finnst, að tíminn hafi verið svo lítill til þess, að átta sig á málinu, að jeg er í vafa um, hvort jeg get greitt því atkvæði, þegar til þess kemur, að láta það fara upp úr deildinni. Þetta er eitt af þeim málum, sem snertir alþýðu manna svo afar-mikið, og hefði hún því átt, að hafa mál þetta með höndum áður en það var lagt fyrir þingið, því að þetta mál snertir ekki að eins kjósendur, heldur alla, bæði konur og börn, eldri og yngri. Það munu margir vera út um landið, sem hafa búizt við því, að þegar að því kæmi, að frumv. um alþýðufræðslu væri lagt fyrir þingið, þá mundi það ekki verða gjört að lögum á því sama þingi, heldur að eins rætt, og mönnum síðan gefinn kostur á því, að láta skoðanir sínar í ljósi um málið. Þó að þetta mál hafi fengið góðan undirbúning, að því leyti, sem frumv. er upphaflega samið af þeim manni, sem allra mest hefur kynnt sjer fræðslumál hjer á landi, þá er það þó nú komið all-langt frá tillögum hans, því að bæði hefur stjórnarráðið breytt frv., og síðan hefur háttv. Ed. athugað það og gjört margar breytingar á því. Mjer finnst vera vel hugsanlegt, að 4. útgáfan komi hjeðan frá deildinni, ef nægur tími verður til þess, að athuga frumv. Jeg efast ekki um, að ef þessar 3 fyrri útgáfur eru bornar saman, þá verði nokkur munur á þeim. Það

eru nokkur atriði í frumv., sem mjer virðast annarsvegar ekki vera vel skýr, og annarsvegar ekki vel heppileg.

Háttv. framsm. (St. St.) gat þess, að sumir nefndarmenn hefðu álitið ákvæðin um, hvað heimta skyldi af 14 ára gömlu barni fara helzt til of langt, og mun þar hafa meint til mín. Sjerstaklega álít jeg, að nokkuð mikið sje heimtað í 4. lið 2. gr. í reikningskunnáttu, þar sem heimtað er, að börnin kunni brot, »flatarmál og rúmmál einföldustu líkama«, og að »þau skuli vera leikin í því, að reikna með lágum tölum í huganum«. Jeg er mjög hræddur um, að þetta sje til of mikils ætlazt. Að mínu áliti er mjög erfitt, að kenna börnum innan 14 ára almenn brot, því að skilningur þeirra á þeim aldri er ekki almennt orðinn nægilega þroskaður; það er fyrst, þegar þau eru á 15—16 ára aldri eða jafnvel eldri, að þau hafa gagn af og skilja þá reikningsgrein. Brot eru heldur strembin til að læra þau utan að, og það er nauðsynlegt, að skilja þau, ef nokkuð gagn á að verða að kennslunni. Tugabrot er miklu hægra að gjöra sjer grein fyrir; en almenn brot finnst mjer jafnvel muni verða erfiðara fyrir börnin að læra, en t. d. flatarmál og rúmmál. Þá er líka ákveðið, að börnin skuli hafa lært »nokkur einföld sönglög«, einkum við íslenzk »ættjarðarljóð«. Það er mikið gott, að börnin læri íslenzk kvæði og ættjarðarljóð. En hverning á þessi söngþekking að vera? Er það meiningin, að börnin eigi að syngja lögin eins og þau hafa heyrt þau, eða eptir nótum; mjer finnst, að þá fyrst sje hægt að tala um söngþekkingu, ef menn vita, hvernig sönglögin á að syngja eptir nótum. En skyldi það verða heimtað almennt hjer á landi af 14 ára börnum?

Þá talaði háttv. framsm. (St. St.) um prófin, og er jeg sammála honum um, að það sje ónákvæmt, og miður heppilegt, áð sýslunefndir ákveði prófdómendur, en fræðslunefndir prófdaga.

Þá finnst mjer ákvæðið í 10. gr. um þetta skriflega álit prófdómenda um barnafræðslu vera nokkuð óljóst. Til hvaða nefndar á að senda skýrslurnar? Hvort heldur til fræðslunefndar eða sýslunefndar? Ef það er til sýslunefndar, þá verður skýrslan að ganga til oddvita hennar, því að nefndin situr ekki nema einn fund á ári, en þetta stendur ekkert um, en hefði átt að vera fast ákveðið, Það stendur heldur ekkert um, innan hvaða tíma á að senda skýrslurnar, en það hefði nauðsynlega þurft, að ákveða tímann, til þess að það yrði ekki dregið von úr viti.

IV. kafli frumv. þarf að mínu áliti rækilegrar yfirvegunar við; í þessum kafla er talað um styrk úr landssjóði og laun kennaranna, en jeg fæ ekki betur sjeð, en að meginatriðið vanti, því ekkert er ákveðið um, hvaða menntun eða hæfilegleikum kennararnir eigi að vera búnir; en frá mínu sjónarmiði hefði það ákvæði átt að vera í lögunum, að menntun og hæfileikar kennaranna væru skilyrði fyrir launum; þetta hefði nauðsynlega þurft að taka fram.

Það ákvæði finnst mjer líka geta valdið misskilningi, að það er gjört að skilyrði fyrir styrk til skólanna úr landssjóði, að barn eigi að ganga 8 vikur í farskóla og kennari eigi að kenna 5—6 stundir á dag. Þetta fannst hv. framsm. (St. St., þm. Skgf.) einnig nokkuð varhugavert; yfir höfuð finnst mjer, að ekki verði hjá því komizt, að setja nákvæmar ákvæði inn í frumv. um þetta og fleiri atriði, sjerstaklega eins

og jeg tók tram, að ákveðið væri, við hvaða kennslumenntun landssjóðsstyrkur skyldi miðast. Það ei heldur ekki sem heppilegast og kemur ekki jafnt niður að fyrirskipa, eins og gjört er í 14. gr., að: »Upphæð landssjóðsstyrks til eptirlits með heimafræðslu, fer eptir því, hve mörg þau heimili eru, sem kennari hefur haft eptirlit með, og hve opt hann hefur húsvitjað á hverju þeirra«.

Jeg held þetta sje ekki allskostar heppilegur mælikvarði, því að sumstaðar er miklu erfiðara, að húsvitja og hafa eptirlit með kennslu á 10 heimilum en annarsstaðar á 20. Þetta og margt fleira hygg jeg þurfi nánari athugunar við.

Eins er það með V. kaflann, sem hljóðar um fræðslunefndirnar; þær eiga að hafa aðalumsjón og eptirlit með fræðslunni. Það verður vandaverk og víðtækt og naumast verður til þess ætlazt, að þær hafi það í hjáverkum.

Í 19. gr. segir, að hreppsnefnd skuli kjósa 3 eða 5 menn í fræðslunefnd, en það er ekkert kveðið á um, hvaða kjörgengi þessir menn eigi að hafa. Kosning þeirra á að fara fram, þegar hreppsnefnd hefur setið 3 ár eða 6 ár. Hvort það er fráfarandi eða viðtakandi hreppsnefnd, sem kosningu á að ráða, það veit enginn. Þó að þetta sjeu lítilfjörleg atriði, þurfa þau samt lagfæringar. Jeg er samþ. þeirri breyt.-till., að landstjórnin taki einn eða fleiri menn til aðstoðar; jeg tel bezt, að það sje einn maður, enda mun það verða svo í reyndinni.

Jeg skal taka það aptur fram, að jeg tel heppilegast, að athuga frumv. grandgæfilega, áður en það verður samþykkt, og það verður ekki gjört á annan betra hátt en þann, að láta það bíða til næsta þings. Með því gæfist alþýðu manna kostur á að athuga frumv. og gefa bendingar um málið, sem oss kunna að dyljast.

Að því, er snertir breyt.till. háttv. 2. þm. Rvík (G. B.), um að fella burtu 2. gr. 3. lið, þá fengist hvergi betri úrskurður um það, en hjá alþýðu, hún ætti að geta rætt það, áður en því er slegið föstu. Jeg vil gjarnan frjálsa framsókn í því sem öðru, en trúarbrögðin eru svo samgróin þjóðinni, og það álít jeg líka bezt, að jeg vil ekki samþykkja þessa breyt.till., að þjóðinni fornspurðri. Jeg vil benda á, að kristindómsfræðsla er heimtuð til fermingar hjá börnum þeirra manna einna, sem í þjóðkirkjunni eru, en ekki af hinum. Jeg hygg því, að þeir þyrftu eigi að hlíta fyrirmælum þessarar greinar, svo breytingunnar þurfi alls ekki við.

Jeg skal svo enda með því sama, sem jeg áður hef tekið fram, að þó að þetta mál, eitt hið stærsta velferðarmál vort, hafi gengið gegnum stjórnarráðið og þingið, þá er alþýða þó óviðbúin, það kemur henni *sem lög* alveg að óvörum. Og ef henni fellur það illa, þá er það málinu til hindrunar, og það er lakara, en að því væri frestað. Þess vegna tel jeg langheppilegast að bíða.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg tel þetta mál eitt hið þýðingarmesta þeirra mála, sem þetta þing hefur haft með höndum. Með því á að leggja hyrningarsteininn undir menntun hinnar uppvaxandi kynslóðar. Mjer þykir það því mjög leiðinlegt, hve seint það kemur. Það hefði verið betra, að það hefði komið snemma til þess að hin háttv. deild hefði getað tekið það til rækilegrar íhugunar.

Jeg skal taka það fram, að það er

margt í frumv., sem jeg tel vera til verulegra bóta, en það er einnig margt, sem jeg get ekki fallizt á, og það gjörir það að verkum, að jeg kýs helzt, að frumv. verði ekki afgreitt á þessu þingi. Þjóðin á að kveða upp dóminn um þetta mál, það er fyrir hana gjört, hún á að skera upp ávextina. En þó að svo sje, að jeg kjósi helzt, að málinu verði frestað, þá á jeg þó hins vegar mjög bágt með að greiða atkv. á móti frumv., af því að mjer líkar margt vel.

Jeg skal nú víkja nokkrum orðum að breyt.till. þeim, sem fram hafa komið. Er þá fyrst sú breyt.till., að sunnudagaskólahald falli burt. Hinn háttv. framsm. (St. St., Skgf.) gjörði grein fyrir því, hvers vegna sú breyt.till. hefir verið gjörð. Mun hann einkum hafa haft fyrir augum sunnudagaskóla í Ameríku, sem mest miða til kristindómskennslu. En jeg veit dæmi þess hjer á landi, að sunnudagaskólar hafa verið haldnir hjer sunnanlands, og þar ekki verið lögð stund á kristindómsfræðslu. Þar hefur verið kennt: skript, reikningur, landafræði og sagt munnlega frá hinum helztu viðburðum veraldarsögunnar og sögu Íslands. Þetta er mjer kunnugt um, því að jeg hef sjálfur tekið þátt í slíkri kennslu viku eptir viku og mánuð eptir mánuð. Þar sem þetta á sjer stað, sje jeg ekkert á móti því, að styrkja það; það er sama, hvort kennslan fer fram á helgum degi eða rúmhelgum, hún gjörir sama gagn fyrir því. Jeg get því ekki kallað það annað en að vera að metast um orð og nöfn, og get engan veginn hallast að breyt.till. nefndarinnar.

Þá er breyt.till. frá tveim þm., sem skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara. Annar þeirra er háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), er gjört hefur grein fyrir þessari breyt.till. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er ekki á sömu skoðun sem háttv. sessunautur minn. Eins og nú er, meðan kirkja og ríki eru ekki aðskilin, er ekki ráðlegt að fella burt kristindómsfræðsluna. Jeg skal ganga inn á það, að þessi tillaga sje ekki sprottin af neinum kala til kristindómsins hjá þeim, sem hana hafa flutt. En jeg get ekki verið með henni samt. Með því að fyrirskipa kristindómskennslu álít jeg, að ríkið lýsi því yfir, að kristindómurinn ráði yfir hinum beztu og göfugustu hugsjónum, og þær hugsjónir vill ríkið, að hver maður geti átt kost á að öðlast. Þetta er ekkert persónulegt hapt. Það er ekki að þvinga neinni trú upp á menn, því að þó að mönnum hafi verið kenndur kristindómur, geta þeir skipt um trú, þegar þeim lízt.

Það er enn fremur vitanlegt, að á síðustu tímum hefur mikið verið um það talað, að bæta kjör presta, og það hefir átt að gjörast á þann hátt, að fækka þeim; en það hefur verið haft í móti, að við fækkun prestanna færi öll kristindómskennsla í mola; það er þjóðin sjálf, sem segir það. En þá hefur verið sagt af þeim, sem vilja fækka prestunum, að kennurunum yrði fjölgað, og að þeir tæki við störfum prestanna að þessu leyti. Þessi tillaga fer því í þveröfuga átt við þetta. Það er tjón, óbætanlegt tjón fyrir land og lýð, ef bæði prestum verður fækkað og kristindómskennsla lögð niður í skólum.

Þess ber og að gæta, að nú situr á rökstólum milliþinganefnd í kirkjumálum; vjer vitum ekki, hvernig hún snýr sjer, en svo mikið er víst, að ekki mun hún hallast að aðskilnaði ríkis og kirkju. En þá er líka sjálfsagt, að ríkið kosti kristindómskennsluna.

Jeg er því hræddur um, að afleiðingin af þessari breyt.till., ef hún verður samþykkt, verði spor í þá átt, að **afkristna** landið, þó að tillögumenn hafi ekki ætlazt til þess. En afleiðingarnar verða opt í lífinu öðru vísi, en til var ætlazt í upphafi.

Háttv. sessunautur minn sagði, að »magíster« Guðmundur Finnbogason hefði líka skoðun á þessu atriði sem hann. Jeg verð nú að segja það, að þó að jeg virði þennan mann mjög mikils í uppeldismálum og fyrir margra hluta sakir, þá tel jeg mig ekki skyldan til að hafa sömu skoðun sem hann í öllum greinum. Hann er ekki óskeikull svo sem pápiskir menn trúa um páfann í Róm. Þvert á móti, ef honum hefur glapizt sýn, tel jeg mjer skylt að feta ekki í förin hans, og ekki nóg með það, heldur og að vara aðra við að gjöra það.

Háttv. sessunautur minn minntist á það, að kristindómskennsla í skólum hefði verið úr lögum numin á Frakklandi. Það er alveg rjett. En hann gat ekki um afleiðingarnar af því. Jeg hef lesið bók, sem með tölum sýnir áþreifanlega, að tala glæpamanna hefur fjölgað síðan þessi lög voru gjörð. Jeg segi ekki, að það sje allt satt, sem í þeirri bók stendur, en tölurnar verða ekki hraktar og hafa heldur ekki verið hraktar.

Framsögum. (St. St., Skgf.) minntist á prófdómara og kvað þá ekki koma að fullum notum, ef einn væri í hverri sýslu, þar sem prófin væru sitt á hverjum stað. Jeg er ekki svo hræddur um það. Þetta hefur verið »praktiserað« í Árnessýslu. Þar var einn maður prófdómari í öllum prestaköllum; var það gjört til þess að koma samræmi á.

Jeg get skrifað undir margt, sem háttv. þm. N.-Þing. sagði, en jeg get ekki verið honum samdóma um ættjarðarljóðin. Það er grein, sem mjer þykir mjög vænt um. Það er fátt, sem kveikir eins mikla ættjarðarást og ættjarðarkvæði og söguljóð. Til dæmis um það get jeg nefnt, að jeg var kennari í Íslenzku í framhaldsbekk barnaskólans síðastliðinn vetur. Börnunum var leyft að syngja íslenzk ljóð síðast í tímunum. Þau komust öll á lopt, þegar þau áttu að syngja, en þótti það hin versta refsing, ef þeim var bannað að syngja.

Þessi till. er frá Guðm. Finnbogasyni; þar er jeg honum samdóma, þó að jeg sje það ekki um kristindómskennsluna.

Jeg skal nú ekki fara fleiri orðum um þetta frumv. nú, en endurtek það, að jeg vil helzt, að það yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Það þarf að fá rækilegan undirbúning, og hann fengist með því móti að skjóta málinu undir dómstól þjóðarinnar.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 20 atkv.

Breyt.till. (491) við 2. gr. felld með 15 atkv. gegn 7.

2. og 3. gr. samþ. með 20 atkv.

4.—7. gr. samþ. með 20 atkv.

1. breyt.till. (494) við 8. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jóh. Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Herm. Jónasson,
L. H. Bjarnason,	Magnús Kristjánss.,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Ólafur Thorlacius,	Ólafur Ólafsson,
Pjetur Jónsson,	Tryggvi Gunnarss.
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	

Já	*Nei:*
St. Stef., 2. þm. Skf.	
Þórh. Bjarnarson.	

8. gr. með breyting samþ. með 20 atkv.

9. gr. samþ. með 20 atkv.

10.—13. gr. samþ. með 17 atkv.

14.—17. gr. samþ. með 18 atkv.

2. breyt.till. (494) við 18. gr. samþ. með 15 atkv. gegn 10, að viðhöfðu nafnakalli, eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Bjarnarson,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Hafstein,
Jón Jónsson,	Hannes Þorsteinss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Hermann Jónasson,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.,
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen.	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
St. Stef., 2. þm. Skf.,	
Þórh. Bjarnarson.	

18. gr. fallin.

19. gr. samþ. með 19 atkv.

20.—24. gr. samþ. með 19 atkv.

3. breyt.till. (494) við 25. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Hannes Hafstein,
Björn Kristjánss.,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Herm. Jónasson,
Guðm. Björnsson,	Jóh. Ólafsson,
Jón Jónsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Magnús Andrjess.,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Ólafsson,	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.,
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Skf.	
Þórh. Bjarnarson.	

25. gr. með breyting samþ. með 19 atkv.

26.—27. gr. samþ. með 19 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi Nd., föstudag 25. águst, kom frumv. til 3. umr. (A 569, 593).

Ráðherrann: Jeg skal leyfa mjer að segja fáein orð um litla breyt.till., sem jeg á á þgskj. 593.

Það er öllum háttv. þingm. kunnugt, að í stjórnarfrumv. um fræðslu barna, 24. grein, var ákveðið, að stjórnarráðið skyldi hafa yfirumsjón með lýðskólum landsins, og að því væri heimilt, að hafa mann sjer til aðstoðar við það.

Ed. gjörði þá breytingu á þessu, að stjórnarráðinu skyldi heimilt að taka *mann* eða *menn* — fleiri en einn — sjer til aðstoðar, en þessi háttv. deild breytti þessu aptur og tók upp ákvæði stjórnarfrumv. við 2. umr. hjer í deildinni. Jeg hef ekki komið fram með neina breyt.till. á þessu, sem hjer var gjört, en fer að eins fram á, að í enda greinarinnar komi svolátandi setning:

»Kostnaðurinn við aðstoð þessa, svo og kostnaður við undirbúning ráðstafana þeirra og reglugjörða, sem stjórnarráðið setur um kennslumál landsins, greiðist úr landssjóði af upphæð, er til þess er veitt á fjárlögunum«. Meiningin með þessari breyt.till. er meðal annars sú, að það sje ekki bundið fastmælum, að strax sje skipaður einn ráðunautur í kennslumálunum því það er alls ekki víst, að þess þurfi að svo komnu. Að minnsta kosti er ekki

heppilegt, að stjórnin sje skyldug til að veita einum manni þessa upphæð, því opt getur verið heppilegt og nauðsynlegt, að leita upplýsinga og ráða hjá fleirum en einum, og þá væri hart, að mega ekki borga nema einum fyrir ómök sín.

Í raun og veru er þetta því engin efnisbreyting og geta því vel hinir sömu menn, sem greiddu atkv. með breyt.till. nefndarinnar við 2. umr., einnig greitt atkv. með þessari breytingu.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg hef næsta fáu við að bæta það, sem jeg sagði um þetta mál við 2. umr., því það hafa að eins komið fram tvær breyt.till. við frumv., og eru báðar litlar.

Breyt.till. á þgskj. 556 get jeg verið samþykkur fyrir mitt leyti. Jeg hef að vísu ekki borið mig saman við nefndina um hana, en jeg ætla, og mjer hefur meira að segja skilizt svo, að hún sje henni samþykk, þó jeg þori ekki að fullyrða það. Það hefur alls ekki verið meining okkar, að það ætti að þröngva mönnum til að nema eða láta börn sín nema kristin fræði. Og aldrei mundum við leggja það til, að katólskum foreldrum væri gjört að skyldu, að láta börn sín nema lúthersk fræði og fermast á þá vísu, heldur að hverjum sje frjálst að velja í því efni.

Breyt.till. hæstv. ráðh. get jeg aptur á móti ekki fallizt á, því sje nokkur meining í henni, þá kemur hún í bága við það, sem samþykkt var við 2. umr. hjer í deildinni. Þá var samþ., að upphæðin skyldi veitast einum manni, en hjer er farið fram á, að þeir geti verið fleiri, ef það þætti einhverra vissra hluta vegna heppilegra.

Það hefur allt til þessa verið meining þingsins, og jeg veit ekki betur, en það hafi líka verið meining stjórnarinnar, að til aðstoðar stjórninni við eptirlit og umsjón menntamálanna væri ráðinn einn maður, sem helgaði krapta sína því starfi, en hefði það ekki sem aukaverk, og ferðaðist um landið til þess að leiðbeina landsmönnum í þessum efnum.

Þingið hefur veitt manni styrk beinlínis til að undirbúa sig til þessa starfa, og ætlast til, að hann ynni að honum, þegar til þess kæmi.

Jeg býst ekki við, að hæstv. ráðh. hafi í hyggju, að nota ekki þennan mann framvegis, og mjer hefur skilizt það á honum »prívat«, að hann ætlaði honum það starf, sem hjer er um að ræða. Mjer dettur heldur ekki í hug, að vilja meina stjórninni að ráðfæra sig við fleiri en einn mann um þetta mikilsverða mál, því það væri næsta hart. En eigi að hafa fleiri en einn mann launaðan við þetta starf, þá er þetta fje, 2,500 kr. allt of lítið. Það er ekki sæmilegt, að bjóða manni, sem á að gjöra þetta að lífsstarfi sínu, minna en 2,500 kr. Og þegar litið er til þess, hvernig önnur störf eru borguð, þá hefur t. d. verkfræðingur landsins miklu hærri laun, og jeg verð þó að álíta, að starf þessa manns sje engu minna vert.

Því er skotið að mjer, að það þurfi ekki að hafa þetta eptirlit með menntamálunum. Það er undarleg kenning, að nú sje engin þörf á eptirliti, þegar einmitt er verið að gefa út ný lög, sem sjálf ákveða þetta og auka þörfina fyrir það. Ef engin þörf er á eptirliti með, að þessum lögum sje hlýtt, og ef engin þörf er á leiðbeiningum um það, hvernig þau gæti að gagni komið, og hvernig þeim verði framfylgt, þá veit jeg ekki, hvenær þörf er á slíku. Annars eru slíkar athugasemdir, sem þessi, ekki svaraverðar, og jeg ætla að enda með því, að mælast til þess, að breyt.-till. hæstv. ráðh. verði ekki samþ., nema

með svo felldu móti, að skilningur minn á þessu atriði sje viðurkenndur að vera rjettur.

Ráðherrann: Það er ekki rjett hjá háttv. framsm., að þessi breyt.till. komi í bága við það, sem samþ. var hjer í deildinni við 2. umr., því það er ekkert hróflað við því, að það skuli vera að eins einn maður, sem hefur umsjón með lýðskólum eða alþýðumenntuninni. Hjer er að eins um það að ræða, að stjórnin sje ekki háð neinni einokun, að því er snertir aðstoð í ýmsum öðrum skólamálum. Það er líka búið að breyta þessu í fjárlögunum í gær, svo ákvæðið í frumv. getur alls ekki komið heim við fjárlögin, eins og þau nú eru.

Jeg get ómögulega fallizt á, að þetta starf hafi verið ætlað neinum vissum manni, enda álít jeg fjarstætt, að hægt væri að þvinga stjórnina til að taka sjer einhvern ákveðinn ráðanaut. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórnin verður að taka sjer til ráðaneytis mann, sem hún getur virt og borið traust til; hjer er um alveg sjerstaklega samvinnu að ræða, er stjórnin hefur allan veg og vanda af, og þarf hún því að hafa frjálst val.

Sá maður, er framsm. átti við, fjekk af alveg sjerstaklegum ástæðum persónulega fjárveiting, til þess að kynna sjer alþýðumenntamál utan lands og innan, og var látið í veðri vaka, að hann ætti að safna undirbúningi undir nýja alþýðufræðslulöggjöf, Hitt, að hann hefur verið fyrirfram ákveðinn af þinginu, til þess, að vera ráðanautur stjórnarinnar, nær engri átt. Það á ekki við, og væri mjög óheppilegt, að þingið færi að lögbjóða vissa menn í slíkar stöður, enda verð jeg að lýsa því yfir, að jeg álít mig ekki skyldan að taka neinn tiltekin mann til þessa starfs. Jeg mun álíta mjer skylt að velja þann, sem færastur þykir og vænlegastur til góðs árangurs, af þeim, sem völ verður á.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Háttv. framsm. tók fram síðast í ræðu sinni, að þetta frumv. mundi fara frá þingingu sem lög innan fárra daga. Jeg er ekki eins viss um, að svo verði.

Við 2. umr. tók jeg það fram, að jeg áliti alls ekki heppilegt, að þetta frumv. yrði að lögum í þetta sinn, og sú skoðun mín er enn þá óbreytt. Til þessa hef jeg einkum tvær ástæður.

Fyrst og fremst er málið afar þýðingarmikið; það snertir hvert heimili, og það snertir hvert einasta mannsbarn á landinu. Ef nokkursstaðar á heima þessi setning: »*Inn á hvert einasta heimili*«, þá á hún sannarlega hjer við. Þetta frumv. hefur farið í flýti hjer gegnum deildina, svo allt of lítill tími hefur orðið til að athuga það. En það er mjög áríðandi, að menn gjöri sjer það vel ljóst, og vil jeg sjerstaklega beina því að háttv. þm. sveitanna, hvort þeir hafa kynnt sjer frumv. svo nógsamlega, að þeir geti skýrt vel og greinilega öll atriði þess, þegar heim kemur, fyrir bændum og búalýð.

Jeg sagði, að tíminn hefði verið allt of lítill, til að athuga frumv. nægilega, og jeg vil bæta því við, að þingið getur naumast vegna sóma síns látið það fara frá sjer sem lög, eins og það nú liggur fyrir.

Mjer er margt óljóst í frumv., en jeg vildi gjarnan fá upplýsingar til að geta skilið það og skýrt fyrir öðrum, ef á þyrfti að halda þegar heim kemur.

Háttv. framsm. gat þess við 2. umr., að IV. kafli frumv. væri athugaverður, og jeg vil leyfa mjer, að benda á það, að það er margt fleira, en hann nefndi, sem jeg tel athugavert við þann kafla. Jeg álít nauðsyn á, að gjöra nákvæmari ýms ákvæði bæði í IV. og V. kafla.

Í 5., 16. og 17. gr. er talað um »*reglugjörðir*«. Hver á að semja þessar reglugjörðir? Það er auðsætt, að stjórnin á ekki að semja þær, heldur eiga þær að semjast eptir fyrirmynd frá stjórninni. Jeg vildi óska, að framsm. athugaði þetta vel og gæfi mjer skýringu á þessu.

Í V. kafla er talað um fræðslunefndir, en mjer finnst harla óákveðið, hvernig á að skipa þær, þótt sagt sje, að þær eigi að verða til; það er ekki heppilegt, að hreppsnefnd kjósi 3 eða 5 í fræðslunefnd. Nú er opt sama manna tala í hreppsnefnd. Á þá öll hreppsnefndin um leið að vera fræðslunefnd, eða á hún að kjósa eða útnefna menn utan síns flokks í fræðslunefndina? Og er það sama, hvaða menn hún kýs, hvort þeir eru yngri eða eldri, konur eða karlar?

Það eru engin ákvæði um það, hvernig þessu eigi að haga. Vel getur orðið ágreiningur út af þessu, því að jeg ímynda mjer, að menn verði almennt ekki fúsir að ganga í þessar fræðslunefndir, og vinna þar að ábyrgðarmiklum og þýðingarmiklum störfum fyrir alls enga borgun. Jeg held því, að það sje alveg nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um kjörgengi og skyldu manna að ganga undir þennan starfa.

Í 23. gr. er talað um kennslusamþykktir. Hvað er kennslusamþykkt? Máske það sje sama og fræðslusamþykkt, sem stendur annarsstaðar í frumv. Jeg veit ekki, hvort á að skilja þetta þannig.

Það er missráðið, að láta frumv. ná fram að ganga sökum þess, að það er svo lítið undirbúið og hugsað hjer í deildinni. Mjög nauðsynlegt er, að þjóðin fái að athuga þetta mál vel og vandlega, áður en það verður gjört að lögum, og mundi hún una því illa, ef lögunum yrði dembt á hana svona, áður en hún veit af og án þess hún hafi haft nokkurt tækifæri til að láta í ljósi vilja sinn í þessu efni. Það sýnir bezt, hvað skoðanir manna hafa verið skiptar undir meðferð málsins, að útgáfurnar af frumv. eru orðnar þrjár: ein frá mag. Guðm. Finnbogasyni, ein frá stjórninni og ein frá fræðslunefndinni í Ed. Mjer finnst vel skiljanlegt, að það kunni að vera komið ósamræmi inn í frumv., eða það kunni að vera orðið höttótt, þar sem heilir kaflar hafa verið umskapaðir, og ýmsu breytt.

Það getur verið, að jeg hafi ekki haft nægan tíma til að hugsa um málið og athuga frumv., en mjer er ómögulegt að greiða atkv. með því, að það fari út úr deildinni, eins og það er. Vil jeg því mælast til, að málið verði tekið út af dagskrá og frestað umr., en allra helzt, að það verði ekki samþykkt í þetta sinn, en málið látið bíða ein 2 ár enn, svo almenningur fái tíma til að átta sig á því.

Mjer dettur í hug, að með þetta frumv. mundi henda eitthvað líkt og með reglugjörð lærða skólans eða hins »almenna menntaskóla«, sem var verið að athuga og gjöra breyt.till. við hjer í dag, og er hún þó nýlega í gildi gengin. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði, að hann hefði ekki verið þar til ráða kvaddur, en að hann hefði þó gjarnan viljað sjá þá reglugjörð, áður en hún hefði verið samþykkt, og get jeg vel ímyndað mjer, að það fari eins fyrir þjóðinni. Hún vildi gjarnan sjá þetta frumv. og fá að láta sínar skoðanir í ljósi um það, áður en það yrði gjört að lögum.

Jeg vonast því eptir því, að háttv. 2. þm. Rvk. sje mjer samdóma um að fresta malinu. Og einnig vil jeg vænta þess, að þeir þm., sem eru ofan úr sveitunum athugi þetta mæta

vel, áður en þeir samþykkja, að frumv. gangi sem lög frá þinginu, því þeir mega muna það, að þeir verða að skýra það, þegar heim kemur, og að minnsta kosti gefa leiðbeiningar um, hvernig eigi að koma því í framkvæmd.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg er alveg á sama máli, sem háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.), að mjer finnst frumv. ekki vera nógu vel úr garði gjört.

Jeg ætla að leyfa mjer að benda á nokkra galla, sem á því eru frá mínu sjónarmiði.

Fyrst er þá, að engin trygging er í frumv. fyrir því, að þau börn, sem eru 14 ára gömul og ekki hafa fengið hina lögskipuðu kunnáttu, að þau fái hana síðar. Þau þurfa sem sje ekki annað en að fara í annað fræðsluhjerað, og þar sem þau þurfa ekki að sýna nokkurt vottorð þar, þá eru þau alveg sloppin við áframhaldslærdóm, og ákvæði lagafrumv. þessa virðast því alveg ófullnægjandi, að því er þetta atriði snertir.

Í öðru lagi gjörir frumv. óbeinlínis ráð fyrir, að prófdómandi sje sinn í hverju hjeraði. Jeg álít þetta mjög óheppilegt. Með þessu móti verður ekkert samræmi í álitinu um þekkingu barnanna, jafnvel ekki í sömu sýslu. Jeg álít, að sami prófdómandi eigi að vera við sem flest fræðsluhjeraðspróf, til þess að fá sem mest samræmi í dómi um kunnáttu barnanna.

Ýmislegt fleira mætti nefna, sem er þýðingarminna, en sýnir allt, að frumv. þarf lagfæringar við; en það getur ekki frumv. fengið, nema það verði tekið út af dagskrá nú.

Guðm. Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg verð að játa, að mig furðar stórlega á þessum útásetningum nú við 3. umr.; þær hefðu átt betur við við 2. umr. Hjer liggja að eins fyrir tvær breyt.till., önnur frá mjer, og hefur hún fengið góðar undirtektir hjá framsm. nefndarinnar; hin er frá hæstv. ráðh., og mun jeg greiða atkv. með henni.

Það, sem aðallega hefur vakað fyrir þeim mönnum, sem móti hafa mælt, er það, að frumv. sje ekki svo vel í garðinn búið, að það sje ráðlegt, að afgreiða það nú á þessu þingi, það sje betra að láta það bíða.

Jeg skal ekki neita því, að í frumv. felast mjög mikilvæg nýmæli, og er því æskilegt og sjálfsagt, að sem flestir fái að hugsa um málið. En það, sem bezt sker úr, er reynslan. Og þegar á það er litið, að þetta eru heimildarlög, sem þeir geta látið ónotuð, er vilja, en hinir fært sjer í nyt, er lögin falla í geð, þá fæ jeg með engu móti sjeð, að ástæða sje til að fella frumv. Ef einhverjum líkar ekki heimildin, þá þarf hann ekki að nota hana, en jeg efast þó ekki um, að þeir muni verða margir, sem heimildina nota, og þá fæst reynslan. Þess vegna er hyggilegt að samþ. frumv. nú; þá fæst góður undirbúningur, þá fæst dómur reynslunnar, sem er meira verður en allar bollaleggingar.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það er ekki undarlegt, að þeir menn, sem í móti frumv. standa, komi með athugasemdir við það, nú við 3. umr., þegar þeir, sem í nefndinni sitja, gjöra það. En aðfinnslurnar eru flestar mjög lítilvægar, nálega einkis virði. Tvennt, sem fundið hefur verið frumv. til foráttu, eru prentvillur, í 10 gr.: »skólahjeruð« á að vera: »fræðsluhjeruð«, og »kennslusamþykktir« á að vera: »fræðslusamþyktir. Það er nokkuð til í því, sem þm. Dal. (B. B.) fann að frumv., sem sje prófvottorðin, en það gjörir lítið til, þótt það sje ekki tekið fram.

Athugasemdir háttv. þm. N.-Þing. (Á.

J.) voru mjög lítilvægar; og jeg vil minna hinn háttv. þm. á það, að þótt honum þyki dómur þjóðarinnar nauðsynlegur nú, þá hefur honum ekki alltaf þótt svo, þegar um mikilsverð mál hefur verið að ræða.

En það er bezt, eins og háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók fram, að láta reynsluna skera úr því, hverjir eru helztir agnúar á frumv. og má þá nema þá burt síðar.

Þó að málinu væri frestað til næsta þings og lagt undir umsögn sýslunefnda og almennings, þá er ekki allt af svo mikið á þessum umsögnum að græða, að búast megi við, að nokkuð vinnist við það. Jeg legg því eindregið með því, að hin háttv. deild samþykki frumv. nú á þessa þingi, en fresti málinu ekki enn um tvö ár.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Hinn háttv. framsm. furðaði á því, að mótmæli kæmu nú fyrst fram. Jeg skal í sambandi við það taka það fram, að jeg gat þess við 2. umr., að þó að mjer líkaði sumt vel í frumv., þá væri þó það ýmislegt að frumv. í mínum augum, sem gjörði það æskilegt, að málinu yrði frestað. Og það er eitt, sem sýnir, að málið fer með of miklum flýti, það sem sje, að menn koma ekki með breyt.till. og athugasemdir fyr en við 3. umr. En þegar jafnmikið stórmál er svo útundan, þá vil jeg segja, að það sje hentugast að geyma það til næsta þings.

Háttv. þm. N.-Þing. gat þess rjettilega, að þessi lög færu inn á hvert einasta heimili á landinu, en það er ekki nóg með það, þau grípa um hvert einasta *mannshjarta* á landinu. Það er gamalt máltæki, að það skal vel vanda, sem lengi á að standa. Er þá ekki viturlegra að geyma þetta mál, heldur en að flaustra því áfram nú og þurfa að fara að leiðrjetta það undir eins á næsta þingi. Jeg kann ekki við, að nokkur stórmál sjeu til lykta leidd, án þess að þjóðin hafi látið uppi skoðun sína á þeim. Af þessu frumv. eru nú komnar 4 útgáfur; jeg veit ekki, að hverri þjóðin hallast.

Jeg skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en lýsi því yfir, að jeg greiði atkv. móti þessu frumv. nú, þótt jeg hafi gefið því atkvæði mitt við 1. og 2. umr., og á það ekki að tákna það, að jeg sje stefnu frumv. mótfallinn, heldur á það að tákna frestun málsins.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Það hefur verið sagt, — og sagt með sanni — að frumv. þetta væri mjög þýðingarmikið, þar sem það snertir hvert mannsbarn á landinu. En því þýðingarfyllra, sem það er, því meira áríðandi er, að það verði athugað sem bezt. Mjer hefur skilizt svo af ræðum sumra hinna háttv. nefndarmanna, að nefndin sjálf hafi ekki íhugað frv. verulega, að minnsta kosti ekki eins vel og skyldi. Og þegar svo er ástatt fyrir sjálfum nefndarmönnunum, þá gefur að skilja, hvernig muni vera ástatt fyrir öðrum þingm. í þessu efni.

Háttv. framsm. (St. St., 2. þm. Skgf.) þótti undarlegt, að eigi hefðu verið gjörðar breyt.till. við frumv. í tíma, en það er ekki svo undarlegt, þegar það er athugað, hve lítill tími hefur verið fyrir mönnum til þess, að kynna sjer málið ítarlega.

Háttv. framsm. tók það og fram, að hjer væri að eins að ræða um heimildarlög og gjörði því ekki til, þótt frumv. yrði samþ. Það er nú að vísu satt, að því er II. kafla snertir, en hinir kaflarnir eru það ekki, heldur stendur það allstaðar í þeim, að þetta og þetta *skuli vera* svo og svo.

Það er nú að vísu 3. umr, svo að eigi er samkvæmt þingsköpunum leyfilegt að fara út í einstakar greinar, en þó get jeg ekki látið vera að minnast á ýms atriði frumvarpsins. Það stendur t. d. í frumv., að í prófnefnd skuli vera 5 menn, en það er ekkert ákvæði í frumv. um, að þessir menn, sem í nefndinni sitja, megi ekki vera náskyldir, t. d. feðgar eða bræður, þar sem þó venjulegt er með aðrar nefndir, sem einhverja þýðingu hafa, að skorður eru við því reistar. Og að eitthvert slíkt ákvæði væri hjer um þetta sett, virðist því nauðsynlegra, sem þessar nefndir koma til að hafa mjög mikið vald yfir einstaklingunum og þeirra högum. Þær geta skyldað aðstandendur barna til að inna af hendi kostnað við fræðslu barnanna, þar sem þeim þykir hentast. Og þeirra dómur um það, hvort þetta barn eða hitt sje hæft til náms, er fullnaðardómur. Svo að jafnvel þótt einhver vildi fá og gæti fengið úrskurð sjálfrar yfirstjórnar fræðslumálanna um, að barn það, sem hann á fyrir að sjá, væri óhæft til náms, þá gildir það ekki. Úrskurður fræðslunefndar er samkvæmt frumv. það eina, sem gildi hefur, og samkvæmt honum getur aðstandandi barnsins, þrátt fyrir gagnstætt álit yfirstjórnarinnar, skyldast til að greiða kostnað við kennslutilraunir á barni, algjörlega óhæfu til náms. Og þetta er þeim mun varhugaverðara, þar sem víða hagar svo til enn hjá oss, að leitun mun vera á svo mörgum og svo fyllilega hæfum mönnum, að treystandi sje til að kveða ætíð upp rjettlátan dóm í þessum efnum. Og þess er enn fremur að gæta, að ef þetta frumvarp verður að lögum, þá hverfur algjörlega burt það eptirlit, sem prestar hafa nú með fræðslu barna. En þegar svo er komið, þá ætti og að vera lokið húsvitjunum þeirra. Það virðist þá þýðingarlaust og gagnslaust, að skylda þá til þess að koma á hvern eiuasta bæ, að eins til þess að taka manntal, en sú skylda er ekki numin í burt í frumv. þessu.

Mjer finnst þannig þetta frumv. ekki vera nógu rækilega athugað til þess, að það verði að lögum í þetta sinn, enda mun það sjálft hafa bezt af því, því þótt það hafi nú þegar í gegnum margar hendur gengið og margar myndbreytingar tekið, þá mundi það þó, ef því væri frestað, koma enn á ný fram í nýrri mynd og jeg vil vona einnig endurbættri mynd.

Jeg er fyllilega samdóma háttv. 2. þingm. Árn. (Ól. Ól.) um, að alþýðu manna eigi að gefast kostur á, að athuga slíkt og þvílíkt frumv. sem þetta; það er ekki nema sanngjarnt, þar sem það leggur svo miklar skyldur á herðar öllum landsmönnum og í ýmsum tilfellum aukin gjöld. Jeg mun því, enda þótt jeg sje ekki á móti stefnu frumv., greiða atkv. með því, að það nái ekki fram að ganga í þetta sinn.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það eru að eins örfá orð. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tók það fram, að þetta væri stórmál; það er satt, og því þýðingarmeira er, að það fái sem beztan undirbúning. Hann tók það og fram, að þetta væru að eins heimildarlög og að reynslan væri beztur mælikvarði í þeim efnum. Eins og háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.) hefur tekið fram, eru ekki allir kaflar frumv. heimildarlög. Eigi að eins I. kaflinn er fullt lagafyrirmæli, heldur og V. kafli; þar er skipað að setja á stofn fræðslunefndir, og hef jeg áður bent á, að fyrirkomulag þeirra væri nokkuð óljóst í frumv.

Þar sem háttv. framsm. sagði, að

»skólahjeruð« og »skólasamþykktir« í 20. og 22. gr. væru prentvillur, þá er það nokkuð langsótt; jeg tel eins líklegt, að þau orð sjeu leifar úr hinu eldra frumv. En það var sjerstaklega »*reglugjörðirnar*« í IV. kafla, sem jeg óskaði skýringar á hjá háttv. framsm., en hann hefur látið því ósvarað enn, hver eigi að semja þær.

Jeg vil geta þess, að á þingmálafundi í minu kjördæmi var einmitt óskað eptir, að frumv. væri lagt fyrir þjóðina, áður en það yrði að lögum. Þess vegna vil jeg að þessu máli verði frestað.

Háttv. framsm. hefur sjálfsagt átt við ritsímann, er hann sagði, að jeg hefði ekki alltaf verið í samræmi við þjóðarviljann, en sýni hann það þá, að hann vilji jafnan vera í samræmi við þjóðarviljann einnig í þessu máli. (*Stefán Stefánsson* 2. þm. Skgf.: Sanni háttv. þm., að jeg sje í þessu máli andvígur þjóðarviljanum). Það eru að vísu engin skrifuð skjöl um þjóðarviljann í þessu máli, en jeg þori að fullyrða, að ef þetta væri borið undir þjóðina, mundi hún vilja, að málinu væri frestað. Jeg verð nú einnig að segja það, án þess að vilja gjöra neitt lítið úr þekkingu manna á ritsímanum: þá ættu menn þó almennt, að hafa meiri og skynbærri þekkingu á fyrirkomulagi um fræðslu barnanna sinna. Og óliku nær ætla jeg að þetta mál taki heim til þeirra, og komi svo að segja við þeirra eigið hold og blóð. Annars vil jeg taka það fram, eins og háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), að jeg er alls ekki á móti stefnu frumv., en jeg vil að eins frestun. Jeg held frestun verði málinu sjálfu fyrir beztu, og að það mæti meiri vinsældum hjá þjóðinni, ef henni er gefinn kostur á að athuga það, heldur en að því sje dembt yfir hana svona nærri því óvörum.

Framsögumaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg hef engu að svara. Jeg heyri, að það er einlæg ósk háttv. ræðumanna, að frumv. dagi uppi. En allar athugasemdir þeirra er hjegóminn einber, að minnsta kosti ættu prentvillur þær, sem jeg hef bent á, ekki að verða frumv. að falli. (*Forseti:* Jeg veit ekki, hvort það eru prentvillur). Jeg vona að jeg geti sannað það. Annars þarf jeg ekki að orðlengja um þetta meir; málið er svo mikilsvert, að það væri illt, ef það kæmist ekki í framkvæmd eptir jafnrækilegan undirbúning.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg ætlaði ekki að tala aptur í þessu máli. En háttv. framsm. (St. St. 2. þm. Skgf.) neyddi mig til þess með mótmælum sínum. Hann bar það á okkur þm., að við vildum fresta málinu og drepa það með breyt.till. okkar. Við höfum ekki komið fram með neina breyt.till. (*Framsögumaður:* Jeg sagði »athugasemdum«.) Nei. framsm. sagði einmitt »breyt.till.« (*Framsögumaður:* Það hefur þá verið mismæli). Háttv. framsm. sagði, að við sumir þm. hefðum snúizt í þessu máli og tilnefndi mig sjerstaklega. Jeg frábið mjer með öllu slíka aðdróttun, Jeg hef alls ekki snúizt í þessu máli. Jeg tók það fram við 2. umr., að jeg ætlaðist til, vegna ýmissa galla á frumv., að það yrði ekki samþykkt nú til fullnaðar, en jeg hef aldrei viljað nje ætlað mjer, að stuðla til þess að drepa málið.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borf.): Mjer er annt um, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi og nefndin hjer í Nd. gjörði sitt ítrasta til að bæta úr því, hvað frumv. kom óheppilega seint frá háttv. Ed.

Jeg gjöri fremur lítið úr þeirri grýlu, að landsmenn krefjist að fá að sjá

frumv. áður en það verður gjört að lögum. Sú krafa stafar frá því, að menn bjuggust við, að nú yrði lögboðin almenn skólaskylda, og þurftu að átta sig á jafnstóru nýmæli, en öll ákvæði í þá átt eru felld úr frumv. Þetta eru mest heimildarlög. Jeg skil alls ekki, að slík lög geti mætt mótblástri hjá þjóðinni. Jeg álít gott, að lögin fái að reyna sig. Við verðum í þessum efnum eins og að fálma okkur áfram, verðum að stiga fyrsta sporið, og það má ekki dragast.

Hæstv. ráðh. skýrði breyt.till. sína svo, að hún fari ekki í bága við það, að einn maður sje alveg gefinn út til alþýðufræðslumála, og á það legg jeg líka áherzlu fyrir mitt leyti, að slíkur maður sje áfram í landinu, sem verji öllum sínum kröptum til þessa málefnis. Það er svo miklu meira og annað en skrifstofustörf; slíkur maður þarf að ferðast fram og aptur um landið og vekja þjóðina til umbóta á alþýðufræðslunni.

Jeg mæli því sem bezt með því, að frv. fái að ganga til háttv. Ed. aptur. Það hefur fengið óvenjumikinn undirbúning, og háttv. Ed. hefur varið mjög miklum tíma til þess. Þess vegna hygg jeg bezt, að hún hafi allan veg og vanda af því, hvort frv. á að fara sem lög út til þjóðarinnar.

ATKVGR.: Tillaga um að taka málið út af dagsskrá og fresta umræðunni var samþykkt með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eptir óljósa atkvæðagreiðslu.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Einar Þórðarson,
Eggert Pálsson,	Guðm. Björnsson,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Hermann Jónasson,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Andrjess.,
Jón Jónson,	Magnús Kristjánss.
Lárus H. Bjarnason,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Briem,	St. Stef., 2. þm. Skgf.,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.	

Á 48. fundi Nd., mánudag 28. ágúst, kom frumv. til framhalds 3. umr. (A. 569, 593, 632).

Forseti las upp rökstudda dagskrá, er honum hafði borizt frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.).

Hún var svo hljóðandi:

»Með tilliti til athugasemda þeirra, sem fram hafa komið undir umræðunum um frumv. til laga um fræðslu barna, sjerstaklega því viðvíkjandi, að gefa alþýðu kost á, að láta skoðanir sínar í ljósi um mál þetta, áður en það er gjört að lögum, og í því trausti, að stjórnin taki tillit til þeirra skoðana, og leggi síðan frumv. fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Tillagan samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Kristjánss.,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Guðm. Björnsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Herm. Jónasson,	Jóhannes Ólafsson,
Jón Jónsson,	Magnús Andrjess.,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	St. Stef., þm. Skgf.,
Ólafur Ólafsson,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., þm. Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.	

II. Þingmannafrumvörp.

A. Samþykkt.

I. Atvinna við siglingar.

Á 10. fundi Nd., fimmtudaginn 13. júlí, kom frumv. til laga um atvinnu við siglingar til 1. umr. (A 53.)

Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Það er öllum fulljóst, sem nokkuð þekkja til siglinga, að lögin um atvinnu við siglingar frá 26. okt. 1893 eru fremur miðuð við siglingar milli landa, en fiskiveiðar. Þetta er mjög óhentugt, vegna þess að hjer á landi eru að eins örfáir menn, sem hafa atvinnu af siglingum milli landa, en fjöldi fólks lifir af fiskiveiðum á þilskipum.

Það hlýtur að vera eindreginn vilji þingsins, að löggjöfin sje svo úr garði gjörð, að hún standi ekki atvinnuvegunum fyrir þrifum.

Til þess, að löggjöfin verði sem hagkvæmust, álít jeg nauðsynlegt, að taka sem mest tillit til óska og vilja þeirra atvinnurekenda, sem löggjöfin sjerstaklega á við, að svo miklu leyti, sem það ekki kemur í bága við hag þjóðarinnar í heild sinni.

Aðalbreytingarnar, sem frumv. þetta fer fram á, eru: í fyrsta lagi, að þeir menn, sem tekið hafa hið minna próf við sjómannaskólann hjer í Reykjavík, öðlist rjett til þess að fara með þau skip milli landa, sem minni eru en 100 tons; reynslan hefur sýnt, að þeir eru færir um það.

Önnur breytingin er sú, að vanir duglegir fiskimenn fái heimild til að vera skipstjórar á smáskipum, ef þeir sanna, að þeir kunna þau atriði í sjómannafræði, sem nauðsynleg eru til þess að stunda fiskiveiðar við strendur landsins.

Í þriðja lagi er það tryggt, að ef eitthvað fatlar skipstjóra, þá sje jafnan við annar maður, sem getur tekið að sjer stjórnina.

Jeg get ekki skilið annað, en að háttv. þm. fallist á þessar breytingar. Í þessu sambandi vil jeg leyfa mjer að benda á það, að hvergi í heiminum mun vera jafnmikið heimtað af fiskiskipstjórum og hjer. Í Danmörku getur hver meðalgreindur maður leyst af hendi próf það, er til þess er heimtað, á tveim mánuðum. Í Englandi mun það vera líkt og í Danmörku. Í Noregi útheimtist ekkert próf til þess, að vera skipstjóri á skipum sem eru allt að 130 smálestir að stærð, heldur að eins, að þeir sjeu kunnir að dugnaði í sjómennsku, og hefur þetta gefizt vel. Norðmenn koma hingað á vorin, bæði á gufuskipum og seglskipum; eru hjer allt sumarið, og fara á haustin heim til sín, og hefur þó mestur fjöldi þessara manna ekkert próf tekið, en þó veit maður eigi betur en að þeim farnist vel, slys eru mjög fátíð, að því er sjeð verður í skýrslum Norðmanna.

Jeg tel víst, að þinginu sje ljúft, að fallast á þær breytingar, sem hjer er farið fram á. Þær eru framkomnar frá þeirri stjett manna, sem minnsts stuðnings hefur notið frá því opinbera, en sem mest fje hefur lagt fram til landsins þarfa.

Jeg er viss um, að ef sjávarútvegurinn á hjer eptir við hagkvæma löggjöf að búa, þá mun hann gjöra

sitt til að bera landið upp í efnalegu tilliti.

Jeg mun ekki tala meira um þetta að þessu sinni, en vil leyfa mjer að stinga upp á 5 manna nefnd í málið, og að frumv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. án atkvgr. að kjósa 5 manna nefnd.

Þessir 9 þm. æsktu hlutfallskosningar: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Ólafur Briem, Guðlaugur Guðmundsson, Guðmundur Björnsson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf. Með hlutfallskosningunni hlutu kosningu:

Guðmundur Björnsson,
Magnús Andrjesson,
Magnús Kristjánsson.

Síðan voru 2 menn kosnir óbundnum kosningum, og hlutu kosningu:

Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., með 15 atkv. og

Jón Magnússon, með 12 atkv.

Björn Bjarnarson og Pjetur Jónsson voru ekki viðstaddir.

Í nefndinni var Jón Magnússon kosinn formaður og Magnús Kristjánsson skrifari og framsm.

Á 23. fundi Nd., föstudag 28. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 53, 172).

Framsögumaður Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem tekið er fram í nefndarálitinu, því jeg býst við, að háttv. þm. hafi kynnt sjer málið svo vel, að þeir sjeu orðnir sannfærðir um, að breytingar þær, sem frumv. fer fram á, sjeu nauðsynlegar.

Eptir gildandi lögum má enginn verða skipstjóri á skipi, sem er stærra en 12 smálestir, nema hann hafi tekið próf við stýrimannaskólann í Reykjavík. Í frumv. er farið fram á, að þeir menn, sem hafa verið í siglingum eða við fiskiveiðar á þilskipum í 24 mánuði og hafa tekið próf það, sem getið er um í 2. gr., skuli öðlast rjett til að vera skipstjórar á skipum, sem eru minni en 30 smálestir. Þessi breyting er mjög nauðsynleg, því það er orðið miklum erfiðleikum bundið, að fá skipstjóra á smærri skipin. Orsökin til þessa er sú, að próflausum skipstjórum, er höfðu skipstjórarjettindi, þegar lög þessi komu í gildi, fækkar óðum. Margir þeirra eru dánir, aðrir farnir af landi burt, og nokkrir orðnir svo gamlir, að þeir eru ekki lengur færir til að stunda veiðiskap með þeim dugnaði og krapti, sem nauðsynlegt er til þess, að úthald geti borgað sig.

Önnur ástæðan til þess, að erfitt er að fá skipstjóra á smærri skipin, er sú, að heimild sú í 14. gr. laganna, sem landsstjórnin hefur til að veita undanþágu frá prófi, hefur ekki verið notuð nú í nokkur ár, vegna þess, að landsstjórnin hefur litið svo á, að hún væri upp hafin, hefði að eins átt að skoðast sem ákvörðun um stundarsakir.

Þessar ástæður gjöra óhjákvæmilegt, að breyta til, því það getur ekki borið sig, að hafa mjög dýra skipstjóra á smærri skipunum, og þessvegna má heldur ekki gjöra miklar kröfur til þess, að þeir sjeu hálærðir menn. Enda er það ekki bókleg þekking eingöngu, sem til þess útheimtist, að vera dugandi skipstjóri, heldur miklu fremur það, að maðurinn sje góður sjómaður og hafi þá lífsreynslu og þekkingu á veiðiaðferðinni, sem nauðsynlegt er.

Önnur breytingin, sem farið er fram á, er, að mönnum sje gefinn kostur á að færa skip milli landa, þó þeir hafi

ekki lokið hinu meira prófi við stýrimannaskólann í Reykjavík, eins og krafizt er samkvæmt núgildandi lögum. Þetta ákvæði í gildandi lögum er mjög óheppilegt, ekki sízt, þegar þess er gætt, að ekki hafa nema 6 menn í landinu lokið hinu meira stýrimannaprófi, svo landið gæti eptir því ekki haft nema að eins 3 skip á ferðum milli landa, ef að eins væru hafðir íslenzkir yfirmenn á þeim. Reynslan hefur líka sýnt, að menn, sem að eins hafa lokið minna prófinu, eru fullfærir til að fara með skip milli landa. Þeir, sem þurft hafa að senda skip sín milli landa, hafa orðið að fá útlenda menn til skipstjórnar. Hafa þá opt og tíðum helzt fengizt iðjuleysingjar og ónytjungar, sem ekki þóttu hæfir til þess starfa heima hjá sjer, en álitnir nógu góðir handa okkur. Hlutaðeigendur hafa haft mikið tjón af þessu. Jeg hef reynslu fyrir mjer í því, því sjálfur hef jeg beðið stórtjón við það.

Að ástæða sje til að breyta þessu ákvæði, sýnir sig bezt í því, að þegar íslenzkir skipstjórar ferðast til útlanda sem farþegar, þá er ekkert því til hindrunar, að þeir geti siglt þaðan sem skipstjórar, hvert sem vera vill. En komi þeir hingað heim, þá verða þeir að víkja úr sessi fyrir útlendingum, ef um millilandaferðir er að ræða.

Þetta fyrirkomulag er óhafandi. Það er ranglátt og óeðlilegt. Og mjer liggur við að segja bæði til skaða og skammar.

Þriðja breytingin er sú, að jafnan skuli vera tveir menn á skipi (stærra en 50 smálestir), sem færir sjeu til skipstjórnar. Og sje um gufuskip að ræða, verða þeir að hafa nauðsynlega þekkingu og kunnáttu að stjórna gufuvjelinni svo í góðu lagi sje.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þessar breytingar. En jeg vil geta þess, að þær eru ekki gripnar úr lausu lopti, því eptir þeim hefur sjómannastjettin bæði á Norður- og Suðurlandi óskað. Þess vegna er naumast hætta á, að þeim verði illa tekið af henni.

Nefndin hefur leyft sjer, að koma fram með nokkrar breyt.till. við frv., en það eru meira orða- en efnisbreytingar, og ekki ástæða til að fjölyrða mjög um þær. Aðalbreyt.till. við 2. gr. miðar að því, að tryggja, að prófið, sem þar er gjört ráð fyrir, fari reglulega fram.

Breytingarnar, sem farið er fram á á 3. og 4. gr., eru að eins orðabreytingar.

Breytingin, sem farið er fram á, að verði gjörð á 5. gr., er efnisbreyting, þar sem lagt er til, að þeir, sem ekki hafa tekið próf, fái rjett til að vera stýrimenn á skipum, sem ekki eru yfir 70 smál. En þessi breyting er mjög nauðsynleg. Ef haldið verður við 30 smál., þá er engin von til þess, að nógu margir lærðir stýrimenn fáist. Skip landsins munu vera um 200, en útskrifaðir frá sjómannaskólanum eru ekki nema 250 menn. Nú má gjöra ráð fyrir vanhöldum á þeim. Sumir eru dánir og aðrir fara af landi burt; svo verði þessu ákvæði haldið, þá eru allar líkur til, að að minnsta kosti einn þriðjungur skipanna verði að standa á landi, eða liggja inni á höfnum vegna óheppilegra lagasetninga. En slíkt má ekki eiga sjer stað.

Við 6. og 7. gr. eru að eins gjörðar tillögur um orðabreytingar.

Önnur breytingin á 8. gr. er að eins afleiðing af breytingunni á 5. gr.

Nefndin leggur til, að 12 mánuðir komi í stað tveggja ára í 10. gr., vegna þess að hún álítur ekki rjett að hafa

tímann svona langan. Það getur auðveldlega orðið til þess, að útiloka hæfa menn frá starfinu en óhæfari menn komi í staðinn.

Orðin: »á skipum, sem eru minni en 100 smálestir að stærð«, leggur nefndin til, að falli burt bæði úr 10. og 12. gr., því þau eru óþörf.

Nefndin áleit sanngjarnt, að stýrimenn yrðu að greiða nokkurt gjald fyrir skírteini sín eins og skipstjórar, og leggur hún því til, að í stað orðanna: »ekkert gjald«, í 13. gr. komi »2 kr.« Við aðrar gr. frumv. hefur nefndin ekki fundið ástæðu til að gjöra breyt.till.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. En auðvitað væri margt fleira hægt að færa málinu til stuðnings. Og ef það fær mikinn mótbyr, getur vel verið, að jeg fái ástæðu til að taka aptur til máls.

En nefndin vonar fastlega, að háttv. deild taki málinu vel og leyfi því, að komast til Ed. umræðulítið og mótmælalaust.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 22. samhlj. atkv.

1. breyt.till. (172) við 2. gr. a). samþ. með 22 samhlj. atkv.

1. breyt.till. (172) við 2. gr. b). samþ. með 22 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (172) við 3. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

3. gr. fallin.

3. breyt.till. (172) við 4. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

4. gr. fallin.

4. breyt.till. (172) við 5. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

5. gr. fallin.

5. breyt.till. (172) við 6. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

6. gr. fallin.

6. breyt.till. (172) við 7. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

7. gr. fallin.

7. breyt.till. (172) við 8. gr. a.) samþ. án atkv.

7. breyt.till. (172) við 8. gr. b.) samþ. án atkv.

7. breyt.till. (172) við 8. gr. c.) samþ. án atkvgr.

8. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.

8. breyt.till. (172) við 9. gr. samþ. með 22 samhlj. atkv.

9. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 22 samhlj. atkv.

9. breyt.till. (172) við 10. gr. a.) samþ. með 22 samhlj. atkv.

9. breyt.till. (172) við 10. gr. b.) samþ. með 18 atkv.

10. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkv.

11, gr. samþ. með 18 atkv.

10. breyt.till. (172) við 12. gr. samþ. án atkv.

12. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkv.

11. breyt.till. (172) við 13. gr. samþ. með 15 atkv.

13. gr. með áorðnum breyt. samþ. með 20 atkv.

14. gr. samþ. með 20 atkv.

15.—20. gr. samþ. hver um sig með 22. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 217,241.)

Jón Magnússon (þm. Vestm.); Jeg vildi leyfa mjer að minnast á breyt. frá nefndinni í þá átt, að stjórninni veitist heimild til að gjöra undanþágur í einstöku tilfellum. Slíkan rjett hefur stjórnin samkvæmt gildandi lögum, og það getur verið full þörf á, að slíkar undanþágur sjeu gjörðar. Þær hafa opt sýnt sig vera þarfar, og jeg skal nefna eitt dæmi, sem sýnir það að minni skoðun, að svo geti orðið eptirleiðis.

Eins og kunnugt er, eru menn hjer á landi farnir að hugsa um botnvörpuveiðar; enn sem komið er, eru það fáir hjer, sem nokkuð kunna til þeirra veiða svo teljandi sje. Nú vill svo til, að einstöku Íslendingar hafa tekið próf, og stundað svo botnvörpuveiðar utanlands. Nú fyrir skömmu átti að gjöra út hjeðan skip til botnvörpuveiða, en engan skipstjóra var að fá, sem til botnvörpuveiða þekkti, nema Íslending, sem tekið hafði stýrimannspróf í Englandi og verið skipstjóri í 5 ár á ensku botnvörpuskipi. En hann mátti ekki taka fyrir skipstjóra á þetta íslenzka botnvörpuskip, hvorki eptir hinum gildandi lögum, nje mætti samkvæmt ákvæðum frumv., nema undanþága væri gjörð á þann hátt, sem breyt.till. fer fram á.

Nefndin fer fram á, að stjórninni veitist heimild til þess að gjöra þetta, en að eins þegar mjög sjerstaklega stendur á eða mjög mikið liggur við.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 241 samþ. í e. hlj.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ágúst kom frumv. til 1. umr.

Eiríkur Briem, (2. kgk. þm.): Þetta er svo mikið mál, að mjer finnst rjett, að það sje skoðað í nefnd og vil því leyfa mjer að stinga upp á, að 3. manna nefnd sje kosin.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. og í hana kosnir:

Eiríkur Briem með 13 atkv.

Ágúst Flygenring með 13 atkv.

Sigurður Jensson með 8 atkv.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 35. fundi, mánudaginn 14. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 259, 356).

Framsögumaður Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Eins og hinni háttv. deild mun kunnugt eru til lög um atvinnu við siglingar frá 26. okt. 1893; þessum lögum var háttv, Nd. fyrst að hugsa um aðeins að breyta, þannig að aðeins yrðu teknar fram í hinum nýju lögum þær breytingar, sem gjörðar yrðu á lögum 26. okt. 1893, en það varð þó úr, að semja lögin um og nema hin núgildandi alveg úr gildi, eins og frumv. fer fram á. Eptir núgildandi lögum eru jafnmiklar kröfur gjörðar til skipstjóra á 12 og 100 smálesta skipum. Nú er í frumv. þessu settar reglur í 2. gr. frumv. um nokkurskonar próf, sem sá á að hafa innt af hendi, sem skipstjóri ætlar að verða á 12—30 smálesta skipi. Kröfur þær, sem gjörðar eru til þessara manna, eru litlar, enda nauðsynlegt að svo sje, þar skip þessi aðeins ganga stuttan tíma af árinu þegar veðrátta er að jafnaði bezt, og einnig mundu þeir eigi, sem meira hafa lært, vilja ráða sig sem skipstjórar til svo stutts tíma af árinu, er skip þessi eru að jafnaði notuð; það getur því opt verið erfitt eptir núgildandi lögum að útvega hæfa menn til skipstjórnar á þessum smáskipum. Að öðru leyti herðir frumv. á skilyrðunum í þessu efni, sbr. 5. gr. frumv., þar sem settar eru reglur fyrir, hver geti verið stýrimaður á skipi, sem er 70 smálestir eða meira; eru það sömu skilyrðin, sem áður giltu um 100 smálesta skip og þar yfir. Þessi ákvæði eru nauðsynleg, því að það er því nær óhjákvæmilegt að hafa

stýrimann á skipum þessum, enda eru nógir til þess starfa, er hafa tekið hið minna próf. Helztu breyt.till. nefndarinnar eru 2. og 7.

2. breyt.till. er um það, að fella burt 3. gr. frumv. þar sem ákvæði eru sett um það, hver megi vera skipstjóri á utanlandssiglingum. Nefndinni virtust þessi ákvæði koma í bága við það, sem nú er, og vera ósamrýmanlegt við frumv. í heild sinni, en leggur þar á móti til, að aptan við 14. gr. frumv. bætist málsgrein, er heimilar stjórnarráðinu í næstu 10 ár með ýmsum nánari skilyrðum, að veita mönnum rjett til að vera í utanlandssiglingum á íslenzku seglskipi, sem er minna en 100 smálestir. Í sambandi við frumv. þetta höfum við, eins og háttv. deild er kunnugt, komið fram með frumv. um breyting á lögum sjómannaskólans, sem við ætlumst til að standi og falli með þessu frumv. Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara frekar út í breyt.till., því að þær eru allar ljósar og skiljanlegar og annaðhvort afleiðingar af þeim, er jeg hef talað um eða smá lagfæringar; t. d. get jeg nefnt 5. breyt.till. við 9. gr. (sem verður 8. gr.) viljum við setja: »fullkominn« í staðinn fyrir »góð«; það er viðvíkjandi sjóninni; því að sá getur haft góða sjón, sem t. d. er litblindur, en hann hefur eigi fullkomna sjón og það er þó það, sem frumv. ætlast til með þessu ákvæði.

Jeg vona svo, að háttv. deild samþ. frumv. þetta með þeim breytingum, sem nefndin hefur leyft sjer að stinga upp á.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (356) samþ. í e. hlj.

1. gr, frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (356) um að fella burt 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (356) við 4. gr. frumv., sem verður 3. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

4. gr. frumv., sem verður 3. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

5. gr. frumv., sem verður 4. gr., samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (356) við 6. gr. frumv., sem verður 5. gr., samþ. í e. hlj.

6. gr. frumv. svo breytt., sem verður 5. gr. samþ., í e. hlj.

7—8 gr. frumv., sem verða 6—7 gr., samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. (356) við 9. gr. frumv., sem verður 8. gr., samþ. í e. hlj.

9. gr. frumv. svo breytt, sem verður 8. gr., samþ. í e. hlj.

10. gr. frumv., sem verður 9. gr., samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (356) við 11. gr., sem verður 10. gr., samþ. í e. hlj.

11. gr. frumv. svo breytt sem verður 10. gr. samþ. í e. hlj.

12.—13. gr. frumv., sem verða 11.—12. gr., samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (356) við 14. gr. frumv., sem verður 13. gr., samþ. í e. hlj.

14. gr. frumv. svo breytt, sem verður 13. gr., samþ. í e. hlj.

15.—21. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn, 16. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 411).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 25. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A 441, 448).

Framsögumaður Magnús Kristjánsson (þm Ak.): Ed. hefur látið í ljósi, að frv.

hafi í sjer fólgnar nauðsynlegar breytingar, og viðurkennir með því, að bætt sje úr ýmsum agnúum á gildandi lögum um þetta efni. Samt sem áður hefur hún komið fram með nokkrar breytingar við frumv., en flestar eru þær orðabreytingar, sem ekki er þörf að minnast á. Eina aðalbreyt.till. hefur Ed. þó gjört, með því að fella burtu 3. gr. frumv. Þessa breyting telur nefndin ekki heppilega eins og nú stendur á, því að einmitt ákvæði 3. gr., að þeir menn, sem tekið hafa hið minna próf, hafi rjett til að sigla milli landa sem skipstjórar, eru mjög nauðsynleg. Ed. hefur viljað bæta úr þessu með viðaukanum við 13. gr., og verður því ekki neitað, að það er nokkur bót, þar sem ekki er ástæða til að efa, að stjórnin beiti þessari heimild svo, að hún verði að tilætluðum notum. Nefndinni hefði þótt æskilegt, að viðaukinn við 13. gr. hefði verið nákvæmar orðaður, því nokkur vafi getur leikið á því, hvort undanþága sú, sem stjórnin getur veitt, gildir að eins fyrir hverja ferð eða hún veitist eitt skipti fyrir öll, þannig að sami maður þurfi ekki að sækja um leyfi optar en einu sinni.

Nefndin lítur svo á, að sami maður þurfi ekki að sækja um leyfi nema einu sinni og haldi þá rjetti sínum til að sigla milli landa sem skipstjóri upp frá því.

Með því einu móti, að þessi skilningur álítist rjettur, getur hún lagt það til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Fleira en þetta hafði nefndin ekki að athuga við frumv. Jeg vil að eins bæta við örfáum orðum frá sjálfum mjer. Jeg játa, að frumv. er til verulegra bóta, og breytingarnar fari í rjetta átt. En það er mín skoðun, að hjer sje of skammt farið, og að þeir, sem próf hafa tekið samkvæmt 2. gr., hefðu átt að hafa meiri rjettindi. Hjer hefði átt að miða við 50 smálestir, en ekki við 30. Mjer finnst það undarlegt, að við skulum ekki láta okkur sæma að fara að dæmum annara þjóða í þessu efni. Tíminn mun sýna, að þetta verður ekki fullnægjandi. Jeg álít, að ekki beri að heimta meiri bóklega þekkingu hjer, en t. d. við hið danska fiskimannapróf. Þess mun heldur ekki langt að bíða, að farið verður fram á verulegri breytingu í þessu atriði. Það sem mestu varðar í þessum efnum er það, að skipstjóraefnið hafi sem mesta verklega þekkingu, til þess að geta staðið sómasamlega í stöðu sinni, þótt bóklega þekkingin verði einnig að vera nokkur, en nægilegt ætti að vera að heimta sama hjer eins og hjá öðrum þjóðum.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

II. Stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík.

Á 9. fundi Nd., miðvikudaginn 12. júlí, kom frv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík til 1. umr. (A. 54).

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Eins og háttv. þm. er kunnugt, samþykkti seinasta þing löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík

í Norður-Ísafjarðarsýslu, og var stærð verzlunarstæðisins þá ákveðin í frumv.: en þegar farið var að byggja verzlunarhús á verzlunarlóðinni, þá varð mönnum það fljótt ljóst, að hið löggilta svæði var of lítið, og hafa þeir því óskað, að það sje stækkað. Svæði það, sem nefnt er í frv., og farið er fram á að löggilda, er mestmegnis sljettar grundir, og því mjög hentugt til þess, að byggja þar verzlunarhús.

Þar sem háttv. þingdeild samþykkti á síðasta alþingi frv. um löggildingu Bolungarvíkur mótmælalaust, vona jeg, að heldur ekki nú verði neitt til fyrirstöðu því, að frv. þetta nái fram að ganga, og leyfi jeg mjer því, að mæla sem bezt með því.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. með 24 atkv. gegn 1, að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara 6 þingdeildarmanna:

Skúla Thoroddsens, Ólafs Ólafssonar, Einars Þórðarsonar, Björns Kristjánssonar, Ólafs Briems, Stefáns Stefánssonar 2. þm. Skgf., og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson.
Jón Magnússon,	
Björn Kristjánsson,	
Eggert Pálsson,	
Einar Þórðarson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Herm. Jónasson,	
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., þm. Eyf.,	
St. Stef., þm. Skgf.	
Tryggvi Gunnarss.,	

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg greiði ekki atkvæði, því að jeg álít rangt, að misbrúka tíma þingsins með því, að viðhafa slíka atkvæðagreiðslu eins og fram hefur farið í dag.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það er skýlaus rjettur hvers þingmanns, að fá að greiða atkvæði um þau málefni, er þingið hefur til meðferðar, og í samræmi við þann sjálfsagða og stjórnskipulega rjett verður 37. gr. þingskapanna að skiljast; en á síðasta þingfundi neitaði forseti að leita mótatkvæða um tollhækkunar-frumvarpið, enda þótt vjer, sem í minni hlutanum erum, krefðumst þess.

Til þess, að vernda rjett minni hlutans gegn gjörræði meiri hlutans erum vjer þess vegna neyddir til þess, að krefjast nafnakalls í öllum málum, og það höfum vjer ásett oss að gjöra, unz forseti tekur aptur nefndan úrskurð sinn, og lýsir því yfir, að hann skuli leyfa, að greiða mót-atkvæði, hvenær sem einhver þingmanna krefst þess.

Forseti: Jeg hef engum bannað að greiða atkvæði, þó að jeg ekki heimtaði, að minni hlutinn stæði upp, þá er atkvæðagreiðsla fór fram í þetta umrædda skipti. Hef heldur aldrei neitað, að leita mót-atkvæða, ef krafan um það hefur ekki komið *of seint*, þ. e. eptir að jeg hef nefnt, að næsta mál á dagskrá kæmi til umr.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) gat þess, að meiri hlutinn hefði ráðið því, að minni hlutinn naut ekki atkvæða sinna.

Það er ekki rjett. Meiri hlutinn á þar engan hlut að máli. Forseti mun hafa tekið þá reglu upp hjá sjálfum sjer. /*Forseti:* Jeg hef enga reglu ákveðið í því efni). Nú, eða úrskurðað það frá eigin brjósti, þyki það orðalag viðfeldara. Annars er það náttúrlega liðugra, að leita mót-atkvæða, en framkoma minni hlutans ræður, hvernig sem á málið er litið, ekki raun, enda ekki hyggileg, því að meiri hlutinn getur sett þar krók á móti bragði.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 12. júlí, kom frv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 14. fundi Nd., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt með 20 samhlj. atkv., og afgreitt til forseta Ed.

Á 15. fundi Ed., fimmtudaginn 20. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A. 118).

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vildi að eins leiða athygli háttv. deildar að því, að það eru 2 prentvillur í frumv.: »Grundarhólssmerkjum« í staðinn fyrir: »Grundarhólsmerkjum« og »hærsta« fyrir »hæsta«.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 19. fundi Ed., þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt með 11 samhlj. atkv., og afgreitt til stjórnarinnar, sem lög frá alþingi.

III. Þorskanetalagnir í Faxaflóa,

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júlí, kom frumv. til laga um að nema úr gildi lög 12. nóvember 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa, til 1. umr. (A. 69).

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (1, þm. G.-K.): Jeg flyt þetta frumv. samkvæmt ósk sýslubúa og sýslunefnda í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það hefur tekizt svo illa til með prentunina á þessu frumv., að í stað 12. nóv. stendur 13. nóv., og mælist jeg til, að hæstv. forseti sjái um, að það verði leiðrjett.

Þetta frumv. fer fram á að fella úr gildi lög frá 12. nóv. 1875, er takmarka fiskiveiðar við Faxaflóa. Þegar þessi lög voru gefin út, var sú skoðun uppi, að netalagnir hindruðu fiskigöngur inn í flóanum. Sú skoðun var svo rík, að menn álitu, að nauðsynlegt væri að reisa enn frekari skorður við því, að net yrðu lögð snemma árs og sömdu íbúar Gullbringusýslu samþykktir, er

takmörkuðu leyfi til að leggja net að miklum mun meira en þessi lög gjörðu. En skoðanir manna á þessu hafa mjög mikið breytzt á seinni árum, og álíta menn nú, að netalagnir sjeu alls ekki til tjóns eða til hindrunar fyrir fiskigöngur; og óska menn því nú, að þessi lög sjeu algjörlega úr gildi numin. Áður var það trú manna, að ekki væri hægt að fá netafisk nema í mánuðunum marz og apríl. En botnvörpungar hafa þó kennt okkur, að önnur er raun á, og að hægt er að fá fisk í net, bæði í september og október og allt árið um kring. Það virðist því eðlilegast, að fiskurinn sje tekinn, hvenær sem hann kemur, og því engin ástæða til að sporna við með lögum, að í hann náist. Þess vegna er það samhljóða vilji meira hluta sýslubúa, og sýslunefndin hefur samþykkt í einu hljóði, að fara fram á, sem einnig var farið fram á við stjórnina í vetur er leið, að þessi lög verði úr gildi numin. Jeg sje enga ástæðu til, að nefnd sje skipuð í þetta mál; það snertir ekki aðra en íbúa þessarar sýslu, og þeir fara sjálfir fram á, að lögin verði úr gildi numin. Þess vegna vona jeg, að frumv. verði lofað að ganga áfram, og að því verði vel tekið af hinni háttv. deild.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi Nd., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 19. fundi Ed., þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A. 146).

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg ætla fyrst að gjöra með fáum orðum grein fyrir því, hvernig lög þessi eru orðin til. Í kringum árið 1875, þegar fiskiveiðar með net í sunnanverðum Faxaflóa stóðu með nokkrum blóma, þá álitu menn nauðsynlegt að banna þorskanetalagnir á vissum tíma á svæðinu frá Garðsskaga til Keilisness (frá 1. jan. til 14. marz). Álitu menn, að netalagnirnar mundu hepta göngu fisksins inn með landinu. Seinna voru gjörðar ýmsar samþykktir, sem færðu tímatakmarkið lengra fram, lengst var það fært til 7. apríl. Þess ber nú að gæta, að um þetta leyti, þá var dæmalaus ssmþykktarsýki í fólki. Mönnum hætti mjög við, þegar fiskur brást, að kenna ýmsu um, og álitu ýmist net eða lóðir skaðlegar fiskigöngum á grunnmiðum. Menn voru ruglaðir af ýmsum hindurvitnum, en sú kalda skynsemi kom lítið til greina. Einn maður æsti ef til vill hugmyndaafl fólksins og kom á stað hinum og þessum samþykktum. En smátt og smátt, og sjerstaklega þegar fiskileysið hjelt áfram árum saman, þrátt fyrir þetta samþykktafargan, dofnaði þó að lokum áhugi manna á þessum samþykktum. Menn hættu nú að hafa trú á því, að fiskurinn gengi sjerstaklega á þessum tíma, að hann ekki fyndi ýmsar aðrar leiðir inn eptir flóanum en þar sem net lágu, og að hann ekki gæti mjög opt gengið yfir þar sem net lágu, án þess að snúa aptur til hafs. Enda er sannleikurinn sá, að menn eru mjög ófróðir um allar fiskigöngur, og geta yfir höfuð að tala lítið reikn-

að þær út. Óánægja með að mega ekki leggja þorskanet allan ársins tíma tók nú að ágjörast, og sjerstaklega eptir að botnvörpungar ýmsa tíma árs ráku veiðar sínar á þessu svæði án eptirlits varðskipsins, sáu menn að þessi höpt, er þeir höfðu lagt á sig, urðu þá algjörlega óeðlileg. Til orða hefur komizt meðal útvegsbænda við sunnanverðan Faxaflóa, að brjóta lög þessi ɔ: leggja netin fyrir 14. marz, en sem betur fer, hafa þeir þó enn ekki gjört það. Það eina rjetta virðist vera, að upphefja lög, sem reynslan hefur sýnt að ekki hafa gjört neitt gagn, og gefa mönnum kost á að stunda fiskiveiðar, þegar tækifærið býðst. Jeg skal svo að sinni ekki tala meira um þetta mál, en vænti, að háttv. deild taki því vel, og felli lög þau úr gildi, er frumv. fer fram á.

ATKVGR.: Samþ., að frumv. skyldi ganga til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 21. fundi Ed., fimmtudag 27. júlí kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

Meginmál frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 23. fundi Ed., laugardag 19. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. í heild sinni samþ. með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

IV. Slökkvilið á Akureyri.

Á 13. fundi Nd., mánudag 17. júlí, kom frumv. til laga um að stofna slökkvilið á Akureyri til 1. umr. (A 73).

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal að eins taka fram, að frumv. þetta er öldungis samhljóða lögum þeim, sem gilda fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Bæjarstjórn Akureyrar hefur útvegað sjer slökkvitól og töluverður áhugi er vaknaður hjá bœjarbúum, að koma slökkvifærum sínum í gott horf. Jeg vona, að málið fái að ganga sinn rólega gáng í gegnum þingdeildina.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi Nd., miðvikudag 19. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi Nd., föstudag 21. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það hafa engar umræður orðið um þetta mál og engar breytingartill. verið gjörðar

við frumv. Frumv. þetta er í fullu samræmi við lög þau, sem samþ. hafa verið um slökkvilið á Seyðisfirði, og jeg vona, að frumv. verði samþykkt óbreytt og umræðulaust og afgreitt frá hinni háttv. deild.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Ed.

Á 19. fundi Ed,, þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A. 147).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 21. fundi Ed., fimmtudaginn 27. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi Ed., laugardag 29. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

V. Fiskiveiðar á opnum skipum.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til laga um viðauka við lög 14. desember 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum til 1. umr. (A 134).

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hef leyft mjer að bera þetta mál fram, samkvæmt ósk kjósenda minna, er kom fram á þingmálafundi í Bolungarvík, eins og þingmálafundargjörðir úr N.-Ísf., er liggja á lestrarsal þingsins, bera með sjer.

Það hagar svo til í Bolungarvík, að þar er mjög slæm lending, sjerstaklega í norðvestan átt. Til þess að bæta úr þessu, hefur mönnum hugkvæmzt, að byggja öldubrjót; en eptir áætlun verkfræðings þarf til þess svo mikla fjárupphæð, að menn búast ekki við, að alþ. sjái sjer fært, að leggja hana fram, sízt í einu lagi. En til þess að koma þessu nauðsynjamáli þó einhvern tíma í framkvæmd, vilja menn leggja töluvert á sig, og stofna sjóð í því skyni, í fullu trausti til þess, að fjárveitingarvaldið muni þá þess fúsar hlaupa undir bagga.

Jeg skal geta þess, að í þessari verstöð reru á síðastliðnu vori um 80 skip, og þar á skipum þessum eru ýmist 7 eða 9 hluta skipti; hugkvæmdist ýmsum áhuga- og dugnaðarmönnum í Bolungarvík, að ef borguð væri af óskiptum afla nokkur upphæð af hlut yfir vertíð hvora vetur og vor, þá mundi á þann hátt brátt safnast allálitleg fjárupphæð, enda þótt gjald það, er greitt væri af hverjum hlut, væri svo lágt, að engan einstakan mann munaði það verulega. En þó að reynt sje, að hafa frjáls samtök í þessu efni, skerast þó jafnan einhverjir úr leik, og því er farið fram á, að heimilað sje, að gjöra samþykktir

um þetta efni. Auðvitað hagar víða svo til, víðar en í Bolungarvík, að nauðsinlegt er, að bæta lendingar, og því er sjálfsagt æskilegt, að hafa almenn lög um þetta efni, svo að sýslunefndir geti gjört samþykktir í þessu skyni, þar sem nauðsyn þykir.

Jeg skal ennfremur geta þess, að síðastliðinn vetur urðu miklir mannskaðar í Bolungarvík, sem líklegt er að ekki hefðu orðið, ef öldubrjótnrinn hefði þá verið kominn, og er það því sannkölluð lífsnauðsyn, að fá sem fyrst bætta lendinguna í þessari helztu verstöð landsins.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en leyfi mjer að óska þess, að það fái nefndarlaust að ganga til 2. um.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

3. — — - - —

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 257).

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og kunnugt er af gangi þessa máls í háttv. Nd., er frumv. þetta komið fram samkvæmt almennum óskum þar vestra. Hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) flutti þetta mál í hinni háttv. Nd., og fjekk það hinar beztu undirtektir þar.

Svo stendur á þar vestra, að vanalega ganga 60—70 skip frá þessari veiðistöð, Bolungarvík, en lending er þar mjög slæm, og þarf of fjár til þess að bæta hana, svo að góðu haldi komi. Mjer er kunnugt um, að verkfræðingar hafa áætlað kostnaðinn við endurbót lendingarinnar svo 100 þús. króna skiptir.

Ísfirðingar vilja ekki vera að kvabba á þingið, heldur safna sjálfir í sjóð, sem sýslunefndin hefur umráð yfir og ávaxtar þangað til hann er orðinn svo stór, að hann getur orðið að liði. Þetta er mjög svo lofsverður áhugi og sjálfsagt, að stuðla til þess, að hann glæðist og styðja hann. Eptir því, sem bátshlutir eru og hafa verið undanfarin ár, má búast við að 2,000—3000 kr. bætist sjóðnum árlega, og er það all ásjáleg upphæð.

Jeg vonast til, að þetta frumv. fái eins góðar undirtektir hjer, eins og í háttv. Nd., því hjer á bakvið liggur brýn þörf og nauðsyn.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 28. fundi Ed., laugardag 5. ágúst kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

A 29. fundi Ed., mánudag 7. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgr. til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

VI. Byggingarnefnd á Akureyri.

A 19. fundi Nd., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til laga um breyting á opnu brjefi 6. janúar, 1857, um að stofna byggingarnefnd á Akureyri til 1. umr. (A 135).

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil í stuttum orðum taka það fram, að frumv. þetta felur ekki í sjer aðrar breytingar en þær, sem gjörðar hafa verið í öðrum kaupstöðum hjer á landi, og að það er sniðið eptir þeim lögum, sem gilda fyrir Reykjavíkurbæ.

Aðaltilgangur þessa frumv. er að fyrirbyggja, að menn byggi hús á við og dreif með stórum svæðum milla húsa.

Fyrir Akureyrarkaupstað eru þær sömu ástæður fyrir þessu frumv. eins og fyrir aðra kaupstaði, sjerstaklega Reykjavík. Bæjarstjórn Akureyrar fór fram á nokkuð víðtækari ákvæði, en frumv. þetta felur í sjer, en af því vafasamt þótti, að stjórnin gengi að þeim atriðum, er þeim sleppt í þessu frumv. og það sniðið eptir þeim lögum, sem gilda annarsstaðar. Jeg vona, að háttv. þm. samþ. frumv. og leyfi því að ganga hljóðalaust gegn um deildina.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi Nd., miðvikudaginn 26. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil geta þess, að það er prentvilla í frumv.; það vantar yfirskriptina »1. gr«; jeg vona, að það verði leiðrjett á skrifstofunni. Jeg þarf ekki að taka neitt fram um frumv.; það er sniðið eptir lagaboðum, sem gilda fyrir Reykjavík.

ATKVGR.:

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. — —— — — —
3. — —— — — —
4. — —— — — —
5. — —— — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi Nd., laugardaginn 29. júlí. kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 25. fundi Ed., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 226).

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — —— —— — — —
3. — —— —— — — —
4. — —— —— — — —
5. — —— —— — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 28. fundi Ed., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að í frumv. þessu eru tvær prentvillur, önnur er í 1. gr. síðustu setningu 1. málsgr, »þykir« fyrir: »þyki« sem fer betur. Hin er í 3. gr.; þar stendur »byggingjarnefndinni« fyrir: »byggingarnefndinni». Þessu þarf að breyta áður en frumv. verður afgreitt frá deildinni.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

VII. Notkun hafna.

Á 24. fundi Nd., miðvikudag 26. júlí, kom frumv. til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglur um notkun hafna við kauptún í landinu o. fl. (A 142) til 1. umr.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skaptf.): Jeg ætla að vona, að frumv. þessu verði lofað að ganga í gegn um deildina umræðulítið og án nefndar.

Það, sem frumv. fer fram á, er, að stjórnarráðið fái heimild til, að staðfesta reglur um notkun hafna, þar sem sjerstakar ástæður eru til. Þótt í 2. gr. sje veitt heimild til þess, að ákveða gjöld fyrir skip, sem hafnir nota, þá er ekki tilgangurinn, að henni verði beitt, nema ú sumum stöðum, þar sem bryggjur og mannvirki eru og þar sem mikið kemur af útlendum fiskiskipum. Slíkt gjald getur verið nauðsynlegt, þar sem þörf er á að bæta eða byggja bryggjur.

Jeg hafði sjerstaklega fyrir augum Siglufjörð; þangað koma yfir 100 skip á hverju sumri til síldarveiða og borga ekkert. Mjer finnst ekki nema sanngjarnt, að sá floti greiði eitthvert gjald, og mætti leggja það í sjóð, er varið væri til bóta á höfninni.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

A 26. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr (A 142, 252).

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skaptf.): Eins og hæstv. forseti tók fram, voru í breyttill., sem útbýtt var í gær, margar og herfilegar prentvillur. En þær hafa verið leiðrjettar og jeg vona, að háttv. þingm. hafi fengið þær leiðrjettar. Breyt.till. fara fram á, að fela sýslumönnum að semja reglugjörðirnar, og farið verði með mál út af brotum gegn lögunum sem almenn lögreglumál. Það eru engar verulegar efnisbreytingar.

ATKVGR.: Breyt.till. (252) við 1. gr. samþ. í einu hlj.

Breyt.till. 2 við 1. gr. samþ. í einu hljóði.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj.

2. gr. samþ. í einu hlj.

Viðaukagr. (þgskj. 252) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 27. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. iil 3. umr. (A 264).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgr. til forseta Ed.

Á 28. fundi Ed., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 275).

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. águst, kom frumv. til 2. umr. (A. 275).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.
2. gr. frumv. samþ. í einu hlj.
3. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 21. fundi Ed., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 275).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgr. til ráðherrans sem lög frá alþingi.

VIII. Málmforði hlutafjelagsbankans.

Á 26. fundi Nd., þriðjudag 1. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á lögum 7. júní 1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, til 1. umr. (A. 158).

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg flyt þetta frumv. ásamt háttv. þm. Sfjk. (J. J.) fyrir hönd Íslandsbanka og stjórnar hans. Aðalbreytingin, sem frumv. fer fram á, er, að málmforði bankans ekki skuli nema meira en $^3/_8$ af seðlaupphæðinni, en hingað til hefur málmforðinn numið $^1/_2$ seðlaupphæðarinnar. Breytingin rýrir að vísu nokkuð trygginguna fyrir seðlunum, og er að því leyti oss í óhag, en hún er í samræmi við það, sem viðgengst í bönkum erlendis, og jeg hygg, að Íslandi sje ekki hættara en öðrum löndum, þó að málmforðinn væri minnkaður þannig.

Hinsvegar er breytingin á 6. gr. oss í hag. Nú þarf ekki nema $^1/_4$ af málmforðanum að vera fyrir hendi í bankanum í gjaldgengri mynt og af myntinni þarf ekki nema $^1/_2$ að vera gullmynt. Hjer eptir verða $^3/_{10}$ af málmforðanum að vera mynt, og $^5/_6$ þar af gullmynt. Að öðru leyti er málið svo ljóst, að það þarf að mínu áliti ekki að skipa nefnd til að íhuga það, enda vona jeg að það gangi mótmælalaust til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 32. fundi Nd., miðvikudag 9. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 158, 261).

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mál þetta fjekk svo góðun byr hjer í háttv. deild við 1. umr., að jeg finn ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það; vil jeg að eins leyfja mjer að vekja athygli deildarinnar á viðaukatill. frá mjer á þgskj. 261. Viðaukatill. miðar að eins að því að færa þær breytingar, sem leiða af

frumv., inn í lögin frá 7. júní 1902, og það þykist jeg vita að háttv. deild telji til bóta.

ATKVGR.: Inngangurinn samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 16 atkv.
2. — — — 16 —
3. — — — 16 —

Viðaukatill. á þgskj. 261 samþ. með 17 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Á 34. fundi Nd., föstudag 11. ágúst, kom frumv. ttl 3. umr. (A. 345).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 14 atkv. gegn 1 og afgreitt til forseta Ed.

Á 35. fundi Ed, mánudaginn 14. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 371).

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 371).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Inngangur frumv. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — — — 11 — —
3. — — — 11 — —
4. — — — 11 — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv. gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi Ed., föstudagninn 18. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 371).

Enginn tók til máls.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

IX. Löggilding verzlunarstaða.

A 23. fundi Nd., föstudaginn 28. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaða (A 180) til 1. umr.

Flutningsmaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vonast til að þurfa ekki að hafa mörg orð um þetta frumv.; með því að hinar einstöku greinar þess eiga svo marga meðhaldsmenn, vænti jeg, að því sje borgið, þar sem það er að eins breytt að formi en ekki efni.

Það er vikið að því í nefndarálitinu, að nefndin sje hlynnt því, að frumv. um löggilding kauptúna nái fram að ganga. Hún álítur, að þar sem nú eru eigi alllitlir framfarakippir og fjörbrot með þjóð vorri, þá beri nauðsyn til, að greiða fyrir því, að verzlun og viðskipti verði sem hagkvæmust, og að það eigi ekki að standa í vegi fyrir slíkri framsóknarstefnu, einkum þar, sem óskir og bænarskrár hafa komið fram í þá átt.

Nefndin var þeirrar skoðunar, að láta reynsluna skera úr því, hvort þessa væri allstaðar þörf; þó að svo sje ekki sumstaðar, þá hefur þó reynslan sýnt, að á sumum stöðum hefur viðskiptalífið blómgvast mikið við löggilding kauptúna, og það orðið landsmönnum til heilla og framfara.

Við þessa umr. ætla jeg ekki að fara út í einstakar greinir; að eins eitt atr-

iði vil jeg taka fram. Nefndin áleit, að betur færi á því og það mundi einnig flýta fyrir málunum, að þau væru öll sett í eitt frumv., þótt sum væru nokkuð langt komin; með því mætti spara tíma og prentunarkostnað. Þessi skoðun var einnig uppi fyrir mörgum árum á þingi. en þá var meiri mótspyrna á móti löggildingum en nú, svo að sumir voru hræddir um, að það yrði sínu frumv. að fjörlesti að vera slengt saman við hin.

Í frumv. er ætlazt til þess, að hver gr. verði samþ. út af fyrir sig, en hver gr. inniheldur eina löggildingu; vænti jeg því, að frumv. fái góðan og greiðan framgang í hinni háttv. deild.

Björn Kristjánsson (4. þm. G.-K.): Með því að hin háttv. nefnd hefur tekið öll löggildingarfrumv. í eitt frumv., lýsi jeg því yfir, að jeg tek aptur frumv. þau, er jeg hef borið upp, um löggildingu á Gerðaleir og Maríuhöfn.

Lárus H. Bjarnason (þm Snæf.): Sömuleiðis tek jeg aptur frumv. til laga um löggildingu á Syðra-Skógarnesi.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv.

Á 26. fundi Nd., þriðjudag 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 179,180,235).

Frumsögumaðnr Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Við 1. umr. þessa máls komu fram ummæli í þá átt, að í þessu frumv. væri ósamkvæmni þar sem verzlunarsvæðið væri ákvarðað í tveimur greinum frumv., en ekki í hinum fimm.

Nefndin hefur tekið þetta til íhugunar og fallizt á, að færa þetta frumv. í samræmi við hitt »um takmörkun verzlunarlóða«, þar sem farið er fram á, að stjórnarráðið ákveði verzlunarsvæðið eptir tillögum sýslunefnda. Nefndin áleit, að með þessu móti yrði hægara og brotaminna, að fá takmörkunum breytt síðarmeir ef á þyrfti að halda. Mætti þannig komast hjá því stauti, sem nú er, þar sem 3 lagafrumvörp liggja fyrir þinginu um *breytingu* á takmörkum verzlunarlóða. Sökum þessa hefur nefndin komið fram með breyt.till. á þgskj. 235, sem ganga á í þá átt að gjöra frumv. sjer sjálfu samkvæmara. Er þar lagt til, að fella í burtu ákvæðin um takmörkun verzlunarlóðarinnar úr tveimur gr. frv.

En nefndinni er þetta ekki mjög fast í hendi og vill alls ekki gjöra á móti vilja flutningsmanna, en jeg vona, að þeim sýnist þessi breyting hagfelld.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Mjer þótti vænt um síðustu orð háttv. framsm. (Á. J.), því jeg ímynda mjer, að nefndin hafi þá ekkert á móti því, þó að breyt.till. hennar verði felld, að því er snertir frumv. um löggildingu verzlunarstaðar að Látrum.

Háttv. framsm. fannst betra, að ákvörðun um takmörk lóðarinnar væri tekin burtu, en að mínu áliti getur það orðið til mikillar tafar, ef þessu ákvæði er kippt burtu úr frumv. Ef þessu ákvæði er sleppt úr frumv., þá þurfa menn, eptir að lögin hafa náð gildi, að gjöra ráðstafanir til þess að fá takmörk verzlunarlóðarinnar ákveðin, og gæti því farið svo, að löggildingin kæmist ekki á fyr en á næsta ári eptir staðfesting laganna, eða í þessu tilfelli ekki fyr en árið 1907, þar sem sýslunefndin verður fyrst, að láta álit sitt uppi um ákvörðun lóðarinnar, og síðan senda tillögur sínar til stjórnarráðsins. Allt þetta mundi taka mikinn tíma. Jeg kýs því fremur, að takmörkun verzlunarlóðarinnar fái að standa óhreyft í frumv., enda finnst mjer líka miður heppilegt, að þessum 7 frumv. hefur verið steypt saman í 1 frumv., því ef menn fella eina greinina, þá getur svo farið, að

það fall dragi aðrar greinir frumv. með sjer.

Mjer væri því kærast, að háttv. deild samþykkti frumv., eins og það kom upphaflega fram hjer í deildinni.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Mjer skildist svo á ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að ef breyt.till. nefndarinnar yrði samþykkt, mundi það seinka málinu mjög mikið.

En jeg vil benda á, að margsinnis fyr og síðar hafa frumv. um löggilding verzlunarstaða verið samþykkt án þess, að tilgreind hafi verið takmörk verzlunarlóðarinnar, og veit jeg ekki til, að það hafi orðið til tafar eða hindrunar; verzlunin hefur byrjað eins fyrir því, þegar lögin hafa náð staðfestingu. Jeg fæ ekki sjeð, að það geti hindrað neinn frá að byrja verzlun á þessum löggiltu kauptúnum, þó að takmörk verzlunarlóðarinnar sjeu fyrst ákvörðuð seinna.

Það eru mörg kauptún, sem ekki hafa fengið neitt ákvarðað verzlunarsvæði enn þann dag í dag. Mjer finnst rjett, að takmörk verzlunarsvæðisins sjeu ekki ákveðin með lögum, til þess að sá vani ekki komist á, að einlægt þurfi að fara til löggjafarvaldsins til þess að fá slíkum takmörkum breytt.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fannst það vera óheppilegt, að hafa öll löggildingarfrumv. í einu lagi. En hjer er vist ekkert að óttast, því að það má óhætt treysta því, að frumv. nái fram að ganga bæði hjer og í háttv. Ed. Nefndinni þótti líka skemmtilegra, að hafa frumv. öll í einu lagi, heldur en að hafa þau sitt í hverju lagi á þessum vanalegu þingsneplum.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg held, að það sje ekki rjett skoðað, að löggildingin komi alveg eins til framkvæmdar, þó að verzlunarlóðartakmörkunin sje ekki í frumvarpinu sjálfu. Jeg get ekki sjeð, að lögin komi til framkvæmdar, fyr en stjórnarráðið hefur ákvarðað verzlunarsvæðið, því að það væri allt of mikil áhætta, að ráðast í, að byggja þar verzlunarhús, þar sem stjórnarráðið kynni svo að ákveða, eptir tillögum sýslunefndar, að svæðið, sem löggildingin nær til, skuli vera allt annað en það, þar sem byrjað var að reisa verzlunarhúsin.

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vil benda á, að verzlun hefur verið rekin í mörg ár, æði víða, án þess að takmörk verzlunarlóðarinnar væru ákveðin, t. d. á Borðeyri; þar mun verzlunarsvæðið ekki hafi verið ákvarðað fyr en fyrir fám árum, það sama er að segja um Haukadalsbót og fleiri staði, þar sem takmörk kauptúnsins eru óákveðin enn í dag. Hin frumv. fimm hafa heldur ekki farið fram á nokkra takmörkunarákvörðun, og engum dottið annað í hug, en að það væri fullnægjandi.

Það tekur heldur ekki svo langan tíma, að fá tillögur frá sýslunefndunum og koma þeim á framfæri við stjórnarráðið, að slíkt muni geta staðið í vegi fyrir byggingu á þeim kauptúnum, sem hjer er um að ræða.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 13 atkv.

2. gr. samþ. með 19 : 1 atkv.

3. gr. samþ. með 17 atkv.

Breyt.till. nefndarinnar (235) við 4. gr. samþ. með 15 atkv.

4. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 17 : 1 atkv.

5. gr. samþ. með 17 atkv. gegn 1.

Breyt.till. nefndarinnar við 6. gr. samþykkt með 14 samhlj. atkv.

6. gr. með áorðinni breytingu samþ.

7. gr. samþ. með 17 atkv.

með 17 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 gegn 3 atkv.

Á 27. fundi Nd., fimmtudag 3. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 22 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 29. fundi Ed., mánudag 7. ágúst kom frumv. til 1. umr. (A 276).

Enginn tók til máls.

Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 31. fundi Ed., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 276).

Enginn lók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

5. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

6. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

7. gr. frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj. atkv.

Á 33. fundi Ed., föstudag 11. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 276).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

X. Ákvörðun verzlunarlóða.

Á 23. fundi Nd., föstudaginn 28. júlí, kom frumv. til laga um ákvörðun verzlunarlóða (A 181) til 1. umr.

Framsögnmaður Árni Jónsson, (þm. N.-Þing.): Þetta frumv. stendur i sambandi við mál það, er næst á undan var á dagskrá, og er sprottið af umr. hæstv. ráðherra við 1. umr. i frumv. til löggildingar á Lambhúsvík.

Nefndinni hefði þótt bezt á því fara, að hverri beiðni um löggildingar fylgdi ekki að eins skýrsla um lendingu og höfn staðarins, heldur einnig ákvörðun um stærð verzlunarlóðarinnar. En í þeim frumv., sem nefndin hafði fyrir sjer, voru aðeins tvö, sem þessa ákvörðun höfðu,

Nefndin vill því með frumv. þessu fá almennar reglur um þetta bæði fyrir gömul og ný kauptún, enda virðist þess þörf, þar sem nú liggja fyrir þinginu ekki færri en 3 frumv. um breyting á takmörkum verxlunarlóða, öll frá gömlum kaupstöðum. Þess vegna vill nefndin gefa stjórninni heimild til þess, að ákvarða verzlunarlóðir eptir till. sýslunefnda.

Jeg þykist ekki þurfa að segja meira við þessa umræðu um þetta mál, en jeg vil leyfa mjer að vekja athygli að

því, að bagaleg prentvilla hefur slæðzt inn í nefndarálitið á þgskj. 179; hún er í niðurlagi næst síðustu setningar: »breytingu« á að vera »bendingu«; vil jeg biðja háttv. þm., að leiðrjetta það.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ætla að gjöra þá fyrirspurn til hinnar háttv. nefndar, hvort meiningin sje, að stjórnin með þessu fái sjálfstætt vald, án þess að vera bundin við vilja sýslunefndanna.

Oss er sem sje kunnugt um, að þessi orð, »eptir tillögum«, sem í frumv. standa, er nú farið að skýra á ýmsan hátt. Jeg vildi fá að heyra álit nefndarinnar um þetta atriði, því að atkv. mitt er undir því komið, hvort þetta ákvæði á að skiljast svo, að stjórnin eigi að samþykkja till. sýslunefnda. Ef svo er ekki, er jeg frumv. mótfallinn.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það er annað atriði, sem jeg vildi fá upplýsingar um hjá hinni háttv. nefnd, það sem sje, hvers vegna hún hefur ekki tekið bæi inn í frumv. sitt. Mjer sýnist, að ef það á að verða að lögum, að sýslunefndir ráði ákvörðunum um stækkun verzlunarlóða í kaupstöðum, þá eigi bæjarstjórnir að ráða því í bæjum.

Flutningsmaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Þessi fyrirspurn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefði átt betur við í 2. umr., en jeg vil þó geta þess, að henni er að nokkru leyti svarað í nefndarálitinu, ef háttv. þm. hefði lesið það, og vil jeg með leyfi háttv. forseta lesa upp úr því þá gr. Þar segir svo:

»Það virðist geta farið vel á því, að sýslunefndirnar, eptir beiðni og áliti hreppsnefnda eða hlutaðeiganda, gjöri tillögur um takmörk verzlunarlóðar, er stjórnarráðið síðan staðfesti«.

Á þessu sjest, að það er skoðun nefndarinnar, að farið sje eptir vilja sýslunefndanna. En jeg efast ekki um, að nefndin væri fús á að breyta orðalaginu, ef það þætti betur fara, eptir samkomulagi við hinn háttv. þm.

Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hefði sömuleiðis átt að geyma fyrirspurn sína til 2. umr.

Jeg get svarað honum því, að nefndinni þótti það, sem hann spurði um, liggja fyrir utan sitt verksvið. Jeg býst við, að takmörk verzlunarlóða í kaupstöðum sjeu ákveðin með lögum. Annars getur nefndin tekið þetta atriði með, ef háttv. þingmaður óskar, jeg býst við, að hún hafi ekkert á móti því.

Ráðherrann: Jeg vildi að eins segja það, að ef þetta »eptir tillögum sýslunefndar« á að skiljast þannig, að stjórnin sje skyldug til þess að fara alveg eptir því, sem sýslunefndirnar segja, og megi ekki synja staðfestingar á því, sem þær fara fram á í þessu efni, þá er rjettara, að sýslunefndirnar gjöri formlega út um málið, því það er þá að eins krókur að vera að fara með það til stjórnarráðsins. En jeg býst ekki við, að stjórnarráðið muni fara eptir tillögum sýslunefndanna, nema það álíti þær hagkvæmar og rjettar, eða að minnsta kosti lögmætar.

Jeg sje ekkert á móti því, að þessi heimild sje víðari. Af 7 stöðum, sem á að löggilda eru takmörk verzlunarlóðanna að eins tiltekin á tveimur, nefnilega Látrum og Ólafsfirði. Mjer finnst það vera að gjöra þessum tveimur stöðum lægra undir höfði, að takmarka verzlunarlóðirnar þar með lögum, því þá væri ekki hægt að breyta takmörkunum aptur, nema með lögum, en á hinum stöðunum mætti breyta takmörkunum með miklu minni fyrirhöfn. Það var mín meining, að

gjöra það annaðhvort að almennri reglu, að takmarka lóðirnar með lögum, eða að gefa almennt leyfi, án þess að takmarka þær. Mjer finnst, að nefndin t þessu hafi blandað saman tveimur »principum«. Jeg álít heppilegt, að það væri hægt að breyta takmörkum allra verzlunarlóða með »administrativum« úrskurði, svo að þingið þyrfti ekki að eyða tíma sínum til þess.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Fyrst umræður hafa snúizt að þessu atriði i 1. gr., vil jeg taka það fram, að það er mikill munur á því, hvort stjórnin hefur vald til þess að ákveða takmörk verzlunarlóðanna eptir vild sinni í bága við framkomnar tillögur sýslunefnda, ellegar að hún er skyldug til að fallast á slíkar tillögur; þó má benda á þann millivcg, að stjórnin geti að eins synjað staðfestingar á tillögunum, ef hún með engu móti getur fallizt á till. sýslunefnda. En hitt finnst mjer eiga síður við, að stjórnin ákveði sjálf takmörk verzlunarlóðanna alveg eptir eigin höfði.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það, að hann hefur ekki á móti stefnu nefndarinnar í þessu máli. Þessi ósamkvæmni, sem hann benti á, er sprottin af því, að nefndin vildi ekki taka fram fyrir hendurnar á flutnm. frumv., nema með þeirra samþykki og vilja. Fái hún þeirra samþykki, er auðvitað ekkert hægra en að fá þessu breytt, og þar með samræmi í frumv.

Nefndinni væri það kært, ef hún fengi leiðbeiningar og aðstoð sjer lögfróðari manna, og þá sjerstaklega hæstv. ráðh., til þess að laga þetta frumv. og færa það út.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 26. fundi Nd., þriðjudag 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 181).

Framsögumaður Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vil að eins segja örfá orð um þetta frumv. Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) hreyfði því við 1. umr. þessa máls, að honum fyndist frumv. hefði einnig átt að taka út yfir það, að stjórnarráðið skyldi hafa heimild til að ákveða takmörk verzlunarlóðar í kaupstöðum eptir till. hlutaðeigandi bæjarstjórnar. Háttv. þm. vildi og gefa stjórnarráðinu leyfi til, að breyta takmörkum verzlunarlóða, jafn vel þó þau áður væru ákveðin með lögum. Nefndin tók þetta til íhugunar, en hún getur fyrir sitt leyti ekki fallizt á þessa skoðun. Hún vill ekki taka þennan rjett frá löggjafarvaldinu og álítur rjett, að þegar takmörkin eru ákveðin með lögum, þá skuli þeim einnig breytt með lögum. En aðaltilgangur þessa frumv. er að gjöra kauptúnum greiðara fyrir að fá takmörk ákveðin án lagaboðs, og án þess að þurfa að fá staðfestingu þingsins á öllum breytingum, sem kann að verða óskað eptir. Það hefur mátt sjá dæmi þessa nú á þinginu, þar sem nú hefur verið samþykkt frumv. um stækkun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík. Á síðasta þingi var þessi staður löggiltur og verzlunarsvæðið þá ákvarðað, en nú, þegar á næsta þingi, er samþ. að stækka það.

Það er því full ástæða til að gjöra aðganginn greiðari með svona löguð mál.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 21 atkv.

2. gr. samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umr. með 23 atkv.

Á 27. fundi Nd., fimmtudag 3. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 181).

Enginn tók til máls.
Frumv. samþ. með 22 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 28. fundi Ed., laugardag 5. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A. 274).
Enginn tók til máls.
Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 274).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Ed., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 274).
Enginn tók til máls.
Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XI. Varnarþing í skuldamálum.

Á 13. fundi Ed., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til laga um varnarþing í skuldamálum og ýms viðskiptaskilyrði (A. 95) til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, var fyrst borið fram á þingi 1889.

Jeg bar það þá fram hjer í deildinni; það hefur verið borið fleirum sinnum fram síðar, og jafnan mætt misjöfnum móttökum.

Fyrst þegar frumv. kom fram, var aðal-mótbáran á móti því sú, að það mundi verða til þess, að íþyngja bændum og öðrum.

Jeg verð aptur á móti, að halda því fram, að þetta sje skammsýn skoðun á málinu. Jeg álít, að það verði til hagsmuna og hagræðis fyrir almenning, og til þess að gjöra skuldaskiptin öruggari og auka lánstraustið.

Lánstrausti þurfa menn alstaðar á að halda, og eitt af aðal-skilyrðunum fyrir því, að þjóðin komist til vegs og gengis, er, að lánstraustið sje sem bezt, og því lengra, sem þjóðin er komin áleiðis, því meira þarf hún á lánstrausti að halda.

Af því að þetta er 1. umr. málsins, þá er ekki ástæða til þess, að fara út í einstakar greinar frumv.; en svo mikið er víst, að hafi verið þörf á þessum lögum áður, þá er hún tvöfalt og meira að segja margfalt meiri nú. Áður fyrntust skuldir aldrei og gengu kaupum og sölum mann fram af manni, og gátu þannig haldizt við um ófyrirsjáanlegan tíma. Nú liggur fyrir þinginu frv. um fyrning skulda, og geta skuldir eptir því fyrnzt á mjög stuttum tíma: fjórum árum. Nú er það bersýnilegt, að þegar skuldir geta fyrnzt á svo stuttum tíma, þá er því meiri ástæða til, að gjöra lánendum ljettara fyrir, að ná inn kröfum sínum.

Þótt nú af vangá ekki standi, að þetta frumv. hafi verið borið fram af nefnd þeirri, sem skipuð var í frumv. um fyrningu skulda, þá hefur það samt í raun og veru verið borið fram af þeirri nefnd.

Jeg hef ástæðu til að ætla, að frv. þessu byrji vel í báðum deildum, og sje jeg því ekki ástæðu til, að fjölyrða um það að sinni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er yfirleitt hlynntur aðalstefnu þessa frumv. Það er sjerstaklega eitt atriði, sem mjer finnst dálítið athugavert, nefnilega, þar sem stendur í 1. gr., að kostnaðarmenn blaða og rita eru látnir heyra undir þessi ákvæði, og geymi jeg mjer rjett til þess, að koma með breyt.till. um þetta atriði við 2. umræðu málsins.

Að því er enn fremur snertir frestinn, þá er jeg í vafa um, hvort rjett sje, að hafa hann svo stuttan.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í málið að þessu sinni, en óska að eins, að frumv. fái að ganga til 2. umr.

Ráðherrann: Jeg vil að eins leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd sje skipuð í málið með því, að mjer sýnist ýmislegt athugavert við það.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm, N.-Múl.): Jeg vil leyfa mjer, að styðja tillögu hæstv. ráðherra um, að nefnd sje skipuð til þess, að íhuga frumv., því að þó að það aldrei nema hafi verið borið fram af nefndinni í frumv. um fyrning skulda, eins og háttv. 4. kgk. þm. (J. Ól.) tók fram, þá virðist frumv. samt sem áður þannig úr garði gjört, að það þurfi rækilegri íhugunar við.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg vil leyfa mjer, að styðja þá tillögu, að frumv. verði athugað betur.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að sjerstök nefnd verði skipuð til þess, að íhuga málið betur; en jeg ímynda mjer, að sú nefnd muni komast að líkri niðurstöðu.

ATKVGR.: Tillagan um að vísa frumv. til nefndarinnar í frumv. um fyrning skulda felld með 7 gegn 6 atkv.

Tillaga um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Jóh. Jóhannesson	með	11 atkv.
Eiríkur Briem	—	8 —
Guðjón Guðlaugsson	—	6 —

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Jóhannes Jóhannesson skrifari og framsögumaður.

Á 15. fundi Ed., fimmtudaginn 20. júlí, skýrði forseti frá því, að nefndin í máli þessu hefði óskað þess, að 2 mönnum yrði bætt við í nefndina, sem sje þeim Jóni Ólafssyni og Ágúst Flygenring; voru þeir síðan kosnir með 10 atkv.

Á 24. fundi Ed., mánudag 31. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 95, 240).

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Nefndin, sem hv. Ed. fól þetta mál til athugunar, hefur nú lokið störfum sínum. Nefndin var fullkomlega sammála um, að stór rjettarbót væri að lögleiða sjerstakt varnarþing í skuldamálum. Það er kunnugra, en frá verði sagt, hve erfitt kaupmenn og aðrir, er líkt stendur á fyrir, eiga með að ná rjetti sínum á miður áreiðanlegum skuldunautum. Opt er næstum því ómögulegt, að fá menn í nágrenni við þá, til að takast á hendur innheimtuna, og fáist einhver til þess, þá verður kostnaðurinn við það svo mikill, að innheimtan borgar sig ekki, nema um stærri fjárhæðir sje að ræða. Þetta nota nú ýmsir miður vandaðir menn sjer og skáka í því skjólinu, að lánardrottinn þeirra jafnvel ekki hafi ráð á að láta innheimta skuld sína hjá þeim, því menn verða að gæta þess, að ýmsir dómarar virðast

fylgja þeirri venju, að taka ekki nægilegt tillit til, hve mikið málssóknin kostar skuldheimtumanninn og ákveða því optast nær málskostnaðinn allt of lítinn. Það virðist nú liggja í augum uppi, að það sje siður en svo ástæða til þess að halda hlífiskildi yfir óáreiðanlegum skuldunautum, sem með flærð og fagurgala hafa aflað sjer lánstraust hjá fjarlægum mönnum, eða sem flytja sig burt án þess að borga skuldir sínar. Þar sem nú auk þess liggur fyrir þinginu frumv. til laga um fyrningu skulda og annara kröfurjettinda, sem væntanlega verður að lögum, er ákveða, að skuldir og kröfurjettindi fyrnist á tiltölulega stuttum tíma, virðist nefndinni bera brýna nauðsyn til þess, að gjöra skuldheimtumönnum hægra fyrir að ná rjetti sínum á fjarlægum skuldunautum á þann hátt, er 1. gr. frumv. fer fram á, og leyfir sjer því, að leggja til, að háttv. deild samþykki greinina með lítilfjörlegri orðabreytingu, og þeirri einu efnisbreytingu, að frumv. nái ekki lengra en til skulda, þeirra, sem stofnaðar eru árið 1903. Engin ástæða virðist til, að láta frv. ná takmarkalaust aptur í tímann, sjerstaklega til þeirra skulda, sem hafa skipt um eigendur, og ef til vill hafa verið keyptar lítlu verði. En allt öðru máli er að gegna með ákvæði 2. gr., því ekki er nægilegt, að mótmæla reikningi, sem viðkomandi fær sendan, heldur verður hann, ef svo illa fer, að mótmælin komi ekki fram, eða ef skuldareigandi er óráðvandur maður, að sanna, að hann hafi mótmælt honum, ella geymir hann ekki rjett sinn óskertan. Nefndinni virðist varhugavert, að leggja slíka kvöð á menn, og ræður því háttv. deild frá því, að samþ. þessa grein frumv. Meiri hluti nefndarinnar álítur sömuleiðis viðsjárvert, að leiða í lög ákvæðin í 3. gr. Í fyrsta lagi af því, að með því yrði veruleg breyting gjörð á þeim sönnunarreglum, sem nú gilda, en varúðarvert þykir, að hreyfa við sönnunarkerfinu. Í 2. lagi mundu eiðsdómar við það verða tíðari, en það getur að engu leyti virzt æskilegt; og í 3. lagi mundu slík ákvæði gjöra óhlutvöndum mönnum auðveldara fyrir að hafa af samvizkusömum mönnum, er illa væri við, að vinna eið fyrir skuldinni. Nefndin leggur því sömuleiðis til, að þessi grein verði felld burt.

Að því er 4. gr. snertir, er öll nefndin sammála um það, að farið skuli með þessi mál sem gestarjettarmál; sömuleiðis er nefndin á einu máli um birtingarstað stefnanna og stefnufrestinn. Öll nefndin álítur líka, að æskilegt væri, að stefnu mætti birta fyrir skuldanaut, ef hann væri staddur í dómþinghá þeirri, sem málið má sækja í samkv. frumv., til að mæta þar með kærufresti. Þetta væri mjög heppilegt gegn heimilislausum mönnum og flækingum, En hættan er, að því yrði misbeitt gegn mönnum, sem væru á hraðri ferð, en ættu heimili annarsstaðar, sem kunn væru, eða auðvelt væri að fá vitneskju um. Auðvitað mætti beita þessu þannig, að það að eins ætti við heimilislausa menn og flækinga, en þá kemur fram annað vandasamt atriði: hver málsaðilinn á að hafa sönnunarskylduna um þetta atriði. Væri hún lögð á stefnanda, mundi ákvæðið koma að engum notum, en væri hún lögð á stefnda, þá stæði hann varnarlaus uppi gagnvart áleitni skuldheimtumanns. Meiri hluti nefndarinnar er því með því, að þetta ákvæði verði fellt burtu.

Öll nefndin álítur ennfremur, að ef haldið væri ákvæðunum í 2. og 3. gr. frumv. og hinu síðasta í 4. gr., þá gæti það vel orðið frumv. að falli, en

aptur á móti álítur nefndin mjög mikla rjettarbót í 1. gr. og vill eindregið, að hún verði að lögum ásamt 4. gr. með umtöluðum breytingum. Nefndin vonar, að frumv. þannig breytt verði samþykkt í háttv. deild.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg verð að lýsa yfir gleði minni yfir hinni miklu breytingu á frumv., sem nefndin stingur upp á, og má nú segja það sama um þetta frumvarp, sem flutningsmaður fyrra frum., 4. kgk. þm. (J. Ól.) sagði um beitutekjufrv., að það er sáralítið eptir af hinu upphaflega frumv. hans, þar sem bæði 2. og 3. gr. eru alveg felldar burtu og 1. og 4. gr. mikið breyttar. Frumv. var líka þannig lagað frá hans hendi, að jeg mundi eigi hafa hikað við að greiða atkv. gegn því, ef nefndin hefði eigi numið þá skaðræðisgripi, 2. og 3. gr., burtu, en nú get jeg vel fallizt á það með breyt.till. nefndarinnar.

Framsögumaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vil að eins leyfa mjer að benda háttv. þingm. Ísfjk. (Sig. St.) á, að aðalatriði frumv. voru ákveðin í 1. gr. frumv. og þau standa óbreytt, svo að það er langt frá að öllu hafi verið breytt.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (210) við 1. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 1. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 1. gr. frumv. samþykkt með 10 : 2 atkv.

1. gr. frumv. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (210) um, að nema 2. gr. frumv. burt, samþ. í einu hlj.

2. gr. þar með fallin.

5. breyt.till. um, að nema 3. gr. frumv. burtu, samþ. í einu hlj.

3. gr. þar með fallin.

6. breyt.till. (210) við 4. gr. frumv. samþ. með öllum atkv.

4. gr. frumv. svo breytt (nú 2. gr.) samþ. með öllum atkv.

7. breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með öllum atkv.

Fyrirsögnin þannig breytt samþ. með öllum atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 248).

Sigurður Jensson (þm. Barðstr): Við 2. umr. þessa mál voru 2 greinar frv. felldar í burt, enda voru þær óhafandi, og gilti mig einu, þó hinar tvær, sem eptir eru, hefðu farið sömu leið. Jeg fæ ekki sjeð, hvaða gagn getur orðið af þessu frumv. verði það að lögum. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að það miði að því, að setja líf í gömlu lánsverzlunina, sem nú á tímum er að miklu leyti að deyja út, og jeg ímynda mér, að fæstir muni syrgja það, þó það færi svo, að það drægi úr henni meir og meir, því hún hefur ætíð verið hið mesta mein fyrir allt vort verzlunarfar. Ef þetta frumv. verður að lögum, þá hlýtur að fara svo, að kaupmenn, lyfsalar, bóksalar, veitingamenn o. s. frv. verði viljugri að lána út vörur sínar en ella, þar sem þeir fá svo gott tangarhald á skuldunautum sínum. Þeir geta stefnt mönnum eða hótað þeim stefnu og neytt þá til að mæta fyrir rjetti, og það kannske á óhentugasta tíma langt frá heimili þeirra, svo að lánþegi verður annaðhvort að borga skuldina þá þegar eða þá að takast á hendur löng og erfið ferðalög, þegar verst gegnir. Þau geta komið sjer illa þessi lög fyrir fáráðlinga og einfalda menn, sem ekki þekkja lögin,

þegar þeir hleypa sjer í skuld án þess að vita, að þeir eru sviptir varnarþingi sínu og ofurseldir lánardrottni.

Mjer finnst rjettast, að kaupmenn láni ekki nema áreiðanlegum og góðum mönnum, en að þeim sje ekki gefið undir fótinn með að lána öðrum, en vilji þeir endilega gjöra það fyrir menn, sem þeir ekki bera fullt traust til, að lána þeim, þá er þeim innan handar, að gjöra við þá skriflegan samning, og láta þá afsala sjer varnarþingi sínu, og því eru þessi lög alveg óþörf.

Eitt er ennfremur óviðkunnanlegt við þessi lög, að þau hafa tilbakaverkandi krapt, þannig, að þau ná yfir skuldir, sem stofnaðar eru 1903. Þetta er víst óvenjulegt í lögum, og það gæti komið sjer illa fyrir marga, sem ekki hefðu hugboð um, að þetta yrði lögleitt, þegar þeir stofnuðu lánið. En það er gott fyrir kaupmenn, lyfsala, bóksala, veitingamenn og menn, sem líkt er ástatt fyrir, eins og frumv. talar um. Hjer eru líka taldir kostnaðarmenn blaða og rita.

Jeg hygg nú opt erfitt að segja, hvar þær skuldir eru stofnaðar, sem menn standa í fyrir blöð og rit. Líklega verður að álíta, að skuldin sje stofnuð hjá þeim, sem gefur þau út. En nú eru blöð og bækur sendar út um landið einstökum mönnum í hverri sveit, og þeir beðnir um, að hafa útsölu á þeim. Á nú kostnaðarmaður blaðanna að geta stefnt þessum útsölumönnum til að mæta í þeirri þinghá, sem hann(kostnaðarmaðurinn) á heima í. Jeg hygg, að þetta verði ekki til að auka sölu blaða í landinu, ef útsölumenn sjá, að þessi lög eru sett þeim til höfuðs. Jeg álít, að þessi lög verði meir til skaða en gagns, og greiði því atkv. móti þeim.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er satt, sem sagt er, að svo lærir lengi sem lifir. Jeg held, að háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sje sá eini hagfræðingur í öllum heiminum, sem heldur því fram, að það sje skaðlegt að efla og auka lánstraust í landinu.

Þetta frumv. er að eins gjört til þess að auka lánstraust í landinu, og vona jeg, að allir geti verið samdóma um það, að það er þarft og gott verk. Háttv. þm. var í vafa um, hvernig menn ættu að skilja það, hvar skuld væri stofnuð. Það er algild regla, að hver á við sinn sala. Blaðakaupandi á því að eins við útgefanda, sem situr t. d. í Reykjavík, ef hann kaupir blaðið beint af honum; að öðrum kosti á hann við útsölumann blaðsins í þeirri sveit, sem hann býr í. Þetta getur því aldrei valdið neinum misskilningi eða glundroða. Viðvíkjandi því að nefndin skar tvö atriði í burt úr frumv., þá var það sökum þess, að þau voru nokkuð annars eðlis, en frv., eins og það liggur nú fyrir, því þau lutu að ýmsum öðrum viðskiptaskilyrðum, og þó að þau ákvæði væru í sjálfu sjer góð og heppileg, þá álítum vjer þó rjettara, að skipta frumv. eins og gjört hefur verið.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 8:1 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 28. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 272).

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg sting upp á, að vísa málinu til nefndar þeirrar, er nú var kosin, eptir að því er vísað til 2. umr.

Málinu vísað til 2. umr. með 22. atkv., og til nefndarinnar í frumv. um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn með sama atkvæðafjölda.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 272, 487).

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg hef litlu að bæta við það, sem tekið er fram um frumv. þetta í nefndarálitinu. Á þinginu hafa áður komið fram frumv. í líka átt og þetta. Slík lagaákvæði, sem þetta frumv. felur í sjer, eru nú orðin þeim mun nauðsynlegri, sem nú er búið að samþ. lög um fyrning skulda og annara kröfurjettinda. Í nefndaráliti háttv. Ed. er greinilega tekið fram, hvað mæli með þessu frumv. Af því að jeg þykist vita, að háttv. þingdm. muni hafa kynnt sjer það nefndarálit rækilega, þá ætla jeg mjer ekki, að fara að taka það upp, sem þar er sagt. Þó að frumv. sje ekki langt, þá felur það þó í sjer mjög þýðingarmikil ákvæði.

Það, sem telja má víst að þetta frv., ef það verður að lögum, gjöri að verkum, er það, að menn muni framvegis standa betur í skilum, bæði við kaupmenn og aðra lánardrottna. Og það verða menn að viðurkenna að er mjög hollt fyrir viðskiptalífið. Þá mundu menn og miklu fremur vara sig á að stofna meira og minna óþarfar skuldir, og læra að spara meir við sig, en nú tíðkast um marga.

Nefndin leggur til, að gjörð sje ein breyting við frumv. háttv. Ed., sem fer í þá átt, að ákvæðin nái eigi til annara skulda, en þeirra, sem stofnaðar verða hjer eptir, svo að lögin verki ekki aptur fyrir sig. Þetta verð jeg að telja bæði sanngjarnt og rjett.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um frumv., nema mjer verði gefin ástæða til þess seinna. Leyfi mjer, að mæla með því, að háttv. Nd. samþ. frumv. með breyt.till.

ATKVGR.: Breyt.till. (487) samþ. með 20 atkv.

1. gr. með breytingu samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Eggert Pálsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Jóh. Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Briem,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Stef. Stef., þm. Eyf.
Hannes Þorsteinss.,	Stef. Stef., þm. Skf.,
Herm. Jónasson,	Þórh. Bjarnarson.
Jón Jónsson,	
Magnús Andrjess.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Thorlacíus,	
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson,	

2. gr. samþ. með 15 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhlj. atkv.

Á 46. fundi Nd., föstudag 25. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 568).

Lárus H. Bjarnason: Jeg má til að fara nokkrum orðum um frumv. þetta af því, að það er nú hjer fyrir í síðasta sinni. Mjer kom mjög á óvart, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) skyldi leggja frumv. þessu liðsyrði við síðustu umr., hann sem hingað til hefur varið svo vel fornmenjar og fornar venjur, t. d. biskupinn og manntalsþingin. Varnarþingsákvæðin okkar eru gömul. Þau eru jafngömul lagasetningu vorri. Og þau eru meira en gömul. Þau eru líka góð, því að eptir hlutarins eðli er hver bezt til varnar búinn heima hjá sjer. Frumv. fer því fram á »revolútión« eða stórbyltingu á rjettarfarsreglum vorum. Frumv. fer fram á að draga menn frá sínu heimaþingi og getur orðið til þess að draga þá frá einu landshorninu á

annað. Maður norðan af Langanesi, sem kynni að hafa lánað eitthvað lítilræði á ferð í Reykjavík, mætti búast við að verða lögsóttur í Reykjavík, ef frumv. yrði að lögum. Og jafn stór og þessi breyting er, jafnhættuleg er hún. Frumv. opnar greiðan aðgang fyrir alla skuldheimtumenn lil að ná sjer niðri á skuldunautum sínum. Ef það kæmi að eins niður á skuldaþrjótunum, þá skyldi jeg ekki amast við því. En frumv. gengur jafnt yfir alla, eins þá, sem ekki geta borgað vegna fátæktar. Verði frumv. samþykkt, þá er öllum skuldheimtumönnum þar með fengið vopn, sem þeir geta beitt eptir eigin vild. Heiðarlegu og hyggnu mennirnir mundu auðvitað brúka það vel, en hinir illa.

Það er sagt, að þetta nýmæli, sem jeg jafnframt vil kalla illmæli, mundi draga úr lánum, en jeg held ekki, held öllu fremur, að það hefði gagnstæð áhrif. Kaupmenn halda nú í við almenning, vafalaust meðfram vegna örðugleikanna á því, að ná skuldunum inn aptur, en það mundu þeir síður gjöra eptir að þessi lög væru gengin í gildi, því að þau opna greiðan veg fyrir þá, að ná inn skuldum sínum. Auk þess mundu þau verða til að auka ófrið og róstur í landinu. Það var sagt hjer við 2. umr., að lög þessi væru nauðsynleg vegna fyrningarlaganna. Jeg held, að það hefði verið rjettara, að segja, að þessi lög ónýttu tilgang fyrningarlaganna, sem meðal annars var sá, að minnka verzlunarskuldirnar. Það hefðu fyrningarlögin líka gjört, ef þau hefðu fengið að fara ein. En nú mun það sannast, að kaupmenn verða ekki eins íhaldssamir á útlánin hingað til. Og það er að þakka þessum nýju lögum.

Þá ætla jeg að þessu sinni ekki að tala meira um frv., en óska við haft nafnakall þegar til atkv., verður gengið, svo að sjá megi, hversu margir greiða frumv. atkvæði auk kaupmannanna hjer í deildinni, blaðamannn og annara skuldheimtumanna.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þessar mótbárur háttv. þm. Snæf. (L. H. B.)eru ekki nýjar. Þær hafa ávallt verið notaðar gegn þessu frumv., þegar það hefur komið fram. Það er þessvegna ekki ástæða til að tala langt mál um þær. Sú ástæða, að menn sjeu dregnir frá varnarþingi sínu, hann meinar heimilisþingi sínu, hún er ekki veigamikil. Það er að vísu gömul regla, að menn sjeu sóttir við heimilisþing sitt, en þar frá eru þó gjörðar margar undantekningar, enda kemur opt fyrir, að menn eru sóttir annarsstaðar en á heimaþingi.

Sami háttv. þm. sagði, að þetta frumv. yrði ekki vanskilamönnum að meini, heldur einkum þeim mönnum, sem ekki geta borgað fyrir fátæktar sakir. Þetta hygg jeg, að sje ekki rjett. Ákvæðum frumv. mun að sjálfsögðu einmitt verða beitt aðallega á móti vanskilamönnum, sem geta borgað, því að það er yfir höfuð ekkert gagn að því, að fá dóm yfir þeim mönnum, sem ekki geta borgað. Nei, að þessu leyti getur frumv. ekki talizt athugavert. Það sem athugavert er við frumv. liggur í öðru, nefnilega því, að það getur verið meiri hætta á því, að dómur fáist fyrir rangri skuldakröfu, en stór er sú hætta ekki, því að sá, sem sækir, verður að færa sönnur á skuldina, jafnvel þótt stefndur mæti ekki. Þessi annmarki vegur því alls ekki á móti gagninu af frumv. þessu. Að málum fjölgi og lögin muni vekja ófrið, er jeg ekki hræddur um. Jeg hygg, að það sje gott að gjöra mönnum sem

greiðast fyrir að ná rjetti sínum. Hitt ástandið, sem nú er, að kaupmenn, sem eiga skuldir úti, geta ekki sótt smáar skuldir fyrir kostnaðar sakir, tel jeg skaðlaust, því að þeir verða að reikna sjer meira og minna tapað og leggja það á vöruna í heild sinni, ef þeir á annað borð lána nokkuð.

Skilamennirnir borga fyrir vanskilamennina. En ef frumv. þetta yrði að lögum, þá mundu tapaðar skuldir verða miklu færri, og yfir höfuð minna um lántökur hjá kaupmönnum, eins og jeg benti á við 1. umr.

Að það verði hægara, að ganga eptir skuldum, er ekkert vafamál. En þar sem gengið er hart eptir skuldum, þar minnka þær, og lánin yfirleitt. Hjer á Suðurlandi eru tiltölulega orðnar litlar kaupstaðarskuldir, að minnsta kosti í samanburði við það sem var, af því að kaupmenn hafa gengið hjer töluvert ríkt eptir skuldum sínum, og jeg hygg mjer óhætt að fullyrða, að kaupstaðarlán sjeu hjer miklu minni. Jeg legg það til, að frumv. verði samþ, og tel það til verulegra bóta.

Auðvitað gætu lögin orðið misbrúkuð, en það eru næsta fá lög, sem ekki er hægt að misbrúka.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvík.): Hástv. þm Snæf. rjeð til að fella þetta frumv., en jeg get ekki verið á sömu skoðun, af því að jeg þarf á hverjum degi að lána úr Landsbankanum og láta undirskrifa skuldabrjefin með þessu skilyrði, sem frumv. fer fram á; þar sem talað er um gamla venju, sem ekki megi breyta, þá er til þess að segja, að þingið hefur áður breytt henni með bankalögunum.

Háttv. þm. Snæf. Lárus H. Bjarnason sagði, að þetta frumv. kæmi harðast niður á fátæklingum, en jeg skil það ekki, því það kemur jafnt niður á alla, sem eru óskilamenn, eða trássast við að greiða skuldir sínar. Mjer þykir ótrúlegt, að þm. Snæf. vilji styðja að því að, menn, þótt fátæklingar sjeu, taki lán hjá kaupmönnum eða öðrum, án þess að ætla sjer að borga það. Skilvísi á skuldagreiðslum er enn þá ekki nógu vel innrætt þjóðinni; þingið ætti því að styðja hverja tilraun, sem fram kemur, til að ráða bót á þeim þjóðargalla.

Margir taka meira lán, en þeir geta búizt við, að þeir geti borgað á rjettum tíma, bæði hjá kaupmönnum og öðrum lánveitendum; álít jeg því, að þingið eigi engu síður að tryggja rjett þeirra, sem veita lánin, en þeirra manna, sem lánin taka. Að mál út af skuldum aukist fyrst í stað, getur verið satt, en það breytist bráðlega, því sje það svo ægilegt fyrir lántakendur, að sækja það varnarþing, þar sem skuld er gjörð, þá er líklegt að menn verði varasamari, að stofna þá skuld, sem þeir fyrirfram sjá að þeir geta ekki borgað á rjettum tíma. Jeg álít frumv. gott eins og það er, og ætla að greiða atkv. með því, því að það er skylda löggjafarvaldsins, að verja engu síður rjett lánveitanda, en lántakanda.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hef litlu að svara háttv. þm. Vestm., því hann fann lítið að því, sem jeg hafði sagt um frumv.; þvert á móti hjálpaði hann til að styðja minn málstað, með því að segja, að það gæti komið fyrir, ef frumv. þetta yrði að lögum, að órjettmætar skuldir yrðu borgaðar af því að menn ættu óhægra með að verja sig á framandi stöðum, en heima fyrir. Jeg þakka háttv. þm. fyrir, að hann skýrði þetta betur, en jeg hafði gjört. Hann sagði enn fremur, að kaupmenn töpuðu opt smáskuldum af því að það borgaði sig ekki að sækja menn fyrir þær, opt og tíðum langar leiðir. En þetta er ekki

rjett. Kaupmaðurinn getur safnað saman skuldakröfum úr sama hjeraðinu, og sent svo mann með þær allar í einu, og svo geta kaupmennirnir líka slegið sjer saman um einn innheimtumann, og sent hann á stað, svo þeim verða engin vandræði úr því, þó lögunum sje ekki breytt eins og farið er fram á. Og í annan stað mega kaupmenn sjálfum sjer um kenna. Þeir þurfa ekki að lána frekar en þeir sjálfir vilja, enda er hverjum manni í sjálfsvald sett, að setja það skilyrði fyrir láninu, að skuldunautur svari til saka þar sem vill. Hitt er miklu ómannúðlegra að svipta bóndann heimilisþingi sínu, og setja honum þannig tvo kosti, annaðhvort að takast ferð í hendur í kaupstaðinn, hvernig sem á stendur, til þess að standa kaupmanninum reikningsskap, eða þá leggja á hann þá hættu, að verða kannske ranglega dæmdur enda er jeg viss um, að lög þessi mælast illa fyrir. Skuldheimtumenn geta sjálfir sjeð um sig. Það er enginn, sem *tekur* lán með valdi. Lánþurfamenn biðja um lánin. Hinir veita þau með þeim skilyrðum, sem þeim þóknast. Verði lögin mikið brúkuð, þá geta þau afklætt heilar sveitir. Vinur minn, háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), hjelt því fram, að hjer væri ekki um neitt nýmæli að ræða. Hann sagði, að bankarnir hefðu lagaheimild til að kalla menn frá heimaþingi. En háttv. þm. þekkir lög banka síns, hafi honum ekki orðið mismæli um þetta. Bankarnir hafa enga slíka heimild. Hjerna eru lögin. Annað mál er það, að bankarnir áskilja það *með samningi.* Til þess þarf engin lög, og einmitt þess vegna ætti engin þvingunarlög að setja.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Í rauninni er það einmitt í góðu samræmi við viðurkenndar varnarþingsreglur í löggjöf vorri, að heimila, að skuld sje sótt á hinum sama stað, sem hún er stofnuð. Svo er það t. a. m. í sakamálum, að sækja má þann, er fyrir sök er hafður, á þeim stað, er brotið er framið; og jafn vel einmitt í slíkum skuldamálum hefur þetta verið heimilað í löggjöf vorri, þó að það hafi lítt verið notað. Háttv. þm. Snæf. sagði, að jeg hefði hjálpað sjer um eina ástæðu, sínum málsstað til stuðnings. Það er rjett, að jeg viðurkenndi það, sem satt er, að það gæti verið hætta á því, að sá sem sóttur væri, ætti óhægra með að verja sig á skuldvarnarþingi, en á heimilisvarnarþingi, og að menn yrðu betur að gæta kvittana o. s. frv., til þess að þurfa ekki að borga aptur greidda skuld, og að þetta væri hið *eina,* sem hafa mætti á móti frumv. Jeg viðurkenni þetta auðvitað, enda liggur það svo í augum uppi. Jeg er ekki eins og háttv. þm. Snæf. hræddur um, að frumv. verði til þess að rúin verði heil hjeruð, en vona, að það kenni mönnum að standa betur í skilum með skuldir sínar. Það er ekki svo mjög hætt við, að kaupmenn færu að beita lögunum mjög óvægilega eða um skör fram. Það kæmi þeim óðar í koll sjálfum, því menn mundu þá fremur forðast að skipta við þá. Engu meiri hætta er á því, að blaðamenn færu að ganga hart eptir blaðaskuldum sínum, því menn hættu þá að kaupa þau blöðin. Kaupmaðurinn vill ekki missa viðskiptavini sína nje heldur blaðamaðurinn kaupendur. Jeg vona því, að háttv. þingd. samþ. frumv. eins og það liggur fyrir. Það hefur hvort sem er gengið í gegnum Ed. og hefur ekki sætt mótmælum hjer í þessari háttv. deild fyr en nú við 3. umr.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg ætlaði ekki að tala um þetta mál,

en af því jeg heyri málinu andæft, þá neyðist jeg til að segja fáein orð. Jeg álít, að frumv. miði til góðs, og það er misskilningur á málinu að halda, að það verði til ills, verði til þess að íþyngja þeim, sem skulda. Fyrir mörgum árum flutti jeg svona frumv. hjer í þingd. með þáverandi þm. Rvk., en það fjell af því, að þá höfðu menn ekki áttað sig á því, og höfðu almennt þá skoðun, sem þm. Snæf. heldur nú fram. Að mínu áliti gjöra ákvæði frumv. innheimtuna greiðari, og afleiðingin af því verður sú, að lánstraustið styrkist og lánsviðskiptin í landinu verða heilbrigðari, en þau nú eru. Jeg er í engum vafa um það, að þegar þessi lög í sambandi við lögin um fyrning skulda, sem nú eru afgreidd frá þinginu, eru búin að verka á viðskiptalíf þjóðarinnar í 10 ár, að lánsviðskiptin komist þá á heilbrigðari grundvöll, en þau hafa staðið á, og það verður til bóta, því öll skuldaviðskipti, nema þau, sem byggð eru á tryggum og eðlilegum grundvelli, eiga að hverfa, og það á ekki að lána öðrum en þeim, sem vís von er á að borgi. Háttv. þm. Snæf. hjelt því fram, að enginn þyrfti að lána frekar en hann sjálfur vildi, en þm. þekkir þá illa ástandið, eins og það er nú og hefur verið í ýmsum verzlunarstöðum landsins, þar sem sá óholli samkeppnisvegur er kominn á, að lána sem mest. Sá kaupmaður, sem lánar mest, þó það sje út í bláinn, dregur að sjer flesta viðskiptavini, því hann þykir bónþægastur, og beztur að skipta við. En afleiðingin af þessu er sú, að allir kaupmenn verða að leggja það á vöru sína, sem þeir missa við lánin, og það kemur harðast niður á þeim, sem eru skilvísastir, og borga vöru sína út í hönd. Lög þessi eiga nú að bæta úr þessu með því að gjöra skuldheimtuna greiðari og tryggari. Að »princípið«, sem í þeim felst, sje nýtt og annað en í gildandi lögum, þar sem eigi að draga menn frá heimilisþingi sínu í skuldamálum, þá held jeg, að þetta sje ekki svo nýtt nje bagalegt, sem úr er gjört. Jeg hef sjeð fróða menn halda því fram, að í »Norsku lögum« sjeu svipuð ákvæði til og þetta um varnarþing, þar sem skuldin er stofnuð, svo það er ekki mögulegt að segja, að hjer sje að ræða um »princíp«-brot, og þó svo væri, væri jeg ekki hræddur við, að vera með því, ef það að eins stefndi til bóta.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Isf.): Af því jeg við 2. umr. greiddi atkvæði á móti frumv., án þess að gjöra grein fyrir atkv. mínu, þá ætla jeg að gjöra það nú.

Menn hafa verið að tala hjer um heilbrigða lánsverzlun. en ef jeg væri spurður að, hvað jeg hjeldi, að staðið hefði íslenzku þjóðinni mest fyrir þrifum, þá mundi jeg svara óhikað, það er lánsverzlnnin. Lánsverzlunin hefur verið hið mesta böl þjóðarinnar, jafnvel verra böl en ís, eldur, óstjórn og drepsóttir. Hún hefur marið allan kjark úr þjóðinni, og ef þetta verður að lögum, tel jeg það illa farið. Það verður til þess, af því að innheimtan verður miklu ljettari fyrir lánveitanda, að kaupmenn verða ótrauðari á að lána og troða jafnvel vörunni upp á menn. Jeg þekki marga kaupmenn, sem bjóða mönnum lán, og því miður eru margir lántakar svo grunnhyggnir, að þeir gleypa við þessum boðum, af því að þeir hugsa ekkert um borgunardaginn, en hversu miklu hættulegra verður það ekki með þessum lögum. Jeg álít, að með lögum þessum sje verið að vekja skuldaverzlunina upp að nýju, gefa henni nýjan vind í seglin, og þessvegna get jeg ekki

gefið þeim atkvæði mitt. Ef hægt er að finna önnur ákvæði til þess að tryggja skuldaviðskiptin, þá skal jeg fúslega vera með þeim, en þessu get jeg ómögulega verið með. Jeg verð að halda, að þegar menn hugsa um þetta nánar, þá verði fáir eptir, sem hjeðan af greiði því atkvæði sitt af öðru en eigingjörnum hvötum. Jeg vildi helzt, að öll lánsverzlun við kaupmenn hyrfi. Það er ekki að minni hyggju hægt, að kalla lánsverzlunina holla eða heilbrigða verzlun. Nú eru almennar lánsstofnanir og sjóðir komnir út um allt land, svo að menn eiga enn hægra en áður með að fá lán sín hjá opinberum stofnunum. Þess utan er hugsunarháttur manna víðsvegar um land farinn að breytast; sumir kaupmenn eru farnir að lána mjög lítið út og kaupendurnir eru farnir að sjá, að afleiðingin af lánsverzluninni er sú, að allar vörur verða dýrari en ella, því bæði þarf að leggja á vöruna vegna lánsfrestsins, vanskila og pretta, og svo er kaupmönnum, þegar kaupendurnir eru lánþurfar, með því gefið undir fótinn, að setja nógu hátt verð á vöru sína. Þessu halda þeir áfram, ef lánsverzlunin helzt við, nema hvað þeir verða enn ljúfari á að lána og auka skuldirnar, þegar þeir hafa svo óþyrmileg skuldheimtulög að baki sjer.

Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Það var ein setning í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.), sem kom mjer til að standa upp. Hann sagði, að þegar þingdm. væru búnir að hugsa sig um, mundu þeir ekki greiða atkvæði með frumv. nema ef til vill af eigingjörnum hvötum. En þessi ummæli hans í garð þm. eru svo ástæðulaus og þar að auki svo meiðandi, að þau mega ekki líðast óátalin. Aðalefnið í ræðu hans var annars það, að lánsverzlunin væri þjóðarböl, og er jeg honum algjörlega samdóma um það. En sú heimfærsla hans, að frumv. þetta verði til þess að ginna menn á að lána, er mjer alveg óskiljanleg, og jeg held, að hún sje ekki rjett. Hann byggði þessa skoðun sína á því, að kaupmennirnir með lögum þessum yrðu svo fúsir á að lána, að þeir mundu troða vörum sínum upp á menn. Þetta hefði kannske átt við fyrir 30—40 árum, en ekki nú. Jeg held, að jeg sje eins kunnugur verzlunarástandinu hjer á landi eins og háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ó.), og jeg veit ekki til, að kaupmenn sjeu nú orðnir svo gjarnir á að lána; þvert á móti, flestir kaupmenn reyna nú að hafa sem minnst fje úti í lánum. Svo er eitt, sem jeg þarf að athuga. Þegar þetta er orðið að lögum, þá verður það ekki til þess að gjöra skilvísum fátæklingum erfiðara fyrir. Það eru dæmi til þess, að þegar menn nú eru krafðir um smáskuldir, verður skuldin opt með málskostnaðinum tífölduð, svo óskilsemin kemur mjög hart niður með fyrirkomulagi því, sem nú er haft, en það leiðir af því, að lánveitandi þarf að senda eptir skuldinni. Það sem hjer er farið fram á, er hagræði fyrir báða, kaupmanninn vegna þess að hann þarf ekki að senda eptir skuldinni, og fátæklinginn vegna þess, að hann þarf ekki að greiða þann kostnað, en getur komið sjálfur, og það er auðvitað minni kostnaður fyrir mann, að fara sjálfur í kaupstaðinn, en láta senda mann á sig til þess að krefja inn skuldina. Fyrirkomulag það, sem hjer er farið fram á, venur flesta menn á skilvísi, og óskilvísir menn, sem stofna til skulda í hugsunarleysi eða af hrekkvísi. eiga enga hlíf skilið. (*Lárus H. Bjarnason:* Það má ná skuldinni inn á heimilisþingi). Já, en það er vanalegast miklu dýrara, ef lánveitandi og lán-

taki eiga ekki heimilisþing saman. Það er annars leitt til þess að vita, að á frumv., sem komið er í gegn um Ed. og gengið hjer mótmælalaust í gegnum 2 umræður, skuli vera ráðizt svo frekjulega og með svo miklum fjarstæðum. Þar sem hv. þm. Snæf. (L. H, B.) sagði, að það mundi afklæða heil hjeruð, þá veit jeg ekki, hvort það á að vera hótun um Ameríkuferðir? En ef svo er, þá mega þeir menn, sem flýja fyrir lög, fara, því það er landhreinsun að þeim.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm, Rv.): Mjer heyrðist að háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) segði, að ef lög þessi öðluðust gildi, þá væri það verra en ís og eldur *(Margar raddir:* Hann sagði það ekki) en lög þessi geta ekki orðið ís eða eldur fyrir aðra en þá, sem svíkjast um að borga skuldir sínar; alla þá, sem borga skilvíslega, snerta lögin ekki. En hvort er rjettara, að vernda rjett þeirra, sem lána, eða halda hlífiskildi yfir þeim, sem svikjast um að borga skuldir sínar. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að þeir, sem vilja fella frv. þetta, vilji gjöra lánveitendum erfiðara fyrir að ná inn skuldum sínum, en hjálpa þeim, sem þrjóskast að borga. En það álít jeg að sje ekki rjett. Annað var það, sem þm. kunni illa við frum.; hann óttaðist, að það mundi auka skuldirnar og ljetta undir að fá lán. Það er sama og að segja, að þjóðin sje svo ósjálfstæð, að hún þurfi að láta kaupmenn og aðra lánveitendur hafa vit fyrir sjer, en jeg álít svona skoðun til vanvirðu fyrir þjóðina og þá menn, sam lán taka.

Jóhannes Ólafsson (þm V.-Ísf.): Jeg ætla að eins að segja sárfá orð, viðvíkjandi því, sem þm. Seyðf. (J. J.) sagði. Hann talaði um, að þessi lög yrðu ekki til þess að gjöra fátæklingum erfiðara fyrir, og hann vitnaði í það, að kaupmenn sendu menn í sveitirnar til þess að innheimta skuldirnar með lögsóknum. Jeg hef skilið það svo, að það yrðu einna helzt óreiðumennirnir, sem yrðu fyrir þessu, og þeir eru sannarlega þess verðir. En með fyrirkomulagi því, sem farið er fram í frumv., geta menn átt von á því, að vera stefnt hvert á land sem vera skal, og það ef til vill að ósekju, fyrir ranga skuld. Og er það ekki hart? Getur það ekki orðið öllu dýrara, en þó menn sjeu sendir á mann.

1. þm. Rvk. (Tr. G.) var að fetta fingur út í eitthvað, sem jeg hafði átt að segja, en jeg býst við, að hann hafi heyrt það á röddunum hjer úr deildinni, að hann hefur tekið skakkt eptir. Jeg sagði aldrei, að frumv. þetta væri verra en eldur og ís, en jeg sagði, að skuldaverzlunin hefði verið það, og að þetta frumv. mundi ljetta undir fyrir henni, gæfi henni nýjan vind í seglin. Jeg hjelt, að við værum nú búnir að lesa niðurlagið af hörmungasögu þjóðarinnar, að því er skuldaverzlunina snertir, en nái frumv. þetta fram að ganga, get jeg eins vel búizt við, að það lengi pláguna að miklum mun, svo að skuldaverzlunin haldist nokkrar aldir enn.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg vil aðeins benda háttv. þm. V.-Ísf. á það, að þar sem jeg þekki til, er það jafnan siður skilvísra, en fátækra manna, sem ekki geta borgað skuldir sínar á ákveðnum tíma, að fara til lánardrottna sinna og semja við þá um skuldirnar. Þá menn, sem ekki gjöra þetta, skoða jeg ekki skilvísa eða áreiðanlega.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Umræðurnar eru að vísu orðnar nokkuð langar, en jeg vil þó leyfa mjer, að segja fáein orð, og sjer-

staklega vil jeg undirstryka það, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) tók fram, að það er langt frá, að innheimtan verði dýrari fyrir skuldunaut, heldur verður hún ódýrari, ef þetta frumv. nær fram að ganga. Það verður einmitt til að ljetta, en ekki til að þyngja á skuldunautunum. Það kostar opt ekkert annað, en rjettargjöldin, að fá dóm á skuldarstaðnum, en það kostar mikið að senda mann út um sveitir til að innheimta eða stefna. Málskostnaður fellur á skuldunaut, ef skuldin er rjett, og innheimtukostnaðurinn er annars stundum margfalt meiri nú, en skuldin sjálf. Þó að þetta frumv. hefði engan annan kost en þennan, þá ætti það að vera nóg til þess, að það yrði samþ.

Jeg ætla svo ekki að lengja umræðurnar meira, en vona, að háttv. þm. sje málið svo ljóst, að fáir verði hræddir við að gefa frumv. atkv. sitt.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 13: 11 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, vegna óljósrar atkvgr. og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Jóh. Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	L. H. Bjarnason,
Hannes Hafstein,	Magnús Andrjess.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jón Jónsson,	Ólafur Thorlacius,
Magnús Kristjánss.	St. Stefánsson, Eyf.
Ólafur Ólafsson,	St. Stefánsson, Skgf.
Pjetur Jónsson,	Þórh. Bjarnarson.
Skúli Thoroddsen,	
Tr. Gunnarsson.	

Hermann Jónasson var ekki viðstaddur, hafði gengið af fundi um stund.

Frumv. endursent forseta Ed.

Á 49. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, kom frumv. til einnar umr. (A 616, 607).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Háttv. Nd. hefur aðeins gjört lítilfjörlega breytingu við frumv., eins og það var samþ. hjer í þessari háttv. deild, nefnilega breytt ákvæðunum, hvenær lögin öðlast gildi; þetta er svo lítilfjörlegt atriði í samanburði við þá rjettarbót, sem frumv. hefur inni að halda, að það er engin ástæða að fara að stofna frumv. í hættu fyrir það, og hefur nefndin því lagt til við háttv. deild, að samþ. frumv. óbreytt.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XII. Innflutningur á útlendu kvikfje.

Á 23. fundi Nd., föstudag 28. júlí, kom frumv. til laga um innflutning á útlendu kvikfje til 1. umr. (A. 187).

Framsögumaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það er ekkert um þetta mál að segja meira, en þetta litla, sem sagt er í nefndarálitinu. Það var sýnt fram á það um daginn, að þörf væri á þessum viðauka, og hefur nefndin kannast við það; nefndin hefur að eins gjört formbreytingu; henni þótti heppilegra, að hafa öll þessi ákvæði í einu lagi, og heppilegra, að semja ný lög um allt saman, en láta

það heita breytingu eða viðauka við eldri lög.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Á 27. fundi Nd., fimmtudag 3. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 187).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

2. — — — - - —

3. — — — - - —

Fyrirsögnin samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi Nd,, föstudag 8. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 187).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til forseta Ed.

Á 32. fundi Ed., fimmtudaginn 10. ágúst, kom frv. til 1. umr. (A. 327).

Enginn tók til máls.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

A 34. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst kom frv. til 2. umr. (A. 327).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. frv. samþ. í e. hlj.

3. — — — - - —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 36. fundi Ed., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XIII. Breyting á vegalögunum*.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á lögum 13. apríl 1894, um vegi, og á lögum, um breyting á þessum lögum 23. okt. 1903, (A. 231) til 1. umr.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þetta frumv. er, eins og jeg tók fram rjett áðan, sprottið af sömu rótum og næsta frumv. á undan, sem háttv. deild er nýbúin að vísa til 2. umr. í einu hlj., svo líkur eru til, að því verði vel tekið. Þó get jeg frekar hugsað mjer mótstöðu móti þessu frumv. en hinu, þar sem hjer er farið fram á, að svipta sýslufjelögin dálitlu gjaldi eða öllu heldur sýslunefndirnar yfirráðum yfir nokkrum hluta af sýsluvegafjenu. En það er opt svo afar mikill munur á kauptúnunum og hinum öðrum hlutum sýslnanna, að því er vegi snertir, og alla afstöðu, viðvíkjandi þeim, að mjög óheppilegt getur verið, að láta það sama ganga yfir hvoratveggja vegina.

Nefndin álítur því góðar og gildar ástæður til þess, að afnema sýsluvegagjald kauptúna, sem eru sjerstök sveitarfjelög, en gjöra þeim um leið

*) Sjá næsta frumv. (XIV).

að skyldu, að leggja þeim mun meira fje fram til að endurbæta sína eigin vegi. En í 2. gr. frumv. er lagt til, að hreppavegagjaldið í slíkum kauptúnum skuli jafnan vera svo hátt, sem það má vera mest í öðrum hreppum. Jeg sje ekki, að hægt sje að hafa annað á móti þessu en það, að sýslunefndirnar sjeu sviptar yfirráðum yfir nokkrum hluta sýsluvegagjaldsins. Eptir þessu frumv. yrði vegagjaldið í hinum umræddu kauptúnum þannig: *gjald, sem svaraði alveg til sýsluvegagjaldsins* annarsstaðar í viðkomandi sýslu, hærra eða lægra eptir því, sem sýsluvegagjaldið hækkaði eða lækkaði í öðrum hreppum, sýslunnar og hreppavegagjaldið, 2 kr. 50 aura á hvern verkfæran mann í kauptúninu.

Jeg ætla svo ekki að fara frekar út í þetta, nema mótmælum verði hreyft.

Björn Kristjánsson (þm. G.-K.): Jeg er háttv. nefnd mjög þakklátur fyrir þetta frv., — ekki eiginlega fyrir það, að hún fer fram á, að kaupstaðirnir megi nota sýsluvegagjaldið í sínar þarfir, en einkum fyrir það, að hún er fallin frá þeirri einu ástæðu, sem hún hafði gegn því, að annað frumv. hjer í deildinni, að Hafnarfjörður yrði gjörður að kaupstað, fengi þau rjettindi, — að sýslufjelögin biði tjón af því, að bæir fái sjerrjettindi. Jeg vænti þess vegna beztu undirtekta með frv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Jeg ætla ekki að fara mikið út í einstakar greinar frumv., en þó vil jeg benda á það, að jeg álít óheppilegt, að binda vegagjaldið við nokkra vissa upphæð, heldur væri rjettara, að gefa stjórnum verzlunarstaðanna heimild til þess, að leggja gjald á íbúana eptir þörfum bæjarins og þoli gjaldenda í hvert skipti. Í sumum bæjum er mjög erfitt að byggja vegi, í öðrum er það afarljett. Í Hafnarfirði t. d. eru brunahraun og afarillt að fá góðar götur, en á Akranesi t. d. eru vegirnir til frá náttúrunnar hendi. Á þessum stöðum er því ómögulegt að gjöra jafngóða vegi með því, að leggja sama gjald á íbúana, svo það væri langeðlilegast, að þeir mættu alveg ráða því sjálfir, hve mikið þeir legðu í sölurnar. Jeg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rjett, að undirbúa breytingar á frv. í þessa átt til næstu umræðu. Það fer allt af bezt á því, að hver og einn sje sem allra frjálsastur.

Það var fundið að frumv. um, að Hafnarfjörður yrði gjörður að kaupstað, að sýsluvegasjóður veiktist, og var það þó gjört með samþykki sýslunefndar Gullbringusýslu. Nú vill nefndin veita öllum kauptúnum, að nota sýsluvegafjeð, þó þau alls ekki hafi fengið samþykki sýslunefndar til þess. Jeg kynni því betur við, að það atriði hefði fyrst verið borið undir sýslunefndir í aðstandandi sýslum, eins og gjört hefur verið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvort þær vildu samþykkja það. En þetta sýnir bezt, að nefndin álítur, að sýslurnar bíði ekki tjón við það, að bæirnir fái sjerrjettindi.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg skal ekki að sinni fara neitt út í frumv. um bæjarstjórn í Hafnarfirði, það kemur fram síðar. Það var annað atriði í ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem jeg finn ástæðu til að mótmæla. Hann sagði, að í sumum kauptúnum þyrfti ekki að gjöra neina vegi, þeir væri til frá náttúrunnar hendi. Jeg verð að segja það, að því trúi jeg alls ekki. Jeg trúi því ekki, að nokkursstaðar sje svo háttað í nokkru kauptúni hjer, að

ekki þurfi að gjöra þar vegi, og það miklar vegabætur, og því áliti mun jeg halda þangað til mjer verða færðar órækar sannanir fyrir hinu gagnstæða. Jeg hef komið á Akranes optar en einu sinni, og hef jeg sjeð það, og fengið að vita, að þar hafa verið gjörðar vegabætur með all-miklum kostnaði, og þarf þó að gjöra miklu meira. Jeg hygg það áreiðanlegt, að í öllum kauptúnum þurfi í rauninni meira fje, en þessi lög gjöra ráð fyrir til vega.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2, umr. í e. hlj.

Á 30. fundi Nd., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 231, 290).

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg á hjer tvær viðaukatillögur á þgskj. 290, og þó þær sjeu ekki langar, þá eru samt þrjár prentvillur í þeim. Vil jeg leyfa mjer, að biðja hæstv. forseta að sjá til þess, að villur þessar verði leiðrjettar. Sjerstaklega vil jeg benda háttv. deild á það, að síðari viðaukinn á að koma aptan við 3. gr. en ekki aptan við 2. gr., eins og stendur í þingskj.

Þar sem það ákvæði er í frumv., að verzlunarstaðirnir skuli verja sýsluvegagjaldinu — eða jafnmiklu fje og þetta gjald mundi nema — til vegabóta hjá sjer, er það í raun rjettri allt of þröngt, því vel getur verið, að ýmsir verzlunarstaðir hafi svo góða vegi, að engin þörf sje á að verja öllu þessu fje til vegabóta þar eingöngu. Væri því rjett, að rýmka þetta svo, að þeir gætu varið fjenu til að byggja t. d. bryggjur, brýr, sjógarða til varnar gegn sjávargangi, bæta lendingar, hafnir o. s. frv. Hygg jeg, að fjenu væri vel varið til slíkra bóta, þar sem vegirnir eru nógu góðir, og þess vegna leyfi jeg mjer að bera fram fyrri viðaukatillöguna.

Viðvíkjandi seinni breyt.till., þar sem farið er fram á, að hreppsnefndir skuli leita álits og aðstoðar sjerfróðra manna, þegar um meiri háttar mannvirki er að ræða, þá vil jeg taka það fram, að það er mjög áríðandi, að slík mannvirki, sem eiga og geta orðið til mikilla bóta fyrir verzlunarstaðina, verði gjörð af viti og hagsýni, svo nauðsynlegt er, að menn, sem hafa einhverja þekkingu á slíkum verkum, sjeu þar kvaddir ráða. Það getur auðvitað vel verið, að hreppsnefndirnar leituðu sjer nauðsynlegra upplýsinga, þó þær væru ekki skyldaðar til þess með lögum, en jeg álít, að þetta ákvæði geti þó engu spillt, en sje til betri tryggingar. Það er alls ekkert bundið við það, að sækja útlenda verkfræðinga til slíkra starfa, því nógir menn eru hjer á landi, sem vel gætu veitt leiðbeiningar við slík verk.

Jeg ætla ekki að fjölyrða meira um þessar breytingartillögur, en vona að háttv. deild sjái, að hjer er um bætur að ræða á frv., og taki þeim þessvegna vel.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Nefndin hefur ekki getað haldið fund til að ræða breytingartillögurnar á þgskj. 290. En þeir nefndarmenn, sem talað hafa saman um þær, hafa ekki getað fallizt á þær.

Ef það kæmi í ljós, sem óliklegt er, að einhverjir verzluuarstaðir hefðu svo góða vegi, að þeir þyrftu ekki endurbótar við, þá gæti það að vísu komið til greina, að gott væri að hafa ákvæðin rýmri, eins og breyt.till. fer fram á. En það er alls ekki hugsun þeirra, sem flytja þetta frumv., að það eigi að ljetta öðrum gjöldum af verzlunarstöðunum með þessu fje, heldur

að þeir eigi að nota það í því augnamiði að bæta sína eigin vegi; að eins skuli verzlunarstaðirnir sjálfir ráða vegagjörðunum.

Meiri hluti nefndarinnar að minnsta kosti mundi miklu frekar geta fallizt á þá skoðun, sem kom fram hjá hinum háttv. 1. þm. G.-K (B. K.), að ekki væri máske ástæða til að ákveða hreppsvegagjaldið hjer hærra, en í öðrum hreppum, og tillögu í þá átt mundi nefndin líklega ekki setja sig á móti.

Viðvíkjandi 2. breyt.till. vil jeg taka það fram, að í fyrsta lagi gæti það opt verið ómögulegt fyrir hreppsnefndirnar að leita álits eða aðstoðar sjerfræðings, og það er eðlilegast, að þær fái alveg að ráða framkvæmdum sínum sjálfar, og í öðru lagi er ákvæðið allt of almennt, til þess að geta átt heima í þessu lagafrumv., sem að eins talar um vegafje, og auk þess ærið óákveðið.

Það er nógur tími til að breyta þessum lögum, þegar vegirnir í bæjunum eru orðnir svo góðir, að ekki þarf allt það fje, sem þau ákveða, til að bæta þá.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Háttv. framsm. (J. M.) er mótmæltur þessum breytingartillögum ekki af því, að því er mjer skildist, að þær sjeu óheppilegar í sjálfu sjer, heldur sjerstaklega vegna þess, að befra sje að breyta ákvæðum þessum síðar í sömu átt og jeg nú fer fram á, Þetta skil jeg ekki vel. Ef rjett er að breyta þessu síðar, og jafnvel nauðsynlegt, því þá ekki að setja þetta strax inn í lögin. Jeg fæ ekki betur sjeð en verzlunarstöðunum, sem yrðu sjerstakt hreppsfjelag, þætti mikið hagræði í því að hafa leyfi til að verja vegafjenu til annars en vega, þar sem þeirra væri ekki þörf. Þessa heimild ætti því að veita strax.

Mjer kom til hugar, að gjöra breytingartillögu við ákvæðið um gjöldin, og verði þessar tillögur ekki samþykktar, þá verður að sjálfsögðu að breyta 2. gr. eitthvað. Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. sagði um síðari breyt.-till., að það væri erfitt að ná í sjerfræðing og þetta sje hapt á hreppsnefndunum, þá verð jeg að segja það, að jeg skil varla, að það þyrfti að verða svo erfitt að ná í sjerfræðing eða hæfan mann, og þetta er alls ekkert hapt á frelsi hreppsnefndarinnar, en að eins nauðsynleg trygging fyrir því, að þær ráðist ekki út í óþörf og óhyggileg fyrirtæki.

Það er auðvitað hægt að segja, að hreppsnefndirnar eigi að fá að ráða yfir eigin fje, en nóg dæmi eru til þess, að þær og jafnvel hærri stjórnarvöld hafa ráðizt í fyrirtæki, sem ekkert gagn varð að og jafnvel sum enn ógjörð, af því að við þetta fengust menn, sem enga þekkingu höfðu á verkinu. Dæmin nóg um það.

Lög þessi þyrftu að vera upphaflega svo úr garði gjörð, að þau gætu þegar komið að sem beztum notum fyrir verzlunarstaði þá, sem óska að verða sjerstakt hreppsfjelag. Lögin verða að ýta undir það, að menn ráðist í mannvirki, sem nauðsynleg eru, þar sem svo hagar til, að litlu þarf til vega að kosta.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Háttv. þm. Vestm, hafði eptir mjer, að jeg hefði viljað undanskilja hreppavegagjaldið, en það er misskilningur hjá háttv. þm.

Jeg hef aldrei sagt, að það ætti að undanskilja hreppavegagjaldið. En jeg hef sagt það, að háttv. þm. væri nú vikinn frá þeirri skoðun, að ekki

væri rjett að veikja sýslufjelögin, t. d. með því að veita kauptúnum kaupstaðarrjettindi. Þar sem hann einmitt nú vildi veikja þau með því að taka sýsluvegagjald bæjanna af þeim, og það að þeim fornspurðum og alveg án samþykkis þeirra.

Viðvíkjandi breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), þá er jeg þeim fullkomlega meðmæltur. Jeg get vel ímyndað mjer, að gjaldið, sem ákveðið er í 2. gr., sje óþarflega mikið, því eins og jeg tók fram við 1. umr., eru vegirnir í sumum bæjum, t. d. á Akranesi, svo góðir frá nattúrunnar hendi, að lítið þarf til þeirra að kosta; en á öðrum stöðum hrekkur þetta ákveðna gjald auðvitað ekki til, Það verður því að líkindum ýmist of mikið eða of lítið, en sjaldnast hæfilegt, svo það er í sjálfu sjer mjög þýðingarlaust, að vera að gjöra nokkur föst ákvæði um það.

Það er ágætt, að verja nokkru af þessu fje til annara þarflegra framkvæmda í bæjunum, en vegagjörða. Og er engin hætta á því, að því verði varið til annars frekar, en veganna, ef þess er full þörf til þeirra.

En slíkt ætti mönnum að vera alveg frjálst, enda njóta þeir þess mest eða gjalda sjálfir, hvernig þeir fara með fje sitt. Jeg er því fullkomlega meðmæltur till. háttv. 1. þm. Árn. og vona, að þær verði samþykktar hjer í deildinni, því þær bæta frumv. að mun.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.). Jeg hef víst misskilið háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), þar sem hann sagði, að vegafjeð gæti verið of mikið.

En hvað sem líður breyt.till. á þgskj. 290 að öðru leyti, get jeg ómögulega sannfærzt um það, að setja eigi þessi almennu ákvæði um öll mannvirki inn í vegalög. Jeg skal enn taka það fram, að jeg trúi því varla, að vegafjeð verði ofmikið; en annars held jeg, að ekki sje ástæða til að deila lengur um þetta.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg vil bæta því við það, sem háttv. framsm. sagði að nefndinni sýnist það athugaverf, að fjenu sje varið til annars en vegagjörða; því að ef svo væri, þá væri þar með stígið spor í þá átt, að brúka, nærri því til hvers sem vera skal, fje, sem samkvæmt vegalögunum er lagt á gjaldendur í alveg sjerstöku augnamiði, það er til *vegagjörða*, en alls *ekki* til einhverra annara sjerstakra fyrirtækja.

Þetta fannst nefndinni svo þýðingarmikið, að hún gat ekki gengið inn á það.

ATKVGR.: Viðaukatill (290) við 1. gr. felld með 15 atkv. gegn 8.

1. gr. samþ. með 20 atkv.

Viðaukatill. (290) við 2. gr. fallin við atkvgr. um 1. gr.

2. gr. samþ. með 20 atkv.

3. gr. samþ. með 21 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 32. fundi Nd., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 221).

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg sje að engin breyt.till. er komin fram nú við 3. umr. Breyt.till, sem jeg gjörði við 2. umr., voru felldar, og álít jeg það illa farið, því að það var bót á frumv., hefðu þær komizt að. En eins og það er nú, er það óheppilegt og sjerstaklega óþarft. Það er engin brýn nauðsyn á þessari lagabreytingu, því enn sem komið er munu engir verzlunarstaðir, sem ekki eru kaupstaðir, vera hreppsfjelög út af fyrir sig. Það var tilgangurinn með breytingunni, að ýta undir þá með þetta, en jeg efast um, að hún gjöri það, og það væri víðasthvar lítt æskilegt, að þeir gjörðu það. En auðvitað gætu

verzlunarstaðir þó notað þetta, þar sem engin þörf er á vegum, að eins til þess, að losa sig undan sýslufjelögunum. Hversu lítil þörfin er sumstaðar til þess að gjöra vegi í kauptúnum, skal jeg taka til dæmis úr mínu kjördæmi, Stokkseyri og Eyrarbakka; þar er engin sjerstök þörf á vegum. En aptur á móti er allsennilegt, að þessi kauptún vildu gjarnan vera hreppsfjelög út af fyrir sig, ef þau mættu verja fje þessu til annara mannvirkja, t. d. bæta lendingar, hafnir, gjöra bryggjur og sjógarða, til þess að verja landið skemmdum; því að þar er brýnust þörf á slíkum umbótum. Svona er það víða, að ekki er þörf á vegum í verzlunarstöðum. Jeg álít því framv. óþarft nú sem stendur, en þá fyrst, er óskir koma fram um, að fá fje til vega í kauptúnum eingöngu. Jeg skil það líka, að frumv. muni vera miðað við stærri verzlunarstaði, eins og t. d. Hafnarfjörð og þau kauptún, sem standa næst því að verða kaupstaðir. Jeg get því ekki, eins og nú stendur á, greitt atkv. með frumv. þessu út úr deildinni svona löguðu, úr því að breyt.till. mínar komust ekki að.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm, Vestm.): Jeg skal láta mjer nægja, að geta þess, að þetta frumv. er byggt á ákvæðinu í 4. gr., sveitarstjórnarlagafrumv., en það ákvæði er að eins heimildarákvæði. Það er því undir viðkomandi kauptúnum sjálfum komið, hvort þau vilja nota ákvæði þess frumv., sem hjer ræðir um, ef það verður að lögum. Að öðru leyti finn jeg eigi ástæðu til að svara ræðu háttv. 1. þm. Árn., en vísa til þess, sem tekið var fram af mjer við 2. umr. í máli þessu.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv.

Afgreitt til forseta Ed.

Á 34. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 346).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 36. fundi Ed., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 346).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. — —— —— — — —

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 346).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi,

---

XIV. Heilbrigðissamþykktir.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á lögum, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög 23. október 1903, til 1. umr. (A 233).

Flutningsmaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Í 4. gr. sveitarstjórnarlagafrumv. er ákvæði um það, að kauptún eða þorp, sem hefur 300 íbúa eða fleiri, skuli hafa rjett til að verða

hreppur út af fyrir sig og fá sjerstaka sveitarstjórn. Í sambandi við þetta ákvæði eru tvö önnur frumv., sem fara fram á að auka nokkuð rjett slíkra sveitarfjelaga til að ráða málum sínum útaf fyrir sig. Sveitarstjórnarlaganefndin, sem hafði þessi 3 frumv. til meðferðar, áleit þó, að ástæða væri til að fara enn lengra í því, að hlynna að sjálfstjórn hinna mannfleiri kauptúnanna, því margt er næsta ólíkt með þeim og öðrum hreppum. Þessvegna kom nefndin fram með 2 frumv., sem bæði stefna að þessu markmiði.

Annað frumv. fer fram á að losa þau kauptún, sem eru sjerstök sveitarfjelög, við sýsluvegagjald, eins og það er goldið nú, og gefa þeim sjálfum ráð yfir jafnmiklu fje til vegabóta hjá sjer; en hitt, þetta frumv., sem nú er til umr., fer fram á að gefa þeim heimild til að gjöra heilbrigðissamþykktir á líkan hátt og kaupstaðirnir.

Jeg get ekki sjeð, að nokkuð verði haft á móti þessu frumv., því það liggur í augum uppi, að það er hreinn óþarfi, að sýslunefndir hafi nokkur afskipti af heilbrigðissamþykktum kauptúna, sem eru sveitarfjelög útaf fyrir sig. Vona jeg því, að háttv. deild taki frumv. vel, því það er í fullu samræmi við önnur frumv., sem samþykkt hafa verið.

Jeg vil geta þess, að það vantar seinni partinn á 2. gr., sem fallið hefur úr, þegar prentað var frumv. Og skal jeg í þessu sambandi taka það fram, að prentvillur eru óvanalega margar á skjölum þingsins í sumar. Stafar það víst meðfram af því, að skrifstofustjóri á mjög annríkt, og vil jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til háttv. forseta, hvort ekki mundi full þörf á að setja honum aðstoðarmann. (*Forseti:* Hann hefur 2). Enda þótt hann hafi 2 aðstoðarmenn, þá væri alveg nauðsynlegt að bæta við, því það liggur mjög mikið fyrir að gjöra, og vex alltaf. C.-deildin er t. d. orðin sæmilega stór nú, og á þó fyrir sjer að vaxa. Annars ætla jeg ekki, að fjölyrða meira um þetta, en leyfi mjer að mælast til, að háttv. deild taki vel á móti frumv.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vildi leyfa mjer að bera það undir háttv. flutningsm., hvort það sje ekki prentvilla í 5. málsgrein 1. greinar, þar sem stendur, að stjórnarráðið geti að nýju lagt málið undir »þá *sveitastjórn*, er frumv, samdi«.

Jeg vil spyrja, hvort þetta eigi að gilda jafnt fyrir kaupstaði og kauptún, sem eru hreppur út af fyrir sig, hvort »sveitastjórn« eigi með öðrum orðum jafnt að ná til bæjarstjórna og kaupstaða og sýslunefnda.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þetta er ekki prentvilla; en meiningin er sú, að það frumv., sem bæjarstjórn hefur samið, gengur til hennar aptur frá stjórnarráðinu, ef því er synjað staðfestingar; semji sýslunefnd frumv., þá gengur það til hennar aptur, og semji hreppsnefnd það, þá gengur það til hennar aptur.

Það getur vel verið, að vanalegast sje að kalla að eins hreppsnefnd sveitarstjórn, en hitt er þó ekki óþekkt í lagamálum, að orðið »sveitarstjórn« sje haft og um bæjarstjórn og sýslunefnd, og í þeirri merkingu er það haft hjer.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2, umr. í e. hlj.

Á 30. fundi Nd., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 233 302).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 24 atkv.

2. gr. samþ, með 24 atkv.

Viðaukatill. við 2. gr. (302) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögnin samþykkt án atkvgr.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 32. fundi Nd., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frv. til 3. umr. (A. 306).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

A 34. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A. 347).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 36. fundi Ed., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 347).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj,
2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed.. fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 347).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög fra alþingi.

XV. Þingsköp alþingis.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ágúst, kom frumv. til laga um þingsköp handa alþingi (A 239) til 1. umr.

Framsögumaður Magnús Andrjesson, (þm. Mýr.): Nefnd sú, sem sett var til að athuga frumv. stjórnarinnar um breyting á lögum 7. apríl 1876, um þingsköp handa alþingi, ásamt lögum 22. maí 1890, um viðauka og breyting á þingsköpum alþingis, hefur að mestu leyti getað fallizt á frumv. að efni til. Nú hefði sjálfsagt getað dugað, að breytingum stjórnarinnar hefði verið bætt inn í lögin, ásamt nokkrum efnis- og orðabreytingum frá nefndinni. En nefndinni fannst orðfærið svo gamaldagslegt og óviðfelldið á gömlu þingsköpunum, að hún áleit rjettara, að semja þau alveg upp að nýju, svo það gæti orðið samræmi í þeim, bæði að efni og formi. Þess vegna leyfði nefndin sjer, að semja nýtt frumv. og leggja það fyrir háttv. deild.

Allar tillögur stjórnarinnar, að heita má, eru teknar orðrjettar upp í þetta frumv., en auk þess eru gjörðar nokkrar breytingar á efni gömlu þingskapanna, þó flestar breytingarnar á þeim sjeu orðabreytingar,

Breytingar nefndarinnar miða einkum að því, að taka skýrar fram einstök ákvæði laganna og skipa efni og orðfæri betur niður, en gjört er í gömlu þingsköpunum.

Af því þetta er 1 umr., á ekki við að ganga inn á einstakar breytingar nefndarinnar, og vil jeg geyma það, þangað til málið kemur til 2. umr.

Jeg vil að eins taka það fram, að þar sem nefndin leggur til, að tekin verði upp viss aðferð við hlutfallskosningar, sem ekki er gjörð grein fyrir í textanum sjálfum, þá hefur hún ætlazt til, að leiðarvísir um það verði prentaður aptan við lögin.

Að öðru leyti vil jeg geyma til 2. umr., að fara nánar út í þetta.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr.í e. hlj.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 239, 352, 410, 425, 426, 444, 472).

Framsögumaður Magnús Andrjesson, (þm. Mýr.): Frumv. þetta er, eins og jeg tók fram við 1. umr., að efni til að mestu leyti samhljóða stjórnarfrumv. því, sem nú hefur verið tekið aptur, og hinum eldri þingsköpum. Breyting sú, sem á er orðin, er aðallega breyting á búningi, orðfæri og niðurskipun efnisins. Þar að auki hefur nefndin þó komið með nokkrar efnisbreytingar.

Fyrsta breytingin er við 1. gr. þingskapanna. Þar stendur í hinum eldri þingsköpum. »Í hvert sinn er alþingi kemur saman . . . . skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðum þingsins«. Nefndinni sýndist það svo mikill vandi, að stjórna fundi sameinaðs þings við þingsetning, að ekki væri alltjend heppilegt, að láta hinn elzta þingmannanna gjöra það, og það væri of mjög undir tilviljun komið, hvort til þess veldist í það og það skipti þingmaður, er væri vel til þess fallinn, eða miður fær um það. Þá kom til orða í nefndinni, hvort ekki væri rjettast, að láta þingið kjósa bráðabirgðaforseta og láta elzta þingmanninn aðeins stjórna þeirri kosningu. En nefndinni sýndist það enn þá einfaldari aðferð að láta ráðherrann kveðja einn þingmanna til bráðabirgðaforseta. Þá kom til athugunar, hvort ætti að láta þennan bráðabirgðaforseta hafa kosningarrjett eða ekki. Nefndin fann ekki ástæðu til að breyta út af gamalli þingvenju um það, að láta þann ekki hafa kosningarrjett, er stýrði fundi, en til þess að óánægja risi ekki út af þessu ákvæði eða því, hvern ráðherrann veldi, fannst henni rjettast, að ráðherran kveddi þennan bráðabirgðaforseta úr flokki hinna konungkjörnu þm., því ef stjórnarflokkurinn og andófsflokkurinn í þinginu eru álíka liðsterkir, þá væri heldur ósanngjarnara, að láta andófsflokkinn þannig missa eitt atkvæði sökum þess, að það eru einskonar sjerstök hlunnindi, sem stjórnin jafnan hefur, að hafa alltaf konungkjörnu þingmennina sín megin. Því þótti nefndinni rjett að taka bráðabirgðaforsetann úr flokki þeirra. Hitt er þó ef til vill að öllu samanlögðu einna sanngjarnast og eðlilegast, að ráðh. kveðji bráðabirgðaforsetann úr flokki allra þingmanna, en hann fái þá jafnframt heimild til að halda atkvæðisrjetti sínum, og býst jeg því við, að nefndin komi fram með breyt.till. í þá átt við 3. umr. málsins. Sje atkvæðisrjetturinn óskertur, skaðast enginn flokkur á því, hver kvaddur er í forsetasætið.

Þá hefur nefndin sleppt úr 1. gr. orðunum »eptir nýjar kosningar«. Hún hugsaði sjer, að ákvæðið ætti allt af að vera reglan, hvort sem almennar nýjar kosningar hefðu fram farið eða ekki.

Breyt.till. á þgskj. 444, 1. lið, er ekki annað en orðabreyting, sem nefndin þó ekki getur fellt sig við á þeim stað. Hún álítur, að þar sem stjórnarskráin er nefnd í fyrsta skipti, eigi orðið að standa fullum stöfum; en svo má stytta orðið á hinum stöðunum, eins og nefndin hefur tekið upp í breyt.till. sínar, í »stjórnarskr.«.

Það getur verið spurning um það, hvaða aðferð eigi að viðhafa við prófun kjörbrjefa, þegar að eins einn eða fáir þingmenn eru nýkosnir, hvort þingið eigi einnig þá, að skipta sjer í deildir, til að prófa það eina kjörbrjef,

eða þau fáu kjörbrjef, sem um er að ræða, eða þá hitt, að það kjósi nefnd til þess. Um þetta varð ágreiningur við seinustu þingsetning. Nefndin vildi taka af allan vafa um þetta, og sýndist rjettast, að láta sömu reglu gilda við prófun kjörbrjefa og kosninga, hvort sem um fleiri þeirra eða færri væri að ræða.

Fleira held jeg sje ekki að athuga við 1. gr.

Þá er 2. gr. Þar hafði nefndin bætt inn í: »þeir, er eigi hafa áður á þingi setið«, Áður var það vani að láta þingmenn vinna eið að stjórnarskránni í hvert skipti, hvort sem þeir höfðu setið á þingi áður eða ekki, en eptir bendingu hæstv. ráðh., að breyting nefndarinnar sje einskonar lögskýring á stjórnarskránni, er ekki megi gjöra í lögum, hefur nefndin komið með breyt.till. á þgskj. 410, 1. lið, um að fella þessi orð burtu. En hugsun nefndarinnar var sú, að þeir, sem einu sinni hefðu unnið eið að stjórnarskránni, þyrftu ekki að gjöra það aptur.

Svo er breyt.till. við síðari lið 2. gr. Þar er tekin upp hlutbundin kosningaraðferð við kosningu skrifaranna, og er þetta ákvæði tekið upp úr frumv. stjórnarinnar. Það fær því að eins þýðingu, að 45. gr. frumv. (46. gr.), eins og nefndin hefur orðað hana, sje samþ. Því ef aðferð þeirri við hlutfallskosningar, sem kennd er við Andræ og nú er hjer höfð, væri beitt, þá er næstum óhugsandi, að minni flokkurinn geti komið að öðrum skrifaranum; það væri að eins hægt, ef flokkarnir væru hjer um bil jafnir, t. d. 19 í öðrum og 20 í hinum. Hlutfallstalan væri þá 19 og þá væri mögulegt, að minni flokkurinn kæmi öðrum skrifaranum að úr sínum flokki, en ómögulegt, ef mismunurinn milli flokkanna væri meiri en 1, t. d. 18 : 21. En með hinni aðferðinni, sem nefndin stingur upp á í 45. gr., nægir til þess, að minni hlutinn geti komið öðrum skrifaranum að, að 14 sjeu á móti 25; og sjeu 13 á móti 26, getur hlutkesti ráðið, en sje aðeins 12 eða þaðan af minna móti 27 eða fleirum, er það útilokað, að minni hlutinn komi manni að.

Þá er 3. gr. Nefndin stingur upp á, að í stað orðanna »sameinað alþingi« komi: »þingið«, því að sú er tilætlunin, að kjörbrjefanefnd sú, er ræðir um í þessari gr., sje kosin, þegar á sama fundi, þingsetningarfundinum, og því er ákvæði þetta, sem er í síðari hluta 3. gr. þingskapanna, fært hjer fram fyrir önnur ákvæði, til þess að röðin verði eðlilegri.

4. gr. er að miklu leyti nýmæli. Það hefur opt komið fyrir, að vafi hefur leikið á um, hvort ætti að taka kosningu þingmanns, sem gallar eru á, gilda; þá hefur komið fram óvissa og skoðanamunur. Ein óvissan er t. d. sú: á þingið að skipta sjer af kosningu, ef ekki koma fram kærur yfir henni? Sumir halda því fram, að það eigi að gjöra það, aðrir, að það eigi ekki að gjöra það. Til þess nú að taka af öll tvímæli um þetta, hefur nefndin sett það ákvæði inn í 4. gr., að þingið geti við þá kosninga- og kjörbrjefaprófun, er fram fer á þingsetningarfundinum, úrskurðað kosningu ógilda, *þó* hún hafi ekki verið kærð, og eins á þingið að geta krafizt upplýsinga um hverja kosningu og frestað, að úrskurða hana, á meðan það bíður eptir skýrslum um hana. Svo bætir nefndin við, að, að undanteknum þessum tilfellum, skipti þingið sjer ekki af kosningagöllum ex officio. Þá hefur hún það ákvæði um kær-

urnar, að þær skuli koma frá kjósendum, og í síðasta lagi innan 4 vikna frá þingsetningu, svo óvissan um gildi kosningarinnar taki einhvern tíma enda. Enn fremur hefur nefndin lagt til, að tekin verði upp í frumv. sú ákvörðun, að þingið geti tekið kosningu gilda, þó gallar sjeu á henni, ef þm. hefur ekki sjálfur valdið þeim í sviksamlegum tilgangi, og göllunum er ekki þannig varið, að annar hefði fyrir þá hlotið kosningu, en ella mundi hlotið hafa. Það hefur komið fram svo mikill ágreiningur á síðustu þingum einmitt um þetta. Sumir haldið því fram, að þó kosning væri stórgölluð, bæri samt að taka hana til greina í mörgum tilfellum; aðrir hafa sagt, að þingið væri sjálft að fótum troða lögin, þegar það tekur gilda kosning, sem gallar eru á. Það er nú leiðinlegt, að heyra slík ummæli aptur og aptur, og þess vegna hefur nefndin tekið þessi ákvæði inn sem bending, til þess að taka af allan vafa.

Ef það sannast, að annar hefði hlotið kosningu, ef lögunum hefði verið fylgt, þá er í rauninni sjálfsagt, að ónýta kosninguna, en nú er þetta vafasamt, þar sem það ákvæði er í kosningarlögunum, að ekki megi breyta kjörskrám, þó þær sjeu skakkar, fyr en dómur er genginn um þær. Nú hefur hæstv. ráðh. bent á, að þetta ákvæði í 4. gr. frumv. sje takmörkun eða lögskýring á 29. gr. í stjórnarskránni, og þess vegna hefur nefndin ekki sjeð sjer annað fært, en að koma með breyt.till. um að nema þennan 4. málslið 4. gr. burt aptur. Þá er enn eitt í 4. gr., sem ekki hefur staðið í þingsköpum áður, að þm. haldi þingmannsrjetti sínum óskertum, meðan kosning hans er óúrskurðuð, nema hann missi kjörgengi (33. gr. stj.skrár.), og sýnist það vera sjálfsagt.

Í 5. gr. er talað um kosningar til Ed., og þar hefur komið fram breyt.till. á þgskj. 444,2 um, að þeir álitist kosnir, sem fá eigi færri en þriðjung atkvæða. Nefndinni finnst líkt um þetta og síðasta atriðið, sem jeg talaði um; hún hyggur, að þetta muni verða skoðað, sem lögskýring á 16. gr. stjórnarskrárinnar; þess vegna virðist rjettast, úr því ekkert er ákveðið um þetta í stjórnarskránni, að telja þá rjett kosna til Ed., er flest fá atkvæði, enda hefur fyrri flutnm. breyt.till. ráðgjört að taka hana aptur.

Svo er önnur breyt.till. við þessa gr. á þgskj. 352 frá háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.), það eru að eins orðabreytingar á gr., og nefndin fellst á þær. Svo er þar að auki breyt.till. frá hæstv. ráðherra við þessa gr.; það eru að eins öðruvísi tilvitnanir í stjórnarskrána, og er sjálfsagt að fallast á hana.

Þá er 6. gr., sem svarar til 4. gr. þingskapanna, en nokkuð af ákvæðum 4. gr, er tekið upp í 7. gr. frumv. Það er hjer í (6. gr.) ákveðið, að sama gildi um kosningar forseta og skrifara í deildum eins og áður er tekið fram um sameinað þing, þar á meðal um hlutfallskosning við kosning skrifara.

Nefndin hefur ráðgjört að koma með breyt.till. við 9. gr. til 3. umr., þess efnis, að þingm., sem gegna forsetastörfum til bráðabirgða þingsetningardaginn, skuli mega taka þátt í kosningum og atkv.greiðslu.

Svo er 10. gr. að mestu leyti samhljóða 5. gr. þingskapanna og 4. gr. stj.frumv., en sumt hjer nánar tiltekið, t. d. um að forseti megi ekki taka þátt í atkvgr. eða kosningu, og ef að hann lætur varaforseta taka sæti fyrir sig, til þess að taka þátt í umr., þá verði hann þó að ganga til forsetasætis, áður en atkvgr. fer fram. En ef hann einhverra orsaka vegna þarf að fara *af*

fundi, þá verður náttúrlega varaforseti að gegna störfum hans að öllu leyti. Á þgskj. 410 leggur nefndin til að fella burtu við enda greinarinnar þessi orð: »við þingsetning«, sem óþörf.

11. gr. er samhljóða ákvæði í 6. gr. þingskapanna og fyrstu málsgrein í 5. gr. stj.frumv.

12. gr. um milliþingaforseta er ákvæði, tekið úr 5. gr. stj.frumv., 2. málsgr.

Við 13. gr. er lagt til, að komi dálítil viðbót þess efnis, að þm. fái kost á að kynna sjer gjörðabók hvers fundar á undan næsta fundi, en aptur megi sleppa upplestri bókarinnar, ef enginn þm. æskir hans, og sýnist þetta vera hagkvæmt. Því að opt mun eptirtekt vera fremur lítil við upplestur gjörðabókarinnar, en talsverð tímatöf.

Í 15. gr., sem er samhljóða 9. gr. þingskapanna, hafa af ógáti slæðzt inn þessi orð: »sbr. 22. gr. stjórnarskrárinnar«, sem eiga hjer ekki við, og kemur því nefndin með breyt.till. um að fella þau burt.

Við þessa gr. er breyt.till. á þgskj. 444 frá háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) og háttv. þm. Ak. (M. Kr.); það er dálítið nákvæmari ákvörðun um, að ef nefndin er skipuð áður en umr. er lokið, þá skuli umr. frestað. Þetta er í samræmi við það, sem nú á sjer stað, og fellst nefndin á breytinguna,

16. gr. talar um kosning nefnda, og að sá sje rjett kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu, sem fær $^1/_3$ af greiddum atkv.; það er tekið fram í þessari grein, að auður seðill teljist greitt atkv. Breyt.till. á þgskj. 410 töluið 7 er að eins leiðrjetting á prentvillu.

Við 17. gr. er breyt.till. á þgsk. 444 frá þm. N.-Þing. og þm. Ak., um að orða gr. öðruvísi, en flutnm. þessarar till. hafa lýst því yfir, að þeir tækju hana aptur.

Á þgskj. 352 tölulið 2 er breyt.till. við 2. málsgr. 17. gr., að orðin »á fundi« falli burt. Þessi breyting er um það, að nefndaráliti megi útbýta meðal þm. annarsstaðar en á fundi, og er það í samræmi við það, sem nú á sjer stað. Nefndin ætlaði að koma með breyt.till. um þetta, en háttv. 1. þm. Arn (H. Þ.) varð á undan og fellst nefndin á hans till.

18. gr. er samhlj. 11. gr. þingskapanna, að viðbættu því ákvæði í 7. gr. stj.frumv., að þau þingm.frumv., sem borin eru upp og útbýtt 4 vikum eptir þingsetning, verði því að eins tekin til meðferðar í deildinni, ef meiri hluti þm. deildarinnar er því samþykkur. Stjórnin hefur fært ástæður fyrir þessu ákvæði í athugasemdunum við frumv., og er þar tekið fram sem ástæða fyrir þessu ákvæði, að starfstími þingsins ódrýgist mjög, og þm. fái ekki tíma til að athuga málin, ef þau ekki eru borin upp nógu fljótt, og til þess að koma í veg fyrir þetta, hefur þessi till. komið fram og nefndin fallizt á hana með skírskotun til athugasemdanna um það í stjórnarfrumv.

19. gr. er samhljóða 11. gr. þingskapanna.

20. gr. er samhljóða 12. gr. þingskapanna.

21. gr. er samhljóða 13. gr. þingskapanna, en við þá gr. er breyt.till. frá hæstv. ráðh. á þgskj. 426 og einnig við 22., 23. og 24. gr. Þær eru allar um sama: að færa ákvæðin sem eru í gr. þessum um, hverjir megi bera upp breyt.till. við hverja umr., saman á einn stað, aptan við 30. gr.

Nefndin tekur því aptur breyt.till. sínar á þgskj. 410 undir 8., 9., 10., 11. og 13. tölulið. Jeg hef einnig hugsað mjer, að háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) mundi taka aptur breyt.till. sínar að þessu lútandi á þgskj. 352, undir 3. og 4. tölulið. *(Hannes Þorsteinsson:* Já, þær eru teknar aptur).

Við 22. gr., sem er samhljóða 14. gr. þingskapanna, er sú efnisbreyting, að einn þm. skuli geta komið að breyt.-till., við 3. umr., en til þess þurfi ekki, eins og nú er ákveðið, 6 þm. í Nd. og 3 í Ed. Nefndinni sýndist þetta ákvæði í þingsköpunum miður heppilegt, gjöra þm., sem vill koma að breyt.till., dálítið erfiðara fyrir með það, þar sem hann þarf jafnan að fá 5 menn með sjer til að flytja hana. En þá fær hann reyndar alltaf; því að það er orðin venja, að þm. gjöra það hver fyrir annan, að ljá nafn sitt til þess að koma að breyt.till. við 3. umr., þótt þeir sjeu henni mótfallnir, og greiði atkv. móti henni. Þess vegna er þetta ákvæði í þingsköpunum orðið þýðingarlaust.

Ákvæði seinustu málsgr. í 14. gr. þingskapanna um, hve opt megi taka til máls, er tekið í 35. gr. frumv.

Við 23. gr. er engin efnisbreyting frá nefndinni; en á þgskj. 426 undir 5. tölulið er breyt.till. frá hæstv. ráðh. um, að öðru vísi skuli til vitnað í stjórnarskrána, að í stað »28. grein stjórnarskrárinnar« komi: »9. gr. í stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903«.

Sama er að segja um 24. gr., þar er sams konar breyt.till. á þgskj. 426 undir 6. tölulið, og að ákvæðið í þeirri gr. um breyt.till. komi aptan við 30. gr.

23. og 24. gr. eru samhljóða 17. og 18. gr. þingskapanna.

25. gr. er að öllu eða mestu leyti samhljóða 19. gr. þingskapanna, og 9. gr. stjórnarfrumv. Breyt.till. á þgskj. 410 undir 10. lið er tekin aptur, og á þgskj. 426 undir 7. lið er breyt.-till. frá hæstv. ráðh. um, að færa orðin »Breytingartillögu má hver þingmaður gjöra« aptan við 30. gr. Við þessa gr. er líka breyt.till. á þgskj. 444, að í staðinn fyrir »afl«, komi »afl atkvæða«. Þetta er að eins orðabreyting, sem gjarnan má vera, en í gömlu lagamáli er orðið »afl« títt brúkað í þessu sambandi, sama sem afl atkvæða.

26. gr. er samhljóða 20. gr. þingskapanna, og 27. gr. er samhljóða 10. gr. stjórnarfrumv., og skirskota jeg um hana til athugasemdanna í því.

28. gr. er samhljóða 21. gr. þingskapanna, og 29. gr. samhlj. 22. gr. þingskapanna, en í 29. gr. er nánar ákveðið um meðferð á þingsályktunartillögum, og svo fyrir mælt, að þingsályktunartillögu megi senda á milli deilda, og þar er líka gjört ráð fyrir, að þingsályktunartillögu megi bera upp í *sameinuðu* þingi. Þetta þótti rjettara að væri beint tekið fram í lögunum, þótt það komi sjálfsagt sjaldan fyrir, að þingsályktunartill. verði borin upp í sameinuðu þingi. Þar yrði þó sjálfsagt borin upp till. um lögsókn á hendur ráðh., ef hún kæmi fyrir. Einnig mætti þar bera upp till. um það, er snertir alþingishúsið og muni þess, alþingishússgarðinn o. s. frv.

Í frumv. því um landsdóm, sem liggur nú fyrir þinginu, er einmitt gjört ráð fyrir því, að lögsókn á hendur ráðh. verði ákveðin með þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi. Svo er við þessa gr. breyt.till. frá hæstv. ráðh. á þgskj. 426 undir tölulið 9, að orðin: »Breytjngartillögu . . . . við tillöguna« falli burt og bætist aptan við 30. gr.

Svo kemur breyt.till. frá hæstv. ráðherra á þgskj. 426 undir lið 10, við 30. grein, að þar dragist einmitt saman ákvæðin úr greinunum á undan, að ráðherra, hver þingdeildarmaður og hver þingmaður í sameinuðu þingi megi koma fram með breyt.till við hverja umræðu sem er. Upp úr 11. gr. stjórnarfrumv. er það ákvæði tekið, að breyt.till., sem búið er að fella í deildinni, megi ekki aptur bera upp

í þeirri sömu deild, en bæði í hinni deildinni og í sameinuðu þingi, og skírskótast til athugasemdanna við stjórnarfrumv. um það.

31. gr. er samhljóða 24. gr. þingskapanna, en hjer er ákveðið, að fyrirspurn skuli afhendast forseta prentuð, en ekki skrifleg.

Við þessa gr. er breyt.till. á þgskj. 426 tölul. 11, að aptan við greinina bætist: »við þessa umræðu má eigi gjöra neina ályktun«. Nefndin er ekki á móti þessum viðauka, sem er tekinn úr 24. gr. þingskapanna, en sjer ekki hvaða ályktun getur eiginlega verið að tala um, nema rökstudda dagskrá, og um hana er ákvæði í 34. gr. frumv., en nefndiuni er sama um þetta ákvæði; þykir það hvorki gjöra til nje frá.

Í 34. gr. er nýmæli um meðferð á ávarpi til konungs. Um það er ekkert ákvæði í þingsköpunum. Nefndinni sýndist eðlilegast, að láta ávarp sæta sömu meðferð og þingsályktunartillögu, þó þannig, að það væri ekki sent frá einni deild til annarar.

33. gr. er samhljóða 25. gr. þingskapanna og er ekki meira um hana að segja.

34. gr. er samklj. 26. gr. þingskapanna, að því viðbættu, að í greininni er gefin heimild til að vísa einnig fyrirspurn frá; í þessari (26.) gr. þingskapanna er að eins gjört ráð fyrir, að það megi vísa frá lagafrumvörpum, þingsályktunartillögum og breytingartillögum, en fyrirspurn er þar ekki nefnd.

35. gr. er samhljóða 28. grein þingskapanna og 13. gr. í stjórnarfrumv. Við hana er komin fram breyt.till. (444) tölul. 6, sem fer fram á, að ræðumaður skuli víkja ræðu sinni til forseta. Þetta er gamalt ákvæði, en eiginlega ekki til neins, því þingmenn gjöra það ekki, nema þegar þeim sýnist. Svo er það tiltekið, að kenna skuli þingm. við kjördæmi sín og kosningu, og er með »kosningu« átt við hina konungkörnu þingm. (t. d. »fyrsti konungkjörni þingmaður« o. s. frv.).

36. gr. er að miklu leyti samhljóða 14. gr. þingskapanna og 8. gr. stjórnarfrumv. En þar er viðbót, að umboðsmaður ráðherra skuli mega taka til máls optar en tvisvar; sömuleiðis er það tekið fram, að framsögumaður *minni* hluta nefndar skuli líka hafa sama rjett; þetta gildir þá um ráðherra eða umboðsmann hans, flutningsmenn mála og framsögumenn meiri og minni hluta nefnda. Það hefur viðgengizt hjer á þingi stundum, að framsögumenn minni hluta nefnda hafa fengið að taka til máls optar en tvisvar, en nefndinni þótti rjett að taka þetta fram, til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. En svo hefur hjer komið breyt.till. (477), sem fer fram á, að orða greinina þannig, að sleppa ákvæðinu um framsögumann minni hluta nefnda, og hefur nefndin ekki getað fallizt á hana, því að það getur verið allt eins mikil ástæða og þörf fyrir minni hluta nefndar eins og fyrir meiri hluta, að fá nægilegt tækifæri til að verja álit sitt.

37. gr. er samhlj. 30. gr. þingskapanna. Við hana er komin breyt.till. frá hæstv. ráðh. (426), sem er sjálfsögð breyting.

Svo er 38. gr., sem svarar til 31. gr. þingskapanna 1. málsgrein, en því, sem á eptir fer, hefur nefndin sleppt, og ljet sjer þetta ákvæði nægja um, að þm. væru skyldir að hlýða forseta í hvívetna. er lyti að því að halda uppi góðri reglu. Nefndin vildi láta það vera á valdi forseta, hvaða aðferð hann vill nota til þessa. Þetta er okkur auðvitað ekkert kappsmál, en við töldum

þessa viðbót við greinina óþarfa. Á þgskj. 352, 5. er breyt.till. frá 1. þm. Árn. (H. Þ.), um að taka ákvæði 29. gr. þingskapanna upp í frumv. Þetta ákvæði, sem hljóðar um það, að eigi megi halda ræðu á þann hátt, að skrifað mál sje lesið upp, sýndist nefndinni óþarft. Ef einhver þm. vildi leggja á sig þá fyrirhöfn, að skrifa ræðu, sem hann ætlar að halda, er honum það ekki of gott. Nefndin kemur samt á þgskj. 410, 14 með tillögu um, að á eptir 37. komi ný grein þannig hljóðandi: »Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp skrifað eða prentað mál«. Þetta sýnist nefndinni mega nægja.

Jeg veit ekki, hvort háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) getur tekið aptur sína tillögu, en það vildi jeg helzt *(Hannes Þorsteinsson*: Jú, jeg tek hana aptur).

Þá er 39. gr. Þar er sú breyting frá 33. gr. þingskapanna, að tölurnar 3, 6 og 9 koma í staðinn fyrir 4, 8 og 12; nefndin vill, að þessar tölur sje alltaf hinar sömu í frumv. Það er hægra fyrir þm., að muna þær, heldur en það, sem er í þingsköpunum nú, ýmist 3, 6, 9 eða 4, 8, 12, án þess nokkur veruleg ástæða sje til að gjöra þann mun.

Brt. (444) tölul. 8 er að eins eðileg orðabreyting, sem nefndin fellst á.

40. gr. er samhljóða 34. gr. þingskapanna, nema sama breyting með tölurnar, 3, 6, í stað 4, 8. Breyt.till. (352) tölul. 7 við 40. gr. fer fram á, að hafa tölurnar 4 og 7 í staðinn fyrir 3 og 6, en nefndin getur ekki fallizt á það, af þeim ástæðum, er nú var sagt.

41. gr. er samhljóða 35. gr. þingskapanna og 14. gr. stj.frumv. En hjer er sú breyting að eins, að forseti skuli skera úr, hvort undanfærsla þm. undan að greiða atkvæði, skuli gild. En þó getur þm., ef hann er óánægður með úrskurð forseta, skotið honum til deildarinnar. Þetta fyrirkomulag sýnist vera hagkvæmt og frjálslegt.

42. gr. er samhljóða 36. gr. þingskapanna, nema tölurnar 3, 6 og 9 fyrir 4,8 og 12.

43. gr. er að mestu leyti samhljóða 37. þingskapanna; þar er bent á, að forseti skuli ákveða þm. sæti. Þar með er ekki meiningin, að forseti skuli segja við hvern og einn: þarna átt þú að vera og þarna þú, heldur að ef ágreiningur verður um sæti, skeri forseti úr. Og hver þingm. skal greiða atkv. frá sínu sæti.

44. gr. er samhljóða 35. gr. þingskapanna, niðurlagi hennar. Um breyt. till. (444) tölul. 9, að fyrir »afl« komi: »afl atkv.«, er það sama, sem jeg hef áður sagt.

45. gr. svarar til 38. gr. þingskapanna og 16. gr. stjórnarfrumv. En hjer er nýmæli á þá leið, að þegar viðhafa skal hlutfallskosning, skuli höfð aðferð sú, sem kennd er við de Hondt, í stað Andræs aðferðar, sem nú er höfð. Ástæðan er sú, að þessi aðferð er einföld, rjettlát og haganleg. Haganleg vegna þess, að þá verða allir kosnir straks, sem kjósa á í nefndina. Það kemur ekki fyrir með de Hondts aðferð, að nefnd fáist eigi þegar fullskipuð við hlutfallskosninguna, en með Andræs aðferð kemur það þráfaldlega fyrir, að einn eða fleiri vantar. Og frjálslegri er hún af því, að það eru meiri líkur til þess fyrir minni hluta, að koma að mönnum úr sínum flokki. Við þingsetningu er ómögulegt, eins og áður er drepið á, að koma að skrifara úr minni hluta, nema að ekki muni milli flokka nema einum manni; af 39 þarf 19 með Andræs aðferð, en 14 með hinni. En það getur verið spurning um það, eptir 41. gr. stjórn-

arskrárinnar, hvort ekki þurfi að taka reglurnar fyrir þessari kosningaraðferð upp í frv. sjálft. En hjer er samkvæmt tillögu nefndarinnar á þgskj. 410, tl. 15 ætlazt til, að stjórnarráðið láti prenta reglurnar fyrir þessari hlutfallskosningaraðferð aptan við þingsköpin. Mjer finnst, að þar sem ákveðið er með lögum, að stjórnarráðið skuli semja reglur fyrir þessari aðferð, þá sje þetta svo gott sem lagaákvæði. Jeg vildi gjarnan heyra álit lögfræðinga, og þá sjerstaklega hins hæstv. ráðh. um það, hvort nokkuð sje á móti þessu. Og sje svo, má bæta úr þessu við 3. umr.

46 gr. er samhljóða 39. gr. þingskapanna, nema hvað tölurnar snertir.

47. gr. er samhlj. 40. gr. þingskapanna; 48. gr. er samhlj. 41. gr. að miklu leyti. Þar við er ein breyt.till. (352, tölul. 9), sem er orðabreyting og nefndin getur vel fallizt á hana.

49. gr. er samhljóða 42 gr. þingskapanna.

50. gr. er samhljóða ákvæði í 27. gr. þingskapanna. Nefndin færði þessa gr. aptur fyrir 49. gr. af því henni þótti eiga betur við að hafa hana þarna. En nefndin hefur stytt hana mikið, því henni virtust sum ákvæði greinarinnar, eins og hún er í þingsköpunum, þýðingarlaus. Nefndin hugsaði sjer, að ef send væri bænarskrá til þingsins eða eitthvert slíkt erindi, þá kæmist það ekki að, nema einhver af þm. gjörðist flutningsmaður að því. Síðan væri það lagt fram á lestrarstofuna, og svo gæti hver þm., sem vildi, tekið það að sjer til frekari flutnings, komið með frumv. út af því, eða þingsályktunartillögu o. s. frv.

51. gr. er samhljóða síðustu málsgrein í 27. gr. þingskapanna. Breyt.-till. við þessa gr. á þgskj. 426, tl. 16 frá ráðherra, er að eins um tilvitnun í stjórnarskipunarlögin.

52. gr. er samhljóða 43. gr. þingskapanna, nema hvað tölurnar breytast eins og áður er sagt.

Jeg man svo ekki eptir fleiru í svipinn, sem jeg þurfi að taka fram. Hafi jeg gleymt einhverju, má minnast á það síðar.

Ráðherrann: Háttv. nefnd hefur hjer unnið talsvert mikið og seinlegt starf, en jeg er ekki alveg viss um, að þetta starf, að laga málfæri í þingsköpunum og breyta efnisniðurröðun þeirra, hafi verið svo bráðnauðsynlegt starf, að hin háttv. nefnd hefði ekki getað notað sína góðu krapta til einhvers annars, sem enn meira lá á. Það hefði mátt koma öllum þeim efnisbreytingum, sem þörf er á, að í ramma stjórnarfrumv.. og atriði þau, sem í stjórnarfrumv. eru, hefur háttv. nefnd tekið til greina hvert sem er. Jeg segi þetta ekki til þess á neinn hátt að kasta rýrð á starf hinnar heiðruðu nefndar. Hún hefur lagt mikið á sig og eflaust leyst verkefni það, er hún setti sjer, prýðilega vel af hendi í mörgu tilliti; sjerstaklega er það ágæt formbót, að hafa innihald hverrar greinar í fáum orðum út undan á spássíunni, eins og háttv. nefnd hefur gjört. Er það, að endurskoða rækilega svona langan lagabálk, rífa niður og ganga svo frá aptur, að allt falli og ekkert komi í bága, það er ekki áhlaupaverk og ekki vel til þess fallið, að gjöra það í glaumnum í þingsalnum, innan um allskonar annríki og vanda annan. Það er verk sem hentara er að gjöra heima á skrifstofu sinni í næði, »at Öxará í fásinninu«, ef svo mætti að orði kveða, heldur en að Öxará í fjölsinninu og þingglaumnum.

Þess sjást og merki ekki svo óvíða í frumv., að háttv. nefnd hefur ekki haft nægan tíma, til þess að athuga allt sem vandlegast. En margt af þeim

atriðum, sem einkum voru athugaverð, hefur háttv. nefnd þegar lagað með breytingartillögum, svo um það þarf ekki að orðlengja.

Stjórnarráðið valdi það form, sem var á frumvarpi stjórnarinnar, til þess að þingmenn ættu hægra með að átta sig á því, án langvinns samanburðarstarfs, hver atriði þingskapanna það væri, sem farið væri fram á að breyta. Það var búið að semja frumvarpið í stjórnarráðinu þar sem öll þingsköpin voru tekin og skrifuð upp með breytingum eins og hjer. En það var hætt við það og frumv. ónýtt, hitt formið álitið heppilegra. Ef nefndin hefði viljað, þá hefði hún getað fengið þetta uppkast hjá stjórnarráðinu, og þannig sparað sjer dálítið uppskriptarerfiði.

Jeg vildi að eins minnast nokkrum orðum á breyt.till. mína á þgskj. 426. Reyndar hef jeg líka borið mig munnlega saman við nefndina, og framsm.lýst yfir því, að nefndin hefði tekið talsvert af bendingum mínum og breyt.till. til greina. Jeg vil því að eins víkja fám orðum að því, sem nefndin hefur ekki aðhyllzt. Jeg er samdóma framsm., að það fer vel á því, að 1. grein sje breytt, svo að forseti sá, er fyrst stýrir fundi, hafi atkvæðisrjett eins og aðrir, en skil þó ekki, að það geti komið að skaða, að aldursforseti stýri fyrstu kosningu. Það er ekki líklegt, að svo gamlir menn verði þm,, að þeir geti ekki leyst af hendi jafn auðvelt starf. Mjer finnst það viðkunnanlegra, eins og tíðkazt hefur, að aldursforseti stýri fyrsta fundi, heldur en að ráðherra kveðji þingmann til bráðabirgða-forseta. Að láta þingið kjósa bráðabirgðaforseta er ekki hægt, því þá er enginn til að standa fyrir þeirri kosningu.

Jeg tek því aptur 1. breyl.till. mína.

Framsm. sá ekki ástæðu til, að taka það ákvæði upp í 38. gr., að forseti skuli slíta fundi, þegar almenn óregla kemur upp. Mjer er þetta ekki kappsmál, en finnst þó bezt að halda þessu ákvæði, eins og það er í gömlu þingsköpunum. Ákvæðið er gott og engin ástæða til að fella það burtu.

Framsm. minntist á till. nefndarinnar um að breyta aðferðinni við hlutfallskosningar; jeg játa, að de Hondt's aðferðin hefur ýmsa yfirburði yfir aðferðina, sem nú er notuð. En sjerstaklega er hún þó fyrir kosningu í stærri stýl, ef svo mætti að orði kveða, og að sumu leyti of mikið »apparat« til þess að nota við einfaldar nefndarkosningar.

Nefndin hefur valið að sleppa öllum ákvæðum, er fara skuli eptir í þessu efni, og vili fela stjórnarráðinu, að setja reglur um það, en það sjezt ekki, hvernig hún hefur hugsað sjer einstök fyrirkomulagsatriði í framkvæmd þessarar hlutfallskosningaraðferðar við nefndarkosningar. Mjer finnst óþinglegt og ekki viðeigandi, að alþingi sætti sig við, að stjórnarráðið gjöri þesskonar fyrirskipanir, sem minnst er á í 46. gr. frumv. Það er vafasamt, hvort þetta stríðir ekki á móti 41. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir. að þingsköpin *skuli* sett með lagaboði, en eptir tillögu nefndarinnar ætti umboðsstjórnin að fá þetta vald.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um breyt.till. þær, sem jeg á við þetta frumv. og prentaðar eru á þgskj. 352. Háttv. framsm. (M. A.) hefur tekið vel í þær og látið í ljósi, að nefndin mundi fallast á þær, þar sem þær sjeu í samræmi við skoðun nefndarinnar. Um 1. og 2. lið breyt.till. gat framsm. þess, að nefndin fjellist á þær breytingar. Breyt.till. mínar undir 3. og 4. lið hefur nefndin tekið upp. Síðan

hefur hæstv. ráðh. komið með breyt.-till. um þetta sama, sem nefndin hefur fallizt á og því tek jeg þessar breyt.-till. mínar aptur. Þá er 5. breyt.till. mín, að á eptir 37. gr. komi ný grein svo hljóðandi: »Eigi má halda ræður á þann hátt, að skrifað mál sje lesið upp. Þó má með leyfi forseta lesa upp skjöl eða kafla úr skjölum, er snerta mál það, sem er til umræðu. Leyfi forseta þarf og til þess að lesa upp prentað mál«. Breyt.till. mín er þannig talsvert fyllri en breyt.till. nefndarinnar undir 14. lið á þgskj. 410. Báðar þessar breyt.till. fara í sömu átt, en jeg get ekki álitið rjett, að fella burt ákvæði þau, sem standa í núgildandi þingsköpum. Jeg get þó fellt mig við, að taka mína breyt.till. aptur, úr því nefndin gengur inn á hana. En jeg vil taka það fram, að það á að vera á valdi forseta, að leyfa upplestur.

Jeg heyrði ekki framsm. minnast á breyt.till. mína undir 6. lið. Eins og 39. gr. frumv. er orðuð, getur forseti stungið upp á, að umræðum sje hætt, ef umræður dragast fram úr hófi. Jeg álít, að þetta ákvæði megi falla burtu, því að frá þm. mun optast koma fram tillaga um að slíta umræðum, þegar þær eru orðnar mjög langar.

Í 7. breyt.till. minni við 40. gr. hef jeg farið fram á, að í stað 3 og 6 komi: 4 og 7. Háttv. framsm. (M. A.), hefur haldið á móti þessari breytingu, og tók fram, að við það yrði ósamræmi í frumv., þar sem annarsstaðar væri heimtaðir að eins 3 og 6. Jeg skal játa það, að það er ruglingsminna, að hafa sömu tölurnar, en jeg álít rjett, að hafa ekki eins rúma heimild til að heimta mál tekin inn á dagskrá. En annars er mjer þetta atriði ekki neitt kappsmál.

Þá er breyt.till. mín undir 8. lið við 43. gr. Þessi breyt.till. fer fram á dálitla efnisbreytingu. Auk þess er hún nokkuð öðruvísi orðuð, en greinin í frumv., og verð jeg að álíta greinina, eins og jeg fer fram á að henni verði breytt., ákveðnari en hjá nefndinni. Jeg heyrði að vísu háttv. framsm. (M. A.) ekki minnast heldur á þessa breyt.till. mína, en mjer þykir líklegt, að nefndin fallist að minnsta kosti á miðhluta hennar. Jeg álít miklu skýrara, að leita mótatkvæða, og skuli forseti síðan, eptir að leitað hefur verið bæði meðatkvæða og mótatkvæða, skýra frá atkvæðagreiðslunni.

Viðvíkjandi því, að forseti skuli ákveða sæti þm., þá álít jeg það þýðingarlítið og óþarft, að taka það fram. Það er venja, að gamlir þm. halda sætum sínum, en nýjir þm. ættu að geta komið sjer saman um sæti. Skyldi ágreiningur koma upp milli þeirra, þá er sjálfsagt, að forseti skeri úr þeim ágreiningi. Annars er öllum þm. skylt, að lúta valdi forseta, og það ekki fremur á þingfundum, ef það er að eins í þingsalnum. Hann á að sjá um allt það, sem heyrir til góðri reglu. Annars álít jeg þetta þýðingarlítið og óþarft. En vitaskuld er það, að það gæti valdið óánægju, ef forseti beitir valdi sínu freklega og vildi skipa þm. í annað sæti, en þeim er ljúft eða geðfellt.

Við 48. gr. hef jeg lagt til að komi ofurlítill viðauki, svo að greinin verði nákvæmari, en í tillögum nefndarinnar, og álít jeg, að enginn geti haft neitt á móti þessari breytingu.

Annars hafði jeg hugsað mjer dálitla breyt.till. um, að ávallt sje haft nafnakall við 3. umr. þá er mál er samþykkt til fullnaðar út úr deild, og vil jeg skjóta því til nefndarinnar, hvort

hún vill ekki athuga það til 3. umr. Það er æskilegt vegna þeirra, sem lesa alþingistíðindin, og veit jeg til þess, að nafnaköll um málin eru af mjög mörgum lesin með mikilli ánægju. Reglan er góð og gæti orðið til þess, að þm. fyndu til meiri ábyrgðar á því, hvernig þeir greiddu atkvæði.

Það var ýmislegt fleira, sem jeg hafði að athuga við frv., en ætla ekki nú að minnast á, það var viðvíkjandi skrifarakosningum og hlutfallskosningum. Og svo var það kosning aldursforseta.

Jeg álít það bæði óheppilega og leiðinlega breytingu hjá nefndinni, að ráðherrann skipar einhvern hinna konungkjörnu í aldursforsetasætið. Jeg býst varla við, að þm. verði svo gamlir, að þeir geti ekki stjórnað fundi, þangað til regluleg forsetakosning hefur fram farið, að minnsta kosti ættu þeir að geta það með aðstoð skrifaranna, og ætti þeim að vera innan handar, að tilnefna skrifara, sem færir væru um að leiðbeina aldursforseta, ef með þyrfti. Mjer finnst það eitthvað virðulegra fyrir þingið, að elzti þm. stjórni fundi þangað til búið er að kjósa forseta, enda mun sú regla vera víðast hvar á þingum um heim allan.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing): Jeg er samdóma hæstv. ráðh. og 1. þm. Árn. (H. Þ.) um það, sem þeir hafa tekið fram viðvíkjandi aldursforseta og hlutfallskosningum. Jeg er einnig samdóma hæstv. ráðh., að nefndin hafi haft mikið fyrir þessu máli. En það kemur ekki fram á heppilegum tíma, því að nú er orðið svo áliðið þingtímans. Það er nauðsynlegt fyrir þm. að fá tíma til að átta sig vel á málinu, svo að sem bezt verði frá því gengið, og það geti orðið vel skýrt og skiljanlegt. Það er aðgætandi, að breyt.-till. við frumv. eru óvanalega margar; þær munu vera um 60 að tölu. Að vísu fara þær margar í líka átt, sumar falla saman, og enn sumar hafa verið teknar aptur. Þetta bendir til, að hætt sje við, að mönnum geti sjezt yfir sumt, og er því full ástæða til að athuga það sem bezt Við 2 þm., jeg og hv. þm. Ak. (M. Kr.) eigum nokkrar breyt.till. á þgskj. 444. Og skal jeg geta þess, að við höfðum svo stuttan fyrirvara til að semja þær, að ekki var ráðrúm til þess að bera saman þetta frumv. við gömlu þingsköpin og frumv. innbyrðis.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að þessum breyt.till. okkar á þgskj. 444. Sumar af þeim eru mjög smáar, eins og þar sem farið er fram á, að skammstafa orðið »stjórnarskrá«. Fyrir okkur vakti það, að þar sem orðið væri allstaðar annarsstaðar skammstafað eptir framkomnum breyt.till. nefndarinnar í frumv., þá mætti alveg eins gjöra það í 1. gr., og hlyti að vera hættulaust, þar sem um þm. er að ræða, að það yrði ekki misskilið. En þetta er nú samt, eins og háttv. framsm. (M. A.) tók fram, komið undir smekkvísi manna. Næsta breyt.till. er við 5. gr., og er hún gjörð til þess, að koma á samræmi í frumv. milli 5. og 16. gr. Þar stendur, að rjettkosinn í nefnd við óhlutbundna kosning sje sá, er hlotið hefur þriðjung greiddra atkvæða. Þetta höfum við að vísu fljótlega athugað og ekki haft tækifæri til að bera það saman við önnur lög. Má vera að það komi í bága við 16. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem gjört er ráð fyrir því, að alþ. í heild sinni kjósi óbundnum kosningum, en ekki talað um atkvæðafjölda. Annars væri gott, að heyra álit lögfræðinganna um þetta atriði, t. d. hæstv. ráðh. Með 3. breyt.till. þarf jeg varla að mæla, því að háttv. framsm. (M. A.) lýsti því

yfir, að nefndin væri henni samþykk. Eins og háttv. þm. er kunnugt, hefur verið álitið, að farið væri út fyrir þingsköpin með því að setja nefnd, *eptir* að umr. væri lokið, og væri rjettast að skilja þingsköpin svo, að nefnd skyldi setja undir umr., og fresta síðan umr. Nú hefur samt nokkur ár verið tekin upp önnur regla, sú, að vísa máli fyrst til næstu umr., og kjósa síðan nefnd, og hefur þessi regla gefist mjög vel. En breyt.till. fer fram á að leiða þessa reglu inn í þingsköpin.

Breyt.till. við 17. gr. tökum við aptur. Hún var að eins orðabreyting, en við sleppum henni, því að eptir till. nefndarinnar eru ákvæðin fyllri.

Breyt.till. við 25. gr. og aptur við 44. gr. fer fram á, að »afl atkvæða« komi í stað »afl«. Orðið »afl« er að vísu fornt og fallegt orð, en nú er í daglegu máli lögð önnur merking í það, en ætlazt er til í frumv. Það væri hugsanlegt, að það yrði skilið svo, að líkamlegt afl ætti að ráða um einstök málsatriði. Okkur finnst rjettara, að það sje tekið beint fram: »afl atkvæða«, svo að alls enginn möguleiki sje til þess, að misskilja það. Það er andlegt afl, en ekki líkamlegt, sem ráða á í þingsalnum.

Þá kemur 6. breyt.till. við 35. gr. á sama þingskj. (444). Það er nú í rauninni ekki annað, en stendur í þingsköpunum, og er um það, að menn eigi allt af að snúa sjer að forseta, er þeir tala, en ekki á annan veg, þetta er að vísu ekki stórvægilegt, en opt má lítið laglega fara. Og óviðkunnanlegt gæti það verið, ef þm. sneri baki að forseta, eða færi að tala við menn fram á gangi.

Næsta breyt.till. er við 36. gr. Jeg hef ekkert á móti því, að minni hluti nefnda geti tekið svo opt til máls, sem vill, en þó með þeirri athugasemd, að sá minni hluti sje meir en einn maður. Jeg álít það ekki viðkunnanlegt, að leyfa þeim manni, sem er framsögum. sjálfs sín, — og það orð er líka óviðkunnanlegt um *einn* mann — að tala hvað opt sem hann vill, en undir eins og minni hlutinn er 2 eða fleiri menn, þá hef jeg ekkert á móti því að talað sje um framsögum. Greinin er hjá okkur eins og í þingsköpunum, en þó rýmri, en við höldum henni ekkert mjög fast fram. Svo hef jeg ekki meira um þessa breyt.till. að segja, því háttv. framsm. fjellst á breyt.till. við 8. gr.

En svo skal jeg leyfa mjer, að minnast á sjálft frumv. á einstöku stað, því jeg álít, að það þurfi að athugast vegna þess, hvað málið er mikilsvert.

Viðvíkjandi 13. gr. hef jeg það eitt að segja, að mjer finnst breyting nefndarinnar ómöguleg; svo athugavert finnst mjer að láta gjörðabók þingsins liggja tvær stundir minnst á lestrarsalnum á undan hverjum fundi. Jeg get heldur ekki sjeð neina ástæðu til að breyta frá því, sem verið hefur, að lesa bókina upp; jeg álít ekki rjett að auglýsa hana, áður, en vissa er fengin fyrir því, hvort þm. samþykki það, sem í hana hefur verið ritað. Það gæti líka jafnvel orðið hættulegt að láta bókina liggja þar frammi fyrir almenningi. Það væri hugsanlegt, að einhverju kynni að verða í hana bætt, sem ekki ætti þar heima, og svo hefur það komið fyrir hjer í höfuðstaðnum, að gjörðabók hefur blátt áfram horfið, þar sem þó var maður til umsjónar. Að minnsta kosti er jeg alveg á móti því, að bókin sje lögð fram áður en hún er undirskrifuð.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 39. gr. Um þá breytingu skal jeg ekki segja; hún er nýmæli, eins og háttv,

framsm. tók fram. Mjer finnst raunar engin ástæða til þess, að þingsályktunartillögur sjeu bornar upp í sameinuðu þingi, því mjer finnst það hafa annað hlutverk, en jeg skal þó ekki halda þessu fast fram.

Viðvíkjandi breyt.till. við 43. gr. er jeg á sama máli og háttv. 1. þm. Arn. (H. Þ.), og álít jeg, að till. hans sje bæði viðtæk og heppileg og álít, að hún eigi að komast að.

En jeg hef hlaupið yfir 41. gr. Þar ætlaði jeg, að taka það fram, að jeg kann engan veginn við, að úrskurði forseta verði skotið undir þingdeildina; jeg vil ekki víkja frá venju í því efni; mjer finnst hún vel við unandi, og í annan stað kann jeg ekki við, að setja þingdeildina yfir úrskurð forseta í svona lítilvægu atriði. Annars hef jeg ekki tekið eptir, hvaða bein ákvæði eru sett í frumv. viðvíkjandi úrskurðarvaldi forseta. En við þekkjum allir, að oft er sagt, að forseti hafi úrskurðað það og það, og verði því þess vegna ekki breytt.

Jeg skal að endingu geta þess, að þó við þingmenn sjeum fáir, þá finnst mjer samt rjett að kjósa 2 varaforseta (*Skúli Thoroddsen:* Það er rjett), því það getur auðveldlega komið fyrir, að einn nægi ekki forfalla vegna.

Mál þetta er svo umfangsmikið, að jeg álít, að við ættum að athuga það mjög nákvæmlega, áður en atkvgr. fer fram um það.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg get ekki sjeð annað, en öll atkvgr. sje öldungis ómöguleg eins og málið nú liggur fyrir. Það eru komnar fram 61 breyt.till. á 5 þgskj.; af þeim eru 27 frá nefndinni; 19 hafa verið teknar aptur meðan á umræðunum stóð; 17 hefur nefndin viljað aðhyllast.

Verði gengið til atkv., eins og málið nú liggur fyrir, þá held jeg, að ómögulegt sje, að komast hjá glundroða; menn geta ekki áttað sig á þessum mikla sæg af breyt.till., og hljóta því að greiða atkvæði í blindni.

Jeg vil því vona, að háttv. þm. verði mjer samdóma um það, að rjettast sje að vísa málinu aptur til nefndarinnar.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.); Það er auðvitað hægt, að fresta málinu, en það er óþarfi að vísa því aptur til nefndarinnar, þar sem hún hefur haft fyrir sjer allar breyt.till. og látið uppi álit sitt um þær. En ef um það er að ræða, að semja atkvæðaskrá yfir málið, þá er það verk skrifstofunnar.

ATKVGR.: Samþykkt með 14 atkv. gegn 11 að fresta umræðunni og vísa málinu aptur til nefndarinnar.

Á 41. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til framhalds 2. umr. (A. 239, 352, 410, 425, 426, 444, 472, 474).

Framsögumaður Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Við síðustu umræðu voru breyt.till. við frumv. þetta á 5 þingskjölum; þær voru margar svo smávægilegar, að vel hefði mátt gjöra slíkar leiðrjettingar á skrifstofunni, eins og t. d. að skammstafa orð í stað þess að rita það fullum stöfum. Fjöldi þeirra var svo mikill af því, að sömu breyt.till. komu fram á tveimur eða fleiri þingskjölum vegna þess, að flutningsmenn hafa ekki vitað hver af öðrum. Til þess nú að háttv. deildarmenn eigi hægra með að átta sig á þessum breyt.till., hefur nefndin haft þá aðferð, að hún hefur safnað saman í eitt öllum þeim breyt.till., er hún gat fallizt á, og flytur þær nú undir sínu nafni á einu skjali, þingskj. 474. Þar eru þá fyrst og fremst komnar nefndarinnar eigin breyt.till., sem áður

voru á þingskjali 410 og 425, næstum allar, en hinar eru teknar aptur.

Eptir samkomulagi við háttv. 1. þm, Árn. (H. Þ.) höfum við tekið upp 1., 2., 8. og 9. breyt.till. á þingskj. 352, en hinar, sem ekki eru teknar upp á þingskj. 474, ráðgjörir háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ,) að taka aptur, og hefur tekið sumar aptur.

Þá eru eptir breyt.till. ráðherrans á þingskj. 426. Af þeim eru eptir 1., 11. og 15. liður, hinar eru teknar upp á þingskj. 474.

Enn fremur eru breyt.till. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) á þingskj. 444; hefur nefndin tekið sumar af þeim, en 1., 5., 6., 7. og 9. liður eru ekki teknir upp á þingskj. 474.

Því næst er breyt.till. á þingskj. 472 breyt.till. við hans eigin breyt.till.

Á flestar af þessum breyt.till. hef jeg þegar áður minnzt, þegar málið var hjer seinast til umræðu, og ætla jeg ekki að eyða tímanum til þess, að taka upp aptur það, sem jeg sagði þá, heldur að eins gjöra grein fyrir nokkrum nýjum breyt.till. frá nefndinni.

Við 1. gr. frumv. flytur nefndin á þingskj. 474,1 tillögu, sem fer í þá átt, að haldið sje hinu gamla fyrirkomulagi, að elzti þingmaðurinn, en ekki þingmaður, er ráðherra tilnefnir, skuli stjórna umræðum við þingsetning, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn. Nefndin hefur við nánari umhugsun komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta muni vera öllu heppilegra en það fyrirkomulag, sem felst í greininni, eins og hún er nú, enda heyrðist mjer háttv. ráðherra vera því öllu hlynntari, og sama hef jeg heyrt á ýmsum þingmönnum. En í sambandi við þessa tillögu nefndarinnar stendur breyt.till., sem nefndin flytur við 9. gr., um að aldursforseti skuli taka þátt í kosningum og atkvæðagreiðslu. Með því móti verður enginn flokkur á þinginu fyrir skakkafalli við það, að missa atkvæði aldursforseta.

Breyt.till. háttv. þm. N.-Þing. (Á. J.) á þskj. 444,5 um »afl atkvæða«, í staðinn fyrir eintómt »afl«, fann nefndin ekki ástæðu til þess, að taka upp. því að það er alltítt bæði í fornum lögum vorum og nýjum, að hafa orðið »afl« í þessu sambandi í sama skilningi sem: »afl atkvæða«. En auðvitað er nefndinni þetta ekki kappsmál.

Á eptir breyt.till. undir 22. lið á þskj. 474 hafa fallið úr orðin: »greinatalan breytist samkvæmt því«. En þetta leiðir af sjálfu sjer.

Háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) hreyfði því við seinustu umræðu þessa máls, og skaut því til athugunar nefndarinnar, hvort ekki mundi vera heppilegt, að hafa í frumv. ákvörðun um, að nafnakall skuli jafnan haft við atkvæðagreiðslu um lagafrv. út úr deild. Nefndin hefur íhugað þetta, og ekki þótt ástæða til þess, að koma með breyt.till. í þá stefnu.

Á þskj. 474, 26. lið, er tekin upp breyt.till. háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) við 43. gr. Jeg gleymdi, að minnast á hana um daginn; þetta er að eins orðabreyting, sem nefndin fellst á. Að vísu fellur burtu við þessa breyt.till., ef hún verður samþykkt, það ákvæði úr greininni, að forseti ákveði þingmönnum sæti. En það liggur í hlutarins eðli, að ef ágreiningur verður um slíkt, sker forseti úr.

Þá er eptir að minnast á 2 helztu breyt.till., sem eru báðar við 45. gr., (er verður 46. gr.); önnur er frá hæstv. ráðherra undir tölul. 15 á þskj. 426, hin frá nefndinni á þskj. 474, 27. lið, og eru þær báðar um aðferðina við hlutfallskosningu. Nefndin leggur töluverða áherzlu á það, að 45. gr. verði samþykkt óbreytt með viðaukatillögu

nefndarinnar, þeirri er nú var nefnd; með öðrum orðum: að hætt verði við hlutfallskosningaraðferð þá, sem höfð hefur verið hjer á þingi að undanförnu, og skýrt er frá í fyrnefndri breyt.till. hæstv. ráðherra, en tekin upp aðferð sú, sem kennd er við »de Hondt, og lýst er í viðaukatill. nefndarinnar. Aðferð sú, er nefndin mælir með, hefur þá kosti fram yfir hina, *að* það kemur aldrei fyrir, að ekki fáist með henni nefnd fullskipuð, sem þráfaldlega ber við með hinni aðferðinni (Andræ's aðferð); *að* fámennur þingflokkur getur fremur komið manni í nefnd úr sínum hóp, svo að hún er frjálslegri en hin, og loksins, *að* hún er í rauninni miklu einfaldari og handhægari, svo að þegar menn færu að venjast henni, þá mundi hún spara mikinn tima.

Af þessum ástæðum, sem jeg hef þegar áður tekið fram, vil jeg sem bezt mæla með því, að hún verði samþykkt.

Svo finn jeg ekki ástæðu til fleiri athugasemda.

Ráðherrann: Háttv. nefnd hefur tekið upp í sínar breyt.till. allar breyt.till. mínar á þgskj. 426 nema 1., 11. og 15. lið. Þar af get jeg tekið aptur breyt.till. við 1. gr., því jeg kann betur við, að aldursforseti stjórni umræðum, þangað til forseti hins sameinaða alþingis er kosinn eins og hingað til hefur verið, þó þannig, að hann haldi atkvæðisrjetti sínum, eins og háttv. nefnd nú hefur lagt til.

Aptur á móti ætla jeg ekki að taka aptur 11. tölulið, tillöguna um, að eigi megi gjöra neina ályktun þegar fyrirspurnin er borin upp. Þetta er tekið úr gömlu þingsköpunum, og jeg sje ekki ástæðu til þess að fella það burtu. Það miðar auðsjáanlega til þess að hindra, að menn gjöri ályktanir að óhugsuðu máli; komi eitthvað fram við umræður út af fyrirspurn, sem ástæða finnst til að gjöra ályktun um, er rjett að það hafi sama gang og aðrar þingsályktanir; því betur verður málið athugað. Því verður akki neitað, að stundum hefur sýnzt, sem þingið hafi ekki nægilega brotið sumar ályktanir sínar til mergjar, áður greidd hafa verið atkvæði um þær, og skaðar ekki þótt við slíku sje varhugur goldinn,

Viðvíkjandi 15. gr. er jeg í dálitlum efa um, hver aðferðin sje betri. Jeg játa með nefndinni, að de Honts's aðferðin kunni að vera hagkvæmari, en hins vegar veit jeg, að margir hafa fengið mætur á hinni aðferðinni, sem nú er orðin mönnum svo töm, og jeg álít því rjett, að gefa mönnum kost á að greiða atkvæði um hana líka. Gamla aðferðin, sem hefur verið viðhöfð á þingi, hefur auðvituð sína galla, sjerstaklega það, að nefndir verða stundum ekki fullskipaðar eptir henni, en hin hefur líka þann galla, að stundum verður að varpa hlutkesti til úrslita.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Af 9 breyt.till. frá mjer hefur nefndin tekið upp 7 annaðhvort sem sínar tillögur eða fallizt á þær. Á tvær þeirra hefur nefndin ekki fallizt. Það er 6. og 7. breyt.till mín, og jeg legg heldur enga áherzlu á þær, sjerstaklega ekki þá 6. og raunar heldur ekki þá 7., þar sem farið er fram á, að í staðinn fyrir 3 og 6 komi 4 og 7, þá er um það er að ræða, að þingdeild heimti ákveðið mál inn á dagskrá, en í frumv. stendur allstaðar 3 og 6, þá er heimtuð er ákveðin tala þingdeildarmanna um breyt.till. og annað, svo það er eðlilegra, að láta það halda sjer líka þarna. Jeg get því fallið frá þeirri tillögu og tek því aptur 6. og 7. breyt.till á þgskj. 352, svo að breyt.till.

á því þgskj. koma ekki sjerstaklega til atkv. Og nú þakka jeg hinni háttv. nefnd fyrir hinar góðu undirtektir hennar undir breyt.till mínar.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það eru nokkrar breyt.till. á þgskj. 444, sem við flutningsmenn álítum að vísu ekki mjög mikils um vert, en vildum þó heldur að kæmu til atkvæða. Sú 1. þeirra held jeg að hafi fallið burtu af vangá hjá nefndinni, því að mjer skildist, að hún mundi fallast á hana. En um 2. till., að í staðinn fyrir »afl« komi »afl atkvæða«, þá skal jeg geta þess. að við vissum eðlilega, að átt var við afl atkvæða, en ekki líkamlegt afl, en okkur finnst vissara að taka það fram, svo *ómögulegt* sé að misskilja það.

Því næst kemur breyt.till., við 35. gr. 6 á þgskj. 444. Hún er tekin úr gömlu þingsköpunum. Þar er svo *ákveðið*, að þm. skuli ávallt víkja ræðu sinni að forseta. Englendingar hafa þessa reglu, og finnst mjer við mega láta okkur vel sæma, að líkja eptir þeim.

Þá er breyt.till. við 36. gr. Það atriði er nær hjá okkur, en nefndinni, því, sem stóð í eldri þingsköpunum. Okkur þótti athugavert, að færa mjög mikið út, hve opt menn mættu taka til máls, og komum með þessa breyt.till. til þess, að skýrt ákvæði væri til um það efni; þegar minni hluti nefndar er ekki nema einn maður, þá er það nærri broslegt og naumast málrjett, að kalla hann framsm. sjálfs sín. Jeg vona, að háttv. þm. láti þessar breyt.till. ekki gjalda þess, að þær standa ekki á stóru skránni frá nefndinni, heldur sýni þeim sanngirni.

Svo eru 2 breyt.till. frá hæstv. ráðh. Jeg er þeim báðum samþykkur. Hvað síðari breyt. snertir, þá felli jeg mig betur við gömlu kunnugu aðferðina, sem við höfum notað, en þá nýju, sem stungið er upp á. Jeg held, að þessi hlutfallskosninga-aðferð, sem við erum nú farnir að venjast við, þurfi ekki að tefja svo mjög fyrir, ef menn eru við því búnir að beita henni.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skal ekki eyða löngum tíma; hann er nú orðinn dýrmætur, og verður því að halda vel á honum.

En jeg ætlaði að gjöra afsökun mína, því jeg heyrði það gefið í skyn eptir 2. umr., að það væri talin hneysa fyrir nefndir, ef máli væri vísað til þeirra aptur. Nú var jeg að því valdur, að þessu máli var vísað aptur til nefndar, en það var alls ekki meining mín, að níðra nefndinni á nokkurn hátt, því hún hefur leyst starf sitt mjög sómasamlega af hendi, og svo vel, að ekki munu margar nefndir hafa betur gjört. Jeg skal um leið geta þess, að jeg mun greiða atkv. með öllum breyt.till. nefndarinnar og sömuleiðis með breyt.till. hæstv. ráðh. við tl. 11, einnig með breyt.till. háttv. þm. N.-Þing. um »afl atkvæða« í staðinn fyrir »afl«. Sömuleiðis finnst mjer ekki ástæða til að fella burt það, sem er í gömlu þingsköpunum um, að þm. beini ræðu sinni að forseta. Það er allstaðar talin góð og gild regla. En aptur á móti get jeg ekki verið með breyt.till. við 36. gr., því mjer finnst þar með útilokað, að framsm. minni hluta geti tekið til máls optar en tvisvar sinnum; en mjer finnst, að það ætti að vera frjálst, því þó minni hlutinn sje ekki nema *einn* maður, þá getur skoðun hans samt verið meira verð, en skoðun annara, þó fleiri sjeu.

Svo kemur breyt.till. nefndarinnar við 45. gr. um hlutfallskosningarnar. Mjer þykir De Hondts aðferðin mjög miklu heppilegri, en sú gamla, því hún

(sú gamla) tekur svo langan tima, eða að minnsta kosti hefur mjer fundizt það, síðan jeg kom á þing, t. d. ef kjósa á 5 manna nefnd, eins og flokkaskiptingin er nú. Og viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, að opt þyrfti að varpa hlutkesti til úrslita við de Hondts-aðferðina, þá held jeg, að það komi ekki mjög opt fyrir. Jeg hef skipt þingdm. í ýmiskonar hluta, og það kemur mjög sjaldan fyrir, að tölurnar verði jafnar. Jeg held, að sú aðferð sje heppilegri en hin, sem er elzt af öllum hlutfallskosningaraðferðum, og mun jeg greiða atkvæði með þeirri aðferð, sem nefndin stingur upp á.

ATKVGR.: Breyt.till. 1—9 (352) teknar aptur.

Breyt.till. á þgskj. 410—425 komu ekki til greina.

Breyt.till. 1—10, 12—14 og 16 á þgskj. 426 teknar aptur, sömuleiðis breyt.till. 2—4 og 8 á þgskj. 444.

1. breyt.till. á þgskj. 444 við 1. gr. samþ. með 14 atkv.

1. breyt.till. á þgskj. 474 við 1. gr., samþ. með 22 atkv.

1. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. á þgskj. 474 við 2., 4., 7., 8., 28., 46. og 50. gr. samþ. með 14 atkv.

3. breyt.till. á þgskj. 474 við 2. gr., samþ. með 19 atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. á þgskj. 474 við 3. gr., samþ. án atkvgr.

3. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

5. breyt.till. á þgskj. 474 við 4. gr., samþ. með 20 atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. á þgskj. 474 við 5. gr., samþ. með 21 atkv.

5. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

6. gr. samþ. með 23. atkv.

7. gr. — — — —

8. gr. — — — —

7. breyt.till. á þgskj. 474 við 9. gr., samþ. með 21. atkv.

9. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 23 atkv.

10. gr. samþ. með 22 atkv.

11. gr. — — — —

12. gr. — — — —

8. breyt.till. á þgskj. 474 við 13. gr., samþ. með 20 atkv.

13. gr. með áorðnum breytingum samþ. mnð 22 atkv.

14. gr. samþ. með 22 atkv.

9. breyt.till. á þgskj. 474 við 15. gr., samþ. án atkvgr.

10. breyt.till. á þgskj. 474 við 15. gr., samþ. án atkvgr.

15. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21. atkv.

11. breyt.till. á þgskj. 474 við 16. gr., samþ. með 21 atkv.

16. gr. með áorðnum breytingum samþ. 21 atk.

12. breyt.till. á þgskj. 474 við 17. gr., samþ. með 20 atkv.

17. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 23 atkv.

18. gr. samþ. með 22 atkv.

19. gr. — — — —

20. gr. — — — —

13. breyt.till. á þgskj. 474 við 21. gr., samþ. með 20 atkv.

21. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

14. breyt.till. á þgskj. 474 við 22. gr., samþ. með 18 atkv.

22. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

15. breyt.till. á þgskj. 474 við 23. gr., samþ. án atkvgr.

23. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

16. breyt.till. á þgskj. 474 við 24. gr., samþ. án atkvgr.

24. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

5. breyt.till. á þgskj. 444 við 25. gr., samþ. með 19 atkv.

17. breyt.till. á þskj. 474 við 25. gr., samþ. án atkvgr.

18. breyt.till. á þgskj. 474 við 25. gr., samþ. án atkvgr.

25. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

26. gr, samþ. með 22 atkv.

27. gr. — — — —

28. gr. — — — —

19. breyt.till. á þgskj. 474 við 29. gr., samþ. án atkvgr.

29. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22. atkv.

20. breyt.till. á þgskj. 474 við 30. gr., samþ. með 21 atkv.

34. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

11. breyt.till. á þgskj. 426 við 31. gr., samþ. með 19 atkv.

31. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

32. gr. samþ. með 22 atkv.

33. gr. — — — —

34. gr. — — — —

6. breyt.till. á þgskj. 444 við 35. gr., samþ. með 14 atkv.

35. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

Breyt.till. á þgskj. 472 við 36. gr., samþ. með 18:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Kristjánsson,	Guðm. Björnsson,
Eggert Pálsson,	Magnús Andrjesson,
Einar Þórðarson,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Þorsteinss.,	
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Magnús Kristjánsson,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stefánsson Eyf.	
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	
Tryggvi Gunnarsson,	
Þórhallur Bjarnarson.	

L. H. Bjarnason greiddi ekki atkvæði og telst því með meiri hluta

7. breyt.till. á þgskj. 444 við 36. gr. felld með 17:4 atkv.

36. gr. samþ. með 17 atkv.

21. breyt.till. á þgskj. 474 við 37. gr. samþ. án atkvgr.

37. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 20 atkv.

22. breyt.till. á þgskj. 474, ný gr., samþ. með 22 atkv.

23. breyt.till. á þgskj. 474 við 38. gr. samþ. með 22 atkv.

38. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

24. breyt.till. á þgskj. 474 við 39. gr. samþ. án atkvgr.

39. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

40. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

25. breyt.till. á þgskj. 474 við 41. gr. samþ. án atkvgr.

41. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 23 atkv.

42. gr. samþ. með 22 atkv.

26. breyt.till. á þgskj. 474 við 43. gr. samþ. með 21 atkv.

43. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 21 atkv.

9. breyt.till. á þgskj. 444 við 44. gr. samþ. án atkv.

44. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.

15. breyt.till. á þgskj. 426 við 45. gr. felld með 13 : 7 atkv.
27. breyt.till. á þgskj. 474 við 45. gr. samþ. með 18 atkv.
45. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.
46. gr. samþ. með 22 atkv.
47. gr. samþ. með 22 atkv.
28. breyt.till. á þgskj. 474 við 48. gr. samþ. án atkvgr.
48. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.
49. gr. samþ. með 22 atkv.
50. gr. samþ. með 22 atkv.
29. breyt.till. á þgskj. 474 við 51. gr. samþ. án atkvgr.
51. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 22 atkv.
52. gr. samþ. með 22 atkv.
53. gr. samþ. með 22 atkv.
Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 497, 512).

Forseti: Jeg vil geta þess, að breyt.-till. á þgskj. 512 var ekki útbýtt fyr en á fundinum; vil jeg því leita samþykkis deildarinnar um að þessi breyt.-till. megi koma til umr.

ATKVGR.: Samþ. í e. hlj. að breyt.-till á þgskj. 512 megi koma til umr.

Framsögumaður Magnús Andrjesson, (þm. Mýr.): Jeg skal fyrst geta þess, að í 2., 3. og 16. gr. er prentvilla, tilvitnun í 45. gr. í stað 46. gr. Sömuleiðis í 42. gr. tilvitnun í 49. gr í stað 50 gr. Skrifstofustjóri hefur lofað, að leiðrjetta þetta, þegar frumv. verður prentað eptir 3. umr.

Breyt.till. á þgskj. 512 var útbýtt hjer á fundinum og hef jeg því eigi haft tíma til að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um þær.

Breyt.till. á þessu þgskj. eru alls 4. Sú er hin fyrsta, að í stað »varaforseta« í 6. gr. komi: »tveggja varaforseta, fyrsta og annars«. Þetta atriði kom til athugunar í nefndinni, en eigi gjörði þó nefndin neina breyt.till. um það; jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með þessari breyt.till.

Þá er 2. breyt.till. á sama þgskj. svo hljóðandi, að í stað orðanna »er fyrir allan þingtímann það ár« í 7. gr. komi: »gildir að eins fyrir 4 vikur í senn«. Jeg veit ekki til þess, að á nokkru þingi hafi komið fram ósk um skipti á embættismönnum þingsins. Mönnum hefur ef til vill þótt eitthvað að í svipinn; þótt forseti of vinnuharður eða því um líkt; það er því engin reynsla fengin fyrir nauðsyn þessa nýmælis, og verð jeg að greiða atkv. mitt á móti þessari breyt.till.

3. breyt.till. á sama þgskj. er að eins orðabreyting í sambandi við 2. breyt.-till.; stendur hún því og fellur með henni; býst jeg við, að flutningsmenn taki þessa breyt.till. aptur, ef 2. breyt.-till. verður felld.

4. hreyt.till. á sama þgskj. um að orðin »ráðherra eða umboðsmaður hans, og« í 53. gr. falli burt, á að því leyti sammerkt við 2. breyt.till., að ósk um þetta hefur aldrei komið fram, enda veit jeg ekki til, að stjórnarfulltrúi hafi nokkru sinni leyft sjer að neita, ef forseti og deild hafa verið samþykk því að gjöra afbrigði frá þingsköpunum. Hins vegar er þessi breyt.till. frjálsleg, og hef jeg ekkert mikið á móti henni, en hún mun reynast þýðingarlítil, því að það er varla hugsanlegt, að ráðh. mundi neita um samþykki til afbrigða frá þingsköpunum nema í flokksmálum og þá hefði hann allan meiri hluta þingsins með sjer.

Aðrar breyt.till. hafa ekki komið fram, og sje jeg því ekki ástæðu til

þess að fara fleiri orðum um þetta mál.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ætla að eins að gjöra stuttar athugasemdir um breyt.ttll. mínar, og 5 annara flutningsmanna, á þgskj. 512.

Háttv. framsm. (M. A.) hefur lýst skoðun sinni á þeim, og er jeg honum þakklátur fyrir, hve liðlega hann tók í 1. breyt.till. Það gæti verið hentugra, að hafa tvo varaforseta, ef t. d. varaforseti er veikur, því að þá er forseti svo bundinn, að hann getur ekkert hreyft sig, nema með því að gjöra hlje á fundi. Jeg vona því, að hin háttv. deild samþykki þessa breyt.till.; hún fer ekki í bága við neinar aðrar greinir þingskapanna, því að þar sem varaforseti er nefndur í frumv., þá eiga ákvæðin. ef breyt.till. er samþykkt, að sjálfsögðu við þann varaforsetann, er forsetastörfum gegnir.

Aðra breyt.till. tók háttv. framsm. ekki eins liðlega í. Hennar er ef til vill ekki eins brýn nauðsyn, en það er athugandi, að þingtíminn fer án efa að verða töluvert lengri, en verið hefur, og er þá eðlilegt, að þingmönnum gefist kostur á að kjósa embættismenn þingsins optar en einu sinni á þingtímanum. Það væri t. d. hugsanlegt, að menn yrðu óánægðir með forseta og vildu gjarna skipta um, enda gætu flokkaskipti hafa breytzt frá því, sem var í þingbyrjun. Jeg vil einnig benda á, að svipað ákvæði er í þingsköpum ýmsra annara þjóða; í danska fólksþinginu eru embættismenn t. d. ekki kosnir fyrir allan þingtímann, heldur að eins um tiltekinn tíma. Mjer finnst, að háttv. þingdm, geti ekki haft á móti þessari breyt.till., þar sem hún eykur vald þingsins, og enginn vafi á því, að ákvæðið kynni stundum að þykja koma í góðar þarfir.

3. breyt.till. stendur og fellur með 2. breyt.till.; um hana hef jeg því ekkert að segja.

Þá er 4. breyt.till.; henni hafði háttv. framsm. ekki á móti. Mjer finnst það óeðlilegt, að þurfa að leita til ráðherra ef $^3/_4$ þingdm. vilja gjöra afbrigði frá þingsköpunum, og afbrigðin fara ekki í bága við stjórnarskrána. Sú takmörkun, sem í því ákvæði greinarinnar felst, er í sjálfu sjer næg trygging. Ákvæðið um samþykki stjórnarfulltrúans á alþingi gat verið eðlilegt, og gott, meðan menn voru óvanir, og kunnu lítt til þingreglna, en virðist nú orðið óþarft, enda geta hugsazt þau tilfelli, að það sje mjög heppilegt, að þurfa ekki að leita samþykkis ráðherra, því að þótt vjer höfum meiri hluta stjórn, þá getur þó hugsazt, að stjórnin sitji í svip, þó að meiri hlutinn sje á móti, t. d. ef flokkar breytast svo á þingi, að stjórnin verður í minni hluta, og ætlar sjer því að rjúfa þing, og skjóta málinu undir dóm þjóðarinnar. Það er og eðlilegt og rjett, að þingið ráði sjálft þingsköpum sínum, sje að því leyti herra í sínu húsi; það á ekki að þurfa að sækja um leyfi stjórnarinnar til þess. Jeg vona því. að háttv. deild taki þessum breyt.till. vel, og skal jeg svo ekki fara um þær fleirum orðum.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Mjer heyrðist háttv. þm. N.-Ísf. segja, að það ætti og þyrfti ekki að leita til ráðherra (*Skúli Thoroddsen:* ætti ekki að þurfa), eða ætti ekki að þurfa. Þetta er ekki rjett: þingsköpin eru sett með lögum, og afbrigði frá þeim verða því að skoðast sem sjerstök lög í hvert skipti, er báðir partar löggjafarvaldsins, þing og stjórn, eiga atkvæði um.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Þetta er misskilningur hjá mínum háttv. vini, þm. Snæf., því að ef þetta

ákvæði kemst inn í lögin, og fær samþykki konungs, þá hafa báðir aðilar löggjafarvaldsins samþykkt þessa tilhögun.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það er ekki »principíelt« rjett. Það ætti þá heldur að fara lengra, það ætti þá að fela þinginu einu að setja sjer þingsköp, og því gæti jeg vel fylgt, en ekki þessu.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (512) við 6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. breyt.till. (512) við 7. gr. felld með 13 atkv. gegn 6.

3. breyt.till. (512) við 7. gr. tekin aptur.

4. breyt.till. (512) felld með 12 atkv. gegn 12, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Guðl. Guðmundss.,
Einar Þórðarson,	Guðm. Björnsson,
Jóhannes Ólafsson,	Hannes Þorsteinss.,
Jón Jónsson,	Hermann Jónasson,
Magnús Andrjess.,	Lárus H. Bjarnas.,
Ólafur Briem,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Ólafsson,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Thorlacíus,	St. Stef., 2. þm. Eyf.
Skúli Thoroddsen.	Tryggvi Gunnarss.,
St. Stef., 2. þm. Skf.,	Þórh. Bjarnarson.

Frumv. þannig orðað samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 516).

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg hef varla fengið tíma til að lesa þetta frumv. í gegn, en þegar það kom frá nefndinni í Nd., sá jeg hitt og þetta athugavert við það. Jeg álít, að svona stóru máli megi ekki sleppa i gegnum þingið, án þess það sje athugað í nefnd. Jeg leyfi mjer því að stinga upp á 3 manna nefnd.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg verð að taka alveg í sama strenginn; jeg álít það sje ónærgætni af háttv. Nd., að koma með svona stórt mál ekki fyrri en þetta. Mjer sýnist vera alveg bráðnauðsynlegt, að athuga þetta mál í nefnd. Jeg heyri, að fyrst hafi frumv. verið þannig úr garði gjört, að það hafi á 3 stöðum riðið í bága við stjórnarskrána. Ætli það loði ekki enn við það einhverjir líkir smágallar?

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg er samdóma um það, að þetta er mál, sem þarf að athugast, en mjer virðist vera rjett, að láta það þó að minnsta kosti ganga til 2. umr., ef menn finna svo einhverja sjerstaka galla á því, þá má alltaf setja nefnd í það við 2. umr., en ef mönnum sýnist það vera gott, þá sje jeg enga ástæðu til að svæfa málið.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg er samdóma um það, að ónærgætni sje, að láta svona stórt mál koma rjett í þinglok í þessa deild, en jeg get samt ekki verið með því, að svæfa það í nefnd. Jeg er líka viss um, að háttv. 2. þm. G.-K. getur lesið málið í nótt, hugsað um það á morgun og greitt atkv. um það næsta dag.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um nefnd felld með 8 atkv. gegn 1.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 516 543).

Ráðherrann: Jeg get verið mjög stuttorður um þessa breyt.till., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með. Eins og háttv. þm. er kunnugt, er það aðallega verkefni sameinaðs þings í

lagasmíði sínu að skera úr ágreiningi. sem kemur fyrir milli deildanna, eða með öðrum orðum, að báðar deildirnar með sameiginlegri atkvgr. geti afgjört einstök ágreiningsatriði í málum, sem deildirnar ekki hafa getað komið sjer saman um. En nú er það heimilt eptir þessum þingsköpum, að bera upp breyt.till. í sameinuðu þingi alveg ótakmarkað, án nokkurs tillits til þess, hvort ósamræmi hefur verið milli deildanna einmitt um það atriði. Af þessu hefur leitt hinn mesti glundroði, sjerstaklega þegar fjárlögin komast í sameinað þing. Atriði, sem báðar deildir, hvor í sínu lagi, hafa samþykkt, hafa verið felld í sameinuðu þingi, og hinsvegar hafa verið drifin inn þar ný atriði, sem alls ekki hafa verið rædd fyr, og engan undirbúning fengið, jafnvel atriði, sem báðar deildir hafa verið búnar að fella. Að þessu hefur kveðið svo rammt, að margir eru svo hræddir við að hleypa fjárlögum í sameinað þing, að þeir vilja heldur ganga inn á margt ógeðfellt til samkomulags. Þessi breyt.till. mín miðar að því, að takmarka breyt.till.rjettinn í sameinuðu þingi þannig, að þegar lagafrumv. koma í sameinað þing, megi eigi gjöra breyt.till. um önnur atriði en þau, er sú deildin, sem síðast hafði frumv. til meðferðar, breytti við þá umr. Ef þessi breyt.till. kemst að, þá verður engin, eða í öllu falli minni hætta en nú, á misfellum þeim, er jeg lýsti, svo að það ætti ekki eptirleiðis að þurfa að koma fyrir, að menn þori ekki að nota heimild stjórnarskrárinnar til þess að skjóta ágreiningi undir atkvæðamagn í sameinuðu þingi. Jeg vona þess vegna, að háttv. deild samþykki þessa breyt.till. mína.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg get tekið undir með hæstv. ráðh. um það, að breyt.till. hans sje til bóta, og vil jeg því fyrir mitt leyti leggja það til, að hún verði samþykkt. Eins og hæstv. ráðherra tók fram, kemur hún í veg fyrir ýmsan glundroða og hrærigraut, sem opt á sjer stað um frumv. og breyt.till. bæði í deildunum og sameinuðu þingi.

Jeg hef líka leyft mjer, að koma fram með nokkrar breyt.till. á þskj, 543. Fyrsta breyt.till. er við 4. gr., og fer hún fram á, að í stað 2.—4. málsgreinar komi svo hljóðandi málsgrein: »Unz prófun kjörbrjefa samkvæmt 1. gr. hefur fram farið, heldur sjerhver þingmaður óskertum þingmannsrjetti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskr.). En hafi þingið frestað að taka kosningu þingmanns gilda, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans viðurkennd gild«. Mjer finnst ekki rjett, að þingið geti ekki tekið upp hjá sjálfu sjer, að rannsaka kosningu; mjer finnst það eiga að hafa fullan rjett til þess, að rannsaka kosningu, ef hún er ólögleg. Jeg get heldur ekki fellt mig við ákvæðið um það, að kæra yfir kosningu þingmanns skuli því að eins tekin til greina, að hún sje frá kjósendum í kjördæmi þingmannsins. En að því, er það snertir sjerstaklega, að 4. málsgrein falli eigi burt, þá verð jeg að vera því algjörlega mótfallinn. Í ríkisþinginu er þeirri reglu fylgt, að þingmaður hafi ekki atkvæðisrjett fyr en kosning hans hefur verið samþykkt. Þar hefur komið fyrir, að þingmaður hefur mánuðum saman ekki haft atkvæðisrjett vegna þess, að málinu var vísað heim í hjerað til þess, að rannsaka það þar. Þetta á sjer stað í Danmörku, og þannig ætti þetta að vera hjá okkur líka, að þingmaður hafi ekki atkvæðisrjett, meðan á rann-

sókn kosningar stendur; en meðan á almennri prófun kjörbrjefa stendur, á þingmaður aptur á móti að hafa óskertan þingmannsrjett.

Við nánari athugun er jeg ekki viss um, að breyt.till. mín við 18. gr. sje í samræmi við stjórnarskrána, og þess vegna tek jeg hana aptur.

Breyt.till. mín við 29. gr. fer fram á, að aptan við greinina bætist, að verði þingsályktunartillaga enn fyrir breytingum í þeirri deild, er hún kom frá, skuli á ný senda hana til hinnar deildarinnar til einnar umræðu samkvæmt reglum um þriðju umræðu um lagafrumvörp. Í frumv. stendur, að það megi endursenda ályktunina þeirri deild, er hún kom frá, en mjer finnst það ekki nægilegt; mjer finnst að ályktunin verði að ganga tvisvar til beggja deilda, og svo gæti hún líka farið í sameinað þing, en þó væri það ekki nauðsynlegt.

Breyt.till. við 31. gr., að fyrir orðið »alþjóðlegt« komi »opinbert«; er að eins orðabreyting, sem hefur að vísu ekki mikla þýðingu, en jeg get ekki betur sjeð, en að orðið »alþjóðlegt« sje sama sem »internatiónalt«. Jeg sje ekki hvað getur verið á móti því, að hafa orðið »opinbert« eins og stendur nú í þingsköpunum og stjórnarskránni.

Þá fer breyt.till. við 42. gr. fram á, að 3. málsgrein þeirrar greinar falli burt. Þar er farið fram á, að neyða þingmann til þess, að greiða atkvæði. Það getur opt staðið svo á, að þingmaður hafi ekki sett sig svo vel inn í eitthvert mál, að hann geti greitt atkvæði um það, og þá finnst mjer rjett, að honum sje í frjálst vald sett, hvort hann greiðir atkvæði eða ekki. Mjer finnst vera alveg óhæfilegt, að þingmaðurinn sje neyddur til, að greiða atkvæði, hvort sem hann getur eða ekki. Jeg skil varla, að það geti valdið svo miklum óleik, að málið nái ekki fram að ganga í þeim tilfellum, þar sem þingmaðurinn annaðhvort af ókunnugleika eða öðrum ástæðum ekki treystir sjer til þess, að greiða atkvæði, í öllu falli finnst mjer algjörlega rangt, að neyða hann til þess.

Ráðherrann: Jeg get ekki verið samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), viðvíkjandi breyt.till. hans við 4. gr. Að vísu er nokkuð rjett í því, að þingmaður ekki hafi atkvæðisrjett þangað til kosning hans er tekin gild, ef kært hefur verið yfir henni og úrskurði um kæruna frestað, en mjer finnst þessi breyt.till. vera svo óheppilega orðuð, að ekki sje hægt að greiða atkvæði með henni. Mjer virðist liggja beinast við, eins og breyt.till. er orðuð, að skilja hana svo, að þm. hafi ekki óskertan þingmannsrjett, nema meðan verið er að prófa kjörbrjefin; en prófuninni er lokið áður en atkvgr. fer fram; allt svo ætti enginn eptir nýafstaðnar kosningar að hafa þingmennskurjett til að greiða atkvæði um gildi kjörbrjefanna. Þetta er auðvitað ekki meining þingmannsins, en jeg er hræddur um líka, að háttv. þingm. hafi skotizt yfir eitthvað í fljótræði, er hann samdi breyt.till.

Breyt.till. við 18. gr. hefur háttv. þingm. tekið aptur, sem var rjett gjört af honum, og þarf því ekki um hana að ræða.

En þá er breyt.till við 29. gr. Jeg get ekki sjeð neina ástæðu til, að senda ályktanir frá einni deild til annarar, eins og þær væru lagaframvörp, þar sem þær eru þó ekki annað en form, til þess að lýsa yfir skoðun eða ósk, sem vel má gjöra skiljanlega, þótt orðalagið verði ekki eins í báðum deildum. Jeg held, að ef á að fara að breyta frá því, sem er í frumv., væri nær að leyfa þingsályktun í samein-

uðu þingi. En móti því er sú alvarlega mótbára, að þá yrði Ed. alveg atkvæðum borin, svo að hennar gætti ekki, nema áskilið væri »*kvalíficeruð majoritet*«, sem er efasamt hvort hægt er um þingsályktunartill. eptir stjórnarskránni.

Jeg held því ekki, að það sje til skaða, þótt þessi breyt.till. sje felld.

4. breyt.till. get jeg heldur ekki sjeð að sje nauðsynleg, þar sem farið er fram á, að breyta orðinu »alþjóðlegt« í »opinbert«. Það hljóta allir að skilja, að »alþjóðlegt mál« í þessu sambandi getur ekki þýtt »internatiónalt mál«; það getur ekki þýtt annað en mál, sem varðar alþjóð hjer á landi, því það væri fjarstæða, að fara að bera upp hjer fyrirspurn til ráðherra um mál, sem liggja fyrir utan hans verkahring.

Þá er loks 5. breyt.till. við 42. gr., sem fer fram á það, að 3. málsgrein þeirrar greinar falli burtu. Jeg held, að það sje betra, að sú málsgrein fái að standa eins og hún er í frumv. Það verður að heimta af þingmönnum, að þeir venjulega greiði atkvæði, alveg eins og heimtað er af dómurum, að þeir gefi úrskurð sinn. Þingmönnum, sem eru í vafa um eitthvað, og geta ekki sagt af eða á um það, er allt af innan handar, að láta telja sig með meiri hlutanum; það er þeim ábyrgðarlaust. Jeg get þess vegna ekki sjeð, að með þessu ákvæði sje á nokkurn hátt þröngvað kostum þingmanna, eða að það sje neinn voði á ferðum í þessu tilliti. Þingið tekur auk þess optast ástæður þingmanna í þessu tilliti gildar, þótt þær sjeu stundum ekki þungar á metaskálunum.

Jeg vil þess vegna leggja það til, að 42 gr. frumv. verði samþykkt óbreytt.

en að breyt.till. háttv. þingm. G.-K. verði felld.

Valtýr Guðmundsson (þm. G.-K.): Jeg skal játa það, að 1. breyt.till. gæti máske verið betur orðuð; það er flýtisverk á henni, eins og mörgu öðru þessa dagana, en hæstv. ráðh. gæti komið með breyt.till. við 3. umr., ef honum finnst þurfa að orða hana betur. Hann hefur ekki athugað, að þetta er 2. umr. en ekki 3. Jeg get ómögulega fallizt á, að þingsályktanir sjeu að eins einu sinni til meðferðar í annari deildinni, en tvisvar í hinni. Annaðhvort er að halda sjer við viðaukatillöguna og heimta 2 umr. í hverri deild, eða láta það strax fara í sameinað þing þegar deildirnar koma sjer ekki saman. Þá er 5. breyt.till. Jeg get ómögulega verið með því, að neyða menn til að greiða atkvæði, og mjer þykir mjög óviðkunnanlegt, að forseti og deildin skuli skera úr því, hvort menn hafi gilda ástæðu eða ekki, til að láta vera með að greiða atkv. Jeg vil svo ekki lengja umræðurnar meira.

Ráðherrann: Mjer finnst, að 2. liður í 4. gr. geti ekki fallið burtu. Það væri ófært, ef hægt væri, á miðjum þingtíma, eptir að búið er að taka kosningar gildar, að fitja upp á því, án þess nokkur kæra fram komi, að vefengja, að þingmaður sje löglega kosinn, og svipta hann atkvæðisrjetti. Slíkt gæti orðið háskalega misbrúkað. 2. liður 4. greinar verður að standa, hvernig sem maður lítur á breyt.till. að öðru leyti, og sje jeg því ekki, að auðið sje að greiða atkv. með breyt.till., eins og hún liggur fyrir.

Valtýr Guðmundsson (þm. G.-K.): Jeg er samþ. háttv. ráðh. um 2. málsgr. Jeg tek annars 1., 2., og 3. breyt.till. aptur, en læt hinar standa.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (543) við 4. gr. tekin aptur.

2. breyt.till. við 18. gr. tekin aptur.

3. breyt.till. við 29. gr. tekin aptur.

1.—29. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.

Breyt.till. við 30. gr. (571) samþ. með 12 samhlj. atkv.

30. gr. með áorðinni breytingu sþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (543) við 31. gr. felld með 7 gegn 5 atkv.

31. gr. frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

32.—41. gr. sþ. með 9 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (543) við 42. gr. felld með 7 gegn 4 atkv.

42. gr. samþ. í e. hlj.

43.—52. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. og fyrir köflum þess samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 25. ágúst. kom frumv. til 3. umr. (A 590, 596).

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með nokkrar breyt.till. á þgskj. 596; skal jeg fyrst geta þess, að háttv. Nd. hefur haldið þessu frumv. svo lengi hjá sjer, að tíminn hefur verið mjög naumur fyrir þessa háttv. deild til þess að athuga þetta yfirgripsmikla frumv. Breyt.till. þessar eru því gjörðar í flýti, þó jeg nú hafi lagað þær eptir bendingum þeim, er komu fram við 2. umr. málsins og ráðfært mig við ýmsa af háttv. deildarmönnum. Vel má vera, að jeg hefði fundið fleira, er mjer hefði þótt athugavert, ef jeg hefði haft lengri tíma.

1. breyt.till. er við 4. gr. frumv. og fer fram á, að 2. málsgrein hennar falli burtu, því að jeg sje enga ástæðu til, að þingið megi eigi rannsaka kosningar þm., þegar einu sinni er búið að taka þær gildar, þótt engin kæra hafi komið fram. Jeg býst þó eigi við, að þingið mundi nota þenna rjett, enda þarf að sjálfsögðu meiri hluta til þess, en sje meira en helmingur allra þm. því meðmæltur, að rannsaka kosningu einhvers þm., þá eru einmitt mjög sterkar líkur til þess, að eitthvað meira en lítið sje að athuga við kosningu hins sama þm.

2. breyt.till. er líka við 4. gr. frumv. 4. málsgrein, sem jeg legg til að orðist þannig: »Við prófun kjörbrjefa og atkvgr. um hana samkv. 1. gr. hefur sjerhver þm. fullan þingmannsrjett, nema hann missi hann af öðrum ástæðum (sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar. En fresti þingið að taka kosningu gilda, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins. unz það mál er útkljáð og kosning hans viðurkennd gild«. En í frumv. því, er nú liggur fyrir, er þessi málsgrein orðuð þannig: »Meðan kosning þm. er eigi ályktuð ógild, heldur hann óskertum þingmannsrjetti, nema hann missi hann af öðrum ástæðum, sbr. 33. gr. stjórnarskrárinnar«. Þessa breytingu tel jeg nauðsynlega, því að það er engin meining í, að sá þm. taki þátt í störfum þingsins, sem enn eigi er ályktað um hvort rjettilega eigi sæti á þingi. Þessi breyt.till. mín er í samræmi við það, sem er annarsstaðar og jeg þekki fleira en eitt dæmi um þetta í Danmörku. Auðvitað hjeldu þessir þm., sem enn eigi er úrskurðað um hvort eigi löglegt sæti á alþingi, dagpeningum sínum, því að þeirra þarf eigi að vera sökin, og því órjettlátt, að þeir fengju eigi borgun fyrir ferðirnar og biðtíma. Þessi tími mundi varla verða langur, því að nefndin, sem skipuð

yrði í málið, mundi flýta sjer, eins og föng væru á.

Þá kem jeg að 3. breyt.till. við 29. gr., er hljóðar um þingsályktunartill. Eptir frumv. því, er hjer liggur fyrir, er gjört ráð fyrir, að till. þessar geti farið tvisvar gegn um aðra deildina, en eigi nema einu sinni gegn um hina. Við 2. umr. kom jeg því með breyt-till. um, að þessar tillögur gætu gengið tvisvar gegnum báðar deildirnar, en eptir nánari athugun við 2. umr. tók jeg hana aptur og legg nú til, að tillögur þessar fari eigi nema einu sinni gegn um hvora deild og svo til einnar umr. í sameinuðu þingi, og þá sje umr. um þær lokið. Mjer finnst þetta nægileg hringferð fyrir þingsályktunar-till., og vona, að þingd. taki þessu vel.

4. breyt.till., sem er við 42. gr. frv., er nokkuð svipuð þeirri, er kom fram við 2. umr. við sömu gr. Efni hennar er það, að neyða menn eigi til að greiða atkv., en þó fer jeg eigi fram á, eins og við 2. umr., að atkv. sje sleppt, heldur, að það teljist með meiri hluta, en þm. sje heimilt að láta bóka ástæður sínar, eins og nú er. Þetta getur engan glundroða gjört í atkvgr., því að fáist meiri hluti með gamla laginu, fæst það eins eptir breyt.till. minni, en sjeu jöfn atkv., er það fallið eigi að síður. Nú mætti segja, að leiðinlegt gæti verið að teljast með meiri hluta fyrir þm., en við því er sú bót, að hann láti bóka ástæður sínar. Jeg vona, að þessar breyt.till. mínar fái fylgi í háttv. deild, enda hef jeg haft ýmsa af háttv. deildarmönnum í ráðum með mjer.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er svo með þessar breyt.till., að jeg álít eina góða, aðra til bóta og tvær til skemmda. 1. breyt.till. er alveg ófær, því að ef hún kemst í gegn, þá geta allir þm. fundið upp á því að kæra kosningu hvers annars hvenær sem er, og meira að segja, meiri hlutinn á þingi gæti fundið upp á því að kæra allan minni hlutann og reka hann þannig brott af þingi. Þessi breyt.till. er því alveg óhæf og verður að falla, enda hygg jeg eigi þörf á breyt.till. í þessa átt, því að ef enginn úr kjördæminu kærir kosningu þm., þá held jeg eigi, að þingið eigi að gjöra það.

2. breyt.till. er til mikilla bóta, því að ef svo stórir gallar eru á kosningunni, að eigi sje hægt að úrskurða hana gilda strax, þá er engin meining í, að sá hinn sami þm. taki þátt í þingmannsstörfum. Annars er þingið svo frjálslynt með að taka gildar kosningar þm., að þessa mundi sjaldan þurfa við, og líklega mundi verða fylgt sömu reglu framvegis. Mjer vitanlega hefur það aldrei komið fyrir, nema við kosningu Mýramanna 1894, að kosningin hafi eigi verið tekin gild strax.

3. breyt.till. er mjer nærri sama um, en held, þó, að bezt væri að fella hana, hún er hvorki heil nje hálf. Ákvæði frumv. í þessu efni eru eigi heldur góð; jeg held, að bezt væri annað hvort að láta sama gilda um þessar þingsályktunartill. og frumv., eða hafa það eins og nú er.

4. breyt.till. sje jeg enga ástæðu til að gefa atkv. mitt. Hún bætir að mínu áliti ekkert, og mun jeg því greiða atkv. á móti henni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Viðvíkjandi 1. breyt.till. verð jeg að segja það, að jeg get eigi sjeð, að hætta sje á, að meiri hlutinn mundi nota þennan rjett sinn til þess, að koma minni hlutanum af þingi, enda gæti hann þá alveg eins gjört það strax, en hver einstakur getur það eigi, að eins meiri hluti þings. 3 málsgr. 4. gr. útilokar þetta líka, því að hún á að standa

óhöggguð. Annars er mjer svo sem eigi mikið kappsmál að koma þessari breyt.till. í gegn, en mjer finnst hún vera til bóta. Líklegt er, að alþingi mundi sjaldan nota þennan rjett sinn, eða kannske aldrei. 4. breyt. till. álít jeg að sje til mikilla bóta. Jeg kann ómögulega við það, að skylda menn til þess að greiða atkv., og þurfa að skjóta því undir dóm deildarinnar í hvert skipti, hvort ástæðan sje góð og gild. Ef þm. vilja eigi sjálfir greiða atkv., þá sje jeg enga sanngirni í því, að neyða þá til þess, enda er það bezt í samræmi við stjórnarskrána, að menn sjeu sjálfráðir, því hún kveður svo á, að þeir sjeu bundnir við sannfæringu sína, en hví á þá að neyða þá til að greiða atkv., ef það er sannfæring þeirra, að þeir beri eigi fullt skyn á málið.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg vil geta þess, að það er eigi alveg sama, hvort þm. geta fengið ástæður sínar teknar til greina eða eigi. Það er miklu ánægjulegra fyrir þá, sem hafa fulla ástæðu til að skorast undan að greiða atkv., að deildin taki ástæðurnar gildar. Þegar nú á að breyta þessu, þá verður að vera þörf á því, og annað betra koma í staðinn, en jeg sje eigi, að svo sje. Í það eina skipti, sem jeg man til, að jeg hafi færzt undan að greiða atkv., var afsökun mín tekin gild, og það þótti mjer miklu skemmtilegra.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.): Mjer fannst það eigi rjett röksemdaleiðsla hjá háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að 3. málsgr. 4. gr. útiloki það, að þm. kæri hver annan. Þetta er eigi rjett skilið, því að ef einhver þingmaður skyldi vilja ónýta kosningu annars, þá mundi hann ekki koma fram með það í kæruformi, heldur t. d. koma með þingsályktunartill. um, að sett yrði nefnd til þess að rannsaka kosninguna, en 3. málsgr. talar aðeins um kærur. Jeg veit ekki betur, en að hver þm. megi koma fram með till. til þingsályktunar um hvaða efni sem er, og það mundi eins geta orðið í þessu efni sem öðru. Auðvitað yrðu þesskonar till. í sjálfu sjer eigi annað en kærur, en þær yrðu eigi í kæruformi.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þskj. 596 við 4. gr. frumv. felld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr. og sögðu;

Já:	*Nei:*
Guðj. Guðlaugsson,	B. M. Ólsen,
Jóh. Jóhannesson,	Jón Ólafsson,
Sig. Jensson,	Ág. Flygenring,
Sig. Stefánsson,	Eiríkur Briem,
Valtýr Guðmundss.,	Gutt. Vigfússon,
Þorgr. Þórðarson.	Jón Jakobsson,
	Þórarinn Jónsson.

2, breyt.till. á þskj. 596 við 4. gr. frumv. samþ. með 12 : 1 atkv.

3. breyt.till. á þskj. 596 við 29. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. á þskj. 596 við 42. gr. frumv. felld með 7 : 4 atkv.

Frumv. í heild sinni samþ með 12 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 49. fundi Nd., þriðjudaginn 29. ágúst. kom frumv. til einnar umr. (A 612, 629).

Forseti leitaði samþ. deildarinnar og ráðherrans, um hvort, gjöra mætti afbrigði á þingsköpunum og leyfa, að frumv. til laga um þingsköp handa alþingi og frumv. til laga um málaflutningsmenn við landsyfirrjettinn mættu koma til umræðu á fundinum í dag, þó að sá lögboðni tími ekki væri liðinn frá því nefndarálitið kom út.

Þetta var síðan leyft með samþ. ráðherrans og deildarinnar.

Framsögumaður Magnús Andrjesson, (þm. Mýr.) Háttv. Ed. hefur gjört 3

breytingar við frumv., eins og það var samþ. hjer í deildinni.

Fyrsta breytingin er við 4. gr. Ed. hefur sett það ákvæði inn í greinina, að þingmenn megi ekki taka þátt í þingstörfum, meðan kosning þeirra er ekki úrskurðuð gild; hjer í deildinni var það samþ, þannig, að þingmaður mætti taka þátt í þingstörfum, meðan kosningin væri ekki gjörð ógild. Nefndinni finnst reyndar, að ákvæði Nd. sje hentugra eptir því, sem hjer hagar til, því að komið gæti það fyrir, að þingmaður yrði að bíða nokkuð lengi eptir úrskurði um kosning sína. Þetta ákvæði, sem Ed, hefur sett hjer inn í frumv., mun vera tekið eptir dönskum þingsköpum, og alþingi hefur jafnvel einhvern tíma haft þessa aðferð; þótt nefndin telji bana óhagkvæmari, en hið fyrra ákvæði frumv. um þetta, telur hún það þó ekki mjög miklu máli skipta.

Önnur breyting er við 29. gr, þess efnis, að þingsályktunartill., sem ekki hefur verið samþ. óbreytt í báðum deildum, skuli lögð fyrir sameinað þing. Nefndinni finnst þessi breyting ekki nauðsynleg, en lætur sig hana annars litlu skipta.

Þriðja breytingin er við 30. gr. þess efnis, að í sameinuðu þingi megi ekki koma fram með aðrar breyt.till. en þær, sem snerta þær breytingar, sem sú deild hefur gjört, er seinast hefur haft málið til meðferðar. Tilgangurinn með þessari breytingu er sjálfsagt sá, að varna því, að mjög margar breyt.till. komi í sameinað þing, og finnst nefndinni þessi breyting vera til bóta. Eptir öllum atvikum vill nefndin ráða háttv. deild til að samþ. frumv. Að öðru leyti leyfi jeg mjer að skírskota til nefndarálitsins.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg skrifaði undir þetta nefndarálit með fyrirvara vegna ákvæðisins í 4. gr., að enginn mætti taka þátt í þingstörfum, nema búið væri að lýsa kosningu hans gilda. Mjer finnst þetta ákvæði skemma frumv., það er óþægilegt fyrir þm., sem koma hingað, að mega ekki gjöra neitt, fyr en kosning þeirra er lýst gild. Kosningin situr kannske svo og svo lengi í nefnd, og svo eiga þeir á hættu að vera reknir heim aptur bótalaust. Jeg er mjög óánægður með þetta, og mundi hafa komið með breyt.till., ef ekki væri svo áliðið tímans. En af því að frumv. kemst ekki í gegn, nema það verði samþ. óbreytt, þá vil jeg þó leggja til að það verði gjört.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 21 atkv.

Afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

XVI. Bankavaxtabrjef Íslandsbanka.

Á 35. fundi Nd., laugardag 12. ágúst, kom frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabrjef, sem hljóða upp á handhafa (A. 343). til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Jónsson (þm. Seyðfjk.): Jeg þykist vita — og finn það líka á sjálfum mjer — að menn sjeu orðnir þreyttir og óski helzt, að umræðurnar sjeu ekki lengdar mjög,

enda skal jeg reyna að verða stuttorður. Þó get jeg ekki komizt hjá því, að benda á, hvers vegna þetta frumv. er fram komið, og skal jeg strax taka það fram, að það er flutt hjer vegna þess, að við teljum málið mikið nauðsynjamál.

Þegar við annars vegar lítum á ástandið hjer á landi og hinsvegar sjáum, að framfaralöngunin verður allt af meiri og meiri, þegar við alltaf sjáum ráðizt í fleira og fleira og jarðrækt, byggingar, iðnaður og útgjörð aukast ár frá ári, þá er það auðskilið, að til alls þessa þarf mikið fje.

En nú er svo háttað — eins og allir vita — að hjer er um næsta lítið fje að gjöra, svo engan veginn eru góð skilyrði fyrir því, að allt, sem í er ráðizt, geti vel þrifizt. Það hefur líka lengi legið í landi hjá oss, að þegar mikið hefur átt að framkvæma, þá hefur fjeð vantað til þess, og svo strandað á því.

En vegna þess, að svona er háttað, þá er nauðsyn á, að finna ráð til þess, að ná útlendu fje inn í landið, sem geti orðið framförum vorum og framkvæmdum að liði. Þetta vakti líka fyrir mönnum, þegar hlutafjelagsbankinn var stofnaður. Mönnum þótti Landsbankinn — og það ekki að ástæðulausu — alls ekki fullnægja fjeþörf landsins, og hugsuðu sjer þess vegna, að bæta úr skák með því, að stofna hlutafjelagsbankann. En Íslandsbanki rak sig fljótt á það, að fjeð, sem hann hafði handa á milli, var engan veginn nóg til þess, að fullnægja þörfinni.

Viðskiptum vorum er svo háttað, að við verðum mjög að vera upp á útlendinga komnir með marga hluti, og opt verða bæði einstakir kaupmenn og fjelög að lána hjá útlendum kaupmönnum, og það opt með miður góðum kjörum. En það er mjög óheppilegt, að vera erlendum mönnum háður á þennan hátt. Úr þessu átti Íslandsbanki að bæta með því, að útvega fje með betri kjörum, en áður var kostur á, og margir vonuðu, að nú mundi þetta lagast.

Það var því ekki að undra, þótt sú reynsla lýsti sjer brátt, eptir að Íslandsbanki var tekinn til starfa, að lán þau, er hann veitti, gengu mest til viðskipta Íslands við útlönd. Nú er mest allt stofnfje hans notað til þessara viðskipta, og auk þess skuldar bankinn all-mikið erlendis, og þessari þörf er þó langt frá fullnægt.

Það er viðurkennt gott og vanalegt, að útvega fje á þann hátt, að lánsstofnanir gefi út vaxtabrjef, sem svo ganga kaupum og sölum milli manna þeirra, er peninga eiga, utanlands eða innan, og eru brjefin ekki innleyst af útgefanda, fyr en eptir nokkuð langan ákveðinn tíma. Og þegar stjórn Íslandsbanka sá, hvað verða vildi, kom henni til hugar, að ráðlegt mundi, að Íslandsbanki og Landsbankinn stofnuðu sameiginlegan veðbanka, sem þeir ættu og ræktu í fjelagi.

Stjórn Íslandsbanka hugsaði sjer, að stofnaður yrði sjerstakur veðbanki, er gæfi út vaxtabrjef, að upphæð allt að 5 miljónum króna. Brjefin áttu að gefa $4^1/_2$% ársvexti, og vextir tryggðir af landssjóði. Landssjóður átti aptur að hafa trygging í verðbrjefum frá bönkunum báðum, en þeir einir áttu, að helmingi hvor, að geta fengið lán í veðbankanum, til útlána frá sjer gegn 5% vöxtum. Landssjóður átti að hafa hönd í bagga með stjórn veðbankans á þann hátt, að landsstjórnin skipaði forstöðumann bankans. Bankarnir skyldu svo láta fasteigna-veðskuldabrjef sín í veðbankann, jafn-óðum og þeir þyrftu. Þetta taldi ssjórn Íslands-

banka hentasta ráðið til þess, að draga útlent fje inn í landið, til langra lána með sem beztum kjörum. En stjórn Landsbankans leit öðrum augum á málið, og vildi ekki aðhyllast tillögurnar.

Nú hefur þó bankaráðið gefið bankastjórninni leyfi til, að láta bera þetta frumv. fram hjer, og við höfum ekki viljað skorast undan því, að koma því á framfæri.

Jeg gat þess áðan, að gæði lands og sjávar eru hjer enn lítt notuð, og að allt er hjer í byrjun; jeg efast ekki, að öllum háttv. þingdm. sje það ljóst, að til þess að hepta ekki byrjandi framfarir, er það nauðsynlegt, að útvega fje og láta menn hafa lán, löng lán.

Menn kunna að segja, að bankarnir gætu fengið lán í útlöndum; en það hjálpar ekki nema til hálfs. Það hefur marga annmarka. Þau lán gætu ekki orðið til óákveðins tíma, heldur yrði þeim kannske sagt upp, þegar minnst vonum varði, ef kringumstæðurnar breyttust; annað er það, að þau hlytu alltaf að vera háð rentubreytingum erlendis, hækkunum og lækkunum.

Mönnum finnst það nú máske óþarfi, að heimila Íslandsbanka að gefa út svona bankavaxtabrjef, þar sem Landsbankinn hefur heimild til þess að gefa út talsvert af slíkum brjefum, og nú á að auka þá heimild að miklum mun. En mjer finnst það auðsær hlutur, að eitt af aðalatriðunum sje, að þessi bankavaxtabrjef geti selzt sem bezt, og þá getur varla leikið nokkur vafi á því, að tveir bankar í sameiningu geta unnið betur að þessu en einn, og sömuleiðis, að tveir bankar, hvor í sínu lagi, eins og hjer er ætlazt til, gætu einnig gjört meira gagn í þá átt en einn, þótt samvinna milli bankanna beggja í þessu efni hefði verið æskilegri. Það selst meira af bankavaxtabrjefunum, og kemur meira af peningum inn í landið. Það er heldur ekki óliklegt, að Íslandsbanki sje betur settur í þessu efni en landsbankinn. Það eru fleiri menn erlendis »interesseraðir« í honum.

Það væri heldur ekki neitt eins dæmi, þó að þetta væri leyft hjer. Það gjöra margar ríkari þjóðir en við. Og jeg vil nefna eina þjóð, sem opt er minnzt á í samandi við okkur Íslendinga. Það eru Norðmenn. Þeir gjöra mjög mikið af þessu. Það eru lög þar, sem heimila *öllum* bönkum, sem hafa einnar miljónar kapital eða meira, að gefa út bankavaxtabrjef, og það svo rúmlega, að þeir hafa leyfi til að gefa út 10-falt við innstæðufjeð. Hjer er nú ekki farið fram á meir en tvöfallt. (*Tryggvi Gunnarsson:* Hvað heita þeir bankar?). *Allir* bankar í Noregi hafa þessa heimild. Jeg vek athygli á því, að þetta er gjört til þess að ná inn í landið útlendum peningum, og bankinn gjörir það á sinn kostnað og ábyrgð. Það er annars vonandi, að þess verði ekki langt að bíða, að stærri bæir og sveitarfjelög fari að gefa út handhafaskuldabrjef, sem gangi manna á milli, og mundi þá það, sem hjer er farið fram á, mjög greiða fyrir því, að Íslandsbanki gæti veitt aðstoð sína, bæði við sölu og kaup slíkra vaxtabrjefa, og vona jeg, að menn verði að játa, að það gæti haft mjög mikla þýðing til framkvæmda og framfara.

Jeg gjöri ráð fyrir, að menn muni segja, að þetta sje ekki gróðavænlegt fyrir bankann. En það, sem hjer er á að líta, er það, hvort það mundi verða landinu til gagns og viðreisnar. Og það held jeg, að það geti orðið, hvað sem gróða bankans sjálfs líður.

Jeg lofaði því í upphafi ræðu minnar, að tala ekki langt, og jeg ætla að efna

það. Jeg vona að eins. að þetta frv. fái hjer góðar viðtökur, og sjerstaklega að það verði ekki látið tefjast að óþörfu, því nú er farið að líða svo á tímann.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg álít að þetta sje svo þýðingarmikið mál, að það verði að setja í það nefnd, og vil jeg þegar það hefur gengið til 2. umr., leyfa mjer að stinga upp á, að því sje vísað til nefndarinnar í málinu um heimild fyrir Landsbankann til þess að gefa út nýjan flokk bankavaxtabrjefa.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg leyfi mjer að gjöra þá breyt.till. við þetta, að kosin sje sjerstök 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 23 atkv.

Tillaga um að vísa málinu til nefndar þeirrar, er hefur til íhugunar frumv. til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans, til að gefa út nýjan flokk (seríu) af bankavaxtabrjefum var felld, en samþ. að kjósa sjerstaka 3 manna nefnd í málið.

Kosningu hlutu:
Jón Jónsson með 13 atkv.,
Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.) og
Guðm. Björnsson með 11 atkv. hvor.

Formaður kosinn Stefán Stefánsson, skrifari Guðmundur Björnsson og framsm. Jón Jónsson.

A 28. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 343, 388).

Forseti hafði fengið svo hljóðandi brjef:

»Vjer undirskrifaðir alþingismenn leyfum oss hjer með að óska þess, að frumv. til laga um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabrjef, sem hljóða upp á handhafa, verði sett á dagsskrá til 2. umr. á morgun, miðvikudaginn 16. þ. m.

Neðri deild alþingis, 15. ágúst 1905. Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Guðmundur Björnsson, Jón Jónsson, Ólafur Ólafsson, Björn Bjarnarson, Einar Þórðarson, Guðlaugur Guðmundsson, Skúli Thoroddsen, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Ólafur Thorlacius, Pjetur Jónsson, Björn Kristjánsson.

Forseti bar undir deildina, hvort bæta skyldi málinu við á dagsskrá, og var það samþykkt, og málið tekið samstundis til meðferðar.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu; það er óþarfi, því það eru engar breyt.till. komnar, nema frá nefndinni.

Jeg gat þess við 1. umr., að þetta frumv. er að mestu sniðið eptir norskum lögum; aðalmunurinn er sá, að norsku lögin eru almenn, og gefa öllum bönkum rjett til þess að gefa út bankavaxtabrjef, ef þeir hafa meira en einnar miljónar »kapital«. Það er langt síðan svona lög voru sett í Noregi. Það var fyrst 1851, og þau lög voru síðan endurskoðuð 1857. En 1897 voru gefin þessi almennu lög, sem grípa yfir alla banka og hlutafjelög yfir höfuð, svo framarlega sem »aktíukapitalið« er meira en 1 miljón. 1901 voru lögin endurbætt þannig, að þau voru gjörð enn þá fjálsari; jeg bendi á þetta í því skyni, að sýna fram á, að þetta er ekkert alveg nýtt eða sjerlega ísjárvert.

1. gr. held jeg að jeg þurfi ekki neitt að minnast á. Við hana er engin breyt.till. Við 2. gr. er heldur engin breyt.til. Hún takmarkar upphæðina þannig, að hún ekki má vera meiri en tvöföld upphæð hlutafjárins. Í Noregi má upphæðin vera 10 sinnum stærri en hlutafjeð. Jeg bendi á þetta jafnframt til þess að sýna, hvað

takmörkin eru hjer þröng. En bankastjórnin hefur ekki farið fram á rýmri rjett.

Eins og jeg gat um, er tilgangurinn með þessu lagafrumv. sá, að útvega fje til láns, með löngum borgunarfresti og vægri rentu. Hjer er farið fram á, að þau megi ekki verða eldri en 45 ára (í Noregi 40 ára).

Við 3. gr. hefur nefndin stungið upp á breytingu. Eins og hún er orðuð, á að vera jafn mikið í 1. og 2. flokki. En nefndin vill, að þetta sje alveg frjálst, hve mikið er í hverjum flokki; þá getur bankastjórnin hagað því eins og hún vill, eptir því hvor flokkurinn selst betur. Þessi ákvæði um vextina eru í sjálfu sjer töluverð takmörkun; í Noregi er engin slík takmörkun á þessu.

Við 4. gr. hefur nefndin stungið upp á orðabreytingu; í stað »skuldabrjéf kaupstaða« komi: »vaxtabrjef kaupstaða«. Jeg vil geta þess, að þessi orð koma tvisvar fyrir í greininni, og ætlast nefndin til að breyt.till. eigi við báða staðina.

Önnur orðabreyting við sömu gr. er, að í stað »skemmri tíma en 40 árum« komi: »lengri tíma en 40 árum«; nefndin hefur skoðað þetta sem prentvillu.

Nefndin gjörði ekki ráð fyrir, að tekin væru fasteignalán út á torfhús. Það eru ekki líkur til, að það verði að meini, að þetta falli burt, þar sem þau eru nú fá orðin hjer á landi.

Jeg skal nú benda á ákvæði í norskum lögum, hvaða trygging sje sett fyrir vaxtabrjefum þar. Til tryggingar vaxtabrjefunum þar er svo ákveðið, að sett sje veðskuldabrjef og vaxtabrjef bæja og sveitarfjelaga eins og hjer. En þar er í ýmsum tilfellum heimilað, að hafa til þess veðskuldabrjef gegn öðrum veðrjetti, og sömuleiðis veðskuldabrjef, þar sem skip eru sett að veði. Hjer er ekki farið fram á neitt þvílíkt. Vjer höfum tekið þann kostinn, að hafa skilyrðin nokkuð þröng og að fara svo varlega, að girt yrði fyrir það, að landinu eða Íslandsbanka væri nokkur voði búinn. Hjer er enn fremur sett það skilyrði, að íslenzk veðskuldabrjef og önnur brjef, sem sett eru til tryggingar, verði að gefa $4^1/_2\%$ í vexti að minnsta kosti. Það tryggingarákvæði er ekki í norskum lögum.

Yfir höfuð virðist svo sem Norðmönnum sýnist nægilegt, að ætla á hyggindi stjórnenda þessara stofnana um, hvað stofnununum er fyrir bestu, og að rjett sje og hættulaust, að hepta sem minnst framkvæmdir þeirra og starfsemi.

5. gr. þarf jeg ekki að fjölyrða um. Það er að eins forrjettur þeirra manna, sem hafa látið nafnskrá vaxtabrjef sín í bókum bankans.

Í 6. gr. er trygging fyrir, að sjerstök reikningsfærsla sje höfð um þessi brjef o. s. frv., og svo að sjálfsögðu ákvæði um, að allt fari fram samkvæmt reglugjörð.

Það, sem sjerstaklega er eptirtektavert um þetta frumv., er, að hjer er farið að öllu varlega, og töluvert meiri takmörk sett, en jeg fyrir mitt leyti tel nauðsynleg. Peningaverzlun hefur verið lítil hjer, og lítt þekkt, og er því eðlilegt og rjett, að hægt sje af stað farið. En óþörf takmörk geta haft heptandi áhrif og spillt fyrir því, að þessar peningastofnanir komi að fullum notum. Þessa þarf annarsvegar vel að gæta.

Jeg verð að telja þetta spor í áttina til að liðka peningaviðskipti hjer á landi, spor í rjetta átt. Hjer er öll atvinna í órækt, og margt ógjört. Mjer finnst spurningin hjer vera sú, hvort vjer eigum að styðja óskir manna og við-

leitni til að efla hinn »ökónómiska« hag landsins, eða hvort vjer eigum að leggja margskonar höpt á þessa viðleitni, og stýfa þannig vonarvængi hinnar ungu upprennandi íslenzku kynslóðar. Jeg er í engum vafa fyrir mitt leyti um það, hvernig þeirri spurning ber að svara. Hjer er gætt allrar nauðsynlegrar varúðar og jafnvel talsvert meira að ætlun minni.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg vil ekki láta þetta mál ganga gegn um deildina svo, að jeg segi ekki nokkur orð, og vil jeg þá geta þess, að mjer þykir leiðinlegt, að sjá sum nöfnin, sem standa yfir þessu frumv. Mjer finnst þetta frumv. bera einkenni valtýska flokksins gamla, þeirra manna, sem allt af vilja reyna að rýra álit og framför landsbankans. Jeg man svo langt, að þegar búið var að afsala landinu rjetti til að gefa út seðla í 30 ár, þá söknuðu margir þess, að svo fór. En engum datt þá í hug, að á næstu árum kæmu frumv. inn á þingið, sem færu fram á töluverða ívilnun til þessarar nýju, útlendu stofnunar. Það hefði þó miklu fremur átt að hlynna að landsins eigin eign, landsbankanum. Það klingdi alltaf, þegar ritsímamálið var til umr. um daginn, að það væri hapt á sjálfstæði þjóðarinnar, að bindast útlendu peningavaldi, en þessi hlutabankastofnun er einmitt eign útlendra auðmanna og útlenzks peningavalds.

Því hefur verið haldið fram, að landsbankinn ætti erfitt með að koma út sínum bankavaxtabrjefum og að það væri eðlilegt, því bankinn hefði ekki svo gott samband við útlönd, og þess vegna væri nauðsynlegt, að báðir bankarnir hefðu bankavaxtabrjef til sölu. En það er öllum vitanlegt, að landsbankinn hefur sín viðskipti við Landmandsbankann í Kaupmannahöfn, og flestum er kunnugt, að bankastjóri Glückstadt stjórnar þeim banka, og er talinn færasti og duglegasti bankastjóri í Danmörku síðan Tietgen dó. En auðvitað eru umboðsmennirnir ekki höfuðatriðið, heldur hve trygging brjefanna er góð og hvernig söluskilmálarnir eru. Það er að nokkru leyti bankastjórninni, eða mjer að kenna, að ekki hefur selzt meira af brjefunum, því að jeg hef ekki viljað selja þau undir ákvæðisverði. En hefði jeg viljað selja þau fyrir 95 eða 96%, þá væru þau eflaust öll seld nú. Bankinn hefði ekki skaðazt á því, þó brjefin hefðu verið seld fyrir 95%, heldur lántakendur veðdeildarinnar; þeir verða að taka lánið út í bankavaxtabrjefum, og bankinn hefði þá ekki gefið þeim meira en 95 kr. fyrir hvert 100 kr. brjef, eða ekki svarað út meiru en 950 kr. fyrir hvert 1000 kr. veðdeildarlán.

Bankastjórnin hefur því gjört það til hagnaðar fyrir lántakendur að halda brjefunum í ákvæðisverði, og að nokkru leyti er það sómi fyrir landið, að innlend verðbrjef sjeu í hærra verði en útlend verðbrjef á líku reki.

Árið 1899 og 1901 var lágt verð utanlands á útlendum veðdeildarbrjefum; þá voru þau seld sum fyrir 85—86%. Jeg þekki einn mann, sem tók þá 100 þúsund kr. lán út á húseign sína í veðdeild í Kaupmannahöfn, en fjekk ekki útborgað nema 86 þúsund kr.; þó varð hann að skrifa undir 100 þúsund króna skuldabrjef.

Líkum kjörum hefðu nú lántakendur í vorri innlendu veðdeild orðið að sæta, hefði Ísafold og hennar kumpanum tekizt það, sem hún nýlega barðist fyrir heilan vetur, að setja niður bankavaxtabrjef landsbankans í 88%, en þetta var, eins og annað hjá því blaði, ósatt; ekkert bankavaxtabrjef, af yfir 1 miljón kr., hefur verið selt hjer á landi undir ákvæðisverði og

ekkert brjef hefur verið selt erlendis undir 99%. En nú er jeg hræddur um, að þessi nýju brjef, sem ekki hafa meiri trygging bak við en þetta frumv. ákveður, geti ekki haldizt í ákvæðisverði. Þetta verður því líkt og jeg hef nú sagt, tap fyrir lántakendur *(Jón Jónson:* Nei, fyrir bankann). Já, jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að bankinn kaupi brjefin fyrir 100 kr., ef þau seljast utan lands og innan fyrir ekki meira en t. d. 90%; bankinn getur ekki látið meira fje fyrir hvert brjef til lántakenda, en hægt er að fá fyrir það. En jeg vil samt ekki þrátta neitt um það, hvort brjefin seljast með fullu verði eða ekki, það verður reynslan að sýna. Eitt af því, sem mjer finnst mæla á móti þessu frumv., er það, að þegar að eins eitt ár er liðið frá byrjun blutabankans. kemur fram mikilvæg breyting og ívilnun á starfsviði hans, en jeg vonaði. að báðir bankarnir væru látnir reyna sig nokkur ár á þeim grundvelli, sem þeir nú hafa. Jeg get nú ekki skilið, að fleiri peningar færist inn í landið fyrir það, þó tveir bankar fremur en einn hafi bankavaxtabrjef á boðstólum. Það virðist ekki ósanngjarnt, að þegar annar þeirra hefur fengið einkarjett fyrir seðlaútgáfu, þá hafi hinn fasteignarlánin einn. Svo mikið er víst, að þetta frumv. er mikið ógagn fyrir landsbankann, sem mjer þó finnst að þingmenn eigi að styðja, þar sem hann einn er landsins eign.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm, Sfjk.). Jeg vil leyfa mjer aðsvara lítillega háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.), til að leiðrjetta þann misskilning hjá honum, að lánin verði borguð með vaxtabrjefum, og að lántakendur verði að taka vaxtabrjefin sjálf í stað peninga.

Bankinn selur brjefin eða liggur með þau, en hver einstaklingur fær fulla þá upphæð í peningum, er bankinn í hvert skipti lánar. Bankinn sjálfur og enginn annar ber ábyrgð á sölunni; það verður hans skaði, ef brjefin seljast illa eða ekki. Um nokkra áhættu eða tap fyrir lántakendnr verður ekki að tala.

Jeg þyrfti líka að athuga ofurlítið fleira í ræðu háttv. þm. (Tr. G.). Hann kom tvisvar að því í ræðu sinni, að merkiegt væri, að strax skyldi eiga að fara að veita þessum útlenda banka, sem hann kallaði svo, ívilnun og aukin hlunnindi.

En hjer er ekki um neina ívilnun að ræða, heldur að eins að leysa þau bönd af bankanum, sem varna honum að ná tilgangi sínum. Það er að eins farið fram á, að bankanum sje gjört hægra með að gjöra gagn. Hjer getur ekki verið um verulegt gróðafyrirtæki að ræða fyrir bankann, því eins og háttv. þm. (Tr. G.) tók fram, eru litlar líkur til, að mikil eptirsókn verði eptir brjefunum, og má gjöra ráð fyrir, að bankinn verði að selja þau eitthvað undir »Pari«.

Um eitt atriði í þessu máli erum við alveg á gagnstæðri skoðun. Háttv. þm. (Tr, G.) álítur rjettast og heppilegast, að halda bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar í fullu verði. Afleiðingin af því, að það hefur verið gjört, er sú, að mörg af þeim eru óseld enn og arðlaus. Hefðu þau verið boðin fyrir t. d. 96%, og það tel jeg, að hefði verið skaðlaust fyrir landsbankann, þá hefðu þau vafalaust flogið út, og það var einmitt aðaltilgangur veðdeildarinnar að draga starfsfje inn í landið, með því að selja þessi brjef erlendis; sami tilgangur og liggur til grundvallar fyrir þessu frumv. Í stað þess að gjöra þetta, og gjöra með því framfarafyrirtækjum landsins mögulegt, að myndast og þroskast, er brjefunum

haldið í svo háu verði, að þau seljast ekki, og aðaltilgangur veðdeildarinnar næst ekki. Stjórn landsbankans hefur ekki gjört skyldu sína í þessu efni.

Ef tími væri til, gæti jeg vel sýnt reikningslega fram á það, að þó bankavaxtabrjef veðdeildarinnar hefðu verið seld fyrir 97 eða jafnvel 96%, þá hefði það verið óhætt. Þess vegna hefði átt að selja þau viðstöðulaust, svo fljótt sem hægt var. En vegna þess, að þetta var ekki gjört, varð peningaþröngin meiri, og landsbankinn fullnægði þörfinni mikið ver, en hann þó hefði getað. Hv. bankastjórn hefur ekki haft glöggt eða rjett auga fyrir því, hvað það þýðir að hafa nóg fje í veltu, og að landsbankann vantaði fje, svo hann gat ekki veitt það, sem þurfti.

Það, sem víst er, er það, að okkur vantar fje, og það er nauðsyn á að bæta úr því. Mjer dettur ekki í hug, að með þessu verði þörfinni fullnægt, og jeg er jafnfús á að styðja landsbankann á allan eðlilegan og heiðarlegan hátt eins fyrir þessu. Hjer er ekki að tala um neina ívilnun, en það er skylda þingsins, að styðja báðar þessar stofnanir eins mikið og í þess valdi stendur, svo þær geti fullnægt þeim kröfum, sem með sanngirni og af nauðsyn verða gjörðar til þeirra; svo þær geti sem bezt náð tilgangi sínum.

Jeg er sannfærður um, að háttv. þm. (Tr. G.) er mjer samdóma um það í hjarta sínu, að það þurfi að fullnægja peningaþörf landsins, en hann álítur þetta kannske ekki heppilegasta veginn til þess. En við nánari athugun og yfirvegun vona jeg að hann komist að svipaðri niðurstöðu og við hinir, sem höldum þessu frumv. fram.

Jeg efast ekki um, að Reykjavík verði að taka það ráð innan skamms, að gefa út vaxtabrjef, sem hún svo selur fyrir peninga, þegar hún fer að koma á hjá sjer vatnsleiðslu, raflýsingu, hafnargjörð og öðrum stærri verklegum framkvæmdum. Og öll önnur stærri bæjarfjelög og sýslufjelög munu einnig nota þetta ráð, þegar til alvörunnar kemur með stórar og nauðsynlegar framkvæmdir á þessu landi. Það gleður mig að hugsa til þess, að þetta komi fram.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 15 atkv.

2. gr. samþ. með 14 atkv.

1. breyt.till. við 3. gr. á þgskj. 388 samþ. með 14 atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 14 atkv.

2. breyt.till. við 4. gr. á þgskj. 388 samþ. með 15 atkv.

3. breyt.till. við 4. gr. á þgskj. 388 samþ. með 15 atkv.

4. breyt.till. við 4. gr. á þgskj. 388 samþ. með 13 atkv.

4. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 14 atkv.

5. gr. samþ. með 14 atkv.

6. gr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 40. fundi Nd., laugardag 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 437, 450, 467, 485).

Samþ., að breyt.till. á þskj. 485, sem borin var út á fundinum, megi koma til umræðu og atkvgr.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg skal ekki þreyta menn á langri ræðu á þessu stigi málsins, og ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að breyt.till. þeim, sem fram eru komnar. Breyt.till. þeirri, sem nefndin hefur komið með á þgskj. 450, vænti jeg, að ekki þurfi að mæla mikið með,

þar sem hún fer fram á, að gjörðar verði frekari tilhaganir um eptirlit með, að lögunum sje fylgt. Þá er líka komin fram breyt.till. frá háttv. þm. Snæf. o. fl. á þgskj. 467. Sú breyt.till. fer fram á, að auk þeirrar tryggingar, sem áskilin er í frumv., sje Íslandsbanka gjört að skyldu, að setja sjerstakt veð fyrir þessum bankavaxtabrjefum. Jeg finn ekki ástæðu til að mæla mikið á móti þessari breyt.till., því þau skilyrði, sem þar eru sett, eru eigi svo ströng, að þau verði bankanum að miklu meini. En fyrir mitt leyti er jeg nú á því, að það sje engin þörf á þessu, og mjer er yfir höfuð að tala óljúft að vera með tillögum, sem leggja höpt á starf banka vorra og peningastofnana. Jeg sje heldur ekki, að breyt.till. sje nauðsynleg, af því jeg álít trygging þá, sem í frumv. stendur, nægilega. Jeg hef því leyft mjer, að koma fram með breyt.till. á þgskj. 485, sem nú er ný útbýtt, og fer fram á að nema burt það ákvæði, að helmingur verðsins sje í dönskum ríkisskuldabrjefum, og vænti að háttv. þingd. samþykki það.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Af því mál þetta er mjög mikilsvert, þar sem hjer er að ræða um 4 miljóna aukningu á starfsfje Íslandsbanka, og af því höfð hefur verið töluverð fljótaskript á frumv. hjer í deildinni, þar sem það hefur ekki verið nema örstutta stund, jeg held eina nótt, í nefnd, og ekki sátu aðrir í nefndinni en flutnm. frumv., þá leyfi jeg mjer nú við 3. umr. að fara um það nokkrum orðum.

Lítum þá fyrst á nefndarálitið. Jeg get ekki betur sjeð, en að nefndin hafi gjört of mikið úr peningaþörf landsins. Það er að vísu satt, að verzlun landsins hefur aukizt stórum á síðustu áratugum, en það er ekki rjettmætt, að draga þar af þá ályktun, að veltufje bankanna *þurfi* að vera jafnmikið og verzlunarveltan.

Þá finnst mjer líka nefndin gjöra nokkuð mikið úr fasteignum landsins, jörðum og húsum. Húseignirnar voru 1901 um 8 miljónir kr. virði, en nú hefur nefndin virt þær á 15 miljónir. Jeg hygg, að þar sje allt of mikið í lagt, og væri líklega meira en nóg að meta þær á, sem svarar 12 milj. kr. Þá hefur nefndin og eptir því, sem hún sjálf segir, af því hún getur ekki fellt sig við þá skoðun, að allar bújarðir á Íslandi, landið allt, sje minna virði en kaupstaðirnir einir, líka metið jarðirnar á 15 miljónir kr., en eptir því, sem mjer virðist, er þetta allt of hátt, og skal jeg koma seinna að því.

Hinsvegar gjörir nefndin fremur lítið úr veðdeild landsbankans, álítur hana ekki annað en örlítið spor í áttina til þess að fullnægja þörf manna á löngum lánum. Mjer dettur nú ekki í hug að halda það heldur, að veðdeildin nægi þörf manna í því efni til fulls, en nú er stigið dálaglegt spor í áttina til þess að bæta úr þörfinni, þar sem nú hefur verið samþykkt að auka starfsfje veðdeildarinnar um 3 miljónir, enda hefur mjer líka verið sagt, að það hafi ekki komið fyrir, að mönnum, sem hafa haft sæmilegt veð í höndum, hafi verið synjað um fasteignarlán.

Svo skal jeg víkja að frumv. sjálfu. Íslandsbanki er, eins og menn vita, privatmanna eign. Hlutafjeð er undir yfirráðum eigendanna innan takmarka laganna frá 7. júní 1902 og reglugjörðar bankans. Hlutafjeð, sem setja á til tryggingar fyrir bankavaxtabrjefunum, er samkvæmt 4. gr. laganna til tryggingar fyrir öllum kröfum á hendur bankanum. Og sýnist því ekki verða lögð meiri ábyrgð á hlutafjeð, en á því

hvílir nú, án samþykkis hlutaeigendanna. Að vísu má segja, að þetta sjeu að eins heimildarlög, en jeg skil frumv. svo, sem það heimti ekki samþykki hluthafa til útgáfu bankavaxtabrjefanna, heldur að eins samþykki bankastjórnarinnar, og jeg held, að bankastjórnin hafi ekkert umboð frá hluthöfum til slíks.

Jeg veit heldur ekki betur, en að það sje algild regla, að bankar, sem gefa út *innleysanlega* seðla, veiti ekki fasteignarlán, svo nokkru nemi. Seðlabankar verða alltaf að vera við því búnir að þurfa að innleysa mikið af seðlum sínum, og verða því að gæta þess, að binda ekki fje sitt með löngum lánum. Þeir verða að geta kallað það inn sem fyrst. Svona var þetta skilið af fulltrúaráðinu og bankastjórninni 1904; því var bankanum ekki ætlað að lána út á fasteignir, og svona er það skilið allstaðar annarsstaðar. Eptir skýrslum frá árinu 1902 hefur ríkisbanki Svía ekki lánað 1 eyri út á fasteignir af 221 milj. kr. Þjóðbankinn í Danmörku átti þá 2,9 milj. í fasteignalánum af 153 milj. og þau lán voru öll frá eldri tímum. Noregs banki hefur lánað einna mest; hann hefur lánað 4 milj. út á fasteignir af 112 miljónum, en kvað nú ekki lána út á fasteignir til lengri tíma en $^1/_2$ árs.

Þetta þykir allstaðar sjálfsögð regla, og mjer finnst það töluvert athugavert að fara að víkja frá henni hjer, enda kemur það ekki vel heim við 13. gr. reglugjörðarinnar, því jeg skil þá gr. svo, að það sje ekki ætlað bankanum að lána út á fasteignir.

Eins og jeg þegar hef tekið fram, er hlutafjeð að veði fyrir skuldum bankans, og skuldir hans eru eðlilega ekki svo litlar. Samkvæmt reikningi $^{30}/_6$ 1905 voru 520 þús. kr. úti í seðlum, innlánsfjeð var 305 þús., vextir 132 þús., erlendir bankar áttu hjá honum 68 þús., og ýmsir aðrir »kreditorar« 318 þús. Þetta eru samtals 1,343 þús., og þessa upphæð á hlutafjeð sjerstaklega að tryggja, en ef nú á að bæta 1 miljónum við þetta, þá rýrnar auðsjáanlega tryggingin fyrir *núverandi* skuldum bankans, og jafnframt verður tryggingin fyrir bankavaxtabrjefunum *mjög svo lítil*. Að vísu gjörir frumv. og nefndarálitið ráð fyrir þrenns konar tryggingu, hlutafje, skuldabrjefum og varasjóði, en í rauninni er tryggingin að eins ein, sem sje skuldabrjefin. Bankinn á engan varasjóð, og hlutafjeð er lánað út. Hinsvegar er miklu meiri trygging heimtuð af veðdeild Landsbankans, og þó hvíla ekki aðrar skuldir á henni, en bankavaxtabrjefin. Hún verður að setja til tryggingar sínum bankavaxtabrjefum $^1/_6$ hluta brjefaupphæðarinnar í kgl. ríkisskuldabrjefum, varasjóð sinn, sem nú er kringum 34 þús. kr., og svo eðlilega öll veðskuldabrjef sín og aðrar eignir, svo sem innstæðu sína hjá landsbankanum. Og sje trygging sú, sem nú er heimtuð af Íslandsbanka fyrir nýju bankavaxtabrjefunum hans, borin saman við tryggingu þá, sem hann setur fyrir bankavaxtabrjefunum, sem hann hefur gefið út eða mátti gefa út á móts við þá hlutaupphæð, sem Íslendingar keyptu út á fasteignir sínar, verður munurinn ekki minni. Fyrst og fremst mátti upphæð skuldabrjefsins ekki fara fram úr 20% af virðingarverði fasteignarinnar og svo var askilin ábyrgð landssjóðs fyrir vöxtunum.

Tryggingin fyrir nýju bankavaxtabrjefunum verður því lítil, en af því hlýtur aptur að leiða, að þau hljóta að seljast illa eða að minnsta kosti miklu lakara, en bankavaxtabrjef veðdeildarinnar, sem eru miklu betur tryggð,

Jeg skal engu spá um, hve illa þau muni seljast. Jeg ætla að gióra ráð fyrir, að þau seljist fyrir 90% og setja, að bankinn kæmi út 2 milljónum kr. Eptir því ætti hann að borga 4½% vexti af 2 miljónum króna, eða 90 þúsund kr. í vexti, en fengi ekki nema 1,800 þúsund krónur fyrir þau og tapaði þannig 4½% af 200 þúsund krónur eða 9 þúsund krónur auk útgáfukostnaðar og stjórnarkostnaðar.

En þó bankanum verði veitt þessi heimild, þá mun það samt sannast, að peningamagn hans eykst ekki eins og af er látið. Í bráðina hlýtur lítið að seljast af brjefunum, bæði af því að tryggingin er hvorki mikil nje góð, og hann getur ekki aukið tryggínguna neitt verulega *nema með því að breyta lánum sínum í fasteignarlán* að miklum mun, sjerstaklega vixil-, og ábyrgðarlánum. En með því móti tekur hann frá einni lánsþörf til annarar; hann tekur þau lán, sem ættu að veitast til verzlunar og iðnaðar og veitir þau bændunum gegn veði í fasteignum. Útlánsfje hans vex ekki við það. En nú ber þess að gæta, að þó að aukning yrði nokkur smátt og smátt á starfsfje bankans, þá efast jeg um, að hann gæti komið aukningunni út í fasteignarlán. Í landinu eru alls 86,365 jarðarhundruð; þar af eru umboðsjarðir 7,762 hundruð og kirkjujarðir voru árið 1861, 15,309 hundruð, en síðan hafa nokkrar kirkjujarðir verið seldar, svo að ætla má, að þær nú nemi 13 þúsund jarðarhundruðum. Þegar umboðsjarðir og kirkjujarðir dragast frá má ætla, að jarðir einstakra manna nemi 66 þúsund jarðarhundruðum. Ef hvert jarðarhundrað er metið á 100 kr„ þá er verð allra jarðanna 6 miljónir og 600 þúsund krónur. En nú þurfa ekki allir jarðeigendur landsins að taka lán. Gjöri maður ráð fyrir, að helmingur þeirra þurfi ekki að lána, og að sá helmingur eigi helming jarðarhundraða í landinu, þá væru ekki eptir nema 3 miljónir og 300 þúsund krónur til að lána út á; en nú fæst ekki meira lán en helmingi jarðarverðsins nemur, og því ekki hægt að lána meira en 1 miljón og 650 þúsund krónur, en þar af hefur veðdeild og landsbanki þegar lánað 852 þúsund krónur og í Íslandsbanka kring um 300 þúsund krónur; en þá er ekki eptir nema ½ miljón, sem lána þyrfti.

Nefndin hefur áætlað, að hús í kaupstöðum mundu að virðingarverði nema 15 miljónum króna, en það þykir mjer allt of hátt, jeg gizka á 10—12 miljónir, en ætla þó að ganga út frá hærri upphæðinni, 12 miljónum króna. En hjer verður aptur að gá að því, að svo er fyrir þakkandi, að allir húseigendur þurfa ekki að taka lán. Jeg vil setja, að eigendur þurfi að lána út á ¾ hluta af virðingarverði húseigna eða út á 9 miljónir króna. Og svo verður að gæta þess, að ekki má eða er að jafnaði lánað út á meira en ⅖ hluta hússverðsins; í Noregi er enda lánað minna í öllum smábæjum, utan Kristjaníu. Eptir því yrði þá ekki lánað út á húsin meira en 3 miljónir og 600 þúsundir króna. En nú hefur landsbankinn og veðdeildin lánað út 1 miljón og 700 þúsund króna, þá eru eptir 1 miljón og 900 þúsundir króna sem lána þyrfti í viðbót út á hús. En ef veðdeildin verður aukin, eins og til stendur um 2—3 miljónir, má gjöra ráð fyrir, að 1—2 miljónir verði lánaðar af nýju seríunni, og væri þá ekki mikið eptir handa Íslandsbanka til að lána út.

Af þessum reikningi má sjá, að peningamagnið eykst ekki að miklum mun.

Og meiri hlutinn, er fengist af peningum með þessu móti, gengi til að borga með veðdeildarlán. Íslandsbanki má eptir frumv. lána það, semhann fær fyrir bankavaxtabrjefin, fyrir $4^1/_2$%, en veðdeildin tekur 5%. Því mundu margir snúa veðdeildarlánunum í Íslandsbankalán, og þá yrði aukningin af peningaveltunni í landinu ekki eins mikil og til var ætlazt.

Það er líka dálitið epirtektavert við þetta frnmv., að það er farið fram á, að leyfið verði veitt til lengri tíma, en seðlaútgáfurjetturinn nær yfir. Þetta leyfi á að standa í 40 ár, en Íslandsbanki hefur ekki seðlaútgáfurjett lengur en í rúm 28 ár frá þessum tíma.

En höfuðatriðið fyrir mjer í þessu máli er það, að Íslandsbanka er stofnað í nokkra hættu með þessu; hann býður nokkurn beinan skaða; traustið á seðlum hans rýrnar og »kredit« landsins líður með því beint og óbeint tjón. Hagur bankanna á að vera hagur þjóðanna, og þó að þessi banki sje að mestu »privat« stofnun, þá er hann þó líka »officiös«, þar sem ráðherra Íslands og 3 þingfulltrúar sitja í yfirstjórn hans.

Bankarnir eiga hvor um sig að hafa sinn verkahring. Íslandsbanki, sem hefur innleysanlega seðla, á að lána stutt lán til verzlunar og iðnaðar og ýmissa fyrirtækja, en Landsbankinn og veðdeild hans á að lána lengri lán gegn veði í fasteignum.

Íslandsbanki á töluvert á hættu, að hann verði »insolvent«. Mjer hefur verið sagt af mönnum, sem þekkja til, að Landsbankinn hafi ekki alls fyrir löngu heimtað, að Íslandsbanki borgaði upp 400 þús. kr. á nokkrum mánuðum. Nú hefur bankinn úti um 500 þús. kr. í seðlum, en þarf ekki að hafa meira í mynt en 125 þús. Kæmi líkt aptur fyrir, gæti Íslandsbanki, ef til vill, ekki leyst svo mikið til sín af seðlum gegn mynt, og þá gæti farið illa.

Annars get jeg ekki sjeð, að þessu máli liggi á. Veðdeildin hrekkur að öllum líkindum til til 1907. En ef málinu liggur svo mikið á, er rjett að bæta tryggínguna, svo að brjefin gangi betur út. Breyt.till. *mín* á þgskj. 467 fer í þessa átt. Hún fer fram á, að tryggingin verði sem líkust trygging þeirri, sem veðdeildin verður að hafa. Veðdeildin á að hafa $^1/_6$ fyrirliggjandi í ríkisskuldabrjefum, án tillits til þess, hve mikið af bankavaxtabrjefum eru í veltu, en hjer er að eins farið fram á, að tryggingarfjeð nemi $^1/_6$ hluta af því, sem úti er í hvert skipti. Þá hef jeg einnig lagt til, að tryggingarfjeð skuli vera að helmingi í dönskum ríkisskuldabrjefum, en að helmingi í bankavaxtabrjefum veðdeildar Landsbankans af 1. flokki, eða öðrum jafnöruggum verðbrjefum, og þannig aptur gefið Íslandsbanka betri kosti, því að eins og menn vita gefa ríkisskuldarbrjefin ekki nema $3^1/_2$% í vexti, en bankavaxtabrjefin $4^1/_2$%.

Jeg vona, að háttv. þingdeildarm. taki vel í þessa tillögu mína; háttv. framsm. (J. J.) sagði, að hann hefði ekki neitt verulegt á móti henni og jeg vona, að sú yfirlýsing hans bæti fyrir. Mjer væri kærast, ef breyt.till. á þgskj. 485 frá háttv. framsm. (J. J.) ekki væri samþykkt, því að hún dregur að mínu áliti úr tryggingunni. En jeg vildi samt vinna það til, að ganga að breyt.till. hans, heldur en að eiga það á hættu, að frumv. verði samþykkt eins og það er nú. Það yrði verst fyrir bankann sjálfan.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk):

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hefur gjört allmargar athugasemdir við þetta frumv., og vil jeg leyfa mjer að fara um þær fáeinum orðum.

Aðallega hafði háttv. þm. tvennt út á frumv. að setja. Fyrst og fremst áleit hann peningaþörfina minni, en orð hefur verið á gjört, og í öðru lagi álítur hann, að hætta stafi af frumv. fyrir Íslandsbanka, breytingin verði ekki að tilætluðum notum, og brjefin muni ekki seljast með nógu háu verði.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu, að peningaþörfin sje minni, en haldið hefur verið fram, þá hefur háttv. þm. (L. H. B.) annaðhvort ekki munað rjett eða skilið rjett það, sem nefndin tók fram í áliti sínu um þetta atriði. Nefndin hefur *ekki* haldið því fram, að bankinn ætti að hafa *jafn* mikið fje í veltu og nemur allri verzlunarupphæð landsins, en hún hefur aðeins leyft sjer að segja, að veltufje bankanna væri ekki nándar nærri nóg til að fullnægja þessari þörf einni saman. Verzlunarmagn landsins er um 20—30 miljónir kr., og á því geta allir sjeð, að bankarnir með sínu litla fje geta ekki fullnægt henni einni.

En það er líka margt annað, sem kallar að, og nauðsyn á að hafa fje til margs annars en verzlunar í landinu, t. d. iðnaðar og annara atvinnubóta. Mörg fyrirtæki þurfa á fje að halda til skamms tíma og önnur til lengri tíma, og er því nauðsyn á, að hafa mjög mikið fje til í bönkunum, hvenær sem liggur á að grípa til þess.

Þegar nú þess er gætt, að allt fjeð, sem bankarnir hafa yfir að ráða, er allt of lítið til að fullnægja bráðabirgðalánsþörfinni, þá er auðsjeð, að ekkert af því er fært að taka til fasteignarlána.

Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) áleit nefndina hafa ætlað húseignirnar allt of hátt. Að vísu vantar nýja skýrslu um þetta, en sú skýrsla, sem við höfðum til hliðsjónar, er frá 1901. Þá voru húseignir metnar yfir 8 miljónir og lóðir um 2 miljónir, svo húseignir allar, að meðtöldum lóðum, námu um 10 milj. kr. Síðan hefur húseignin aukizt mjög. Í Reykjavík hefur verð húseigna t. d. aukizt um 2 millj. á þessum árum, og lóðirnar hafa stigið gífurlega mikið.

Aðrir kaupstaðir og kauptún hafa auðvitað stigið mjög í verði á sama tíma, og þó þeir hafi ekki stigið eins mikið og Reykjavík, þá hafa þeir vaxið að tiltölu við hana, og að tiltölu við fyrri stærð sína máske meira en Reykjavík. Það er því mikið verð í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins, því þegar lánað er út á húsin, fylgja lóðirnar með.

Það er mín persónulega skoðun, að þegar menn fá að vita með vissu virðingar húseignanna á þessu ári, þá verði það að meðtöldum lóðum frekar yfir en undir 15 miljónum,

Þegar svo stendur, að allir verzlunarstaðir landsins eru að vaxa, og mjög margt af þeim húsum, sem byggð eru, eru byggð af efnalitlum mönnum ,sem eru að byrja að koma fótum fyrir sig, þá er auðsjeð, að lánsþörfin er mjög mikil. Og enda þótt ekki sje lánað nema $^2/_5$—$^3/_5$ af verði húseignanna út á þær, þá verða það margar miljónir samt sem áður.

Um virðingu jarðeignanna má þrátta í það óendanlega. Menn vita aðeins, hvað jarðarhundruðin eru mörg, en hvers virði hvert hundrað er að meðaltali, það er erfiðara að ákveða.

Viðvíkjandi opinberu eignunum, þá er það flestra manna ósk, að þær verði gjörðar að »*privat*«-*eignum*. Háttv.

þm. Snæf. (L. H. B.) er það vel kunnugt, að einmitt þetta þing er að berjast fyrir því, að þjóðjarðir og jafnvel kirkjujarðir gangi úr eign hins opinbera og til einstakra manna, sem á þeim búi. En þetta er þýðingarlaust, ef ekki er jafnframt greiddur aðgangur að góðum lánum, því allir vita. að tilvonandi kaupendur jarðanna ganga ekki með verð fyrir þær í vösunum nú; þessvegna verður að skapa mönnum greiðan aðgang að fasteignarlánum, svo hægt sje að fullnægja rjettmætri þrá manna eptir að eignast ábýli sín.

Hvort meta beri hvert jarðarhundrað 100 kr. eða meira, eins og nefndin áleit rjett, það skal jeg láta ósagt. Á því hefur hver sína skoðun. En hitt fyndist mjer mjög undarlegt, ef allt Ísland, allar jarðirnar, ættu að metast minna en kaupstaðarholurnar.

Tákn tímans benda líka ótvíráðlega í þá átt, að jarðeignirnar hækki frekar í verði framvegis, en að þær standi í stað eða lækki.

Hvernig sem litið er á þetta mál, er auðsjeð, að þörfin á fasteignarlánum er miklu meiri en svo, að veðdeild landsbankans geti fullnægt henni, enda þótt hún fái leyfi til að bæta við sig 3 millj. Því þó þetta verði nú gjört, þá má búast við að gömlu brjefin verði innleyst og ný lán tekin í þessum nýja flokki vaxtabrjefanna, og þá situr veðdeildin innan skamms með 3 milj. í stað tveggja, og það getur enganveginn fullnægt þörfinni.

Meðal annars má sjá nauðsynina á að auka lánsþol veðdeildarinnar á því, að landsbankinn sjálfur hefur lánað af sínu eigin fje út á fasteignir, vegna þess að veðdeildin fullnægði ekki.

Hugsun manna var, að Íslandsbanki ætti ekki að lána út á fasteignir, en verja fje sínu til að styðja viðskiptalífið sem mest. En nú hefur það sýnt sig, að margir eru mjög óánægðir yfir því, að fá ekki ótakmarkað lán út á fasteignirnar í þeim banka. Allir, sem þurftu að fá slík lán, hjeldu, að þeir gætu hjer fengið þau viðstöðulaust, en samkvæmt lögum bankans og augnamiði var það ekki hægt, svo menn urðu fyrir mjög miklum vonbrigðum í þessu efni.

Jeg verð því að halda fast við það, að þörfin fyrir fasteignarlán sje miklu meiri en háttv, þm. Snæf. áleit.

Að því er hitt atriðið snertir, að þetta komi ekki að tilætluðum notum, að bankinn muni ekki geta selt bankavaxtabrjefin fyrir hæfilegt verð, þá get jeg naumast skilið, hvað því gæti verið til fyrirstöðu. Höfuðtryggingin er veðskuldabrjefin, og þegar á það er litið, að að eins er lánað út á litinn part eignarinnar, þá sýnist sú trygging vera býsna mikil. Vilji menn hafa viðbótartryggingu, þá er sú bezta aukatrygging fólgin í »solídíteti« þeirrar stofnunar, sem gefur vaxtabrjefin út. Og að gjöra ráð fyrir því, að Íslandsbanki færi að steypa sjer út í einhver glæfrafyrirtæki, það finnst mjer óhugsandi. Og sízt skil jeg í því, að hinn háttv. þm. Snæf., sem sjálfur er í bankaráðinu, skuli vera hræddur við neitt slíkt. Fyrst og fremst mundi bankastjórnin aldrei gjöra það, og svo hefur lands stjórnin og þingið svo mikinn »kontrol«, að það ætti að vera alveg útilokað.

Mjer skildist svo á hinum háttv. þm. Snæf., sem bankinn ætlaði að lána út á fasteign móti $4^1/_2$% (Lárus H. Bjarnason: jeg sagði »mætti«); þá er honum kunnugra um það en mjer; en bankastjórinn hefur sagt mjer. að rentan ætti að vera 5% (L. H. B.: Það stendur í frv. »að minnsta kosti $4^1/_2$%«). Hvað bankinn muni geta selt bankavaxtabrjefin, fer eptir því trausti, sem menn bera til hans sem áreiðanlegrar pen-

ingastofnunar, eða með öðrum orðum eptir því, hvað góðir pappírar þau verða álitin. Svo framarlega sem bankinn hefur traust, fær hann auðvitað gott verð fyrir vaxtabrjefin. Mjer fannst hinn háttv. ræðumaður finna það þessu frumv. til foráttu, að það »ætti ekki við« að seðlabanki fengi svona heimild. Jeg er nú ekki svo bankafróður, að jeg sje vel fær um að dæma um slikt, en jeg skal benda á annað. Jeg held, að þessar »theoretisku« bankareglur »eigi ekki allstaðar við«, þó að þær sjeu náttúrlega mjög góðar. Jeg held, að það sje bezt að haga sjer, eins og bezt hentar í hverju landi. Það munu margir muna, að þegar landsbanki var stofnaður, sögðu margir, að hann væri allri »theorí« algjörlega ósamkvæmar og hlyti þess vegna bráðlega að fara á höfuðið; en sem betur fer, hefur reyndin orðið önnur; hann hefur þvert á móti gengið mjög vel.

Breyt.till. sje jeg ekki að gjöri mikið skarð, en jeg álit hana ónauðsynlega. Jeg greiði atkv. með breyt.till. frá einum nefndarmanni.

Ieg skal svo loksins lýsa yfir því, að það, sem hefur vakað fyrir mjer og nefndinni, er það, að við álitum peningaþörfina svo mikla, það og ekkert annað. Jeg segi þetta af því, að hinn háttv. 1. þm. Rvk. ljet sjer það um munn fara, að sjer þætti leiðinlegt, að sjá nöfn heimastjórnarmanna undir þessu og öðru eins. Jeg hef nú að vísu á þessu þingi unnið með heimastjórnarflokknum, en jeg mótmæli því, að sá flokkur eigi mig svo með húð og hári, að jeg ekki megi fylgja minum skoðunum fram, þó þær ekki sjeu alveg samkvæmar skoðunum flokksins. Jeg vil, að þessar peningastofnanir okkar þrífist sem bezt báðar tvær, og það þykist jeg hafa sýnt með atkvæði minu um mál landsbankans, sem hafa verið lögð hjer fyrir hina háttv. deild.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg get nú farið fljótt yfir, með því að þeir háttv. þm., sem talað hafa, þm. Seyðfjk. og 2. þingm. Rvk. hafa sagt, að breyt.till. mín gjöri ekki mikið skarð i veltufje bankans, og sje meinlaus að minnsta kosti, ef bætt er við hana hala háttv. þm. Sfjk.

Að því, er snertir þau orð háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.), að heimastjórnarflokkurinn eigi sig ekki með húð og hári, þá vil jeg benda honum á, að hjer er ekki um neina heimastjórnarpólitik að ræða, því að bæði hæstv. ráðherra og háttv. þm. S.-Þing. eru fylgjandi þessu frumv., og hafa þó hingað til verið kallaðir góðir flokksmenn.

Hinn háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) sagði, að jeg hefði gjört of lítið úr peningaþörfinni. Jeg þykist þó hafa sýnt viðleitni til þess, að sanna mál mitt með tölunum, sem jeg nefndi, en háttv. þm. nefndi engar tölur, og það verð jeg að segja, að ekki er mikið á að byggja þeim ágizkunum, sem gripnar eru úr lausu lopti, enda þótt skýr maður kasti þeim fram. En hvað sem því líður, er það víst, að háttv. nefnd hefur gjört allt of mikið úr lánsþörfinni. Hún heldur auðsjáanlega, að veltufje bankanna þurfi að vera jafnmikið allri verzlunarumsetningunni, og skal jeg því til sönnunar með leyfi hæstv. forseta lesa upp kafla úr nefndarálitinu.

Þar segir svo:

»Verzlunarviðskipti Íslands við önnur lönd fara óðum vaxandi; árið 1903 nam verzlunarmagnið 23,360,000 kr. (að- og útfluttar vörur); en árin 1891—1895 ekki nema 12,568,000 kr. að meðaltali; á 10 árum hefur verzlunar-

magnið tvöfaldast, og mun þessi vöxtur efalaust halda áfram«.

Nú bið jeg háttv. þm. að taka vel eptir:

»Það er því augljóst, að allt veltufje bankanna er ekki nándarnærri nóg til að fullnægja þessari þörf *einni*«.

Ef ekki er hægt að draga út úr þessu þá ályktun, að skoðun hinna háttv. nefndarmanna hafi í svipinn verið sú, að veltufje bankanna eigi að vera jafnt umsetningunni til þess, að fullnægja peningaþörfinni, þá kann jeg ekki að draga ályktun *(Guðmundur Björnsson:* Það lítur út fyrir það). En hvað það er fjarstætt, sjest bezt ef maður snýr dæminu upp á einhvern okkar. Af því að jeg verzla fyrir 3,000 kr. á ári, má sannarlega ekki ályktа, að jeg þurfi að lána 3,000 kr.

Sami háttv. þm. fann ástæðu til, að fetta fingur út í það, sem jeg hafði sagt um virði húseigna, en hann kom heldur ekki þar með neinar tölur; hann gat þess að eins, að lóðir væru nú komnar í hátt verð, og að hjer í Reykjavík hefðu húseignaverð stigið um 2 miljónir króna frá 1901, og eptir því mætti búast við, að verð húseigna næmi alls um 15 miljónir króna. Jeg hafði sagt, að það mundi nema 12 milj. kr., og það held jeg sje vel í lagt.

Eins var því farið um verð jarðeigna; jeg hafði virt jarðarhundraðið á 100 kr. að jafnaði, en háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) og nefndin virðir það á 250 kr. eða því sem næst, það verður hún að gjöra, ef hún vill fá út, að 66 þúsund jarðarhundruð sje um 15 miljónir króna virði, og jeg legg það óhræddur undir dóm háttv. deildarmanna, hvor okkar muni vera þar sönnu nær.

Jeg get verið háttv. þm. samdóma um það, að það sje óviðkunnanlegt, að verð húseigna skuli vera meira en verð jarðeigna, en tölunum verður ekki í móti mælt. Það er sitt hvað tölur og tilfinningar. *(Guðmundur Björnsson:* Það er engin virðing til á jarðeignum). Jú, manna á milli mun það vera almennt, að virða jarðirnar á 100 kr. jarðarhundraðið að meðaltali upp og niður; það eru að eins hlunnindajarðir, sem seljast á 250 kr. jarðarhundraðið.

Hinn háttv. þm. sagði einnig, að það væri nauðsynlegt, að gefa út bankavaxtabrjef vegna þjóðjarðasölunnar, en hún er enn ekki komin í gegn, enda þarf ekki að fara til bankanna til að eignast þær. Landssjóður líður kaupendur um $^3/_4$ andvirðisins í 28 ár með 6% árlegri afborgun og vaxtagreiðslu, og slík kjör fá þeir ekki í neinum banka.

Hann játaði því og, að mikið af hinu nýja brjefaverði mundi verða brúkað til »konverteringar« á veðdeildarlánum, en við það ykist ekki peningamagnið í landinu.

Þá sagði hann, að bankinn ætti eða mætti ekki lána á móti $4^1/_2$%, en því er fljótsvarað; jeg vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp niðurlag 4. gr. frumv., þar segir svo:

»Af öllum skuldabrjefum þeim, sem sett eru til tryggingar bankavaxtabrjefunum, skal greiða *að minnsta kosti* $4^1/_2$%«.

Í þessum orðum liggur full heimild til þess, að lána gegn $4^1/_2$%.

Enn sagði háttv. þm., að það væri rangt hjá mjer, að brjefin mundu seljast illa af því, að þau væru illa tryggð, þau væru ekki illa tryggð. En jeg stend nú samt við það. Þau hljóta að seljast ver, sje tryggingin fyrir þeim verri en fyrir brjefum veðdeildarinnar. Og það er hún. Út-

lendir auðmenn líta ekki á, hvaðan brjefin koma, heldur á hitt, hver tryggingin er.

Háttv. þm. sagði að visu, að tryggingin fyrir bankavaxtabrjefum Íslandsbanka væri hin sama og jafngóð og trygging veðdeildarinnar. En það er ekki rjett. Veðdeildin hefur auk veðskuldabrjefanna sjerstaka tryggingu, sem sje 1/6 af upphæð bankavaxtabrjefanna í kgl. ríkisskuldabrjefum og varasjóð sinn að auki. Auk þess ber sjerstaklega að taka tillit til þess, að veðdeildin á ekki aðra skuldheimtumenn en handhafa bankavaxtabrjefanna. En Íslandsbanki á fleiri skuldheimtumenn, alla sem eiga seðla hans, eigendur hlutafjárins, eigendur innstæðu o. s. frv.

Þá lagði háttv. þm. mikla áherzlu á það, að aðaltrygging fyrir hverri skuld væri »sólidítet« eða áreiðanlegleikur skuldunauts. Og hann sagðist ekki trúa því, að jeg vændi bankastjórnina um, að hún hjeldi ekki uppi áreiðanlegleik bankans. Nei, það sje fjarri mjer, að gjöra lítið úr dugnaði hinna háttv. bankastjóra, en það vildi jeg mega benda háttv. þm. á, að »sólídítet« manna og stofnana fer litlu síður eptir því, hvað maðurinn hefur handa á milli, en því, hvernig hann fer með það. Og hvað eptirlit þings og landsstjórnar viðvíkur, þá held jeg, að háttv. þm. hefði ekki lagt eins mikið upp úr því, ef hann hefði verið vel kunnugur reglugjörðinni.

Þá lagði háttv. þm. ekki mikið upp úr því, að bankar, er gefa út innleysanlega seðla, mættu ekki lána út á fasteignir. Hann taldi það »theóríu« eða að eins kennt í orðskviðum, en mundi ekki vera haldið í framkvæmdinni. En hjer skjátlast þm. alveg, eða heyrði hann mig ekki hafa það eptir áreiðanlegum sjerfræðing, prófessor Scharling, að engir seðlabankar á Norðurlöndum lánuðu neitt að ráði út á fasteignir.

Hjer tjáir heldur ekki að visa til landsbankans, því að hann gefur ekki út innleysanlega seðla.

Jeg játa það, að jeg hef haft helzt til mörg orð um þessa meinlausu breyt.-till., en það kemur til af því, að mjer er það kappsmál, að hagur bankans rýrist ekki um skör fram.

Framsögumaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að gjöra nokkrar smá athugasemdir við ræðu hv.þm.Snæf. (L. H. B.). (*Lárus H. Bjarnason:* Má jeg interpellera?). Já. Hinn háttv. þm. talaði mest um, að hann hefði byggt á tölum, og gaf í skyn, að þær tölur, sem háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) og nefndin höfðu byggt á, væru ekki sem áreiðanlegastar. En hans tölur voru nú heldur ekki sem ábyggilegastar, að minnsta kosti ekki allar. Hann vildi t. d. gjöra jarðarhundraðið upp og ofan 100 kr. virði. Hann sagði, að beztu hlunninda jarðir seldust kannske fyrir 250 kr. hndr. Jeg man nú í svip eptir einni jörð, sem er mjög hundraðahá, og þó er hvert hundrað í henni nú virt á sjötta hundrað króna. Og ekki var hún heldur nálægt kaupstað. (*Lárus H. Bjarnason:* Eru þær jarðir margar?). Jeg vil ekki segja það, en ekki svo fáar; og hver svona jörð jafnar margar upp. Við kaupstaðina seljast jarðirnar opt á 1,000 kr. hvert hundrað og þar yfir. (*Lárus H. Bjarnason:* Jeg þekki 4 hndr. jörð, sem var seld fyrir 50 kr). (*Guðm. Björnsson:* Hún hefur verið á Snæfellsnesi). Hinn háttv. þm. talaði mikið um tryggínguna. Jeg vil sízt mæla móti eða draga úr því, að vaxtabrjefin sjeu tryggð svo vel, að þau geti verið gjaldgeng. En þar sem hann talaði um, að »aktíukapítal« Íslands banka

ætti að tryggja seðlana, þá á bankinn mjög lítið úti af seðlum, og að því skapi er stofnfje bankans betri og meiri trygging fyrir öðrum skuldbindingum hans, sem minna er úti af seðlum. Hann sagði, að bankinn mundi selja vaxtabrjefin fyrir 90%; en það er að eins ágizkun; jeg hef hugsað mjer, að hann seldi ekki b.jefin svo ódýrt, og jeg treysti því, að bankastjórn og bankaráð sjái um, að vaxtabrjefin geti selzt fyrir þolanlegt verð, en selji þau ekki að öðrum kosti. Jeg ímynda mjer, að það versta, sem gæti komið fyrir, eða það minnsta gagn, sem þessi lög gætu gjört, væri það, að bankinn kæmi litlu út af vaxtabrjefunum, og þannig kæmu engir eða litlir peningar inn í landið; lögin hefðu þá litla þýðingu, en engan skaða gætu þau gjört fyrir það.

Háttv. þm. Snæf. mintist á, að innlausnartími bankavaxtabrjefanna yrði 15 ár, en seðlaútgáfurjettur Íslandsbanka varaði ekki þann tíma allan. Þetta þarf þó alls ekki að koma neitt í bága hvort við annað; bankinn getur lifað lengi, (*Lárus H. Bjarnason:* Ekki til að byggja á), og haldið áfram störfum sínum sem banki, þótt hann missi seðlaútgáfurjettinn. Það þarf alls ekki að fara saman aldur bankans og seðlaútgáfurjetturinn. Þm. Snæf. (L. H. B.) lagði talsverða áherzlu á, að samkvæmt þessu frumv. lánaði bankinn út á fasteignarveð mót $4^1/_2$%. Það er ekki rjett að draga þetta út úr frumv., og þessi gr. hvorki leyfir það nje bannar, en góð og gild brjef til tryggingar vaxtabrjefunum telur frumv. aðeins þau brjef, sem gefa að minnsta kosti $4^1/_2$% vöxtu. En sleppum nú þessu. Jeg vil ekki eyða tíma til að fjölyrða um þetta. Eins og jeg hef tekið fram, er mjer það lítið kappsmál, að breyt.till. þm. Snæf. komist ekki að, en hitt er það, að jeg álít hana óþarfa. Jeg vil fylgja þeirri meginreglu, að hepta sem minnst peningastofnanir vorar, og láta stjórnendur þeirra hafa sem mest sjálfræði, og löggjöfin ætti að setja sem fæst ákvæði, sem stefna að því, að hepta frjálsræði þeirra.

Jeg hef mjög góða von um, að bæði þetta frumv. og frumv. um aukning veðdeildar Landsbankans verði til mikils gagns, og að með þeirri rýmkun, er þau veita, þurfi eigi að óttast á næsta fjárhagstímabili, eða fram til næsta þings, peningalegan árekstur og apturkipp, sem jeg óttast að annars hefði kunnað að koma fyrir, til óbætanlegs tjóns og tafa fyrir framfarafyrirtæki landsins.

Það liggur í augum uppi, að við þurfum nú á geypimiklum fjárupphæðum að halda til framkvæmda og þrifa innanlands. Reykjavík hygg jeg að muni þurfa innan skamms ekki tugi þúsunda, heldur mörg hundruð þúsunda til sinna sjálfsögðustu nauðsynja, svo sem til vatnsveitu, hafnargjörðar, lýsingar o. fl.

Jeg vil styðja allt, sem getur miðað að því, að gjöra landsmönnum sem hægast fyrir að ná í peninga til nauðsynlegra framkvæmda. Með því örfum vjer framtakssemina og er þess full þörf. Það er þetta, sem vakir fyrir mjer í þessu máli, og það er ekkert hik á mjer, að styðja sjerhvað það, er jeg ætla að miði í þá átt.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 485 við breyt.till. á þgskj. 467 við 4. gr. samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. við 4. gr. á þgskj. 467 þannig breytt samþ. með 13 atkv.

Breyt.till. við 6. gr. á þgskj. 450 samþ. með 20 atkv.

Frumv. samþ. með 17 atkv.

Frumv. afgreitt til Ed. með til-

mælum um að leggja það fyrir deildina þar.

Á 43. fundi Ed., þriðjudag 22. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 492).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 samhlj. atkv.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til 2 umr. (A 492 542, 581).

Ágúst Flygenring (3. kgk. þm.): Við höfum hjer litla breyt.till. við 4. gr. 2. lið, sem gengur út á það, að orðin »af 1. flokki .... nefndum bankavaxtabrjefum« falli burt. Í frumv. er heimtað til tryggingar bankavaxtabrjefunum ríkisskuldabrjef og bankavaxtabrjef landsbankans af 1. seríu, og önnur verðbrjef, sem stjórnarráðið álítur jafntrygg. Með þessum ákvæðum álítum vjer, að landsbankanum sje jafnvel misboðið; því það má líta svo á, að með þessu ákvæði sje gjört fremur lítið úr gildi bankavaxtabrjefanna af 2. seríu. Það virðist svo, sem með því að nefna 1. seríu bankavaxtabrjefanna sjerstaklega, þá hafi vakað fyrir löggjöfunum, að 2. sería gæti ekki komið til greina. Það lítur svo út, sem stjórninni sje hjer gefin bending um að taka 2 seríu ekki undir »jafngild veðbrjef«. Vjer höfum eingöngu komið með þessa breyt.till., af því vjer höfum álitið, að ákvæðin í frumv. kynnu að kasta rýrð á 2. seríu landsbankans, en hitt er mjög fjarri, að við með þessu höfum viljað hindra gang málsins; jeg segi að minnsta kosti fyrir mig, að mjer er fremur áhugamál, að frumv. komist í gegnum þingið.

Ráðherrann: Jeg get ekki sjeð, að breyt.till. á þgskj. 542 sje nauðsynleg, því bankavaxtabrjef veðdeildarinnar af 2. seríu falla undir »önnur verðbrjef jafntrygg«. Heldur ekki get jeg sjeð, að breyt.till. á þgskj. 581 sje nauðsynleg, því meiningin verður alveg sú sama.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg fæ ekki annað sjeð, en fullkomin þörf sje á breyt.till. Hefði staðið í frumv., að tryggingin mætti vera í ríkisskuldabrjefum og bankavaxtabrjefum, þá var breyt.till. ástæðulaus, en af því í frumv. eru sjerstaklega tilnefnd bankavaxtabrjef af 1. seríu, þá er mjög hætt við, að það verði til að kasta rýrð á bankavaxtabrjef í 2. flokki. Því einnig það, að 1. flokkurinn er nefndur, bendir á, að 2. flokkurinn hafi ekki verið tekinn með, af því að hann væri ekki álitinn jafngóður. Þessu er ekki hægt að neita, og því komum við með breyt.till., og jeg vil leggja mikla áherzlu á, að hún verði samþ.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) hefur tekið það fram, sem jeg vildi hafa sagt. Jeg get ekki betur sjeð, en að eins og frumv. nú er orðað, þá sje 2. flokki bankavaxtabrjefanna þrýst niður. Þetta finnst mjer ranglátt, jeg vil, að báðir bankarnir hafi sem mest jafnrjetti, og legg því eindregið með, að breyt.till. verði samþ.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg hafði hugsað mjer að greiða atkv. með breyt.till., en eptir skýringu hæstv. ráðh. sje jeg enga ástæðu til þess.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

2. gr. frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

3. gr. frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

Breyt.till. (542) við 4. gr. samþ. með 7 samhljóða atkv.

Breyt.till. (581) við 4. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 6.

4. gr. svo breytt samþ. með 7 samhljóða atkv.

5. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

6. gr. samþ. með 8 atkv. gegn 3.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv. gegn 2.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 25. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 592).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 3 og endursent forseta Nd.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst. kom frumv. til einnar umr. (A 613, 618).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt með 15 atkv.

Frumv. afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XVII. Verzlunarlóð Búðareyrar.

Á 6. fundi Ed., föstudaginn 7. júlí, kom frumv. til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar á Búðareyri við Reyðarfjörð (A 42) til 1. umr.

Guttormur Vigfússon (2. þm, S.-Múl.): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að tala mikið fyrir því frumv., sem hjer liggur fyrir vegna þess, að það hefur svo lítil áhrif út á við, en hefur að eins þýðingu fyrir þá, sem búa á staðnum sjálfum. Eins og kunnugt er, var fyrir nokkrum árum löggiltur verzlunarstaður á Búðareyri, en þegar sú löggilding var gjörð, voru menn ekki eins kunnugir og nú, hvernig staðhættir eru þar. Búðareyri stendur á tanga, sem gengur út í Reyðarfjörð, að vestanverðu inn undir leirum. Nú á síðari árum hefur fjörðurinn verið að fyllast upp af framburði úr ánni, svo að nú er komið svo mikið útgrynni við Búðareyri, að varla er mögulegt að komast þar að landi á stórum bátum nema um flóð. Byggðin hefur því færzt út með bökkunum út undir hin yztu takmörk á hinni núverandi verzlunarlóð að þeim læk, sem nefndur er hjer í frumv. Byggingarplássið er mjög þröngt, með því að þar eru háir bakkar og því eigi gott aðstöðu, en eptir því, sem utar dregur, verður aðdýpið meira, og þegar kemur á milli Stekkjargilslækjar og Hesthúslækjar, verður aðdýpið svo mikið, að auðvelt er að koma fyrir skipabryggju með tiltölulega litlum kostnaði. Jeg hef verið beðinn að flytja þetta frumv. hjer á þinginu, og með hliðsjón af því, að mjer er kunnugt um, að ýmsum, sem ætla að byggja á verzlunarlóðinni, en þykir það óhagkvæmt og lítið pláss, er þetta áhugamál, þá vona jeg að enginn í háttv. deild hafi neitt á móti þessu litla frumv., og að jeg eigi þurfi meira fyrir því að hafa en að segja þessi fáu orð.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 8. fundi Ed., mánudaginn 10. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 42).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþykkt í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 10. fundi Ed., fimtudaginn 13. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 42).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 82).

Ólafur Thorlacíus (1. þm, S.-Múl.): Jeg vil leyfa mjer að segja fáein orð til skýringar á framkomu þessa frumv.

Hin núverandi verzlunarlóð á Búðareyri við Reyðarfjörð er að vísu stór, en mestur hluti hennar er erfiður til afnota sökum þess, að hafskip geta ekki komizt þar að landi fyrir grynningum. Aðeins lítill hluti lóðarinnar verður notaður, og hann er í höndum þeirra kaupmanna, sem nú eiga verzlanir á staðnum.

Af þessum ástæðum er farið fram á að stækka lóðina, svo hún nái 70 faðma á land upp og álíka langt frá núverandi takmörkum hennar út í Bakkagerðisland, þar sem aðdýpið er meira, svo nýir kaupmenn, sem kynnu að vilja setjast þar að, ættu kost á brúklegu byggingarsvæði. Það hefur verið leitað álits lögreglustjóra um það, hvort þetta gæti skaðað nokkurn mann, og hefur hann látið það álit í ljósi, að því er hann frekast vissi, þá mundi það engan skaða, en vera til hagnaðar fyrir þá, sem vildu setjast þarna að.

Vona jeg því, að málinu verði vel tekið, og því leyft að ganga til 2. umr. í deildinni.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 82).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi Nd., fimmtudaginn 27. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 82).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XVIII. Fiskiveiðasjóður.

Á 7, fundi Ed., laugardaginn 8. júlí, kom frumv. til laga um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands (A 43) til 1. umr.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Þetta frumv., sem jeg hef leyft mjer að koma fram með, er meðal annars komið af því, að ýmsar umkvartanir bæði í mínu kjördæmi og annarsstaðar hafa komið fram um það, að þeir, sem sjávarútveg stunda, verði mjög hart úti að því, er fjárframlög snertir til framfara í

þeirra atvinnugrein í samanburði við það, sem veitt er til landbúnaðarins, og að þetta sje satt, verður hver maður að játa. Því að þegar litið er á fjárlögin, þá kemur það greinilega í ljós, að miklu meira fje er varið til eflingar landbúnaðinum, en sjávarútveginum. Ef tekið er fjárlagafrumv. það, sem nú er lagt fyrir Nd., þá má sjá, að ætlaðar eru c. 50 þús. kr. til eflingar landbúnaðinum árið 1907 á móti einum 600 kr. til eflingar sjávarútveginum. Það eru sem sje ætlaðar til búnaðarfjelaga 24,000 kr., til Búnaðarfjelags Íslands 7,000 kr., til mjólkurskólans, 3,000 kr., til verðlauna fyrir útflutt smjör 15,000 kr., eða samtals 49 þús. kr.; en á móts við þetta eru að eins veittar 600 kr. til Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna, og hljóta allir að sjá, hvílíkur ójöfnuður þetta er, þegar litið er á arðinn af þessum tveimur atvinnugreinum; eptir síðustu skýrslum námu útfluttar afurðir af sjávarútveginum 8,143,000 kr., þar sem útfluttar afurðir landbúnaðarins að eins námu 1,964,000 kr. Nú vilja menn máske rjettlæta þetta misrjetti með því að segja, að landbúnaðurinn beri sig ver, en sjávarútvegurinn, og þurfi því fremur styrktar við. En er það nú rjett frá fjárhagslegu sjónarmiði, að ausa út fje til þess atvinnuvegar, sem þykir bera sig ver, en láta ekkert af hendi rakna til eflingar þeim atvinnuveginum, sem arðvænlegri er. Vitaskuld verður líka að taka tillit til þarfarinnar, en þó með allri gætni. Hygginn búmaður leggur meiri alúð við þá búnaðargrein, sem gefur honum meiri arð í aðra hönd, en stundar hina að eins eptir þörfum sínum; það verður bæði að viðhafa hagsýni og taka tillit til þarfarinnar, þannig að annar atvinnuvegurinn sje ekki algjörlega vanræktur, en ausið út fje á báða bóga í hinn. Auk þeirra fjárveitinga til landbúnaðarins, sem jeg þegar hef nefnt, eru einnig til sjerstakir sjóðir honum til eflingar; í fyrsta lagi Ræktunarsjóðurinn, sem eptir reikningi 12. marz 1904 hefur í stofni 157,967 kr. Þar að auki er annar sjóður, sem lengi hefur verið eingöngu notaður til eflingar landbúnaðinum, nfl. Styrktarsjóður Kristjáns konungs 9., en engir slíkir sjóðir eru til fyrir sjávarútveginn; en það liggur í augum uppi, að nauðsynlegt væri að til væru sjóðir sjávarútveginum til eflingar.

Nú er, eins og menn vita, verið að koma á og reyna hjer nýjar veiðiaðferðir t. d. með mótorbátum, og væri nauðsynlegt, að geta styrkt slík fyrirtæki. Einnig væri þörf á að verja nokkru fje til þess að styrkja unga og efnilega menn til að kynna sjer veiðiaðferðir, fiskverkun og annað, er lýtur að sjávarútvegi meðal erlendra þjóða. Að því, er jeg veit til, eru engir hjer á landi, sem kunna síldverkun, og svo er margt fleira hjer að lútandi. Mjer hefur þess vegna komið til hugar, að rjett væri að nota það fje, sem landssjóði áskotnast í sektum og fyrir upptækan afla og veiðarfæri botnvörpunga, til þess að styrkja sjávarútveginn; því að mjer virðist það í rauninni alveg óviðurkvæmilegt, að allt þetta fje falli til landssjóðs, þar sem hann ekki ver einum eyri til að vernda fiskimið landsins fyrir erlendum yfirgangsmönnum, en eins og kunnugt er, hefur allt þetta fje runnið í hann hingað til; mjer finnst þess vegna sanngjarnt, að þetta sektarfje gengi til þess, að efla þann atvinnuveg, sem hinir útlendu ránsseggir skaða, og hef jeg því í frumv. þessu farið fram á, að stofn-

aður væri sjóður af þessu sektarfje, er varið skyldi til þess, að efla sjávarútveginn.

Jeg var í nokkrum vafa um tímatakmarkið, nefnilega frá hvaða tíma sektarfjeð og nettó-andvirði upptæks afla og veiðarfæra ætti að renna í þennan fyrirhugaða sjóð, og hef jeg í 2. gr. frumv. farið fram á, að til hans skuli ganga sektarfje það, er runnið hefur í landssjóð frá 1. janúar 1901. Þegar Ræktunarsjóðurinn var stofnaður, þá var farið töluvert lengra aptur í tímann, en jeg vildi ekki ganga svo langt hjer, en fannst tilhlýðilegt, að byrja með öldinni. En þá er að líta á, hvemiklu nema upphæðir þær, er runnið hafa í landssjóð í sektum og fyrir upptækan afla og veiðarfæri á tímabilinu frá 1. jan. 1901 til 1. jan. 1905, og eru þær þannig samkvæmt skýrslu, er jeg hef fengið.

Ár.	Upptækur afli.	Sektir.
1901.....	kr. 564,56	kr. 2340,00
1902.....	— 2662,02	— 7855,00
1903.....	— 831,55	— 9820,00
1904.....	— 433,13	— 8855,25

Þetta verður til samans kr. 33,361,51; ef maður svo bætir við því fje, sem komið hefur inn í ár, sem mun vera nálægt 40 þús. kr., þá yrði stofnfje sjóðsins rúmar 70 þús. krónur, og ef það gengi nú áfram líkt og að undanförnu með sektaða botnvörpunga, þá gæti þetta orðið all-laglegur sjóður með tímanum, og gæti orðið til mikils styrks fyrir sjávarútveginn. Það hefur verið sagt, og jeg get að nokkru leyti fallizt á það, að orsökin til þess, að sjávarútvegurinn hefur verið vanræktur í samanburði við landbúnaðinn að því, er snertir fjárframlög honum til eflingar, liggi hjá útvegsmönnum sjálfum, þar sem þeir eigi hafa myndað neinn almennan fjelagsskap sin á milli honum til eflingar. Með hliðsjón af þessu hef jeg viljað reyna að vekja hjá þeim hvöt til þess að mynda almennan fjelagsskap um land allt. Þetta hef jeg leitazt við að gjöra með síðustu málsgrein 4. gr., þar sem tekið er fram, að slíkt fjelag, ef það verður myndað, fái áhrif á stjórn sjóðsins.

Jeg vona svo, að frumv. þessu verði vel tekið í háttv. deild, og skal jeg svo ekki að svo stöddu fara fleirum orðum það.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það er mjer mikið gleðiefni, að frv. þetta er fram komið, og án efa öllum þeim, er sjávarútveg stunda, og á hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) miklar þakkir og heiður skilið fyrir, að hafa orðið fyrstur til þess, að bera það fram. —

Mjer hefur allt af þótt rangt og óviðfelldið, að allt sektarfje fyrir landhelgisbrot renni í landssjóð, í staðinn fyrir, að ganga til þeirra sýslufjelaga, þar sem brotið er framið. Það hefur þegar fyrir löngu verið hugsað og rætt all-mikið um það meðal sjávarútvegsmanna, hvað hægt væri að gjöra til eflingar sjávarútveginum, og jafnvel komið til tals, að stofna einhvern sjóð í því skyni; en þar sem nú ekkert hefur orðið úr því, þá er þó gott, að nú er svo langt komið, að frv. hefur verið skrásett um slíka stofnun.

Viðvíkjandi frumv. þessu, sem hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) hefur komið fram með, — en kapteinn Schack, yfirmaður varðskipsins í ár, er að minni ætlun fyrsti uppástungumaður að — þá get jeg að mestu leyti verið honum samþykkur um flest ákvæði þess. Ef maður á að taka stofnun Ræktunarsjóðsins til fyrirmyndar, þegar ákveða á, frá hvaða tíma sektarfjeð og nettóandvirði upptæks afla og veiðarfæra renni í sjóðinn, þá yrði það helzt til

mörg ár aptur í tímann; en ef maður samt sem áður tekur eitthvert tillit til þess, þá virðist hjer eigi of langt farið. Hver framkvæmdarstjórn sjóðsins verður, er að líkindum komið undir sjerstakri reglugjörð, er stjórnin semur; en jeg fyrir mitt leyti vildi helzt, að stjórn sjóðsins kæmist í hendur allsherjar fjelags þess, er stofnað kynni að verða, og bindist samtökum til eflingar sjávarútveginum.

Jeg skal svo eigi fjölyrða um frumv. að þessu sinni, en vil leyfa mjer, að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð til þess, að íhuga þetta mál, sem jeg vona að mæti sem beztum viðtökum í hinni háttv. deild.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Hin vel orðaða og rökstudda ræða háttv. flutnm. fyrir frumv. þessu, var að því leyti óþörf, að enginn hefur nokkurn tíma borið á móti því, að sjávarútvegurinn, að því er styrkveitingar snertir honum til eflingar, hafi verið vanræktur í samanburði við landbúnaðinn; en það kemur víst alls ekki aðallega til af skorti á fjelagsskap meðal útvegsmanna, eins og háttv. flutnmaður vildi halda fram, því að sjómenn hafa ágætlega skipulegan fjelagsskap með sjer, heldur af því, að landbúnaðurinn hefur jafnan haft marga og öfluga talsmenn á þingi, en sjávarútvegurinn fáa.

Viðvíkjandi skírskotun háttv. flutnmanns til stofnunar Ræktunarsjóðsins, að því er stofnun sjóðs þessa snertir, þá er þar allt öðru máli að gegna. Þar voru þjóðjarðirnar, arðbær tekjustofn landssjóðs, gjörðar að eyðslueyri, er þær voru seldar og þar með árlegar tekjur landssjóðs rýrðar; en með því að sekta botnvörpunga eru tekjur landssjóðs í engu rýrðar. En annars er jeg hlynntur aðalstefnu frumv. sakir þess, að sjávarútvegurinn á þetta fyllilega skilið og miklu meira.

En hjer er ekki um sömu skyldukvöð að ræða eins og þegar Ræktunarsjóðurinn var stofnaður. Eitt aðalatriði í frumv. þessu er það, að farið er fram á, að heimta nú allt í einu út úr landssjóði tekjur, sem þegar eru orðnar að eyðslueyri, þar sem engin ástæða var til að halda þeim til haga til *sjerstakra* nota, með því að þær eru tilfallnar landssjóði af tilviljun, en ekki arður af eignum eða vissum tekjum. En það er ekki leyfilegt, að fara frekar út í einstök atriði frumv. við þessa 1. umr. Það er mikill munur á því, að vera frumv. hlynntur í aðalstefnu þess eða fallast á, að greiddar sjeu út úr landssjóði tekjur, sem þegar hljóta að vera orðnar að eyðslueyri.

Valtýr Guðmundsson, (2. þm. G.-K.): Það gleður mig, að frumv. þetta hefur fengið góðar undirtektir í háttv. deild. En viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgk. þm, sagði, að það væri eigi skortur á fjelagsskap meðal útgjörðarmanna, sem gjörði það að verkum, að sjávarútvegurinn hefur eigi verið meira styrktur af opinberu fje, en gjört hefur verið hingað til, þá verð jeg að vera á öðru máli. Það vantar einmitt allsherjar fjelagsskap í því efni fyrir allt landið. Það kunna að vera til einstök smærri fjelög meðal útvegsmanna, en jeg vil einmitt taka það fram, að jeg í frumv. hef gjört svo öflugar kröfur til þess, að slíkur allsherjar fjelagsskapur gæti fremur myndazt í líkingu við það, sem á sjer stað, að því er landbúnaðinn snertir.

Að því, er snertir samanburð háttv. 4. kgk. þm. á Ræktunarsjóðnum við stofnun þessa sjóðs, þá er hann einmitt þessu frumv. í vil. Þótt þjóðjarðir, sem um langan aldur höfðu ver-

ið eign landssjóðs, væru seldar, þá var engin ástæða til, að gjöra andvirði þeirra að eyðslueyri. En hvað gjörir þingið? Það kastar tekjum þessum frá sjer og leggur þær í sjerstakan sjóð undan sínum yfirráðum. Þetta álít jeg ekki rjett, og þess vegna hef jeg verið á móti þjóðjarðasölu með þessu fyrirkomulagi, því að það er ekki rjett, að landið kasti frá sjer yfirráðum yfir stofnfje sínu. En hjer er um óvissar tekjur að ræða, þar sem sektarfjeð er, sem áskotnast landssjóði af tilviljun einni, og er því allt öðru máli að gegna, þó með þær sje farið á þann hátt, sem frumv. fer fram á.

Viðvíkjandi því, frá hvaða tíma landssjóður eigi að endurgreiða hið umrædda sektarfje. þá getur það verið álitamál, en hjer er ekki farið fram á svo mörg ár, að þessar útborganir geti gjört landssjóði mikið til, en það hefur mikla þýðingu fyrir sjóðinn, þegar hann er að byrja, að hann sje ekki allt of smávaxinn.

Jeg get fallizt á uppástungu háttv. 5. kgk. þm. um, að málið sje rannsakað ítarlega, og get vel fellt mig við, að það sje athugað í nefnd.

ATKVGR.: 2. umr. samþ. í e. hlj.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Ágúst Flygenring	með	12 atkv.
Valtýr Guðmundsson	—	7 —
Jón Ólafsson	—	6 —

Formaður kosinn Ágúst Fleygenring, skrifari og framsm. Valtýr Guðmundss.

Á 11. fundi Ed, laugardaginn 15. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A. 43, 77).

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skýrði þetta mál nægilega við 1. umr. þess, og nú hefur nefnd sú, sem hin háttv. deild hefur kosið til að íhuga frumv., lokið störfum sínum og hefur fallizt á stefnu þess og álítur æskilegt, að það verði að lögum með þeim breytingum, sem hún hefur gjört á því.

Nefndin álítur viðsjárvert, að skylda landssjóð til þess að endurgreiða þann hluta af innkomnu sektarfje, sem þegar er búið taka til eyðslueyris, og leggur því til, að stofnfje sjóðsins sje að eins það, sem inn hefur komið á yfirstandandi fjárhagstímabili og síðan kann til að falla framvegis. En hjer virðist vera farið mjög hóflega í sakirnar í samanburði við ræktunarsjóðinn, sem fjekk það,sem inn hafði komið fyrir seldar þjóðjarðir næstliðin 16 ár.

Enn fremur virðist nefndinni full ástæða til, að ákveða sjóðnum ríflegt árstillag úr landssjóði bæði sem uppbót fyrir fje, sem runnið hefur í landssjóð, en einkanlega til þess, að vega eitthvað upp á móti þeim ríflegu fjárframlögum, sem veittar eru til landbúnaðarins, og er þó ólíkt, hve miklu meiri arð sjávarútvegurinn gefur landssjóði í aðra hönd. Þetta er ekki gjört af því, að vjer öfundumst yfir því fje, sem veitt er til landbúnaðarins. heldur af því, að öll hagsýni og sanngirni mælir með því, að vanrækja ekki sjávarútveginn sökum landbúnaðarins.

Enn fremur álítur nefndin, að stofnun almenns fiskiveiða- eða útgjörðarfjelags fyrir land allt sje bráðnauðsynlegt og heillavænlegt fyrir efling þessa atvinnuvegar, og vill stuðla að stofnun þess með því að orða niðurlag 4. gr. þannig, að tjeð fjelag skuli takast á hendur stjórn sjóðsins.

Jeg álít svo ekki þörf á, að fara fleiri orðum um málið að sinni.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm): Jeg er samþykkur stefnu þessa frumv. og nefndarinnar, að styðja betur fiskiveiðarnar. En jeg er ekki alveg samdóma um einstök atriði,

Jeg vil ekki *bæði* gefa lögunum tilbakaverkandi krapt og veita 10.000 kr. árlegt tillag úr landssjóði.

En fremur álít jeg vafasamt, hvort breyt.till. nefndarinnar við 4. gr. er heppileg. Jeg hygg, að heppilegra væri, að haga eins stjórn þessa sjóðs eins og ræktunarsjóðsins, en fjelag það, sem nefndin hugsar sjer að stofnað verði, ætti að eins að hafa tillögurjett um styrkveitingar eins og um lánveitingar og verðlaunaveitingar úr sjóðnum.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það gleður mig, að frumv. þetta fær svona góðar viðtökur hjer í deildinni. Nefndin álítur bráðnauðsynlegt, að sjávarútvegurinn fái hvorttveggja bæði sektarfjeð og árlega tillagið, því annars yrðu tekjur sjóðsins svo litlar, að lítið drægi þennan atvinnuveg, sem hingað til hefur verið olbogabarn þingsins.

Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagðist vilja halda áfram að styðja sjávarútveginn, en hann hefði eins vel getað sagt, að hann vildi *byrja* á því. Því hjer er aðeins talað um fiskiveiðar, en ekki um siglingar. Það sem lagt hefur verið fram og lagt verður framvegis til vita, til endurbóta leiðarmerkja o. s. frv., er einkum með tilliti til siglinganna lagt fram, en siglingar og verzlun er allt annað, en fiskiveiðar. Það, sem lagt er fram til siglinga, það er til verzlunarinnar, til að gjöra hana greiðari, og kemur þá öllum atvinnuvegum landsins að gagni.

Þingið hefur ávallt skorið við neglur sjer, þegar ræða hefur verið um fjárframlög til þessa annars aðal-atvinnuvegs landsmanna, fiskiveiðanna.

Hjer má því alls ekki fara fram á minna fjárframlag, en nefndin stingur uppá, ef það á að koma að nokkrum notum. Sjávarútvegurinn er ekki á mjög sterkum grundvelli, og hann er bæði stopull, hvað afla áhrærir, og svo er það hverfulleiki verðsins á afurðum hans, er gjörir hann enn óvissari. Menn kunna má ske að álíta, að þessi atvinnuvegur geti borið sig án þess að njóta styrks, með því að *nú* lætur vel í ári, en jeg vil minna háttv. deild á það, að þessi atvinnuvegur er engu síður í bernsku, engu síður skammt á veg kominn, en landbúnaðurinn og þarf ekki síður að þroskast. Þegar slæmu árin koma fyrir þennan atvinnuveg, þá er hann eins og nú er ástatt með menn og skip o. s. frv., ekki þroskaður til að mæta þeim. En á móti því er jeg, að styrkja til muna nokkurn atvinnuveg með beinum fjárframlögum. Álít þvert á móti, að alls ekki eigi að styrkja þá atvinnuvegi, sem sýnilegt er að bera sig ekki; þeir eiga að hverfa og hljóta líka að hverfa fyrir öðrum betri. Með fiskiveiðasjóðnum ætlast jeg til að styrkurinn sje aðallega fólginn í hagkvæmum *lánum*, en bein fjárframlög sjeu lítil. Jeg álít, að þingið eigi að gjöra allt, sem í þess valdi stendur til þess að örfa og hvetja þá menn, sem stunda þennan atvinnuveg og miðar frumv. einmitt kröptuglega í þá átt.

Ráðherrann: Jeg vildi að eins taka fram, að þegar kapteinn Schack kom í vor fram með þá tillögu, að stofnaður yrði sjerstakur fiskimannasjóður af fje því, er fjelli til landssjóðs fyrir brot á landhelgislögunum, leizt mjer svo vel á hugmyndina, að jeg mundi hafa komið fram með frumv. í þessa átt, ef ekki hefðu komið fyrir sjerstakar ástæður, sem jeg kæri mig ekki um að skýra frá nú. Það mun, ef til vill, koma í ljós síðar á þessu þingi.

Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í ágreining þann, er á sjer stað milli háttv. 5. kgk. þm. (Ág. F.) og háttv. 2. kgk, þm. (E. B.) út af því, hvort sektirnar m. m. eiga að renna í fiskiveiðasjóðinn fyrir þetta fjárhagstímabil

eða ekki; verði það ofan á, að sjóður þessi eigi að hafa tekjur sínar af þessum sektum, þá skiptir það eigi miklu fyrir landssjóðinn.

En jeg vil benda á það, að svo framarlega sem hinn nýji sjóður á að fá þessar sektir, sem nú renna í landssjóð samkvæmt beinum ákvæðum botnvörpulaganna, þá væri það brotaminna, að breyta botnvörpulögunum þannig, að sektirnar rynnu beint í fiskiveiðasjóðinn, heldur en fara þann krók, að færa sektirnar fyrst sem tekjur fyrir landssjóð og svo aptur til útgjalda sem greiðslu frá landssjóði til fiskiveiðasjóðs.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir bendinguna um botnvörpulögin; hún skal verða tekin til greina af nefndinni.

Viðvíkjandi takmörkum þeim, sem háttv. 2. kgk, þm. (E. B.) vill setja um sektirnar, frá hvaða tíma þær renni í fiskiveiðasjóðinn, þá hefur háttv. 5. kgk. þm. (Á. F.) nægilega sýnt fram á, að stofnfjeð yrði harla lítið, ef þessi takmörk yrðu sett, en mjer finnst hinsvegar þetta litlu skipta fyrir landssjóð, þar sem fje það getur ekki verið orðið að eyðslufje, sem inn hefur komið á yfirstandandi fjárhagstímabili. Þar sem háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) talaði um að bæta þyrfti orðinu: »styrkveitingar« inn í 4. gr. frumv. á eptir »lánveitingar«, þá gjörir 5. breyt.till. nefndarinnar það óþarft.

En um hitt, að fjelagsstjórnin hafi ekki fje sjóðsins með höndum, heldur landsstjórnin, finnst mjer geta orðið samkomulag; jeg legg enga áherzlu á það, hver hefur sjóðinn undir höndum, heldur hitt, að fjelagsstjórnin ráðstafi *hvernig fjenu verður varið*.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg áleit niðurlag frumv. betra, eins og það er, en breytingar nefndarinnar á því; verði breytingin ekki samþykkt, þá þarf að skjóta inn orðinu »styrkveitingar«, eins og jeg benti á.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 5. kgk. þm. (Ág. F.) sagði, að sjóðurinn yrði svo lítill í byrjun, skal jeg taka fram, að skoða má svo sem sjóðurinn sje 250,000 kr. að því leyti, sem skoða má árstillagið sem vexti af þeirri upphæð, og það er miklu meira, en það, sem háttv. flutningsmaður fór fram á í fyrstunni. Búnaðarfjelagið hefur ekki neinn fastan styrk úr landssjóði, heldur að eins styrk veittan á fjárlögunum til þeirra fyrirtækja, sem fjelagið veitir fje til.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það eru ekki 250,000 kr., sem í sjóði yrðu, ef sjóðurinn að eins fengi til að byrja með þessar 10,000 kr. úr landssjóði; jeg verð að halda því fram, að það sjeu að eins renturnar af þessum 10 þús. kr., er nota mætti til styrkveitinga og verðlauna. Jeg gjöri lítið úr því, sem framvegis kann til að falla í sektum m. m.; um undanfarin 4 ár voru það c. 33 þús. kr. eða 8 þús. kr. á ári. Það er nú einmitt ástæða til að ætla, að sektirnar fari minnkandi eða hverfi með öllu eftir því, sem strandgæzlan batnar. Okkur nefndarmönnum kom saman um, að sjóðurinn eða stofnfje sjóðsins þyrfti að vera sem mest, til þess að hægt væri að miðla sem mestum lánum, og var þessa breyting, að landssjóður legði 10 þús. kr. árlega til sjóðsins, gjörð til að miðla málum, svo að ekki þyrfti að eudurgreiða úr landssjóði það sektarfje, sem þegar er orðið að eyðslueyri. Jeg held fast við það, að sjóðurinn sje að eins 10 þús. kr. samkvæmt lögunum, þegar hann er stofnaður; það er *sjóðsins fyrsta stofnfje* og má ekki eyða því, (þ. e. nota það

til styrkveitinga. Hitt er misskilningur, að lögin megi skilja svo, sem 10 þús. kr. tillagið eigi að vera eyðslueyrir, því það eru að eins renturnar af þeim, sem og framvegis af landssjóðstillaginu, sem jeg ætlast til að varið verði til styrkveitinga og verðlauna.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Af því jeg er í nefndinni, ætla jeg að leyfa mjer, að taka það fram, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að háttv. 2 kgk. þm. (E. Br.) hafi á rjettu að standa. Eptir að 2. gr. frumv., eins og hún kemur til að líta út eptir breytinguna, hefur talið upp, hvað er stofnfje sjóðsins, kemur síðast í greininni ákvæðið um þessar 10 þús. kr. Eins og sá viðauki er orðaður, verður ekki álitið, að þessar 10 þús, kr. eigi að renna í stofnsjóðinn. Stofnfjeð er sektarfje m. m. »plús« afgangi vaxta við árslok; hitt er eyðslufje. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg er með því, að ákvæðum botnvörpulaganna um sektir m. m. verði breytt eptir bendingu hæstv. ráðh.

Að öðru leyti er mjer laust í hendi, hvort sektarfjeð fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil rennur í sjóðinn eða ekki, því sjóðurinn mun fljótt verða stór, enda eru þessar 10 þús. kr. frá landssjóði hans vissustu tekjur og munu verða affarasælastar til lengdar.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg skildi ekki vel í því, hvernig háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) getur lýst því yfir, að hann geti verið með því, að skerða stofnfje sjóðsins eins og háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) stakk uppá. Það er okkur nefndarmönnum háttv. 5. kgk. þm. (Á. F.) og mjer einmitt mjög sárt um. Okkur var mjög hugarhaldið, að stofnfje sjóðsins yrði töluvert til þess að byrja með.

Hæstv. ráðh. sagði, að kapt. Schack hefði komið fyrstur með hugmyndina um að stofna sjóð af sektarfje fyrir brot á landhelgislögunum; mjer er ekki kunnugt um þetta, en jeg hef heyrt nú nýlega, að hugmynd kapt. Schacks hafi verið allt önuur, nefnilega gengið út á það, að sektirnar gengju til þess að greiða þeim sveitareða sýslufjelögum skaðabætur, sem mest tjón hlytu af hinni ólöglegu veiði botnvörpunga. Mitt frumv. var komið til af því, að það kom fram almenn óánægja á þingmálafundum í kjördæmi mínu yfir því, hve lítið væri gjört fyrir sjávarútveginn á móts við landbúnaðinn, og að sektarfje þetta rynni í landssjóð, er þó alls ekkert gjörði fyrir strandgæzluna, og lá þá næst, að nota það þeim í hag, er skaðann liða við hina ólöglegu veiði, nefnilega sjómönnunum.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

1. breyt.till. (77) við 2. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. svo breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.

1. breyt.till. (77) við 3. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (77) við 2. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. svo breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. (77) við 4. gr. felld með 8 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafson,	Björn M. Ólsen,
Ág. Flygenring,	Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,	Gutt. Vigfússon,
Sig. Jensson,	Jóh. Jóhannesson,
Valt. Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
	Sig. Stefánsson,
	Þórarinn Jónsson,
	Þorgr. Þórðarson.

4. gr. frumv. samþ. með 10 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. í heild sinni samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Á 13. fundi Ed., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 101, 107, 115, 116).

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Nefndin hefur komið fram með breyt.till. á þgskj. 115, til þess að laga frumv. þannig, að ekki þurfi að hafa tvennskonar bókfærslu, með því að láta sektirnar renna fyrst í landssjóð og síðan í fiskiveiðasjóð Íslands. Í breyt.till. er einni kommu ofaukið á eptir »veiðarfæri«. Annars er ekkert að athuga við þessar breyt.till., þær eru einungis til að lagfæra frumv.

Svo er fram komin önnur breyt.till. á þgskj. 107, frá 4 háttv. þingdm. um að breyta 1904 í 2. gr. frumv. í 1906. Nefndin leggur á móti þessari breyt.till., sökum þess, að þetta rýrir sjóðinn svo mjög, og lögin koma með því móti alls ekki að tilætluðum notum. Með því móti kemur sjóðurinn ekki til að hafa neitt stofnfje, þegar lögin öðlast gildi. Að sönnu fær sjóðurinn þessar 10 þús. krónur, en það verður það eina, og svo það sem inn kann að koma eptir 1906.

Enn fremur er jeg mótfallinn þessari breyt.till. sökum þess, að hjer eptir má búast við, að miklu minna verði um sektir, þegar búið er að byggja nýtt skip, sem í ráði er að byggja til strandgæzlu hjer við land. Þá þora botnvörpungar ekki að koma í landhelgi.

Ef þessi breyt.till. kemst að, yrði stofnfje sjóðsins rýrt svo mjög, að sjóðurinn kæmi alls ekki að tilætluðum notum.

Auk þess er það annað, sem jeg hef fyrir augum, þegar jeg er mótfallinn þessari breyt.till., nefnilega það, að sú mikla hvöt, sem nefndin hjelt fram að sjóðurinn yrði til þess að stofna þetta almenna fiskiveiðafjelag, hverfur alveg. En fjelagið getur miklu fremur orðið sjáfarútveginum að liði, heldur en nokkurntíma sjóðurinn, og væri þess vegna illa farið, ef ekkert yrði úr því.

Jeg verð því í nafni nefndarinnar að leggja eindregið á móti þessari breyt.till. við 2. gr., aptur á móti er nefndin samþykk hinni breyt.till. á þgskj. 107.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Eins og framsm. tók fram, er fram komin breyt.till. á þgskj. 116, við breyt.till. á þgskj. 107 viðvíkjandi 2. gr. Breyt.till. báðar eru sama efnis. Hann kvaðst vera mótfallinn þessari breyt.till., og færði sem ástæðu, að sjóðurinn hefði þá svo lítið úr að spila.

En jeg get ekki verið hinum háttv. framsm. samdóma um það, því að jeg get ekki skilið 2. gr. frumv. öðru vísi, en að þessum 10 þús. megi verja til útgjalda sjóðsins. Að þetta geti orðið því til hindrunar, að hið almenna fiskiveiðafjelag komist á stofn, fæ jeg ekki sjeð. Að mínu áliti er engu minni hvöt til að stofna fjelagið, þó að breyt.till. okkar komist að.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það var meining nefndarinnar með því að færa tímatakmarkið fram um 3 ár, og láta lögin verka þannig aptur fyrir sig, að láta sjóðinn hafa dálítið ríflegt stofnfje með höndum. Auk þess skyldu þessar 10 þús. kr. bætast við stofnfjeð. En það munar afarmiklu, ef sjóðurinn væri rýrður eins og brtill.

fara fram á. Ef þessi sjóður á að komast á stofn, eins og flestir virðast vera á eitt sáttir um, þá þarf hann að hafa ríflegt stofnfje, og meiningin er, að í framtíðinni losni þingið við smábænarskrár til eflingar sjávarútveginum, því slíkar styrkbeiðslur koma að sjálfsögðu til fiskveiðafjelagsins og stjórnar sjóðsins. Enda er það miklu heppilegra, því í stjórn sjóðsins verða einmitt menn, sem bezt skynbragð bera á slík mál, sem þingmenn allajafnan skortir mjög tilfinnanlega þekking á. Jeg álít ekki spursmál, að þingið eigi að taka vel í þetta velferðarmál sjávarútvegsins, með því það er sá atvinnuvegur, sem mest flytur landssjóði í aðra hönd.

Landbúnaðurinn er árlega styrktur með mjög ríflegum fjárframlögum, og enginn telur það eptir, en nú vill þingið skera þetta svo mjög við neglur sjer, þegar sjávarútvegurinn á hlut að máli.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg ætla að svara fám orðum hinum háttv. 2 kgk. (E. B.). Hann heldur því fram, að 10 þús. kr. megi eyða og nota til útgjalda sjóðsins, en jeg held því fram, að samkv. 2. gr. geti það ekki skilizt svo. Því sama reglan gildir um hvorttveggja, sektarfjeð og tillagið.

Ef það væri meiningin, að eyða megi þessum 10 þús. kr., þá vantar allar reglur fyrir því, hvernig þeim skuli varið. Samkvæmt frumv. eru það að eins hálfir *vextir* stofnfjárins, sem verja má til lána o. s. frv. Jeg skil ekki, hversvegna hinir háttv. þm. eru að klípa af sjóðnum á þennan hátt.

Það fje, sem frumv. ætlast til að lagt sje í sjóðinn, er ekki orðið eyðslueyrir og því ekki tilfinnanlegt fyrir landssjóð að leggja það út, Hinn hæstv. ráðh. gjörir þetta ekki að neinu kappsmáli, og er því skrítið, að þingið skuli vilja skera þetta svo mjög við neglur sjer. Hinn háttv. 2. kgk. (E. B.) sagðist ekki sjá, að þó breyt.till. hans kæmust að, þá væri það nein hindrun fyrir stofnun fjelagsins, en jeg verð að halda því fast fram, að þó það sje ekki beinlínis hindrun, þá verði hvötin langt um minni, það álít jeg illa farið.

Við verjum árlega stórfje til verðlauna á útfluttu smjöri, þótt allir játi, að það sje ranglátt. En vjer gjörum það til upphvatningar. Líkt er ástatt hjer, að vjer viljum auka hvötina til framfara í þessum atvinnuveg. En hjer er þó ólíku saman að jafna, þar sem þetta getur alls ekki kallast eytt fje, sem veitt er til sjávarútvegsins, því verður aðallega varið til lána, en smjörverðlaunin eru beinlínis gjöf til einstakra manna.

Björn M. Ólsen (C. kgk. þm.): Jeg verð að taka það fram, að það er ekki rjett, sem háttv. 2. þingm. G.-K. (V. G.) sagði, að þessar 10 þús, kr., sem landssjóður á að leggja til árlega, heyri til stofnfje. Lesi maður 2. gr. frv., þá sjer hver maður, að það er ekki samkvæmt orðalagi frumv. Þar stendur: þegar búið er að telja upp stofnfje sjóðsins: »*Auk þessa* leggur landssjóður árlega 10 þúsund kr. til sjóðsins«. Þetta er ómögulegt að misskilja. Það getur verið, að annað hafi verið meining flutningsmanns og nefndarinnar, en heilbrigð skynsemi skilur það á þann veg, sem jeg hef bent á.

Ef breyt.till. nær fram að ganga, þá verður við stofnfje skilið sektarfje og »nettó«-andvirði upptæks afla og veiðarfæra. Jeg álít líka heppilegast og eðlilegast, að svo sje, og eru miklar líkur til þess, að sjóðurinn verði hinn ríkasti. Sje það meiningin, að 10 þús.

krónurnar teljist til stofnfjárins líka, þá verð jeg að vera því mótfallinn. Því það er einmitt þörf á ríflegu fje til árlegra útgjalda sjóðsins.

Háttv. framsm. (V. G.) sagði, að ekki mætti verja öðru til árlegra útgjalda en ½ vöxtunum samkvæmt 3. gr., en það er ekki rjett, því að það er hvergi bannað, að verja þessum 10 þús. kr. til ársútgjalda. En verði afgangur af þeim, þá leggst hann að sjálfsögðu við höfuðstólinn, og telst upp frá því með því fje, sem ekki má snerta.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-M.): Það eru að eins 2 »formellar« athugasemdir, sem jeg vildi gjöra. Mjer finnst það ekki rjett, að breyta innihaldi botnvörpulaganna 6. apríl 1898 án þess, að geta þeirra í fyrirsögn frumv.; enn fremur er það óviðfelldið og ekki rjett, eins og komizt er að orði í breyt.till. (115) frá nefndinni: »að sektir, upptækur afli og veiðarfæri, renni í landssjóð«. Það er ekki aflinn, sem rennur í landssjóð, heldur andvirði hans. Þessu hvorutveggja þyrfti að breyta, en er nú um seinan hjer í deildinni. Það mætti koma því svo fyrir, að háttv. neðri deild taki eptir þessum »formgöllum«, og má þá vænta, að hún leiðrjetti þá.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg hef ekki verið ánægður með frumv. frá upphafi. Helzt hefði jeg viljað, að þingið hefði fríar hendur, og gæti veitt fje til styrktar fiskiveiðum á hverju þingi, vissa fjárupphæð. Sje það meiningin, að þetta 10 þús. kr. tillag úr landssjóði renni í stofnsjóðinn, þá fæ jeg ekki sjeð, að sjóðurinn hafi nægilegt fje til þess, að starfa með. Það er ekki einhlýtt, að atvinnuvegur geti haldizt við, hann þarf að taka framförum, og til þess að geta gjört nokkuð til bóta fyrir sjávarútveginn þarf mikið fje. Það er orðið álitamál meðal háttv. þingdeildarmanna, hvort þessar 10 þúsund kr., er landssjóður leggur fiskiveiðasjóðnum, eru stofnfje eða tekjur til eyðslu. Sje það stofnfje, þá greiði jeg atkvæði móti breyt.till. á þskj. 116; og verði hún samt samþykkt, þá greiði jeg atkvæði á móti frumv.; jeg get sem sje ekki sjeð, að sjóður með um 10 þús. kr. höfuðstól í byrjun til útlána og um 400 kr. vexti til styrkveitinga og verðlauna-veitinga, geti gjört nokkuð verulegt gagn sjávarútvegi Íslands til framfara.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það er undarlegt, hversu skiptar skoðanir háttv. þingdeildarm. hafa um það, hvort þessar 10 þúsund kr. úr landssjóði verði stofnfje sjóðsins eða eyðslueyrir. Mjer finnst ekki geta verið neitt spursmál um það. Jeg tók það svo skýrt fram við 2. umr., að mjer virðist engum geta blandazt hugur um það, hvað á að verða stofnfje sjóðsins og hvað eyðslueyrir; lögin eru einkar ljós í þessu tilliti; í 2. grein er talið upp fje sjóðsins; fyrst er nefnt sektarfje það m. m., sem runnið hefur í landssjóð síðan 1. janúar 1904; því næst samskonar fje, er til kann að falla framvegis, og að lokum stendur: »auk þessa leggur landssjóður árlega 10 þús. kr. til sjóðsins«. Mjer finnst þetta ekki geta misskilizt. Jeg tók það fram við 2. umr., að hugmynd mín og háttv. meðnefndarm., 2. þm. G.-K. (V. G.) var það, að stofnfje sjóðsins yrði sem mest, og ætluðumst við til þess, að af því væri lánað til nýrra arðvænlegra fyrirtækja til skamms tíma, en við hirtum alls ekki svo mjög um, að fá mikið eyðslufje handa sjóðnum. Það er alveg vitlaus pólitík, sem gengur út á það, að jeta upp allt það fje, sem veitt er til framfara atvinnuveg-

um landsins. Það eru nokkurskonar hallærislán, sem aldrei koma að tilætluðum notum. Við, háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) og jeg, gjörðum okkur ánægða með, ef sjóðurinn hefði til að byrja með 800 kr. til beins styrks, og þess utan 2000 kr. til að styrkja unga og efnilega menn til þess, að kynna sjer veiði-aðferð, fiskverkun og fleira hjá öðrum þjóðum. Þessar upphæðir svara vöxtunum af fje því, sem ætla má, að sjóðurinn byrji með. Aðrar tekjur hans var meining okkar að rynnu í sjóðinn. Þetta er meining min enn þá, og held jeg því fast við, að þessar 10 þús. kr. sjeu stofnfje en ekki eyðslueyrir. Þegar verið er að tala um, að stofna sjóð, þá er þó líklega meiningin, að eitthvað verði í sjóðnum, þegar hann er settur á laggirnar; færi nú svo, að sektarfje m. m., sem runnið er í landssjóð, þegar frv. þetta yrði að lögum, ætti ekki að renna í sjóðinn, þá væri enginn eyrir í sjóðnum til að byrja með, ef þessar 10 þús. krónur ættu að teljast eyðslueyrir. Ef að nokkuð verulegt á að vera hægt að gjöra til gagns og framfara sjávarútveginum, þá þarf mikið fje til hentugra lána, til þess að gjöra mönnum kleypt, að bæta útveg sinn, byrja ný fyrirtæki, og auðvitað nokkuð líka til verðlauna og styrkveitinga; en mitt álit er, að miklu fje skuli varið til skynsamlegra lána til skipakaupa og fleira, en lítið til beinna styrkveitinga, nema til ungra manna til að auka þekkingu sína á veiðum og veiði-aðferðum og verkun og hagnýting aflans.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þ. m.): Jeg vil að eins skjóta því inn í, að eptir fjárlagafrumv. stjórnarinnar eru ætlaðar 70 þús. kr. til eflingar fiskiveiðum á næsta fjárhagstímabili.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg get ekki betur sjeð, en að hjer sje komið í óefni. Auðvitað er jeg ekki í vafa um, fyrir mitt leyti, hvort þessar 10 þús. kr. eru stofnfje eða eyðslueyrir; jeg skil ákvæði laganna þar um á sama hátt og sessunautur minn háttv. 2. kgk. þm. (E. B.), og álít, að það sje ekki stofnfje. En þar sem háttv. þingdm. hafa svo skiptar skoðanir um þetta, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að nauðsynlegt sje að laga 2, gr. frumv. samkv. því, sem á að vera meiningin með henni; ennfremur þarf að laga hið óheppilega orðalag á breyt.till. frá nefndinni og fyrirsögn frumv. samkvæmt bendingu háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.). Jeg vil því leyfa mjer að stinga upp á, að umr. sje frestað.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg get eigi sjeð, að það sje rjett, að þessar 10 þús. kr. úr landssjóði verði eyðslufje. Það vantar þá alveg reglur í lögunum um notkun þessarar tekjuupphæðar. Í 3. gr. eru að eins ákvæði um það, til hvers eigi að verja *vöxtum* sjóðsins. Eins og háttv. 5. kgk. þm. (Ag. Fl.) tók fram, yrði enginn eyrir í sjóðnum, ef breyt.till. á þgskj. 116 nær fram að ganga, þegar hann ætti að taka til starfa; ef 10 þús. kr. tillagið ætti svo að vera eyðslufje, sem jeg get ekki fallizt á fyrir mitt leyti, þá gæti sjóðurinn alls ekki tekið til starfa með útlán. Til þess að útilokaður verði allur misskilningur um þetta atriði, og lagfæra megi breyt.till. á þgskj. 115 samkvæmt bendingum háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), þá vil jeg fallast á, að umr. sje frestað.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Til þess að útiloka, að breyt.till. komi sín úr hverri áttinni, eins og hjer hefur átt sjer stað, þá vil jeg leyfa mjer að styðja till. háttv. 2. þm. Húnv. (J. Jak.) um,

að umræðunni sje frestað, og legg þá til, að málinu sje vísað aptur til nefndarinnar.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Málinu er óbeinlínis vísað til nefndarinnar, ef umræðunni er frestað.

Forseti: Jeg geng út frá því sem gefnu, að málið fari aptur til nefndarinnar, ef umræðunni verður frestað.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er töluverður mismunur, hvort málinu er vísað til nefndarinnar eða ekki. Ef því er vísað til nefndarinnar, þá getur hún ráðið, hversu langan tíma hún tekur sjer til þess að íhuga það; en sje það ekki gjört, þá getur forseti sett það á dagskrá þegar hann vill.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Við þurfum ekki að óttast neitt gjörræði hjá forseta í því efni.

Forseti: Jeg álít sjálfsagt, að nefndin taki við málinu aptur. Ef það eru ekki fleiri, sem vilja taka til máls, þá er umræðunni um málið frestað, og verður það tekið síðar á dagsskrá í samráði við nefndina.

Málið tekið út af dagsskrá eptir áskorun margra deildarmanna.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til framhalds 3. umr. (A 101, 107, 115, 116, 131, 140).

Eiríkur Briem (2. kgk, þm.): Jeg hef leyft mjer ásamt nokkrum öðrum þm. að koma fram með breyt.till. á þgskj. 140. Þó þessi breyt.till. sje fyrirferðarmikil, þá er hún þó eigi eins mikil efnisbreyting að sínu leyti. Það kom fram við fyrri hluta þessarar umr., að mikill meiningarmunur var hjá háttv. deildarmönnum um, hvernig ætti að skilja 2. gr. frumv., svo að það var nauðsynlegt, að koma fram með bein ákvæði þar að lútandi. Nú liggur fyrir breyt.till. frá háttv. nefnd á þgskj 131. Þar sem hún leggur til, að tillagið úr landssjóði leggist til stofnfjár sjóðsins, er það þvert á móti því, sem farið er fram á á þgskj. 116. Eptir okkar meiningu var svo að skilja, að þessar 10,000 kr. ættu að vera til árlegra útgjalda, og þessvegna þótti okkur eigi þörf á höfuðstól. En nefndin lagði áherzlu á höfuðstólinn, enda getum við fallizt á það og leggjum því til í breyt.til. á þgskj. 140, að stofnfjeð verði 100 þúsund krónur, en færum þá aptur á móti árstillagið niður í 5000 kr. Jeg ímynda mjer, að þetta fari hjer um bil miðja vega milli þeirra tveggja skoðana, sem hafa verið uppi hjer í háttv. deild, en býst þó við, að háttv. nefnd þyki þetta ef til vill nokkuð lítið. Jeg álít þetta þó sanngjarnt og mjer finnst, að landssjóður megi ekki binda meira fje. Landssjóður leggur þetta fje mestmegnis fram í skuldabrjefum fyrir þilskipalánum; eptir athugasemdum við tjárlagafrumv. má gjöra ráð fyrir, að þau nemi við lok þessa árs rúmum 90,000 kr.; það sem landssjóður þyrfti þá að bæta við í peningum mundi þá verða um 10,000 kr. Við 3. gr. höfum við gjört breyt.till. Verðlaunin drögum við aptast í gr., með því að okkur finnast þau minnst verð. Það er að vísu rjett, að Ræktunarsjóðurinn útbýtir verðlaunum, en þar er öðru máli að gegna og þó efast jeg um, að þau komi jafnvel þar að tilætluðum notum. Aðalmarkmið verðlauna er að hvetja menn til framkvæmda, en það er eigi líklegt, að þau yrðu sjerlega mikil hvöt hjer. Það er öðru máli að gegna við jarðræktina, þar getur sá, er mikið vinnur að jarðrækt, nokkurnveginn reiknað það út, að hann muni fá verðlaun, því þau fara aðallega eptir tölu dagsverka, sem

varið er til jarðabóta, en hjer á að veita verðlaun fyrir atorku og nýjungar, en það er miklu óákveðnara en hitt, og mest komið undir áliti sjóðsstjórnarinnar. Þetta getur dregið úr hvötinni til framkvæmda, en kemur eigi fram, þegar um jarðrækt er að ræða, því að hver og einn getur þar eins og sagt við sjálfan sig: Ef þú gjörir þetta, þá færðu verðlaun. Jeg hef svo eigi öðru við að bæta en því, að ef þessar breyt.till. á þgskj. 140 ná fram að ganga, verða breyt.till. á þgskj. 107 og 116 teknar aptur, og mjer skilst svo, að nefndin taki aptur breyt.till. á þgskj. 115 með breyt.till. á þgskj. 131.

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Sökum ágreinings þess, sem varð við fyrri hluta þessarar umr., liggur hjer fyrir breyt.till. frá nefndinni, á þgskj. 131, þar sem það er tekið skýrt fram, að landssjóðstillagið skuli tilheyra stofnfje sjóðsins, ennfremur er þar farið fram á, að nema burtu þau ákvæði úr 2. og 3. gr. botnvörpuveiðilaganna frá 6. apríl 1898, að sektir og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skuli renna í landssjóð. Það er rjett, sem háttv. 2. kgk. (E. B.) sagði, að með breyt.till. á þgskj. 131 er breyt.till. á þgskj. 115 tekin aptur, og mjer skilst, að sama sje að segja um breyt.till. á þgskj. 107 og 116 (*Eiríkur Briem:* Ekki ef breyt.till. á þgskj. 140 verður felld). Hvað viðvíkur breyt.till. á þgskj. 140, verður nefndin að láta það álit sitt í ljósi, að hún er ánægðari með sínar tillögur, en álítur hins vegar þessar breyt.till. á þgskj. 140 miklu aðgengilegri en þær, sem áður komu fram og mun eigi gjöra það að miklu kappsmáli. Það er satt, sem háttv. 2. kgk. þm. sagði, að eptir till. hans verður stofnfjeð meira til að byrja með, en áður var ætlazt til, en aptur á móti minna árstillag, og stofnfjeð fær sjóðurinn í skuldabrjefum, sem eigi gefa nema 3% vexti, svo að árstekjurnar verða minni. Auk þess stendur fjeð fast, en mun þó losna smátt og smátt, og lítið verður til útbýtingar fyrstu árin. Annars finnst mjer eigi þörf á að ræðu þetta meira nú, heldur láta atkv. ráða úrslitum, þar sem þetta hefur verið rætt svo mikið við fyrri hluta þessarar umr., og nefndin ætlar sjer eigi að gjöra það að neinu kappsmáli.

Björn M. Ólsen, (3. kgk. þm.) Jeg get að öllu leyti skirskotað til þess, er háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) sagði um breyt.till. á þgskj. 140. En jeg vil að eins taka það fram, að svo framarlega sem 1. gr. breyt.till. verður felld og þar með öll breyt.till., þá mun jeg og hinir till.mennirnir fylgja fram hinum eldri breyt.till. á þgskj. 107 og 116, og verði þær felldar, þá mun jeg fyrir mitt leyti greiða atkv. á móti frumv. í heild sinni.

Ráðherrann: Jeg ætla að eins að gjöra stutta fyrirspurn til till.manna. Hvað mikið ætlast þeir til, að landssjóður borgi í peningum til sjóðsins og hvað mikið í skuldabrjefum? Jeg get sem sje hugsað mjer, að ágreiningur gæti orðið um þetta efni.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Mín hugmynd er, að landstjórnin, borgi stofnfjeð út í skuldabrjefum fyrir þilskipalánum það sem þau hrökkva til, en það, sem til vantar í peningum, og jeg ætla, að 90 þús. í skuldabrjefum muni láta nærri, en það gæti ef til vill orðið dálítið minna ef einhver lán innborgast frekar en áskilið er og þá aptur meira í peningum, en það getur líka orðið eitthvað meira í skuldabrjefum, ef ný lán til þilskipakaupa kunna að verða veitt. Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) sagði, þá er það satt, að vextirnir eru nokkuð lágir, eg það er held-

ur eigi langt, þangað til skuldabrjefin útborgast.

Jón Ólafsson, (4. kgk. þm.): Jeg vil taka það fram út af því, sem háttv. 2. þm. G.-K. sagði, að lánið mun vera veitt 3 fyrstu árin rentulaust og á svo að borgast á 8 árum.

Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Jeg vil gjarnan svara nokkrum orðum því, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) og háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sögðu.

Hinn fyrnefndi háttv. þm. sagði, að mörgum mnndi þykja það of mikið að leggja til 10 þúsund á ári, en jeg er samþykkur háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að það sje eigi of hátt. Við fyrri hluta þessarar umr. voru allir sammála um það, að 10 þús. væri eigi of mikið.

Nefndin hefur gjört miklu minni kröfur, en líkindi hefðu verið til, að hún mundi gjöra, þegar litið er til þess, að sjávarútvegur er annar helzti atvinnuvegur landsins, og af þessum atvinnuvegi mun landssjóður hafa hjer um bil 65 þús. kr. tekjur á ári, þótt tekjurnar af botnvörpungum gangi frá og tolltekjur hvalveiðamanna, sem eru nú óðum að hverfa. Mjer finnst því eigi vera rjett að sjá eptir þessari upphæð til sjávarútvegsins, þar sem svo mikið er lagt til landbúnaðarins, að sú upphæð er stærri en sú, er sjávarútvegurinn gefur í landssjóð. Jeg varð þess vegna alveg hissa á því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) sagði, og skil eigi í, að honum hafi verið alvara *(Björn M. Ólsen:* Jú*)*, þar sem hann kveðst eigi munu geta gefið atkv. sitt með frumv., ef breyt.till. á þgsk. 140 gangi ekki fram. Það er svo langt frá, að nefndin hafi farið fram á nokkuð ósanngjarnt hjer, að ef hún hefði viljað fara í strangan reikning, þá hefðu fjárupphæðir þær, er hún hafði farið fram á, verið *mörgum sinnum* hærri. Jeg get eigi ímyndað mjer, að frumv. verði fellt, enda mundi það mælast mjög illa fyrir. Annars vil jeg taka undir með háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.), að nefndin gjörir það ekki að mjög miklu kappsmáli, að till. á þgsk. 131 gangi fram., ef breyt.till. á þgskj. 140 verða samþykktar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil taka það fram, að ástæður minar gegn frv. eru þær, að mjer finnst fjarstæða að fara að »kapitalísera« 10 þús. kr. á ári, og mun alls ekki greiða atkv. með því. og var því hrein alvara, er jeg sagði, að jeg mundi greiða atkv. móti frumv. ef þetta ákvæði væri samþykkt.

Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Jeg þarf varla að svara því, sem háttv. 3, kgk. þm. sagði.

Jeg býst við, að hin háttv. deild sje mjer sammála í því, að það sje heppilegra að leggja þetta í sjóð en að jeta það upp eins og nokkurs konar hallærislán. Það væri fjárhagsleg heimska miklu tryggilegra er að setja það fast, auka stofnfjeð sem mest og nota það til hagkvæmra og aðgengilegra lána. Háttv. þm. talar eigi um það stórfje, sem »kapitaliserað« er í Ræktunarsjóðnum; hvers vegna hefur þingið látið það viðgangast, ef það er svo óheppilegt? Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að sama fyrirkomulag yrði farsælt hjer og er því meðmæltur.

ATKVGR.: Breyt.till. þgskj. 140 við 1. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Breyt.till. á þgskj. 140 við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Breytt.till. (116 a) við 2. gr. tekin aptur.

Breyt.till. (116 b) við 2. gr. tekin aptur.

Breyt.till. á þgskj. 140 við 3 gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Breyt.till. (á þgskj. 140=107) við 4. gr. samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 107, 115 og 116 teknar aptur.

Breyt.till. á þgskj. 131 Nr. 3 samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 131 Nr. 1 samþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 131 Nr. 2 fellur burtu.

Frumv. í heild sinni með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 454).

Ráðherrann: Jeg legg til, að þessu máli sje vísað til fjárlaganefndarinnar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Frumv. vísað til fjárlaganefndarinnar með 15 samhlj. atkv.

Á 40. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 2 umr. (A. 154, 443, 462).

Framsögumaður Pjetur Jónsson (þm, S.-Þing.): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að tala mikið fyrir þessu máli, enda er jeg ekki sá, er sje helzt fær um að mæla fyrir því, því jeg er sjávarútveginum lítið kunnugur. Jeg ætla aðeins að skýra frá því, að fjárlaganefndin er eindregin með stofnun sjóðsins og leggur til, að frumv. fái góðan byr í deildinni.

Það eru einungis breyt.till., sem jeg ætla að víkja nokkrum orðum að, sjerstaklega breyt.till. við 1. gr. Hún er sprottin af því, að það hefur verið samþykkt önnur ráðstöfun á sektarfjenu. Aths. sú í fjárlögunum, er lítur að ráðstöfun þessari, kemur í bága við greinina eins og hún er í frumv., en aths. var samþ. með flestum atkv. hjer í þd., svo nefndin var samdóma um að lagfæra gr. samkvæmt því, svo ekki væri ráðstafað meiru til sjóðsins en afgangi umrædds fjár. En til þess að bæta sjóðnum missinn að nokkru, leggur nefndin til, að hin árlega fjárveiting til hans úr landssjóði hækki um 1000 kr. Væntanlega þarf ekki að búast við því, að kröfunni um að fá hlut af sektarfjenu verði haldið lengi fram af Dönum, og þarf þetta því eigi að verða stór halli fyrir sjóðinn.

Á þskj. 462 er breyt.till. frá fjárlaganefndinni, sem hún kom fram með fyrir orð eins háttv. þd.manns, sem hefur haft áhuga á málinu og lagði áherzlu á, að eitt af hlutverkum sjóðsins yrði það að styðja að útgáfu sjómannablaðs. Nefndin hefur eigi fundið neitt á móti þessu, en samþ., að bætt verði inn í 3. gr. að brúka megi fje sjóðsins einnig til þess. Svo hef jeg ekki meira að athuga. Jeg býst ekki við, að það verði miklar umr. um málið. Háttv. þdm. hafa sjálfsagt þegar hugsað það og rannsakað svo, að jeg býst við, og að það fái góðan byr í Ed. með breytingum þeim, sem á því eru orðnar.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg legg með því, að háttv. þd. samþ. breyt.till. á þskj. 462, að verja megi dálitlu af sjóðnum til útgáfu blaðs handa sjómönnum. Hjer er ekkert blað, sem eingöngu er fyrir sjómenn og sjávarútvegnum til eflingar, sem þó er full þörf á. Það er kunnugt, hve miklu góðu fiskitíðindi bæði í Noregi og Danmörku koma til leiðar, enda hefur það opt komið til orða á fundum útgjörðarmanna og sjómanna hjer, hve nauðsynlegt það væri að stofna slíkt blað hjer, þó að til þessa tíma ekkert hafi orðið úr því. Jeg vil því leggja eindregið með því, að breyt.till. verði samþ., til þess að ráðin verði bót á þessari vöntun.

ATKVGR.:

1. breyt.till. við 1. gr. (443) samþ. með 22 atkv.

1. gr. með áorðinni breytingu samþykkt í einu hlj.

2. breyt.till. við 2. gr. samþ. með 22 atkv.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 22 atkv.

Breyt.till. við 3. gr. (462) samþ. með 22 atkv.

3. gr. með áorðinni breytingu samþykkt með 22 atkv.

4. gr. samþ. með 24 atkv.

3. breyt.till. við 5. gr. (443) samþ. með 22. atkv.

5. gr. með áorðinni breytingu samþ. í einu hlj.

Fyrirsögnin samþykkt án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumvarpið til 3. umræðu.

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og endursent forseta Ed.

Á 45. Ed., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frv. til einnar umr. (A 520, 529).

Framsögumaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Háttv. Nd. hefur gjört nokkrar breytingar, er lúta að því, að hækka landssjóðstillagið. Enn fremur brytingar á 2. og 3. gr. En þótt nefndin hefði verið miklu ánægðari með frumv. í hinni upphaflegu mynd, þá leggur hún eptir atvikum samt til, að það verði samþykkt eins og það er nú.

ATKVGR.:

Frumv. samþ. óbreytt með 10 samhljóða atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XIX. Beitutekja.

Á 11. fundi Ed., laugardaginn 15. júlí, kom frumv. til laga um beitutekju (A 62) til 1. umr.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Frumv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er flutt af mjer samkvæmt óskum margra kjósenda minna. Því er svo varið á Ísafirði, að aðalatvinnuvegurinn, sem sje fiskiveiðarnar, byggist á skelfiskbeitunni. Það ræður því að líkum, að aðgangur að því að afla sjer þessarar beitu sje gjörður svo greiður, sem unnt er.

Það hagar þannig til við Ísafjarðardjúp, að talsverður vafi leikur á því, hvar leyfilegt sje og hvar ekki að taka beitu. Þar er notuð sjerstök skelfisksstegund; en af því hún fæst opt ekki nema á einstöku stöðum; þá hafa landeigendur gjört mönnum mjög erfitt fyrir með að ná í beitu, og almenningur því orðið að sæta afarkostum. Úr þessu er ætlun mín að bæta með frumv. þessu. Jeg vildi helzt óska þess, að nefnd yrði kosin til þess að íhuga málið, þegar umr. er lokið. Það má vel vera, að eitthvað sje athugavert við það. En jeg vona, að hin hv. deild taki frumv. vel, og jeg nái þeim tilgangi mínum, að gjöra Ísfirðingum

ljettara fyrir að afla sjer þessarar beitu, sem er aðalskilyrði fyrir bátfiskiveiðum þeirra. Jeg mun því á sínum tíma stinga upp á nefnd í málið.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg vil á vissan hátt mæla fram með frumv. þessu um, hvernig beitutekja eigi fram að fara. Jeg álít nauðsynlegt, að gjöra nákvæmari ákvarðanir um þetta efni, heldur en nú á sjer stað, því það mun vera talsvert mismunandi siður á hinum ýmsu stöðum í landinu. Þar sem beitufjörur eru einstakra manna eign, verður að gæta þess, að ekki riði frumv. í bága við eignarrjett einstaklingsins, og gildandi lög. Jeg álít því nauðsynlegt, að athuga þetta frumv. í nefnd, og leyfi mjer að stinga upp á 3 manna nefnd.

Ráðherrann: Hjer er mjótt mundangshófið, að ekki fari frumv. þetta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrjettinn. Að minnsta kosti verður að setja fastar skorður fyrir því, hvernig endurgjalda skuli beitueigendum leyfislausa beitutekju fyrir þeirra landi. Það tjáir ekki, að beituþiggendum sje gefið sjálfdæmi um það, í hverju þeir gjalda beituaflann. Það verður að ákveða eitthvað nánar um það. Þetta eru að eins bendingar til nefndar þeirrar, er jeg býst við að kosin verði til að íhuga þetta mál. Ef til vill finnur hún einhvern færan veg í þessu.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Till. um að kjósa 3 manna nefnd sþ.

Kosningu hlutu:

Eiríkur Briem, með 10 atkv.,

Sigurður Stefánsson, með 8 atkv.

og Þórarinn Jónsson með hlutkesti milli hans og Ágústs Flygenrings, er báðir höfðu fengið 6 atkv.

Eiríkur Briem var kosinn form., og Sigurður Stefánsson skrifari og framsm.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 28. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 62, 161).

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Nefnd sú, sem kosin var til að íhuga þetta mál, hefur gjört allmiklar breytingar á frumvarpinu. Þau ákvæði 1. gr. frumv., að beitutekja sje heimil í netlögum án leyfis landeiganda, telur nefndin ganga of nærri eignarrjettinum, jafnvel þó borgun sje greidd fyrir það, og leggur hún því til, að þessi ákvæði sjeu burt numin.

Aðalástæða fyrir frumv. er sú, að við Ísafjarðardjúp hagar nokkuð sjerstaklega til með beitutekju. Þar er notuð kúskeljabeita. Henni er þannig náð, að haft er verkfæri, sem plógur nefnist. Þessi plógur er dreginn eptir sjávarbotninum, rífur hann upp í sig skelina, sem gengur svo aptur úr plógnum í háf, sem festur er við hann; úr plógnum liggur strengur á land, og er plógurinn dreginn á honum með gangspili á landi; þegar plógurinn hefir verið dreginn fram lengri eða skemmri veg, er hann tekinn upp í bát og losaður. Beita þessi er alloptast nokkuð langt frá landi og sjaldan nokkuð til muna af henni í netlögum.

Þessi beitutegund er talin mjög góð, jafnvel betri en síldarbeita, að því leyti að hún geymist miklu betur. Sumir landeigendur hafa verið mjög meinsamir og ekki leyft, að setja spilin á land, nema fyrir afarháa borgun, enda þótt beitan hafi verið tekin fyrir utan netlög.

Mjer er kunnugt um það, að Ísfirðingur flutti með sjer beitutekjuverkfæri þessi frá Ísafirði til Eyjafjarðar síðast liðið ár, og hefur 2. þm. Eyfirðinga tjáð mjer, að þau hafi verið notuð þar og gefizt vel.

Menn halda, að skel þessi sje mjög

víða í sjávarbotninum, en það er víða erfitt að ná í hana, og fer það eptir botnlaginu. Þessi lög snerta aðeins þessa beitutegund, því með krækklingsbeitu hagar öðruvísi til, þar jeg til veit.

Nefndin áleit ósanngjarnt, að landeigendur gætu bannað mönnum, að setja á land beitutekjuverkfæri sín gegn sanngjarnri þóknun, svo framarlega sem ekki væri þar friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós með laxveiði í.

Í flestum tilfellum er svo að segja enginn usli af þessum verkfærum sökum þess, að það er alloptast malarkambur, sem notaður er eða fjaran sjálf.

Ennfremur vill nefndin skylda formann til þess að gjöra ábúanda við vart í hvert skipti, er hann samkvæmt 1. gr. ætlar að taka beitu fyrir landi hans. Þótt þetta geti í sumum tilfellum verið talsvert ómak, þá áleit nefndin þó sjálfsagt að taka svo mikið tillit til landeigandanna.

Nefndin áleit rjettara, að banna alveg beitutekju utan netlaga, þar sem friðlýst æðarvarp, sellátur eða árós með laxveiði í eru, heldur en að leyfa hana og gjalda skaðabætur, sökum þess að tjón það, sem af því getur hlotizt, verður opt ekki metið eins og vert er.

3. breyt.till. nefndarinnar fer fram á, að 2. gr. frumv. verði 3. gr. og við hana verði gjörð sú breyting, að fyrir orðin »tún . . . selalagnir« komi »jörð«. Þetta þótti nefndinni ná betur meiningunni og vera meira tæmandi orð.

4. breyt.till breytir ekki miklu og vona jeg, að menn geti fallizt á hana. Samkvæmt þessum breytingum verða 4. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. frumv. óþarfar, og hefur því nefndin lagt til, að þær falli burt. Að sinni skal jeg svo ekki frekar fjölyrða um þetta mál.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Jeg er hinni háttv. nefnd þakklátur fyrir þær breytingar, sem hún hefur gjört, og sjerstaklega fyrir breytingarnar við 1. gr. frumv. Þegar frumv. var til 1. umr. hjer í deildinni, blandaðist mjer ekki hugur um, að með ákvæði 1. gr. væri mjög skertur eignarrjettur manna, þar sem hún heimilaði sjerhverjum þeim, er heimild hefur til að fiska í landhelgi, að taka skelfisk til beitu fyrir annars manns landi.

Það er öllum kunnugt, að beitutekja er talin og er opt mikilsverð hlunnindi jarða, sem jarðarábúendur hafa töluverðar tekjur af, bæði beinlínis, með því að selja sjómönnum hana fyrir sanngjarnt verð, og óbeinlínis í æðarvarpinu, sem opt er töluvert á þeim sjávarjörðum, þar sem skelfiskur er.

Þessar breytingar nefndarinnar eru því til verulegra bóta.

Eins og 1. gr. var orðuð, þegar frv. var fyrst borið upp hjer í deildinni, voru ábúendur þessara jarða sviptir öllum rjetti á skelfiski í landareign sinni, en áttu að fá í skaðabætur 10. hverja skel, sem fiskimenn tækju í landi hans.

Í Hornafirði er nokkur skelfiskur *innan fjarðar*, sem kallað er, en þar er einnig töluvert æðarvarp. Varpeigendur þar hafa þá skoðun, að æðarfuglinn lifi mjög mikið á skelfiskinum í firðinum, og ef útróðrarmönnum austan af fjörðum, sem síðustu árin hafa tekið að stunda fiskiveiðar á Horni í Hornafirði, væri leyft takmarkalaust, að taka skelfiskinn í firðinum til beitu, þá væri æðarvarpinu hætta búin. Mjer er einnig kunnugt um, að það eru ekki að eins varpeigendur í Hornafirði, sem álíta, að

æðarfuglinn lifi mjög mikið á skelfiski, heldur munu varpeigendur víða á landinu vera sömu skoðunar og banna algjörlega, að láta taka beitu í sinni landareign; t. d. hefur mjer verið skýrt frá, að á Hólmum í Reyðarfirði sje aldrei leyft að taka skelfisk til beitu.

Í frumv. og breyt.till. er það tekið fram, að netlög sjeu 60 faðmar *á sjó út* frá stórstraums fjöruborði, og fyrir útan þau takmörk megi allir fiskimenn taka beitu. Nú vildi eg spyrja háttv, framsm., hvort hann og nefndin álíti, að þetta ákvæði nái einnig til beitutekju *innan fjarða*, t. d. í Hornafirði og Lónsfirði, þar sem í þeim fjörðum hagar allt öðru vísi til en annarsstaðar á landinu. Sje það meining nefndarinnar, þá verð jeg að vera algjörlega á móti þessu frumv., því jeg álít, að ef beitutekja yrði leyfð takmarkalaust í þeim fjörðum, þá væri æðarvarpinu þar hætta búin og varpeigendur biðu mjög mikinn skaða við það.

Í 1. gr. er talað um, að greiða skuli í beitugjald 1 kr., sem þó í raun rjettri eptir orðalagi frumvarpsgreinarinnar er gjald fyrir jarðarusla. Jeg álít, að það sje algjörlega rangt, að kalla það beitugjald, sem greitt er fyrir átroðning eða jarðarusla. Jeg vildi því skjóta því til háttv. framsm. hinnar háttv. nefndar, hvort hún fyndi ekki ástæðu til, að athuga þetta nákvæmar og koma með breyt.till. um það við 3. umr.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Viðvíkjandi spurningu háttv. þingm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) er því að svara, að ekki er hægt, að banna mönnum beitutekju fyrir utan netlög. Nethelgi eru fastákveðin frá ómunatíð. Enn fremur er það viðurkennd grundvallarsetning, að ekki er hægt, að banna mönnum sjóinn fyrir utan netlög. Viðvíkjandi beitutekjugjaldinu, eins og það er tekið fram í 1. gr., þá held jeg, að það sje ómögulegt, að það geti valdið nokkrum misskilningi í framkvæmdinni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg tek undir með þeim háttv. þm., sem hafa talið lögin aðgengilegri nú, en við 1. umr. Samt sem áður er jeg í vafa um það, hvort ekki er gengið of nærri rjetti ábúenda með því að leyfa þeim, er taka vilja beitu, að setja verkfæri sín í landi þeirra. Jeg get hugsað mjer það tilfelli, að ábúandi eða eigandi vilji sjálfur selja beitu og setja tök til að ná í beituna. Það væri hart, ef hann þá þyrfti að vikja fyrir einhverjum aðskotadýrum. Ef svo væri, álít jeg það illa farið og gengið of nærri eignarrjettinum.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er eigi hægt fyrir ábúanda, að selja þá beitu, sem hann ekki á og svo er óþarfi að hræðast það, sem háttv. 3. kgk. (B. M. Ó.), var að óttast, að of þröngt væri fyrir fleiri spil, því hvergi sem jeg þekki til hagar svo til, að ekki geti mörg spil verið á landi án þess að tefja eða tálma hvert öðru. Það má frá mörgum spilum á landi sækja á sama blettinn og hann mjög lítinn á sjónum með því að draga á ská frá spilinu. Jeg held, að slíkt gæti varla komið fyrir, að landrými væri ekki nóg fyrir mörg spil. Jeg hygg, að slíkt þurfi ekki að valda neinum óþægindum.

Ágúst Flygenring (5. kgk.): Jeg vil að eins leyfa mjer, að koma í veg fyrir misskilning með því að taka fram, að ef menn þurfa að draga á ská, þá nota menn svo kallaða fótblökk, þar sem drátturinn á að koma að landi, en spilið má þá vera hvar sem maður vill annarsstaðar; línan milli blakkarinnar og spilsins má svo gjarnan

mynda 90° horn við uppdráttarlínuna. Þetta fyrirkomulag er hentugt, þar sem svo stendur á, að spilinu er erfitt að koma fyrir þar sem plógurinn á að dragast í land.

Björn M. Olsen (3. kgk.): Jeg þakka fyrir upplýsingar þær, er jeg hef fengið, en samt hygg jeg rjettara, að setja inn ákvæði um það, að ef landeigandi vildi setja niður sín eigin verkfæri, þá yrðu aðkomumenn að víkja.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Mjer þótti vænt um, að sjá nefndarálitið í þessu máli, því jeg hefði aldrei gengið inn á annað eins frumv. eins og það, sem lá fyrir deildinni til 1. umr. En nefndin hefur klippt svo af því fjaðrirnar, að jeg get vel verið ásáttur með það eins og nú stendur. Jeg vil að eins skjóta því til nefndarinnar, hvort eigi væri rjettast að fella úr selalagnir. Jeg held, að ekki sje rjett, að vera að friða selinn, því hann er það óarga dýr, sem alls ekki ætti að hlífast við, að gjöra rjettdræpan.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg get alls ekki tekið til greina athugasemd háttv. 4. kgk. (J. Ó.), sökum þess að selalagnir eru engu síður hlunnindi við jarðir en æðarvarp, og meðan ekki er búið að ófriða selinn, þá eru selalagnir eins rjetthá eign eins og laxveiði og æðarvarp. En þeir, sem gjöra sjer að atvinnu að hjálpa mönnum til að fara í kringum lögin, munu máske sjá einhvern veg til að fara í kring um þessi lög ekki síður en önnur, og í þeirra augum kunna bæði selalagnir og önnur hlunnindi að verða talin rjettlítil, en til þess er ekki hægt að taka tillit í samningu laganna.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (161) við 1. gr. samþ. með öllum atkv.

2. breyt.till. (ný grein er verður 2. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 2. gr. (nú 3. gr.) samþ. með öllum atkv.

2. gr. (nú 3. gr.) svo breytt samþ. með öllum atkv.

4. breyt.till. (161) við 3. gr. (nú 4. gr.) samþ. með öllum atkv.

5. breyt.till. (161) við 4. gr. (að hún falli burt) samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. við 5. gr. (að hún falli burt) samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (161) við 6. gr. (að hún falli burt) samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (161) við 7. gr. (að hún falli burt) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 31. júli kom frumv. til 3. umr. (A 216 228, 245).

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Samkvæmt bendingum þeim, sem nefndin fjekk við 2. umr., hefur hún komið fram með 3 breyt.till., en jafnframt hafa komið fram breyt.till. á þgskj. 245, sem fara í líka átt. Samkvæmt 1. breyt.till. við 1. gr. leggur nefndin til, að orðið »beitugjald« verði fellt í burt; oss þótti þetta að vísu ekki miklu skipta, en höfum þó farið eptir óskum þeim, sem komu fram í umræðunum.

2. breyt.till. við 4. gr. leiðir af 1. breyt.till. Þar eð breyt.till. á þgskj. 245 innifela í sjer breyt.till. nefndarinnar og bæta þar að auki frumv. að forminu til, þá leyfi jeg mjer fyrir hönd nefndarinnar, að taka aptur 2. og 3. breyt.till. hennar, og mæla fram með breyt.till. á þgskj. 245. Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, en vænti, að það verði samþykkt í háttv. deild.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk): Jeg leyfði mjer, að koma með breyt.-till. á þgskj. 245 af því mjer virtust breyt.till. nefndarinnar ekki fullnægjandi. Framsögumaður hefur tekið breyt.till. svo vel og skýrt þær, svo jeg sje ekki ástæðu til að bæta hjer neinu við, en óska aðeins, að háttv. deild samþ. breyt.till., því þær eru til mikilla bóta.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þgskj. 228 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (245) við 3. gr. sþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (245) við 4. gr. sþ. í e. hlj.

2. og 3. breyt.till. (228) við 1. gr. teknar aptur.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 29. fundi Nd., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 249).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 249).

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg er ekki alveg viss um, hvort ákvæði frumv. þessa um 60 faðma fiskhelgi jarða eru lög nú; lögfræðingar muuu ef til vill vera í vafa um það. Það lítur út fyrir, að nefndin í Ed. hafi einnig verið á því, að þar sje ef til vill ofnærri gengið eignarrjettinum, og að hún hafi skilið það þannig, að lög væru til um þetta atriði.

Ef það eru lög, að ekki megi taka beitu innan þessa svæðis, þá er frumv. þýðingarlaust, en ef engin lög eru til, þá hefur frumv. mikla þýðingu. Öll önnur ákvæði frumv. hafa að minni hyggju enga þýðingu, því ákvæði frumv. um landfestar við kúfiskstöku er, að minnsta kosti hvað Vestur-Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu áhrærir, alveg þýðingarlaus, þar sem þar mun allstaðar mega taka kúfisk á floti, sem kallað er, og er því legið á floti, án þess að festur sje strengur í land.

Jeg get því að eins lagt til, að frumv. þetta gangi í gegnum deildina, að ekki sjeu til lög, sem helga landeiganda beitutekjuna innan umræddra 60 faðma.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg er ekki á sama máli, eins og háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.); hann vildi helzt fella frumv., að því er mjer skildist; en það er gott, að fá skýr lagaákvæði um rjett landeigenda til beitutekju. Eptir núgildandi lögum eru 60 faðmar ekki takmarkið, heldur gilda um þetta efni gömul ákvæði í »Jónsbók«, sem víða hafa valdið ágreiningi; það er því gott að fá skýr ákvæði. (*Forseti:* Veiðilögin frá 1849). Veiðilögin frá 1849 segir forseti, en lögfræðingar eru ekki á þeirri skoðun, að ákvæði þeirra gildi um rjett landeiganda, að því er skelbeituna snertir. (*Forseti:* Já, þau eiga bara við veiði).

Það er rjett, sem þm. V.-Ísf. benti á, að taka megi skelfisk »á floti«, en engu að síður er það þó opt óhagkvæmt, að mega ekki setja beitutekjuverkfæri og farvið á land, og því er gott að hafa skýr ákvæði, er heimili þetta gegn lítilli þóknun. Vera má, að sumum þyki þóknun þessi, 1 kr. fyrir sólarhringinn, helzt til lág; en þar sem jarðeiganda bera einnig bætur, ef jarðarusli verður, má þó að líkindum una við það, þótt þóknunin sje ekki ákveðin hærri, og vona jeg því, að mál þetta gangi greiðlega gegnum deildina.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Það er misskilningur hjá háttv. þm. N.-Ísf., að jeg vildi fella frumv., en þar sem

hann, sem er lögfræðingur, segist vera í vafa um, að nógu skýr ákvæði sjeu til um þetta atriði, þá er gott að fá ljós og skýr ákvæði. Því var skotið að mjer núna rjett áðan, að til væru ákvæði í »Jónsbók« um þetta, en jeg vil þó fallast á orð þm. N.-Ísf., að taka beri af allan vafa í þessu efni.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 14 atkv.

2. gr. samþ. með 15 atkv.

3. — — — 15 —

4. gr. samþ. með 15 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 atkv.

Á 41. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 249).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv., og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XX. Skipting læknishjeraðs.

A 16. fundi Ed., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 13. okt. 1899, um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. (A 121.) til 1. umr.

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barðst.): Jeg hef flutt þetta frumv. áður, já meira að segja tvisar sinnum, og sýnir það, meðal annars, þá þörf, sem þykir vera á því, að fá því framgengt, og hversu mikið áhugamál það er fyrir þeim, sem hafa beðið mig að flytja það. Hingað til hefur frumv. þetta strandað á ókunnugleik háttv. þm. á þeim staðháttum, er hjer ræðir um; jeg hef heyrt þá segja, að þeir þekktu ekki til og gætu því ekki með góðri samvizku gefið atkv. sitt með frumv. En þá er einmitt að kynna sjer málið; jeg ætla nú að leyfa mjer, að skýra það eptir föngum, og vil biðja háttv. þingd.m. að gefa máli mínu gaum.

Efni frumv. er að skipta erfiðu læknishjeraði í 2 læknishjeruð, þannig að 2 hreppar verði skildir frá; þessir hreppar eru Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur með samtals hjer um bil 800—900 íbúa; þetta fyrirhugaða læknishjerað nær þá yfir alla strandlengjuna með Arnarfirði sunnanverðum; er þetta æði langur vegur, af því svo margir firðir ganga inn úr Arnarfirði; strandlengja þessi er álíka löng eins og strandlengjan frá Skaga á Reykjanesi inn í Hvalfjarðarbotn. Það verður því full erfitt fyrir suma í þessu nýja læknishjeraði að ná í læknishjálp, þó læknir sæti á Bíldudal. En það hagar nú svo til hjer á landi, að það verður ætíð erfitt fyrir einstaka bæi, að ná til læknis, en það stendur svo á hjer, að í miðri strandlengjunni er Bíldudalur, einn af hinum stærri verzlunarstöðum landsins, og þar er mestur fjöldi fólksins í þessu fyrirhugaða læknishjeraði búsettur. Í skýrslunni um fólkstal 1901 í landshagsskýrslunum (þær vantaði hjer á lestrarsalinn; jeg varð að fá bók þessa lánaða annarsstaðar) eru taldir upp 12 af stærstu verzlunarstöðum landsins, sem ganga næst kaupstöðunum að fólksfjölda, og er Bíldudalur sá 7. í röðinni, að því er fólkstölu

snertir. Í öllum þessum 12 kauptúnum eru læknar búsettir, nema í Bíldudal; þetta er þegar nóg til þess, að sýna þörfina á lækni á þessum stað og gjöra það skiljanlegt, að menn finna þar mjög sárt til þess að vera læknislausir; þar að auki er Bíldudalur í stöðugum uppgangi, og fólkstalan er þar allt af að aukast. Um sumartímann eru yfir 600 manns í verzlunarstaðnum, því að þá flytzt þangað fjöldi verkafólks og sjómanna. Nú spyrja menn máske: er svo langt eða erfitt að sækja lækni á Patreksfjörð? Frá Bíldudal á Patreksfjörð er svipuð vegalengd og frá Þingeyri á Ísafjörð, og þar eru læknar á báðum stöðum; það er svipuð vegalengd og frá Keflavík til Hafnarfjarðar, og mundi þó engum koma til hugar, að láta Keflvíkinga sækja lækni til Hafnarfjarðar, en íbúar eru þó færri í Keflavík, en á Bíldudal. Jeg hef sjálfur nýlega farið þessa leið frá Bíldudal á Patreksfjörð, og jeg hef talað við hlutaðeigandi lækni um vegalengdina, og við aðra kunnuga menn, og get jeg því sagt það nákvæmlega, að það fara 12—14 tímar í að ná lækninum frá Patreksfirði til Bíldudals, og verður maður þá að vera vel ríðandi og náttúrlega hitta svo á, að læknirinn sje heima og óhindraður. Þetta er nú um sumartímann, en á vetrum tekur það minnst 2 sólarhringa að ná í lækni.

Það er því mjög skiljanlegt, að bagalegt muni vera, að hafa engan lækni á jafn fjölmennum stað og Bíldudal, og þurfa allt af að eiga í þessum sífelldu læknissóknum, sem eru mjög erfiðar og dýrar; það er sannfæring mín, að enginn hv.þm. þyrfti að vera meira, en svo sem mánaðartíma á Bíldudal til þess að sannfærast um þörfina, sem hjer er á lækni, og mundu þá hiklaust gefa frv. þessu atkv. sitt. Jeg hygg líka, að enginn þingmaður þyrfti, að fara þessa leið nema einusinni, þá mundi hann gefa frumv. þessu atkv. sitt.

Vegirnir þarna vestra eru mjög slæmir, sýslan hefur fyrir nokkrum árum varið mörg þús. kr. til þess að gjöra við þennan veg og aðra vegi í sýslunni og tekið til þess stór lán, en nú þarf aptur að fara að gjöra við vegina; aldrei hefur sýslan fengið einn eyri úr landssjóði til vegabóta; Barðastrandarsýsla er sú eina sýsla á landinu fyrir utan Vestmanneyjar, sem ekkert fje hefur fengið til vegagjörða úr landssjóði.

Eins og jeg sagði áður, er kaupstaður þessi, Bíldudalur, í hinum mesta uppgangi; þar eru mörg mannvirki og mikill fjelagsskapur og framtakssemi meðal kaupstaðarbúa; til dæmis eru þeir nú að byggja kirkju úr steini. Þeir hafa keypt jarðir í nágrenninu til þess að geta haft næga mjólk fyrir kaupstaðinn; er það mjög heppilegt og nauðsynlegt og gjörir lífið í kaupstaðnum æði mikið þægilegra og heilsusamlegra.

Arnarfjörður er fullur af síld og fiski og því öll skilyrði til staðar fyrir viðgangi Bíldudals, enda er hann alltaf að stækka. Auk þessa mætti telja Bíldudal til gildis, að hann hefur aldrei beðið um einn eyri úr landssjóði og aldrei fengið neitt úr landssjóði. Menn segja má ske, að hann njóti góðs af styrknum til strandferðanna; en því er að svara, að strandbátar og önnur flutningaskip mundu koma þar þó enginn styrkur væri veittur, því þangað eiga þau ætíð erindi, og þarf ekki að kaupa neitt fjelag til að senda skip sín þangað; frá Bíldudal eru útfluttar miklar sjávarafurðir, eins og má sjá af landsreikningunum; þannig er útflutningsgjaldið frá

Barðastrandarsýslu fyrir fjárhagstímabilið 1902—3 yfir 16,000 kr. Þetta er nú að eins útflutningsgjaldið; þar að auki eru eðlilega aðrir tollar og skattar borgaðir hjer engu síður, en annarsstaðar.

Samvizkusamir þm. þurfa því ekki að hika sjer við, að uppfylla þá ósk, er hjer er látin í ljósi, og samþykkja frumv. þetta, einkum þar sem engum hv. þm. getur dulizt, að mikil þörf er hjer á lækni.

Jeg skal svo ekki, að svo stöddu, fara fleiri orðum um þetta mál, og vil vona, að það fái góðar undirtektir hjá háttv. þingdm., og að það nái fram að ganga, eins og það liggur hjer fyrir.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg get staðfest ummæli háttv. flutningsmanns (S. J.) um erfiðleikana og vegalengdirnar, sem hjer ræðir um; jeg hef sjálfur ferðast um þessi hjeruð, og get því sagt um það af eigin reynslu; en það er ekki nóg, þó að erfiðleikarnir sjeu viðurkenndir, því þó hægt sje að segja, að þarna sje þörf á lækni, þá eru allar líkur til, að víða mætti segja eitthvað svipað. Það er víst víða á landinu afar erfitt að ná í lækni, nema undir allra heppilegustu atvikum.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) getur víst borið um það, að illa stendur á í Austur-Skaptafellssýslu. Jeg ímynda mjer, að ef maður tæki t. d. Borgarfjörð eystri, þá mundu erfiðleikarnir þar vera líkir eða enn þá meiri en á Bíldudal; eins mun vera fyrir norðan Horn, en þar er jeg ekki nógu kunnugur. Jeg hef heyrt um einar 2 bænarskrár um lækni, og mætti eflaust búast við 2 til og 2 sinnum 2, ef þetta frumv. yrði samþ., eins og það liggur hjer fyrir. Það er ekki spurningin um erfiðleikana, sem á að vera afgjörandi fyrir þingið í tilfelli eins og þessu, heldur hitt, hvort hægt er fjárhagsins vegna að fjölga læknisshjeruðum; það má nefnilega búast við því, að þingið verði að fjölga þeim að mun, ef þetta frumv. er samþykkt; það eru aðrir staðir, sem þykjast hafa við sömu erfiðleika að búa, og verður slíku ekki neitað. Mjer finnst því frumv. mjög ísjárvert, eins og það liggur fyrir; en það mætti máske hafa aðra aðferð til þess að bæta úr læknisleysinu á Bíldudal; það mætti skipa aukalækni með minni launum, og án eptirlaunarjettar.

Flutningsmaður Sigurður Jensson, (þm. Barðstr.): Hinn háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) talaði á móti frumv.. mest vegna þess, að hann sagði, að víða væri eins mikil þörf á lækni. Hann nefndi nú að vísu engan stað, en var að tala um marga afskekkta staði. Jeg gat þess einmitt líka, en það væri þess að gæta, að fjölmennustu staðirnir yrðu þó að sitja í fyrirrúmi. Og það er ómögulegt annað að segja, en að þar er brýn þörf, þar sem fólksfjöldinn er um 600 manns, og verða eins og nú stendur á að fara afarlangt eptir lækni.

Hinn háttv. ræðumaður talaði um það, að norður á Horni væri eins ókleyft að ná í lækni, en þar ber þess að gæta, að þar eru að eins 30 manns, og býst jeg ekki við, að alþingi fari að setja lækni yfir svo fámennt pláss. Aptur á móti er mjög margt manna á Bíldudal, einkum að sumrinu til, því þangað kemur fjöldi fólks til þess að leita sjer atvinnu.

Hinn háttv. þm. talaði um, að fullnægjandi væri, að setja þar aukalækni, eða með öðrum orðum, að það mætti spara 300 kr. með því að veita á fjárlögunum styrk til aukalæknis, en það virðist mjer ekki rjett og engin ástæða til þess.

Jeg er sannfærður um það, að hinn

háttv. þm. verður mjer samdóma, ef hann íhugar málið betur.

Jón Ólafsson, (4. kgk. þm.): Hinn háttv. flutnm. (S. J.) sagði, að hjer væri það hjer um bil sama, hvort læknirinn væri kallaður hjeraðslæknir eða aukalæknir, en það er talsverður munur.

Jeg get ekki rengt það, að íbúar sjeu meir en c. 300 manns, og fyrst svo er, þá virðist læknisþörfin brýn. En jeg fæ ekki sjeð, að aukalæknir nægi ekki fyrst um sinn.

Flutningsmaður Sigurður Jensson, (þm. Barðstr.): Jeg held, að hinn háttv. 4. kgk. þm. hafi ekki athugað, að því nær helmingur allra lækna á landinu hafa engan eptirlaunarjett, og er heldur ekki ætlazt til, að þessi læknir hafi laun. (*Jón Ólafsson*: Svo kemur bænaskrá til næsta þings um, að hækka launin.) Það ímynda jeg mjer alls ekki, enda mundi jeg all ófús á að flytja slíka beiðni. Eins og jeg hef sagt, álít jeg alveg óþarft, að kalla lækni þennan aukalækni, en auðvitað vildi jeg það heldur, en að málið ónýttist með öllu.

En hinn háttv. þm. hefur ekki nefnt neinn stað, sem eins brýn þörf er á að fá lækni eins og hjer.

Guðjón Guðlaugsson, (þm. Strand.): Jeg get eigi annað en verið frumv. þessu meðmæltur vegna þess, að jeg hef komið á þessar stöðvar, sem um er að ræða, og veit hvernig til hagar. Jeg ímynda mjer, að hvergi sje eins brýn þörf á að fá lækni eins og hjer. Það er sárt, að sjá ástvini eða fólk sitt liggja fyrir dauðanum og geta ómögulega náð í neina hjálp; jafnvel þegar búið er að ná í lækninn með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn, að þá er sjúklingurinn dáinn og öll fyrirhöfnin til einskis.

Jeg álít, að þingið eigi ekki að neita slíkum beiðnum, sem byggðar eru á eins miklum sanngirniskröfum og þessi, og þetta eru þau útgjöld landssjóðs, sem síður ber að spara en nokkur önnur.

Hjer er líklega um svo margt fólk að ræða, sem líður undir læknisleysinu, að tilfellin verða sjálfsagt á mörgum tímum, þegar fólk er þar flest saman komið, fleiri en dagarnir, og að því leyti stendur hjer allt öðruvísi á, en nokkursstaðar annarsstaðar á landinu, þar sem læknir er í jafnmikilli fjarlægð.

Flutnm. hefur lýst þessu öllu svo rjett, að jeg get skrifað þar undir hvert orð; það er að eins eitt, sem mjer hefði þótt viðkunnanlegra, og það er það, að hinn háttv. flutnm. hefði ekki verið eins ófugur í tollmálinu á dögunum, þegar hann nokkrum dögum seinna ber upp frumv., sem hlýtur að leggja landssjóði aukin útgjöld á herðar.

Það er því ekki að ástæðulausu, að menn reyna að finna einhver ráð til þess, að auka tekjurnar; því samkvæmt kröfum tímans vaxa útgjöldin stöðugt.

Flutningsmaður Sigurður Jensson, Jeg þakka hinum háttv. þm. Strand. (G. G.) fyrir hin góðu meðmæli hans með málinu, og að hann hefur staðfest það, sem jeg hef borið fram þessu máli til sönnunar. Jeg held því, að hin háttv. þingd. geti samþ. frumv., eins og það liggur fyrir.

Jeg ætla að eins að gjöra stutta athugasemd við það. sem hann vjek að mjer út af tollmálinu. Jeg kom þar fram með breyt.till. um að hækka ekki sykurtollinn, og hefði það ekki minnkað mikið tekjurnar, þó sú breyt.till. hefði komizt að. Annars kemur þetta mál ekkert tollmálinu við. Það varðar mestu í þessu máli, að staðurinn hafi fullkomna þörf á að fá lækni, og að það sje eins mikil sanngirni sem mælir með því, að læknir sje skipaður hjer eins og annarstaðar, þar sem læknar eru. Ef svo er, þá þarf ekki þetta

kjördæmi að borga nýja skatta í landssjóð til þess að svona sanngjörn beiðni verði uppfyllt.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A. 121).

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Við 1. umr. þessa máls skýrði jeg málið svo ítarlega, að mjer þykir ekki þörf á, að fara fleiri orðum um þetta frumv., en vona, að það gangi greiðlega í gegnum þessa háttv. deild.

ATKV.GR.: Meginmál frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umræðu með 9 samhlj. atkv.

Á 20. fundi Ed., miðvikudaginn 26. júlí, kom frv. til 3. umr. (A. 121).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg færði um daginn rök fyrir því, að nóg væri að setja aukalækni í þetta hjerað, sem um er að ræða, og jeg sannfærðist enn betur um það af því, sem háttv. flutningsm. (Sig. J.) sagði um fjölmennið í þessum kaupstað. Því að það er auðsætt, að því fleiri sem íbúarnir eru, því meiri »praxis« hefur læknirinn. Jeg sting því upp á því, að vísa þessu máli til nefndar þeirrar, er falið hefur verið að íhuga fjármál landsins. Það fór eins og jeg spáði um það, að fleiri því líkar bænir mundu koma inn á þing, enda er sú raunin orðin á í Nd., og við getum átt von á fleirum enn þá.

Flutningsmaður Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg get eigi fallizt á þessa uppástungu, að vísa málinu til fjármálanefndarinnar hjer í deildinni, en hvað hin háttv. Nd. gjörir við frv., því ræður hún eðlilega; hún setur nefnd í málið eða vísar því til fjárlaganefndarinnar, ef henni sýnist, en það kemur eigi þessari deild við.

Mál þetta hefur fengið svo góðar undirtektir hjer í deildinni, að jeg vonast til, að það fái úr þessu að ganga hindrunarlaust hjeðan og til neðri deildar.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg fell frá uppástungunni sökum þessara upplýsinga.

Björn M. Ólsen (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að nafnakall sje við haft í þessu máli.

ATKV.GR.: Frumv. samþykkt með 10 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Björn M. Ólsen,
Ágúst Flygenring,	Jón Jakobsson,
Eiríkur Briem,	Valt. Guðmundss.,
Guðj. Guðlaugsson,	
Gutt. Vigfússon,	
Jóh. Jóhannesson,	
Sigurður Jensson,	
Sig. Stefánsson,	
Þórarinn Jónsson,	
Þorgr. Þórðarson.	

Á 27. fundi Nd., fimmtudag 3. ágúst, kom frv. til 1. umr. (A. 197).

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, sem kosin var af háttv. deild til að íhuga samskonar frumv.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það hefur verið unnið mikið að því í seinni tíð, að bæta úr læknaþörf landsins, og jeg býst því við, að menn hiki

við, ef mörg frv. koma fram á þinginu, er fara í þá átt, að fjölga læknum; en í þessu tilfelli stendur alveg sjerstaklega á, og hjer er um brýna nauðsyn að ræða, þar sem farið er fram á, að skipta Patreksfjarðarhjeraði í tvö læknishjeruð, svo að læknir sitji í Bíldudalsverzlunarstað. Á Bíldudal eru nú um 400 íbúar, og áfarmiklir örðugleikar, að ná í hjeraðslækninn á Patreksfirði, sjerstaklega á vetrum, því að bæði er yfir sjó og land að fara. Á leiðinni er fjallgarður, sem Hálfdán heitir; því næst verður að fara yfir Tálknafjörð eða krækja fyrir botninn á honum, og síðan yfir Mikladalsfjall, svo að í flestum tilfellum er ekki hægt að ná í lækni á styttri tíma, en tveimur sólarhringum.

Að því, er lækninn á Þingeyri snertir, þá er þess að geta, að hann er ekki skyldugur, að fara til Bíldudals, enda einnig mjög örðugt, að ná til hans, því að bæði verður að fara yfir Arnarfjörð, sem opt er ófært, og síðan yfir Rafnseyrarheiði, sem er mjög örðugur fjallvegur, svo að all-optast verða menn að deyja drottni sínum án þess í lækni náist, enda kostnaðurinn gífurlegur, og fátæklingum of vaxinn.

Til þessa læknisleysis hafa menn lengi fundið sáran, og því hafa komið beiðnir til þingsins, bæði 1899 og 1903, um sjerstakan lækni á Bíldudal, en þeim óskum hefur ekki verið sinnt. Nú eru enn á ný komnar fram 4 beiðnir, sem fara í sömu átt, og er vonandi, að þingið verði nú vel við þeim, því að þó að ekki sje nema um 400 íbúar á Bíldudal, þá er þar mesti fjöldi verkafólks úr ýmsum áttum á sumrum, og þangað koma mörg útlend skip, svo að opt er þar mjög mann-margt, auk þess sem ætlazt er til, að læknirinn sinni einnig Suðurfjörðum og Dölunum.

Á Bíldudal er einnig mikill þilskipaútvegur og verzlun, svo að mikil gjöld renna þaðan til landssjóðs, og því er mjög sanngjarnt, að landssjóður annist um lækni á þessum stað.

Jeg er ekki á móti því, að málinu verði vísað til nefndar, en vona, að málið verði afgreitt sem fyrst frá nefndinni, og nái svo fram að ganga hjer í deildinni.

Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

Málinu vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að íhuga frv. með sömu fyrirsögn frá Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf., með 17 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 197, 452).

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þegar læknaskipunarlögin voru samin 1899, þá væntu menn þess, að við svo búið mætti standa um langan aldur. Þingið hefur líka í 6 síðastliðin ár vísað á bug öllum beiðnum um breytingar á læknaskipun landsins. En það hefur þó sýnt sig á hinn bóginn, að fleiri og fleiri kvartanir hafa komið yfir því, að hjeraðaskipunin væri óheppileg. Það hlýtur þess vegna að reka að því, þegar stundir líða, að nauðsynlegt sje að endurskoða læknaskipunina í heild sinni. Frumv. gjörir ráð fyrir nýju hjeraði á Vesturlandi, Bíldudal og næstu sveitum. Það er enginn vafi á því, að þar er brýn þörf á lækni. Hjer á fjölmennt kauptún í hlut. Það er jafnan meiri þörf á læknum í kauptúnum en til sveita. Í kauptúnum breiðast fremur út næmir sjúkdómar,

og hættara við því, að sóttir berist frá útlöndum. Reynsla lækna sýnir, að 500 íbúar í kaupstað veita lækni eins mikið starf og þrefalt fleiri í sveit. Það er þröngur kostur að sækja lækni í Patreksfjörð úr Bíldudal, því hver ferð kostar 10—30 kr. og tekur langan tíma. Jeg býst við því, að smátt og smátt komi fleiri og fleiri kröfur um ný hjeruð. Þinginu hefur t. d. borizt þess konar beiðnir af Austurlandi. Hvergi er þó að minni hyggju þörfin eins brýn eins og einmitt þarna á Vesturlandinu.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála. Meiri hlutinn vill samþykkja frv., en minni hlutinn ekki. Öll nefndin hefur orðið samdóma um það, að nauðsyn beri til þess, að endurskoða hjeraðaskipunina og breyta víða takmörkum hjeraðanna. Sum hjeruðin mætti ef til vill leggja niður, þau sem lítil eru og enginn læknir fæst í, t. d. Þistilfjarðarhjerað. Auk þess þarf að vinda bráðan bug að því, að bæta úr læknaskortinum, sem allt af er mikill, og fremur fer í vöxt 3—5 standa stöðugt auð og læknar fást ekki í þau. Þar við bætist, að þó að læknir sje alls ófær til að gegna starfi sínu, sem dæmi eru til, og ætti að fara frá, þá verður samt sem áður að láta hann sitja, meðan ekkert er til að láta í skörðin. Hvenær sem endurskoðun læknaskipunarinnar fer fram, telur meiri hluti nefndarinnar alveg sjálfsagt, að settur verði læknir á Bíldudal. Þess vegna álítur meiri hluti nefndarinnar enga ástæðu til þess, að fresta *því*, að stofna *þetta* nýja hjerað. Þess vegna leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumv. sje samþykkt.

Jón Jónsson. (þm. Sfjk.): Jeg varð fyrir því óhappi að verða í minni hluta, og hef gjört grein fyrir því þar. Jeg finn ekki ástæðu til að færa fram fleiri rök en jeg gjöri í nefndarálitinu. Jeg álít ekki rjett, að fjölga læknishjeruðum, meðan ekki fást nógir í þau, sem nú eru til. Jeg get ekki annað sjeð, en það stappi nærri því, að vera rangt gagnvart öðrum læknislausum. Jeg tel það miklu rjettara, að bæta upp hin auðu. Það er ekki nóg að líta að eins á þörfina. Það er hægt að benda á marga slíka staði. Jeg er hræddur um, að þessi ráðgjörða endurskoðun verði ærið vandasöm. Það, sem til grundvallar liggur, er það, að launin eru lág; en það hlýtur að kosta mikið fje, hvenær sem endurskoðunin fer fram, það þarf að gjöra sjer það ljóst, að bæta verður launakjörin. Þörfin er óneitanlega mikil, en er þó ekki svo litlu minni, en þegar læknaskipunarlögin komu út. Ef hún er mikil nú, þá var hún þó miklu meiri áður.

Háttv. 2. þm. Rvk. sagði, að ferðakostnaður þar vestra væri 10—20 kr. Það er mikið fje, og þegar þar að auki ferðin er erfið. En það kostar víða miklu meira. Þetta er ekkert eins dæmi. Jeg held fast fram hinni sömu skoðun og í nefndarálitinu, að það sje samt sem áður ekki rjett, að fjölga læknishjeruðum, meðan læknafæðin er eins og nú, og ekki eigi að gjöra neinar verulegar breyt., meðan ekki er hægt að bæta launin, en endurskoðunin hlýtur að hafa það í för með sjer. Það er ekki fýsilegt fyrir efnilega menn, eptir langan og erfiðan lærdóm að taka við þessum lágu launum. Í mörgum hjeruðum er æfing lítil, og geta þeir því ekki fylgzt með, heldur týna þeir niður og styrðna og geta, þegar tímar líða, ekki fullnægt köllun sinni. Þessir annmarkar eru svo miklir, að það er stórt vandamál, að komast út yfir þá. Allt, sem horfir til breytingar, verður dýrt.

Árni Jónsson, (þm. N.-Þing.): Með því að það skiptir mig nokkru, sem

stendur í nefndarálitinu á þgskj. 452, vil jeg beina að því nokkrum orðum.

Þar stendur, að það sje samkvæmt tilmælum þm. S.-Þing., að tekin var til íhugunar beiðni um að bæta laun læknisins í Þistilfjarðarhjeraði. En það er prentvilla, á að vera þm. N.-Þing., því að sú beiðni er úr mínu kjördæmi.

Erindi þetta var lagt fram á þinginu 7. júlí, og fjárlaganefndin hafði það síðan til íhugunar. Aðaltill. fer fram á, að laun þessa læknishjeraðs sjeu hækkuð úr 1300 upp í 1500 kr. Það er mjög eðlilegt þótt þessi beiðni komi fram, því að hjerað þetta hefur verið læknislaust síðan lögin gengu í gildi. Fjárlaganefndin sá sjer samt sem áður ekki fært, að verða við þessum tilmælum. Jeg sneri mjer svo með málið til þessarar nefndar, og er henni þakklátur, að hún hefur tekið málið til íhugunar. Hún sjer sjer samt ekki fært, að færa launin upp í 1500 kr. Það má þó sjá af áliti nefndarinnar, að hún hyggur, að tæplega verði sótt um hjeraðið, því að það sje bæði fámennt og afskekkt. Þessir meinbugir eru þó að mínu áliti alls ekki eins tilfinnanlegir, eins og nefndin ætlar. Á sumrin koma gufubátarnir allt af við á Þórshöfn á ferðum sínum kring um landið. Þar er einnig fiskisæld fyrir utan og kringum Langanes og fjölsótt af fiskiskipum, og munu útlendingar þeir, er að fiskiveiðum eru, koma í land á Þórshöfn. Það er því meiri ástæða til að læknirinn sje þar búsettur.

Mjer hefði þótt mjög vænt um, ef nefndin eða þingið hefði getað orðið við þessari beiðni, enda var og von til meiri, að sótt hefði verið um hjeraðið, ef launin hefðu verið færð upp um 200 kr. En úr því að nefndin gat ekki orðið við þessum tilmælum, sje jeg mjer ekki fært, að koma með þetta fram í öðru formi, eða leita frekar fyrir mjer á þessu þingi fjárhagslega. Hjer er þó einnig fyrir hendi varatill. í hinu sama erindi, dags. 2. júní, þar sem farið er fram á, að hjeraðinu sje heldur þjónað frá Vopnafirði en Axarfirði, að því er austurhlutann snertir. Nefndin hefur fallizt á þetta, en lætur í ljósi, ef eigi verður sótt um hjeraðið, eigi að leggja það niður og skipta því upp, þannig að Sauðaneshreppur sje lagður til Vopnafjarðar, en Svalbarðsbreppur til Axarfjarðarhjeraðs. Jeg vona þó, að þetta verði ekki upp tekið, heldur fái hjeraðið einhvern lækni; það er svo afskekkt og langt að leita læknis og dýrt, að það er í mörgum tilfellum nær því ómögulegt að ná til læknis. Jeg vonast til, að hjeraðið verði látið standa, eins og það er, og stjórnin gjöri hjeraðsbúum sem hægast fyrir með að ná í lækni, þannig, að beiðni þeirra verði tekin til greina. Austurhlutinn yrði þá lagður til Vopnafjarðar, en vesturhlutinn til Axarfjarðarhjeraðs.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk.): Jeg skal ekki tefja umr. lengi. Háttv. þm. Seyðf. (J. J.) gat ekki fylgzt með meiri hluta nefndarinnar, og hann hefur gjört grein fyrir ágreiningsatkv. sínu. Jeg vil að eins gjöra örfáar athugasemdir við ræðu hans. Hann neitaði því ekki, að á hjeraðinu væri þörf, en hann vildi ekki búa til nýtt læknishjerað, meðan læknaskorturinn væri svo mikill.

En jeg vil benda á það, að það eru ekki kaupstaðarhjeruðin, sem vanta lækna. Ef kaupstaðarhjeruðunum fjölgar, koma þeim mun fleiri piltar á læknaskólann, þau ganga ávallt út; það eru minnstu *sveita*hjeruðin, sem aldrei ganga út. Jeg skildi þm. Sfjk. þannig, að það yrði, að hans dómi, að fjölga læknishjeruðum við endurskoðun læknaskipunarinnar; en það er alls ekki mín skoðun. Jeg skrifaði

um þetta mál á undan læknalögunum, og ljet þá í ljósi þá skoðun mína, og hún er söm nú, að hjeruðin megi ekki vera fleiri en í hæsta lagi 40. Ef þau eru fleiri, verður fólkstalan of lítil og læknirinn hefur of lítið að gjöra.

Það, sem mestu varðar, er að finna heppilega hjeraðaskipun. Það dylst mjer heldur ekki, að hún hefði getað verið að mun heppilegri. Mjer þótti vænt um að heyra frá þm. Sfjk., að bæta þyrfti kjör læknanna. En þar sem raddir hafa heyrzt um það, að bæta þyrfti kjör þeirra með því að hækka föstu launin, þá er það ekki mín skoðun. Bezta bótin er sú, að fjölga fólkinu, til þess að láta læknana hafa meira að gjöra, ekki hærri laun, en máske hærri aukatekjur, það er að segja meiri borgun fyrir verk sín. Að því mun reka, áður langt líður, að einhverja breytingu verður að gjöra á launakjörum læknanna, og hygg jeg, að þá muni heillavænlegast fyrir alla, að koma á heppilegri hjeraðaskipun, og láta læknana fá sanngjarnari borgun fyrir verk sín. Jeg held fast við það, að það er engin ástæða til að fresta því, að Bíldudalshjerað verði stofnað. Það hlýtur að koma hvort sem er. En hinu býst jeg við, að hitt hjeraðið (Þistilfjörður) verði lagt niður. Jeg gleymdi, að taka það fram í fyrri ræðu minni, að nefndin telur það heppilegra, að austurhlutanum verði þjónað frá Vopnafirði en vesturhlutanum þá frá Axarfjarðarhjeraði. Leyfir nefndin sjer, að skjóta því til stjórnarinnar, að koma þessu sem fyrst svo fyrir.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 atkv. gegn 8.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

A 45. fundi Nd., fimmtudsginn 24. ágúst, kom frumv. til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 12 atkv. gegn 9 og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXI. Samkomutími alþingis.

Á 10. fundi Ed., miðvikudaginn 16. júlí, kom frumv. til laga um breyting á 19. gr. stjórnarskrár um hin sjerstöku málefni Íslands, 5. janúar 1874 (A 153), til 1. umr.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það er orðinn svo langur fundur, að það er varla gustuk, að þreyta menn með löngum ræðum, enda mun jeg eigi tala lengur en mjer finnst brýn nauðsyn á. Það er mikil furða, að frumv. þessa efnis skuli eigi hafa komið fyr fram á þingi. Ákvæðin um, að þing byrji 1. júlí, eru jafngömul þingsögu vorri, og þegar alþingi var endurreist með tilskipun 8. marz 1843 var hinum fornu ákvæðum haldið, en það gefur að skilja, að mikið hefur breytzt hjer á landi síðan.

Það var mjög eðlilegt, eins og þá stóð á, að sá þingtími, sem enn er hafður, væri ákveðinn þá, þar sem það var eigi hægt, að ferðast öðruvísi en á hestbaki; á þessum tíma eru vegir beztir og hægast, að ferðast á landi. En nú er þetta algjörlega breytt,

og þessi ástæða alveg fallin burt, svo að af því er eigi framar ástæða til að hafa þing á sumrum en vetrum. Nú er samgöngum vorum svo komið, að ekkert getur verið því til fyrirstöðu, að heyja þingið að vetrinum frá því sjónarmiði. Þessi ástæða fyrir því, að þingið kæmi saman 1. júlí, sem var stórvægileg 1843, er því alveg horfin nú, en auk þess eru margar knýjandi ástæður, sem mæla með því, að breyta tímanum. Bændastjettin er hjer á landi fjölmennust og á því að sjálfsögðu að eiga flesta fulltrúa á þingi, en sá tími, sem nú er, er langóheppilegastur fyrir þá stjett til þingsetu. Þingtíminn er um há-bjargræðistímann; það er mesti annatíminn, svo að hverjum íslenzkum bónda ríður mjög á að vera við heimili sitt. Þetta er ein af aðalástæðunum, því að það er svo með búskap bænda, að þeim veitir sannarlega eigi af að vera heima um hásumartímann. Það er fjarri því, að bóndinn hafi nokkurn hag í efnalegu tilliti af því, að fara á þing, heldur þvert á móti. Ef eigi á allt að fara í handaskolum, verður hver bóndi, sem á þing fer, að fá sjer ráðsmann, sem hann getur nokkurnveginn trúað fyrir búi sínu, og mun þó ætíð sjálfs höndin hollust. Bóndinn hefur því mikinn baga af að fara á þing á þessum tíma; get jeg borið um það af eigin reynd. Dagpeningarnir eru ákveðnir 6 kr. á dag, og er það hið sama, sem ákveðið var 1843, en þegar litið er á breytingarnar síðan, þá er það nú smánarborgun, sem þá var allgóð. 1843 kostaði ærin samkvæmt verðlagsskrám 3—4 ríkisdali, svo að bóndinn gat þá keypt 40—50 ær fyrir þingfararlaun sín, en nú er ærin víða í verðlagsskránum metin á 14—15 kr., og gengur jafnvel manna á milli fyrir 18—20 kr. Bóndi, sem fer á þing, verður að borga ráðsmanni 2,50— 3 kr. á dag um þingtímann og þessutan fæði, og það, sem eptir er af þingfararkaupinu fer í ýms útgjöld, svo að hann getur varla heitið matvinnungur, meðan á þingtímanum stendur. Reyndar má segja, að enginn sje skyldur til að fara á þing, en engum mun blandast hugur um, að það sje eigi heppilegt, að sem fæstir vilji bjóða sig fram til þeirra þýðingarmiklu starfa fyrir þjóðfjelagið. Kaupstaðarbúar, og þá einkum Reykjavíkurbúar mundu helzt fást til þess, en slíkt tel jeg eigi heppilegt. Jeg skal taka það fram, að fyrir sýslumenn er þessi tími, 15. febrúar, sem ákveðinn er í frumv., alls eigi óhentugur, því að þeir eiga þá að vera búnir að ljúka við reikninga sína fyrir þanna tíma, og að því, er jeg frekast til veit, munu manntalsþing hvergi byrja á landinu fyr en í maí, og fyrir þann tíma eru þeir komnir heim. Eins og hinir háttv. þingdm. munu hafa tekið eptir, flytja allir bændur deildarinnar þetta frumv. með mjer; jeg tel okkur prestana í bændaflokki; gildir því það sama um okkur sem aðra bændur. Jeg býst við, að nokkur kostnaður mundi verða samfara þessari þingtímabreytingu, bæði til ljóss og hita í alþingishúsinu, en það mun naumast verða svo mikið, að það geti komið til greina gagnvart auðsæum hagsmunum landsmanna. Jeg vona, að deildin taki þessu máli vel, þar sem það verður að teljast með nauðsynjamálum.

Ráðherrann: Jeg skal að eins leyfa mjer að benda á, að fyrirsögn frumv. getur naumast verið rjett. Hjer er ekki um breyting á stjórnarskránni að ræða, heldur breyting *samkvæmt*

stjórnarskránni, breyting sem stjórnarskráin heimilar að gjöra með einföldum lögum. Væri um stjórnarskrárbreyting að ræða, yrði þetta frumv. einnig að koma fram sem frumv. til stjórnarskipunarlaga. Því stjórnarskránni verður ekki breytt með einföldum lögum sem þessum.

Fyrirsögn frumv. ætti að vera »frv. til laga um breyting á lögum um samkomutíma alþingis«.

En þetta eru að eins formleg atriði, sem snerta ekki efni málsins.

Jeg fyrir mitt leyti er hlynntur tilgangi frumvarpsins um að finna einhvern hentugri samkomutíma, en nú á sjer stað fyrir alþingi. Mjer hefur dottið í hug, að hentugasti tími til þingsetu mundi vera frá því í síðari hluta nóvemberm. þangað til í janúarm.lok eða febrúarm., þannig að þingið kæmi t. d. saman 20. nóvember og stæði yfir þangað til seint í janúar.

Jeg hygg, að sá tími yrði almennt hentugastur, og líka þegar lítið er á málið frá samgangnanna sjónarmiði. Eins og kunnugt er, hamlar ís sjaldan ferðum manna fyr en í marzmánuði; en ef þingtíminn væri miðaður við þann tíma, sem farið er fram á hjer í frumv., þá er einmitt hættast við ís um það leyti. Aptur á móti ættu flestir bændur hægt með, að komast að heiman, að loknum haustverkum, og ætti sá tími ekki að þurfa að koma í bága við starfstíma embættismanna.

Þannig mundi t. d. ekki vera ógjörningur fyrir sýslumenn, er á þingi sætu, að láta umboðsmenn þá, er fyrir þá væru settir, ljúka reikningum þeirra að mestu, enda hægt fyrir þá að fá þá senda hingað til Reykjavíkur, og þegar telefón væri kominn um allt land, sem jeg vona að verði, þegar þessi breyting er komin á, þá væri mönnum gjört enn þá hægara fyrir.

Sem sagt, stóð jeg að eins upp til þess, að gjöra þessar formellu athugasemdir, sem jeg byrjaði á, en er hlynntur stefnu frumv. um breytingu á samkomutíma þingsins í þá átt, sem jeg hef bent á.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg ætlaði einmitt að taka það sama fram, sem hæstv. ráðherra hefur bent á, að titill frumv. er ekki rjettur; en jeg verð að minnast nokkuð frekar á þetta atriði. Það er ekki hægt að breyta fyrirsögn laganna með einföldu breytingaratkvæði. Það stendur í þingsköpunum, að forseti eigi að vísa málinu frá, þegar svo stendur á, að frv. sje borið upp til breytingar á stjórnarskránni, án þess að titill þess sje frumv. til stjórnarskipunarlaga. Svo verð jeg líka að taka það fram, að jeg álít óþarfa, að koma fram með sjerstakt frumv. um þetta.

Jeg álít nóg, að þingið komi fram með áskorun til ráðherrans um, að láta þingið koma saman á þeim tíma, sem til er tekinn.

Það stendur í 19. gr. stjórnarskrárinnar, að konungur hafi leyfi til að gjöra þetta án lagabreytingar.

Að því, er snertir efni frumv., þá er jeg samdóma háttv. þm. Ísfjk. (Sig. S.) um, að það sje alveg nauðsynlegt að gjöra breytingar á þingtímanum, og að það sje meiningarlaust, að verja til þingsetunnar aðalbjargræðistíma bænda, og það sje miklu heppilegra, að hafa alþingi á vetrum; en jeg held, að það þurfi ekki sjerstök lög til þess, og ef þingið á að koma saman í febrúar, þá þarf sannarlega að gjöra ýmislegt áður, en því er komið í framkvæmd. Það þarf að mínu áliti fyrst að byggja nýtt alþingishús, þar sem þingmenn

hefðu meira húsrúm. Þetta hús, sem nú er notað, er allt of lítið. Salirnir eru of litlir; áheyrendaplássið er of lítið; svo er það líka óhæfilegt, að hafa ekkert pláss fyrir blaðamenn, ekki að eins blaðanna vegna, heldur á almenningur heimtingu á því.

Nefndarherbergin eru svo fá, að það eru hreinustu vandræði.

Allt þetta þyrfti nauðsynlega að vera komið í kring sem fyrst. Sem sagt, álít jeg nauðsynlegt. að breyta þingtímanum, en jeg álít ekki nauðsynlegt, að koma fram með sjerstakt frumv. um það, heldur sje nægilegt, að skora á ráðherrann að láta gjöra það.

En eins og jeg tók fram áðan, þá álít jeg ekki fyrirsögn frumv. rjetta.

Forseti: Hjer er ekki um neina breytingu á stjórnarskránni að ræða, þar sem það stendur í 7. gr. stjórnarskipunarlaga, 3. oktbr. 1903, að það megi breyta samkomutíma alþingis með lögum, og hef jeg enga heimild til að vísa málinu frá. Það er allt undir því komið, hver meining frv. er, en ekki hvað það er kallað.

Eiríkur Briem (2. kgk.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að nefnd verði skipuð til þess að íhuga þetta frumv., og álít jeg, að 3 manna nefnd muni nægja.

Ráðherrann: Jeg álít, að ef hjer væri um stjórnarskipunarlaga frumv. að ræða, þá hefði orðið að setja það inn í fyrirsögnina; en hjer stendur: frumv. til laga, ekki: stjórnarskipunarlaga; það þarf að fella burt orðin: »greinin orðist þannig«, og breyta fyrirsögninni, eins og áður hefur verið á bent. Mjer er ómögulegt, að vera samdóma háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) um, að það sje óþarfi að semja sjerstök lög um þetta. Til hvers eru þá ákvæði sljórnarskrárinnar, ef reglulegur þingtími á án lagabreytingar að vera *annar*, en þar stendur. Jeg álít, að þessi orð: »Hafi konungur ekki ákveðið annan samkomudag«, eigi að eins við, þegar um undantekningartilfelli er að ræða. Jeg vildi svo að eins leiða athygli deildarinnar að því, að jeg álít það rjett, sem hv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók fram, að ekki sje hægt. að gjöra þessa breytingu undirbúningslaust; það má til að útbúa þinghúsið með upphitun og ljósum, og get jeg ekki ímyndað mjer, að sú breyting, sem ætti að gjörast í sambandi við fyrirhugaðan flutning landsbókasafnsins, gæti orðið búin svo tímanlega, að þingið gæti verið haldið í marz 1907, því að áður en breyting, sem hjer er farið fram á, kemur i framkvæmd, þyrfti að vera byggt nýtt hús fyrir söfnin og vera búið að flytja söfnin inn í það úr alþingishúsinu. En ef samþykkt væri, að halda næsta reglulegt þing í nóvember 1907, þá gætu allar nauðsynlegar hibýlabreytingar verið komnar í kring til þess tíma.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Mjer finnst óþarfi fyrir háttv. þm. Ísfjk. (S. St.), að raða í kring um sig öllum bændum deildarinnar sem flutningsmönnum að þessu litla frumv., því að það eru fleiri, en bændur einir af þingmönnum, sem þetta er áhugamál, enda hefur fyrri verið gjörð tilraun til að koma þessari breytingu á. Jeg man svo langt, að 1903 var frumv. í þessa átt að eins ókomið inn á þingið; þá ætlaði jeg og háttv. 2. þm. S.-Múl. ásamt tveimur háttv. þm. í Nd., að koma málinu á framfæri, en það strandaði á tímaskorti og þar að auki komu fram þeir agnúar á málinu, að forgöngumennirnir gátu ekki orðið á eitt sáttir um hinn nýja þingtíma.

Háttv. þm. Ísfjk. gat þess, að hinn núverandi þingtími væri sá langóhentugasti. En eptir því, sem jeg þekki

bezt til, þá er hann ekki sá lang-óhentugasti, heldur sá næst-óhentugasti tími. Sá tími, sem jeg álít lang-óhentugastan til þingsetu, eru haustmánuðirnir september og október og jafnvel fram í nóvember. Sá tími mundi gjöra flestum bændum ómögulegt að hverfa frá heimilum sínum; þá koma einmitt hauststörfin og allar þær annir, sem enginn getur annast nema húsbóndinn sjálfur. Viðvíkjandi því, að það sjeu einkum Reykjavíkurþingmenn, sem þessi núverandi þingtími sje hentugastur fyrir, og að bændum mundi fara fækkandi á þingi, ef þessum þingtíma væri haldið, þá skal jeg fyllilega játa, að jeg álít það sorglegt, ef svo fjölmenn stjett, sem bændastjettin er, skyldi hverfa af þingbekkjunum, en að það borgi sig betur fyrir þá þingmenn, sem búa í Reykjavík, að því er kostnaðinn snertir, þá er það stórt spursmál. Jeg hef reynslu fyrir mjer í báðum tilfellum bæði sem bóndi í sveit og Reykjavíkurbúi, og jeg get sagt háttv. þm. það, að þegar búið er að draga frá þann kostnað, sem langar ferðir á þingmálafundi hafa í för með sjer, þá fer að skerðast þingsetugjaldið (c. 340 krónur). Þannig hefur t. d. ein ferð mín á þingmálafund norður í land kostað mig 200 kr., báðar leiðir.

Þar sem háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) tók það fram, að alþingishúsið sje óhæfilegt fyrir þingið, þá sje jeg ekki, að það hús sje óhæfilegt til þingsetu, sem einmitt hefur verið byggt fyrir alþingi. Það dettur auðvitað engum heilvita manni í hug, að sitja hjer í þessu húsi að vetrinum til, nema því að eins, að húsið sje hitað upp, enda hefur það verið á döfinni, að koma upp »Central«-hitun í það. En uppástunga háttv. sama þm. um, að byggja nýtt þinghús, er svo fráleit, að hún getur ekki komið til nokkurra mála, enda hef jeg hvergi sjeð þetta eða heyrt það nefnt á nafn, nema í einu blaði. Síðan söfnin eru húsnæðislaus, þá liggur nær að sjá þeim fyrir hæfilegu húsnæði. Auk þess er þinghúsið alls ekki ófullnægjandi, þegar búið er að rýma burt úr því öllu því, sem ekki á þar að vera: þegar búið er að gjöra það, þá er þar meira en nægilegt húsrúm fyrir þingið. En eins og því nú er fyrir komið, þá er húsrúmið ekki nægilegt, og þess vegna verða ýmsar nefndir opt um mesta annatíma þingsins að hrekjast út í bæ, af því að þær hafa ekki nokkurn klefa í þinghúsinu til að vera í.

Jeg býst við, að það reki að því, að það verði svo um þetta frumv. og áður, að þm. verði ekki fljótt ásáttir um, hvaða tími á vetrinum sje hentugastur, en geta skal jeg þess, að jeg er þeirrar skoðunar, að tíminn frá 15. febr. sje hentugastur, og að samkomudagur þingsins mætti ekki vera síðar en 15. febr.; bændur mega ekki vera frá heimilum sínum fram í maím. því að þá koma vorannir. Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um málið, en leyfi mjer að styðja uppástungu háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) um að skipa 3 manna nefnd til að íhuga frumv.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir hans góðu undirtektir undir þetta mál, og sömuleiðis fyrir það, hvernig hann tók undir ummæli háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) að því, er snertir hina formlegu hlið frumv. Hjer er ekki að ræða um aðra breyting á stjórnarskránni, en sem gjöra má með einföldum lögum, og þess vegna átti ekki að setja í fyrirsögn frumv. til »stjórnarskipunarlaga«; sú fyrirsögn táknar, að breytingin hafi í för með sjer uppleysing þingsins og nýjar kosn-

ingar. En einmitt af því, að það stendur, að breyta megi þessu ákvæði stjórnarskrárinnar um samkomutíma þingsins með lögum, þá var alls ekki rjett, að kalla þetta frumv. »frumv. til stjórnskipunarlaga«. Þegar við flutningsm. sömdum frumv., hjeldum við, að ekki mundi verða mikill ágreiningur um, hvaða tími vetrarins væri hentugastur til þinghaldsins.

Jeg skal að vísu játa, að jeg hafi, ef til vill, tekið nokkuð sterkt til orða, þegar jeg sagði, að sá núverandi þingtími væri sá langóhentugasti; jeg álít líka hausttímann jafn óhentugan, og þess vegna get jeg ekki verið samþykkur hæstv. ráðh. um, að þingið ætti að byrja í nóvember. Þá yrðu bændur að fara að heiman áður en haustönnum er lokið, og væri það mjög óhentugt og óþægilegt fyrir þá. Svo er líka á það að líta, að í desemberm. er jólaleyfið, og mundi það að líkindum verða talið ná til þingsins, en við það misstist allt að hálfsmánaðartími frá venjulegum þingstörfum, en hins vegar yrði landssjóður að gjalda öllum starfsmönnum þingsins dagpeninga, og næmi það miklu fje fyrir landið; að þessu leyti er því fyrri hluti vetrarins miklu óhentugri, en sá tími, er frv. tiltekur.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra tók fram, að hafís kynni að hamla ferðum þingmanna á vorin, þá gæti það að vísu komið fyrir, en hann mundi þó aldrei tefja ferðir Vestfirðinga og Austfirðinga nje Sunnlendinga, og að því, er Norðlinga snertir, þá væri þingmönnum úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum vel kleift, að komast heim til sín landveg úr Borgarnesi, þótt hafís væri.

Að því er nefndarskipun í þetta mál snertir, þá get jeg ekki sjeð neina nauðsyn á því. Þetta er mjög einfalt mál, og ekki um aðra formlega breytingu að ræða, en á fyrirsögninni. Hvað það snertir, að byggja nýtt þinghús, þá get jeg ekki fallizt á, að það sje rjett eða nauðsynlegt. Eptir því, sem jeg hef spurzt fyrir um, þá væri hægt að setja bæði upphitun og ljós í þinghúsið, þótt allt væri kyrt, sem nú er í því, svo að frá því sjónarmiði er alls ekki þörf á nýju húsi fyrir þingið að eins vegna þeirrar breytingar, sem hjer er farið fram á. Mjer er ekki svo mjög annt um, hvort næsta þing er haldið á öðrum tíma en nú, heldur að þessi breyting komist á svo fljótt, sem auðið er.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Það er aðeins stutt athugasemd, sem jeg vil gjöra. Þær umræður, sem fram hafa farið, hafa sýnt, að töluverður ágreiningur getur orðið um tímann. Það virðist því rjettast, einsog jeg tók fram áðan, að setja engin lög um þetta nú þegar, en skora á stjórnina að kalla saman þingið. Þá fengist reynsla fyrir, hvaða tími væri heppilegastur og þá fyrst mætti samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar ákveða tímann með einföldum lögum.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Eptir að hafa heyrt bendingu hins hæstv. ráðherra, verð jeg að geta þess, að jeg er honum fullkomlega samþykkur um það, að heppilegasti þingtíminn mundi vera frá nóvember til janúarloka. Á tímanum frá 15. febrúar til apríl loka mundu kaupmenn ekki geta setið á þingi, því einmitt á þeim tíma verða margir þeirra að vera í útlandinu. Heppilegast fyndist mjer, að þingið byrjaði 15. nóvember og ekki virðist mjer ástæða til að gjöra mikið úr því, þó hátíðirnar falli inn í tímann: það er þó ekki nema nýjársdagurinn og jóladagarnir, og þó fundir yrðu stuttir um hátíðarnar, mundu menn geta starfað í nefndum.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg stend aðeins upp til að mótmæla þessari aths. um verzlunarstjettina, því jeg fæ ekki betur sjeð, en að kaupmenn geti eins vel farið utan fyrir jól eins og seinna. Í raun og veru eru þeir ekki bundnir ´við neinn sjerstakan tíma. Einmitt fyrir jólin þurfa þeir að semja reikninga sína og senda þá út, og hafa því mest annriki um það leytið, en seinni partur vetrar er öllu fremur hvíldartími þeirra, nema þeirra fáu, sem þá fara utan.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þessi annatími kaupmanna hefur ekkert að þýða, því auðsætt er, að verzlunarþjónar þeirra geta samið reikningana, en aptur á móti ímynda jeg mjer, að öllum kaupmönnum beri saman um, að hentugasti tími til að fara utan sje janúarmánuður.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.); Því verður auðvitað ekki neitað, að heppilegast er fyrir kaupmenn að fara utan seinni part vetrar, en af þeirri ástæðu er jeg þó ekki svo mjög mótfallinn þingtíma síðara hluta vetrar, enda er fátt um kaupmenn á þingi, en sakir bændastjettarinnar, einkum útgjörðarbænda er jeg á móti þessum tíma, því flestir bændur hafa einhvern sjávarútveg meðfram, þó þeir teljist sveitarbændur. Get jeg því ekki sjeð betur, en að þessi tími sje mjög óhentugur fyrir allflesta þeirra. Jeg álít, að heppilegast sje, að þingið sje um miðjan vetur, frá 29. nóv. til 30. jan. (*Sigurður Stefánsson:* Það er þó ekki miðvetur). Við miðvetur skil jeg svartasta skammdegið. Seinni part vetrar hafa margir bændur útgjörð, og þegar vetrarvertíðin er byrjuð, er þeim ókleift að vera að heiman. Annars get jeg ekki sjeð, að þessi tími sje sjerlega hentugur fyrir neinar stjettir.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg skil ekki, hvernig 5, kgk. þm. (A. F.) getur talið miðvetur í byrjun nóvember. Það er auðvitað, að fyrir útvegsbændur getur seinni partur vetrar verið óhentugur, en aldrei verður hjá því komizt, að hvaða tími, sem er, verði óhentugur fyrir suma, en mest tillit verður að taka til þeirra, sem eiga að skipa flest sætin, og það eru bændurnir. Sjálfur hef jeg fengið nokkra reynslu í þessu máli, þar sem jeg bæði hef verið lítilfjörlegur landbóndi og útvegsbóndi, og verð að álíta, að þessi tími sje í mínu hjeraði hinn langhentugasti.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Samþ. með 11 samhlj. atkv., að skipa 3 manna nefnd til að íhuga málið, og voru kosnir í nefndina:

Eiríkur Briem með 9 atkv.
Þórarinn Jónsson með 8 atkv.
Sigurður Stefánsson með 7 atkv.

Í nefndinni var Eiríkur Briem kosinn formaður og Sigurður Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 28. fundi Ed., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. tit 2. umr. (A. 153, 251).

Þórarinn Jónsson, (6. kgk. þm.) fjarverandi með leyfi forseta.

Framsögumaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Við 1. umræðu þessa máls, voru færð svo ítarleg rök fyrir nauðsyn þessa frv., að nefndin hefur þar litlu við að bæta, enda er það allt tekið fram í nefndarálitinu á þskj. 251, er hún fann ástæðu til að minnast á, og þykir mjer óþarfi að taka

það upp aptur, heldur vil láta mjer nægja með, að vísa til nefndarálitsins, nema í örfáum atriðum. Aðal-breytingin, sem nefndin gjörði, er sú, að lögin komi eigi til framkvæmda fyr en 1909. Nefndinni duldist það eigi, að með þessum breytingum, sem farið er fram á í frumv., þarf meira húsrúm í þinghúsinu, en nú er, ef viðunanlegt á að vera, og það er álit hennar, að þær breytingar, sem til þess þarf, geti eigi allar orðið af hendi leystar fyrir miðjan febrúar 1907. Auk þess þarf að sjálfsögðu ljós og hita í húsið. Enn fremur liggur, eins og hinni háttv. deild er kunnugt, frumv. fyrir í háttv. Nd. um endurbætur alþingishússins og byggingu nýs húss fyrir söfnin, en nefndin álítur, að betra sje að gjöra þær breytingar smátt og smátt, svo að kostnaðurinn komi jafnar niður, enda mundu þessar breytingar ómögulega geta komizt í gegn fyrir næsta þing, eins og jeg þegar hef tekið fram. Af þessum ástæðum hefur nefndin bætt við nýrri gr., sem verður 2. gr. Nefndin var samdóma um það, að ýmsar aðrar breytingar mundu leiða af þessu frumv. um breytingu þingtímans, svo sem breytingu á fjárhagsárinu; þá fannst henni líklegast, að fardagaárið mundi notað, en þó vildi hún ekkert fara nákvæmar út í það mál eða aðrar breytingar, sem af frumv. kynnu að leiða, eða taka það upp í nefndarálitið. Aðrar breyt.till. nefndarinnar sje jeg eigi ástæðu til að fjölyrða um. Jeg get að eins bent á, að nefndin vill breyta fyrirsögn frv. þannig, að hún hljóði svo: *Frv. til laga um breyting á þeim tíma, er hið reglulega alþingi kemur saman.* Jeg vonast svo eptir góðum undirtektum undir frumv. þetta í h. háttv. deild, eins og við 1. umr. málsins.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (251) við frv. samþ. með 11 : 1 atkv.

2. breyt.till. (251) við frumv. samþ. með 11 : 1 atkv.

1. gr. frv. samþ. með 11 : 1 atkv.

3. breyt.till. Ný grein, sem verður 2. gr. frv., samþ. með 8 : 3 atkv.

4. breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Á 30. fundi Ed., þriðjudaginn 8. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 300).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Á 40. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frv. til laga um breyting á þeim tíma, er hið reglulega alþingi kemur saman (A, 331) til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 22 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 331).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 20 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 20 atkv.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 331).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþykkt með 16 samhlj. atkv., og afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

XXII. Löggilding Skildinganess.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Skildinganesi við Skerjafjörð (A 211) til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk.): Það eru orðnir svo algengir húsgangar hjer á þingi þessi löggildingarmál, og það er orðinn svo algengur siður, að löggilda því nær hverja vík og höfn á landinu, að mjer finnst óþarfi, að fara um þetta mál mörgum orðum. Í háttv. Nd., var skipuð nefnd til þess að athuga þessi löggildingarmál og sú nefnd leggur til, að löggilda allar þær hafnir, er hún hafði til umsagnar og gjöra það líka framvegis. Jeg lít svo á, að hjer sje meiri ástæða til löggildingar, en víða annarsstaðar, þar sem löggilt hefur verið, enda þótt jeg geti naumast fundið, að brýn nauðsyn sje til þess. Það sem einkum mælir með að löggilda Skilldinganes er það, að þar mun eiga að búa til ýms mannvirki; er því þægilegt, að þar sje hægt að selja og kaupa það, er við þarf. Óviðfelldið að sækja um leyfi til þess í hvert skipti til sýslunefndar Gullbringusýslu. Ennfremur er það einhuga ósk þeirra, sem búa þar í kring. Höfnin er líka einhver sú bezta, sem til er á Suðurlandi, enda hefur verið stungið upp á að hafa hana fyrir aðalhöfn Reykjavíkur, en til þess að svo geti verið, þarf löggilding til verzlunar, þar sem væntanleg hafskipabryggja yrði byggð, því þar yrði þá jafnframt væntanlega reist mörg verzlunarhús og geymsluhús jafnhliða. Jeg fæ því eigi annað sjeð, en að heppilegt væri að löggilda þessa höfn og að ekkert geti verið því til fyrirstöðu.

Jón Ólafsson (4. kgk.): Í viðbót við það, sem hv. 5. kgk. (Ág. Fl.) tók fram, vil jeg leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildarmanna á því, að aðalástæðan fyrir því, að Seltirningar hafa beiðzt löggildingar á Skildinganeshöfn, mun vera sú, að í ákvæðum vátryggingarfjelags skipa stendur það, að skipin eru eigi í ábyrgð, er þau liggja á höfn, nema höfnin sje löggilt. En nú er einmitt mjög hentugt fyrir Seltirninga, sem eiga skip, að hafa þau þar, en það er varhugavert fyrir þá, sem eiga skipin, að gjöra það sökum þessara ákvæða vátryggingarfjelagsins. Skerjafjörður verður löggilt höfn við það, að lóðin á landi er löggilt. Jeg er viss um, að hjer er meiri þörf á löggilding en víða annarsstaðar, þar sem hafnir hafa verið löggiltar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst. kom frumv. til 2. umr. (A 211).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 9 samhlj, atkv.

Á 28. fundi Ed., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 211).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþykkt í einu hljóði, og afgreitt til forseta Nd.

Á 38. fundi Nd., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 297).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Á 41. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 297).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv. gegn 1.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 samhlj. atkv.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 3. umr, (A 297).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXXIII. Stýrimannaskólalög.

Á 33. fundi Ed., föstudaginn 11. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á 6. gr. í lögum um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, 22. maí 1890 (A 323) til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Af því málið er til 1. umr. þarf ekki að tala mikið fyrir því. Nefndin, sem skipuð var til að athuga frumv. um atvinnu við siglingar, gat ekki hjá því komizt að gjöra breytingar á 6. gr. laga 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskóla.

Frumv. þetta stendur í nánu sambandi við breytingar þær, er nefndin kemur fram með við frumv. til laga um atvinnu við siglingar, og verður í sambandi við það frumv. gjörð ítarlegri grein fyrir þessu litla frumv. Annars er frumv. svo einfalt, að engin ástæða er til, að setja nefnd.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Ed., mánudaginn 14. ágúst kom frumv. til 2. umr. (A 323).

Flutningsmaður Ágúst Flygenring, (5. kgk. þm.): Við 1. umr. þessa máls talaði jeg að eins nokkur orð; jeg skal heldur ekki í þetta sinn vera langorður.

Eins og kunnugt er, gjöra lög 22. maí 1890, 6. gr. það að skilyrði fyrir að mega taka hið stærra sýrimannapróf, að viðkomandi hafi verið 15 mánuði í siglingum, og af þessum 15 mánuðum á hann að hafa verið 5 mánuði í förum erlendis. Þetta ákvæði hefur haft þær afleiðingar, að menn, sem hafa hugsað til að taka hið meira próf, hafa fyrst orðið að fara til útlanda og vera þar í förum, áður en þeir gætu tekið prófið hjer. Flestir þessir menn hafa verið óþroskaðir og ungir, þegar þeir fóru af landi burt. og margir hverjir gleymt ættjörðu sinni, en haldið áfram að stunda atvinnu sína meðal útlendra þjóða. Þeim hefur líka gefizt kostur á að taka próf í útlandinu með jafngóðum kjörum og hjer, og hafa því iðulega ílengzt í útlandinu. Ákvæðin um skilyrðin fyrir að mega taka meira prófið eru óeðlilega ströng, og slík skilyrði finnast ekki í samskonar lögum á Norðurlöndum, enda virðist lítil ástæða til að halda svona skilyrðum, þegar lög um atvinnu við siglingar hafa ákveðið, hvaða skilyrði útheimtist til að vera skipstjórar og stýrimenn. Það er því tilfinnanlegra, að þessi skilyrði fyrir að mega taka hið meira próf skuli vera svona hörð, þegar litið er til

þess, að nú er mesta ekla á skipstjórum, er hafa rjett til utanlandssiglinga. Með breytingum þeim, sem gjörðar verða á lögum um atvinnu við siglingar, verður ráðin nokkur bót á þessu. Undanþágan, sem þeim má gefa í 10 ár, á að geta orðið að gagni, en þegar sá tími er liðinn, vona jeg, að árangurinn af þessari lagabreyting verði þannig kominn í ljós, svo að við þurfum ekki lengur að halda á undanþágu heimild frá hinum lögákveðnu skilyrðum.

Jeg vona, að háttv. deild sje mjer samdóma um það, að brýn þörf sje á að gjöra þessa breytingu við lögin um stofnun skólans, bæði til þess að lög okkar að þessu leyti verði þá í samræmi við samskonar lög hjá Dönum, en þó einkum verður breytingin til þess, eins og mun sýna sig, þegar tímar líða, að það bætist brátt úr þeim tilfinnanlega skorti, sem nú á sjer stað, á skipstjórum, er hafa rjett til skipstjórnar landa á milli.

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 323).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 440).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 440).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 16 atkv.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 47. fundi Nd., laugardaginn 26. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 440).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 16 atkv.

Frumv. afgreitt til stjórnarinnar sem lög frá alþingi.

XXIV. Umráð yfir Glerá.

Á 33. fundi Ed., föstudaginn 11. ágúst, kom frumv. til laga um skyldu eigenda, til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi fram með henni, til 1. umr. (A 349).

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Deildin þekkir frumv.; það er gamall kunningi, sem lítt hefur breytzt frá því hann var hjer síðast. Aðeins hefur í þessu frumv. verið tryggður betur eignarrjettur eiganda Glerár.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Forseti gat þess, að hann hefði leyfi ráðh. til þeirra afbrigða frá þingsköp-

unum, að frumv. þetta verði tekið á dagskrá til næsta fundar, og samþ. deildin það.

Á 34. fundi Ed., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 349).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 35. fundi Ed., mánudaginn 14. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 349).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 408).

Guðl. Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Háttv. þingdm. er kunnugt um forlög þessa máls í háttv. Ed. Það kemur hingað aptur að heita má í sömu mynd, sem þessi háttv. deild skildi við það í. Jeg leyfi mjer að eins að láta í ljósi þá von mína, að málið fái að ganga óhindrað áfram.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr, í e. hlj.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 408).

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg stend upp að eins til þess að benda á, að Ed. hefur gjört eina lítilfjörlega breytingu á frumv. þessu, sem sje að málspartar kjósi 2 menn hver, en stjórnarráðið 1, til þess að skera úr ágreiningsmálum.

Jeg hef fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga. Að öðru leyti er frumv. óbreytt, og vona jeg, að það fái að ganga gegnum deildina.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr.

Á 40. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 408).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hljóði.

Frumv. afgreitt til ráðherrans sem lög frá alþingi.

B. Felld.

I. Bæjargjöld í Reykjavík.

A 10. fundi Nd., fimmtudaginn 15. júlí, kom frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík (A. 59) til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvík.): Frumv. þetta fer fram á nokkrar breytingar á lögum um bæjargjöld í Reykjavík frá 19. okt. 1877. Það er allstaðar siður í bæjum, sem eru búnir að fá nokkra stærð, að nota fasteignir, hús og lóðir, sem gjaldstofn; og það hefur einnig verið gjört hjer í Reykjavík með lögum þeim, sem jeg nefndi. Með lögum þessum er ákveðið lítils háttar flatar-

málsgjald, sem er 3 aurar fyrir hverja feralin af byggðri lóð, en ¼ eyrir fyrir hverja feralin af óbyggðri lóð. Þegar lög þessi voru samin fyrir hjer um bil 30 árum, var bærinn lítill og lóðir í miklu minna verði, og það sem mestu skiptir: lóðirnar voru þá allar álika verðháar. Jeg hygg, að hver feralin hafi þá verið metin á 20—50 aura. Skatturinn, sem á þær var lagður samkvæmt fyrnefndum lögum, var því rjett hæfilegur, *þá* þegar lögin komu í gildi. Hann samsvaraði hjer um bil 1% af virðingarverði lóðanna. Það var heldur ekki rangt *þá*, að leggja flatarmálsgjald á lóðir, þegar tekið er tillit til þess, að verðmæti þeirra allra þá var mjög svipað. En síðan eru stórar breytingar á orðnar. Bærinn hefur meir en þrefaldast að stærð og fólksfjölda, og jafnframt hafa lóðir stigið afar-mikið í verði. Munurinn á verðmæti lóða er nú orðinn gífurlega mikill. Lóðir í útjöðrum bæjarins eru að vísu enn álíka að verði, og þær voru þá, sem sje 25—50 aura fyrir hverja feralin; en inni í bænum kostar feralinin nú allt að 10 kr. Þessu verður ekki mótmælt, því að lóðir hafa nú verið seldar því verði. Það eru því fullar ástæður til þess, að fara fram á, að fá lögunum breytt, og er það þá einkum tvennt, sem taka verður til greina. Fyrst er það, að gjaldstofninn þolir nú miklu meiri álögur en áður. því verðmæti hans hefur stórum vaxið. Önnur ástæðan er sú, að þessi skattur, sem í byrjun var mjög sanngjarn, er nú orðinn afar ranglátur, og kemur mjög misjafnt niður, þar sem sama gjald er af lóðinni, hvort sem hún kostar 25 aura eða 10 kr., hver feralin.

Jeg veit það vel, að fyrir nokkrum árum — 1901 — var borið fram frv. líkt og þetta, en það var fellt. Því varð tvennt að falli. Fyrst og fremst það, að ekki var farið fram á annað, en að hækka gamla flatarmálsgjaldið frá 1877, og var því ekkert tillit tekið til verðmunar á lóðunum; þinginu þótti, sem vonlegt var, ranglátt, að leggja sama skatt á allar lóðir, dýrar og ódýrar. Í öðru lagi var tekið fram þá, að þetta mundi ofþyngja fátækum mönnum, sem ættu stórar lóðir í útjöðrum bæjarins. Jeg býst við því, að þetta frumv. fái betri byr, því nú eru þessir annmarkar gjörsamlega numdir burt, þar sem farið er fram á »prócentu«skatt í stað flatarmálsskatts; þar með er skatturinn orðinn rjettlátur skattur, og þar með er fyrirgirt, að skattbreytingin verði til þess, að íþyngja fátækum mönnum í útjöðrum bæjarins, því að eptir ákvæðum frv. verður lóðargjaldið öllu minna í útjöðrunum, en það nú er. Aptur á móti hækkar það talsvert á dýrum lóðum, en um það má segja, að hver, sem nú á lóð í miðbænum, er ekki fátækur maður, og hefur því ráð á, að gjalda sanngjarnan skatt; það má fullyrða, að allar verðmætar lóðir sjeu nú í höndum efnaðra eða jafnvel ríkra manna. Jeg get ekki hugsað, að þingdeildin hafi neitt á móti því, þó þeir fái auknar álögur. Mjer er fullkunnugt um talsverðan mótþróa hjer í bænum gegn þessari lagabreytingu, og hygg jeg, að öllum sje ljóst, hvernig á honum stendur.

Jeg vil spyrja mjer eldri og reyndari þingmenn, því jeg er nýgræðingur hjer á þingmannabekknum, hvort að nokkur skatthækkun hefði nokkru sinni komizt á, ef alþýða manna hefði átt að greiða atkvæði um hana og ráða úrslitum; þessari skatthækkun er líkt farið og tollhækkuninni, sem ný-

búið er að samþykkja hjer í deildinni. Það er líka töluverður mótblástur gegn henni, og þó samþykkti þingdeildin hana með miklum meiri hluta atkvæða. Gjaldendur berjast allt af í lengstu lög móti hvers konar álögum, sem farið er fram á, enda þótt efnahagurinn sje góður og kröfurnar um auknar álögur rjettmætar.

Jeg leyfi mjer nú, að stinga upp á því, að málinu verði vísað til 2. umr., og því næst kosin 3 manna nefnd í það.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg er nú ekki vel undir það búinn heilsunnar vegna að tala, en jeg get samt ekki setið á mjer gagnvart ræðu háttv. sessunauts míns (G. B.), sem er flutningsm. að frumv.

Það hefur verið haft á orði, að mál þetta hjer í bæ væri orðið töluvert tilfinninga- og æsingamál, en jeg hef ekkert af því að segja, þar sem jeg var fjarverandi, þegar borgarafundurinn var haldinn og æsingarnar því hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá mjer. Stormur eða æsing er því enginn hjá mjer, og jeg ætla að tala um málið kapplaust á báðar hliðar, en þó get jeg ekki verið frumv. fylgjandi.

Málið kemur nokkuð einkennilega inn á þingið; það var búið að bera það undir fjölmennan borgarafund hjer í bænum, og þar var það rækilega kveðið niður, fellt með 300 atkv. gegn 10; að þessi úrslit stafi af eintómum æsingi, á jeg bágt með að skilja. En þó það væri nú svo vel haugsett og rækilega grafið á fundi þessum, er það nú vakið upp af nýju af þingmönnum bæjarins. Mjer er óhætt að segja, að málið er komið inn á þing með óvilja borgaranna.

Jeg álít, að þungur skattur sje lagður á fólk með þessu frumv., og það á fólk, sem illa er fært um að bera hann. Vjer verðum þó líka að taka tillit til efnaminna flokksins; en oss er svo gjarnt á, að líta á málin frá hlið efnamanna, og því verða þær stjettir manna, sem efnaminnstar eru, opt útundan í röksemdaleiðslunni, en það er ekki rjett.

Menn leggja sig hjer opt í framkróka með að eignast lóðir og hýbýli, en það er ekki af því, að þeir, sem það gjöra, sjeu efnamenn; samt sem áður álíta þeir það heppilegra, að taka lán til þess að eignast lóðir og hús fyrir, en að borga öðrum leigu af húsnæði sínu. Mörgum hefur heppnazt þetta; þeir hafa með því að greiða vexti og afborganir smám saman eignast hús sín og lóðir. En þessi leið lokast nú, ef frumv. nær fram að ganga. Hinir almennu skattar, sem þegar eru fyrir, eru miklir og margvíslegir. Menn borga húsaskatt, kirkjugjöld, landssjóðsgjöld, brunabótagjöld, o. fl. Það safnast þegar saman kemur, og jeg get nú hugsað mjer, að sumum fari að finnast hús lítt eigandi, þegar þessi skattur er kominn á í viðbót. Það er líka álit mitt, að húseignirnar hjer í bænum falli við þetta í verði, því þegar kaupandi veit, að nýir skattar eru áfallnir, býður hann eðlilega lægra verð í húsið. Þá er annað, að þessar nýju álögur leggjast jafnt á veðsettar eignir og skuldlausar. Landssjóður hefur ekki hingað til fylgt þeirri stefnu, og það er að mínu áliti mjög svo ósanngjarnt, þegar hús eða lóð er algjörlega í skuld, að verða að taka við þungum skatti í ofanálag.

Samkvæmt frumv. á að virða lóðir fimmta hvert ár; það er að vísu gott, en jeg hef nú opt litla trú á þessum virðingnm. Ekki er það af því, að jeg ætli að bera virðingarmennina

nokkrum brixlyrðum, en virðingarnar byggjast ekki jafnan á skynsamlegum grundvelli. Jeg neita því, að verðmæti lóðanna hafi vaxið, þó að óyrktar lóðir í útjöðrum bæjarins hafi þotið upp í geypiverð. Það stafar heldur af heimskukappi í mönnum, en reglulegri verðhækkun; það hlýtur því innan skamms að koma mjög mikið apturkast, sem bærinn finnur sárt til. Allt er undir því komið, að verðhækkunin sje á viti byggð, en eins og nú er, hvílir hún ekki á rjettum grundvelli, því hækkunin á virðingum er ekki afleiðing af vaxandi verðmæti lóðanna, eins og nú er, heldur af kappgirni manna. Hefði átt að virða allar lóðir bæjarins í ár, hefðu þær eflaust hækkað í virðingu allar saman, og að því eru alveg sjerstakar orsakir, sem óvíst er að verði annað en reykur. En hvernig fer þá? Það kemur apturkast, sem grandar fleiri eða færr. Það er því ekki rjett, að byggja skatta á öðru en því, að verðmæti hlutarins vaxi.

Allar húseignir bæjarins nema nú líklega um 6 miljónum króna, en af því mun lítill partur vera skuldlaus.

Svo er eitt enn, sem líka hefur talsverða þýðingu, að því er þetta mál snertir. Eins og menn vita, var með stjórnarskrárbreytingunni síðustu veittur kosningarrjettur mýmörgum mönnum, sem ekki höfðu hann áður. Nú ef þessi skattur kemst á, raskast þetta aptur; útsvörin lækka og margir borgarar missa kosningarrjett sinn. Þeir, sem nú gjalda 5—6 kr. í útsvar, lenda þá fyrir neðan lágmarkið (*Þórhallur Bjarnarson:* Voðaleg fjarstæða!). Þetta er óendanlega satt, og það er ástæða til að hrista fremur höfuðið yfir mörgu öðru á þessu þingi en því. Jeg álít þar að auki, að aðferðin sje ekki rjett; eptir þeim hugmyndum, sem uppi eru nú, þá verður það naumast talið rjett, að þvinga þeim sköttum upp á menn, sem þeir ekki vilja bera. Aptur á móti finnst mjer það nokkuð einvaldskennt, að drífa þannig skatta á menn, þegar þeir vilja ekki taka við þeim.

Jeg skal að vísu játa, að það getur komið fyrir, að vilji gjaldendanna stefni eigi í rjetta átt, en þá eiga þeir að fá að brenna sig á því. Vjer játum það í orði kveðnu, að þjóðin eigi að ráða sjer sjálf; en þá verðum vjer líka að vera sjálfum okkur samkvæmir og ekki neita því í öðru orðinu, sem vjer játum í hinu, taka aptur með annari hendinni það, sem gefið er með hinni.

Hvar eiga annars þessar nýju álögur að lenda hjá þinginu. Það eru í hverri viku bornar á borð fyrir þjóðina, einkum þó á efnaminnstu flokkana, nýir tollar og nýir skattar. Enginn nefnir gjaldþolið hjá þeim, sem allt þetta eiga að bera. Hvar verða takmörkin? Hvar skal staðar numið?

Þegar sjómaðurinn á sjónum stingur eptir eina viku fingrunum í tóbakspunginn, finnur hann þar nýjan hlut, nýjan toll á tóbakinu. Þegar hann kemur heim og konan setur upp ketilinn og maðurinn fer að drekka svartan kaffisopann með rúgbrauðinu og margarínunu, rekur hann sig enn á nýjan hlut — tollinn — og þegar föðurinn svo langar til að stinga sykurmola upp í krakkann sinn, fylgir meira með: nýr tollur, og þegar hann kemur af sjónum og stígur á land, þá stingst eitthvað upp í fótinn á honum, það er lóðargjaldshækkun. Svo þegar hann kemur inn í kofann sinn, þá leka nýir tollar þar líka niður í höfuðið á honum. Hvað er nú eptir, sem tolla megi? Bráðum kemur tollur á blávatnið. Hvað er þá eptir? Ekkert

eða fátt nema andrúmsloptið, sem enn er ótollað, en það gæti orðið gríðarstór gjaldstofn!

En aðferðin er, eins og jeg sagði, nokkuð einkennileg; þarna þýtur bæði bæjarstjórn og þing, að þjóðinni og borgurunum fornspurðum og þvernauðugum, og leggur á þá öll þessi nýju gjöld. Jeg kann ekki við það. Nú er nýkomin áskorun, frá eitthvað á 5. hundrað borgurum úr bænum til þingsins, að samþ. ekki þetta frumv. En af því raddir borgaranna af hendingu fara nú í aðra átt, en bæjarstjórn og þingmenn vilja, þá er ekkert að marka þessar raddir borgaranna. Það er annað hljóð í strokknum, þegar borgararnir eru að kjósa bæjarfulltrúa og þingmenn. Þá er að marka, hvað þeir segja.

Jeg sje að háttv. 1. þm. Rvk. (G. B.) hefur beðið um orðið, og mun hann sjálfsagt segja margt gott og skynsamlegt um málið frá sínu sjónarmiði, og mun jeg nú bíða þess að hann leysi frá pokanum. Jeg skal að eins endurtaka það, að jeg er ekki með þessari lóðargjaldshækkun. Niðurjöfnunarnefndin hefur hingað til verið ófeilin með að leggja útsvör á menn, og þá getur hún eins gjört það eitt árið enn. En á hinn bóginn veit jeg ekki af neinum stórnauðsynjum fyrir bæinn, sem eigi að komast í framkvæmd. Jeg skal að vísu játa, að margt þarf að gjöra; en mín skoðun er sú, að meðan borgarar bæjarins vilja ekki hafa þessa aðferð til þess að auka tekjur bæjarsjóðsins, eigi ekki að beita henni. Hún er þá fyrst rjettmæt, er þeir fallast á hana og fyr ekki. Jeg kann ekki við, að hrópa á þjóðarviljann svona í öðru veifinu, en troða hann undir fótum í hinu. Jeg kann ekki við þessar járnhendur; þegar gjaldendur bjóðast til að borga sömu upphæðina með öðru móti, finnst mjer ekki eiga við að viðhafa þessa aðferð. Jeg skal nú ekki fjölyrða um málið að sinni, en hygg að geta upplýst það með ýmsum dæmum við 2. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg verð að segja, að jeg hef aldrei verið eins hjartanlega samdóma neinum manni eins og háttv. sessunaut mínum, er hann sagði, að hann væri ekki undirbúinn að tala í þessu máli, því eptir ræðu hans að dæma, hefur hann ekkert kynnt sjer málið og botnar ekkert í því. Hann sagði, að það væri einkennileg leið, sem frumv. væri látið fara, þar sem borgarafundur sá, er haldinn var hjer í bænum um þetta mál, hafi verið eindreginn á móti málinu. En jeg hugsaði, að hann vissi það, að nú er frumv. allt öðruvísi, en þá er það lá fyrir nefndum borgarafundi. Á fundinum var stungið upp á því, að greiða skyldi 1% af virðingarverði lóðanna til bæjarsjóðs, en það fannst borgurum bæjarins of hátt gjald. Hjer er farið fram á, að greiða skuli ½%, gjaldið þannig lækkað um helming. Þessi breyting hefur aldrei verið til umr. á neinum borgarafundi.

Hinn háttv. þm. sagði, að mál þetta væri vakið upp aptur af þm. bæjarins. En sannleikurinn er sá, að *bæjarstjórnin* tók málið upp aptur til íhugunar, og ástæðan til, að því var breytt, var einmitt þessi óánægja: er fram kom á borgarafundinum. Borgararnir voru óánægðir út af því, að skattuinn væri of hár, þessvegna var gjaldið flutt niður um helming, og bæjarstjórnin fól oss svo að bera þetta frumv. fram á þing.

Hinn háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) sagði einnig, að þetta væru þungar álögur á bæinn, einkum á efnalitla flokkinn. Ef hann hefði kynnt sjer þetta mál

rækilega, þá hlyti hann að vita, að efnalitlu mennirnir búa a ódýrari lóðum bæjarins, og þó að frumv. þetta verði að lögum, hækka gjöldin alls ekki á þeirra lóðum, heldur *lækka* þau víða. Fátæklingarnir, er búa í útjaðri bæjarins, geta framvegis lifað þar við sama eða öllu heldur lægra lóðargjald.

Jeg skal geta þess, að í staðinn fyrir 3 aura af hverri ferhyrningsalin af byggðri lóð kemur nú einn af hverju þúsundi (1‰) af virðingarverði hússins. Nei, þetta þyngir ekki á fátæklingunum, og mótþróinn kemur ekki mest úr þeirri átt. Það eru efnamennirnir, sem eru helzt á móti þessu frv. (*Þórhallur Bjarnarson:* »spekúlantar») af því að gjaldið verður hærra á verðmætari lóðum bæjarins.

Hinn háttv. þm. vjek að því, að engin meining væri í, að leggja jafnt gjald á veðbundnar og veðlausar eignir. En á þessu er engin breyting gjörð með þessu frumv.: gjaldið hvílir nú sem stendur jafnt á veðbundnum sem veðlausum lóðareignum. Það er annað atriði, sem vert er að minnast á. Háttv. þm. sagði, að lóðirnar væru seldar og keyptar allt of dýrt, og þetta verð hlyti að hrapa niður. Það er æði langt síðan, að jeg hef heyrt slíka mótbáru. Jeg hef verið borgari þessa bæjar í 10 ár og heyrði menn áður fyr opt spá illu í þessu efni. Menn sögðu, að Reykjavík mundi fara á hausinn á næsta ári, vöxtur hennar væri óeðlilegur, en Reykjavík hefur stöðugt vaxið og blómgvast þrátt fyrir allar hrakspár; hún er ekki farin á hausinn enn en; hrakspárnar fyrir löngu dauðar og það er langt síðan, að jeg hef orðið þessa var, þangað til nú af vörum míns háttv. sessunauts. Hitt er satt, að sú breyting hefur orðið á, að einstakir menn og einstök fjelög hafa nú keypt stórar lóðir til að »spekúlera« með, og þeim gremst náttúrlega skattabreytingin. En jeg spyr; er það til hagnaðar fyrir bæinn? er það til hjálpar fátæklingum, sem þurfa að fá húsaskjól yfir höfuðið, að einstakir menn haldi stórum spildum óbyggðum til þess að græða á verðhækkun þeirra? Jeg vona, að minn háttv. sessunautur verði fyrstur til að kveða nei við því ásamt mjer.

Hinn háttv. þm. fór mörgum hjartnæmum orðum um það, að það væri þjóðin, sem ætti að ráða. En mjer skilst svo, sem þjóðin eigi að ráða gegnum fulltrúa sína, og eins finnst mjer, að borgararnir eigi að ráða gegnum sína fulltrúa, þ. e. bæjarstjórnina. Því hefur verið hreyft hjer í bænum, að borgararnir eigi að ráða öllum helztu málum bæjarins til lykta á borgarafundum, en það er sama sem að vilja brjóta eða afnema gildandi lög, þar sem ákveðið er, að bæjarstjórnin skuli ráða fyrir bæjarbúa öllum bæjarmálum og jafnan fara eptir sinni beztu sannfæringu. Borgararnir hafa engu að síður ráðin í hendi sjer: líki þeim illa við einhvern bæjarfulltrúa, þá kjósa þeir hann ekki aptur.

Borgarafundir um bæjarmál hafa líka þýðingu og þingmálafundir um landsmál, og hversu opt hefur ekki alþingi breytt á móti almennum þingmálafunda óskum. Þeir menn eru *nú* að vísu til, sem virðast vera á þeirri skoðun, að þingmálafundir eigi að ráða stórmálum þjóðarinnar til lykta, þeirra vilji eigi að gilda, þó að hann fari í bága við sannfæringu þingsins og skoðun þess á því, hvað þjóðinni sje fyrir beztu; en flestum mun ljóst, að slík skoðun fer í berhögg við gildandi stjórnarskrá og allar *þing*ræðisreglur.

Mjer finnst því ómögulegt, að ásaka bæjarstjórnina, þó að hún haldi sinni

sannfæringu eða þingmenn kjördæmisins fyrir að flytja þetta frumv. Þó að áskorun sje komin frá c. 450 bæjarmönnum þess efnis, að þingið ekki skuli samþykkja þetta frumv., þá er eptir að vita, hverjir hafa skrifað þar undir, hvort heldur fátæklingarnir eða efnamennirnir, hvort heldur lóðareigendur eða gjaldendur, sem engar lóðir eiga. Fátæklingarnir eru, sem kunnugt er, ekki í bænum um þetta leyti árs; þeir eru við atvinnu sína, annaðhvort uppi í sveit eða úti á sjó. Ef þeir væru hjer, þá gæti vel verið, að áskorun hefði komið frá þeim, allt annars efnis en þessi áskorun, sem nú liggur frammi.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Fyrir 2 árum flutti jeg á þingi frumv. sama efnis, sem þetta, fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, og nú flyt jeg þetta mál í annað sinn fyrir hana, en jeg vil jafnframt geta þess, að margir af gjaldendum bæjarins eru á móti því. Jeg vil því ekki sækja þetta mál með neinu kappi. Mín stefna er og hefur verið sú, að gjaldendur bæjarins fái að greiða gjöld sín til bæjarþarfa, eins og þeim þykir sjer hentugast. En þótt svona sje, þá sá jeg enga ástæðu til að neita bæjarstjórninni um að flytja frumv. Málið er nú betur undirbúið, en það var fyrir tveim árum, og þar sem bæjarbúar og bæjarstjórn greinir svo á, þá áleit jeg rjett, að bera málið undir dóm óvilhallra manna á þingi. Málið hefur verið rætt í vetur bæði í privatfjelögum og í bæjarstjórninni, og hafa skoðanir manna bæði verið með og móti. Fyrst framan af vetrinum voru margir bæjarbúar með því, að leggja gjöld á lóðir bæjarins; þeir álitu, að þá hefðu menn eitthvað fast og ákveðið að byggja á skattaálögurnar. Hjer í bænum eru nú um 8,000 íbúar, þar af 1,400 gjaldendur, svo að ekki er auðvelt fyrir niðurjöfnunarnefndina að þekkja efnahag þeirra allra, nje að jafna útsvörum svo, að þau komi rjettlátlega niður. Þetta er allt ljettara í sveitum með aukaútsvörin, þar sem hver þekkir annan. Þetta voru aðalástæður þeirra manna, sem vildu minka útsvörin, en leggja gjald á lóðir.

En þeir, sem voru mótfallnir gjaldi af húsum og lóðum, sögðu, að mikið af húsum og lóðum manna í bænum væru veðsett í bönkum og sjóðum, en svo væri önnur hús, sem engin skuld hvíldi á, yrði því hlutfallið mjög ójafnt, ef þessi hundraðagjöld kæmust jafnt á allar húseignir. Svona er nú skoðun manna, en mín skoðun er sú, að sanngjarnara sje, að meta gjald þetta eptir virðingarverði húsanna og lóðanna, en ekki eptir stærð lóðanna, eins og nú er eptir gildandi lögum, því ekki er sanngjarnt, að borga jafnt af lóð, sem að feralinin selst fyrir 25 aura, eins og af lóð, sem selst fyrir 6 kr. alinin. Að því leyti hefur hæjarstjórnin á rjettu að standa.

Háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) sagði, að lóðargjaldið væri óbærilegur skattur á fátæklingana, Það þarf ekki að minna hann á, að »fátæka hafið þjer jafnan hjá yður«, því að háttv. þm. getur varla talað svo eina ræðu, að hann sje ekki að margendurtaka um fátæklingana. Það er eins og hjer væru eintómir fátæklingar í Reykjavík, sem einir bæru bæjargjöldin og einir keyptu tollaðar vörur.

Þessar álögur, sem frumv. fer fram á, eru annars ekki svo gífurlegar, t. d. af húsi, sem virt er á 5,000 kr. á að borga 5 kr., og af lóð, sem metin er á 500 kr, á að korga 2 kr. 50 a. Það er til samans 7 kr. 50 a. Háttv. þm.

talaði um, að hjer ætti að leggja nýjan skatt á, en þetta er ekki rjett. Verði gjöldin til bæjarþarfa ekki meiri komandi ár, en næstliðnu árin, þá verða aukaútsvörin þeim mun lægri, sem lóðargjaldinu nemur. En ef bæjarþarfirnar aukast, sem við má búast, þá hækka útsvörin viðlíka og lóðargjaldinu nemur, ef frv. verður fellt.

Hjer er því engin ný áþján lögð á bæjarbúa; það er að eins gjald með öðru nafni en aukaútsvar. Hinir hv. þm. sjá, að hjer vantar í bænum rennur, betri götur, »klóaka« og margt fleira, en til þess að gjöra þetta, þarf peninga; vilji menn ekki auka gjöldin til bæjarþarfa, þá er ómögulegt að framkvæma neitt af þessu. Jeg orðlengi þetta ekki lengur, en tek upp aptur það, sem jeg fyrst sagði, að mjer er þetta ekkert kappsmál; því ef bæjarmenn endilega vilja bæta við gjöld sín undir nafninu aukaútsvar, en ekki með nafninu lóðargjald, þá sýnist mjer að ætti að lofa þeim það.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Þar sem annar flutningsm. þessa máls 1. þm. Rvk. (Tr. G.) tekur svona í málið, virðist mjer önnur máttarstoðin vera hrunin undan því. Vil jeg því gjarnan hlaupa undir bagga með 2. þm. Rvk. (G. B.), svo ekki komi allur þungi þessa máls á hann einan.

Jeg vil geta þess, að 1. þm. Rvk. flutti þetta mál fyrir bæjarstjórninni í vetur sem formaður Framfarafjelags Reykjavíkur, og vorum við þá báðir meðmæltir því. En eins og frumv. nú er flutt hjer á þinginu, er mjer reyndar nokkurnvegin sama um það, því jeg álít það fremur gagnslítið, og eins miklar líkur til, að það, sem nú er farið fram á, verði í bili til lítils tekjuauka fyrir bæinn af þessum fasta stofni.

Í þessu máli hefur alltaf vakað fyrir mjer það, sem viðurkennt er um allan heim, að einhver rjettlátasti gjaldstofninn sjeu eignir, sem alltaf vaxa í verði, þó ekkert sje sjerstaklega til þeirra kostað. Bæir gjöra sjer allstaðar tekjuauka úr því, hvað lóðirnar hækka við mannfjölgunina. Og af því jeg á reglulega »spekúlantalóð«, hef átt einar 8000 álnir að stærð, sem alltaf vex í verði, hef jeg staðið svo vel að vígi til að halda máli þessu fram, af því enginn getur sakað mig um eigingirni í málinu. Og í lengstu lög vil jeg vona það, að fleiri og fleiri vilji kannast við það, að virðingarverðið sje rjettlátari mælikvarði, en flatarmálið.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg gekk að því vísu, að háttv. þm. yrði bumbult af orðum mínum, en þrátt fyrir það fannst mjer ekki ástæða til að láta þau ósögð.

Mjer þótti einkennileg koma þessa frumv. til þingsins, en engu minna einkennileg virðist mjer dvöl þess hjer í deildinni ætla að verða. Annar flutningsmaðurinn fellur frá því við 1. umr. Önnur stoðin hrynur strax undan því, svo jeg viðhafi orð háttv. þm. Borgfirðinga. Síðan stendur háttv. þm. Borgfirðinga upp og segist ætla að styðja hina stoðina, en getur þess þó strax á eptir, að honum sje eiginlega sama um frumv.

Ef þetta er ekki undarlegt allt saman, þá veit jeg ekki hvað það er. Það er allt útlit fyrir, að eitthvað sje óheilt, eitthvað meljetið í því.

Háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) hefur haft þetta mál til meðferðar áður og hreyft því á borgarafundi hjer fyrir nokkrum árum. Þá var alveg sama hljóðið í mönnum eins og nú, og þó voru fátæklingarnir, sem háttv. sessunautur

minn talaði um, heima í það skipti. Jeg hef engum hrakspám spáð þessum bæ, eins og háttv. sessunautur minn sagði. Það eitt sagði jeg, að gullsýkin hefði hleypt upp lóðunum, einkum yzt í bænum, of mikið upp, og jeg efast ekki um, að þær hljóti að hrapa í verði aptur.

Háttv. 2. þm. Reykvíkinga tók það fram, að fulltrúar bæja og landa væru vanir að ráða fram úr málum bæja og landa fyrir hönd kjósenda sinna, og að vilja þeirra. Já, það er auðvitað satt og rjett. Það gjöra þeir. En háttv. þm. nefndi það ekki, að fulltrúarnir geta brugðizt kjósendum sínum og ráðið málum til lykta, ekki að vilja kjósenda en að vilja sínum eða einhvers annars, sem þeim er ljúft að fylgja að málum.

Það kemur fyrir, að bæjarstjórnir skjóta málum til borgarafunda, og það hefur gjört verið í þessu máli, en það er merki þess, að þær viðurkenna borgarana sem húsbændur bæjarstjórnanna og um leið rjett þeirra til að ráða málunum.

Háttv. 2. þm. Rv. (G. B.) sagði, að lóðirnar í miðjum bænum væru dýrastar, og hlutfallslega minnst gjald lægi á þeim.

Það ætti að vera auðunnið verk, að ná í eigendur þeirra, og leggja því hærri gjöld á þá. Það getur niðurjöfnunarnefndin, ef hún vill.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, því væntanlega kemur það til 2. umr. Skoðun mín á því hefur alls ekkert breytzt við þessar ræður, heldur þvert á móti.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3. manna nefnd samþ. án atkvgr.

Þessir 9 þm. æsktu hlutfallskosningar: Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem, Guðm. Björnsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skagf.

Þessir 2 náðu kosningu:

Ólafur Ólafsson,

Þórhallur Bjarnarson.

Fór svo fram óbundin kosning á 3. manni í nefndina, og var kosinn:

Guðl. Guðmundsson með 19 atkv.

Í nefndinni var Þórhallur Bjarnarson kosinn formaður og Guðl. Guðmundsson skrifari og framsögumaður.

Á 18. fundi Nd., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til 2. umr.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Eins og háttv. þingdm. geta sjeð, hefur nefndin gengið inn á það »princip« frv., að breyta lóðargjaldinu úr flatarmálsskatti í skatt af eign eða verðmæti. Nefndin telur það rjettlátara, og hefur byggt á því tillögur sínar. Nefndin hefur lagt til, að fella burtu ákvæðin um hámark og lágmark skattsins, sem sett eru í frv. En svo hefur nefndin lagt til, að lækka húsaskattinn, sem í frumv. er 1‰, niður í ½‰. Lóðargjöldin munu eins og nú er, vera nálægt 10 þús. kr. Sje nú gjört ráð fyrir, að allar lóðir í Reykjavík verði metnar 1½ miljón, yrðu lóðargjöldin með þessu nýja fyrirkomulagi að eins 7,500 kr. Það verður þá á lóðunum 2,500 kr. halli, sem nefndin vildi vinna upp á húsaskattinum. Eptir húsaskattsvirðingunni, sem byggja verður á, er Reykjavík metin nálægt 5 miljónir og ½‰ af þeirri upphæð yrði 2,500 kr.

En það er nýtt atriði í tillögum nefndarinnar, að bæjarstjórnin getur fengið breytt þessum gjöldum, ef hún fær með því meiri hluta atkvæða á almennum gjaldendafundi. Þetta atriði leggur nefndin talsverða áherzlu á,

og það gæti í framtíð fengið mikla þýðing.

Jeg fer svo ekki frekar út í þetta mál að sinni, en legg að eins til, að frumv. verði samþykkt með breytingartillögum nefndarinnar.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg er nefnd þeirri, sem hefur fjallað um mál þetta, yfirleitt mjög þakklátur fyrir, hvernig hún hefur tekið í það. Jeg skal því að eins leyfa mjer, að gefa nefndinni fáeinar bendingar, sem jeg vona, að hún taki til greina. Þar sem nefndin leggur til, að lágmark og hámark fyrir gjöldum þeim, sem voru ákveðin í frumv. upphaflega, sje numið burt, svo »prócentu«gjaldið sje hið sama upp úr og niður úr, til þess að byrðin verði sem minnst á ódýrustu lóðunum, þá hef jeg ekkert við það að athuga. En þar sem svo nefndin fer fram á, að gjald af húsum sje fært niður úr 1‰ í ½‰, álít jeg, að það hljóti að rýra stórum tekjur bæjarsjóðsins. Nefndinni þykir það líklegt, að tekjur bæjarsjóðs af húseignum verði með þessu móti viðlíka miklar og þær eru nú, en komi að eins öðru vísi niður, þannig að gjöldin verði þeim mun meiri á húseignum, sem standa á dýrum lóðum, sem þau lækka á húseignum í útjöðrum bæjarins. En jeg vildi benda nefndinni á, að tekjur bæjarins verða eptir þessum mælikvarða að öllum líkindum minni en þær eru nú. Jeg skal nefna nokkur dæmi, eignir, sem jeg hef fengið áreiðanlegar upplýsingar um.

Vestan til í miðbænum á t. d. Brydes verzlun allmika lóð. Af henni er nú goldið 71 kr. 76 a., en ef feralinin yrði metin á 4 kr., þá yrði gjaldið samkv. þessu frumv. 67 kr. 50 au., — það lækkaði. Af lóð Geirs Zoëga með húseign eru nú goldnar 67 kr. 87 a., en með 3 kr. mati á feral., af henni, yrði gjaldið framvegis 55 kr. 50 a. Íshúsfjelagið á lóð, sem ekki liggur að götu, og mundi því ekki verða metin meir en 3 kr. fer.al., en þá færðist skatturinn úr 33 kr. 42 au. niður í 32 kr. 65 a. Bæjarfógetinn á lóð, sem heldur ekki liggur að götu. Sje hún metin á 1 kr. 50 a., færist skatturinn úr 15 kr. 1 eyr. niður í 14 kr. 35 a. Þetta er nú úr miðbænum. En ef jeg á að nefna dæmi austast úr bænum, þá á Vilhjálmur á Rauðará lóð, sem hann nú geldur af 25 kr. 74 a.; hún mundi varla verða metin meira en á 50 a. feral., og þá færðist gjaldið niður í 8 kr. 27 au. Þessi dæmi sýna, að gjaldið til bæjarsjóðs af lóðum og húseignum mundi færast niður, ekki einungis á fátækum mönnum, heldur og á stóreignamönnum. Jeg vil þess vegna beina því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki lofa því ákvæði í frumv. að standa óbreyttu, að skatturinn á húseignum sje 1‰.

Jeg skal einnig taka það fram, til athugunar fyrir nefndina, að þar sem nefndin leggur það til, að bæjarstjórninni sje heimilt með samþykki gjaldenda, að færa upp gjöldin, þá eru gjaldendur í bænum nú orðnir um 1,400, en stærsti fundarsalur bæjarins rúmar að eins 400 manns. Jeg býst nú við, að bæjarmenn mundu fjölmenna, þegar slíkt málefni lægi fyrir, en þá kæmist að eins lítill hluti gjaldenda að, til þess að gjöra út um málið. Þess vegna skal jeg leyfa mjer að vekja athygli nefndarinnar á því, hvort ekki mundi heppilegra, að gjaldendur greiddu atkv. um þetta þannig, að nöfn þeirra yrðu lesin upp eptir kjörskrá. Þá gætu *allir* látið í ljós skoðun sína. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir að sinni, en vona, að nefndin, sem hefur sýnt svo góðan

vilja í þessu máli, taki einnig þessar bendingar tit greina.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Út af athugasemdum háttv. 2. þm. Rvk. hef jeg litlu við að bæta. Nefndin hefur leitað fyrir sjer hjá kunnugum mönnum, bæjarfulltrúum, og samkv. þeim upplýsingum, sem þeir hafa gefið henni, eru allar lóðir í bænum hjer um bil $1^1/_2$ miljón kr. virði, og lóðargjald af þeim yrði eptir því 7,500 kr. Sömuleiðis hefur hún aflað sjer vitneskju um það, að verðmæti húseigna hjer í bænum er hjer um bil 5 miljónir, en með $^1/_2{}^0/_{00}$ gæfi það af sjer 2,500, svo tekjur bæjarsjóðs af þessum tveimur gjaldstofnum yrðu samtals 10 þús. kr., eins og þær eru nú af lóðargjaldinu, og getur því ekki verið að tala um, að þessi aðalupphæð raskist, þó finna megi einstök dæmi, sem kunna að benda í aðra átt. En það er, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, aðalatriðið, að gjaldið jafnist á eptir rjettlátum grundvallarreglum, verðmæti en ekki flatarmáli. Það getur að vísu stundum komið efnamönnum, sem eiga mikla byggða lóð, að góðu, en þó því að eins, að byggð lóð sje ekki metin hærra en 6 kr., því þar mætast gjöldin, lóðargjaldið eins og það var áður, 3 aur. af hverri feral., og skatturinn, eins og hann á að verða eptir þessu frumv., $^1/_2{}^0/_{00}$ af 6 kr.

Jeg skal ekki um það dæma, hvort dæmi þau, er háttv. sami þm. tilfærði, eru rjett; en ef svo er, þá er það eflaust af því, að hinir tilnefndu menn eiga meira af byggðri lóð en óbyggðri á fremur ódýrum stað. Gjaldhækkunin fellur mest á dýrar óbyggðar lóðir, en það álít jeg rjett og heppilegt. Þær verða þá síðar látnar liggja óbyggðar, t. d. í miðjum bæ. En það er hollast fyrir bæinn, að dýrustu lóðirnar í miðbænum sjeu ekki látnar liggja óbyggðar, og að hann byggist sem þjettast, því við það yrði bæði lýsing, vatnsveita o. fl. þvíumlíkt miklu ódýrara, en ef bærinn allur er slitinn sundur af óbyggðum lóðum næst miðju og þar af leiðandi þenur sig of mikið út á við. Þetta fyrirkomulag álít jeg því rjett og hyggilegt og það getur ekki haft nein áhrif á aðalupphæð teknanna. Það er ómögulegt, að tekjur bæjarins rýrni við það. Það leiðir yfirleitt af breytingunni, að gjöldin flytjast af ódýrari eignum á hinar dýrari.

Viðvíkjandi því, sem háttv. ræðum. sagði um verð lóða þeirra, er hann tilgreindi, skal jeg leyfa mjer að skjóta því fram, að jeg fyrir mitt leyti efast ekki um, að þær verði hærra metnar, en 6 kr. að meðaltali.

Þá skaut háttv. ræðum. því fram, að þeir, sem atkvæðisrjett fengju samkv. 5. gr. frumv., yrðu um 1,400 og að ekkert hús í bænum tæki þá. En það er hvergi sagt, að allir eigi að greiða atkv. í einu með handaruppríettingum. Jeg sje ekkert á móti, að atkvæðagreiðslan geti farið fram á þann hátt, sem háttv. ræðum. benti á. Það mætti boða til almenns fundar og enda gjöra mönnum kost á að greiða atkv. á fleiri stöðum. Jeg sje því ekki ástæðu til, að nefndin þurfi að gjöra nokkrar breyt. út af þessari uppástungu, en hún skal verða tekin til athugunar við 3. umr.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skildi það á háttv. framsm. (Guðl. G.), að hann telur það víst, að með þessu móti verði lóðargjöldin eptirleiðis eins há og þau eru nú. Byggir hann það á því, að sagt er, að lóðir nemi $1^1/_2$ miljón hjer í bænum. Jeg ímynda mjer líka, að þar sje alls ekki of hátt farið, og get enda trúað, að ef farið væri eptir söluverði lóðanna, þá yrðu þær miklu meira virði. En það

verður að gá að því, að það er fmið eptir matsverði, þegar skattar eru lagðir á. Jeg ímynda mjer, að allir viti, að þegar fasteign er metin til skatts, er hún optast nær metin langt fyrir neðan söluverð, og svo mundi, líklegast einnig verða hjer í bæ. Þess vegna held jeg, að áætlunin sje ekki rjett og að tekjurnar verði minni. Jeg get ekki sjeð, að nefndin þurfi að óttast, að húseigendum sje of mjög íþyngt, þó húsaskatturinn verði 1‰, því það eru væn hús, sem kosta 10 þúsund kr., og þá yrði gjaldið af þeim með því móti ekki nema 10 kr. Stærstu hús einstakra manna hjer í bæ eru frá 20—40 þúsund kr. virði. Á þau legðist 20—40 kr. skattur. En það finnst mjer ekki mikið. Jeg skal því leyfa mjer nú sem fyr, að fara fram á það við nefndina, hvort hún sjái sjer ekki fært, að færa húsaskattinn upp aptur í 1‰, og jeg hef orð háttv. framsm. fyrir mjer um, að þetta verði tekið til athugunar við 3. umr., svo ekki þarf að tala frekar um það nú.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg gekk inn á niðurfærsluna í nefndinni til góðs samkomulags og til þess að málið fengi framgang með þeirri aðalstefnu, sem það kom í frá bæjarstjórninni. Tekjur bæjarsjóðs gjöra sízt betur en haldast við þessa breytingu. En hitt þykist jeg þó sjá í hendi, að ef frumv. verður að lögum, fara tekjurnar örar vaxandi vegna þeirra breytinga, sem eru að verða á byggingunum í bænum. Því við það meðal annars, að lóðir hækka í verði, fara menn smámsaman að byggja þeim mun dýrari hús, og þau úr steini, því byggingarsamþykktin heimilar að eins að byggja hús úr trje 14 ál. að hæð, en það má byggja 25 al. há steinhús. Hjer kemur og til greina hægari aðgangur að lánum og vaxandi hugur í mönnum, að byggja stórt og vandað, og þá verður bæjarsjóði drýgri virðingaskattur. en grunnstæðisskattur.

Síðara atriði í ræðu háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) tel jeg til bóta, og það gæti eflaust verið heppilegt, að hjer væri að eins »referendum«, þar sem borgarar bæjarins segðu eitt já eða nei. Þessvegna gætu bæjarmenn haldið fundi eptir vild sinni og bæjarstjórnin túlkað þar sitt mál um væntanlegar breytingar á gjaldinu. Það væri þá bezt að breyta 5. gr. frumv., þar sem talað er um almennan fund gjaldenda og í stað þess setja eitthvað um almenna atkvæðagreiðslu,

Út af dæmi háttv. 2. þm. Rvk. (G. Bj.) um Rauðarártúnið, þá get jeg ekki hugsað mjer, að ferh. alin í því verði virt minna en á 1 kr. og er mismunurinn þá minni, en honum reiknaðist. Það er líka uppi á teningnum, að húseigendur, sem hafa byggt í erfðafestulandi, verði skyldaðir til að leggja húseign sinni til óbyggða lóð fyrir utan húsin, og er það á valdi bæjarstjórnarinnar, að haga þessu eptir vild sinni. Það var meiningin með lagasmíð þessari, að færa heldur niður skatta þá, er hvíla á fátækustu gjaldendunum, og hygg jeg því, að þess sjeu fá dæmi, að eigna- og stórteknamenn fái ljettari álögur með þessu fyrirkomulagi. Jeg hugsa líka, að verzlunarlóðir hjer við sjóinn í miðbænum sjeu of lágt virtar á 4 kr., þar sem dæmi eru til, að þær seljast á 10 kr. og jafnvel meir.

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil að eins leyfa mjer, að gjöra stutta athugasemd, viðvíkjandi vantrausti því, sem háttv. 2. þm. Rvík. (G. B.) hafði á virðingargjörðum þeim, sem lagðar eru til grundvallar fyrir sköttum á

húseignum. Sá hugsunarháttur, sem hann í þessu efni óttast, hygg jeg að sje að hverfa, og skal nefna þess dæmi. Jeg ímynda mjer, að menn sjeu almennt orðnir svo þroskaðir um landið, að þeir vilji forðast tíundarsvik. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að þess háttar virðingar, sem háttv. þm. Rvk. (G. B.) gat um, eigi all-mikið skylt við tíundarsvik, og þó sjeu snöggt um verri, þar sem hjer eru menn eiðsvarnir, er meta eiga annara eign og þeir auk þess hafa margt, er bindur matið, ef jeg svo mætti að orði komast. Það er algengt, að lóðir og hús ganga kaupum og sölum. Virðingarmenn hafa því söluverðið sjer til athugunar. Enn fremur eru til á fjöldamörgum slíkum eignum matsgjörðir til veðsetningar, uppskriptar-virðingar og virðingar til húsaskatts. Jeg hef svo mikið traust til þessa bæjar, að jeg er viss um, að hjer finnast að minnsta kosti 3—4 menn sem óhætt er að treysta í þessu efni.

Nefndinni kom saman um, að ekki væri nauðsynlegt til þess að aðalupphæðin hjeldist óbreytt, að leggja meira gjald á húseignir en $^1/_2$ ‰ af húsverðinu, en þetta atriði er ekki neitt kappsmál fyrir mjer. Það er vert að gæta að því, að nú hvíla 3 skattar á húseignum hjer í Reykjavík: brunabótagjald er 3‰, kirkjugjald $^1/_2$ ‰ og húsaskattur til landssjóðs $1^1/_2$ ‰ og svo bætist nú við bæjargjöld $^1/_2$ ‰ af húsverðinu. Að fráskildum húsaskattinum, nema þessir skattar 4‰. En ef breytingar koma á tolla-löggjöf landsins og farið verður að leggja skatt á eignir, en ekki tekjur manna, þá má búast við því, að húsaskatturinn hækki úr $1^1/_2$ ‰ upp í 3—4‰; þá eru skattar á húsinu orðnir 7—8‰, og ef ábyrgðargjaldið hækkar hjer í bænum, bætist enn þá við skattana.

Þessa breyt.till. nefndarinnar legg jeg svo á vald háttv. deildar. og vona, að þetta atriði, sem nefndin kom sjer saman um, nái samþykki.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg vil ekki lengja umræðurnar um þetta mál, því að báðir meðnefndarmenn mínir hafa nú látið uppi álit sitt, og gjört grein fyrir gjörðum nefndarinnar. En af því að jeg talaði á móti þessu frumv. við 1. umr., þá vildi jeg nú gjöra grein fyrir atkvæði mínu. Við 1. umr. málsins hafði jeg það einkum á móti þessu frumv., að nýtt gjald yrði lagt á bæjarbúa án vilja borgaranna; þessu »princípi« var jeg algjörlega mótfallinn. En í nefndinni var skatturinn af húseignum færður niður um helming, svo að nú verður afgjald af húseigninni $^1/_2$ ‰, en það mun ásamt $^1/_2$ ‰ af virðingarverði lóða svara til þess, sem bærinn fær nú af byggðum og óbyggðum lóðum. Nefndin hefur einnig lagt það til, að sá viðauki yrði gjörður við þessi lög, að engar breytingar mætti gjöra á bæjargjöldum án vilja borgaranna, og ef þörf væri á, að breyta upphæðum skattanna, þá yrði að leita samþykkis þeirra. Með þessu hefur frumv. komizt inn á nýja braut, sem mjer líkar.

Í nefndum eru menn vanir, að teygja sig til samkomulags svo sem hægt er, og það hef jeg gjört í þetta sinn, og sje því ekki ástæðu til, að vera á móti frv. að sinni, enda þótt mjer líki það ekki að öllu leyti í sumum greinum.

ATKVGR.: 1. gr. sþ. m. 18 shlj. atkv.

1. breyt.till. frá nefndinni (119) við 2. gr., að orðin »þó aldrei« til enda greinarinnar falli burt, samþ. með 13 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum samþ. með 19 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 20 samhlj. atkv.

2. breyt.till. (119) við 4. gr. samþ. með 15 atkv.

4. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 17 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (119), að við bætist ný grein, sem verði 5. gr., samþykkt með 17 atkv.

5. gr. (6. gr.), sem verður 6. gr., samþ. með 15 atkv.

6. gr. (7. gr.), sem verður 7. gr., samþ. með 17 atkv.

7. gr. (8. gr.), sem verður 8. gr., samþ. með 17 atkv.

8. gr. (9. gr.), sem verður 9. gr., samþ. með 18 atkv.

9. gr. (10. gr.), sem verður 10. gr., samþ. með 18 atkv.

10. gr. (11. gr.), sem verður 11. gr., samþ. með 18 atkv.

11. gr. (12. gr.), sem verður 12. gr., samþ. með 18 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþykkt án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Á 20. fundi Nd., þriðjudag 25. júlí, kom frv. til 3. umr. (A. 152).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal fyrir hönd nefndarinnar taka það fram, að nefndin hefur athugað það atriði, er kom fram í umræðunum við 2. umr. um atkvæðagreiðslu á gjaldendafundi, en sjer enga verulega ástæðu til þess, að gjöra breyting á ákvæðum frumv., og leggur það til, að frumv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir við þessa umræðu, og síðan afgreitt til Ed.

ATKVGR.: Frumv. samþykkt með 20 samhlj. atkv., og síðan afgreitt til Ed.

Á 22. fundi Ed., föstudaginn 28. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 185).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg ætla ekki að fara út í rannsókn á kostum og löstum þessa frumv., heldur að eins minnast á það, að vitanlegt er um allt land, að grundvallaratriði frumv. var lagt undir atkv. á almennum borgarafundi hjer í bænum og greiddu 300—400 manns atkv. á móti því og einir 10 með því, Án tillits til þess, hvort frumv. og grundvallaratriði þau, er það byggir á, er gott og heppilegt eða ekki, þá álít jeg fyrir mína parta mjög ranglátt, að þröngva mönnum til þess að taka við því; já meira að segja, þótt það væri sönn rjettarbót, er það mjög viðsjárvert og ranglátt, að neyða því upp á bæjarmenn.

Byron segir á einum stað: »Sæla, jafnvel sæl, er ekki sje oss nauðgað hennar til«.

Líkt má segja um frumv. þetta; það mun aldrei verða vinsælt að neyða gjaldi þessu á bæjarbúa, að þeim þvernauðugum, enda þótt það í sjálfu sjer væri rjettmætt gjald.

Jeg vil því mælast til, að háttv. deild felli frumv., þetta þegar í stað, því mjer finnst ekki einu sinni rjettmætt af deildinni, að athuga rjettmæti þeirra gjalda í sjálfu sjer, sem hún veit fyrirfram að eru þvert um geð gjaldenda.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Mjer þykir það hálf óviðkunnanlegt, að fella frumv. án þess einu sinni að hafa athugað það nokkurn hlut; það má að mínu áliti kallast ókurteisi við háttv. Nd., að fella frumv., sem hún hefur samþ., án þess að athuga það. Þótt það sje knnnugt, að bæjarbúar hafi talsvert á móti gjöldum þeim. sem

frumv. ræðir um, þá er það engu síður alkunnugt, að bæjarstjórninni hefur verið þetta áhugamál mikið, og mætti því vel athuga það. Að minnsta kosti finnst mjer systurlegra við háttv. Nd., að athuga frumv. vandlega, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á því, að 3 manna nefnd verði skipuð í málið, að þessari umr. lokinni.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Að eninu til er jeg samdóma háttv. Nd. að því, er frumv. þetta snertir, en jeg mundi samt greiða atkv. á móti því, af þeirri ástæðu, að jeg álít rangt, að leggja nýjan skatt á bæjarbúa þvert á móti vilja þeirra, en jeg skal ekkert hafa á móti því, að gefa frumv. heiðarlega útför í nefnd, ef háttv. deild vill það heldur.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv.

Till. um 3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Björn M. Ólsen	með	10	atkv.
Jón Jakobsson	—	10	—
Þorgr. Þórðarson	—	7	—

Í nefndinni var Jón Jakobsson kosinn formaður og framsögumaður og Björn M. Ólsen skrifari.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 185, 280).

Framsögumaður Jón Jakobsson 2. þm. Húnv.: Þetta mál, sem hjer liggur fyrir í frumvarpsformi, hefur verið samþykkt eptir allmiklar umræður í háttv. Nd., og álit nefndar þeirrar, sem kosin var hjer í hinni háttv. deild, liggur fyrir á þgskj. 280. Mál þetta virðist hafa verið þrætuepli milli bæjarstjórnar og bæjarbúa. Einkum af því, hvernig frumv. þetta er framkomið, er það, að nefndin leggur til, að fella það. Fyrir þinginu liggur beiðni frá 457 lóðareigendum í þessum bæ, þess efnis að gjöra enga breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er. Ennfremur var haldinn bæjarfundur um þetta mál í júnímánuði í sumar, og þar fjekk málið þau, mjer liggur við að segja, merkilegu afdrif, að 300 atkv. voru á móti en 10 með því, og ef tekið er tillit til þess, að einhverjir af þessum 10 mönnum, hafa verið bæjarfulltrúar, þá sjest, hversu afarlítið fylgi þetta mál hefur meðal bæjarbúa. Jeg legg því alla áherzlu á, að mál þetta er komið inn í þingið, þrátt fyrir því nær eindregin mótmæli bæjarbúa. Reyndar mun það vera svo, að 457 sje eigi fullur helmingur gjaldenda bæjarins, því að, að því er jeg hygg, munu þeir vera um eða yfir 1,000, en þar sem þessi tala er þó svo há, að minnstu munar, að helmingur sje, og þar sem engin yfirlýsing liggur fyrir frá hinum hlutanum, hvorki með nje móti, þá er ómögulegt að ætla annað, en að hann annaðhvort láti sig það mál engu eða litlu skipta, eða sje sammála þeim, er áskorunina hafa sent. Ef því dæma skal eptir líkindum af þessu, þá verður eigi sjeð annað, en að flestallir sjeu á móti frumv., eða láti sig það engu skipta. Þessi afstaða frumvarpsins við vilja bæjarbúa, er frá nefndarinnar sjónarmiði óhæfileg, því að ef frumv. þetta verður að lögum, væri það að valdbjóða lög, sem að eins snerta þennan bæ, þvert ofan í eindreginn vilja bæjarbúa. og þvert ofan í venju þá, sem alþingi hefur fylgt, þegar um hefur verið að ræða lög handa einstökum hjeruðum, og jeg sje enga ástæðu til þess að breyta þessari venju. Auk þessara agnúa á frumv. sem jeg nú hefi bent á, er og það, að í því er mjög stór hugsunarvilla.

Í 5. gr. frumv. er svo ákveðið, að lögum þessum megi eigi breyta nema

með samþykki meiri hluta bæjarbúa, en samt vilja hinir háttv. flutningsmenn koma því í gegn nú, eins fyrir það, þótt allir sjeu á móti því. En fyrst nú hin háttv. Nd. hefur látið sjer það vel líka, að setja þessi ákvæði í 5. gr. frumv., þá fæ jeg eigi annað sjeð, en að rjett sje, að hún taki hugsunarrjettum afleiðingum af þessari skoðun sinni, nefnilega að frumv. verði fellt. Þess má og geta, að bæjarsjóður mun alls eigi græða á þessari breytingu, heldur jafnvel tapa, eptir því sem kom fram við umræðurnar í Nd. Lóðargjöldin munu verða minni eptir frv., en aptur á að ná því að mestu leyti upp með húseignarskattinum. Það er því eigi sökum aukinna tekna, að þörf sje á að lögleiða þetta frumv. Að öðru leyti er nefndin sammála um það, að sú grundvallarregla, sem frumv. er byggt á, sje alveg rjett. Það er efalaust rjett, að leggja á lóðirnar eptir verðmæti þeirra, en eigi eptir flatarmáli. En samt sem áður leggur nefndin til, af áðurnefndum ástæðum, að fella frumv. í þetta sinn, enda þykist hún þess fullviss, að bæjarstjórn og bæjarbúar muni fyr eða síðar koma sjer saman í þessu máli, og flytja þessu líkt frumv. inn á þingið í bróðerni. Jeg skal að síðustu leyfa mjer að taka það fram, að eins og nú er ástatt í bænum, tel jeg það fullsnemmt að kippa burtu þeim fáu grænu blettum, þeim fáu andholum, sem til eru í bænum, þar sem svo mikið er hjer af, mjer liggur við að segja, heilbrigðislegri sviviðingu, en að þessi fáu andhol mundu hverfa, að minnsta kosti í miðbænum, tel jeg alveg víst, því að þessir blettir mundu verða svo dýrir, að fæstir mundu vilja liggja með þá óselda, og gjalda af þeim. Meðan því ekkert frekara er gjört til hreinlætis, telur nefndin eigi rjett að lögleiða frumv. þetta. Þeir, sem eiga bletti kring um hús sín, gjöra það mestmegnis af því, að þeir vilja hafa einhvern hreinlegan blett fyrir sig og börn sín; það er byrðarauki að þeim, og þeir eru víða orðnir mjög dýrir, en auka aptur á móti hollustu í bænum, og prýða hann. Ágóðinn af blettum þessum svarar alls eigi til verðs þeirra, og því er varhugavert að leggja byrðar á þá, einkum nú þar sem endurskoðun skattalöggjafarinnar er fyrir höndum, og því eigi ólíklegt, að hærri skattur verði lagður á húseignir en hingað til.

Jeg læt svo þetta nægja í sambandi við nefndarálitið, sem jeg þykist vita að hinir háttv. deildarmenn muni hafa kynnt sjer, og jeg óska, að frumv. verði fellt sem ótímabært og illa úr gjört.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil játa það, að jeg er háttv. framsm. (J. Jak.) samdóma í öllum atriðum þessa máls; jeg ætla að eins að styrkja eitt atriði, er hann tók fram, sem sje, að hátt upp í helmingur gjaldenda hefði skorað á alþingi, að breyta ekki lóðargjöldum Reykjavíkur frá því, sem verið hefur; það er víst óhætt að segja, að þessir 457 gjaldendur, sem skoruðu á alþingi, að breyta engu til um lóðargjöldin, var fullur helmingur þeirra gjaldenda bæjarins, er voru staddir hjer, þegar áskorunin er rituð, 6. júlí síðastl., því, eins og kunnugt er, var fjöldi gjaldenda þá fjarverandi, sumir til sjós og aðrir í kaupavinnu til sveita.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg er samdóma háttv. nefnd um þetta mál; að vísu er jeg eigi svo kunnugur einstökum atriðum þess sem skyldi. En það er eitt, sem jeg legg mikla áherzlu á í þessu máli: það á

að vera föst grundvallarregla þingsins, að leggja aldrei ný gjöld á gjaldendur bæjarfjelaga, sveitarfjelaga nje þjóðfjelagsins í heild sinni þvert á móti vilja meiri hluta gjaldenda. Það er þessi grundvallarregla, sem jeg legg mjög mikla áherzlu á að sje stranglega fylgt. Það má taka það hjer fram, að frumv. er, eins og það liggur hjer fyrir, talsvert breytt frá því, sem það var, þegar leitað var álits borgarafundarins; það má vel vera, að gjaldendum geðjaðist ekki eins illa að því í þessari mynd, eins og áður. Ef flutningsm. frumv. væri þetta mál mjög mikið kappsmál, þá hefðu þeir haft tíma til að leita álits nýs borgarafundar; að þeir hafa ekki gjört það, virðist benda á það, að þeim sje þetta ekki lengur orðið verulegt kappsmál.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. felld með 7 atkv. gegn 1.

2. gr. frumv. felld með 7 samhlj. atkv.

Frumv. þannig í heild sinni skoðað sem fellt, og lýsti forseti því yfir, að tilkynning um það yrði send forseta Nd.

II. Bæjarfógetambættið í Reykjavík.

Á 10. fundi Nd., fimmtudaginn 15. júlí, kom frumv. til laga um skipting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík til 1. umr. (A 60).

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skal ekki að þessu sinni fara mörgum orðum um þetta frumv. Jeg vil vona, að deildin lofi því að ganga til 2. umr., en vil þó fara nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir því.

Þegar jeg var ungur, heyrði jeg, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík væri eitt hinna erfiðustu embætta landsins. Þá — fyrir hjer um bil tuttugu árum — þótti það fullerfitt einum manni, að gegna þessu embætti. En síðan hefur bærinn stækkað meir en um helming, og jafnframt má fullyrða, að erfiði bæjarfógetans hefur aukizt um meira en helming. Bærinn getur ekki lengur komizt af með part úr manni til þess að annast öll sín málefni; hann hefur þörf á heilum og óskertum manni til þess að stjórna málum sínum.

Um þetta vona jeg að allir sjeu sammála, en hitt getur verið spursmál, hvernig þessi skipting eigi að fara fram, hvernig þessu nýja embætti eigi að vera háttað, hvaðan launin eigi að koma o. fl. Um það tel jeg ekki vert að fara frekari orðum að svo komnu, en vil stinga upp á, að málinu sje vísað til 2. umræðu og að í það sje kosin 3 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Háttv. flutnm. hafði rjett að mæla, er hann gat þess, að bæjarfógetaembættið í Reykjavík væri eitt hinna erfiðustu embætta landsins; en hann gat þess ekki, að það væri jafnframt eitt hið bezt launaða embætti landsins.

Það er farið fram á 4,000 kr. laun handa hinu nýja embætti úr landssjóði, og finnst mjer því rjett að minna á, að fjárhagur landsins er fremur þungur og skiptingin mest gjörð fyrir Reykjavík sjálfa, því þótt hún aldrei nema sje höfuðstaður landsins, þá er hún þó mest fyrir Reykvíkinga.

Annars stóð jeg nánast upp til að benda á, að hjer er verið að innleiða, að mjer skilst, að miklu leyti nýtt »princip«. Hjer er sem sje verið að fá *lands*stjórninni mikil áhrif á málefni, sem eru alveg *sveitar*stjórnarlegs eðlis. Því eigi landssjóður að launa nýja bæjarstjóranum, ræður landsstjórnin því eðlilega, hver maðurinn verður.

Sje Reykvíkingum kappsmál að skipta embættinu, og geti bæjarfógetinn, sem sagt er að hafi 8,000 kr. laun, auk 1,400 kr. ritfjár úr landssjóði, ekki haldið næga aðstoðarmenn, sýnist ekki ósanngjarnt, að Reykvíkingar launi bæjarstjórannm sjálfir og ráði þá eðlilega valinu.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg ætla að eins að gjöra litla athugasemd við ræðu háttv. þm. Snæf. (L. H. B.). Hann gat þess, að í frumv. kæmi fram nýtt »princip«, það sem sje, að landsstjórnin fengi áhrif á sveitarstjórnarmál. En það er engan veginn ný regla; í öllum kaupstöðum velur landsstjórnin bæjarstjórana (fógetana) og borgar þeim. Það er því engin ný skipan, þótt svo sje gjört hjer.

Nauðsynina á skiptingu bæjarfógetaembættisins viðurkenna allir, sem til Reykjavíkur þekkja, og sjá, hve erfitt embættið er.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vil aðeins gjöra stutta athugasemd út af orðum háttv. þm. Vestm. (J. M.). Jeg held, að jeg geti staðið við orð mín, að því leytinu til að minnsta kosti, að hjer er í fyrsta skipti farið fram á, að launa manni, sem *eingöngu* gegnir sveitastjórnarembætti, úr landssjóði.

Í kaupstöðunum er bæjarstjórinn aðeins brot úr manni, sem hefur ýmsum öðrum störfum að gegna, dómarastörfum, skattheimtu o. fl., en bæjarstjórinn í Rvk, á engin slík störf að hafa á hendi.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. án atkvgr., að kjósa 3 manna nefnd.

Þessir 9 menn æsktu hlutfallskosningas:

Skúli Thoroddsen, Ólafur Briem, Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.), Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson, Jón Jónsson, Guðm. Björnsson, Magnús Andrjesson.

Þessir tveir náðu kosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem.

Fór svo fram óbundin kosning á 3. manni í nefndina og var kosinn:

Jón Magnússon með 17 atkv.

Í nefndinni var Jón Magnússon kosinn formaður og Lárus H. Bjarnason skrifari og framsm.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 60,324).

Framsögumaður meiri hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg þarf litlu eða engu við nefndarálitið að bæta.

Nefndin fjellst einhuga á, að þörf væri á, að skipta bæjarfógetaembættinu hjer í Reykjavík og stofna nýtt bæjarstjóraembætti; en nefndin gat ekki orðið sammála um það, hvaðan launin ættu að koma. Um það varð allur ágreiningurinn.

Störf þau, sem bæjarstjóranum eru ætluð, eru nálega eingöngu sveitastjórnarstörf. Því fannst meiri hluta nefndarinnar, að bæjarsjóður ætti að launa honum að öllu eða mestu leyti, og þá jafntramt ráða kjöri hans að sama skapi.

En bæjarstjórnin sat við sinn keip. Hún vildi enga miðlun gjöra frá till. frumv.; vill láta landssjóð launa bæjarstjóranum að öllu leyti.

Það getur meiri hluti nefndarinnar með engu móti aðhyllzt og ræður því háttv. deild til að fella frumv., enda virðist málinu ekki liggja svo mjög á. Bæjarfógetinn er svo háttlaunaður, að hann ætti að geta keypt sjer góða hjálp til næsta þings, enda kvað bæjarstjórnin hafa ljett á honum að ýmsu leyti.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Af því að jeg var svo heppinn eða óheppinn að lenda í nefndinni, vil jeg fara örfáum orðum um frumv.

Jeg gat ekki orðið samferða meðnefndarmönnum mínum og ráðið háttv. deild til að fella þetta frumv. Jeg get ómögulega verið samdóma háttv. frsm. (L. H. B.) um, að þessu máli liggi ekki svo mikið á. Jeg held, að ef háttv. þingdm. þekktu nákvæmlega störf bæjarfógetans hjer, þá hlytu þeir að viðurkenna, að það er varla fært að láta þetta mál bíða í 2 ár enn.

Annar háttv. flutnm. þessa frumv. tók það fram við 1. umr., að þörfin á nýju embætti væri allt af að aukast, því að allt af ykjust störf bæjarfógetans stórum. Þetta er ekki ofsögum sagt.

Þegar núverandi bæjarfógeti tók við bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, var þetta embætti talið eitt hið erfiðasta embætti á landinu; þá var þó íbúatala bæjarins ekki meira en 3,500, nú er hún töluvert á 9. þúsund og hefur því meira en tvöfaldast síðan. Þegar hann tók við embættinu, námu brunabótavirðingar á húseignum $1^1/_2$ miljón króna, en nú nema þær um 5 miljónum króna. Þá voru 5 fiskiskip til hjer, en nú 50 eða fleiri. Smálestatal verzlunarskipa, sem hingað komu árlega, þá um 1,200, en nú í kringum 30,000; að sama skapi aukast störfin.

Ef litið er á hans daglegu störf, má t. d. geta þess, að árið 1904 hafði hann 453 rjettarhöld; 130 nefndarfundi, um 1,000 þinglýsingar og á 5. þúsund afgreiðslur á skrifstofunni. Eins og menn geta sjeð, tekur það afarmikinn tíma, að halda 130 fundi á ári og um $1^1/_2$ rjettarhald hvern virkan dag að jafnaði, og þá verður ekki mikill tími afgangs til að sinna hinum stærri bæjarmálum.

Háttv. framsm. meiri hlutans (L. H. B.) hjelt því fram, að embættið væri svo vel launað, að bæjarfógetinn gæti fengið sjer hjálp sjálfur. Bæjarfógetinn hefur aldrei kvartað yfir því, að hann ekki gæti launanna vegna fengið hjálp.

Það er einmitt svo afarmikið af störfum bæjarfógetans, sem hann ekki að lögum getur látið aðra framkvæma. Hvað marga umboðsmenn löggilta sem hann hefði, yrði hann sjálfur að stýra öllum bæjarstjórnar- og bæjarstjórnarnefndafundum, kjörfundum o. s. frv., að undanteknum fátækranefndar- og veganefndarfundum. Þegar háttv. þingdm. athuga betur hin mörgu og margvíslegu störf, sem lögð eru á bæjarfógetann hjer, þá hlýtur það að vera ljóst hverjum einum, að auk þessara starfa gengur afarmikill tími í það, að veita mönnum viðtal. Bæjarfógetinn hefur aldrei beðið um neinn styrk af almannafje til þess að fá sjer aðstoð, sem hann gæti sett upp á þau störf, sem honum er heimilt að láta aðra framkvæma, enda greiðir hann árlega afarmikið fje í skrifstofukostnað, eptir því sem hjer gjörist. Annars finn jeg ástæðu til að taka það fram, að þar sem allt af er verið að tönnlast á því, að laun bæjarfógetans hjer sjeu svo afarhá, þá hygg jeg, að þeim, sem mest um það tala, sje ekki vel kunnugt um launin. Það hefur verið sagt, að laun hans muni hafa verið síðasta árið um háift tíunda þúsund brúttó; þetta mun láta nærri lagi, en hann eyddi þá rúmum 4,000 kr. í skrifstofukostnað. Hrein-

ar tekjur hans, segjum 5,300 kr., virðast mjer ekki nema rjett hæfileg laun, þegar litið er á allt erfiðið og útslitið, sem stöðunni er samfara.

Hin daglegu störf bæjarfógetans *verða* að framkvæmast, en þá er ómögulegt að búast við, að mikið sje eptir af starfsþoli hans til að vinna að hinum stærri bæjarmálefnum. Þetta játar háttv. meiri hluti nefndarinnar og viðurkennir, að stór þörf sje á að skipta embættinu. En það, sem háttv. meiri hlutann og mig greinir sjerstaklega á um, er það, að jeg álít, að landssjóði sje skylt að borga bæjarstjóra, en meiri hlutinn vill láta bæjarsjóð borga. Jeg get ekki sjeð, af hverju Reykjavík má ekki njóta sömu hlunninda, sem allir aðrir kaupstaðir á landinu.

Við 1. umr. þessa máls gat háttv. framsm. þess, að hjer væri farið fram á nýtt »princip«, þar sem ætti að taka upp sjerstakt landssjóðslaunað embætti fyrir sveitarfjelag. En þetta er ekki rjett; hjer er ekki um neina nýja reglu að ræða; þær 500 kr., sem bæjarfógetarnir í 3 kaupstöðum landsins fá, eru þeim borgaðar sem oddvitum bæjarstjórnarinnar, sjerstökum embættismönnum bæjarfjelagsins. Nú þurfa hinir kaupstaðirnir ekki heilan mann til að veita forstöðu bæjarins málefnum, en Reykjavík þarfnast þess og á heimting á að fá sjerstakan mann í þá stöðu. Jeg hef heyrt því hreyft, að rjettast væri að taka upp þá reglu, að kaupstaðirnir borguðu sjálfir sínum bæjarfógetum. Jeg hygg, að sú regla væri alls ekki rjett, en hvað sem því líður, er hún nú ekki komin á, og mjer þykir ósanngjarnt, að láta Reykjavík byrja þá reglu, þar sem bærinn nýtur tiltölulega mjög lítils fjár af landssjóði, en borgar $^1/_4$ hluta af tekjum landsins.

Jeg vil svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vonast fastlega eptir, að háttv. deild samþykki frumv.

Framsögumaður meiri hlutans, Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg játa fúslega, að störf bæjarfógetans hafa aukizt að mun, en það finnst mjer ekki vera sjerstaklega einkennilegt fyrir bæjarfógetann hjer í Reykjavík, því að störf embættisbræðra hans aukast einnig annarsstaðar; enda koma aukin laun við aukin störf. Skipastóll og siglingar auka störf bæjarfógetans, en auka um leið tekjur hans.

Þess ber líka að gæta, að bæjarfógetinn hefur engin ferðalög, en aðrir embættisbræður hans verða að fara eins og þeytispjald um hjeruð sín fyrir enga eða litla borgun.

Vöxtur embættisstarfa bæjarfógetans sannar alls ekki, að launa eigi bæjarstjóranum af landssjóði. Hann sannar að eins, að það sje þörf á að skipta bæjarfógetaembættinu og um það hefur engin deila verið í nefndinni. Og það er sannarlega engin rangsleitni að heimta, að Reykjavík borgi sínum starfsmönnum líkt og önnur sveitarfjelög launa sínum, t. d. amtsráð, hreppar og að nokkru leyti sýslur.

Og ekki þarf að kvíða því, að ekki væri hægt að koma þeirri breytingu á, að bæjarfógetarnir í hinum kaupstöðunum yrðu launaðir úr bæjarsjóðum, ef Reykjavík væri látin launa sínum bæjarstjóra.

Ekki mundi heldur verða erfitt að fá lagaheimild til þess, að bæjarfógetinn gæti notað umboðsmann til þess að halda minni háttar rjettarpróf.

Og hvað hina bráðu nauðsyn snertir, má minna á, að bæjarstjórnin hefur leyst fógetann frá formannsstörfum í fátækranefnd og sett sjerstakan

mann fyrir heilbrigðismálin. Og ætti hann því að geta gefið sig meira að bæjarmálum en áður.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg sje að vísu, að nefndin viðurkennir, að það sje þörf á að skipta embættinu, en meiri hlutanum er ekki vel ljóst, hve brýn þörfin er. Jeg er öldungis sammála háttv. þm. Vestm. (J. M.), að störf þau, sem nú hvíla á bæjarfógetanum í Reykjavík, sjeu kappnóg fyrir 2 menn.

Ef litið er á, hve mikið bæjarfógetinn hefur að gjöra, þá má sjá, að hann hefur meira starf að leysa af hendi en nokkur annar embættismaður þessa lands. Hjer er t. d. haldið bæjarþing á hverri viku. Ef Reykjavík með tilliti til embættisanna er borin saman við allt landið, þá er munurinn sannarlega ekki lítill. Árið 1902 hafði bæjarfógetinn 100 lögreglumál til meðferðar, en 200 voru þau á öllu landinu. 12 einkalögreglumál hjer, en 35 á öllu landinu, 101 sáttamál hjer en 200 á öllu landinu; þar að auki gestarjettarmál, aukarjettarmál og »nótarial«-gjörðir meiri hjer en allstaðar annarsstaðar á landinu; enn fremur hefur hann þá skyldu á hendi, að semja sæg af landshagsskýrslum og kostar þetta allt mikla fyrirhöfn; hann hefur því yfrið nóg að gjöra sem lögreglustjóri. Dómara- og lögreglustörf *verður* hann að leysa af hendi, en ef hann á að leysa þau af hendi með skyldurækni, þá *hljóta* bæjarstörfin að sitja á hakanum, og Reykjavíkurbær biði allan bagann af annríki hans.

Mjer finnst, að allir hljóti að vera samdóma um það, að þinginu sje skylt að styðja að framförum *hvar* á landinu sem er, en skyldan hlýtur að vera ríkari gagnvart þeim stöðum, þar sem fólkið er flest og þar sem mest er goldið í landsjóð. Enginn staður landsins ætti að vera eins kær þjóðinni og þinginu eins og höfuðstaðurinn, og því ætti mönnum einnig að vera ljúft að styðja hann. Þó einhver kurr hafi verið til Reykjavíkur áður, meðan hún var hálfdanskt kauptún, þá ætti allur kali að vera horfinn nú. *(Lárus H. Bjarnason:* Hafa Reykvíkingar þá enga skyldu gagnvart bænum?) Jú, en mjer finnst satt að segja varla hægt að búast við, að Reykjavík eigi að borga þessi laun, þegar þess er gætt, að bærinn borgar $^1/_4$ af tekjum landssjóðs.

Háttv. framsm. meiri hluta nefndarinnar (L. H. B.) gat þess, að hann liti svo á, að það væri engin hætta, þó að málið væri látið bíða.

En þörfin er einmitt svo brýn, að þetta mál má *ekki* bíða til næsta þings.

Hjer er að ræða um ungan bæ, sem á margt ógjört, og jeg skil ekki í öðru en að menn hljóti að sjá, að hvert ár, sem málið er látið bíða, er til stórskaða fyrir bæinn. Það er alls ekki nægilegt fyrir bæinn, þó að bæjarfógetinn verði leystur frá einstaka verkum, t. d. stjórn nefnda o. fl. Fyrst þegar bæjarmálum er stjórnað af áhuga af einum manni, sem ekki hefur annað starf á hendi, þá fyrst er þörfum bæjarins fullnægt. Jeg vona því, að menn líti ekki allir eins og meiri hluti nefndarinnar á þetta mál, en sjái við nánari íhugun, að þörfin er brýn og krafan rjettmæt og þessvegna ekki rjett að neita henni.

Jeg vona því fastlega, að málið verði samþ. af háttv. deild.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Háttv. 2. þm. Rvk. (G. B.) lýsti því mjög nákvæmlega, að störf bæjarfógetans hjer í Reykjavík væru allt of mikil fyrir einn mann og hann sagði, að Reykjavík liði mestan baga við þetta af því,

að störf hans sem bæjarstjóra yrðu að sitja á hakanum? Afleiðingin væri sú, að bærinn liði fjárhagslegan skaða við það, að bæjarmálefnunum væri ekki vel borgið. Þessu eru allir samþykkir, og jeg fellst fullkomlega á, að þetta sje rjett. En því síður get jeg skilið, að það megi ómögulega búast við því, að Reykjavík leggi nokkuð í sölurnar til þess að fá nýjan mann, sem algjörlega gæti gefið sig við bæjarins málefnum. Jeg hef heyrt menn segja hjer í bænum, að þó að Reykjavík ætti ein að borga þær 4,000 kr., sem ætlaðar eru til að launa þessum bæjarstjóra, þá mundi bærinn samt græða mikið á því. En það hefur sýnt sig, að bæjarstjórnin er á allt öðru máli, því að hún vill helzt sleppa algjörlega við að borga þessum nýja embættismanni; en jeg sje ekki af hverju ætti að gjöra svo stórkostlegan mun á Reykjavík og sveitarfjelögum, sem ein borga sínum starfsmönnum, hreppsnefndaroddvitum og öðrum, er vinna að sveitarmálefnum. Það hefur líka verið fært fram sem ástæða fyrir því, að landssjóður ætti að borga þessi laun, að Reykjavíkurbær greiddi svo mikið í landssjóð, allt að 1/4 af tekjum hans. En á þetta má líta frá fleirum hliðum, því það er ekki aðeins bæjarbúar í Reykjavík, sem borga tollana, sem þar eru innheimtir í landssjóðinn, heldur einnig allir þeir menn í nærsveitunum og víðsvegar um land sem verzla við Reykjavík. Og þó að Reykjvík borgi meiri skatta og tolla en aðrir staðir á landinu, þá tekur aptur Reykjavík drjúgan skatt af landinu í annari mynt; fólk streymir hingað hópum saman til þess að stunda atvinnu og tekur þátt í útgjöldunum.

Reykjavík nýtur líka öðrum stöðum fremur margra hlunninda; hjer eru margar opinberar stofnanir, sem kostaðar eru af landsfje, svo sem skólar o. fl.; einnig er hjer uppfullt af embættismönnum, sem taka laun sín úr landssjóði, og þessvegna ekki nema eðlilegt, að eitthvað af þeim launum renni aptur inn í landsjóðinn sem tolltekjur eða því um líkt. Reyndar álít jeg ekki rjett, að vera að fara út í þesskonar matning, en jeg lít svo á, að bæjarstjórnin eigi sjálf að ráða þessu máli til lykta á þann hátt, að bæjarfjelagið sjálft launi þessum nýja bæjarstjóra, og jeg fæ alls ekki sjeð, að mótspyrna hennar sje á rökum byggð.

Guðmundur Björnsson, (2. þm. Rvk): Það var sjerstaklega tvennt í ræðu hv. 1. þm, Skgf. (Ól. Br.) sem jeg vildi leyfa mjer að gjöra athugasemd við. Jeg hafði tekið það fram, að hjer í Reykjavík væru goldnir 1/4 af öllum sköttum landsins, en hann benti á, að það væri að eins í orði kveðnu, þar sem tollskyldar vörur færu til sveitanna, og það væri því eiginlega sveitamennirnir, sem borguðu. Það er auðvitað nokkuð til í þessu, en fyr má líka gott þykja, en svo sje, að fullur 1/4 af öllum skattkvöðum hvíli á Reykvíkingum. Hann minntist líka á skólana hjer, og gat þess, að fólkið streymdi hingað á haustin, og að hjer sætu ríkir embættismenn. En þetta hefur allt hverfandi áhrif nú orðið; í gamla daga hafði þetta miklu meira að þýða, meðan fólkið var færra. Þá borguðu embættismennirnir álitlegan hluta af allri útsvarsupphæð bæjarins, en nú er það hverfandi í samanburði við það, sem áður var. Þessi tala, sem jeg nefndi áðan, fjórði hluti af öllum sköttum landsins, hún þolir það, þó eitthvað væri dregið frá henni. Reykjavíkurbúar greiða í landssjóð miklu meira að tiltölu en hverjar aðrar 8 þúsundir landsbúa. (*Lárus H. Bjarnason:* Það kemur ekki

þessu máli við). Jú, því skyldi það ekki koma málinu við?

Hinn háttv. þm. hjelt því fram, að það ætti að vera tilvinnandi fyrir Reykjavík, að launa þessum manni úr bæjarsjóði. En jeg vek athygli manna á því, að þó að bæjarstjóri væri launaður með 4,000 kr. úr landssjóði, þarf bærinn samt að kosta miklu til; bæjarstjórinn þarf marga undirmenn og mikið skrifstofufje, og það allt verður að greiðast úr bæjarsjóði; og jeg er viss um, að það líður ekki langt þangað til að þau útgjöld nema meiru en 4,000 kr.

Jeg vona þó að minnsta kosti, að menn greiði atkv. með þessu frumv. til 3. umr. Jeg veit að því hefur verið hreyft á bæjarstjórnarfundi, hvort bærinn vildi leggja nokkuð til, en þar vantaði marga bæjarfulltrúa. Jeg vildi þessvegna, að bæjarstjórninni væri gefinn tími til nánari yfirvegunar.

Framsögumaður meiri hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg verð aptur að minna á það, að það er engin deila um það, að það eigi að skipta embættinu, heldur að eins um það, hver á að bera kostnaðinn. Þau störf, sem þessi embættismaður mundi hafa á hendi, eru mest sveitastjórnarlegs eðlis, og þessvegna sjálfsagt að honum sje launað úr bæjarsjóði. Ef það ætti að launa honum úr landssjóði, yrði landsstjórnin og að ráða því, hver maðurinn væri, og það er engan veginn vist, að valið yrði þá eins heppilegt. Nei, bæjarstjórnin á að launa manninum að öllu eða mestu leyti og ráða valinu að sama skapi.

Annars fannst mjer hinn hv. ræðumaður, sem síðast talaði, gjöra allt of mikið úr skyldum *alþingis* gegn bænum, en aptur á móti allt of lítið úr skyldum *bæjarþings*.

Reykjavík er og verður þó aðallega fyrir Reykvíkinga.

Það er að minnsta kosti ekki ætlandi til þess, úr því að bæjarstjórnin ekkert vill leggja til, umfram þessar 1,500 kr., að alþingi geti verið að troða upp á hana, nýjum háttlaunuðum embættismanni

Þórhallur Bjarnarson (þm. Bf.): Það var eitt atriði, sem hinn háttv. frmsm. (L. H. B.) minntist á í fyrri ræðu sinni, sem gjörir að jeg stend upp. Hann sagði, að bæjarstjórnin hafi verið spurð um málið eptir að nefndarálitið kom fram. Mjer er alveg ókunnugt um það. (*Lárus H. Bjarnason:* Jeg skýt því til hv. þm. Vestm.). Jeg óska, að málið komist annaðhvort til 3. umr. eða þá að það verði tekið út af dagskrá nú; það gæti komið til nýrrar athugunar fyrir bæjarstjórnina áður en því verður haldið lengra áfram. Það er alveg nauðsynlegt fyrir bæinn, að fá embættinu skipt, og því verður að skipta með lagaboði. Og ef nú bærinn vildi bera sem næst allan kostnaðinn, þá trúi jeg því ekki, að þingið vilji neita honum um þá breytingu; get vel skilið, að þingið ekki fari lengra en svo, að leggja eittkvað fram í hlutfalli við það, sem það leggur fram til bæjarstjórastarfa í öðrum kaupstöðum.

Það er ekkert endanlegt atkvæði, þó að frumv. fljóti til 3. umr.; mitt atkv. með því þýðir bara það, að bæjarstjórn gefist kostur á að íhuga þetta af nýju. Kostnaðarspursmálið er aðalatriðið fyrir þingið, en fyrir bæinn er hitt miklu þýðingarmeira, að fá skiptinguna, þó hann verði mest öllu til að kosta.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er sjerstaklega eitt atriði í ræðu háttv. þm. Snæf., sem jeg vil leiðrjetta. Hann sagði, að bæjarfógeti hefði verið los-

aður við formennsku í ýmsum nefndum. Þessi orð hans hljóta að stafa af ókunnugleika. Heilbrigðisfulltrúi hefur ekki losað bæjarfógeta við nein störf; þessi starfsmaður bæjarins (heilbrigðisfulltrúinn) ljettir engum störfum af heilbrigðisnefnd, og er ekki í henni. Hitt er rjett, að bæjarfógetinn hefur verið leystur frá formennsku í fátækranefnd, en hana hefði hann aldrei átt að hafa; ekki einu sinni í smákaupstað eins og Ísafirði er bæjarfógetinn formaður fátækranefndarinnar.

Að því leyti, er háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) sagði, að rjett væri, að leita aptur til bæjarstjórnarfundar, þá held jeg, að það sje þýðingarlaust; hann var að vísu eigi við á fundi þeim, er hafði það atriði til umræðu, hvort borga ætti launin af bæjarsjóði *(Guðmundur Björnsson:* Jeg ekki heldur). En jeg leyfi mjer að skírskota til háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um það, hvort eigi sje rjett skýrt frá undirtektum bæjarstjórnarinnar að þessu leyti, og hvort ekki muni vera þýðingarlaust að leita til hennar aptur um þetta mál.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um málið.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vil geta þess, að jeg greiði atkv. með því, að frumv. gangi til 3. umr. í því trausti, að bæjarstjórnin gjöri einhverja tilslökun; en annars er jeg andstæður því, að launin við þetta fyrirhugaða embætti greiðist úr landssjóði.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vildi að eins lýsa yfir því, að orð háttv. þm. Vestm. eru rjett, að því er umsögn bæjarstjórnarinnar snertir.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg stend upp til þess eins að óska, að málið gangi til 3. umræðu. Jeg var ekki viðstaddur þennan umrædda bæjarstjórnarfund, og það voru þrír bæjarfulltrúar, sem voru fjarverandi, en þrjú atkv. geta gjört mikla breyting á 12 manna fundi. Jeg vildi því, að allir gætu verið á bæjarstjórnarfundinum, og málið verði ekki afgjört fyrri.

ATKVGR.: 1. gr. samþ. með 16 atkv. gegn 9 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Hermann Jónass.,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Lárus H. Bjarnas.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Briem,
Jóhannes Ólafsson,	Ólafur Thorlacius,
Magnús Andrjess.,	St. Stef. 2. þm. Skgf.
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Ólafsson,	
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.	

2. gr. frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv.

3. gr. frumv. samþ. með 14 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Magnússon,	Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Þórðarson,
Guðl. Guðmundss.,	Herm. Jónasson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	L. H. Bjarnason,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Magnús Kristjánss.,	Ólafur Thorlacius,
Ólafur Ólafsson,	St. Stef., 2. þm. Skf.
Pjetur Jónsson,	
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
Tryggvi Gunnarss.	
Þórh. Bjarnarson.	

4, gr. samþ. með 15 samhlj. atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 15 samhlj. atkv.

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 60).

Framsögumaður meiri hlutans Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg býst við, að það sje tilgangslaust, að mæla fram með nefndaráliti meiri hlutans, eptir atkvgr. um daginn við 2. umr. málsins, enda stend jeg ekki upp til þess, heldur að eins til að segja háttv. deild, að málið hefur nú í annað sinn verið lagt fyrir bæjarstjórnina og fengið alveg sömu undirtektir og áður. Bæjarstjórnin vill nú enn sem fyr enga málamiðlun gjöra.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það mun hafa verið mest fyrir mín orð, að frumv. þetta komst til 3. umr. Bæjarstjórnin hefur nú athugað það, og úrslitin urðu eins og háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) skýrði frá. Bærinn álítur enn sem fyr, að hann eigi heimting á, að þetta starf sje launað úr landssjóði, eins og það er í hinum bæjunum. Það er kunnugt, að þegar Seyðisfjörður, Akureyri og Ísafjörður hver um sig fengu bæjarstjórn, þá var bætt við yfirvöldin þar 500 kr. úr landssjóði. Nú eru störfin þau sömu hjá bæjarfógeta Reykjavíkur og hinna kaupstaðanna, og bæjarstjórnin í Reykjavík lítur svo á, að ef rjett er, að landssjóður borgi t. d. bæjarfógetanum á Akureyri 500 kr., þá eigi Reykjavik eins mikinn rjett á jafn mörgum sinnum þeirri upphæð úr landssjóði, eins og fólksfjöldi er mörgum sinni meiri hjer en á Akureyri. Þar mun vera um 1,000 íbúar, hjer um 8,000, þá á Reykjavík, eptir því, rjett á að fá 4,000 kr. úr landssjóði til formanns bæjarstjórnarinnar.

Aðrar uppástungur frumv. hefur bæjarstjórnin ekki skoðað, og má því búast við, að hún gengi að því, sem í frumv. stendur.

ATKVGR.: Frumv. fellt með 16 gegn 4 atkv.

III. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 13. fundi Nd., mánudaginn 17. júlí, kom frumv. til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði til 1. umr. (A 78).

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (2. þm. G.-K,): Frumv. þetta var borið fram í Ed. á síðasta alþ., var sett þar í nefnd, og komst hún eindregið að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að veita Hafnarfirði kaupstaðarrjettindi, en fyrir eitthvert slys var það þó fellt í Ed. við 2. umr. með litlnm atkvæðamun. Þá voru, 1903, um 800 íbúar í Hafnarfirði, en nú eru þeir orðnir 900. Bærinn lifir mestmegnis á sjávarútvegi, og útfluttar vörur námu 1903 um 240 þús kr.; síðan hefur vörumagn aukizt þar stórum, og nú er komin þar fiskigufuskipaútgjörð, sem ekki var þá; eitt gufuskip er íslenzkt og tilheyrir Hafnfirðingum, og þar að auki eru þar nokkur norsk gufuskip, og mun tala þeirra óðum aukast. Vörumagn þar er því nú eflaust tvöfalt meira, en það var árið 1903. Það virðist því töluvert áríðandi fyrir Hafnarfjörð, að fá kaupstaðarrjett-

indi; bæði til þess að koma á hjá sjer skipulegum götum, ljósum, vatnsleiðslu, hafnarvirkjum, byggingum, til að eignast lóðir o. s. frv. Jeg veit, að það er gjört ráð fyrir því í sveitarstjórnarlögunum, að þorp geti búið fyrir sig, ef þau hafa 300 íbúa.

En eins og gefur að skilja, er fjarri því, að þetta sje nægilegt, að því er Hafnarfjörð snertir, þar sem hann yrði jafnháður sýslunefndinni fyrir það eptir sem áður, og yrði að gjalda ýms gjöld út úr bænum.

Jeg hef nú raunar orðið var við, að ýmsir þingmenn eru í vafa um, hvort rjett sje að fjölga kaupstöðunum, og getur vel verið, að það þyki óráðlegt á þessu þingi. En mjer þykir æskilegt, að fá að vita rökin fyrir því. Aðalmótbáran mun vera kostnaður sá, sem kaupstaðarrjettindin hafa í för með sjer fyrir landssjóð, því það er venja, að greiða yfirvaldi því, sem þar á hlut að máli, 500 kr. fyrir að vera oddviti bæjarstjórnarinnar. En eins og stendur á hjer, hefur þetta engan kostnaðaranka í för með sjer, því ef Hafnarfjörður öðlaðist kaupstaðarjettindi, mundi hann sjálfur annast barnaskóla sinn að öllu leyti, en við það sparaði landssjóður 525 kr., og ynni landssjóður því í raun og veru 25 kr. við að veita kaupstaðarjettindin. Sú ástæða getur því ekki verið frumv. til hindrunar.

Þá munu kannske sumir líta á afleiðingarnar, að ef Hafnarfirði yrðu veitt kaupstaðarjettindi, þá væri heldur ekki hægt að neita öðrum álíka kauptúnum um það, eins og t. d. Sauðárkrók og Skipaskaga, sem jeg veit til, að einnig muni óska hins sama á þessu þingi. En að því er Skipaskaga snertir, þá er landsjóðstillagið til barnaskóla þar 507 kr., og græddi þá landssjóður þar 7 kr. við skiptin.

Mjer er ekki fullljóst, hvort slík ósk kemur frá Sauðárkrók, en tillagið til barnaskóla þar er nú 210 kr. og þá mundi bæjarfógetinn þar kosta um 290 kr. En það getur ekki talizt dýrt, þó kaupstaðarrjettindi þessara þriggja kaupstaða kostuðu að öllu saman lögðu 258 kr.

Þegar litið er á það, að 100,000 kr. eru veittar til hagsældar landbúnaði, þá virðist svo sem ekki væri of langt farið í því, að styðja að hagsæld kauptúna, þó varið væri samtals 258 kr. til þess að efla hagsæld 3 kauptúna, eða til þess að veita þremur bæjum kaupstaðarrjettindi. Jeg er viss um, að landssjóður græðir meir en 258 kr. á því. Jeg hafði hugsað mjer, að stinga upp á nefnd í málið, en jeg fjell frá því aptur eptir bendingu eins háttv. þm. og leyfi mjer því að óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr., eptir að þessari umr. er lokið.

Jeg vil bæta því við, að mál þetta hefur bæði verið borið undir hreppsnefnd í Garðahreppi og sýslunefnd, og hafa báðir þessir aðilar mælt með kaupstaðarrjettindunum.

Ráðherrann: Jeg skal að eins leyfa mjer að leiða athygli að því, að auk till. í sveitarstjórnarlagafrumv. um að veita þorpum, sem hafa fleiri en 300 íbúa, sjálfstjórn í fjármálum sínum, koma 2 önnur frumv. fyrir þingið, sem gjöra það að verkum, að jeg álít síður þörf á að veita hin umbeðnu kaupstaðarrjettindi.

Annað þessara frumv. fer fram á, að kauptúnin hafi rjett til að búa til byggingarsamþykktir, en hitt frumv. heimilar þeim, að búa til lögreglusamþykktir. En þegar þorp og kauptún þannig fá að ráða fjármálum sínum, húsaskipun og lögreglu, er mjer ómögulegt að sjá, að það sje nein nauðsyn á að veita smá kauptúnum kaupstaðarrjettindi.

Það getur jafnvel orðið óþægilegt og umsvifamikið, að gjöra lítil kauptún að sjerstökum lögsagnarumdæmum auk þess, sem þetta hefur í för með sjer útgjöld fyrir landssjóð og dregur eptir sjer fleiri dilka.

Björn Kristjánsson (2. þm. G.-K.): Út af því, sem hæstv. ráðherra tók fram, þá hef jeg líka talað um fyrra frumv., er hann nefndi, að það gæti ekki komið Hafnfirðingum að notum, og frumv. um lögreglusamþykktir handa kauptúnunum, getur einnig verið til bóta, en að eins í því eina efni. Það, sem vegur mest í þessu máli, er, að bæir þeir, sem ekki hafa öðlazt kaupstaðarrjettindi standa undir sýslunefndunum og verða því að gjalda bæði til sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs. Það er aðalatriðið í þessu máli; því þó Hafnarfjörður öðlaðist þann rjett, að verða sjerstakur hreppur, þá lýtur hann þó sýslunni og sýslunefnd í öllu og verður að gjalda til hennar; en fyrsta skilyrðið fyrir því, að svo stór bær geti þróast, er það, að hann að öllu leyti fái að ráða sjer sjálfur.

Ráðherrann: Ef kauptúnin gjalda ekki til sýslusjóðs, fá þau heldur engin hlunnindi, sem því eru samfara, en svo framarlega, sem þau greiða gjöld sín eins og önnur hreppsfjelög, fá þeir, eins og háttv. þingdm. benti á, styrk bæði til barnaskóla og annars.

Það er ekki fullkomlega rjett, að bera bæjarfógetalaunin saman við styrkinn til barnaskóla í kauptúnum eða sjóþorpum, að því er til kostnaðarins kemur fyrir landssjóðinn, því sama upphæð mun verða veitt af landssjóði eptir sem áður til barnaskóla, og þótt einn gangi frá, þá mun því ríflegri styrkur verða veittur öðrum sjóþorpum, svo sparnaðurinn verður enginn fyrir landssjóð. Svo er líka þessa að gæta, að launaviðbótin handa bæjarfógetum, eins og öll önnur laun embættismanna, er fastur útgjaldaliður, en styrkirnir eru að eins veittir til tveggja ára í senn fyrir hvert fjárhagstímabil.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 21 samhlj. atkv.

Á 16. fundi Nd., fimmtudaginn 20. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 78).

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg er þakklátur hinni háttv. deild fyrir, hvernig hún tók í mál þetta við 1. umr. og vona, að hún sýni því þá sömu velvild eptirleiðis.

Þess gjörist ekki þörf að ræða hverja einstaka gr. frv., því jeg býst við, að ekki verði komizt hjá að setja nefnd í málið.

Það var gefið í skyn við 1. umr. málsins, að 3 frumv. lægju fyrir þinginu, nfl. frumv. til sveitarstjórnarlaga og frumv. til byggingasamþykkta, og lögreglusamþykkta, sem gæfu Hafnarfirði svo aukin rjettindi, að hann einnig mætti við það una.

En 1. gr. í frumv. þessu fer fram á miklu meira, heldur en þessi 3 frumv. heimila. T. d. er kauptúnum ekki heimilað, að leggja vegi breiðari, en 5 álnir, en þessi frumv.gr. heimilar Hafnarfirði það. Ef Hafnarfjörður fær ekki kaupstaðarrjettindi, getur hann heldur ekki varið fje til gatna, nema af skornum skammti.

Þá er annað atriði um heimild til að leggja götur í bænum, sem bæir án kaupstaðarrjettinda hafa heldur ekki, nema þeir fá sjerstakt samþykki sýslunefnda til þess. En það er hart fyrir bæ, sem er í öðrum eins uppgangi og Hafnarfjörður, að mega ekki leggja götur nje verja fje til þeirra, nema með leyfi æðra valds. Ekki má heldur hafa götuljós nema með sjerstöku samþykki sýslunefndar, og hagar þó mjög vel til með það í Hafnar-

firði, þar sem hægt er að raflýsa bæinn. Þá geta eigi kauptún keypt lóðir nje fengið lán til lóðarkaupa nema með sjerstöku samþykki sýslunefnda, og þar sem hreppsfjelögin eru háð sýslufjelögum, hafa þau eigi mikið lánstraust. Þetta er því allt háð æðra valdi, meðan kauptúnið öðlast ekki kaupstaðarrjettindi, og öðlist Hafnarfjörður eigi þau rjettindi, er honum fyrirmunað að fá lán til framfarafyrirtækja sinna. Eitt er enn, sem orðið gæti til stórmikils gagns, ef Hafnarfjörður fengi kaupstaðarrjettindi, því þá gæti bærinn bætt höfn sína, sem er óefað hin bezta á öllu Suðurlandi, því hvergi hagar betur til fyrir skipakví. En þetta á bærinn að hafa á sínu valdi, og það hefur hann heldur ekki, nema hann öðlist kaupstaðarrjettindi. Það stendur í þessu efni öðru vísi á með önnur kauptún, sem jeg hygg að einnig muni brátt fara fram á að fá veitt kaupstaðarrjettindi, án þess jeg þó í nokkru vilji spilla fyrir þeim. Á Skipaskaga t. d. hagar ekki nærri eins vel til, að því, er höfn snertir. Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að ekkert af þeim rjettindum, sem 1. gr. mundi veita Hafnarfirði, og nú voru talin, felast í þeim 3 frumv., sem vísað var í við 1. umr. þessa máls. Jeg gat þess þegar í byrjun, að ekki væri ástæða til að tala um einstakar gr. frumv., en þessi atriði hef jeg að eins bent á, væntanlegri nefnd til íhugunar. Það er líka því minni ástæða til að ræða um einstakar gr. frumv., þar sem frv. þetta er mestmegnis sniðið eptir bæjarstjórnarlögum Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þegar umr. þessari er lokið, stíng jeg upp á, að málinu sje vísað til sveitarstjórnarlaganefndarinnar.

Jeg hef svo ekki meira að segja að sinni, en óska, að málið fái að ganga greitt í gegn um þingið.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vil leyfa mjer að styðja uppástungu háttv. 1. þingm. G.-K. (B. Kr.) um, að máli þessu verði vísað til sveitarstjórnarlaganefndarinnar. Mjer finnst þar sem ákveðið er í því frumvarpi, að kauptún geti orðið sjerstök hreppsfjelög, þegar þau hafa 300 íbúa og þar yfir, að það gjöri þetta frumv., sem nú liggur fyrir, óþarft, og sje rjett að athuga þau samhliða. Það eru þess utan nú frá Ed., komin tvö önnur frumvörp, er snerta málið, sem sje frumv. um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna og frumv. um byggingarsamþykktir. Með þessu öllu er verið að undirbúa, að kauptún geti orðið sjerstök hreppsfjelög og hafi samþykktarvald í ýmsum málum sínum; finnst mjer þá ekki ástæða til, að veita þeim kaupstaðarrjettindi og kippa þeim þannig út úr viðkomandi sýslufjelagi. Jeg vona því, að frumv. þessu verði vísað til tjeðrar nefndar, ásamt öðrum slíkum málum.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.). Háttv. þingm. S.Þing. (P. J.) vjek að því, að kauptúnum, sem öðluðust kaupstaðarrjettindi, væri kippt út úr sýslufjelögunum, og veiktu þau með því móti. En jeg skal taka það fram, að það er með vilja sýslufjelagsins sjálfs, að Hafnarfjörður fái kaupstaðarrjettindi. Mjer virðist því ekki vera rjett af þinginu, að vinna á móti því, að þetta geti orðið, þar sem það er vilji bæði viðkomandi sýslufjelags og hreppsfjelags.

ATKVGR.: Samþ. með 18 atkv. gegn 1 að vísa málinu til sveitarstjórnarlaganefndarinnar.

2. umr. frestað.

Á 28. fundi Nd., föstudaginn 4. ágúst, kom frumv. til framhalds 2. umr. (A. 78, 229).

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók það fram við umræður um annað mál hjer í háttv. deild í dag, að honum þætti vænt um, að sveitarstjórnarlaganefndin væri fallin frá þeirri skoðun, að sýslufjelögin biðu tjón af því, að kauptún fengi sjerrjettindi. Þetta var nú heldur mikið sagt hjá hinum hv. þm. Eitt er að vilja samþ. það, að kauptún njóti sjálf þeirra vegagjalda, er þar falla til, og annað hitt, að losa það alveg úr sýslufjelaginu, svo að sýslufjelagið missi auk annars einnig sýsluvegagjaldið. Það er því alls ekki sjálfsögð afleiðing af því, að nefndin vill losa Hornafjörð við sýsluvegagjaldið, að hún sje því meðmælt, að veita honum kaupstaðarrjettindi.

Það verður auðvitað allt af álitamál, hvort og hvenær tími sje til þess kominn, að veita kauptúni, sem er í vexti, kaupstaðarrjettindi, en svo mikið er óhætt að segja, að meðan íbúatala kauptúns nær ekki þúsundinu, þá er varla nauðsynlegt, að veita því kaupstaðarrjettindi, og Hafnarfjörður er ekki nærri því enn.

Nefndin er alls ekki sannfærð um, að nokkur frekari ástæða sje til að veita Hafnarfirði kaupstaðarrjettindi en sumum öðrum kauptúnum, t. a. m. Eyrarbakka með Stokkseyri eða Akranesi. Það er að vísu satt, að þar er nú allmikil þilskipaútgjörð, og þess vegna fluttar þaðan út talsverðar vörur, og eins er aðflutningur á vörum orðinn þar töluverður, en verzlun er þar ekki mikil í samanburði við mörg önnur kauptún á landinu. Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta frekara í bráðina, en vísa að öðru leyti til nefndarálitsins, og verð jeg fyrir hönd nefndarinnar að ráða háttv. deild frá að samþykkja frumv.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.K.): Nefndarálitið ber það með sjer, að háttv. nefndarmenn eru á móti því, að þetta frumv. verði að lögum. Þar er það sagt, að nefndin hafi ekki getað sannfærzt um, að svo sjerstaklega standi á í Hafnarfjarðarverzlunarstað, að hann eigi fremur að fá regluleg kaupstaðarrjettindi, en ýms önnur kauptún landsins, þó hann sje nokkru mannfleiri en flest önnur. Jeg veit ekki til þess, að önnur kauptún landsins hafi beðið um þessi rjettindi í þetta sinn, og þess vegna getur ekki verið um það að ræða nú hjer í deildinni. Nefndin hefur naumast kynnt sjer þetta nógu vel, þar sem hún sjer ekki mun á Hafnarfirði og t. d. Eyrarbakka og Akranesi. Þar sje jeg mikiun mun á. Árið 1903 voru fluttar út vörur frá Hafnarfirði fyrir 240,000 kr., og innfluttar vörur fyrir 337,000 kr. Sama ár voru t. d. útfluttar vörur á Akranesi 43,000 kr., en innfluttar 93,000 kr. Munur á fólksfjölda er líka mikill, svo full ástæða væri til að veita Hafnarfirði kaupstaðarrjettindi á undan t. d. Akranesi, ef miðað er við þetta En jeg álít það í sjálfu sjer langrjettast, að þeir, sem æskja þess, fái að ráða sínum eigin málum, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir, margir eða fáir.

En það er miklu meira, sem hægt er að telja Hafnarfirði til ágætis fram yfir t. d. Akranes. Skipaútgjörð er þar miklu meiri, og vex svo, að nú er hún helmingi meiri en árið 1903. Nú eru þar 14 kútterar, 2 innlend gufuskip og 3 útlend gufuskip. Næsta ár verða þar væntanlega 5 útlend. Verzlunarstaðurinn gæti orðið einn af þeim allra stærstu.

Í Hafnarfirði er timburverksmiðja, þar er stór barnaskóli; gagnfræða- og kennaraskóli er þar, bærinn hefur

vatnsleiðslu og er lýstur með rafmagnsljósi; svo allir geti sjeð, að hann hefur margt sjer til ágætis fram yfir önnur smákauptún, og stendur að mörgu framar þeim bæjum, sem lengi hafa haft kaupstaðarrjettindi, og það er ekki einu sinni hægt, að bera hann saman við marga aðra bæi á landinu. Það er bæði verzlun, iðnaður og menntastofnanir, sem gefa Hafnarfirði forgangsrjett að bæjarrjettindum, svo það væri hart, að neita honum um þau vegna þess, að hann sje ekki verðugri þeim bæjum, sem þó biðja ekki einu sinni um rjettindin. Auk alls þessa hefur Hafnarfjörður beztu höfn og hafnarstæði, sem til er á öllu Suðurlandi. Og hvers vegna á svo að neita honum um þetta? Það skil jeg ekki. Það gæti verið meining í því, ef sýslan skaðaðist allt of mikið við þetta. En það hefur verið leitað álits bæði sýslunefndar og hreppsnefndar um málið, og þaðan er enginn mótblástur, svo jeg skil ekki í því, hvað alþingi meinar með því, að ætla að verða þannig fjárráðamaður sýslunnar og halda í það fyrir hana, sem hún sjálf vill láta laust.

Önnur mótbáran er það, að bærinn hafi ekkert með þennan rjett að gjöra, þar sem svo mikið sje unnið að því einmitt nú, að bæta hag bæjanna. Bæirnir eru losaðir við sýsluvegagjaldið án þess sýslunefndirnar sjeu um það spurðar, og án þess þeir hafi um það beðið. En þó þeir fái nú þessar bætur, sem öll þessi 4 frumv. hafa meðferðis, sem smám saman hefur verið ungað út, þessu Hafnarfjarðarfrumv. til falls, þá eru þó aðal-atriðin eptir og óbætt látin. Bæirnir þurfa að geta keypt lóðir, lýst götur sínar, bætt hafnirnar, tekið lán. o. s. frv. En til þess að geta þetta þurfa þeir fje og sje það ekki fyrir hendi hjá þeim sem eign þeirra sjálfra, þá verða þeir að lána það, og það geta þeir ekki fengið nema með leyfi sýslunefndar. Allt, sem getur komið bæjarfjelaginu fram og orðið því til ómetanlegs gagns, er þannig háð sýslunefndunum eptir sem áður. Bæturnar eru þannig næsta lítils verðar.

Frá þingsins hálfu fæ jeg ekki sjeð, hvaða skynsamlegar ástæður geta verið fyrir því, að neita um kaupstaðarrjettindin, því ekki hefur þetta mikinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð.

Ef nefndin horfir í þessar 500 kr. til bæjarfógetans, þá getur hún að dæmi Ed. á síðasta þingi, fært tillagið niður, t. d. í 300 kr. Jeg er viss um, að leyfið yrði vel þegið þrátt fyrir það.

Jeg hef svo ekki meira um þetta að segja að sinni. En jeg vona, að háttv. deild líti á málið með meiri sanngirni en nefndin hefur gjört, því hún hefur auðsjáanlega ekki sett sig nógu vel inn í málið til þess, að geta komizt að sanngjarnri og rjettri niðurstöðu, enda er málið stórt, en það er engu síður nauðsynlegt.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er í rauninni hreinn óþarfi, að vera að svara ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) nokkru. Hann kom ekki með neitt nýtt í málinu. Það, sem hann sagði nú, er hið sama sem hann sagði við 1. umr. málsins. Það er annars leiðinlegt, að þessi umræða skuli líkjast svo 1. umr., en það gjörir nú minna til.

Jeg get vel ímyndað mjer eptir því, sem áður hefur blásið, að hin háttv. deild sje fremur ófús á það, að stofna nýtt embætti, ɔ: bæjarfógetaembætti í Hafnarfirði, og bæta þannig við útgjöld landssjóðs nýjum embættislaunum. En með því að samþykkja þetta frumv.,

eru ný gjöld lögð á landssjóðinn. Það hefur ekkert að þýða, að vera að tala um, að landssjóði gæti sparazt sá kostnaður á þannn hátt, að styrkurinn til barnaskóla þar fjelli burtu. Það er nú fyrst og fremst ekki víst, að kaupstaðirnir verði allt af olbogabörn að þessu leyti, þó þeir sjeu það nú, og svo mundi það, hvort barnaskóli í Hafnarfirði nyti styrks af landssjóði eða ekki, alls ekki hafa nein áhrif á það, hve mikill styrkur verður veittur til barnaskóla á fjárlögunum árlega, heldur að eins á skiptinguna á styrknum milli skólanna. En hvað mig snertir, þá legg jeg ekki mikla áherzlu á þetta kostnaðar-atriði við að samþykkja frumv. um bæjarrjettindi fyrir Hafnarfjörð. Ef það annars væri rjett, að veita þessi rjettindi, þá ætti að minni skoðun ekki það að vera til hindrunar framgangi málsins, að kostnaður við að borga bæjarfógetalaunin leggist á landssjóð, því að sá kostnaður er ekki svo mikill, að landssjóð muni stórum. En mjer þykir rjett, að benda á það, að verði þetta frv, samþykkt, þá má búast við því, að fleiri kauptún heimti kaupstaðarrjettindi.

Guðmundur Björnsson (2. þm Rvk.): Háttv. framsm. (J. M.) tók það fram í ræðu sinni, að umræður nú líktust mjög 1. umr. um þetta mál; en það er vel afsakanlegt, því að nú hefur nefndin í þessu máli borið fram tvö frumv., sem auka sjálfstjórn kauptúnanna.

Það er ofur-eðlilegt, að menn beri saman gagnsemina, sem leiðir af þessum frumv. fyrir Hafnarfjörð, og það gagn, sem hlýtst af því, að bærinn fengi kaupstaðarrjettindi.

Jeg er nefndinni þakklátur fyrir þá aukningu sjálfstjórnar, sem felst í þessum frumv. Það eru miklar rjettarbætur; en hins vegar vantar þó enn mikið á fulla sjálfstjórn í sveitarstjórnarmálum. Allt, sem á að gjöra, verður að bíða samþykkis sýslunefndar. Svo er það t. d., ef hækka á álögur eða kaupa fasteign. Þó að samþykkt hafi verið breyt.till. við sveitarstjórnarlögin í þá átt, að mál fái framgang þótt sýslunefnd synji staðfestingar ef $^3/_4$ gjaldenda samþykkja þau, þá sjá þó allir, hvílík töf það er, að þurfa opt fyrst að leita til sýslunefnda og þaðan til sveitarfunda.

Það er því augljóst, að þótt í þessu felist mikil rjettarbót, mikil aukning á sjálfstjórn, þá nær með þessu fyrirkomulagi sjálfstjórn kauptúnanna ekki nærri eins langt og sjálfstjórn kaupstaðanna. Og nefndin er þó vís ekki á því, að um aldur og æfi verði hjer að eins fjórir kaupstaðir.

Þegar um það er að ræða, að veita kauptúni kaupstaðarrjettindi, þá á ekki að líta eingöngu á íbúatöluna, miklu fremur á þær framkvæmdir, sem þar eiga sjer stað, og þær framfaralíkur sem fyrir hendi voru. Það er þess vegna, að jeg hef gjörzt flutningsmaður þessa frumv. Þessi staður hefur tekið skjótum framförum. Á fyrstu læknisárum mínum var þessi staður í mestu niðurlægingu, en hefur síðan tekið svo snöggum framförum, að það er einsdæmi. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hefur bent á, hve mikil skilyrði Hafnarfjörður hefði til þess að taka framförum, svo að jeg þarf þess ekki.

Þegar á allt þetta er litið, og þess gætt, að sveit og sýslunefnd er frumv. meðmælt, ennfremur að alþingi hefur jafnan látið í ljósi þá skoðun, að auka beri sjálfstjórn sveitarfjelaga, þá finnst mjer, hv. deild vera í ósamkvæmni við sjálfa sig, ef hún hafnar frumv.

Jeg gjöri mjer því vissa von um, að frumv. verði samþ.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg tek í sama strenginn, sem hv. 2. þm. Rvk (G. B.), og jeg felli mig ekki við till. nefndarinnar í þessu máli. Hjer á í hlut verzlunarstaður, sem á síðustu árum hefur tekið skjótum framförum, og ætti þingið fremur að gleðjast yfir þeim dugnaði og framkvæmdum, en að beita tituprjónum, því að jeg get ekki kallað undirtektir nefndarinnar öðru nafni.

Háttv. framsm. (J. M.) tók það fram, að hann vildi ekki stofna ný embætti, vildi ekki bæta á landssjóð nýjum gjöldum, og átti jeg ekki von á þeirri yfirlýsingu frá honum eptir framkomu hans áður hjer á þingi.

En ef þingið vill ekki steypa landinu í þann kostnað, að greiða þær 500 kr., sem bæjarfógeta eru ætlaðar, þá getur þingið farið þann veg, að láta bæjarfjelagið borga þóknun til bæjarfógeta. Jeg er viss um, að Hafnfirðingar vildu heldur, að það væri gjört að skilyrði, en að þetta frumv., sem þeim er svo mikið áhugamál, yrði fellt.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og 2. þm. Rvk (G. B.) hafa gjört grein fyrir því, á hve hröðu framfarastigi bærinn er, og skal jeg því ekki lýsa því frekar, en gjört hefur verið; en út af þeim orðum háttv. framsm. (J. M.), að sýslan yrði fyrir tjóni, þar sem hún missti þá sýslusjóðsgjaldið frá Hafnarfirði, get jeg skýrt frá því, að sýslunefndin leggur ekki mikla áherzlu á það, og get jeg í því skyni bent á, að á síðasta aðalfundi sínum vísaði sýslunefndin frá sjer heilbrigðissamþykkt, sem gjöra átti fyrir Hafnarfjörð, því að hún taldi það víst, að Hafnarfjörður mundi fá kaupstaðarrjettindi þegar á þessu þingi, og fannst því fara bezt á því, að málið biði þess tíma. Sú skylda, sem hvílir á Hafnarfirði, að borga gjald til sýslusjóðs, er og mjög þungbær, vegna þess, að sýslusjóðsgjöldin í Gullbringusýslu eru mjög há, sem stafar af vegi þeim, sem verið er að leggja milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, þar sem tillag landssjóðs hefur verið bundið því skilyrði, að ekki mætti verja sýsluvegagjaldi til vegalagningarinnar.

Jeg fæ heldur ekki sjeð, að afleiðingin af því, að þingið samþykki þetta frumv., sje neitt hættuleg, enda sje jeg ekki neitt á móti því, að þingið verði við sanngjörnum óskum um kaupstaðarrjettindi, þar sem brytt hefur á sjerstökum dugnaði og framkvæmdum, eins og á sjer stað í Hafnarfirði.

Að því, er hitt snertir, að leggja kostnaðinn við stofnun bæjarfógetaembættisins á bæjarfjelagið, þá mun jeg gjöra breyt.till í þá átt við 3. umr., ef þingdeildin, sem jeg vona, lofar frumv., að ganga til næstu umr.

Árni Jónsson (þm N.-Þing.): Það hafa nokkrir háttv. þm. tekið til máls og talað móti till. nefndarinnar; þeir hafa allir verið nákunnugir og hafa einum munni minnzt á þær miklu framfarir, er eigi sjer stað í Hafnarfirði. Þessar framfarir eru óneitanlega góðar og gleðilegar og mikil meðmæli með frumv. Það er lofsvert, hve Hafnarfjörður hefur tekið miklum framförum, þrátt fyrir þá örðugleika og höpt, sem hann hefur átt við að búa.

Háttv. þm. hafa jafnframt kannast við, að nefndin vilji með frumv. sínum stuðla að því, að sjálfstjórn verzlunarstaðanna aukist.

Háttv. 2. þm. Rvk. tók það fram, að bærinn hefði á læknisárum hans tekið miklum framförum, komizt úr niðurlægingu á mikið framfarastig. Nefndin væntir þess, að bærinn haldi áfram á þeirri framfarabraut, þó að

hann fái ekki kaupstaðarrjettindi, einkum þar sem sjálfstjórn hans hlýtur að aukast stórum við það, þegar frumv. þau, sem nefndin hefur komið með, og hin 2 frá stjórninni, um lögreglu- og byggingarsamþykktir utan kaupstaða, verða að lögum, og sveitarstjórnarlögin ná fram að ganga.

Sami háttv. þm. sagði einnig, að ekki bæri eingöngu að líta á íbúatöluna, það ætti og að taka tillit til framfara og framkvæmda, og það er alveg rjett. En það verður þó að athugast, að talsverður kostnaðarauki gæti orðið að því, ef kauptún mjög víða á landinu fengju kaupstaðarrjettindi. því að það mundi eigi að eins kosta 500 kr. fyrir hvert þeirra, heldur gæti það líka komið fyrir, að sýslumaðurinn þyrfti að flytja sig; t. d. ef Skipaskagi fengi kaupstaðarrjettindi, þá yrði sýslumaðurinn í Borgarfjarðarsýslu að flytja sig. Það gætu og margir staðir komið á eptir og beiðzt þess sama. En það væri athugavert, að veita það að svo komnu; frá nefndarinnar sjónarmiði er því rjettast að bíða og sjá, hvaða áhrif lögin, sem jeg áður nefndi, hafa.

Það er ekki af neinum apturhaldsanda, að nefndin leggur á móti þessu frumv., en hún lítur svo á, að þessi sundurskipting sýslufjelaganna sje athugaverð; þau eru víða svo fámenn og þróttlítil, að þau mega ekki við því að dreifa kröptunum; samvinnan er tryggilegust. En þetta stefnir ekki til að greiða fyrir henni.

Nefndin leit svo á, að þessar 500 kr., sem talað er um, muni dragast frá barnaskólanum; þær mundu ekki sparast fyrir landssjóðinn, heldur mundi það þá koma öðrum til góðs. Með öðrum orðum: það mundi verða veitt jafnmikið fje og áður til barnafræðslu, og ekki farið að draga þessar 500 kr. frá því.

Það væri ef til vill nær, sem háttv. þm. N.-Ísf. stakk upp á. að bærinn launaði sjálfur borgarstjóranum. Jeg er þó hræddur um, að það færi með það eins og önnur gjöld, að því yrði snarað á landssjóð; eins og t. d. um daginn með sýslugjöldin. Jeg gæti svo sem vel hugsað mjer, að í framtíðinni tækju kaupstaðirnir höndum saman til þess að smeygja þessu af sjer yfir á landssjóð, þeim þætti hann ekki ofgóður til þess að borga.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Háttv. framsm. taldi það ástæðu á móti frumv., að losað væri um það, að fleiri kaupstaðir kæmu á eptir og beiddust hins sama; nefndi hann til þess Eyrarbakka og Akranes. Þetta, sem hann telur ástæðu á móti, tel jeg ástæðu með frumv., og greiði því atkv. með því.

Það hefur verið talað um, að beiðni mundi koma um kaupstaðarrjettindi handa Akranesi, en jeg hef ekkert umboð til að bera slíkt frumv. upp nú. Þar stendur það sjerstaklega á móti, að lögreglustjóri er ekki búsettur á Akranesi.

Það er allt af að fara í vöxt greining á hagsmunum sveitarmanna og sjávarmanna, sjerstaklega á þeim stöðum, þar sem iðnaður kemur upp, og það mælir með því, að stærri kauptúnin fái kaupstaðarrjettindi. Mjer hefur þótt vænt um þessi stj.frumv., sem stefna að því, að auka sjálfstjórn kauptúna, en það er þó allmikið eptir, sem veitist með bæjarrjettindum; það er mikið varið í að hafa sameinað í eitt hreppsvald, sýsluvald og amtráðsvald. En það eru jafnframt allþungar byrðar samfara þessum rjettindum. Ef kaupstaður vill takast á hendur þær byrðar, og hefur skilyrði til þess, þá er sjálfsagt að veita honum það.

Um Hafnarfjörð er jeg samdóma

þeim, sem hann lofa; þar er myndarbragur á öllu, og er enginn vafi á því, að hann stendur nú næst því af stærri kauptúnum vorum að fá kaupstaðarrjettindi.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Háttv. þm. N.-Ísf. rangfærði orð mín og bjó til úr þeim ásökun til mín, sem þm. Jeg sagði einmitt, að að minni skoðun ættu 500 kr. meiri eða minni útgjöld fyrir landssjóð ekki að vera til fyrirstöðu samþykkt frumv., ef ann ars væri rjett að veita Hafnarfirði kaupstaðarrjettindi. Og svo á jeg að hafa sett einmitt þetta fyrir mig. En það var svo þvert ofan í mín orð, sem frekast má verða. En jeg sagðist vel geta ímyndað mjer, að háttv. deild mundi ekki verða vel við að bæta þessum kostnaði á landssjóð; það getur verið, að háttv. þm. hafi misheyrzt, en þetta er samt rangfærsla hjá honum.

Annar háttv. flutnm. sagði, að það væri nauðsynlegt fyrir kauptún þetta, að fá kaupstaðarrjettindi, því að það yrði ekki eins sjálfstætt sem hreppsfjelag. Jeg ímynda mjer, að hin háttv. deild líti öðruvísi á. Jeg skal nefna það dæmi, sem þessi háttv. þm. tók.

Ef Hafnarfjörður væri kaupstaður, þá yrði hann að leita samþykkis stjórnarráðsins, en væri hann hreppsfjelag, þá þyrfti samþykkis sýslunefndar, en eptir því, sem háttv. deild virðist líta á afskipti stjórnarráðsins af sveitarmálum, þá virðist hljóta að vera lítill efi á, hvort heppilegra sje, að synjunarvaldið eða samþykkis sje fengið í hendur landsstjórn eða sýslunefnd.

Það er rjett, sem háttv. 1. þm. G.-K. sagði, að mjer munu hafa farizt orð á þá leið, að Hafnarfjörður væri ekki mikill verzlunarstaður, eða þar væri ekki mikil verzlun, og það held jeg líka að sje satt. Útflutningur er þar talsverður að vísu og aðflutningur á vörum nokkur, og stendur það í sambandi við útgjörðina. Get jeg skírskotað til háttv. þm. N.-Ísf. um það, að mikill útflutningur og talsverður aðflutningur á vörum getur verið þar, sem lítil verzlun er *(Björn Kristjánsson:* Hvar?) t. d. á hvalveiðastöðvunum.

Mjer dettur ekki í hug að neita því, að Hafnarfjörður sje að mörgu myndarlegt kauptún. Hann hefur þegar fengið raflýsingu og vatnsveitu, með meiru, er að framförum lýtur; það hefur verið sagt, að hann yrði enn myndarlegri, ef hann fengi kaupstaðarrjettindi, en það eru spár, um það getur enginn sagt. En eins og jeg tók fram áðan, þá verður það einatt álitamál, hvenær kauptún, sem er í framför, á að fá kaupstaðarrjettindi, eða hvort það á að fá það. Jeg get vel búizt við, ef Hafnarfirði fer á næstu árum svo fram, sem honum hefur farið síðustu árin, að sá tími komi bráðlega, að hann eigi heimtingu á að fá bæjarrjettindi.

Jeg þarf ekki að eyða fleiri orðum að þessu; allir meðmælendur frumv. hafa sagt það sama, sem háttv. 1. þm. G.-K. sagði þegar í fyrstu.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Háttv. framsm. óttaðist, að það gætu orðið talsverð gjöld fyrir landssjóð, ef mörg kauptún sæktu um kaupstaðarrjettindi. En jeg þykist þó viss um, eins og tekið var fram við 1. umr., að engin ástæða sje til að óttast það, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, og jeg vil leyfa mjer að benda á ræðu háttv. þm. Borgf. (Þ. B.), nefnilega, að ýms kauptún mundu ekki kæra sig um að sækjast eptir skyldum þeim, er kaupstaðarrjettindunum fylgdu. Það er víst heldur engin hætta á því, að mjög mörg kauptún sæki um kaupstaðarrjettindi, og auk þess verð jeg

að álíta, að þó þessi 3 kauptún, sem á hefur verið minnzt, fengju kaupstaðarrjettindi, þá væri það hverfandi útlát fyrir landssjóð, sem af því stafaði, sem sje c. 1,500 kr., og held jeg sannarlega, að á þessu þingi fari fram fjárveitingar, sem ægilegri verði en þessi.

Þessi sundurskipting. sem háttv. þm. N.-Þing., (Á. J.) kunni svo illa við, er, eins og jeg ímynda mjer, að margir háttv. þm. kannist við, nauðsynleg, því margir kaupstaðir þurfa að búa út af fyrir sig, og skiptingin hlýtur að fara fram í framtíðinni, því margt er ólíkt með kauptúnum og sveitum, atvinnuvegir og annað. Háttv. framsm. hjelt, að ekki væri meiri verzlun í Hafnarfirði í raun og veru, en í öðrum verzlunarstöðum landsins, t. d. hjelt hann, að Hafnarfjörður skipti lítið við sveitamenn, en, eins og jeg tók fram áður, er 337 þús. kr. verzlun ekki alllítil og ekki flytur Hafnarfjörður vörurnar út aptur, heldur til sveitamanna jafnt og sjávarmanna. En í raun og veru er verzlunin jafnmikil fyrir það, hvernig sem viðskiptunum er háttað. Það sem háttv. framsm. tók fram, að það hefði eigi staðið Hafnarfirði fyrir framför hingað til, að hann hafi ekki haft kaupstaðarrjettindi, finnst mjer hann ekkert geta um sagt; því þó einstakir menn leggi á sig ýmsar kvaðir og jafnvel gjafir, þá er ekki víst, hvað lengi þeir standa sig við það, en einmitt þannig er raflýsing og vatnsveitingin í Hafnarfirði til komin, og auðvitað hafa þessir einstöku menn gjört það í þeirri von, að bærinn sjálfur gæti tekið þátt í því eptirleiðis; en svo er eigi nema hann öðlist kaupstaðarrjettindi. En þessar framkvæmdir sýna, að í Hafnarfirði búa menn, sem eru þess verðir, að bærinn geti unnið í sameiningu við þá. Jeg er þeim háttv. þm. þakklátur, sem talað hafa með þessu frumv., og til samkomulags mundi jeg fallast á, að bæjarsjóður tæki að sjer að greiða launaviðbótina til bæjarfógetans, eins og háttv. þm. N.-Ísf. fór fram á.

Ráðherrann: Bæði háttv. þm. Borgf. (Þ, B.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hafa þegar tekið það fram, að svo miklar kvaðir fylgja kaupstaðarrjettindunum, að talsverðan vilja þyrfti til að leggja það á sig, og væri því engin hætta á því, að mörg kauptún sæktu um þau. Þetta er einmitt athugavert við frumv., því umsókn Hafnfirðinga er til orðin löngu fyrir þing og miðuð við allar kringumstæður, eins og þær voru þá, en þá var svo ástatt, að engin líkindi voru til, að Hafnarfjörður gæti fengið sjálfstjórn í fjármálum sínum; þá var svo ástatt, að engin líkindi voru til, að Hafnarfjörður gæti fengið sjerstaka lögreglusamþykkt; þá var svo ástatt, að engin líkindi voru til að Hafnarfjörður gæti fengið sjerstaka byggingarsamþykkt, og loks var þá svo ástatt, að engin líkindi voru til, að Hafnarfjörður gæti fengið rjett til að leggja hafnargjöld á skip þau, er þar koma. Nú eru full líkindi til, að allt þetta geti fengizt, án þess Hafnarfjörður leggi á sig þær kvaðir og gjöld, sem eru því samfara, að verða kaupstaður; því þingið mun láta frá sjer fara lög um öll ofangreind atriði. Jeg ímynda mjer nú, að þó að Hafnfirðingar hafi viljað taka á sig kostnað og kvaðir til þess að fá kaupstaðarnafn, *meðan* það var skilyrði fyrir því, að geta fengið hin ofangreindu rjettindi, þá sje enganveginn víst, að þeir vilji leggja þær kvaðir á sig nú, að þeim kringumstæðum breyttum; því það, sem þessi 4 frumv., er jeg drap á, veita, er meginatriðið úr hinum svonefndu *kaupstaðarrjettindum*.

Loks hefur í dag verið gjörð undanþágu frá sýsluvegagjaldinu fyrir þau kauptún, er fá sjálfstjórn í fjármálum sínum. Jeg get því ekki sjeð, hvaða keppikefli það gæti verið lengur fyrir Hafnfirðinga, að fá kaupstaðarnafnbót fyrir bæ sinn. Þó Hafnarfjörður þyrfti samþykki sýslunefndar til að selja fasteignir og því líkt, þá er það engin ástæða, því þótt hann væri kaupstaður, gæti hann ekki gjört slíkt samþykkislaust, heldur yrði að leita leyfis hjá stjórnarráðinu. Ef því þessi 5 frumv. komast fram, sem jeg ekki efast um, sje jeg ekki, að kaupstaðarnafnið hafi neina verulega sveitarstjórnarlega þýðingu fyrir kauptúnið; en það hefði í för með sjer breyting á lögsagnarumdæmaskipuninni, sem ekki væri heppileg, og hækknn á launum sýslumannsins, sem ekki hefur verið sýnt fram á að sje að öðru leyti nauðsynleg.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagðist mundu koma með breyt.till, í þá áttina, að launaviðbótin skyldi greidd úr bæjarsjóði Hafnfirðinga, ef bærinn fengi kaupstaðarrjettindin.

En það væri sannarlega að ganga of nærri rjetti sveitarfjelaganna, að leggja gjald þetta, hvort það heldur væri 3, 4 eða 5 hundruð, á þau, að þeim fornspurðum.

Til þess þyrfti löglega yfirlýsingu sveitarfjelagsins, og jeg efast um, að hún fáist, þegar þessi 5 lagaboð eru í vænd.

Það var fært sem ástæða fyrir því, að Hafnarfirði bæru kaupstaðarjettindi, að hann hefði tekið svo snöggum framförum upp á síðkastið. En þetta sýnast mjer engin meðmæli, enda má einnig geta þess, að engu kauptúni á landinu hefur hrakað eins snöggt og Hafnarfirði gjörði fyrir nokkrum árum, og yfir höfuð lítur út fyrir, eptir því, hve gengið hefur upp og ofan fyrir þessu kauptúni síðari ár, að lífsskilyrði þess sjeu fremur breytileg; bærinn er svo nálægt Reykjavík, að hugsanlegt, er að Rvk. sem stóri bærinn dragi afl frá honum. Jeg hygg, að öllu athuguðu, að þetta frumv. megi missa sig.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Mjer er óskiljanlegt, hvílíkt kapp kemur fram hjá háttv. framsm. nefndarinnar og hæstv. ráðh. móti þessu máli. Það hefði þó sýnzt eðlilegt, að ráðh. hefði þótt skemmtilegt, að sem flestir væru kaupstaðirnir í hans »jarlsdæmi«, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) nefndi svo í dag, er hann líkti ráðh. við jarl, og gat ekki skilizt, að munur væri á ráðh. og jarli.

Fjölgaði kaupstöðunum hjer á landi, væri það merki þess, að landið væri á hraðri framfarabraut; og jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að vjer hefðum ástæðu til þess, að skapa sem flesta kaupstaðina.

Hæstv. ráðh. tók undir með háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.), að Hafnfirðingar hefðu eflaust ekki óskað kaupstaðarrjettinda, ef það hefði verið þeim ljóst, hvaða skyldur fylgdu kaupstaðarrjettindunum, og taldi þá bera meiri byrðar en sveitirnar; en þetta er misskilningur, því eins og kunnugt er, verða þeir, sem til sveita búa, harðar úti en kaupstaðabúar, að því er beinu gjöldin snertir. Í kaupstöðunum eru ýms gjöld innifalin í aukaútsvarinu, sem menn, er utan kaupstaðanna búa, verða að greiða sjerstaklega, auk útsvarsins, svo sem hreppavegagjald, sýslusjóðsgjald, sýsluvegagjald, fjárskoðunargjald o. fl.

Af þessu sjest, að sveitamenn eru eltir með ýmsum fleri gjöldum, en kaupstaðabúar, svo að frá þessu sjónarmiði er það einmitt eptirsóknarvert fyrir Hafnfirðinga að öðlast kaupstaðarrjettindi og losna þannig við hina ýmsu skatta.

Hæstv. ráðh. tók fram, að frá hans sjónarmiði væru það engin meðmæli, þó að bærinn væri að vaxa, þó að verzlunarstaðurinn væri í framför; en jeg verð að vera á öðru máli í þessu atriði, því jeg álít, að það eigi einmitt að vera mælikvarðinn, sem farið sje eptir, þegar bæði fólksfjöldi vex, og atvinnuvegir blómgvast, svo sem t. d. er útgjörðin eykst ár frá ári. Þess utan hefur Hafnarfjörður ágæt skilyrði til framfara, og í mörgu tilliti betri en Reykjavík, til dæmis að öllu því, er útgjörð snertir, því höfn er þar ágæt.

Sú kenning háttv. þm. Vestm., að þó útgjörð væri mikil, þá þyrfti verzlun ekki að vera mikil, er mjer ekki skiljanleg, því það er þó áreiðanlega útgjörðin, sem skapar verzlunina.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. tók fram, að eigi lægi hjer fyrir yfirlýsing frá Hafnfirðingum um það, að þeir væru fúsir á, að greiða þóknun til bæjarfógetans, þá er það mikið rjett, að hún liggur ekki fyrir. En jeg fæ þó ekki sjeð, að þingið geti ekki sett þetta ákvæði í lögin, sem skilyrði kaupstaðarjettindanna; að minnsta kosti situr það ekki á þeim mönnum — og það situr ekki á hæstv. ráðh. — að vera á móti því, sem nýlega hafa lagt fyrir þingið frumv. um niðurlagning amtsráðanna, að þeim fornspurðum, frumv., sem gjörir í mörgu gagngjörða breytingu á sveitarstjórnarlögunum. Jeg er heldur ekki á móti, að þessu yrði komið þannig fyrir, að Hafnfirðingar ættu völina, gætu látið vera að þiggja kaupstaðarrjettindin, ef þeir teldu þóknunina til bæjarfógetans eptir.

Annars þarf raunar ekki að ræða mikið um þetta atriði, því ekki er ákveðið, hve mikil laun bæjarfógetans skuli vera. Þegar Seyðisfjörður fjekk kaupstaðarrjettindi, hækkuðu laun sýslumannsins þar ekki um meira en 300 kr., og sú upphæð er ekki stór hvorki fyrir Hafnarfjörð, nje aðra verzlunarstaði, er kaupstaðarrjettindi vilja öðlast.

Að þetta frumv. sje framkomið af því, að menn vilji veita sýslumanninum í Hafnarfirði launaviðbót, því verð jeg að mótmæla algjörlega, því þó að hann sje fylgjandi málinu, þá er það af því, að hann telur það vera nauðsynjamál fyrir vöxt og viðgang kauptúnsins, sem honum er annt um, en alls ekki af eigingjörnum hvötum.

Áður en jeg lýk máli mínu skal jeg geta þess, að mjer þótti leitt, að háttv. þm. Vestm. (J. M.) var að bregða mjer um rangfærslu á orðum sínum, þar sem jeg þori að fullyrða, að jeg hafi í engu rangfært orð hans, enda játaði hann sjálfur, að ef til vill hefði verið ástæða til að skilja orð hans, eins og jeg gjörði; en þá á orðið rángfærsla ekki við, því það orð á eptir mínum skilningi alls ekki við, nema þegar um vísvitandi ranga frásögu er að ræða.

Jón Magnússon (Þm. Vestm.): Jeg er hræddur um, að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hafi haldið, að hann væri að skrifa í »Þjóðviljann«, þegar hann var að segja frá orðum mínum, því jeg sagði aldrei, að orð mín hefði mátt skilja á þann veg, er hann gjörði, en sagði, að honum ef til vill hefði misheyrzt; það var sú vægasta skýring, er jeg gat gefið á ummælum hans, og það sagði jeg svo greinilega, að rangfærslan því hefur eigi getað orðið nema vísvitandi.

Ráðherraun: Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) kvaðst furða sig á því »kappi«, sem fram kæmi hjá mjer og fleirum þm. í þessu máli. Jeg veit ekki, hvað hann á við með þessu, jeg veit ekki til, að jeg hafi sýnt meira kapp í þessu

máli en í hverju öðru máli, sem fyrir þinginu liggur, og mótmæli því, að háttv. þm. hafi nokkra ástæðu til að bera mjer hlutdrægni í því á brýn.

Sami háttv. þm. sagði ósamkvæmni í því hjá mjer, að vera með að leggja fram frumv. um að jafnaðarsjóðsgjaldið hjeldist, án þess að amtsráðin væru að spurð, en vilja ekki vera með í að leggja þessar 500 kr. á Hafnfirðinga, að þeim fornspurðum. En þetta tvennt er alls ekki það sama og ekki samanberandi, því í öðru tilfellinu er um gjald að ræða, sem befur verið greitt að undanförnu, en í hinu er um gjald að ræða, sem aldrei hefur átt sjer stað, og það meira að segja til að launa manni, sem gjaldendurnir ekki kjósa. Það væri sök sjer, ef bæjarbúar samþykktu slíka greiðslu. En jeg hef heyrt mjög merka menn úr Hafnarfirði segja, að Hafnfirðingum væri þetta ekkert kappsmál og vildu ekki nýta, að fá kaupstaðarnafn, ef þsir sjálfir þyrftu að borga launaviðbótina til sýslumanns.

Það er ekki rjett, að jeg hafi sagt, að frumv, væri fram komið »til að auka laun sýslumanns«. Aldrei geta þessir menn haft rjett eptir. Jeg sagði, að eptir að þau 5 lagafrumv., sem þingið hefur til meðferðar, væru tilkomin, væri breyting sú, sem kaupstaðarrjettinda frumv. hefði í för með sjer, aðallega fólgin í breytingu á lögsagnarumdæminu og launum sýslumannsins, og sje jeg ekki annað en þetta sje nokkurnveginn rjett.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þeir háttv. þm., sem talað hafa á móti þessu frumv., hafa borið það af sjer, að þeir leggðu kapp á að frumv. fjelli; það er eðlilegt, að þeir beri það af sjer, og *mjer* dettur ekki í hug að saka þá um neitt kapp. Miklu fremur er mjer kappsmál og ýmsum öðrum að frumv. verði samþ., af því að vjer álítum, að það sje bæði gagnlegt og nauðsynlegt.

Allir viðurkenna, að í þessu frumv. felist meiri sjálfstjórnarrjettur, en í þeim frumv., sem liggja fyrir þinginu og miða að því, að veita verzlunarstöðunum aukin rjettindi yfirleitt. Hæstv. ráðh. tók það fram, að kaupstaðarrjettindin yrðu opt minni en þessi væntanlegu rjettindi og hlunnindi verzlunarstaðanna. Hann benti á, að þó að Hafnarfjörður þyrfti samþykki sýslunefndar til að selja fasteignir, þá væri það engin ástæða til að gjöra Hafnarfjörð að kaupstað, því að þá þyrfti að leita samþykkis stjórnarráðsins, og það væri miklu erfiðara viðfangs.

Jeg get ekki sjeð, að þetta sje á rökum byggt hjá hinum hæstv. ráðh. Ef kauptúnum bjóðast góð kaup á fasteignum, þá þarf opt að bíða lengi eptir sýslunefndarfundi, sem að eins er haldinn einu sinni á ári; gæti vel verið, að menn þyrftu að bíða missiri eða heilt ár eptir samþykktinni. *(Lárus H. Bjarnason:* Það er hægt að snúa sjer til oddvita). En það er ekki víst, að hann vildi eða gæti skotið á sýslunefndarfundi í fljótu bragði. *(Lárus H. Bjarnason:* Þess þarf hann ekki). Fljótasta og greiðasta leiðin væri að skrifa brjef til stjórnarráðsins og fá svarið með fyrstu ferð, svo að í þessu efni get jeg ekki sjeð, að verzlunarstaðirnir hafi nokkur hlunnindi fram yfir kaupstaðina.

Kaupstaðarrjettindin eru óefað miklu viðtækari en þau rjettindi, sem fást mundu með lagafrumv. þeim, sem nú eru fyrir þinginu.

Það hefur verið tekið fram við þessa umr., að Hafnarfjörður mundi ekki kæra sig um kaupstaðarrjettindi, þegar hin frumv. væru komin í gildi.

En bæjarmenn hafa hugsað málið mjög ítarlega, og mundu ekki gjöra sig ánægða, þó að þeir yrðu aðnjótandi rjettinda þeirra, sem hin frumv. veita; þeir hafa óskað eptir að fá sjerstaka bæjarstjórn, og af þeirri kröfu munu þeir ekki láta, þó að hitt fengist.

Einn háttv. þm. gat þess, að bærinn hefði tekið miklum framförum þrátt fyrir þau höpt, sem á honum hefðu legið; og mjer skildist á orðum hins háttv. þm., að hann vænti þess, að bænum gæti hjer eptir farið fram, þó að frelsi hans ekki væri aukið.

Þetta eru svipuð orð, sem heyrðust, þegar þjóðin var að berjast fyrir frelsi sínu, en þá þóttu þau ekki nægileg til sönnunar því, að við ættum að hætta við baráttuna.

Svo hefur mikið verið talað um útgjöldin, sem þessi breyting hefur í för með sjer. En í hæsta lagi gætu þessi auknu útgjöld orðið um 500 kr. á ári. Það er altítt, að meira en 500 kr. styrkur hefur verið veittur til einstakra manna og fjelaga. »Leikfjelag Reykjavíkur« fær t. d. mörg hundruð kr. styrk á ári, og er það fullkomlega rjett. En sje ástæða til að veita einstökum mönnum eða fjelögum styrk, hversu miklu meiri ástæða er þá ekki til að veita heilum sveitarfjelögum lítilsháttar styrk, sem getur orðið þeim til mikilla nota. Jeg vona fastlega, að háttv. deild lofi þessu máli að ganga til 3. umr.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. var felld með 12 atkv. gegn 11 að viðhöfðu nafnakalli, eptir ósk þessara 7 þm.: Hermanns Jónassonar, Eggerts Pálssonar, Lárusar H. Bjarnasonar, Jóhannesar Ólafssonar, Pjeturs Jónssonar, Þórhalls Bjarnarsonar og Hannesar Þorsteinssonar, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Guðm. Björnsson,	Hannes Hafstein,
Magnús Kristjánss.,	Hannes Þorsteinss.,
Ólafur Briem,	Hermann Jónass.,
Ólafur Ólafsson,	Jóhannes Ólafsson,
Ólafur Thorlacíus,	Jón Jónsson,
Skúli Thoroddsen,	Lárus H. Bjarnas.,
St. Stef. 2. þm. Skgf.,	Pjetur Jónsson,
Þórh. Bjarnarson.	St. Stef., 2. þm. Eyf.
	Tryggvi Gunnarss.

Guðlaugur Guðmundsson greiddi ekki atkv., og telst því með meiri hlutanum. Magnús Andrjesson var ekki á fundi.

Frumv. þar með í heild sinni fallið.

IV. Brúargjörð á Ytri-Rangá.

Á 14. fundi Nd,, þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til laga um brúargjörð á Ytri-Rangá (A 83) til 1. umr.

Flutningsmaður Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Frumv. þetta, sem jeg hef leyft mjer að flytja fram fyrir hina háttv. deild, er ekki langt að orðum til, en felur eigi að síður mikið í sjer. Frumv. fer nefnilega fram á, að alþingi veiti 35,000 kr. til brúargjörðar á Ytri-Rangá. Og það má búast við því, að það verði nokkrir, sem sjá eptir þessum krónum, en jeg vona, að þeir verði færri, og að flestir háttv. þingm. sjái, að þetta er ekki neinn óþarfa bitlingur, heldur beiðni um

fjárframlag til sannarlegs þarfafyrirtækis. Hjer er sem sje beðið um fje til eflingar samgöngum; og því fje, sem veitt er í því augnamiði, er ekki hægt að segja að sje á glæ kastað. Góðar samgöngur mega með sanni skoðast sem skilyrði fyrir þrifum og framförum þjóðarinnar bæði í tímanlegum og andlegum efnum, því að hinar andlegu framfarir eru optast að meira eða minna leyti byggðar á hinum tímanlegu eða verklegu framförum.

Ef samgöngurnar væru greiðari hjer á landi, en þær eru, þá hlytu miklu meiri framfarir að verða í búnaði vorum. Góðar samgöngur við kaupstaðina og verzlunarstaðina hlytu að ýta af stað framförum í sveitunum, og búskapur vor sveitamanna batna svo, að komast mætti af styrklítið. Eða með öðrum orðum, þá þyrfti ekki, eins og sumir vilja orða það, að kaupa oss sveitamenn til að dvelja í sveitunum. Ef verulega fljótar samgöngur væru t. d. milli Reykjavíkur og hins frjóvsama undirlendis, fyrir austan fjall, þá mundi það verða hagnaður eigi að eins fyrir sveitirnar, heldur og fyrir Reykjavík. Þá mundu Reykvíkingar ekki þurfa að verja stórfje ár eptir ár til að græða upp holtin hjer í kringum bæinn, og sem segja má að komi að litlu liði, þar sem túnblettirnir eru nú, jafnóðum og þeir eru ræktaðir upp, teknir aptur í húsgrunna. Á þessu hlyti að verða mikil breyting við verulega góðar og fljótar samgöngur. En um svo fljótar samgöngur, að þær gætu unnið fullkomið gagn í þessu tilliti, er ekki enn að ræða, heldur hitt, að halda áfram á þeirri braut, sem alþingi hefur áður gengið inn á, að ryðja hinum allra verstu þröskuldum úr vegi, gjöra verstu torfærurnar færar og til þess heyrir að brúa stærstu árnar.

Ytri-Rangá er ein af þeim stærstu ám landsins, sem enn eru óbrúaðar og tiltök er að brúa. Áin er á eina hliðina mjög vatnsmikil, aldrei minni en á miðja síðu, en þegar hún er mikil á vetrum, þá er hún á sund og það á þessu eina almenna vaði við Ægissíðu. Auk þessa er hún hættuleg yfirferðar, því að klappir eru í botninum. Það er og einn aðalagnúinn við hana, að hana getur aldrei lagt fyrri en niður við ármót hennar við Þverá. Vatnið kemur úr Hekluhrauni og getur ekki lagt, en aptur á móti stíflast upp og skarað, og þó þar sje ferjað yfir, er einatt afarerfitt að koma hestum upp á skarirnar. Það er ekki laugt síðan, að Myklestad var rjett búinn að missa hest sinn í ána, af því að hann ætlaði ekki að komast upp á skörina. Það er heldur ekki lítill agnúi á, að hafa ána óbrúaða, þegar tekið er tillit til læknisferða; hún rennur í gegnum mitt læknishjeraðið, og hefur hinn ötuli læknir okkar sannarlega fengið marga hrakför í á þessari. Auk þessa tilfinnanlega atriðis, þá hafa menn einnig fundið til þess, hve mikla erfiðleika áin gjörir með tilliti til samgangnanna. Eins og kunnugt er, ganga bæði póst- og flutningavagnar hjeðan úr Reykjavík austur yfir fjall, en allir vagnar verða að staðnæmast við Ægissíðu, því að ekki er hægt að koma þeim yfir ána. Vatnið nær upp í sjálfa vagnkassana, svo að hestar hafa eigi krapt til að draga yfir. Til þessa hafa menn enn betur fundið í mínu kjördæmi eptir að rjómabúin komust á. Væri því áin brúuð, þá gætu menn flutt rjómakvartelin á vögnum til Ægissíðu, en nú verða þau að flytjast á hestum og er það mjög örðugt, þar sem kvartelin eru 120—130 punda bagga.

Jeg vona fastlega, að þingið samþykki frv. þetta. Það er langt síðan, að sú hugsun kom fram, að brúa Ytri-Rangá. Þegar Páll heit. Briem var sýslumaður í Rangárvallasýslu, fjekk hann verkfræðing landsins til að skoða brúarstæði, og gjöra áætlanir um kostnaðinn. Verkfræðingurinn skoðaði brúarstæði við Árbæ og áætlaði, að það mundi kosta 32,000 kr. að byggja þar brú. En þessi staður er mikið úr leið, og auk þess þyrfti að leggja álmu úr þjóðveginum upp að brúnni. Bezt og beinast væri, að byggja brúna hjá Ægissíðu, en það leizt samt sem áður verkfræðing Jóni Þorlákssyni ekki á, vegna þess, að þá kæmi brúin til að kosta nálægt 65,000 kr. eða líkt og Ölfusárbrúin. En hann áleit aptur á móti, að rjett fyrir neðan Ægissíðu væri ágætt brúarstæði á Ægissíðufossi. Verkfræðingurinn lætur þá skoðun í ljósi, að þetta brúarstæði sje það bezta, sem völ er á. Út frá þessu hef jeg gengið með því, að fara fram á 35,000 krónur. Sigurður Thoroddsen gjörði þá áætlun, að brúin við Árbæjarfoss kostaði 32,000 krónur, en Jón Þorláksson álítur, að brú við Ægissíðufoss muni ekki kosta mikið meira. En allt að 35 þús. krónur hef jeg sett í frumv. af því, að hætt er við því, að áætlun Sigurðar Thoroddsens gæti ekki staðizt nú, því að daglaun mundu að líkindum verða hærri nú, heldur en hann gjörði ráð fyrir. Jeg vona, að háttv. þingm. þessarar deildar sjái nauðsyn þá, sem frumv. ræðir um, og greiði því frv. atkvæði, svo að það verði að lögum.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þ.): Það er enginn vafi á því, að margt mælir með því frumv., sem hjer liggur fyrir. En spursmálið er, hvort ekki standi aðrar brýr nær.

Tvö önnur brúarlagningarfrumvörp liggja fyrir þinginu, og með hvoru þeirra mælir mjög mikið, en jeg skal ekki segja hvoru mest. Það sem mjer finnst að oss vanti nú, er að geta lagt fram það, sem allar þessar brýr þurfa, og ef á að taka eina, vantar oss nægilegar upplýsingar um, að hennar þurfi meir en hiuna.

Jeg vil leyfa mjer, að stinga upp á nefnd í þetta frumv., og að til þeirrar nefndar sje vísað frumv. um aðrar brýr.

Jeg ætla að láta í ljósi mjög fallega hugsun, sem einn maður stakk að mjer nýlega, sem sje, að í stað þess, að veita fje til sjerstakra brúa, þá sje stjórninni heimiluð viss fjárupphæð, sem hún geti notað til nauðsynlegra brúargjörða á þjóðvegum eptir bendingum og áliti verkfræðings landsins.

Það er sjerstaklega í samgöngumálum, að þörf er á föstum óyggjandi áætlunum til þess, að menn geti vitað, hvað þurfi til þess, að samgöngur sjeu í góðu lagi, og hvaða fyrirtæki eigi að sitja fyrir.

Það er þetta, sem jeg hefi haldið fram á fyrri þingum, viðvíkjandi vegagjörð, og verður vonandi ekki langt þangað til, að um það fást fastar áætlanir; þess hins sama þyrfti og að sjálfsögðu um brýr, og væri þá heppilegast, að gjört væri eitt brúar»plan« fyrir allt landið, og væri það sjerstaklega áríðandi, að því er þjóðvegina snertir.

Flutningsmaður Eggert Pálsson (þm. Rangv.): Það getur vel verið, að þessi uppástunga hv. þm. S.-Þing, (P. J.) hafi við góð og gild rök að styðjast, en á hina hliðina vil jeg benda á, að hún er ekki að eins mikilsverð, heldur er hún líka algjört nýmæli, og sem kemur því flatt upp á menn. Og vil jeg þess

vegna stinga upp á því, að nefndarkosningunni sje frestað, þangað til við aðra umræðu málsins.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Síðan var gengið til atkvæða um það, hvort kjósa skyldi nefnd strax eða ekki, og ljet forseti viðhafa nafnakall eptir óljósa atkvæðagreiðslu, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánss.,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Bjarnarson,	Guðm. Björnsson,
Einar Þórðarson,	Hannes Hafstein,
Guðl. Guðmundss.,	Hannes Þorsteinss.,
Jóh. Ólafsson,	Herm. Jónasson,
Jón Jónsson,	L. H. Bjarnason,
Magnús Andrjess.,	Magnús Kristjánss.,
Ólafur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Thorlacius,	Tryggvi Gunnarss.
Pjetur Jónsson,	Þórh. Bjarnason.
Skúli Thoroddsen,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef., 2. þm. Skf.	

Var nefndarkosningin þannig samþykkt með 14 atkv. gegn 11.

Með 16 atkvæðum var samþykkt, að nefndin skyldi vera skipuð 3 mönnum.

Síðan var kosið í nefndina óbundnum kosningum.

Kosningu hlutu Pjetur Jónsson 16 atkv. og Eggert Pálsson 13 atkv.; Stefán Stefánsson þm. Skf. og Tryggvi Gunnarsson fengu 7 atkv. hvor; Ólafur Briem 6 atkv., aðrir færri.

Var þá kosinn 3. maður í nefndina óbundnum kosningum, og fengu þeir Stefán Stefánsson 2. þm. Skf. og Tryggvi Gunnarsson 10 atkv. hvor; Ólafur Briem 3 atkv. og aðrir færri.

Síðan var kosið óbundnum kosningum um þá Stefán Stefánsson 2. þm. Skf. og Tryggva Gunnarsson og fengu þeir 12 atkv. hvor.

Var þá kastað hlutkesti og kom upp hlutur Tryggva Gnnnarssonar.

Í nefndinni var Tryggvi Gunnarsson kosinn formaður og Eggert Pálsson skrifari og framsögumaður.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr, (A 88, 296).

Framsögumaður Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Jeg gjöri ekki ráð fyrir því, að þurfa að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að þótt það sje þýðingarmikið, að minnsta kosti mjög þýðingarmikið fyrir þá landshluta, er það aðallega snertir, þá er það hins vegar ofureinfalt mál, sem allir geta áttað sig á. Spursmálið er að eins, hvort menn vilja leggja fje fram á næsta fjárhagstímabili til brúargjörða, eins og gjört hefur verið á undanförnum þingum. Svo framarlega, sem menn telja brúargjörðir mjög nauðsynlegar og vilja halda fram hinni fyrri stefnu í þeim efnum, þá greiða menn atkv. með frumv. þessu. Það dylst engum, að ef menn ekki hreint og beint synja um fje til allra brúargjörða, þá beri að greiða atkv. með þessari brúargjörð. Jeg hef áður við 1. umr. bent á það, og einnig er það tekið fram í nefndarálitinu, að þess sje hin brýnasta þörf, að fje verði lagt til þessarar brúargjörðar, sem hjer er um að ræða. Því að hvort heldur litið er til þess flutningsmagns, sem yfir þessa á fer, eða til þess, hvílíkur farartálmi hún er, þá heimtar það hvottveggja, að á þessi verði brúuð sem fyrst.

Að því, er flutningsmagnið snertir, þá er það mjög mikið. Á þessi er á fjölförnum þjóðvegi; um þann veg fara allir vöruflutningar sjö fjölbyggðra hreppa, bæði mest öll nauðsynjavara úr kaupstað, matvara, timbur og járnvara, og annar varningur, sem í kaup-

stað er keyptur, og sömuleiðis öll sú vara, er þessar sjö sveitir framleiða, þar á meðal um 40 þúsundir punda smjörs, sem líklegt er að hin 3 rjómabú, sem fyrir austan ána eru, framleiði árlega og máske meira, ef þau kynnu að eflast enn meir eða fjölga. Auk þess eru fjárrekstrar miklir eptir þessum vegi og yfir þessa á á hverju hausti í kaupstað; jeg veit ekki, hve margar þúsundir fjár eru á sumri og hausti hverju reknar í kaupstað yfir hana, en það gefur að skilja, að það er mjög margt fje bæði úr Vesturskaptafellssýslu og öllum austurhluta Rangárvallasýslu, en allt það fje verður eins og nú stendur að reka á sund yfir ána. Þess utan rennur áin í gegn um mitt læknishjeraðið, svo að læknir verður þannig mjög opt yfir hana að sækja.

En að því, er það snertir, hvílíkur farartálmi á þessi er, þá get jeg einnig með tilliti til þess skírskotað til orða minna við 1. umr. Vatnsmegn árinnar er, eins og jeg hef áður tekið fram, jafnaðarlega, og jeg held aldrei minna en á miðjar síður. Jeg hef tvisvar, bæði haust og vor, farið yfir Hvítá í Borgarfirði á Langholtsvaði, og var vatnsmegn hennar í bæði skiptin að mínu áliti þar eigi meira en vatnsmegn Rangár. Þess ber og að gæta, að klappir eru í botni árinnar; geta þær reynzt viðsjárverðar, einkum ókunnugum, enda hefur það komið fyrir, að kvennfólk hefur fallið af baki í ánni, þótt eigi hafi slys orðið að, vegna þess, að áin er fremur straumlítil, enda mundi hún með öllu óreið vera, ef hún væri straumhörð. En versti gallinn er þó sá, sem jeg hef einnig bent á áður, að áin stýflast opt upp að vetrarlagi án þess að leggja; kemur það til af því, að viðáttur miklar eru á báðar hliðar, Rangárvellir að austan, en Holtin að vestan, og þegar jörð er snjóuð og skafrenning gjörir, skefur snjórinn í ána. svo að hún stýflast án þess að leggja, þar vatnið í henni er bergvatn. Getur þetta orðið mikil hepting á ferðum manna og einkar bagaleg, t. d. ef lækni þarf að sækja; verða menn þá opt að gjöra á sig langan krók til þess að komast yfir hana.

Það er eiginlega að kenna óhappalegri slysni sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, að á þessi er eigi brúuð fyrir löngu. Þegar akbraut var lögð yfir Holtin á árunum 1898—99, var ákveðið fyrst að leggja hana austur til Rauðalækjar, austarlega í miðjum Holtum. Að hún var eigi ákveðin og lögð lengra, stafaði af því, að brúarstæðið á Ytri-Rangá var þá enn órannsakað. Tilætlunin var auðvitað sú, að láta rannsaka brúarstæðið á ánni fyrst og leggja síðan veginn áfram þangað, og þá hefði brúin að sjálfsögðu jafnframt komið þar sem vegurinn lá að. En þá tók sýslunefndin í Rangárvallasýslu strax og of snemma þá óhappalegu rögg á sig, að leggja veginn frá Rauðalæk að Ægisíðu á kostnað sýslunnar. Af því stafar þessi dráttur með brúna. Hefur sýslan nú alllengi orðið að súpa seyðið af þessari fljótfærni sýslunefndarinnar. Og það sýnist nú svo, sem vjer sýslubúar og aðrir, er yfir á þessa þurfa að sækja, höfum nógu lengi goldið þessara aðfara sýslunefndarinnar, og að tími sje kominn til að losa okkur við afleiðingarnar. Jeg þykist því viss um, að hver þingmaður, sem annars vill láta leggja fram fje til brúargjörða, sje meðmæltur þessari brú. Jeg skal geta þess, að fyrverandi verkfræðingur landsins. Sigurður Thóroddsen. gjörði áætlun um, hve mikið brú mundi kosta á ána; var sú áætlun athuguð af núverandi landsverkfræðingi, Jóni Þorlákssyni, og gjörði hann engar athugasemd-

ir við hana, en taldi hagkvæmara, að setja brúna nokkru neðar, og mundi hún þar að eins lítið eitt dýrari verða, og í samræmi við það er farið fram á allt að 35 þús. kr. til brúargjörðarinnar í stað þess að Sigurður Thoroddsen áætlaði brúna 32 þús. kr.

Skal jeg ekki svo fara fleiri orðum um þetta, enda veit jeg, að þess gjörist ekki þörf.

Þegar hjer var komið, kom fram ósk frá þessum þingmönnum um, að umræðunum yrði hætt: Jóni Jónssyni, Birni Kristjánssyni, Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Skgf., Einari Þórðarsyni, Magnúsi Kristjánssyni, Hannesi Þorsteinssyni, Ólafi Thorlacius, Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf., Birni Bjarnarsyni, Guðmundi Björnssyni, Ólafi Ólafssyni, og var það samþ. með öllum þorra atkv.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 58).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 419).

Sigurður Jensson (þm. Barð.): Mjer finnst undarlegt, ef þetta frumv. og þau, sem fara hjer á eptir, fara umræðulaust í gegn um þessa hv. deild. Hjer er að ræða um brýr á 3 ár og verður sá kostnaður, sem því er samfara, um 100 þús. krónur, og er það allmikið fje. Eptir því, sem lagafrv. hljóða, eiga 2 brýrnar að koma strax, en ein á að bíða. Jeg hef heyrt, að þessi viðbót »þegar fje er veitt til þess á fjárlögunum«, hafi átt að standa við þau öll, en nú stendur það að eins við Hjeraðsvatnabrúna. En til hvers eru þá þessi lög? Mjer finnst mjög óheppilegt, að vera að samþykkja þessar brúargjörðir, sem ekki er veitt fje til, og binda þar með eptirkomandi þing; það getur vel verið, að þau hafi allt aðra skoðun á málunum, og þá sje annað fyrir, sem enn brýnni þörf er á. Jeg held, að þessar brúargjörðir sjeu ekki nægilega undirbúnar og leyfi mjer því að stinga upp á því, að nefnd sje kosin í þetta mál, að loknum umr.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.); Jeg get ekki fallizt á það, að nefnd sje kosin í þetta mál sökum þess, að menn hafa svo mikið að gjöra, að eigi má taka til þess úrræðis, nema brýn nauðsyn sje á. Jeg er samdóma háttv. þm. Barðstr. (S. J.) um það, að eigi verður öðruvísi skilið, en að eigi að brúa strax Ytri-Rangá og Fnjóská sökum þess, að fyrirvarinn er að eins við Hjeraðsvötnin.

Jeg veit ekki til, að neinar ákveðnar áætlanir liggi fyrir þinginu um brúargjörðir þessar, og álít því bezt að láta bíða að ákveða, að brýrnar skuli byggjast strax. Jeg hef því komið fram með breyt.till., sem jeg hef afhent á skrifstofunni, sem fer fram á að bæta þessum fyrirvara við allar brýrnar. Það getur eigi verið önnur meining í því, að þingið samþykki slík frumv., en að það er yfirlýsing þessa þings, að það áliti, að þetta sjeu þær samgöngubætur, sem eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir öðru.

Brýr eru að mínu áliti beztu samgöngubætur á landi, sem unnt er að fá, og væri óskandi, að við gætum fengið sem flestar ár og torfærur brúaðar á landi voru.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfj.): Jeg verð að þessu sinni að greiða atkv. á móti þessu frumv. Eins og nú er á-

statt með fjárhag landsins, er nauðsynlegt, að fara varlega í fjárveitingarnar, sem mega dragast. Því á þessu fjárhagstímabili verða að öllum líkindum lagðar þær álögur á landssjóð, að aldrei hafa slíkar áður verið.

Þótt nauðsynlegt sje, að brúa sem flestar ár, þá verður þingið þó að heimta, að slík frumv., sem hjer er um að ræða, sje ekki kastað alveg undirbúningslaust inn á þingið; hvað þessa brú snertir, sem hjer er farið fram á að byggja, þá vantar alveg áætlun um, hvað brúin muni kosta, og mjer er sagt, að brúarstæðið sje enn ekki ákveðið, og mun svo einnig vera með hinar tvær brýrnar, sem nú eru á dagskránni, eða að minnsta kosti með aðra þeirra; að þessu athuguðu og því, hvernig fjárhagnum nú er varið, verð jeg að telja rjettast, að fella öll þessi brúarfrumv. að þessu sinni.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Háttv. 2. kgk. (E. B.) gat um það í ræðu sinni, að hann ætlaði að koma fram með breyt.till., um að setja sama ákvæðið inn í frumv. um Ytri-Rangá og Fnjóská, eins og í frumv. um Hjeraðsvötnin. Ef nú þingið samþykkir það, hvaða þýðingu hafa þá þessi frumvörp? Hafa þau þá ekki þá þýðingu, að þingið gefur fyrirheiti um, að byggja þessar brýr? Og er þingið þá ekki skuldbundið til að veita fje, til þess að byggja þær? Mjer sýnist, að þetta loforð hafi alveg sömu þýðingu, eins og ef þingið nú ályktar að byggja allar þessar brýr, og því þurfi málið strax athugunar við. Það þarf þá nú þegar að íhuga, hvað þetta muni kosta. Á svo að byggja allar brýrnar í einu, eða hver á að byggjast fyrst? Þetta og margt fleira þarf að athuga, og það er ekki unnt, að gjöra öðruvísi en í nefnd,

Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) spurði, hvort það ætti að vera milliþinganefnd, sem jeg ætti við, og átti það víst að vera fyndni hjá þm., því að hann álítur, að jeg muni stinga upp á nefnd í því skyni að svæfa málin, en það er ekki tilætlun mín. Jeg held fast við uppástungu mína um nefndarkosningu, til þess að íhuga þessi brúarmál,

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.) Jeg er alveg samdóma háttv. þm. Barðstr. (S. J.) um það, að það mætti bíða með að gjöra þessi brúarfrumv. að lögum, þangað til fje yrði veitt til brúnna á fjárlögunum. Á Hjeraðsvötnum er dragferja, svo þau mættu víst bíða. Háttv. þm. Ísfjk. (Sig. S.) gat þess, að áætlanir um kostnaðinn við brúargjörðirnar vantaði; þetta er alveg satt; það hefur raunar verið áætlaður kostnaður við brú á Ytri-Rangá, en á allt öðrum stað, en ætlazt er til að hún verði sett. Jeg er í engum vafa um það, að brú á Fnjóská verður dýrari en frumv. gjörir ráð fyrir, 35 þús kr.; það er víst ekki einu sinni fundið ennþá neitt hentugt brúarstæði.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.). Jeg álít rjett, að fella þetta frumv. nú þegar, eins og háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) stakk upp á. Að vísu stend jeg undir breyt.till., sem háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) gat um, en það þarf alls ekki að binda atkv. mitt; breyt.till. undirskrifaði jeg aðeins til vara, ef háttv. deild fjellist á frumv. Jeg fyrir mitt leyti álít þetta hættulega aðferð, sem höfð hefur verið við þessi brúarfrumv.; einstakir menn fá að smeigja hjer inn frumv., sem geta haft í för með sjer stór útgjöld fyrir landssjóð, án þess að málið hafi verið rannsakað til nokkurra muna nje áreiðanleg kostnaðaráætlun liggi fyrir þinginu; því verður þá ekki neitað, að svona lög, verði frumv. að lögum, binda að nokkru

leyti eptirfarandi þing; en það er alls ekki víst, að við verðum á næsta þingi eða þingum; það getur komið ýmislegt það fyrir, að fáir af þeim, rem nú eru hjer, verði á síðari þingum; eins og háttv. þm. Barðst. (S. J.) tók fram, væri það nokkurskonar fyrirheit, sem þingið gæfi, ef frumv. þessi yrðu samþ. Hinsvegar er enganveginn víst, að síðari þing hefðu sömu skoðun; það er ekki einu sinni víst, að þessar brýr yrðu álitnar þær nauðsynlegustu; það gæti vel komið upp úr dúrnum, að það reyndist ekki svo, heldur væru það allt aðrar brýr, sem álita yrði rjett að gengju fyrir þeim. Jeg var beðinn af kjósendum mínum, að útvega svolítinn styrk, c. 300—400 kr., til brúar, en jeg hef ekki komið fram með neina beiðni í þá átt, og gjöri það heldur ekki, vegna þess, að jeg álít, að menn á þessu þingi eigi að líta meir á hag landssjóðsins og hin þýðingarmeiri þjóðmál, en svona þýðingarlitlar fjárkröfur. Bæði er nú það, að mjer finnst alls ekki rjett, að einstakir menn, hvort þingmenn eða aðrir, sjeu að smeigja inn fjárveitingarfrumv., og svo þykir mjer það of lítilfjörlegt og smásmuglegt fyrir kjördæmi mitt, að vera að berjast fyrir þessháttar bitlingum, og að endingu get jeg ekki búist við því, að þingið sinnti beiðni minni, því að hingað til hefur kjördæmi mitt ekki átt svo hátt undir höfði hjá þinginu í þessu tilliti; það hefur hingað til orðið út undan að því, er samgöngubætur snertir, og býst jeg við, að svo yrði enn þá, þó að jeg bæði um eitthvað.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Árið 1902 voru samin lög um brú á vatnsfalli. sem ekki er einu sinni á hreppavegi; án þess að nokkur hefði hugmynd um, hvað brúin mundi kosta; svo voru veittar 50 þúsundir kr. til byggingarinnar á síðasta þingi, en sú áætlun hefur reynzt mikils til of lág; að því að mjer er sagt, kostaði brúin miklu meira og það kom greinilega fram, að þingið hafði ekki athugað málið nógu vandlega; en það þóttist bundið við þessi áður samþ. lög, sem ekkert tiltóku, hvað brúin ætti að kosta, og veitti það fje, er þá þótti þurfa.

Þetta er ljóst dæmi upp á það, hve óvarlegt það er af þinginu, að semja lög svona út í bláinn um kostnaðarsöm mannvirki.

ATKVGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 8 : 2 atkv.

V. Brúargjörð á Hjeraðsvötn.

Á 16. fundi Ed., fimmtudaginn 10. júlí, kom frumv. til laga um brúargjörð á Hjeraðsvötn (A 105) til 1. umr.

Flutningsmaður Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Mál það, sem um er að ræða í þessu frumv., er ekki ókunnugur gestur hjer á þinginu, því 1903 var það hjer til meðferðar. Og að það fjekk þá ekki fram að ganga, var ekki af því, að það væri álitið ónauðsynlegt, heldur aðallega af fjárhagslegum ástæðum.

Háttv. þm. mun flestum kunnugt um það, annaðhvort af eigin reynd eða annara sögusögn, að Hjeraðsvötnin eru eitt af stærstu og vatnsmestu

vatnsföllum landsins og falla um þjettbyggt hjerað, og að yfir þau liggur fjölfarinn þjóðvegur og aðalpóstleið. Á þessu vatnsfalli er ekkert fast og tryggilegt vað, að heita má, þó það sje víða riðið, þegar ekki er vöxtur í því. Vöðin eru allt af að breytast, svo að þar sem gott er að fara yfir Vötnin, áður en vöxtur kom í þau, er kannske kominn ófær strengur, eptir að þau uxu í næsta skipti. Þessvegna er næstum frágangssök fyrir ókunnuga að fara yfir þau fylgdarlaust.

Til skamms tíma hafa vötnin líka verið mjög hættuleg lífi manna, og menn hafa um eitt skeið drukknað í þeim nálega á hverju ári fleiri eða færri. Nú á seinni árum hafa þó færri farizt, því menn eru farnir að fara gætilegar, og bæta dragferjurnar mikið úr skák. En þó er sá galli á þeim, að á vorin, þegar ísrek er í Vötnunum, og á haustin, þegar krapaför eru í þeim, verður þeim ekki við komið, og er það mjög bagalegt, því þá er opt mest umferðin yfir þau.

Jeg vona, að háttv. deild taki vel þessu máli, og af því nefnd hefur verið skipuð til að íhuga brúarmálin, leyfi jeg mjer að leggja það til, að þessu máli verði vísað til hennar og það fái að ganga til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Málinu vísað til nefndarinnar, sem hefur til íhugunar frumv. til laga um brúargjörð á Ytri-Rangá, í e. hlj.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 105, 296).

Framsögumaður Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Það er nokkuð annað að segja um þetta frumv., en um hin næstu 2 á undan, því hjer leggur nefndin til, að brúargjörðinni verði frestað, og gjörði grein fyrir því. Það er ekki af því, að nefndin áliti ekki þörf á brú þessari, sem hjer um að ræða, heldur af því að nefndin lítur svo á, sem landssjóður sje ekki fær um að taka á sig allar þessar 3 brúargjörðir í einu á næsta fjárhagstímabili. Og þar sem einhverri þeirri verður að fresta, álítur nefndin, að gjörlegast sje, að láta þessa brú bíða, einkanlega af því, að talsverð bót er að því, að brú er yfir aðra kvísl Vatnanna fram við sjó, og svifferja yfir hina, og auk þess einnig svifferja á þeim stað, sem farið er fram á að þau verði brúuð. En það er skoðun nefndarinnar og líka tekið fram í nefndarálitinu, að sjálfsagt sje að brú þessari verði komið á innan skamms. Það er alls ekki svo að skilja, að mig eða okkur nefndarmenn langi til þess, að greiða atkv. á móti frumv. þessu. En við sáum það eigi fært, að lagt yrði fram fje til allra þeirra 3 brúargjörða, og þá varð einhver, sem helzt sýndist mega bíða, að sitja á hakanum. En til þess að hvorki jeg eður aðrir þurfum að greiða atkv. á móti brú þessari, sem vjer í raun og veru teljum nauðsynlega, vildi jeg helzt fyrir mitt leiti mælast til, að frumv. yrði tekið aptur af flutningsmönnum þess.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Mjer dettur ekki í hug að greiða atkv. á móti neinni af þessum brúargjörðum, hvorki þessari nje hinum, en jeg vildi skjóta því til háttv. nefndar, hvort ekki mundi heppilegt, að bæta inn í frumv. við 3. umr. því ákvæði, að framkvæmdin á brúargjörðunum skyldi þá fyrst fara fram, þegar fje væri veitt til þeirra á fjárlögunum. Ef stjórnin álítur, að svo mikið fje sje fyrir hendi sem stendur, að tært sje að sinna öllum þessum brúargjörðum

nú, þá er auðvitað ekki þörf á þessu ákvæði.

Ráðherrann: Háttv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.) tók einmitt á kýlinu. Jeg á eins og hann bágt með að vera á móti brúargjörðum, en þó get jeg ekki annað en getið þess, að það er ekki fje fyrir hendi á þessu fjárhagstímabili, sem í hönd fer, til þessara brúargjörða. Mjer væri því kærast, að bæði í þetta frumv. og tvö þau, er síðast voru samþykkt, væri sett ákvæði um, að framkvæmd biði, þangað til fje yrði veitt á fjárlögum til brúargjörðanna; er hætt við, að ella verði litið svo á af sumum, að drátturinn sje framkvæmdarleysi einu að kenna.

Ólafur Briem (1. þm. Skgf.): Það gæti ef til vill litið svo út í fljótu bragði, að niðurstaða nefndarinnar, að leggja til að samþ. brú á Ytri Rangá og Fnjóská, en fella frumv. um brú á Hjeraðsvötnum, stæði í sambandi við það, að í nefndirnar voru kosnir flm. tveggja hinna fyrnefndu brúa, en það er fjarri mjer að setja þetta í nokkurt samband, því jeg er viss um, að nefndin hefur tekið tillit til þess eins, sem hún hefur álitið rjett og haganlegt.

Þær ástæður, sem nefndin færir á móti því, að Hjeraðsvatnabrúin verði gjörð á næsta fjárhagstímabili, eru einkum tvær. Hin fyrri er sú, að fjárhagur landssjóðs risi ekki undir öllum þessum þrem brúargjörðum í einu; þessari ástæðu er jeg fullkomlega samþykkur, en úr þessu má bæta með því að setja inn í frumv. athugasemd í þá átt, sem háttv. þm. V.-Sk. kom fram með, að lögin kæmu þá fyrst til framkvæmda, þegar fje væri veitt til brúarinnar í fjárlögum.

Önnur mótbára nefndarinnar lýtur að því, að svifferjurnar á Hjeraðsvötnum greiði mönnum veg yfir vötnin, en þar við er athugandi, að ferjurnar er ekki hægt að nota haust og vor, þegar mest er umferð og vötnin verst yfirferðar, og brú kæmi að beztum notum.

Tillaga um þessa brúargjörð hefur tvisvar áður komið fyrir þingið og á þinginu 1903 var svo kveðið að orði í áliti samgöngumálanefndarinnar, sem hafði málið til meðferðar: »Hins vegar telur nefndin ekki ólíklegt, að þessi brú verði látin standa framarlega«, og framsm. nefndarinnar háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) árjettaði þetta með því að segja, að hann byggist við, að þessi brú yrði hin fyrsta, eða með þeim fyrstu, sem reistar yrðu.

Samkvæmt þessum yfirlýsingum sýnist svo, að Hjeraðsvatnabrúin ætti að sitja í fyrirrúmi, en samt sem áður álít jeg ekki við eiga, að hjeruð fari í neinn matning sín á milli út af brúargjörðunum og því líku, heldur verði einstök hjeruð að sætta sig við að sitja á hakanum, meðan þau njóta fullrar sanngirni á móts við önnur hjeruð. Jeg gæti því fallizt á það, sem hattv. þm. Rangv. fór fram á, að frumv. yrði tekið aptur í þetta sinn, í þeirri vissu von, að það fengi greiðan framgang aptur síðar, þegar betur stæði á, en jeg kann fullt eins vel við, að frumv. yrði samþykkt nú með því skilyrði, sem háttv. þm. V.-Sk. benti á, og álít jafnvel, að það yrði heppilegra.

Viðvíkjandi brúm þessum er það að athuga, að ekki er til neins að setja á ár þessar öðruvísi brýr en járnbrýr, en þær hafa hingað til reynzt nokkuð dýrar. En nú vill svo til, að hjer í bænum er mikilsmetinn borgari, sem hefur á boðstólum ýms ný verkfæri og áhöld, sem hafa komið að góðum notum. Hann hefur auglýst til sölu stálbrýr frá Ameríku, og eptir því, sem hann lýsir þeim, þá ættu

þær að vera ódýrari en þær járnbrýr, sem menn hafa átt kost á að undanförnu. Þessu máli var hreyft á þingmálafundi í Skagafirði, af því að þar hafa áður verið gjörðar allmargar timburbrýr, en ekki gefizt vel, það þótti því þýðingarmikið að fá vissu fyrir, hvernig þessar amerísku brýr gæfust. En af því það væri ókleift fyrir einstök hjeruð, þá sýndist mjer, að landsstjórnin ætti að grenslast eptir þessu, og ef henni þættu brýrnar hagfelldar, þá gjöra tilraun með þær.

Þjetur Jónsson (þm. S.-Þing.). Mjer þótti vænt um, að háttv. þm. Skagf. (Ól. Br.) áleit það ekki hlutdrægni, að við nefndarmenn lögðum sjerstaklega með okkar brúm; en þó lá það beint við að skilja framkomu okkar þannig. Jeg skal nú leyfa mjer að skýra frá því, — jeg held að háttv. framsm. hafi ekki getið þess —, að það var nefndinni næst skapi, að semja eitt frumv. í stað þessara þriggja, sem heimilaði stjórninni að veita fje til tveggja brúa á fjárhagstimabilinu, þar sem henni þætti þörfin mest. Það var byggt á þeirri hugsun, að varið væri 50—80 þús. kr. á hverju fjárhagstimabili til brúargjörða, þangað til allar verstu torfærurnar væru yfirunnar á þjóðvegum, að svo miklu leyti sem vatnsföll eru brútæk með skaplegu móti. Mjer þætti vænt um, ef þessi hugsun kæmist í framkvæmd. Þess væri óskandi, að aldrei yrði metingur um brúargjörðir, heldur rjeði ætíð brýnasta þörfin í sambandi við það, hvar hægast væri að brúa.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) skaut því fram, að um þessi atriði gæti enginn betur dæmt en hjeraðsbúar sjálfir; það er að nokkru leyti rjett. En þó dugar ekki að eiga slíkt einungis undir hjeraðsbúum, því þeir þekkja ekki til nema hjá sjálfum sjer, en í þessu máli verður þekkingin að ná langt, og dómarnir að vera óhlutdrægir. Jeg játa fúslega, að Fnjóskárbrúin var mjer kunnugust, og ljósast gagnið af henni, og jeg held, að jeg hafi breytt rjett og hlutdrægnislaust, með því að fylgja henni fram.

Og þegar nefndin athugaði betur þetta eina frumv. í stað þeirra þriggja, sem fram hafa komið, þá leit hún svo á, að þetta gæti orðið stjórninni fullmikill vandi, svo nefndin hætti við það. En jeg mundi fella mig vel við, að samþ. fyrirliggjandi frumv. líka með viðaukatill. háttv. þm. V.-Skf. (Guðl.G.).

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg vildi leyfa mjer að óska upplýsinga hjá hinni hv. deild viðvíkjandi því, hvaða skilning deildin leggi í till. hv. þm. V.-Sk. (Guðl. G.).

Það er tillaga um að samþykkja lög um brýr, en að þær komi fyrst til framkvæmdar, þegar fje er veitt til þeirra á fjárlögunum. Þetta verður einmitt sama tilfellið, og átti sjer stað með brúna á Jökulsá í Axarfirði. Á meðan ekki var veitt fje til þessarar brúar á fjárlögunum, kvað ætíð við, að ekki væri mögulegt að veita fje til neinnar brúar, fyr en Jökulsárbrúin væri gjörð. Ef þessi skilningur skyldi komast að, þá verður deildin að vera viss um, að þessar þrjár brýr, sem nú er talað um, eigi að sitja fyrir öðrum brúm. Jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að flesta háttv. þm. bresti kunnugleika til að skera úr, hvar brýr sjeu nauðsynlegastar. Fyrir mitt leyti get jeg sagt, að jeg er allvíða kunnugur, en þó get jeg ekkert um Rangá sagt; um hinar báðar árnar er mjer vel kunnugt. Það er talin sjálfsögð nauðsyn, að verkfræðingur ákveði, hvar brýr eigi að leggja, gjöri áætlanir o. s. frv. Því finnst mjer viðsjárvert að samþykkja lög um 3 stórar brýr, áður en þessi undirbúningur hefur verið gjörður,

jafnvel þó skilyrði háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) sje rjett.

Jeg hef alltaf óskað eptir brúm, sem allra víðast, og er samdóma þeim háttv. þm., sem ekki kunna við að greiða atkv. á móti þeim, því jeg álít þær einhverjar fyrstu og ágætustu samgöngubætur; en jeg vil þó ekki flana að neinum ályktunum, fyr en þingið hefur gjört sjer ljósa grein fyrir, hvar heppilegast, nauðsynlegast og sanngjarnast sje að gjöra brýr í hvert skipti.

Háttv. þm. munu hafa sjeð á lestrarsal alþingis áskorun um, að flutt sje inn á þingið frumv. til laga um brúargjörðir á Fremri-Laxá. Þetta frumv. hefði jeg komið fram með, hefði ekki fyrir mörgum árum verið óskað, að brúarstæðið væri rannsakað og áætlun gjörð um kostnaðinn; en það hefur enn ekki verið gjört nægilega. Raunar gjörði fyrverandi verkfræðingur Sigurður Thoroddsen lauslega áætlun, þegar hann var við Blöndubrúna. En sú áætlun er ekki til fyrir norðan, og var búizt við, að hún lægi á stjórnarskrifstofunni, en svo er ekki. Jeg bjóst því við, að hún hlyti að vera hjá Sigurði Thoroddsen, en nú vill svo óheppilega til, að hann er ekki í bænum í sumar, svo ekki hefur tekizt að ná í áætlunina. Vegna þessara atriða hef jeg ekki flutt frumv.

Jeg álít því rjett, að láta þetta mál bíða, þangað til verkfræðingur hefur athugað allar ár, sem nauðsyn kynni að vera á að brúa hjer á landi. Sömuleiðis álít jeg, að eigi sje rjett, að líta einungis á, hvar mestar torfærur eru, það verður líka að taka tillit til fólksfjölda, kostnaðar o. fl. Jeg álít t. d. heppilegra, að 4 smærri brýr sjeu gjörðar, ef þær kosta til samans ekki meira en ein brú á hin stærri vatnsföll, þótt þar sje um meiri torfæru að ræða, en á hverri einni af hinum smærri ám.

Það er margt í þessu sambandi, sem auðveldlega gæti slegið í baksegl eptir á, ef ekki væri nákvæmlega athugað í byrjun. Jeg verð því að leggja til, að frumv. þessi verði tekin til baka, en þó mjer sje illa við að greiða atkv. á móti þeim, þá mun jeg samt hafa einurð til að segja nei, heldur en að samþ. frumv., og lofa fje til þeirra út í bláinn á ókomnum fjárlögum.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 18 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 atkv.

Á 35. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 105, 406).

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Um daginn, þegar mál þetta var til 2. umr., var þeirri breyt.till. hreyft, sem nú er komin fram, að brúargjörðin á Hjeraðsvötnum komi þá fyrst til framkvæmda, þegar fje sje veitt til þess á fjárlögunum. Með því mun eiga að takna, að Hjeraðsvötn sjeu 3. í röðinni, neðan við Fnjóská og Rangá, en reyndar eru þetta allt heimildarlög fyrir stjórnina. Jeg hygg, að varla sje nokkru fje jafn vel varið úr landssjóði og til brúargjörða, og jeg vona, að þessar brýr, sem nú eru á ferðinni, komist sem fyrst frá, svo að aðrar brýr færist þá upp í röðinni. Í minu kjördæmi er mikil þörf á brú á Grímsá; á sú fellur um miðja byggð fjölmenna, og er langt síðan að hugur kom í menn að brúa hana. Brú yfir hana á þjóðveginum verður ofarlega á dagsskrá, þegar hinar eru frá.

Í sambandi við þessi brúarmál vildi jeg skjóta spurningu til hæstv. ráðh. um það, hvort það stæði til að reyna hjer amerikönsku stálbrýrnar. Jeg sá í vetur, sem leið, teikningar hjá honum af slíkum brúm, með tilgreindu

verði, og þær vöktu hjá mjer vonir um, að við mundum geta fengið ódýrar og þó traustar brýr.

Ráðherrann: Jeg get ekki verið háttv. þm. Borgf. samdóma um skilning hans á orðalagi frumv. Þó stjórninni í frumv. sje veitt heimild til að gjöra brýrnar, þá getur hún ekki gjört ráðstafanir til að byrja á þeim nú, því fyrst við lok fjárhagstímabilsins kemur það í ljós, hvort fje er fyrir hendi. Það er nú raunar alltaf hægt að segja, að fje sje fyrir hendi, þar sem stjórnin hefur heimild til að taka $^1/_2$ milj. kr. lán til landsþarfa. En það verður í lengstu lög að reyna að komast hjá að nota þá lánsheimild, og væri lán tekið, gengi það fyrst og fremst til »búðgetteraðra« eða lögboðinna útgjalda. Ef ákvæðið verður fellt burtu, munu hlutaðeigendur vænta þess, að byrjað verði á verkinu strax, og telja það ódugnað einn og undandrátt, ef beðið er þess, að fje sje fyrir hendi. Jeg gekk líka út frá því, að samskonar athugasemd kæmi við hin 2 frumv., þó hef jeg ekki komið með breyt.till. í þá átt, því jeg geng út frá því vísu, að það atriði komi inn í frumv. í Ed.

Að því er snertir teikningarnar af *amerísku brúnum*, sem *háttv. þm.* gat um, þá hef jeg þar því miður ekki af neinni reynslu að segja. Verkfræðingarnir ljetu uppi það álit, að þær væru ekkert ódýrari eptir járnvikt, en þær brýr frá Danmörku og frá Englandi, er við hingað til höfum fengið, og maður keypti þar að auki köttinn í sekknum, með því að panta þær frá Ameríku, því við höfum ekki eins góð tök á að láta »kontrollera« smíði á brúm, sem þaðan væru pantaðar, eins og í Danmörk eða í öðrum nágrannalöndum.

Það sem er dýrast við brúargjörðirnar eru ekki allt af brýrnar sjálfar, heldur er það flutningurinn á þeim og stöplahleðslan, og verkið að koma þeim á.

Það var meining stjórnarráðsins, að gjöra dálitla tilraun með þessar amerísku brýr, með því að panta eina á Ártúnsá á Kjalarnesi, og verkfræðingur var sendur þangað upp eptir til þess, að gjöra áætlun um kostnaðinn við stöplahleðslu og bygging, en þá kom það í ljós, að svona brú hefði orðið talsvert dýrari upp komin, en svipaðar brýr áður, og var því hætt við þær.

Framsögumaður Eggert Pálsson (þm. Rangv.): Jeg ætla mjer ekki að fjölyrða um mál þetta. En þar sem hæstv. ráðherra tók það fram, að sama ákvæðið, og sett hefur verið við Hjeraðsvatnafrv., hefði einnig átt að gilda um hin tvö brúargjörðarfrv., þá gat nefndin ekki fallizt á það. Þau tvö frumv. gengu líka alveg mótmælalaust í gegn um deildina, en það var að eins við frv. um brúargjörð á Hjeraðsvötnin, að bent var á það, að skjóta mætti inn í þessari athugasemd, að lögin kæmu þá fyrst til framkvæmdar, er fje væri veitt í þessu skyni á fjárlögunum, og inn á það gekk nefndin.

En jeg get samt fyrir mitt leyti sagt það, að mjer er ekkert kappsmál, að þessi athugasemd standi fremur við þetta frumv. en hin.

Ráðherrann: Það fer svo fjarri því, að jeg vilji, að athugasemdin standi af því, að jeg sje mótfallinn brúargjörðunum. Jeg vildi helzt óska, að þær gætu strax komizt á á næsta ári. En eins og fjárlögin líta út nú, þá sje jeg ekki, að fje geti verið fyrir hendi, og þar að auki verður á næsta sumri allur sá mannafli, sem til er til slíkra starfa, upptekinn við vegagjörðir og við lagningu landsímans, og þess vegna eru líkindi til þess, að stjórnin verði

að fara spart bæði með menn og peninga.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Mjer finnst satt að segja vera kominn hálfgjörður ruglingur á þessi brúarmál. Jeg verð að hallast að þeirri skoðun, að það sje mjög erfitt, að hugsa um fjárframlag til margra brúargjörða á næsta fjárhagstímabili. Þó að jeg sje því meðmæltur og þyki vænt um, að ár sjeu brúaðar, þá finnst mjer, að það sje til lítils, að setja lög, sem heimila brúargjörðir, nema fjárhagurinn leyfi, að verkið sje framkvæmt.

Hvað athugasemdina snertir, sem lagt er til að verði sett við þetta frv., þá er jeg því mótfallinn, að þingið nú bindi síðari þing við borð eins og gjört var t. d. með Jökulsárbrúna. Að minnsta kosti verður það þá að vera föst sannfæring háttv. deildar, að einmitt þessar brýr, sem hjer um ræðir, eigi að sjálfsögðu að sitja fyrir öllum öðrum brúm. En mjer finnst, að það sje ekki glögg áætlun um neina af þessum brúm. Yfir brúna á Fnjóská er áætlunin mjög óljós eða rjettara sagt 2 áætlanir, sem ekki falla saman. Um brúna á Rangá er það að segja, að hún átti áður að vera á öðrum stað en nú er farið fram á, svo áætlunin er í raun og veru engin. Áætlunin yfir brúna á Hjeraðsvötnum er einnig talin mjög ónákvæm, og liggur alls eigi fyrir hjer.

Ef lög eru samþykkt um þessar brýr, þá þarf að vera föst sannfæring hjá þinginu fyrir því, að heppilegt og rjettlátt sje, að þessar brýr gangi fyrir brúm á öllum öðrum vatnsföllum hjer á landi, sem nú eru enn óbrúuð.

Jeg álít t. d., að það sje þýðingarmeira að fá brú á Norðurá í Skagafirði, heldur en á Hjeraðsvötnum við Akrahyl. Norðurá er ósjaldan ófær, og þegar ferðamenn koma opt þreyttir og hraktir að ánni, þá er um tvennt að velja, annað hvort að liggja þar á fjöllum uppi lengur eða skemur eða hverfa langa leið til baka.

Yfir Hjeraðsvötn er vanalega hægt að komast vandræðalítið niðri í hjeraðinu, og þá sjaldan út af því kunni að bera, er eigi lítill kostur, að byggðin liggur beggja megin að vötnunum.

Jeg tel einnig efasamt, að rjett sje að láta að jafnaði brýr á hin stærri vatnsföll sitja fyrir brúm á hin smærri vatnsföll, þar sem þó opt eru jafn vondar torfærur; en fjórar til sex slíkar brýr kosta stundum minna en ein brú á hin stærri vatnsföll. Í sambandi við þetta, vil jeg minna á það, hvað árnar á Holtavörðuheiði, eða beggjamegin við hana, eru opt afarillar eða ófærar yfirferðar, þótt vanalega sje einungis um smáár að ræða. Jeg álít það mjög nauðsynlegt, að brúarstæði verði rannsökuð á sem flestum vatnsföllum, og gjörð sje vel nákvæm áætlun yfir kostnaðinn. Eins og nú er, verða flestar brýr mikið dýrari en áætlað var. Slíkt er mjög óviðfelldið og ekki til að hvetja menn til að gefa þessum frumv. atkv. sitt.

Brúin á Lagarfljóti varð t. d. meira en helmingi dýrari en áætlað var, en auðvitað komu óhöpp fyrir. Brúin á Jökulsá mun verða 10—20 þús. kr. fram yfir áætlun, og yfir þær brýr, sem hjer er um að ræða, er áætlunin enn óljósari. Bezt væri, að sami maðurinn skoðaði nauðsynleg brúarstæði yfir allt land og gjörði áætlanir um brýrnar, þá yrði það þó hlutfallslega jafnara og ábyggilegra, en þegar margir búa til áætlanir, máske sinn yfir hverja brú.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Jeg stend nauðugur upp, en jeg get ekki stillt mig um það, því það er svo merkilegt með háttv. 1. þm. Húnv. (H. J.), að ef brú á Hjeraðsvötn er

nefnd, þá stendur hann allt af upp til að mæla á móti henni. Á síðasta þingi mælti hann líka á móti þessu máli; þá voru það aðrar ár, sem endilega þurfti að brúa á undan Hjeraðsvötnt. d. Miklagil. Um daginn vildi hann láta brúá Fremri-Laxá í Húnavatnssýslu, en hana hefur auðvitað enginn lifandi maður heyrt nefnda, nema Húnvetningar. Þetta er smáá, sem rennur úr Svínavatni, vex aldrei að neinum mun og veldur því sjaldan farartálma. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Ætli sje hægt að vaða hana?). Já, svo mun optast vera. Og þó það væri nú ekki, þá getur varla meiri fjarstæðu, en að nefna hana í sambandi við Hjeraðsvötnin, og telja sjálfsagt, að hún gangi fyrir þeim.

Svo hefur verið til ætlazt, að Hjeraðsvötn ætti að brúa á eptir Jökulsá, en nú er búið að brúa hana; en háttv. 1. þm. Húnv. vill þó fyrst láta rannsaka brúargjörð á Hjeraðsvötnum, helzt allar smáár áður en Hjeraðsvötn eru brúuð, því við þá rannsókn býst hann við að það komi í ljós, að ýmsar þeirra ættu að brúast fyr. Hv. þm. talaði mikið um, hve áætlunin um Hjeraðvatnabrúna væri ónákvæm. Hefur háttv. þm. sjeð áætlunina? Jeg efast um það, jeg hef að minnsta kosti ekki sjeð hana. En áætlunin er til og mjög nákvæm eptir dómi þeirra er vit hafa á, *(Hermann Jónasson:* Hún kemur samt ekki í dagsljósið). Því get jeg ekki gjört að; það er verkfræðingunum að kenna, að hún liggur ekki fyrir þinginu. 1903 var hún í Kaupmannahöfn, nú er hún austur við Lagarfljót. Hún fylgir nefnilega Lagarfljótsbrúarskjölunum. Það má vera öðrum ljóst, að það er eitthvað annað en sanngirni, sem ræður orðum og atkv. hins háttv. þm. í þessu máli.

Jeg vil ekki setja mig á móti athugasemdinni, sem nefndin vill setja inn í frumv., en ekki get jeg neitað því, að jeg kann hálf illa við, að hún standi við þetta, frumv. eitt. Með því er þessi brú sett neðst, sem ætti að vera efst á blaði. Mjer finnst ekki rjett, að Skagfirðingar sjeu látnir sitja á hakanum, þeir hafa sannarlega ekki unnið til þess, því að þeir hafa lagt óvenjulega mikil gjöld á sig til þess, að brúa ár í hjeraðinu, miklu meiri en flest, sem jeg þekki til, og margfalt meira en Húnvetningar. Jeg vona, að háttv. deild fari ekki í þetta sinn að vilja háttv. 1. þm. Húnv., en samþ. frumv.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mjer þótti það nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. skyldi búast við sömu athugasemd við öll brúarlagafrumv. Það var mjög eðlilegt, að nefndin setti þessa athugasemd að eins við þetta eina frumv., því að hún ætlaðist til, að bæði Rangá og Fnjóská yrðu brúaðar á næsta fjárhagstímabili, og sá þess vegna enga ástæðu til, að setja þessa athugasemd við þau frumv. En till. nefndarinnar var, að Hjeraðsvötn væru látin bíða í bili, en nefndin sjer samt ekkert á móti því, að þingið gefi skuldbindingu um, að brúa þetta vatnsfall sem fyrst, og að frumv. verði til þess, ef það verður samþ., að Hjeraðsvötnin verði brúuð fyr en önnur vatnsföll, sem þá eru eptir.

Hæstv. ráðherra hefur nýlega greitt atkv. með 90,000 kr. lánveiting til fyrirtækja á Akureyri, og það væri undarlegt, ef örlæti hans næmi staðar við Eyjafjarðará.

Jeg get ekki búizt við, að hæstv. ráðherra vilji leggja neina hindrun fyrir hin fyrri brúarfrumv. óbreytt í háttv. Ed. Jeg legg að vísu ekkert sjerlegt kapp á málið, en óska, að hæstv. ráðh. gjöri ekki neitt málinu til meins í háttv. Ed.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Jeg vil að eins lýsa því yfir, að það er ekkert annað en kunnugleiki og sanngirni, sem hvetur mig til að vera á móti þessu frumv.

Fyrir nokkrum árum var það talið nauðsynlegt, að brúa Norðurá. og það var gjört, en sú brú fauk, en mjer finnst ekki minni ástæða til að brúa hana nú, þó að brúin hafi fokið. Hjá mjer ræður hvorki hlutdrægni eða mótkapp í þessu máli. Það er verið að tala um sömu á, eins og á fyrirfarandi þingum, og jeg hef þær sömu ástæður á móti og ekki breytt skoðun minni, og mjer finnst öll sanngirni mæla með því, að láta t. d. Norðurá sitja fyrir. En þar sem um tvær brýr í sama hjeraði er að ræða; er rangt að bregða mjer um nokkra hlutdrægni sem og heldur engin ástæða er til.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þó að hv. 1. þm. Húnv. (H. J.) notaði sjer í gær, að það átti að skera niður umr., til þess að ausa skömmum og illyrðum yfir mótstöðumenn sína, þá ætla jeg ekki að nota mjer það við hann nú.

Af brúnni, sem fauk af Norðurá er mikið eptir. Þetta á að nota og bæta við efni eptir þörfum. Veit jeg ekki betur, en að nú eigi að setja brúna upp í sumar. En þess skal getið, að feg sje ekki ástæðu til að telja brú á Norðurá, sjerstaklega Skagfirðingum til inntekta. Hún er ekki fremur á vegi Skagfirðinga en allra, sem fara póstleiðina milli Norður- og Suðurlands, auk þess sem áin er uppundir heiði.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 406 samþ. með 13 : 12 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Eggert Pálsson,	Björn Bjarnarson,
Guðm. Björnsson,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Guðl. Guðmundss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Herm. Jónasson,
Magnús Kristjánss.,	Jóh. Ólafsson,
Ólafur Briem,	Jón Jónsson,
Pjetur Jónsson,	Magnús Andrjess.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Ólafsson,
Stef. Stef., þm. Eyf.	Ólafur Thorlacius,
Stef. Stef., þm. Skf.,	Þórh. Bjarnarson.
Tr. Gunnarsson.	

Frumv. þannig breytt samþ. með 21 samhlj. atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 16. ágúst. kom frumv. til 1. umr. (A 420).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 atkv. gegn 2.

VI. Brúargjörð á Fnjóská.

A 16. fundi Nd., fimmtudaginn 20. júlí, kom frumv. til laga um brúargjörð á Fnjóská (A 113) til 1. umr.

Flutningsmaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Eins og mörgum mun kunnugt, er vegurinn frá Akureyri austur um Þingeyjarsýslu einn fjölfarnasti þjóðvegur landsins og mjög notaður bæði af langferðamönnum og hjeraðsbúum.

Eyjafjörður er eitt fjölbyggðasta hjerað landsins, Akureyri er orðinn stór bær, og í Þingeyjarsýsln búa einnig margir menn, svo hjer er engin

vanþörf á góðum vegi, þó að eins sje tekið tillit til hjeraðanna sjálfra, En auk þessa eiga menn úr öllum hjeruðum landsins opt leið um þessi hjeruð, og útlendingar fara mjög opt frá Akureyri til Mývatns og Kelduhverfis.

En á leið þessari eru þó farartálmar og sumir allerfiðir á vissum tímum ársins, þó búið sje að brúa Skjálfandafljót, sem var einn versti þröskuldurinn fyrir nokkrum árum, Sem stendur er Fnjóská versti þröskuldurinn á þessari leið. Sökum vaxtar er hún vanalega ófær nema á ferju næstum allt vorið og langt fram á sumar. Hún er straumhörð mjög og stórgrýtt í botninn, svo hestum er hún versta plága. Jeg verð því að telja hana eina af þeim torfærum á þjóðvegum vorum, sem nauðsyn ber til að brúa sem allra fyrst.

Á haustin er margt fje rekið úr Þingeyjarsýslu til Akureyrar, bæði til kaupmanna og kaupfjelaga. og svo kaupa borgarar bæjarins alltaf meira og meira af þingeysku kjöti til heimanotkunar. Fer fjeð mjög illa á því, að verða hrakið yfir Fnjóská og Eyjafjarðará, máske í kuldum og hríðum, og er það tjón fyrir eigendur en kvöl fyrir fjeð sjálft. Kaupfjelags fje er stundum rekið til Húsavíkur, en þar er ill höfn og erfitt með framskipun, svo opt er ekki um annað að gjöra en reka það til Akureyrar.

Þetta eru aðalásfæðurnar fyrir þessu frumv., og það er sprottið af margra ára tilfinnningu manna fyrir nauðsyn þessarar samgöngubótar.

Það þarf ekki að taka það fram, hvaða gagn landið, en einkum hlutaðeigandi hjerað, hefði af því, að brúin kæmist á, og vona jeg, að menn sjái þýðingu hennar og nauðsyn, svo þeir verði málinu hlynntir.

Jeg ætlast ekki til, að þetta mál sje tekið til sjerstakrar athugunar, en óska þess, að því verði leyft að ganga til 2. umr., og því sje vísað til brúanefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Málinu vísað til brúanefndarinnar í e. hlj.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 113, 296).

Framsögumaður Eggert Pálsson (þm. Rangv.): Jeg hef nú lítið um þetta frumv. að segja, og get látið mjer nægja, að vísa til nefndarálitsins. Þar er tekið fram margt af því sama, sem jeg sagði viðvíkjandi frumv. um Rangárbrúna.

Mig brestur eins og eðlilegt er, kunnugleika til að geta til greint hvernig til hagar á þessum stað, sem hjer ræðir um, en jeg vænti þess, að þeir, sem kunnugri eru, muni gjöra það, ef þess gjörist þörf. En jeg ímynda mjer, að háttv. þingdm. telji einnig þörfina á brú þessari harla brýna, og að frumv. nái því fram að ganga.

ATKVGR.: Breyt.till. (296) að í stað 25 þús. komi 30 þús. samþ. með 16 atkv.

Frumv. með þessari breytingu samþ. með 15 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 383).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 15 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 421).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 8 atkv. gegn 1.

VII. Höfðahverfis læknishjerað.

Á 26. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á lögum frá 13. október 1899, um skipun læknishjeraða á Íslandi (A 173) til 1. umr.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Aðalbreytingin, sem þetta frv. fer fram á, er sú, að aðsetur læknisins í Höfðahverfishjeraði flytjist yfir um fjörðinn. Frumv. er komið fram eptir ósk hjeraðsbúa vestan Eyjafjarðar, og skal jeg tilfæra þær helztu ástæður, sem styðja það.

Í því frv. til læknaskipunarlaga, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1899, var þetta læknisumdæmi nefnt Svarfdælahjerað, og auðsjáanlega ætlazt til, að læknirinn þá sæti vestan fjarðarins, og var það ekki nema eðlilegt, því mikill meiri hluti hjeraðsbúa eru í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. En þetta breyttist í meðferð málsins á þinginu, og var hjeraðið þá kallað Höfðahverfishjerað og læknirinn settur í Grenivík. Þetta hefur vakið óánægju vestan megin fjarðarins, sem von er, því þar búa sem næst tveir þriðju hlutar hjeraðsbúa, en að eins einn þriðji hluti austan fjarðar, og sýnist það því fjarri öllum sanni, að læknirinn sitji í Grenivík.

Þegar læknalögin voru samþykkt, var munurinn á fólkstölunni að vísu ekki eins mikill og hann er nú. Mannfjöldinn fer stöðugt meir vaxandi að vestan en að austan við fjörðinn. Á þessum fáu árum hefur fólkstala aukizt þar um 200, og útlit fyrir, að hún muni vaxa allt af meira þeim megin. Þar eru nú komin upp 3 sjóþorp, með Hrísey talið, og er enginn vafi á því, að þau verða miklum mun stærri og fjölmennari, þegar fram í sækir, svo framarlega sem fiskiveiðar á Eyjafirði eiga nokkra framtíð.

Svarfaðardalur er mjög stór sveit og blómleg. Þar búa um 1,000 manns. Þar er vond lending á víkinni fyrir framan dalinn, svo opt kemur fyrir, að þaðan verður ekki farið á sjó, en aptur á móti góðar lendingar inni á Árskógsströndinni, en þangað er alllangur vegur úr öllum Inn-Svarfaðardal, og þegar þangað er svo komið, þá óvíst, að flutningur fáist, eða sje mögulegur yfir fjörðinn.

Enn er sú ástæða til þess að hafa læknirinn sem næst Svarfaðardal, að holdsveikin er þar svo stöðugur og viðtækur sjúkdómur, að það lítur út fyrir, að hún geti aldrei minnkað þar fyrir alvöru, þótt holdsveikissjúklingar sjeu fluttir þaðan árlega hingað suður. Árinu áður en spítalinn var reistur hjer í Laugarnesi, segir Ehlers holdsveikislæknir, að í Svarfaðardal og á Árskógsströnd sjeu 11 sjúklingar, og enn þá eru þar 5, og er það sannarlega mjög umhugsunarvert og til greina takandi ástand, þegar um bústað læknisins er að ræða.

Nú á síðasta vori voru fluttir að Laugarnesi 2 sjúklingar, sinn úr hvoru þessu byggðarlagi, og einn mjög merkur fjölskyldufaðir í Svarfaðardal er dáinn nú fyrir fáum vikum úr þessum voðalega sjúkdómi, og má því búast við, að þar sjeu fleiri eða færri smittaðir.

Ennfremur er mjer kunnugt um það, að mikil brögð eru að tæringu bæði á Árskógsströnd og í Svarfaðardal; það hefur jafnvel á einstaka heimili kveðið svo rammt að, að vandræði hafa orðið að fá vinnufólk, aðeins vegna þess að það hefur verið svo hrætt við veikina. Það er þessvegna ekki aðeins vegna mannfjöldans, að þessi breyting er nauðsynleg, heldur einnig vegna þessara voða sjúkdóma, sem óvíða eru eins skæðir og einmitt í þessum sveitum.

Á Vesturlandinu eru fleiri og betri lendingar en á Austurlandinu; þar er eiginlega ekki nema ein í nánd við læknissetrið, sem getur kallazt góð lending. Það er þessvegna hægra að leita læknis á Vestur- en Austurlandi.

Enn skal jeg geta þess, að eins og nú er, eru Ólafsfjarðarbúar mjög illa settir hvað læknishjálp snertir; þeir hafa í ýmsum tilfellum engan lækni, og yrðu þeir því þessari breytingu mjög fegnir og er mjög annt um, að hún fáist. Þeirra læknir er í Siglufirði, og verða þeir því annaðhvort að sækja hann yfir mjög vonda fjallvegi, eða yfir opið haf og þó hvorttveggja um langan veg; yrði það mjög mikill munur fyrir þá, að geta vitjað læknis, er sæti í ytri hluta Arnarneshrepps, eins og ætlazt er til með þessu frumvarpi.

Jeg skal nú ekki við 1. umr. málsins fara um þetta fleirum orðum; jeg vona, að háttv. deild taki málinu vel. Hjeraðið verður að öðrum kosti að berjast fyrir því að fá sjerstakan lækni, en jeg hygg, að landssjóður hafi svo margar og þungar byrðar að bera, að menn eigi að forðast það í fremstu lög, enda nokkur læknishjeruð, er standa óveitt ár eptir ár.

Hjer liggur fyrir þinginu frumv. um skiptingu á læknishjeraði og er vel tekið, og hef jeg því fremur ástæðu til að vona, að þetta mál fái góðan byr, þar sem það hefur engan eða mjög smávægilegan kostnað í för með sjer. Jeg vildi helzt óska, að ekki yrði kosin nefnd í málið, vegna þess að svo er áliðið þingtimann, því þá eiga hjeraðsbúar það á hættu, að málið verði ekki útkljáð á þessu þingi.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg bað um orðið, af því að jeg er kunnugur á þessum stöðum, og þm. S.-Þing. er ekki viðstaddur.

Jeg man vel, að þetta mál var vandlega athugað á þingi og mikið rætt. En orsökin til þess, að þessu var þannig fyrir komið, var sú, að austanfjarðar getur vel verið, að ómögulegt sje, að ná í lækni, en að vestanverðu er þó í versta falli hægt að ná í lækni á Akureyri, Jeg skil ekki í öðru, en að þessar ástæður hafi verið á góðum rökum byggðar, og hafi þetta verið rjett þá, þá er það alveg eins rjett nú.

Eptir því, sem mjer skilst, er þessi ósk aðeins komin frá hálfum öðrum hreppi. En breytingin hlyti að verða svo mikil, að hún hefur áhrif á fjögur læknishjeruð, og þar að auki hefur víst málið ekki verið borið undir aðra hjeraðsbúa, en þá, sem óskuðu eptir þessari breytingu. Jeg ætla nú ekki að fara út í einstök atriði málsins, en jeg vil aðeins beina þessari spurningu að háttv. flutnm.: hvaða læknishjálp ætlar hann mönnum í nyrðsta hluta Hálshrepps, ef þessi breyting kemst á? Hún er mjer vitanlega engin, alls engin.

Jeg álít ekki rjett, að taka þessa ósk til greina, og vil því, að frumv. sje fellt strax, en fái það að ganga til 2. umr., vil jeg að sett sje í það 3 manna nefnd.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Mjer kom það ekki á óvart, að heyra mótmæli úr þessari átt, því ef jeg man rjett, þá hefur skoðun þessa háttv. þm. verið mótfallin því, sem hjer er farið fram á, enda gjörði hann ekkert til þess að afstýra því, að svo óheppilega tókst til um læknissetrið, þótt hann væri þm. Eyfirðinga, þegar læknalögin voru samþykkt á þinginu 1899.

Hann segir, að það sje »að eins« $1^1/_2$ hreppur, sem hafi óskað eptir þessari breytingu; það er nú að vísu rjett, en í þeim »að eins« $1^1/_2$ hreppi búa 1,537 manns, eða $^2/_3$ af öllum hjeraðsbúum; og ef rjett væri, þá ættu þessir 1,537 manns mjög mikla sanngirniskröfu til þess að fá sjerstakan lækni, því væri mannfjöldanum jafnað niður á læknishjeruðin, yrði innan við 2,000 manns í hvoru. En þeir biðja ekki um sjerstakan lækni, heldur að eins, að hann sitji vestan Eyjafjarðar, og það getur engin krafa verið sanngjarnari. Og það væri meira að segja hugsunarlaust og kærulaust, að hefjast ekki handa, til þess að fá lækni þar settan, þegar litið er til þeirra voðasjúkdóma, sem jeg í fyrri ræðu minni minntist á að alltaf gangi, sjersfaklega í Svarfaðardal. (*Jón Jónsson:* Bezt auðvitað, að hafa lækni á hverjum bæ). Háttv. þm. Seyðf. (J. J.) spurði mig áðan, hvaða læknishjálp jeg ætlaði Hálshreppingum, en jeg ætla ekki að skýra honum frá því, því jeg vona, að hann sje svo kunnugur, að þess þurfi ekki, vilji hann að eins kynna sjer frumvarpið. (*Jón Jónsson:* Jeg sagði, að hún væri engin). Það er fjarstæða.

Þetta mal hefur verið borið upp fyrir sýslunefnd, og var hún eindregið meðmælt flutningnum. Og það hefur meira að segja líka átt fylgismenn í sýslunefnd Þingeyinga. Það sýnir ljóst, hvað þessi ósk er eðlileg og sjálfsögð, vilji menn að eins líta hlutdrægnislaust á málið.

Jeg skal ekki fara frekar út í þetta nú, en við 2. umr. málsins mun jeg gjöra grein fyrir hinum sjerstöku gr. frumv. Mjer er það að vísu ekkert verulegt kappsmál, að frumv. gangi fram án þess að nefnd sje skipuð til þess að athuga það; en þessi breyting, sem það fer fram á, er ekki svo varasöm, að mjer finnist það nauðsynlegt, og að eins tímans vegna er jeg því heldur mótfallinn.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Jeg verð að játa, að það, sem hjer er farið fram á, hefur við mikil rök að styðjast, en hins vegar finnst mjer, að ýmislegt geti verið við það að athuga. Það er t. d. alveg rjettmæt athugasemd hjá hv. þm. Sfjk. (J. J.) að einn hreppur austanfjarðar mundi eiga mjög langt til læknis. Hjer er enn fremur verið að tala um að flytja embættisbústað, og það getur haft töluverð vandkvæði í för með sjer. Jeg styð þess vegna þá uppástungu, að kosin sje 3 manna nefnd í málið; álít það alveg óhætt tímans vegna. Hún getur sjálfsagt verið búin að ljúka sínum störfum svo fljótt, að málið geti orðið útkljáð á þessu þingi.

Pjetur Jónsson (þm. S.Þing.): Jeg ætla nú ekki að fara að dæma um það, hvað sanngjarnt er eða ósanngjarnt í þessu máli. Jeg þykist ekki vera vel fær um það, þó svo kunni að vera, að fáir af hv. þingdeildarm. sjeu kunnugri en jeg. En jeg álít þessa breytingu varhugaverða, af því málið

hefur engan undirbúning fengið í hjeraðinu, og jeg legg þess vegna á móti því, að hún sje samþykkt; því sje jeg ekki nægilega kunnugur til að geta dæmt um það, geta flestir hv. þingdeildarmenn það enn síður. Jeg hygg, að ef nú á að fara að raska læknaskipuninni, þurfi meiru að r ska um leið en þessu. Mjer þykir því rjettara, að láta málið bíða næsta þings. Nefnd sje jeg ekki að sje til neins að kjósa, því mjer finnst hún ekkert geta gjört, þar sem málið er svo litt undirbúið, Annars skal jeg ekki fjölyrða meira um þetta, en jeg vil að eins leggja það til, að frumv. þetta sje fellt.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 14 atkv.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd með 14 atkv.

Kosningu hlutu:

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.) með 17 atkv. Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk) með 9 atkv. Jón Jónsson (þm. Seyðf.) með 9 atkv.

Í nefndinni var Guðmundur Björnsson kjörinn formaður og Stefán Stefánsson skrifari og framsögumaður.

Á 37. fundi Nd., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 173, 355,379).

Framsögumaður meiri hlutans Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg gjörði grein fyrir því við 1. umr. þessa máls, hverjar væru aðalástæðurnar fyrir þessu frumv. Jeg tók það þá fram, að það væri sanngjörn krafa, að læknirinn í Höfðahverfishjeraði sæti þeim megin fjarðarins, sem tveir þriðju hlutar hjeraðsmanna búa. Auk þessa skýrði jeg þá frá þeim voðasjúkdómi, sem er svo algengur í Svarfaðardal, og taldi hann mikilsvarðandi ástæðu fyrir því, að læknirinn ætti að sitja vestan fjarðar. En þessi hlið málsins er nú nokkuð nánar tekin fram í nefndaráliti okkar meiri hluta nefndarmanna, sem hjer liggur fyrir, og skal jeg því ekki fara frekar út í þá hlið málsins, en snúa mjer að hinum einstöku greinum frumv. Eins og jeg hef tekið fram, er það aðalbreytingin, sem frumv. fer fram á, að læknissetrið sje flutt vestur yfir Eyjafjörð, en þar af leiðir, að hagfelldara virðist að gjöra þá um leið nokkrar smábreytingar, er hjeraðið snerta. Fyrst þá, að sá helmingur Arnarneshrepps, er liggur nú í Akureyrarhjeraði teljist í Arnarneshjeraði, því þegar ætlazt er til, að læknirinn sitji í hreppnum, þá má það virðast óeðlilegt, og enda móti allri venju, að hreppurinn sje ekki allur í hans umdæmi; einnig verður að álíta Akureyrarhjerað svo erfitt og umfangsmikið, þar sem bæði er að stunda stóran spítala, Akureyrarbæ, og hálfan sjöunda hrepp, að ekki sje fjarri sanni, að ljetta þessum hluta Arnarneshrepps af þeim lækni. Að vísu er mjer ekkert kappsmál um þessa breytingu, en sem sagt álít jeg hana hagfellda.

Þá er það breyting sú, sem háttv. minni hluti nefndarinnar hefur sett sig á móti, jafnframt aðaltilgangi frumv., að til Húsavíkurshjeraðs teljist Brettingsstaðasókn; þar er eptir síðasta manntali um 120 manns.

Eins og nú er, á þessi hluti læknishjeraðsins að sækja 5—6 tíma leið til læknis, og sú leið er ekki vel fær nema 5—6 vikna tíma um hásumarið; á vetrum er hún alloptast illfær, og sama er um það að segja vor og haust. Þegar nú litið er til þess, hvað langt er til þessa læknis og í alla staði örðug leið, og á hinn bóginn til þess, að ekki er nema 3 tíma ferð að Húsavík, beint yfir Skjálfandaflóa, þá sýnist það öllu eðlilegra, að

þeir leiti sjer læknis þar. Enda hygg jeg, að það sje víst, að Brettingsstaða sóknarbúar vitji fullt eins opt læknisins á Húsavík, eins og þess, sem umdæmið heyrir undir.

Þá kem jeg að síðustu breytingunni við 29. læknishjerað. Hún byggist á því, að það verður að álítast, að Draflastaðasókn sje betur sett í Reykdælalæknishjeraði, fáist sú aðalbreyting, sem frumv. fer fram á. Allir staðhættir virðast benda til þess, að þetta sje eðlilegra, heldur en að þessi hluti haldi áfram að teljast með hjeraðinu.

Viðvíkjandi flutningi læknisins, þá er svo ráð fyrir gjört, að hann flytjist þvert yfir fjörðinn, og búi eptirleiðis austast í vesturhluta umdæmisins; er þá báðum pörtum gjört nokkurnveginn jafnt undir höfði. Þegar litið er til þess, hve miklu meiri mannfjöldi er í vesturhluta hjeraðsins, t. d. Svarfaðardal, sem hefur hjer um bil 1,000 íbúa, þá er það auðsætt, hve mikla sanngirniskröfu vesturhlutinn hefur til þess, að fá lækninn til sín. Jeg skal um leið leyfa mjer að geta þess, að Svarfdælingar eður vesturhjeraðsbúar hafa að eins þess vegna farið fram á flutning læknishjeraðsins, að þeir vildu bæði skirrast við þann kostnað, sem skipun nýs læknishjeraðs hefur í för með sjer fyrir hið opinbera í framtíðinni, og svo einnig vegna þess, hve austurhjeraðið er fólksfátt, svo vænta mætti mótspyrnu frá þingsins hálfu gegn aðskilnaðinum frá þeirri hlið skoðað; en að sjálfsögðu verður það eini viðunanlegi vegurinn fyrir vesturhlutann, fáist breyting eigi í líka átt og hjer er farið fram á. Jeg skal nú ekki fjölyrða meir um afstöðu hjeraðshlutanna hvors til annars í þessu máli, en leyfa mjer að fara nokkrum orðum um aukagreinina, sem nefndin setur inn í frumv. Eins og jeg gat um við 1. umr., hefur sá læknir, sem verið hefur í Höfðahverfishjeraði, búið í Grenivík og byggt þar allstórt íbúðarhús, og mjög líklegt, að sá nýji læknir, sem nú er veitt hjeraðið, muni setjast að í því, þar sem ekki er um annað hús að gjöra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að þeim fráfarandi lækni sje bættur sá skaði, er hann kann að verða fyrir við flutning læknissetursins, því auðsjáanlega hefur hann byggt á Grenivík í því trausti, að læknissetrið yrði þar áfram. Þessi till. er svo höglega orðuð gagnvart landssjóðnum, þar sem lögð er sú byrði á viðkomandi hjeruð, að verða að svara þeim kostnaði, sem læknisflutningurinn leiðir af sjer fram yfir 1,000 kr., að jeg álít, að þingið geti ekki sett fyrir sig, að landssjóður svari þessum 1,000 kr. í eitt skipti fyrir öll. Þá er líka fengin full trygging fyrir því, að læknissetrið verði ekki flutt nema nauðsyn krýji. Auðvitað kemur þetta alls ekki til mála, ef hjeruðin ekki vilja bæta þennan kostnað við flutninginn, sem fram yfir 1,000 kr. kann að verða. Jeg vona þess vegna, að háttv. deild líti rjettum augum á þessa sanngjörnu bón, og taki vel í málið.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf): Jeg er flutningsm. að breyt.till. á þgskj. 349, þess efnis, að Suðureyrarhreppur í Súgandafirði verði eptirleiðis látinn heyra til Ísafjarðarlæknishjeraði. Það er nú eðlilegt, að spurt sje, hvort þessa gjörist nú þörf, þar eð niðurskipun þessi er að eins 6 ára gömul og í annan stað farið fram á að íþyngja öðru læknishjeraði. En jeg hygg, að menn sjái fljótt, að hjer er um brýna þörf að ræða, ef þeir að eins kynna sjer málið til hlítar. Jeg skal nú benda háttv. þm. á nokkur atriði til skýringar.

Eins og nú er, nær Þingeyrarlæknishjerað yfir 5 hreppa; það virðist því

í fljótu bragði ekki mjög stórt, en þess er að gæta, að í þessum 5 hreppum eru 4 stórir fjallgarðar og þess utan 3 firðir. En nú er sá fjallvegur, sem er á milli Þingeyrar og Suðureyrar, einn langversti fjallvegurinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu; það er Klofningsheiði; þar mun vera ómögulegt að komast með hest yfir, hvorki sumar nje vetur, en verður alltaf að fara gangandi. Eins og er, á Þingeyrarlæknirinn yfir þessar torfærur að sækja til Suðureyrarhrepps; fyrst yfir Dýrafjörð, þá Gemlufjallsheiði, yfir Önundarfjörð, en milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar er þessi umrædda heiði. Þessi vegur er 12 tíma ferð, ef vel gengur, en fyrir getur komið, að menn verða að sitja lengri eða skemmri tíma við Dýrafjörð án þess að komast yfir hann, og sjá allir, að það er ekki þægilegt í lífsnauðsyn. Við höfum raunar til þessa verið svo heppnir, að hafa duglega menn fyrir lækna, sjerstaklega er núverandi læknir á Þingeyri mesti dugnaðarmaður í ferðalögum. Og jeg tek það fram, að þetta er ekkert af hans hvötum gjört, en auðvitað mun hann þessu ekki mótfallinn, af því að hann sjer, hversu nauðsynlegt það er.

Það sem gjörði, að jeg hef ekki fyr komið með tillögu þessa, er það, að það stóð svo á, að einn háttv. lögfræðingur skýrði mjer frá, að ekki væri hægt að gjöra breytingu á læknishjeruðum, á þann hátt, að bæta við þau, nema með samþykki viðkomandi læknis. Hjer þarf því samþykkis hjeraðslæknisins á Ísafirði. En síðan hefur mjer verið sagt, af háttv. 2. þm. Rvk., að læknar yrðu að finna sig í slíku og yrði það því hjer ekki til fyrirstöðu.

Þá kemur til álita, hvort Ísafjarðarlæknishjerað yrði ekki of stórt, ef það fengi þessa viðbót. Þeir hreppar, sem Ísafjarðarlæknirinn þarf að fara í, eru þessir: Eyrarhreppur, Hólshreppur, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi. Í miðjum Eyrarhreppi er kaupstaðurinn, og er í þeim hreppi ekki svo mikið sem árspræna til hinnarunar og má á $^1/_2$ klukkutíma komast hvert í hann sem vera skal. Hólshreppur er nálægt; þar er Bolungarvík, sem er annexía frá Eyrarkirkju. Sömuleiðis mun Súðavíkurkirkja vera annexía frá Eyrarkirkju, og lætur því að líkindum, að það getur ekki verið mjög langt frá; jeg hygg það sje 4 tíma ferð. Eyjan Vigur, þar sem að eins einn bær er, er á Ísafirði, og því jafnan farið sjóveg þangað. Auðvitað mun það vera rúm 2 tíma ferð. Mjer finnst því allt mæla með því, að Suðureyrarhreppur sje lagður til Ísafjarðarhjeraðs. Vitanlega hefur læknirinn á Ísafirði meira að gjöra síðan spítalinn kom, en áður. En jeg get ekki skilið, að það þyrfti að tefja hann um of, þó hann færi nokkrum sinnum á ári til Súgandafjarðar. Það eru til mörg dæmi, sem sanna það, að þetta er nauðsynlegt. Jeg skal einnig geta þess, að jeg held, að það sje áreiðanlegt, að þegjandi samtök sjeu um það meðal lækna á Vesturlandi, að fara aldrei hver í annars hjerað, hvað sem við liggur. Jeg vona því, að þessi tillaga fái góðar undirtektir, og ef einhver skyldi óska, er jeg fús til að gefa nánari upplýsingar.

Ráðherrann: Jeg skal leiða athygli háttv. þingm. að því, að það þarf ekki lög til þess að breyta takmörkum milli læknishjeraða, því í lögum frá 13. okt. 1899 stendur: »Landshöfðingi getur, eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda, gjört breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breytingu

endurgjaldslaust«. Ef því sýslunefndir fara fram á þessar breytingar, þá verða þær teknar til athugunar af stjórnarráðinu. En jeg álít, að í þessu tilfelli sje mjög varúðarvert, að gjöra breytinguna án samþykkis hjeraðslæknisins á Ísafirði, því jeg lít svo á, að Ísafjarðarlæknishjerað yrði svo erfitt, ef Súgandafirði væri bætt við það, að það yrði ekki allra meðfæri, og sjerstaklega vafasamt, hvort slíkt gæti samrýmzt við læknisþörf Ísafjarðarkaupstaðar, sem nú er orðinn allfjölmennur bær. Bolungarvíkin, sem einnig er allt af að verða fjölmennari og fjölmannari, tekur mikla krapta og tíma frá Ísafjarðarlækninum, og vafasamt er, að á þær frátafir frá kaupstaðarsjúklingum sje bætandi.

Jeg játa það, að það er mjög erfitt, að sækja lækni frá Dýrafirði til Súgandafjarðar, en jeg er á þeirri skoðun, að eigi geti verið langt að bíða þangað til læknir kemur í Önundarfjörð. Að minnsta kosti eru Önfirðingar mjög áfram um það, og hafa boðizt til að leggja til fje frá sjálfum sjer á móti því opinbera, þó það hafi enn ekki orðið. Önundarfjörður er allmikið byggðarlag og Flateyri allfjölmennt kauptún með talsverða siglingu, eða svo var það til skamms tíma, og er naumast auðið á slíkum stað að framfylgja ákvæðum sóttvarnarlaga. Og kæmi læknir á Önundarfjörð, þá hefði hann að sjálfsögðu Súgandafjörð.

Framsögumaður minni hlutans Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Jeg tók það fram við 1. umr., að jeg gæti ekki fallizt á frumv. þetta. Síðan hefur nefnd haft málið til meðferðar og umræður staðið um það, en jeg hef eigi breytt skoðun minni að heldur. Og loks hafa umræðurnar í dag ekki dregið fram neina nýja hlið á málinu, svo að jeg þess vegna hafi getað breytt skoðun minni.

Jeg hef getið þess áður og sömuleiðis látið það í ljósi í minnihlutanefndarálitinu, að mjer sýndist málið hafa fengið helzt til lítinn undirbúning, þar sem þó er um breyting á fjórum læknishjeruðum að ræða; jeg hef nefnilega ekki heyrt færða fram skoðun eða álít nema nokkurs hluta eins þeirra. Jeg get ekki fellt mig við, að breytingum þessum sje slegið föstum með lögum, að svo vöxnu máli, því mjer finnst ekki nóg, þó færð sje rök fyrir því, að einhver hluti hjeraðanna hafi hag á breytingunum. Það verður líka að gæta þess, hvort aðrir hlutar hjeraðanna hafa þá ekki jafnmikinn óhag af þeim, og það held jeg að sje, eptir þeim upplýsingum, sem jeg hef fengið, að breytingarnar verði meiri skaði fyrir sum hjeruð, en hagur fyrir önnur.

Jeg veit nú, að því muni verða svarað, að hjer sje um svo mikinn mannfjölda að ræða. En jeg álít, að mannfjöldinn eigi ekki að vera eini mælikvarðinn, sem farið er eptir við breytingu á læknishjeruðum, heldur verður að skipa hjeruðunnm svo niður eptir landsháttum,að engum hluta þeirra sje gjört ómögulegt að ná til læknis.

Háttv. framsm. meiri hlutans (St. St. þm. Eyf.) tók fram, að ein aðalástæðan væri sú, að holdsveiki væri mikil vestanvert við Eyjafjörð. En þó það sje, sem jeg efa ekki, þá munu líka vera mikil brögð að þeirri veiki austanvert fjarðarins og ekki sízt í kringum þar sem læknirinn hefur verið. Og í annan stað held jeg, að holdsveiki sje sú veiki, sem hjeraðslæknar almennt ekki geta mikið átt við.

Jeg gat þess við 1. umr. að mjer væri kunnugt um, hversvegna læknis-

setrið hefði verið sett þar sem það er, en það var vegna þess, að svo miklu munaði á allri aðstöðu. Vestan Eyjafjarðar er mögulegt, að ná til læknis landveg á Akureyri, ef eigi er fært yfir Eyjafjörð. En það má ekki líta einhliða á þetta mál. Það er ekki nóg, að sanna að svo og svo marga menn sje um að gjöra. Raunar er það ekki nema eðlilegt, þó háttv. flutnm. ekki drægi fram þær hliðar, sem kynnu að skyggja á framkvæmd málsins, því honum er þetta áhugamál. Mjer finnst rjett, að taka tillit til álits sumra annara hlutaðeigenda, t. d. hefur læknirinn, sem lengst af hefur verið í þessu hjeraði, gefið ítarlega yfirlýsingu um málið, og finnst mjer ekki rjett, að ganga fram hjá sumu, sem hann segir, Hann kemst t. d. á einum stað svo að orði, að Grenivik sje í miðju hjeraðinu, og verður því ekki neitað, þó Svarfdælir segi, að hún sje á útjaðri þess. Hann segir á öðrum stað, að ekkert vit sje í, að leggja Brettingsstaðasókn til Húsavíkurhjeraðs, því þó það sje satt, að ekki sje meir en 3 tíma ferð á milli yfir fjörðinn, þá er það erfið leið og yfir opið haf.

Enn segir læknirinn, að hann hafi aldrei orðið var við óánægju yfir því, að læknirinn sæti að austanverðu, nema hjá nokkrum mönnum í Svarfaðardal. Jeg skal ekki vefengja það, sem háttv. framsm. hefur sagt um það, að þetta sje almennur vilji þar nyðra, en mjer finnst þó tiltölulega fáir, sem skrifað hafa undir áskorunina.

Sömuleiðis segir læknirinn, að í Grenivíkurhjeraði sjeu ýmsar torfærur, fjöll, ár o. s. frv., og að Eyjafjörður sje minnsta torfæran í því hjeraði.

Fjárhagslega er þetta heldur ekki þýðingarlaust. Þegar verið er að breyta til með læknahjeruðin og færa læknana til, þá verður að gæta að því, að þeir sem einstaklingar bíði ekki fjárhagslegt tjón við skiptin. Látum nú svo vera, að læknirinn, sem yrði fyrir þessu í þetta sinn, stæði sig vel við það, svo það hafi engar illar afleiðingar fyrir hann. En ef þetta verður gjört að reglu, og læknunum þeytt til aptur og fram, eptir því, sem helzt er óskað í það og það skiptið, þá eru allar líkur til, að þeir gjöri miklu minna að því, að búa vel um sig, þar sem þeir eru, og láti undir höfuð leggjast að gjöra þær bœtur, sem þeir annars mundu gjöra, ef þeir ættu von á að hafa frið og gætu notið verka sinna sjálfir.

Einmitt vegna þessa, einmitt af því þessar breytingar geta haft og hljóta að hafa svo slæmar afleiðingar út á við, hvað sem líður einstaklingunum, sem fyrir hrakningunum verða í þann og þann svipinn, ætti ekki að breyta til nema í brýnustu nauðsyn.

Meiri hlutinn ætlast til, að læknir sá, sem hjer á hlut að máli, verði gjörður skaðlaus að skiptunum. Jeg hef enga hugmynd um það, hvort þessar 1,000 kr., sem landssjóður á að greiða, mundu verða nægileg upphæð. En á hinn bóginn efast jeg ekki um, að hjeruðin sæu sóma sinn í því að jafna honum hallann að svo miklu leyti, sem þetta landssjóðsgjald ekki hrekkur. Það er auðvitað ekki stór upphæð fyrir landssjóð, sem hjer er um að ræða; en verði þetta fje veitt í þetta sinn, þá getur það dregið ekki aðeins dilk en dilka á eptir sjer, og það marga og aðgangsharða fyrir landsjóðinn. Jeg vildi aðeins benda háttv. deild á þetta. Það er vel vert, að athuga það, áður en atkvæði verða greidd um málið. En jeg vil jafnframt geta þess, að jeg gjöri þetta ekki að neinu verulegu kappsmáli.

Frá sjónarmiði þeirra, sem óska

eptir þessu, getur það verið lítið mál og vandalaust úr að ráða; en þó þeir þykist hafa nokkurn rjett og hann ef til vill mikinn, til að þetta verði tekið til greina, þá verða þeir líka að líta á rjett annara.

Háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) mælti mjög mikið með breyt.till. sinni á þskj. 379. Eitt af því, sem hann tók fram í ræðu sinni var það, að Klofningsheiði væri einn hæsti fjallvegur landsins. (*Jóhannes Ólafsson:* Á Vesturlandi.) Sú heiði mun þó ekki vera yfir 2,000 fet yfir sjó. Læknirinn á Seyðisfirði, sem þó þarf að gæta spítalans þar í bænum, þarf að fara yfir fjallveg, sem er 3,000 fet yfir sjó, til að vitja sjúklinga í sínu læknishjeraði. Auðvitað er hægt að komast sjóleiðis í þetta pláss, en þetta er eina landleiðin. Víðar á Austfjörðum hagar svipað til, og Austfirðingar voru einmitt að fara fram á það við mig í vor, að jeg flytti till. um breyting á læknahjeruðunum þar. En jeg kvaðst ekki treysta mjer til að flytja það mál, ekki vegna þess, að jeg áliti ekki fulla þörf á því, — jeg þekki það af eigin reynd, að svo er —, heldur vegna þess, að við höfum ekki ráð á því. Það er ekki til neins að vera að fjölga læknahjeruðum, meðan engir læknar eru til að sinna þeim, sem þegar eru til. Jeg sje ekki, að löggjafarvaldið geti forsvarað það gagnvart læknislausu hjeruðunum og þeim útkjálkahjeruðum, sem sízt er sinnt, að bæta við tölu læknisumdæmanna, meðan engin trygging er fyrir því, að þeim verði öllum sinnt. Það er aðeins til þess að gjöra enn ómögulegra að fá lækni í erfiðustu og verst launuðu umdæmin.

Ef till. í þessa átt nái fram að ganga á þessu þingi, þá fer jeg hálft um hálft að sjá eptir því, að jeg varð ekki við tilmælum Austfirðinga. En jeg sje þó ekki ástæðu til að halda lengra í þá átt að fjölga læknahjeruðunum að svo komnu, og mun því hjer halda fram sömu skoðun, og jeg hjelt fram við Austfirðinga.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg hef ekki miklu að bæta við það, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) tók fram. En jeg vil að eins vekja athygli háttv. deildar á því, að það er mjög athugavert, að breyta læknaskipuninni eptir því, sem hjer er farið fram á, nema það sje undirbúið á sama hátt og gjört var, þegar núverandi læknaskipun var gjörð.

Samskonar tillögur, og nú liggja fyrir þinginu og lagðar voru fyrir sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, hafa legið fyrir sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu, og fjellst nefndin ekki á þær. Hún áleit ekki heppilegt eins og stæði, að flytja læknissetrið úr Höfðahverfi og yfir um Eyjafjörð.

Það stingur að vísu í augu, þegar borinn er saman fólksfjöldinn vestan- og austanmegin fjarðarins í þessu umdæmi, svo það gæti freistað manna til að greiða atkvæði með flutningnum. En það er vert að taka það til greina, að einmitt útkjálkarnir, sem óhægast er að koma í samband við nokkurt læknishjerað annað en þetta, þeir standa betur að vígi með það, að sækja læknishjálp til Höfðahverfis, en eru útilokaðir að kalla, ef að flutt er vestur yfir.

Flatey og Flateyjardalur eru mest afskekktir þessara útkjálka. Það er auðvitað hægt að segja, að Flateyingar geti leitað læknis til Húsavíkur, en það er mjög erfitt og opt ómögulegt. Frá Flatey til Húsavíkur er yfir Skjálfandaflóa að sækja hjer um bil 3 mílur vegar.

Flóinn liggur fyrir opnu hafi og er mjög erfiður yfirferðar, því brimasamt er þar mjög, þess vegna er opt alveg ómögulegt að vitja læknis til Húsavíkur, en auðvitað er það annað slagið hægt, þó það sje sjaldan gjört. Væri því mjög óheppilegt fyrir Flateyinga, að geta ekki náð lækni nema austan Skjálfanda, vestan Eyjafjarðar eða inn í Reykjadalsbotni. Þetta þekki jeg vel af því, að jeg er kunnugur á þessu svæði.

Um Grímsey mætti kannske segja, að hún gæti eins notið læknis vestan fjarðarins eins og austan. En af Flateyjardal og úr »Fjörðunum« er aðstaðan mjög lík og í Flatey.

Annars vil jeg sjerstaklega leggja áherzlu á það, að jeg álít mjög óheppilegt, að vera að breyta læknaskipuninni smátt og smátt, því þegar þokað er til á einum stað, þá þykir ástæða til, að gjöra það á öðrum, og þannig gengur það koll af kolli og getur valdið miklum og illum ruglingi, sem erfitt yrði að laga, þegar læknaskipunin í heild sinni yrði endurbætt. Þessar breytingar geta að vísu orðið sumum stöðum til góðs, en svo verða þær öðrum til ills, svo allt jafnar sig.

Það eru líka skiptar skoðanir um hina breytinguna, sem hjer er um að ræða, og er það sönnun fyrir því, að málið sje athugavert.

Jeg ætla svo ekki að fara út í það, að bera saman vilja manna austan og vestan fjarðarins í þessu efni. Það er áreiðanlegt, að hver hlutinn vill hafa lækninn hjá sjer, og er ekki mikið leggjandi upp úr því. Hver lítur á það með sínum augum, frá sínu persónulega sjónarmiði meira og minna.

Málið hefur verið rætt á fundum báðum megin, og óskir þessara funda koma algjörlega í bága hvor við aðra. En jeg geng út frá því, að óskirnar sjeu jafngóðar og rjetthár báðummegin fjarðarins, og fallist því nokkuð í faðma.

Svo ætla jeg ekki að fjölyrða meira um þetta, en vona, að menn skoði huga sinn vel, áður en þeir greiða atkvæði með flutningi læknissetursins, því enginn efi er á því, að margt mælir móti því.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Í tilefni af ummælum hæstv. ráðherra um það, að það þyrfti ekki að semja lög um þessa breytingu á skipun læknisbjeraðanna, sem farið er fram á á þgskj. 379, þar sem stjórnarráðið geti gjört hana eptir tillögum sýslunefndar, þá vil jeg taka það fram, að þar sem Súgandafjörður tilheyrir öðru sýslufjelagi, en sá læknir situr í, sem ætti að hafa það hjerað, þá gæti það orðið erfitt, að fá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu til að samþykkja það, að Suðureyrarhreppur legðist til Ísafjarðarhjeraðs, þar sem sú sýslunefnd mundi aðallega líta svo á, sem það væri að minnka, ef svo mætti að orði komast, sína læknishjálp.

Það er ekki víst, að hjeraðsbúar vildu láta þannig eptir lækni sinn við þennan hrepp, sem þeim fyndist máske enga heimtingu eiga á því. Sýslunefndin í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur látið í ljósi, að hún væri fús á, að samþykkja þessa breytingu, ef Norður-Ísfirðingar vildu aðhyllast hana fyrir sitt leyti, en það mun enn ekki hafa verið reynt.

Hæstv. ráðherra gat þess, að fljótlega mundi koma læknir að Flateyri í Önundarfirði. Það gladdi mig að heyra þau ummæli frá honum, þar sem það mál er mikið áhugamál í viðkomandi hreppum, en það vill svo vel til, að hjer í deildinni liggur fyrir

frv. um að gjöra Bíldudal að læknishjeraði, og hef jeg heyrt sagt, að það muni eiga erfitt uppdráttar.

Jeg er kunnugur staðháttum á báðum þessum stöðum og veit vel, að það er margfalt meiri ástæða til, að gjöra Bíldudal að læknishjeraði en Önundarfjörð, því þar er margfalt fleira fólk, meiri verzlun og sigling, og þar að auki miklu erfiðara að ná til læknis þaðan en af Flateyri. Jeg get því ómögulega búizt við, að Flateyri fái sjerstakan lækni í næstu framtíð, þótt jeg álíti það nauðsyn, einkum ef að þessi breyting, sem hjer liggur fyrir, ekki fæst, því Bíldudalur hlýtur að ganga fyrir.

Það er satt, sem hæstv. ráðherra tók fram, að það var mikil verzlun á Flateyri, og sjerstaklega miklar skipagöngur þangað, meðan hvalveiðin var í blóma; en nú er það allt um garð gengið og verzlun og sigling þar næsta lítil; auðvitað getur það allt í einu tekið breytingum, einkum af því sá staður liggur sjerlega vel við fyrir hvers konar sjávarútveg.

Þá tók hæstv. ráðherra það fram, að erfitt væri fyrir gamla og heilsulitla lækna, að fara yfir fjallveg þann, sem lægi á milli Suðureyrarhrepps og Ísafjarðar, en þar er fyrst þess að gæta, að þar sem Ísafjarðarlæknishjeraði fylgir eptirlaunarjettur, þá er síður ástæða til að ætla, að þar sitji opt eða til langframa mjög hrumir læknar, en aptur gæti maður heldur búizt við því, að slíkt kæmi fyrir í Þingeyrarlæknishjeraði, sem ekki hefur eptirlaunarjett, að læknirinn þar sæti meðan sætt er, hvað sem heilsunni eða starfsþrekinu líði, og í öðru lagi dugar ekki að miða læknisumdæmin við óhrausta lækna, því þjóðin verður að hafa góða og duglega menn í þeirri stöðu að minnsta kosti.

Jeg get því ekki tekið breyt.till. aptur en að því get jeg ekki gjört, þó hún verði felld, en mjer þætti það mjög illt.

Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) gaf máli mínu góð meðmæli, þar sem hann minntist á 3,000 feta háu heiðina við Seyðisfjörð, og er jeg honum þakklátur fyrir það. Jeg hygg, að fjallvegurinn, sem jeg nefndi, sje ekki yfir 1,400 fet, en hann getur verið full illur samt.

Jeg er samþykkur háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, að ekki sje rjett, að láta persónulegar ástæður ráða mestu í þessu eða neinu máli, og menn megi ekki einblína allt of mikið á eigin hag, þegar um slíkt er að ræða.

En jeg vil geta þess, að það er alls enginn hagnaður fyrir mig, að breyt.-till. mín nái fram að ganga, þó jeg sje henni mjög meðmæltur, og óska henni allra heilla hjer í deildinni.

Framsögumaður meiri hlutans Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Það hafa komið fram ýmsar mótbárur í þessu máli, en sumar þeirra eru þannig vaxnar, að ekki þarf að svara þeim með mörgum orðum.

Það fyrsta, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) hafði fram að færa móti þessu máli, var það, að undirbúningurinn væri sára lítill. Undirbúningurinn er sá, að í fyrra sumar skrifuðu um 20 kjósendur úr Svarfaðardal stjórnarráðinu ósk um það, að læknissetrið yrði flutt yfir fjörðinn.

Í vetur var svo aptur skrifað samskonar erindi til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu. Var þar sett nefnd í málið til að athuga það ítarlega, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að þessi ósk væri á góðum og sanngjörnum rökum byggð, svo sjálfsagt væri að

flytja læknissetrið vestur yfir Eyjafjörð.

Þetta sama erindi var ennfremur sent til sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu, og skiptust menn þar í flokka um málið. Er það eptirtektavert og þýðingarmikið, að einmitt þarna — þar sem verið er að tala um að flytja lækninn burt úr sýslunni — fannst sumum þetta svo sanngjarnt, að þeir álitu sjálfsagt að verða við óskum vesturhjeraðsbúa.

Jeg hygg því, að undirbúningurinn sje fullkomlega nógur, og sje ekki, að fleiri sveitarstjórnarvöld hefðu að sjálfsögðu með málið að gjöra heima í hjeraði.

Það hefur verið tekið hjer fram, að aðeins einn hluti hjeraðsbúa hafi óskað eptir þessari breytingu, svo ekki sje rjett að taka það til greina. En þessi hluti, sem óskar eptir breytingunni, er $^2/_3$ af öllum íbúum læknishjeraðsins eða yfir 1,500 manns. Jeg játa það, að það sje eðlilegt, að þeir, sem búa austan fjarðarins, vilji ekki missa lækninn vestur yfir. En sje það bagalegt fyrir þá að hafa hann ekki hjá sjer, þá er það þó þeim mun fremur óþolandi fyrir vesturhlutann, sem hann er svo miklum mun fleiri.

Beri maður saman íbúatölu hjeraðanna, sem lengst eiga að sækja til læknisins, ef hann situr við fjörðinn öðruhvoru megin, þá eru að vestan t. d. í Svarfaðardal 1,000 íbúar, en að austan t. d. í Draflastaða- og Brettingsstaða-sóknum eru einir 300 íbúar, og sjá allir, hvílíkur muuur þetta er.

Fjarðarbúar munu jafnaðarlega vitja læknis á sjó, svo þeim má að mestu á sama standa, hvort þeir lenda austan- eða vestan-megin fjarðarins, því munurinn á vegalengdinni er alveg hverfandi. Það er góð lending á Litlaskógssandi og »þrautalending« engu síður en í Grenivík, og auk þess eru ágætar lendingar þar örskammt frá, bæði utar og innar. Gæti jeg vel nefnt þessar lendingar á nafn, en þess gjörist auðvitað engin þörf.

Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) kvað það mjög varhugavert, ef einstökum hlutum læknishjeraðsins væri misboðið með þessu. Það játa jeg fyllilega. En jeg hygg, að það sje mjög fjarri, að þeim verði í nokkru misboðið með breytingunni. En Flateyingum og Flateyjardalsbúum væri öldungis eins hagfellt, að læknirinn á Húsavík væri skyldugur til að hafa læknishjálp þeirra á hendi, eins og að þurfa að vitja hans upp á von og óvon, sem þeir nú gjöra svo opt og einatt.

Jeg hef nýlega átt tal við merkan mann af Húsavík, sem sagði mjer, að læknisins þar væri opt vitjað úr þessum plássum, og hef jeg eins mikla ástæðu til að trúa orðum hans eins og háttv. þm., sem um þetta mál hafa talað, þar sem hann hlýtur að vera því gagnkunnugur.

Háttv. þm. Sfjk. (J. J.) tók það fram, að fólkinu væri að fjölga í »Fjörðunum«. Ekki mun mikið orð á því gjörandi. Í það minnsta veit jeg aðeins um einn bónda, sem flutti þangað í vor með sitt sifjalið, Ísak Jónsson íshúsvörð; jeg ætla, að þetta sjeu mestu fólksflutningarnir í »Fjörður«. Ætti það ekki að hafa mikla þýðingu til að vekja mótspyrnu í þessu máli.

Sami háttv. þm. tók það fram, að ekki væri ástæða til að taka holdsveikina í Svarfaðardal til greina í þessu sambandi, því holdsveikir menn væru líka til austan fjarðarins. Það vill svo vel til, að jeg hef kynnt mjer þetta hjá holdsveikislækninum, og er hjá honum talinn einn maður með þennan sjúkdóm austan fjarðarins, en 5 að vestan, og er erfitt að leiða getur

að því, hve marga þeir hafa smitað.

Enn fremur gat háttv. sami þm. þess, að ekki væri svo erfitt að ná í lækni á Akureyri fyrir Svarfdæli og aðra vestbyggja. Jeg ætla, að hver maður sjái, hve ósanngjarnt það væri að ætla jafnmiklum fólksfjölda að vitja læknis um svo langan veg. Það gæti verið tiltal um örfáa menn, en að ætla yfir 1,000 manns slíkt, það væri óforsvaranlegt, því engum getur blandazt hugur um það, að því fleira sem fólkið er, þess meiri líkur eru til, að sjúkdómstilfellin verði fleiri.

Háttv. þm. (J. J.) áleit ekki rjett, að ganga fram hjá því, sem læknirinn segði um þetta mál. Það játa jeg auðvitað, en jafnframt vil jeg benda á það, að samkvæmt brjefi frá nær 20 Svarfdælingum, þá víkur áliti læknisins öðruvísi við, en háttv. þm. sýndi fram á.

Með leyfi hæstv. forseta, vil jeg leyfa mjer að lesa upp nokkrar línur af því. Um erfiðleikana segja Svarfdælir:

»Þetta hefur og læknir sá, er nú er, viðurkennt, og iðuglega við oss lýst yfir því, að bæði fyrir hann og þá, sem hans þurfa að nota, hefði það verið miklu heppilegra, að hann hefði setið vestan fjarðar, og með því móti hefði hann getað gjört miklu meira gagn, en nú verður raun á«.

Undir þetta hafa 19 atkvæðamestu menn í Svarfaðardal skrifað nöfn sín. Þetta er nægilegt til sönnunar því, hver afstaða þessara málsparta er hvors til annars. Um samanburð á þessum gagnóliku ummælum skal jeg sem fæst segja, en legg hann óbræddur undir dóm hinna háttv. deildarmenna.

Minnst var á grein þá, sem nefndin leggur til að sje bætt inn í frumv., um skaðabætur. Þessar skaðabætur ættu alls ekki að verða hlutaðeigendum tilfinnanlegar, og jeg er ekki hræddur við, að þær verði þröskuldur í vegi þessa máls; jeg þykist vita, að þeir vilji vinna það til, að bæta skaðann, og það er undir hjeraðsbúum komið. Komi slíkt mál sem þetta síðar fyrir þingið, þá verða málavextir að skera úr, hvernig í það yrði tekið. Þingið ræður, hvað það gjörði þá. En eg tel þinginu óskylt, að gegna öllum óskum, sem fram kunna að koma, þó að það verði við þessari sanngirniskröfu.

Að mér fannst, komu samskonar mótmæli fram frá báðum háttv. andmælendum frumv., þm. S.-Þing. (P. J.) og þm. Sfjk. (J. J.). Jeg skal nú ekker segja um þau góðu skrif, sem háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) kann að hafa fengið um þetta mál heiman að frá kjósendum sínum, því að mjer eru þau skrif ókunn með öllu. En eigi að taka hjer til greina óskir Höfðhverfinga um, að læknissetrið verði áfram hjá þeim, austan Eyjafjarðar, þá fallast þær óskir í faðma við óskir Árskógsstrendinga, sem vilja fá læknissetrið flutt vestur yfir fjörðinn. Því að báðir þessir hlutar læknishjeraðsins liggja með fram Eyjafirði, sinn hvoru megin. En eins og jeg hef áður tekið fram, þá er í þessu falli að bera saman óskir 1,000 íbúa í Svarfaðardal, þar sem mestur fjöldinn er í fjarlægð frá sjó, og rúmlega 300 manns í Hálshreppi; virðist það liggja hverjum manni í augum uppi, að óskir jafn mikils meiri hluta eiga að sitja í fyrirrúmi fyrir því, sem minni hlutinn vill halda fram.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, nema ef frekari mótmæli kynnu fram að koma, en legg það á vald háttv. deildar, og vænti þess, að hún tefji ekki framgang þess.

Af því að svo fáir þm. eru hjer við-

staddir, vildi jeg óska, að hæstv. forseti vildi fresta atkvgr. um sinn.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 397 felld með 9 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Hannes Þorsteinss.,	Hannes Hafstein,
Jóh. Ólafsson,	Jón Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,	Magnús Kristjánss.,
Magnús Andrjess.,	Ólafur Briem,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Ólafsson,
St. Stef., 2. þm. Eyf.	Pjetur Jónsson,
	St. Stef., 2. þm. Skf.,

Allir þeir, sem ekki greiddu atkv., höfðu gengið af fundi um stund.

1. gr. samþ. með 11 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Einar Þórðarson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Hannes Þorsteinss.,	Ólafur Ólafsson,
Jóhannes Ólafsson,	Pjetur Jónsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Skúli Thoroddsen,
Magnús Andrjess.,	
Ólafur Briem,	
St. Stef., þm. Eyf.,	
St. Stef., þm. Skgf.	

Björn Bjarnarson greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

Breyt.till. á þgskj. 355 samþ. með 9 atkv. gegn 6 (ný 2. gr.).

2. gr. (nú orðin 3. gr.) samþ. með 11 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Magnús Kristjánss.,
Jóh. Ólafsson,	Ólafur Ólafsson,
Lárus H. Bjarnas.,	Pjetur Jónsson,
Magnús Andrjesson,	Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	

Málinu vísað til 3. umr. með 11 atkv. gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Eggert Pálsson,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Jón Jónsson,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Pjetur Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Skúli Thoroddsen,
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Andrjess.,	
Ólafur Briem,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	
St. Stef., 2. þm. Skgf.,	

Á 39. fundi Nd., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 429).

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg skal leyfa mjer að benda á fáein atriði við þetta frumv., sem mun ráða atkvæði mínu. Fyrst og fremst er farið fram á breyting á 4 læknishjeruðum, en eptir því, sem mjer er kunnugt, hefur að eins eitt þeirra verið rætt nokkuð í hjeraði. Mjer finnst þetta í ósamræmi við læknaskipunarlögin, þar sem að eins er heimild til að breyta læknishjeruðum eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda. Auðvitað er alþingi heimilt, að ráða þessu máli sem öðrum, en mjer finnst gengið of nærri rjetti hlutaðeigenda, ef alþingi neytti þeirrar heimildar.

Annað er það, að 2. gr. inniheldur mjög einkennilegar álögur á hjeraðsbúa, að þeim fornspurðum, og ekkert er víst, hverju þær nema, það fer allt eptir ákvæði stjórnarinnar; það er

undir hugþótta hennar komið, hvenig hún vill jafna niður. En eitt ákvæðið er þó einkennilegast, nefnilega það, að það er undir hælinn lagt, hvort þessi lög, sem alþingi gæfi út, öðlast nokkurntíma gildi. Það er ekki nóg, að konungur og ráðherra undirskrifi þau, heldur er það á valdi hjeraðsbúa, að nema þau úr gildi, og þess valds neyta þeir sennilega, ef háttv. stjórn hittir ekki naglann rjett á höfuðið, þegar hún jafnar niður álögunum. og gjörir »svo öllum líki«. Mjer finnst því auðsætt, að mál þetta vanti þann undirbúning, sem það má ekki vanta, og álít jeg það tæplega vansalaust af alþingi, að láta það fara svona frá sjer,

Framsögumaður meiri hlutans Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Háttv, þm. hefur fundið hjá sjer köllun til þess að reyna að aptra því, að þetta frumv. geti komizt í gegn um þingið, og er sjálfsagt skylt að virða viðleitnina, vegna þess að auðheyrt var á ræðu hans, að hann vildi hafa allt í góðu og gildu lagi, er frá þinginu kæmi. En mig furðaði á því, að hann skyldi færa það sem ástæðu, að málið hefði ekki verið rætt í hjeruðum. Mjer sýnist það benda á, að hann hafi lítið kynnt sjer málið, og ekki heyrt þær umr., sem fram hafa farið.

Jeg tók það einmitt fram, að málið hefði verið rætt af sýslunefndunum, bæði í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, og skrifað um það til stjórnar af íbúum vesturhjeraðsins. En allt þetta er þessum háttv. þm. hulið, nema að eins að það hafi verið rætt í einni sveit! Þetta er svo mikil fjarstæða, að engin ástæða er að taka það til greina, eða svara því frekar. Það kom skýrt fram, að sá sjálfsagði undirbúningur hefur átt sjer stað, svo það er ekki gott að svara háttv. þm. með öðru en því, að hann viti ekki hvað fram hefur farið í málinu, enda mikið efasamt, hvort þm. veit, hvort hægra sje, að vitja læknis á Húsavík eða Grenivík úr Brettingsstaðasókn, sem óneitanlega skiptir hjer nokkru máli. Jeg hef áður tekið það fram, að læknis mundi eins opt vitjað úr þessu plássi til Húsavíkur sem á Grenivík, þrátt fyrir það þótt hann sje ekki þeirra lögskipaði læknir, og auðvitað veldur þessu í flestum tilfetlum betri aðstaða til Húsavíkur.

Og hvað er eðlilegra, en að mönnum gefist kostur á að vitja þar læknis, sem þeim er hægast. Nú er það 5—6 tíma ferð, að vitja læknis þaðan til Grenivíkur, og optast illfær leið, en á hinn bóginn að eins yfir Skjálfandaflóa að fara til Húsavíkur, og er það 3—4 tíma ferð, svo breytingin er auðsjáanlega til bóta. Jeg álít því, að þegar talað er af svona miklum ókunnugleik, þá sje ekki hægt, fyrir þann hinn sama, að bera um þau eðlilegu og sjálfsögðu skilyrði málsins.

Þá talaði þm. um »álögur«. En þegar það er skýrt tekið fram í frv., að þessi breyting komi ekki til framkvæmda, fyr en sveitarstjórnarvöld hafa gengizt undir að taka á sig kostnaðinn, það sem er fram yfir 1,000 kr., þá verður erfiðara að skilja, hvers vegna hann hefur hreyft þessu, málinu til hindrunar. Með öðrum orðum: ef hjeruðin ekki vilja breytinguna, þá kemur hún ekki til greina, og þá sje jeg ekki að neinu sje spillt. Jeg minnist þess ekki, að þm. tæki fram fleiri atriði í málinu, og skal því ekki vera fjölorðari að sinni.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg hef aldrei neitað því, að þetta frumv. kynni að vera til einhverra bóta. Mig brestur þekkingu á þessum stöðum til þess að geta dæmt um það, og þessvegna kemur mjer ekki til hugar að neita því. En jeg hef borið

á móti því, að málið hafi fengið þann undirbúning, sem geti rjettlætt það, að gjöra frumv. að lögum.

Hv. flutnm. (St. St. 2. þm. Eyf.) sagði, að málið hefði verið borið undir sýslunefndir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum. En hann gleymdi að geta þess, að önnur sýslunefndin hefur tjáð sig mótfallna málinu, og að það hefur aldrei verið borið undir þær í því formi, sem það nú hefur, ekki verið búizt við, að breytingin hefði útgjöld fyrir hjeraðsbúa í för með sjer. Það þarf ekki annað en lesa 2. gr. frumv. til að sjá, að það er eitthvað bogið við þetta mál.

Ef málið hefði verið eins vel undirbúið, og þörf var á, þá hefði ekki þurft að tala þar um þessar skaðabætur, sízt eins óákveðið.

Jeg álít því, að þingið ætti að vísa þessu frumv. algjörlega frá sjer og senda það aptur heim í hjeruðin til nánari athugunar og frekari undirbúnings.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Það er töluvert búið að hugsa og tala um þetta mál; og þó það sje kannske ekki svo vel undirbúið, sem skyldi, þá hefur það þó fengið betri undirbúning, en háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) hjelt fram.

Það er langt síðan Svarfdælir óskuðu eptir því, að fá lækninn fluttan til sín, og þeir hafa alltaf verið að fara þess á leit, þó ekki hafi fyr kveðið eins mikið að því og nú.

Optar en einu sinni hefur þetta mál verið lagt fyrir sýslunefnd Þingeyjarsýslu, og jeg get ekki neitað því, að jeg hef álitið Svarfdæli hafa mikið til síns máls. Jeg fæ ekki betur sjeð, en að þessi breyting sje í samræmi við það, sem ráðið hefur læknasetrum landsins, því vaualegast eru þau sett í kauptún eða þjettbyggðustu sveitina, en alls ekki miðað við það, hvort þau sjeu í miðju hjeraðinu eða ekki.

Frá því sjónarmiði mælir óneitanlega sanngirni með því, að læknirinn sitji vestan við fjörðinn, þar sem að minnsta kosti $^3/_5$ af íbúum læknishjeraðsins eru þar til heimilis, að ætla má 1,500 móti 1000.

En það er ekki að eins það, að fólkið sje fleira að vestan, heldur er þar miklu þjettbýlla á jafnstóru svæði, og þess vegna enn þá meiri þörf á lækni. Það verður líka að taka það til greina, hvort fólk hefur þekkingu, vit og venju á að nota lækni. Í sumum strjálbyggðum og afskekktum sveitum eru menn ekki búnir að venja sig við að nota læknana og vilja heldur fara til skottulækna og fá sjer Hoffmannsdropa eða annað þess háttar, en að vitja hjeraðslæknisins. Sumir vilja opt og einatt heldur leita ráða hjá einhverjum og einhverjum og draga að leita læknisins. En aðrir kannast vel við það, hve nauðsynlegt er að gæta heilsunnar vel, og eru því fúsir á að leita læknisins, hvenær sem þörf er á. Jeg heyri sagt, að í þessu umrædda »plássi« sjeu menn fúsir á að leita læknis.

Af þessum ástæðum hef jeg hingað til greitt atkvæði með þessu frumv.

Það hefur verið sagt, að þessi breyting hefði ofmikil áhrif á læknaskipunina, þar sem hún gripi svo mjög inn í önnur læknahjeruð en þetta eina. En það er þó ekki eins óframbærilegt, og orð er á gjört. Jeg játa það, að jeg finn það vel með vinum mínum og vandamönnum í Höfðahverfi og annarsstaðar austan fjarðarins, að það er slæmt fyrir þá að missa lækninn vestur yfir fjörðinn. En á hinn bóginn eru það að eins Grýtubakkahreppur og Draflastaðasókn, sem hafa nokkra verulega ástæðu til að

sjá eptir lækninum, og það er þó tiltölulega lítill hluti af öllu hjeraðinu. Fyrir »Fjörðunga« og Flateyinga er ekki allur munur á því, hvort þeir sækja lækni til Grenivíkur eða yfir á Árskógsströnd. Hver sem þekkir Leirdalsheiði, sem Fjarðarbúar eiga yfir að sækja til Grenivíkur, og Flateyjardalsheiði, sem Flateyingar og þeir, sem búa á Flateyjardal, eiga yfir að sækja, hann veit, að það er ekkert sældarbrauð, og má tíðast heita ókleift að fara yfir þær eptir lækni á vetrardag. Eða hvað opt skyldi Grenivíkurlæknirinn hafa farið yfir þær á vetrum? Það má því heita eina ráðið fyrir þessa menn, að leita læknis sjóleiðis, og þá munar minnstu, hvort þeir fara vestur eða austur í land, ef þeir á annað borð halda utan við Gjögur og inn á Eyjafjörð, og líkt mun að sækja til Húsavíkur yfir Skjálfandaflóa. Auk þess er mjög fátt fólk í þessum byggðum og lítil ráð á að leita læknis, hvort sem vera skal, þar sem það ætíð er miklum erfiðleikum bundið.

Það mundi nú samt alltaf koma fram einhver óánægja yfir þessari breytingu, og er það svo ofur eðlilegt. því að allir vilja hafa lækninn sem næst sjer. En viðvíkjandi því, að þetta mundi hafa í för með sjer breyting á bústað læknisins í Reykdælahjeraði, þá vil jeg taka fram, að það er engu lengra fyrir Draflastaðasókn, að leita læknis austur yfir Fljótsheiði, en Illugastaðasókn, sem nú verður að gjöra það. Þar fyrir viðurkenni jeg fyllilega, að aðstaða Draflastaðasóknar verður lakari eptir en áður. Einnig álít jeg það athugavert, að róta til í svona mörgum læknishjeruðum.

Þetta var nú mín almenna skoðun á þessu máli.

En svo kem jeg að frumv. sjálfu. 2. gr. þess var samþykkt hjer í deildinni við 2. umr., en þá var jeg á móti henni, og það er jeg enn, því jeg álít eins og háttv. 2. þm. N.-Múl. (E. Þ.) tók fram, að ákvæðin í þessari grein sjeu of óákveðin, og sjerstaklega óheppilegt og ógjörlegt, eins og háttv. þm. Sfjk. (J. J.) tók fram við 2. umr., að leggja skaðabætur fyrir flutninga læknissetranna á landssjóðinn.

Þess vegna get jeg ekki nú greitt atkv. með frumv.; þó jeg hafi áður látið þá skoðun í ljósi, að margt mælti með því, að Svarfdælir fái bætt úr sinni læknisþörf, þá er frumv. ekki svo úr garði gjört, að jeg geti samþykkt það, eins og það liggur fyrir.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg vil leyfa mjer að gjöra fáeinar athugasemdir enn þá einu sinni, áður en mál þetta er til lykta leitt.

Jeg hef sjerstaklega mælt á móti þessu frumv., af því mjer sýnist málið ekki nógu vel undirbúið. En hattv. flutningsmaður (St. St., þm. Eyf.) álítur það nægilega undirbúið og hefur leitazt við að færa rök að því.

Jeg veit ekki til, að undirbúningurinn sje eins góður og mikill, og haldið hefur verið fram. Það er alls ekki sveitarstjórn Svarfdælahrepps fyrir hönd sveitarfjelagsins, eða allur Svarfaðardalur, þó 19 menn hafi skrifað undir þetta skjal, sem fært er fram til meðmæla breytingunni. Læknirinn virðist vera á öðru máli eptir brjefinu að dæma, og jeg gæti vel hugsað mjer, að hægt væri að fá aðra 19 í sömu sveit til að skrifa undir eitthvað, sem gengi í gagnstæða átt þessu brjefi.

Það er heldur ekki svo mjög mikið að leggja upp úr þessum mikla mun á mannfjölda í austur- og vesturhluta hjeraðsins, og væri t. d. Hrís-

ey, sem liggur hjer um bil í miðjum firði, talin með austurhlutanum, þá yrði víst munurinn ekki svo stórkostlegur.

Viðvíkjandi þessum undirbúningi, sem við hafður hefur verið, þá vil jeg benda á það, að ekki hefur legið neitt fyrir sýslunefndunum um það, að breyta *læknaskipuninni* eða læknishjeruðunum, en að eins um það, að flytja *læknissetrið*, og sýslunefndin í Þingeyjarsýslu var á móti því.

Verði nú þetta frumvarp samþykkt, þá verður knýjandi nauðsyn á, að flytja læknissetrið í Reykdælahjeraði vestur yfir Fljótsheiði, og þá endurtekur sama sagan sig, að landssjóður verður að borga þeim lækni skaðabætur, og svo mun það ganga koll af kolli.

Jeg vildi að eins benda háttv. þm. á þetta, áður en gengið verður til atkvæða.

Framsögumaður meiri hlutans Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Það hefur fátt komið fram við þessa umræðu, sem ekki hefur áður heyrzt hjer í deildinni, en þó verð jeg að leyfa mjer að svara þeim mótbárum, sem fram hafa komið, með örfáum orðum,

Háttv. þingm. þykir málið ekki nógu vel undirbúið, en það hefur þó verið sýnt og sannað, að hjeruðin, sýslunefndirnar og stjórnin hafa fjallað um málið, og það alls ekki svo lítið.

Háttv. þingm. Sfjk. (J. J.) áleit, að það væri kannske ekki nema nokkrir menn í Svarfaðardal, sem óskuðu eptir þessari breytingu. Mig furðar mjög á því, að háttv. þingm. skuli bera þetta fram hjer, þar sem hann hefur átt kost á, að lesa þingmálafundargjörð úr Svarfaðardal, þar sem þetta var samþykkt í einu hljóði — með öllum atkvæðum á fundinum — og á þeim fundi voru auk Svarfdæla menn úr Arnarneshreppi. Enda er jeg sannfærður um, að þó aðleitað væri atkvæða í öllum vestari hluta læknishjeraðsins, þá yrði niðurstaðan sú sama.

Undarlegt þótti mjer það einnig, að háttv. þingm. (J. J.) skyldi detta í hug, að telja Hrísey með austurhluta hjeraðsins, því fyrst og fremst er hún miklum mun nær vestur- en austurlandinu, og auk þess er hún í Arnarneshreppi. Þetta er því að eins ein grýlan, sem háttv. þingm. hefur ætlað að nota, til þess að fæla menn frá að greiða atkv. með frumv.

Viðvíkjandi því, að það yrði að færa læknissetrið í Reykdælahjeraði, ef þessi breyting kæmist á, þá sje jeg ekki, að það verði svo brýn ástæða til þess, því Illugastaðasókn er öldungis eins langt frá því læknissetri eins og Draflastaðasókn. (*Pjetur Jónsson:* Það er strax munur, hvort sóknirnar eru tvær eða að eins ein). Höfðahverfi yrði mjög líkt sett og Árskógströnd nú, ef læknissetrið yrði flutt, svo það fellst í faðma. En með Hálshrepp utanverðan og Svarfaðardal er ólíku saman að jafna, þar sem Svarfaðardalur er miklu mannfleiri, og það munaði ekki svo afarmiklu fyrir mikinn hluta Draflastaðasóknar, hvort hann þyrfti að vitja læknis að Breiðumýri eða Grenivík.

Háttv. 2. þingm. N.-Múlas. (E. Þ.) sagði, að kostnaðarspursmálið hefði ekki verið rætt heima fyrir. Það er fjarstæða, því sýslunefnd Eyfirðinga tók það einmitt til athugunar, og þar var talið sjálfsagt og skyldugt, að borga fullar skaðabætur fyrir flutninginn, en að hinu leytinu ekki tekið fram, á hvern hátt þær ættu að greiðast. Jeg sje ekki, að hægt sje að komast að betri málamiðlun, en að landssjóður, sýslufjelagið og viðkom-

andi sveitir vestanfjarðar bæti skaðann í sameiningu, eins og ætlazt er til hjer. Enda finnst mjer þetta gjald ekkert óttalegt fyrir landssjóðinn.

Ef frumv. nær ekki fram að ganga, eru allar líkur til, að landssjóður megi fljótlega kosta meiru til þessa hjeraðs, en hjer er farið fram á, því þá koma vafalaust fram kröfur um það, að gjöra þennan hluta að nýju læknisumdæmi. Og fjölgi fólkið á næstu árum, eins og það hefur fjölgað hin síðustu ár — fjölgunin um 200 á þrem seinustu árum, — þá þykir mjer líklegt, að ekki verði hægt að neita hjeraðinu um sjerstakan lækni eptir jafnaðarfólkstölu í læknishjeruðum landsins. En væri þessi breyting gjörð nú, þá mundi ekki verða heimtaður nýr læknir, þó fólkið fjölgaði að miklum mun. Af þessu leiðir, að mikið fje mundi sparast en ekki eyðast við breytinguna.

Jeg get ómögulega sjeð, að þessar tvær sóknir, Draflastaðasókn og Brettingsstaðasókn, sem ætlazt er til að leggist til annara læknishjeraða, sjeu svo miklu ver settar, en þær eru nú, að ná til læknis, að þessar mótbárur, sem fram hafa verið færðar, ættu að verða til þess að tefja framgang málsins, því þær virðast ekki á þeim rökum byggðar. Enda vona jeg, að háttv. deild samþ. frumv. þrátt fyrir þær.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg má til að skýra enn betur það, sem háttv. þm. Sfjk. (J. J.) tók fram, að töluvert meiri ástæða yrði til að heimta læknissetrið í Reykdælahjeraði flutt vestar í hjeraðið, ef þessi breyting kæmist á. Þegar læknirinn kom þangað, þá var töluvert kapp um það, hvoru megin Fljótsheiðar hann ætti að sitja, svo það er fullkomin ástæða til að ætla, að þessi breyting leiddi til þess, að hann yrði að flytja bústað sinn vestur yfir. Það er auðsjeð, að svo framarlega sem fólksfjöldi hjeraðshlutanna á eingöngu að ráða, eins og frumv. þetta er byggt á, þá er einsætt að flytja Reykdœlalækninn, þegar allur útpartur Fnjóskadals bætist við hjerað hans. Þetta verður því sjálfsagðara, þegar læknirinn á ekkert á hættu, þó hann flytji frá nýbyggðu húsi sínu, þegar landssjóður borgar gildið. Það gæti meira að segja orðið gróðafyrirtæki fyrir læknana, að byggja hús og selja þau aptur upp á þessar spýtur. En jeg verð að álíta miður heppilegt, að þeir tækju upp á því, svo þetta er engan veginn þýðingarlaus ástæða eins og mjer virtist háttv. flutn.m. álíta.

Jeg leyfi mjer að mótmæla því, að Flatey og Flateyjardalur standi vel að vígi með að na til læknis á Húsavík, því Skjálfandaflói er miklu vafasamari viðfangs en landleiðirnar til Grenivíkur, þar sem hann getur verið ófær svo dögum skiptir og máske vikum, enda þótt vel fært sje að fara allra ferða sinna á landi.

Jeg álít skyldu mína, að lýsa þessu yfir hjer vegna kjósenda minna, því jeg veit, að þeir eru yfir höfuð mótfallnir þessari breytingu, og mun jeg hiklaust greiða atkv. móti frumv.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefur víst misskilið mig, því jeg hef ekki haldið því fram, að ekki yrði fleira fólk í vesturhluta Reykdælahjeraðs, ef þessi breyting kemst á; en jeg hef sagt, að þessarar breytingar vegna mundi ekki brýn ástæða til þess að flytja læknissetrið, því Draflastaðasókn ætti engu erfiðara að vitja síns læknis austur yfir Fljótsheiði en Illugastaðasókn.

Það nær engri átt, að neita því, að ljettara sje fyrir Flateyjardal, að ná til Húsavíkur en Grenivíkur, því það er þriggja tíma ferð yfir flóann til Húsavíkur en sex tíma ferð landveg til Grenivíkur. Og sje ekki hægt að komast yfir flóann, þá er hægt að vitja læknisins í Reykdælahjeraði eða jafnvel á Árskógsströnd. Það er engri loku skotið fyrir það, að þessir menn geti náð lækni undir öllum kringumstæðum alveg eins fyrir það, þó þessi breyting verði gjörð.

Jeg álít, að fyrir þá sje þessi breyting öldungis skaðlaus, jafnvel í flestum tilfellum fremur til bóta, svo jeg verð enn að mæla með því, að háttv. deild samþ. frumv.

ATKVGR.: Frumv. fellt með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir óglöggva atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Árni Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Jón Magnússon,
Guðm. Björnsson,	Björn Bjarnarson,
Hannes Hafstein,	Björn Kristjánsson,
Hannes Þorsteinss.,	Einar Þórðarson,
Herm. Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóhannes Ólafsson,	Magnús Kristjánss.,
Lárus H. Bjarnas.,	Ólafur Ólafsson,
Ólafur Briem,	Pjetur Jónsson,
Ólafur Thorlacius,	Skúli Thoroddsen,
St. Stef., 2. þm. Eyf.,	Tr. Gunnarsson,
Stef. Stef., þm. Skgt.,	Þórh. Bjarnarson.

Magnús Andrjesson var ekki viðstaddur.

VIII. Laun hreppstjóra.

Á 27. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til laga um laun hreppstjóra (A 178) til 1. umr.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það er ekki langt síðan því var hreyft hjer á þingi, að auka laun hreppstjóra. Það var á þinginu 1901, að háttv. þm. Snæf. og núverandi hæstv. ráðherra fluttu frumv., sem gekk í svipaða átt. Munurinn var sá, að þar var farið fram á, að hreppstjórar fengju dagpeninga og ferðakostnað, en í þessu frumv. er því sleppt, en uppboðslaun þau hækkuð í staðinn, er ganga óskipt til hreppstjóranna. Málið fjekk tölurvert fylgi á þinginu 1901. En það kom seint og var sett í nefnd, og kom ekki frá henni aptur.

Ástæðan til þess, að jeg kom nú fram með þetta, er sú, að mjer hefur borizt áskorun frá flestum hreppstjórum úr Skagafirði og frá einum hreppstjóra í Húnavatnssýslu um, að flytja frumv. þessa efnis. Það er nú aldrei vinsælt, að fara fram á hækkun launa, en svo sanngjörn getur launahækkunarkrafan þó verið, að þinginu sje skylt, að sinna henni. Eins og það er fráleitt, að launa starfsmönnum og embættismönnum þjóðfjelagsins of hátt, er hitt það ekki síður, að launa þeim svo illa, að þeir hljóti annaðhvort að vanrækja störf sín, þau er þeir eiga að inna af hendi eða gjöra sjálfum sjer tjón. Þetta síðasta á sjer einmitt stað með hreppstjórana; störf þeirra fara sívaxandi. Laun þeirra eru nú 7,000 kr. alls eða þar í kring, sem jafnað er niður á 200 hreppstjóra, verður 30—40 kr. að meðaltali. Þetta er tæplega fyrir hálfu hestfóðri, og þó verða þeir að hafa hest á gjöf, vegna nauðsynlegra

ferðalaga í embættisþarfir. Launin fara þá öll í það, og meira til, svo að þeir verða að vinna fyrir ekki neitt. Og þetta eru opt efnalitlir menn, sem annað þarfara hafa að gjöra, en að sitja við skriptir eða vera í ferðalögum borgunarlaust. Ef þetta frumv. næði fram að ganga, mundu launin hækka upp í hjer um bil 14,000 kr. alls, eða hjer um bil 70 kr á mann. Þetta þykir sumum má ske allt of hátt, og þó er það ekki nema meðal-vinnukonukaup, og minna kaup er þeim tæplega boðlegt. Jeg vona nú, að háttv. deildm. verði þessu meðmæltir, því eins og nú er, er þessi lægsti liður í umboðsstjórninni svo illa launaður, að það er til minnkunar.

Jeg vil helzt ekki, að kosin sje nefnd í málið; mjer finnst það vera svo einfalt og liggja svo opið fyrir, að það geti vel gengið gegn um þingið nefndarlaust. Jeg hef svo ekki meira að segja, en vona hins bezta af hinni háttv. deild.

Lárus H. Bjarnason (þm Snæf.): Jeg sting upp á, að málinu sje vísað til nefndarinnar í sveitarstjórnarmálinu.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg get ómögulega skilið hvað slíkt frumv. á að gjöra í sveitarstjórnarnefndina. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Skattanefnd). Já, ef það þyrfti að vísa því til nokkurrar nefndar, lægi beinast við vísa því til skattanefndarinnar; en jeg vil styðja till. háttv. flutnm., að málið fái að ganga nefndarlaust.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg tek mína uppástungu aptur, fyrst háttv. framsm. sveitastjórnarnefndarinnar hefur svo mikið á móti henni.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 15 atkv. gegn 6.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 168).

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Frv. þessu var svo vel tekið við 1. umr. hjer í deildinni, að það er óþarft, að fara mörgum orðum um það nú, og hef jeg því litlu við það að bæta, sem jeg þá tók fram. Hver einasti maður, sem jeg hef minnzt á málið við, játar, að það sje sanngjarnt, að hækkuð sje þóknun sú, sem hreppstjórar hafa. Nokkrir kunna, ef til vill, að telja það óþarft, sjerstaklega frá því sjónarmiði skoðað, að ætið fáist nógu margir til að vera hreppstjórar. En það er þó ekki fyllilega rjett, því jeg hef talað við sýslumann fyrir austan, sem sagði mjer, að það kæmi opt fyrir þar, að menn skoruðust undan að vera hreppstjórar og segðu af sjer.

Breytingin í frumv. frá núgildandi lögum er sú, að í stað þess, sem hreppstjórar nú fá 50 aura af hverjum þeim, sem býr á meira en 5 hundr. jörð, fá þeir eptir frumv. 1. kr., og í staðinn fyrir, að þeim í núgildandi lögum eru áskildir 50 aurar af hverjum tíundandi manni, er það í frumv. 1 kr., og í þriðja lagi, að þeir eiga að fá uppboðslaun óskipt af uppboði, sem nemur allt að 400 kr. Lágmarkið fyrir launum hreppstjóra, er í frumv. sett 50 kr. í stað þess, að það nú er 24 kr. Eptir lögunum frá 1882, bar hreppstjóra 1 kr. fyrir hvern búandi mann, en með lögunum 1895 var þessu breytt í 50 aur.; en sú viðbót gjörð, að þeim bæri 50 aurar fyrir hvern tíundandi mann, sem tíundaði ½ hundr. eða meira. Þetta ákvæði var heppilegt, og hefur tíundandi mönnum fjölgað við þetta að mun, af auðskildum ástæðum. Breyting sú, er frumv. fer fram á, verður til þess, að þóknunin hækkar um helming, en verður þó ekki meiri en um 70 kr., að meðaltali, í stað þess, að hún nú er 35—37 kr. Málið er svo einfalt, að óþarfi er að fara fleiri orðum um það; jeg treysti hinni háttv. deild til að

verða við þessum sanngjörnu kröfum frá mörgum hreppstj., og leyfi málinu að ganga til 3. umr.

ATKVGR.: 1. gr. frumv. samþ. með 14 : 2 atkv.

2. gr. samþ. með 14 : 2 atkv.

3. gr. samþ. með 14 : 2 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 : 3.

Á 35. fundi Nd., laugardaginn 12. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A178),

Flutningsmaður Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Þar sem mál þetta hefur mótmælalaust og breytingarlaust sloppið frá 1. og 2. umr., þá álít jeg þarflaust að fara að fjölyrða um það við þessa umr., því jeg býst við, að það fái að ganga ummælalaust til Ed.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 13 atkv. gegn 8 og afgreitt til Ed.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 384).

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.) Mjer þykir einkennilegt, að þetta frumv. skuli vera komið fram hjer á þingi, því að orsökin til þess er þó ekki sú, að hreppstjórar almennt út um landið hafi sent umkvörtun yfir launum sínum nje beðið um launahækkun. Að vísu liggur fyrir beiðni til þingsins frá hreppstjórum úr einni sýslu um launahækkun, en það er líka allt og sumt, aðrir hreppstjórar hafa alls eigi látið til sín heyra um þetta. Það sjest bezt, að frumv. þetta er ósanngjarnt, þegar þess er gætt, að það fer fram á að hækka laun hreppstjóra um helming, og störf þeirra eru borin saman við störf hreppsnefndaroddvita, sem allir munu játa, að eru töluvert meiri og hafa þeir þó margir engin laun fyrir starfa sinn. Auk þess er þess að gæta, að hreppstjórar hafa sjerstaka borgun fyrir flestan starfa sinn, að undantekinni skýrslugjörð. Ef laun hreppstjóra væru svo lítil, að ekki væri hægt að fá góða menn í þessa stöðu, þá væri öðru máli að gegna, en nú er það svo, að menn einmitt sækjast eptir því, að verða hreppstjórar. Af þessum ástæðum sje jeg því enga meiningu í að fara að hækka laun þeirra. Ef launin yrðu hækkuð, svo að menn vegna þeirra legðu sjerstakt kapp á að komast í þessa stöðu, mundi það verða til þess, að gamlir og örvasa menn sætu í hreppstjórasætinu hreppsbúum til skaða og skaprauna. Hækkunin, sem frumv. fer fram á, er líka svo mikil, að það getur eigi komið til mála að samþykkja það. Auðvitað mætti breyta þessu, en jeg vil þó helzt leggja það til, að frumv. verði fellt.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg get ekki verið samdóma hv. 6. kgk. þm. (Þór. J.) um, að þetta frumv. sje óþarft:

Jeg verð að líta svo á, að nauðsynlegt sje að fá sem hæfasta menn til þess að gegna þeim störfum, sem á hreppstjórunum hvíla, en þess er ekki að vænta nema því að eins, að þeir fái hæfilega þóknun fyrir starfa sinn.

Hvert einasta þing leggur aukin störf á herðar hreppstjórunum eins og sýslumönnunum, og nú á þessu þingi hafa, eins og kunnugt er, verið samþ. t. a. m. lög um skýrslur um alidýrasjúkdóma, sem munu auka talsvert störf þessara manna, og svo er um fleiri lög, sem væntanlega ná fram að ganga á þessu þingi.

Háttv. 6. kgk. þm. (Þ. J.) sagði ennfremur, að ekki hefði komið fram almenn umkvörtun til þingsins frá hreppstjórum um, að fá hækkuð laun þeirra. Í sambandi við þetta skal jeg leyfa mjer að taka það fram, að það

liggur fyrir þessu þingi beiðni frá öllum hreppstjórum í einni sýslu og frá einum að minnsta kosti úr annari sýslu um hækkun á launum þeirra. Það er ekki að vænta, að þeir fari allir til þingsins með þessar umkvartanir sínar; þeir fara aðra leið og kjósa heldur blátt áfram að segja af sjer störfum sínum, af því þeim er ekkert fast í hendi með starfann, jafnvel ekki fyrir hærri borgun, en þeir fá nú fyrir hann. Í Norður-Múlasýslu hafa tveir mjög nýtir hreppstjórar sagt af sjer síðustu tvö árin vegna þess, að þeim þóttu launin óviðunandi. Eins og jeg tók fram áðan, álít jeg það mjög æskilegt, að hægt sje að fá sem nýtasta starfsmenn í þjónustu sveitarstjórnarinnar, bæði hinnar hærri og hinnar lægri, og eins til þess að inna af hendi þau störf, sem hreppstjórunum eru á herðar lögð. Það er ekki tilvinnandi að horfa í það, þótt laun þessara manna sjeu hækkuð að nokkrum mun, þar sem stöðugt eru lögð á þá ný og vandasöm störf. Hv. 6, kgk. þm. (Þ. J.) bar saman kjör hreppstjóra og oddvita.

Jeg skal fúslega játa, að oddvitar eru ekki launaðir um of; að minnsta kosti get jeg ekkt fellt mig við, að laun þeirra sjeu ákveðin eins og gjört er í sveitarstjórnarlagafrumv. því, sem hv. Nd. hefur samþykkt. Jeg skal enn fremur játa, að mjer þykir helzt til langt farið í þessu frumv., þar sem farið er fram á, að hækka hina núverandi þóknun til hreppstjóra um helming; það mundi þó nema 7—8 þús. kr. auknum gjöldum úr landssjóði,

Jeg gæti látið mjer nægja að það væri 50%. Það mundi annars vegar verða töluverð hækkun á launum þessara manna, og hins vegar mundi þó sparast töluvert fje fyrir landssjóð í samanburði við það, sem hjer er farið fram á. Það mætti koma fram með breyt.till. við frumv. í þessa átt til 2. umr., og sje jeg því ekki þörf á að skipa nefnd í málið.

Jeg skal verða fús á að koma fram með breyt.till. um þetta atriði, ef einhver háttv. þingdm. vildi samlaga sig við mig um það, því að jeg verð að segja, að mjer þykir helzt til langt gengið í frumv., að því er upphæð launanna snertir, og vil jeg ekki að það atriði verði frumv. að falli.

Jeg vil svo að eins óska, að frumv. fái að ganga til 2. umr. og sjá svo, hvernig fer um það.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Háttv. 1. þm. N.-Múl. tók það fram, að þingið legði hreppstjórunum stöðugt aukin störf á herðar, og nefndi í því sambandi lögin um alidýrasjúkdóma, sem nú hafa verið samþykkt á þessu þingi. Þetta hefur ekki mikil áhrif á mig að því, er þau lög snertir, vegna þess, að jeg var alls ekki hlynntur sumum ákvæðum þeirra, auk þess sem jeg sje ekki, að fyrir þau, út af fyrir sig, sje ástæða til að hækka launin.

Þá gat háttv. sami þm. þess enn fremur, að allir hreppstjórarnir úr einni sýslu og einn hreppstjóri úr annari sýslu hefðu skrifað undir beiðni til þingsins um launahækkun. Þessi eini hreppstjóri er úr Húnaþingi, og að hann var sá eini undir beiðninni þaðan, hefur sjálfsagt stafað af því, að fleiri hafa ekki fengizt til að ljá nöfn sín undir hana.

Þá gat háttv. sami þm. þess enn fremur, að 2 hreppstjórar í Norður-Múlasýslu hefðu sagt af sjer vegna þess, að þeim þætti laun sín óviðunandi; en þá hljóta þeir 2 hreppar að vera næsta snauðir af góðum mönnum, ef eigi er hægt að fá aðra í þeirra stað.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. J.) sagði um vankvæðin á að fá nýta menn til að gegna hreppstjórastörfunum, að það hlýtur að vera mjög mikill skortur á hæfum mönnum til þeirra starfa, ef sýslumönnum er eigi innan handar að fá nægilega marga til þess. Jeg held, að ef sýslumenn stinga því að þeim, að þeir geti útvegað þeim dannebrogsmerkið, eptir nokkurra ára dygga þjónustu. þá þurfi þeir ekki að slíta sjer út á því, að ganga eptir nægilega hæfum mönnum til þess að takast þau störf á hendur.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram út af orðum háttv. 4. kgk. þm., að jeg sagði ekki, að mjer hefði orðið skotaskuld úr því, að fá aðra menn í staðinn fyrir þá 2 hreppstjóra, sem jeg gat um, að hefðu sagt af sjer; en jeg læt mjer ógjarnan nægja að fá einhvern til að bera hreppstjóranafnið; jeg vil helzt geta valið úr mönnum í hverjum hrepp, til að þess að gegna þeim störfum, sem á hreppstjórunum hvíla.

Hvað það snertir, að heita mönnum krossum og nafnbótum, til þess að fá þá til að taka þessi störf að sjer, þá er það ekki á sýslumanna valdi, að ráða yfir þeim. Jeg hef einu sinni stungið upp á því, að einn hreppstjóri í N.-Múl. yrði sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna, en jeg fjekk því ekki framgengt; maðurinn dó einu ári síðar, án þess að vera búinn að fá þessa viðurkenningu, sem hann átti svo margfaldlega skilið, og svo fór um sjóferð þá og getur farið um fleiri.

ATKVGR.: Frumv. fellt frá 2. umr. með 7 atkv. gegn 1.

IX. Bæjarstjórn Reykjavíkur.

Á 41. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á lögum nr. 17 frá 13. apríl 1901, um breyting á tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, og á lögum nr. 30 frá 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög (A 453) til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þetta frumv. er flutt fyrir tilmæli bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. Það fer fram á, að bæjarfógetinn í Reykjavík geti fengið lausn frá formannsstörfum í ýmsum nefndum og að bæjarstjórnin fái leyfi til að fela öðrum þessi störf á hendur. Jeg get ekki skilið, að nokkur geti haft á móti þessu frumv., og það því síður sem þessi breyting ekki bakar landssjóði nein útgjöld. Jeg vona því, að máli þessu verði vel tekið af háttv. þingdeild. Jeg sje ekki ástæðu til, að sjerstök nefnd verði skipuð til að íhuga þetta mál. en legg til, að það fái að ganga umræðulaust til 2. umr.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 453).

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Arn.): Jeg vildi leyfa mjer að gjöra ofurlitla fyrirspurn til háttv. flutningsmanna um það, hvort bæjarstjórnin ætlast til, að formennirnir í nefndum þeim, sem frumv. ræðir um, verði lannaðir af bæjarsjóði. Það gjörir mikið til, að minnsta kosti að því, er mitt atkv. snertir, hvernig bæjarstjórnin hefur hugsað sjer þetta, og það varðar líka alla borgara bæjarins, hvort bæjarstjórnin hugsar mönnum þessum sjerstök laun, eins og t. d. núverandi formanni fátækranefndarinnar. Það er mikið álitamál, hvort bæjarstjórnin hafði nokkurn rjett til þess, og það var meira að segja álit margra lögfræðinga, að svo væri ekki.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg get nú ruunar ekki skilið, hvað háttv. þm. Árn. (H. Þ.) kemur það við, hvort eða hvað mikið bæjarstjórn Reykjavíkur launar starfsmönnum sínum, eða hið háttv. þing yfir höfuð þurfi að láta þetta máli skipta, því að færi bæjarstjórnin að þessu leyti fram yfir heimildir sínar, þá skiptir það mest borgara bæjarins, og heyrir undir úrskurð landsstjórnarinnar. En jeg skal samt svara fyrirspurn háttv. þm. Árn. Jeg held, að það sje ekki meiningin, að formenn þessara nefnda, sem hjer um ræðir, fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn úr bæjarsjóði. Það getur kannske komið til mála, að formaður einnar nefndarinnar, byggingarnefndarinnar, fái lítilsháttar skrifstofueyri, en um slíka borgun til formannanna í hinum nefndunum getur varla verið um að tala.

Jeg get ómögulega hugsað mjer, að háttv. þingdeild sje á móti því, að bæjarstjórnin fái þessa heimild, því henni er nú fullkunnugt um, hve mikil nauðsyn er á að skipta störfum bæjarfógetans, og tók svo vel í málið við 1. umr. þess. Þetta er auðvitað aðeins bráðabirgðar ráðstöfun. Annars skal jeg ekki fara frekar út í málið, en vona nú, að einnig háttv. 1. þm. Árn. (H. Þ.) gefi því atkv. sitt, því að sem þm. Árn. getur hann ekki haft neitt á móti því, og sem borgari bæjarins því síður.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg hef nú heyrt þá yfirlýsingu frá öðrum flutningsmanni frumv., að það sje ekki tilætlunin að launa þessum mönnum, nema ef til vill leggja einum nefndarmanni nokkurt skrifstofufje. Þetta gjörir það að verkum, að jeg get greitt atkv. mitt með frumv., því ef það hefði verið meiningin, að greiða 600 kr. til hvers þessara formanna eins og formannsins í fátækranefndinni nú, þá yrðu það ærin útgjöld fyrir bæjarmenn, nfl. 1,800 kr. eða þar um bil. Mjer fyndist líka, ef svo ætti að vera, að það ætti að taka það af launum þess manns, sem starfinu er ljett af; þau eru full ríkuleg, hvort sem er, og bærinn ætti ekki að þurfa að borga það, þó bæjarfógetinn geti ekki til fulls gegnt skyldustörfum sínum. Það mundi rísa óánægja af því, ef bæjarmenn ættu að bera þungann af þessari skiptingu, og því gjörði jeg fyrirspurnina, til þess að fá einhverja yfirlýsingu um þetta: en að full þörf sje á skiptingunni, blandast hvorki mjer nje öðrum hugur um, sem sjeð hefur hvernig allt hefur farið og fer í ólestri hjá bæjarfógetanum, að því er bæjarstörfin snertir, sem auðvitað sprettur af ofmiklu annríki.

ATKVGR.: 1. gr. samþ, með 19 atkv.
2. gr. samþ. með 20 atkv.
3. gr. samþ. með 20 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frv. til 3. umr. (A 457).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. með 20 atkv. og afgreitt til forseta Ed.

Á 46. fundi Ed., föstudaginn 25. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 532).

Enginn tók til máls.

Fellt að vísa frumv. til 2. umr. með 7 atkv. gegn 6, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu:

Já:	*Nei:*
B. M. Ólsen,	Jón Ólafsson,
Eiríkur Briem,	Ág. Flygenring,
Jóh. Jóhannesson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sig. Jensson,	Gutt. Vigfússon,
Valtýr Guðmundss.,	Jón Jakobsson,
Þorgr. Þórðarson.	Sig. Stefánsson,
	Þórarinn Jónsson.

X. Maríu- og Pjeturslömb.

Á 13. fundi Ed., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til laga um afnám fóðurskyldu svonefndra Maríu- og Pjeturslamba (A 94) til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Frumv. þetta má að ýmsu leyti kallast gömul apturganga á þinginu. Það var síðast fyrir þinginu 1897. Einu sinni var það samþykkt af þinginu, en náði ekki staðfestingu konungs.

Enda þótt jeg sje einn af flutningsmönnum þessa frumv., þá stendur samt hinum flutningsmönnunum fullt eins nærri, að halda uppi svörum fyrir því, og mjer vitanlega á þetta gjald sjer hvergi stað hjer á landi annarsstaðar en í Múlasýslum og Þingeyjarsýslu. Þegar þetta frumv. hefur legið fyrir þinginu áður, þá hafa jafnan verið 2 gagnstæðar skoðanir um það; sumir hafa skoðað þetta gjald sem gamla kvöð, sem hvildi á vissum gjaldendum til prestanna, og ef hún væri afnumin, þá væru þeir þar með sviptir vissum gjöldum; aðrir hafa aptur á móti litið svo á, að afnám þessa gjalds miðaði til þess, að auka verð jarðanna, sem það hvildi á, fyrir eigendunum. Frá hinna hálfu hefur því verið haldið fram, að upprunninn til þessarar kvaðar sje óljós, enda vantar öll skilríki fyrir honum. Flestir halda, að upprunalega hafi þessi kvöð komizt á sem endurgjald fyrir greiða, er menn hefðu þegið á prestssetrunum; ef svo er, þá er kominn tími til þess, að ljetta af þessari kvöð. Að því er síðari skoðunina snertir, að afnám þessa gjalds miði til þess, að auka eign þeirra manna, sem eiga þessar jarðir, þá er til þess að svara, að þessar jarðir eru byggðar nákvæmlega með sömu skilyrðum og aðrar jarðir. Gjaldið lendir »faktiskt« á ábúendunum, og það, sem er ósanngjarnt í þessu, er það, að leggja þetta gjald á suma ábúendur en aðra ekki, þótt þeir að öðru leyti hafi sömu gjöldum að svara. Mjer vitanlega eru að eins 5 sóknir, þar sem þetta gjald á sjer stað, nefnilega Hjaltastaðarsókn, Klippstaðarsókn, Sauðanessókn, Desjarmýrarsókn og Svalbarðssókn.

Jeg man, að 1886, þegar þetta mál var fyrir þinginu, og gekk í gegn um báðar deildir þingsins, þá var þetta

gjald látið falla niður af því, að það varð upplýst, að ýmsir prestar vildu ekki þiggja það. Það er að vísu satt, að þetta gjald er ekki svo stórt, að það sje mjög tilfinnanlegt, — það mun vera um 4 kr. — en það er ekki stærðin, sem gjörir gjald óvinsælt, heldur, hvort það er sanngjarnt. Það er nefnilega lagt á fáeina menn, sem hafa nákvæmlega sömu kvöðum að svara og aðrir, sem ekki greiða þetta gjald.

Jeg efast alls ekki um það, að þetta gjald sje löglega á komið; en það skiptir ekki máli, þótt svo hafi verið upphaflega. Nú er gjaldið ekki lengur kvöð á jarðaeigendum, heldur ábúendunum.

Af þessum ástæðum, sem jeg nú hef tekið fram, og þar sem þingið hefur fallizt á þetta frumv. áður, þá vona jeg, að það samþykki það nú af sömu ástæðum og áður, og að það nái staðfestingu nú, þótt svo hafi eigi áður verið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um frv. að svo stöddu, en bíða átekta, þangað til jeg heyri andmæli móti því.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Á 15. fundi Ed., fimmtudaginn 20. júlí, kom frv. til 2. umr. (A. 94, 117).

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það var tekið fram við 1. umr. af háttv. 4. kgk. þm. (J. Ól.), að frumv. þetta væri gömul apturganga, sem opt hefur verið á sveimi hjer á þinginu, og er það satt; það hefur fengið misjafnan byr, en ætíð verið kveðið niður; jeg hefði helzt viljað, að svo yrði enn þá; eins og kunnugt er, hefur verið skipuð nefnd til þess, að íhuga kirkjumál landsins; þar með að athuga það, hvernig tekjum presta mætti sem bezt fyrir koma; það hefði mátt fela nefnd þessari, að íhuga þetta atriði, er hjer er farið fram á, að gefa lög um, enda mátti búast við, að hún hefði tekið það til athugunar sem önnur mál, er snerta tekjur prestanna; en háttv. flutningsmönnum hefur eflaust þótt liggja meira á því en svo, að afnema þessa fóðurskyldu, að bíða mætti eptir áliti nefndarinnar um það.

Það eru afar-gamlar kvaðir, sem hjer er farið fram á að afnema, og verður það ekki gjört nema annaðhvort með halla fyrir landssjóð eða prestaköllin.

Jeg hef nú komið með breyt.till., sem gengur út á það, að þessi kvöð verði afnumin, jafn-óðum og prestaköllin losna, en án útgjalda fyrir landssjóð.

Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) tók það fram við 1. umr., að sumir prestar væru hættir að krefja þessara gjalda; það eru sterk meðmæli með breyt.till. minni, því þótt prestaskipti verði á prestaköllum þeim, er hjer eiga hlut að máli, þá mun ekki hætt við því, að prestar fari að heimta kvöð þessa, jafn óvinsæl og hún er talin, ef fyrirrennarar þeirra hafa ekki gengið eptir henni; slíkt mundi ekki verða vinsælt, enda þótt fóðurskyldan ekki væri afnumin að lögum.

Breyt.till. mín miðar því til þess, að gjöra það að lögum, sem nú þegar er orðin venja í sumum þessum prestaköllum.

Mjer er ekkert kappsmál um hana, en jeg mun fremur greiða atkvæði með frumv., ef hún verður samþykkt, en annars ekki.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) tók það fram við 1. umr., að þetta væri ójafnaðargjald, sem hvíldi á ábúanda. Það má nú

segja um öll gjöld, sem hvíla á fasteignum, að þau sjeu ójafnaðargjöld; en það verður nú svo að vera og innifelur ekki annað í sjer en það, að eignin, sem kvöðin eða gjaldið hvílir á, er þeim mun minna virði en hin, sem engin slík kvöð hvílir á að öðru jöfnu. Þessu er einnig þannig varið með þetta gjald. Kvöð þessi eða gjald hefur frá ómunatíð hvílt á eignunum; hvernig það hefur myndast, höfum vjer engar upplýsingar um. Svipaðar kvaðir hafa myndazt í kaþólskri tíð á þann hátt, að menn hafa heitið á kirkjnr eða kirkjulegar stofnanir, ef þetta eða þetta, sem fyrir hlutaðeiganda var áhugamál, skeði, eða rættist úr einhverju; þá hjet hlutaðeigandi að greiða svo og svo mikið til kirkjunnar, stofnunarinnar o, s. frv. árlega, eða að gefa vissa upphæð einu sinni fyrir allt; það er nú ekki víst, að þessar kvaðir hafi orðið til á þennan hátt, en eins líklegt er að svo sje, eins og þær sjeu borgun fyrir þeginn greiða. En hvernig sem uppruna þeirra er varið, þá er það víst, að þær eru mörg hundruð ára gamlar, og ef þeim er ljett af, hækkar eignin í verði að sama skapi og tekjur hlutaðeigaudi prestakalls rýrna; fyrst líður prestakallið hallann og svo landssjóður, er hann þarf að bæta það upp. Að afnema þessa fóðurskyldu er að sínu leyti það sama og að fella niður landskuld af jörðu. Það er enginn vafi á því, að einstakir menn græða að sama skapi við burtnám kvaðarinnar og landssjóður tapar; jarðirnar mundu byggjast eins vel með þeim mun hærri landskuld, eptir að kvöðin væri afnumin.

Breyt.till. háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.): er að því leyti til bóta, að hún tekur byrðina af landssjóði í bili; en það mun ekki líða á löngu, áður hún lendir á landssjóði.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg hef ekki haft tóm til þess að bera mig saman við háttv. meðflutningsmenn mína um breyt.till. þá, er hjer liggur fyrir, en jeg get fyrir mitt leyti vel fellt mig við hana; óánægjan með gjald þetta er svo rík, að jeg þekki ekki dæmi til annars eins; það er víst ekki svo mjög gjaldhæðin, sem gjörir það að verkum, heldur er það rjettlætistilfinning manna, sem kann því svo illa, að einstöku menn gjaldi gjöld, sem allir aðrir rjett í kring gjalda ekki. Já meira að segja, þessi óánægja hefur verið svo rík, að hún hefur verkað yfir í kjördæmi, þar sem gjald þetta þekkist ekki, á þann hátt að þingmaður hefur fyrir það misst þingsetu.

Háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að eignin batnaði að sama skapi og landssjóður tapaði við, að kvöð þessi væri afnumin; þetta er rjett í »principinu«, en er það naumast þegar á að heimfæra það upp á reynsluna í þessu tilfelli; það kemur svo opt fyrir, að eitthvað, sem er hárrjett í »theoríunni«, stendst ekki reynsluna í lífinu. Eignin batnar alls ekkert við afnám þessarar kvaðar. Nákvæmlega jafnstórar og jafngóðar jarðir eru leigðar með sömu leigu og landskuld með og án þessarar fóðurskyldu; það þarf að gjöra við því, sem er ,en ekki því, sem ætti að vera; eptir því, sem mjer er frekast kunnugt, þá er leigumálanum þannig varið, að svona lítilli upphæð mundi ekki jafnað niður á landskuld eða leigurnar; það er reiknað með heilum tölum, landskuldin svo og svo margir sauðir og leigan svo og svo mörg pund smjörs; hinni litlu upphæð, er kvöð þessi nemur, c. 4 kr., mundi ekki verða jafnað niður á hndr. og kúgildi með fáum aurum á hvert; af þessu leiðir, að ekkert tillit er tekið til gjaldsins í byggingunni. Það er

því, eins og jeg tók fram áður, engin hætta á því, að jarðirnar mundu stíga í verði, þó kvöð þessari væri ljett af ábúendunum, heldur fer landskuldin og leigan eptir hlutfallinu milli tilboðs og eptirspurnar; nú mun svo ástatt, að enginn hörgull er á jarðnæði: heldur mun vera fremur hörgull á ábúendum. Eigendur mundu því verða fegnir, að geta leigt jarðir sínar fyrir sömu landskuld og leigu án kvaðar þessarar, og þeir leigðu þær fyrir áður með kvöðinni.

ATKVGR.: Breyt.till. á þgskj. 117 samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni, svo breytt, samþ. með 7 gegn 4 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 gegn 3 atkv.

Á 17. fundi Ed., laugardaginn 22. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 138).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg þarf eigi að tala sem flutnm. þessa frumv., en vona, að það fái sömu atkv. nú, sem við 2. umr. Að minnsta kosti mun háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) verða þessu afkvæmi sínu hliðhollur.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 8:3, og afgreitt til forseta Nd.

Á 21. fundi Nd., miðvikudaginn 26. júlí, kom frumv. til 1. umr. (A 155).

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Það er ekki af því, að málið sje ekki vel kunnugt háttv. deild, að jeg tek til máls. Frumv. um þetta efni hafa hvað eptir annað veirð drepin á alþingi, en jafnskjótt hefur málið verið vakið upp aptur.

Jeg get ekki skoðað mál þetta öðruvísi en beiðni frá einstökum mönnum, um styrk eða gjöf af almannafje. Viðkomandi jarðir hafa um langan aldur gengið kaupum og sölum með fóðurskyldunni áhvílandi, og er þessi kvöð í eðli sínu ekki öðruvísi, en hvert annað ítak eða byrði, er á jörðinni hvílir. Skyldust er þessi fóðurskyldukvöð prestsmötugjaldi, og er annar vegur nær, til að losast við hana, heldur en að biðja um eptirgjöf á henni, nefnilega, að leysa hana af jörðunum á sama hátt og stundum hefur átt sjer stað um prestsmötugjald. Þetta, sem hjer er farið fram á, er, sem sagt, ekki annað en styrkbeiðni.

Jeg er algjörlega á móti frumv., og vil ekki einu sinni, að það gangi til 2. umr.

Það er og önnur ástæða til þess, að láta þetta mál ekki fara lengra, nefnilega sú, að frumv. heyrir beint undir verksvið það, er milliþinganefndinni í kirkjumálum er markað, og það hefur verið, svo að segja undantekningarlaust, reglan að hreyfa eigi við þeim málum, er milliþinganefndir hefðu til íhugunar, meðan þær væru að starfa.

Jeg vil því ráða háttv. deild til að fella frumv. þegar.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Þessar mótbárur háttv. þm. Vestm. (J. M.) eru ekki nýjar. Þær hafa komið jafn opt og frumv. hefur verið til umr. hjer á þingi, sú viðbára, að þetta væri bara kvöð á jörðunum. Jeg skal ekki segja um það, hvort svo hefur verið upphaflega. Ýmislegt bendir á, að svo hafi ekki verið. Og eitt er víst, að við byggingu jarðanna er ekki minnsta tillit tekið til hennar. Kvöðin kemur því þannig niður í reyndinni, að hún hvílir sem persónulegt gjald á leiguliðunum, og kemur þess vegna ósanngjarnlega niður.

Jeg sje enga ástæðu til þess, að vera að geyma þetta þangað til milliþinganefndin í kirkjumálum hefur ungað út sínum eggjum. Hún mun hafa nóg á

sinni könnu samt. Það, sem einkum er athugavert við frumv., eins og það liggur fyrir, er það, að það fer of skammt. Þeir, sem samþykkja það, gjöra það af því, að þeir álíta kvöðina ósanngjarna, og ef hún er það, þá er hún það nú þegar, og frá því sjónar miði væri langrjettast, að afnema hana strax.

ATKVGR.: Frumv. fellt með 12 atkv. gegn 10.

XI. Sala á Bygggarði.

Á 16. fundi Ed., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til laga um heimild til að selja jörðina Bygggarð á Seltjarnarnesi (A 127) til 1. umr.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K,): Samkvæmt beiðni, sem liggur hjer frammi á lestrarsalnum frá ábúandanum á kirkjujörðinni Bygggarði í Seltjarnarneshreppi, um að fá tjeða jörð keypta, hef jeg gjörzt flutnm. að þessu frumv. Mál þetta hefur fengið talsverðan undirbúning, og geta menn kynnt sjer málsskjölin frammi á lestrarsal alþingis.

Hinn núverandi ábúandi, Ólafur Ingimundsson, sem hefur búið á jörðinni o: 40 ár, fór þess á leit árið 1901, að fá jörðina keypta. Voru þá skipaðir 2 virðingarmenn af sýslumanni, og fór virðingargjörð fram 9. nóv. 1901. Jörðin var virt á 2,350 kr. Síðan var dómkirkjupresturinn beðinn um, að láta upp álit sitt, og gjörir hann það í brjefi 3. júní 1902. Hann vill bæta 243 kr. við virðingarverðið, svo að söluverðið verði 2,600 kr. Enn fremur var salan samþ. á hjeraðsfundi í Kjalarnesþingi 26. júní s. á. fyrir það verð. Svo var málið afgreitt til stiptsyfirvaldanna, en þau tilkynna með brjefi 21. okt. 1903, að landshöfðingi hefði með brjefi 23. sept. 1903 svarað fyrirspurn þeirra um söluna á þá leið, að til þess að selja jörð þessa þyrfti lagaheimild. Það er líklega vegna þess, að dómkirkjan á jörðina, og hún er landssjóðseign.

Ábúandinn sendi nú beiðni til þingsins, og flyt jeg sem þm. kjördæmisins frumv. til laga, um heimild til sölunnar. Allir hlutaðeigendur hafa samþ. söluna, og vona jeg því, að menn láti þetta meinlausa frumv. ganga greitt í gegn um hina háttv. deild.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mjer finnst tvennt dálitið athugavert við frumv. þetta. Það er í fyrsta lagi, að söluverðið er of lágt, því það er virt samkvæmt gömlum leigumálum, og er jeg viss um, að miklu hærra verð mætti fá fyrir jörðina, ef hún væri seld á uppboði. Í öðru lagi, að ábúandinn, sem óskar kaupanna. er gamall og farlama maður, fátækur, og kaupir ekki fyrir sjálfan sig, heldur standa aðrir að baki honum. Þetta virðist mjer að hin háttv. deild ætti að íhuga, áður en hún sker úr máli þessu.

Flutningsmaður Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Ábúandinn, sem kaupanna æskir, hefur búið afarlengi á jörðinni, og finnst mjer, að það ætti fremur að mæla með því, að hann gæti fengið jörðina.

Að því er verðið snertir, þá skil jeg naumast, að þegar fyrst hafa eiðsvarnir virðingarmenn virt jörðina, og síðan

allir málsaðilar fjallað um málið og komið sjer niður á þetta verð, að það hlyti ekki að vera sönnu nærri. Það eina, sem þessu kaupi var til fyrirstöðu, var það, að lagaheimild vantaði. En geti hinn háttv. þm. lagt fram skilriki fyrir því, að færa beri verðið upp, er sjálfsagt að íhuga það.

Enn fremur ber þess að gæta, að þetta verð er að eins jarðarverðið, því hús öll, sem á henni eru, eru eign ábúanda.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr., og sögðu.

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Björn M. Ólsen,
Eiríkur Briem,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Guðj. Guðlaugsson,
Sigurður Jensson,	Gutt. Vigfússon,
Sig. Stefánsson,	Jón Jakobsson,
Valt. Guðmundss.,	
Þórarinn Jónsson,	
Þorgr. Þórðarson.	

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 127).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Meginmál frumv. fellt með 9 atkv. gegn 2.

C. Tekin aptur.

I. Innflutningur kvikfjár.

A 16. fundi Nd., fimmtudag 20. júlí, kom frumv. til laga um viðauka við lög 17. marz 1882, um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje (A. 87), til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Við höfum leyft oss að koma fram með þetta litla frumv. í von um, að það fengi góða meðferð í hinni háttv. deild. Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um tilgang þessa frv., því að hann mun vera kunnugur hv. þingmönnum.

Það eru til lög frá 1882, sem banna innflutning á útlendu kvikfje, og er í þeim lögum lagt bann fyrir innflutning á sauðfje, nautgripum og hestum. Jeg hef kynnt mjer umræðurnar um þetta mál frá þingi 1881. Þar er ekki minnzt á þörf á eptirliti með innflutningi á öðrum húsdýrum en þessum, sem jeg nefndi. Menn hafa þá auðsjáanlega haft fjárkláðann fyrir augum og þess vegna bannað innflutning á sauðfje, en ekki er hægt að sjá af umræðunum, hver ástæða hefur verið fyrir því, að banna innflutning á nautgripum og hestum. Það hefur einu sinni komið bann með konunglegri auglýsingu gegn innflutningi svína og geita, en þetta bann var seinna upphafið. Tilgangurinn með þessum lögum hefur ávallt verið sá, að tryggja sig fyrir því, að dýrasjúkdómar flyttust ekki inn í landið; eins er líka tilgangur okkar með því, að fá bannaðan innflutning á svínum og geitum, sá, að sjúkdómar berist ekki hingað með þessum dýrum. Það hefði máske ekki þurft að taka geitur með, því að þær eru afar sjaldan fluttar hingað, og lítil líkindi til, að svo verði, en það er öruggara, að til sje ákvæði í lögunum um innflutning þeirra.

Svín hafa þar á móti verið flutt hingað, og það er æskilegt, að það hefði verið gjört meira að því, og því yrði haldið áfram. Það virðist nú ef til vill undarlegt, að jeg, sem er hlynntur því, að svínarækt komist á, skuli flytja frv. um bann gegn innflutningi svína; en jeg flyt frumv. með tilliti til þeirra hættulegu sjúkdóma, sem með þeim geta borizt. Með þeim geta komið sjúkdómar, sem eru hættulegri en þeir dýrasjúkdómar, sem hjer þekkjast, t. d. »Mund- og Klovesyge«. Jeg vildi óska, að svínarækt yrði reynd, en það má ekki ske eptirlitslaust, og meiningin með þessu frv. er, að brýna þörfina á eptirliti fyrir mönnum. Oss hefur komið til hugar, að ef til vill væri æskilegast, að lögin frá 1882 væru endurskoðuð, og að sett yrðu skilyrði og breytingar við þau.

Það væri heppilegast, að nefnd yrði sett til þess, að íhuga þetta mál eða að því yrði vísað til einhverrar nefndar hjer í deildinni, sem hefur skyld mál til meðferðar.

Jeg vil ekki sjálfur gjöra þetta að minni tillögu, en vænti þess, að einhver stingi upp á því.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það liggur við borð, að flutt verði inn svín hjer á Suðurlandi. Það hefur komizt til tals, eptir að rjómabúin komust á. Rjómabúin hjer sunnanlands vilja fara að halda grísi til þess, að geta notað áirnar. Þetta hefur líka verið íhugað í Búnaðarfjelagi Íslands, að koma hjer upp stofnbúi fyrir grísi, er seldi þá til rjómabúanna, en enn sem komið er, hefur vantað karl eða konu, sem kynni með að fara smágrísi, sem eigi er vandalaust.

Jeg álít rjett, að þetta mál verði íhugað í nefnd, í sambandi við lögin frá 17. marz 1882.

Jeg vil gjöra það að tillögu minni, að því verði vísað til nefndarinnar, sem meðal annars hefur frumv. um kynbætur nautgripa til meðferðar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Vísað til nefndarinnar, sem kosin var til að íhuga frumv. um bændaskóla, frv. um verðlaun fyrir útflutt smjör, og frv. um kynbætur nautgripa, í einu hlj.

Á 23. fundi Nd., föstudag 28. júlí, kom frv. til 2. umr. (A 87, 187).

Flutningsmaður Jón Jónsson (þm. Seyðf.): Með því að nefndin hefur tekið efni þessa frumv. inn í frumv. það, sem er næsta mál á dagskrá (frv. til laga um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfje), þá leyfi jeg mjer að taka þetta frv. aptur.

II. Afnám synjunar um aðsetursleyfi.

Á 19. fundi Nd., mánudaginn 24. júlí, kom frumv. til laga um afnám rjettar hreppsnefnda og bæjarstjórna til að synja mönnum um aðsetursleyfi (A 130) til 1. umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Þó að þetta frumv. sje stutt, þá er það þó í raun og veru mjög þýðingarmikið.

Eins og háttv. þingmönnum er kunn-

ugt, þá er húsmönnum og þurrabúðarmönnum ekki heimilt, að setjast að í neinum hreppi eða kaupstað, nema þeir fái til þess leyfi hjá hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, og leiðir þetta ákvæði opt til þess, að amast er við því, að fátæklingar setjist þar að, sem þeir telja sig bezt geta sjeð sjer og sínum borgið. Þetta ákvæði er því mjög ófrjálslegt, og leggur hapt á atvinnufrelsi manna, enda hafa menn fundið, hve óeðlileg og órjettlát slík lagaákvæði eru, og því hefur þeim í sumum kaupstöðum landsins eigi verið fylgt mjög stranglega fram á seinni árum; en því strangar hafa margar hreppsnefndirnar beitt þeim.

Það er alkunnugt, að þegar sótt er um húsmennskuleyfi í hreppum, hliðra hreppsnefndirnar sjer mjög opt hjá því, að gefa umsækjanda ákveðið svar, þótt þeim sje það skylt; segja hvorki já eða nei; húsmaðurinn tekur aðsetur í sveitinni, en eptir fáein ár er hann flæmdur burtu, svo að hann verði ekki sveitlægur í hreppnum, og hefur margur maður komizt á vonarvöl sakir slíkra hrakninga. En langtíðast er það auðvitað, að hreppsnefndir synja aðsetursleyfis, nema þær telji manninn nokkurnveginn bjargálna, og eru þeir því fjötraðir við framfærslusveit sína, hversu óhagkvæmt, sem þeim kann að vera það.

Sveitfestistíminn er hjer á landi 10 ár sem stendur, og er það afarnógur tími til þess að sýna, hvort sá, er aðsetur hefur fengið, er nýtur og duglegur maður eða ónytjungur, sem ekki getur bjargazt, svo að engin ástæða er til þess, að heimila hreppsnefndum, að banna mönnum aðsetursleyfi. Ef sveitfestistíminn yrði færður niður í 2 ár, samkvæmt tillögum millilinganefndarinnar, tjáir og alls ekki, að hafa þetta ákvæði í lögum, því að þá er hætt við, að því yrði beitt enn harðara.

Jeg vona því, að háttv. deild taki þessa frumv. vel, og sjái, að það er þjóðinni tit mikillar vansæmdar, að fjölmennum flokki landsmanna sje bannað, að velja sjer aðsetur, þar sem hann telur sjer og sínum lífvænlegast, eða hyggur sig munu una bezt hag sínum; öll þess háttar ákvæði gjöra ekki annað, en að vekja óánægju hjá efnaminni hluta þjóðarinnar, og flæma menn úr landi, vestur til Ameríku, þar sem atvinnufrelsi manna er eigi slíkum ófrelsishöptum bundið. Látum efnaminni hluta þjóðarinnar, húsmennina, og þurrabúðarmennina, finna það, að þeir geti lifað hjer á landi sem frjálsir menn í frjálsu landi. Jeg leyfi mjer að svo mæltu, að gjöra það að tillögu minni, að málið sje, eptir að því hefur verið vísað til 2. umr., falið nefndinni, sem hefur frumv., til sveitarstjórnarlaga til meðferðar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til sveitarstjórnalaganefndarinnar með 13 samhlj. atkv.

Á 14. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til 2. umr.

Skúli Thóroddsen (þm. N.-Ísf.): Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, er tekið aptur, af því nefndin hefur leyft sjer að koma fram með nýtt frumv., er lýtur að því sama.

D. Ekki útrædd.

1. Umráð yfir Glerá.

A 10. fundi Nd., fimmtudaginn 13. júlí, kom frumv. til laga um heimild fyrir bæjarstjórn Akureyrar til þess að skylda eigendur til að láta af hendi eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi meðfram henni til 1. umr. (A 57).

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg býst við því, að þetta frumv. þyki dálítið nýstárlegur gestur. Það mun vera það fyrsta frumvarp, sem flutt er inn á þingið þess efnis, að veita einstöku kaupstaðarfjelagi »expróprjatiónsrjett« til þess að það geti komið í framkvæmd máli, er varðar almenna heill fjelagsins. En jeg vona, að málið fái góðan byr, því að það hefur afarmikla þýðingu fyrir Akureyrarkaupstað.

Jeg skal geta þess, að þessi á, Glerá, sem á að taka upp úr farvegi sínum, rennur á mörkum kaupstaðarins að norðan, og skilur þar lönd bæjarins og einstakra manna eignir. Í henni er foss, sem hefur 80—100 hesta afl þar sem hann er nú. En hann þykir liggja of fjarri bænum og vera of lítill, til þess að nokkru sje kostandi til hans. Nokkru fyrir neðan fossinn hefur verið tekin kvísl úr ánni til þess að reka tóvinnuvjelar; en það sem hjer er um að tala, er að stífla ána miklu ofar og veita henni niður af hæðinni fyrir ofan og utan bæinn. Þar má leiða ána fram af 155 feta háum klappar-stalli, og fá þar vatnsafl er nemur 600 hestöflum, og mega menn af því sjá, hve mikla þýðingu þetta mál getur haft.

Það hefur komið til tals að raflýsa bæinn, og eru samningar á leiðinni í þá átt, að raflýsingarfjelagið taki að sjer svo sem nemur 200 hesta afli, ef þetta kæmist á. Sömuleiðis ráðgjörir tóvinnufjelagið, að stækka verksmiðjuna og gjöra hana að fullkominni klæðaverksmiðju, og er ætlazt til þess, að hún geti byrjað haustið 1906; þá mundi hún taka 60—100 hesta. Þá má svo segja, að helmingurinn af kraptinum sje þegar leigður, og er óhætt að fullyrða, að einstakir menn muni taka að sjer hinn partinn, bæði til sögunarvjela, múrsteinsgjörðar og kannske fleira.

Vegurinn, sem á að veita ánni yfir, er um 1,000 faðmar; á þessu svæði eru flatneskjur og ýræktarmýrarflákar og holt, sem ætlazt er til að veitt verði vatni úr skurðinum yfir og þetta flæmi þannig gjört að graslendi. Auk þess eru á leiðinni 4 minni stallar, þar sem fossar mundu verða í ánni og yrði í þeim stærsta af þeim (nálægt Kotá) um 100 hesta afl, öðrum 20, o. s. frv., svo að alls verður þá í ánni 7—8 hundruð hesta afl til afnota. Það er mjög líklegt, að verkefni verði í framtíðinni nóg í kaupstaðnum fyrir allt þetta afl.

Einstakir menn, sem gætu hindrað þetta, eru eigendur að jörðinni Bandagerði fyrir norðan Glerá, tóvinnufjelagið og eigandi að koti, sem heitir Rangárvellir. Aðrir ekki það jeg veit til. Nú er það auðvitað ekki tilgangurinn með þessu frumv., að ganga neitt á rjett einstakra manna eða fjelaga.

Samningar eru þegar á góðum vegi við tóvinnufjelagið og líklega takast þeir líka við eigandann að Rangárvöllum; og hvað snertir eigendur að jörðinni Bandagerði, veit jeg ekki betur, en að þeir hafi afsalað tóvinnu-

vjelafjelaginu sínum rjetti. Tilgangurinn er aðeins sá, að fyrirbyggja það, að bærinn eða bæjarstjórnin þurfi að láta hafa sig fyrir fjeþúfu. Jeg býst reyndar ekki við, að það komi fyrir, en jeg vil samt eindregið mæla með því, að löggjafarvaldið veiti bæjarstjórninni þessa heimild, af því að hjer er um svo stórt fyrirtæki að ræða, sem þarf að komast fljótt í framkvæmd.

Áætlun um kostnað við þetta verk hefur verið gjörð, og mun kostnaðurinn allur verða nálægt 42 þús.

Jeg skal svo ekki fara lengra út í þetta að sinni, að eins taka það fram, að hjer er um stórvægilegt framfarafyrirtæki fyrir kaupstaðarfjelagið að ræða. Jeg get heldur ekki sjeð, að nein hætta sje á því, að þessari heimild verði beitt til að traðka rjetti einstakra manna.

Jeg leyfi mjer svo að stinga upp á því, að málinu verði vísað til 2. umr. og kosin í það 3 manna nefnd.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Þessir 9 menn æsktu hlutfallskosningar:
Skúli Thoroddsen, Magnús Andrjesson, Ólafur Briem, Einar Þórðarson, St. Stefánsson 2. þm. Eyf., Jón Jónsson, Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., Björn Kristjánsson, Ólafur Ólafsson.

Kosnir voru þessir þm. með hlutfallskosningu:

Guðlaugur Guðmundsson,
Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.),
Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.).

Í nefndinni var Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf. kosinn formaður og Guðlaugur Guðmundsson skrifari og framsm.

Á 24. fundi Nd., laugardaginn 29. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A. 57, 177).

Framsögumaður Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Nefndarálitið um þetta mál er allítarlegt og fylgja 2 skjöl, sem jeg leyfi mjer að vísa til; jeg vona, að nefndin hafi gjört ljósa grein fyrir þýðingu málsins fyrir kaupstaðinn og sýnt fram á, að þetta geti ekki komið í bága við nokkurs manns rjett. Í nefndarálitinu er tilgreint, hverjir sjeu eigendur þess lands, sem lagaboð þetta snertir, og ímynda jeg mjer, að ekkert sje því til hindrunar, að þeir að skaðlausu geti látið landið af hendi. Jeg vil leiða athygli háttv. deildar að því, að eptir bendingu frá hæstv. ráðherra, hefur nefndin breytt formi þessa frumv. og svo að segja haft algjörð fataskipti á því, en efnið er það sama í frumv. eptir sem áður.

Í 2. gr. frumv. er nú nokkuð nákvæmari ákvæði um það, ef ágreiningur skyldi verða milli bæjarstjórnarinnar og eigenda, um hve mikið land þurfi að láta af hendi og hve hátt gjald skyldi fyrir það greiða.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki frumv. og lofi því að ganga áfram.

ATKVGR.: Breyt.till. nefndarinnar (177) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. frumv. fallin.

2. Breyt.till. nefndarinnar (177) við 2. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. fallin.

Breyt.till. nefndarinnar (177) við fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi Nd., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 227).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Ed.

Á 26. fundi Ed., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 256).

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Í frv. þessu er farið fram á, að eigendur Glerár og lands meðfram henni láti af hendi eignarrjett sinn við bæjarstjórn Akureyrar, gegn hæfilegu endurgjaldi. Nú er auðvitað rjett, að varna eigi fjölmennum kaupstað, að hafa þau not af vatninu, sem nauðsynleg eru kauptúninu til þrifa, en aptur á móti vildi jeg benda á, að það er varhugavert, að gefa út slík lög, ef eignarrjettur eigendanna er eigi nægilega tryggður. Og það held jeg sje ekki í þessu frumv. Jeg held, að óþarfi sje, að kjósa nefnd í málið, en vonast til, að menn íhugi þetta vandlega við 2. umr. málsins.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Á 28. fundi Ed., laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 256, 279).

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg hef leyft mjer ásamt 2 öðrum háttv. þm., að koma fram með breyt.till. við frumv. þetta á þgskj. 279, sem fer í þá átt að tryggja betur eignarrjett eigenda Glerár. Mjer og hinum háttv. meðtillögumönnum mínum finnst frumv. ganga of nærri eignarrjetti þessara manna að því leyti, að ákveðið er í frumv., að eigendurnir skuli að eins velja einn mann til þess að skera úr ágreiningi, er kynni að verða, og bæjarstjórnin á að velja einn. En þar að auki á bæjarfógeti sjálfur að sitja í gjörðardóminum og enn fremur að dómkveðja 2 menn. Þótt það sje nú fjarri mjer, að væna bæjarfógetann því, að hann muni vera hlutdrægur, þá finnst mjer þó, að eignarrjettarins sje eigi sem bezt gætt, þar sem hann er svo mjög við málið riðinn sem formaður bæjarstjórnarinnar. Eptir þessu fyrirkomulagi er hætt við, að bæjarstjórnin geti haft meiri hluta atkv., hvernig sem málið er vaxið. Þetta þótti okkur ósanngjarnt og stingum því upp á í breyt.till. á þgskj. 279, að málsaðilar skuli tilnefna sína 2 menn hvor, en stjórnarráð Íslands oddamanninn, því að þá eru mikil líkindi til, að á hvorugan verði hallað í valinu. Annars verð jeg að játa það, að við höfum gjört þessa breyt.till. að nokkru leyti út í loptið, því að skrifstofunni hefur hjer orðið sú mesta skyssa á, sem henni hefur viljað til á þessu þingi. *(Jón Ólafsson:* og þá er mikið sagt), sem er í því fólgin, að hún hefur gleymt 2 síðustu málsgreinunum aptan af frumv. eins og það var samþ. í háttv. Nd. Það, sem því mætti finna að okkar breyt.till., er það, að ef þær komast í gegn, þá eru engin ákvæði sett, ef það tilfelli kemur fyrir, að annarhvor málsaðila vill eigi tilnefna neinn í dóminn; er það óneitanlega gott, að hafa slíkt ákvæði, enda stóðu þau einmitt í fyrri málsgr., sem burt er fallin, og mundum við hafa látið þessi ákvæði standa, ef við hefðum vitað um það; að eins mundum við hafa breytt eintölunni »mann« og »maður« í fleirtölu. Líka er jeg í vafa um, hvort rjett sje að hafa í lögunum ákvæði um, að engan megi dómkveðja, sem á sæti í bæjarstjórn Akureyrar. Jeg sje ekkert á móti því, ef breyt.till. vor gengur fram, að bæjarstjórninni sje heimilt að tilnefna mann úr sínum hóp.

Við þessa umr. er eigi hægt að laga þetta, nema ef hin háttv. þingd. vildi

fara eptir því, sem auðvitað var tilætlun okkar, þegar við sömdum breyt.-till., og skoða það sem prentvillu, þar sem stendur: »til enda gr.« í staðinn fyrir: »*til enda málsgreinarinnar*«. En til 3. umr. mætti laga þær málsgr., sem úr hafa fallið í prentuninni, ef þurfa þykir. Jeg vona svo, að háttv. deild sjái, að okkur var vorkunn í þessu máli, og að hún lofi okkur að laga breyt.till. eptir því, sem jeg hef bent á.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.); Jeg vil að eins taka fram út af athugasemd háttv. 3. kgk. þm. um það, að fella mætti að líkindum burtu síðustu málsgr. 2. gr. frumv., ef breyt.till. yrði samþ., að jeg lít svo á, að það mætti ekki. Hjer er um 2 málsaðila að ræða, landeiganda og bæjarstjórn Akureyrar; það virðist eiga illa við, að leyfa bæjarstjórninni að útnefna virðingarmenn úr sínum flokki, eins og ef landeigandi tilnefndi sjálfan sig til þess að virða sitt eigið land. Hið annað atriði, að breyta »maður« í »menn« í annari málsgr. 2. gr. og að breyt.till. verði felld inn í frumv., eins og við á, og meining okkar er, það verður víst að álíta »redaktións«-atriði, sem lagað verður á skrifstofunni. Vjer flutnm. breyt.till. tókum frumv. eins og því var útbýtt hjer við 1. umr.; það, sem hafði fallið úr því við prentunina, verður að skoða sem síðar framkomið.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Mitt álit er það, að frumv. hafi aldrei legið til löglegrar meðferðar við 3. umr. í Nd., nje 1. umr. hjer í deildinni, og vil jeg því leyfa mjer að stinga upp á því, að frumv. verði vísað aptur til meðferðar í Nd.

Forseti: Jeg get ekki vísað frumv. til Nd. aptur, því vel getur verið, að þessar 2 málsgr. hafi fallið úr við prentunina eptir 3. umr. í Nd.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að gefa þær upplýsingar, að frumv. var útbýtt til 3. umr. í Nd. eins og það nú liggur hjer fyrir, og háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) hefur sagt mjer, að það hafi legið fyrir Nd. við 3. umr., eins og það er prentað hjer. Jeg vil því endurtaka uppástungu mína, að vísa frumv. aptur til Nd.

Forseti: Það liggur engin sönnun fyrir um það, að meðferð frumv. hafi ekki verið lögleg í Nd.; jeg álít rjettast að taka málið út af dagskrá.

Ráðherrann: Jeg hef ekki heyrt neitt um þetta atriði fyr en nú; eins og frumv. er prentað í Alþingistíðindum þeim, er jeg hjer hef, þgskj. 256, var það samþ. við 3. umr. í Nd. eptir því, sem jeg veit bezt. Til þess að komast eptir, hvernig í þessu liggur, álít jeg, rjettast, að málið sje tekið út af dagskrá.

Forseti: Jeg vil að eins geta þess, að háttv. þingm. Ísfjk. (Sig. St.) hefur beðið um orðið; þegar hann hefur lokið máli sínu, verður málið tekið út af dagskrá.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg felli mig vel við úrskurð forseta, en vil að eins taka það fram, að mjer virðist það rjett, sem háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.) sagði, að frumv. hefði ekki verið til löglegrar meðferðar við 3. umr. í Nd. nje heldur við 1. umr. hjer í deildinni. Það rjettasta virðist því vera, að vísa málinu til Nd. aptur til löglegrar meðferðar.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að taka hjermeð málið út af dagskrá, til þess að hægt sje að rannsaka, hvernig í þessu liggur. Þegar háttv. deild hefur fengið upplýsingar um málið, getur hún tekið ákvörðun um það, hvað gjöra skuli við frumv., er það kemur á dagskrá næst.

Á 21. fundi Ed., miðvikudaginn 9. ágúst, kom frumvarpið til framhalds 2. umr. (A 256. 279).

Forseti: Eius og háttv. deild er kunnugt, er frumv. þetta komið frá Nd. Við 2. umr. þar voru gjörðar breytingar við hið upprunalega frumv., en þær komu ekki fram við 3. umr., nje við 1. umr. hjer í deildinni. Þetta var skrifstofunni að kenna, og hafa þeir háttv. þingm. í Nd., sem hafa átt tal við mig um þetta atriði, sagt mjer, að þeir hafi greitt atkvæði sitt með frumv., eins og það átti að vera eptir breytingar þær, sem gjörðar voru við 2. umr. En þótt svo sje, þá verður ekki álitið. að frumv. hafi verið hjer löglega til 1. umr., og mun jeg því, ef enginn háttv. þingdm. mælir á móti því, taka málið út af dagskrá; einn háttv. þingdm. hefur lofað að flytja hjer frumv. sama efnis svo fljótt, er tæki leyfa, og vænti jeg að það fái svo fullkominn og löglegan undirbúning í báðum deildum.

B. M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil mæla með því, að málið verði tekið út af dagskrá, og mun jeg innan skamms flytja frumv. í sömu átt hjer í deildinnni.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, að frumv. sje tekið út af dagskrá og annað frumv. sje flutt um sama efni, en er það rjett, að 2 frumv. sama efnis sjeu fyrir þinginu í einu? Jeg held, að það sje ekki leyfilegt eptir þingsköpunum. Jeg veit, að það hefur verið »praxis«, að, þegar nefnd hefur samið frumv. upp að nýju, þá hefur upprunalega frumv. verið fellt.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.) Jeg man eptir, að það kom fyrir í Nd. milli 1880 og 1890, að nefnd bjó til nýtt frumv., en þá kom fram sú skoðun hjá mörgum, að ekki skyldi fella hið upprunalega frumv., heldur láta það liggja niðri og sjá, hvernig gengi með nefndarfrumv., og ef því gengi illa, taka gamla frumv. til meðferðar. Þetta náði framgangi; hið upprunalega frumv. var ekki fellt.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm): Mjer finnst óhultast, að málið sje tekið út af dagskrá. Það er einnig sá hængur á að fella frumv., að það er ekki hægt svo löglegt sje, þar sem það liggur hjer ekki löglega fyrir deildinni.

Forseti: Málið er tekið út af dagskrá.

Sjá II. A XXIV.

II. Löggilding Lambhúsvíkur.

Á. 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Lambhúsvík á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu (A. 76) til 1. umr.

Flutningsmaður Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Háttv. þm. er að líkindum kunnugt um, að legið hefur frammi á lestrarsalnum beiðni um löggildingu á Lambhúsvík, undirskrifuð af nær 50 manns. Á sýslufundi 1904 ljet sýslunefndin í ljósi, að það væri eitt af áhugamálum sýslunnar, að fá þessa höfn löggilta. Sömuleiðis á þingmálafundi, sem haldinn var á Blönduósi 9. júlí þ. á., kom fram samhljóða

ósk um þetta. Af öllu þessu getur háttv. þingd. sjeð, að hjer er um áhugamál sýslubúa að ræða, og er því vonandi, að frumv. þetta fái góðan byr á þinginu.

Ráðherrann: Það hefur að vísu komið fyrir opt áður, að samþykkt hafa verið löggildingarfrumvörp án þess að ákvarðanir væru gjörðar um verzlunarlóðina, en það getur valdið miklum óþægindum, og ómögulegt er að vita, hvað er kauptún og hvað ekki. Í þessu frumv. eru engin takmörk sett fyrir því, hvað verzlunarlóðin eigi að vera stór eða hvar hún eigi að liggja, og álít jeg heppilegt, að sú regla væri innfærð, að setja þar að lútandi ákvarðanir í slík frumv., eða þá að gefa út almenn lög um það, hver ákveða skuli takmörk verzlunarlóða í löggiltum kauptúnum.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Skf.): Jeg hefi veitt því athygli, að það lítur ekki út fyrir það, að háttv. flutningsmaður sje vel kunnugur þessum stað. Jeg álít varhugavert, að samþykkja svona lagaðar löggildingar. Það getur vel verið, að það sje meinlaust, að löggilda staði, sem enginn þekkir, ekki einu sinni flutningsmaður, eða staði, sem ekki eru til í landinu, en það eykur ekki virðingu manna fyrir þinginu. Það getur beinlínis orðið til athlægis út um landið, að þingið fer að löggilda firði og víkur, sem alls ekki eru til. Og það hefur þingið gjört; jeg get nefnt dæmi þar sem þetta hefur komið fyrir. Í stjórnartíðindunum er til löggilding á höfn, sem jeg veit að er alls ekki til. Það er »Kárahöfn« í Skaptafellssýslu. Það er auðvitað allskemmtilegt fyrir þá, sem til þekkja, að fá tækifæri til að hlægja að þesskonar axarsköptum, en þingið eða álit þess græðir ekki á því.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Af því að jeg hygg, að þetta mál sje háttv. þingd. nokkuð óljóst, vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að þriggja manna nefnd sje sett í það, með sjerstöku tilliti einnig til þess, sem hæstv. ráðh. sagði um ákvörðun verzlunarlóða.

Hermann Jónasson (1. þm. Húnv.): Það er rjett, sem háttv. þm. V.-Skf. sagði, að jeg væri ekki kunnugur þessum stað; jeg get ekkert um hann sagt af eigin þekkingu, en þetta erindi hefur legið frammi hjer á lestrarsalnum, það sem af er þingtímanum, og sýnir að það er vilji Vatnsnesinga, Þverárhreppinga og Þorkelshólshreppsbúa, að fá þenna stað löggiltan. Jeg var ekki viðstaddur á þingmálafundinum á Blönduósi, og ekki heldur á sýslufundinum, þar sem þetta einnig hefur verið samþykkt, svo mjer er eigi fullljóst, hve *brennandi* áhuginn hefur verið á þessu máli.

Mjer er kunnugt um það, að þegar vestanátt er, eru hafnirnar á austanverðum Húnaflóa opt allsendis ófærar, og þegar ekki er hægt að setja fólk og farangur á land á Blönduósi, þá er þetta heppilegasti staðurinn í nánd til þess, þegar veður stendur af nefndri átt.

Þessi Lambhúsvík er fremur lítil; ekki geta skip legið þar inni á víkinni; en þar er góð lending fyrir báta og lygnt inni fyrir að sögn, þótt stórt sje í sjó fyrir utan.

Jeg felli mig vel við uppástungu háttv. þm. N.-Þing (Á. J.) um að setja nefnd í málið, og er samdóma hæstv. ráðh. um það, að löggildingarmálið í heild þurfi athugunar við, og gæti þá nefndin komið með þær athugasemdir, sem þurfa þykir.

Björn Kristjánsson (1. þm. K.-G.): Jeg hef fyrst orðið þess var nú, að háttv. þm. vilja setja vissar skorður fyrir því, hvað svæðið, sem löggilt er,

eigi að vera stórt. Á undanförnum þingum hefúr þessari reglu eigi verið fylgt. Jeg vildi óska, að hæstv. ráðh. hefði komið með þessa athugasemd fyr. Jeg hef, eins og kunnugt er flutt inn á þingið frumv. til laga um löggildingu á Gerðaleir og Mariuhöfn. Það eru dálitlar víkur, og sýnist því engin ástæða til þess að takmarka verzlunarlóðina þar; allt öðru máli er að gegna um þetta í stórum bæ, eins og t. d. Reykjavik; þar er nauðsynlegt, að verzlunarlóðir sjeu fast-ákveðnar. En það hefur ekki hin minnstu áhrif á svona jörðum, hvar maður setur búð sína, hvort heldur 1,000 föðmum utar eða innar, ef hann að eins verzlar við þá vik, sem löggilt hefur verið.

Ef þessu verður haldið fram, sje jeg ekki annað en að gjöra verði breytingar við þessi frumv., þótt lítil ástæða sje til þess að minni ætlun.

Ráðherrann: Það hefur opt komið fyrir, að menn hafa rekið sig á ókostina við það, að löggildingarlög hafa verið eins snubbótt og óákveðin eins og tiðkazt hefur. Víða vaða menn enn í villu og svíma um, hvort þeir sjeu í kauptúnum eða ekki, og þá einkum um það, hvort þeir sjeu háðir þeim lögum, sem sjerstaklega gilda um kauptún og verzlunarstaði, t. d. lögin um eignarnám á byggingarlóðum í kauptúnum o. fl. Jeg vil nefna sem dæmi Haukadal í Dýrafirði; í lögunum stendur að eins »Haukadalur í Dýrafirði skal vera verzlunarstaður«, en svo er ekkert ákveðið meira, og afleiðingin af því er sú, að enginn veit, hvar verzlunarlóðin byrjar eða endar. Þetta veit jeg að á sjer stað víðar á landinu. Það er því nauðsynlegt framvegis, að í hvert skipti, sem löggilt er höfn, þá sje fast-ákveðin verzlunarlóðin á einhvern hátt, og það eru heldur engin útlát; þetta verður enn nauðsynlegra, ef hin ýmsu frumv., sem nú eru fyrir þinginu, viðvíkjandi sjerstökum rjettindum kauptúna, komast í lagagildi. Það er það allra minnsta, sem heimtað verður af flutnm. löggildingarfrumv., að þeir þekki til á þeim stað, er þeir vilja fá löggiltan, viti, með öðrum orðum, hvað þeir eru að tala um.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sagði, að þar sem engin byggð væri, væri engin ástæða til að setja nein takmörk; en jeg vil benda honum á það, að þar sem engin byggð er nú, þar getur hún komið.

Jeg er mjög meðmæltur því, að nefnd sje sett í málið; upplýsingar um þetta mál eru svo ónógar, og menn svo ókunnir því, að full þörf er á því, að rannsaka það ítarlega.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg ætlaði sannarlega að láta mjer nægja að »prokúrera« fyrir næsta máli á dagskrá, en jeg get ekki lengur orða bundizt; það gengur alveg fram af mjer, að hlýða á slíkar umræður út af svo lítilfjörlegu máli.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væru engin útlát að kjósa nefnd í þetta mál. Jú, það eru sannarlega útlát, það er dýr hver þingdagurinn. Það eru meir að segja útlát, að vera að þrefa um þetta hjer. Það er óforsvaranleg misbrúkun á þingtímanum. Jeg vildi miklu heldur, að þeir herrar, sem kjósa vilja nefnd í málið, hefðu þrek til þess að drepa það.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Mjer finnst það vera nóg í hverjum löggildingarlögum, að stjórnarráðinu sje falið að ákveða verzlunarlóðina, því að jeg tel það nauðsynlegt, að svæði það, er verzlun má reka á, sje takmarkað að lögum. Stjórnarráðið mundi auðvitað heimta lýsingu og uppdráttt af staðnum og þá mundi þingið losna við þá

byrði, að setja takmörk á þeim stöðum, sem þingmenn ekki þekkja til.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Jeg gladdist mjög af því, að heyra tillögur hæstv. ráðherra, þar sem hann bendir á það, að, eins og nú er, vanti alveg takmörk á verzlunarlóðum, og nefndi hann í sambandi við það kaupstaðinn Haukadal, þar sem ekkert takmark er sett um stærð verzlunarlóðarinnar; í löggildingarlögunum er að eins sagt, að Haukadalur skuli vera löggilt kauptún, En það er aðgætandi, að Haukadalur er jörð, 60 hundruð að dýrleika, með miklu landrými. og strandlengja sú, sem umgirðir höfnina Haukadalsbót og sem öll er hæf til verzlunar og byggingar, er full 1/4 míla dönsk.

Hátt. 1. þm. G.-K. áleit, að slíkt hefði ekki mikla þýðingu, að ákveða stærð verzlunarlóða, en svo er ekki, því slíkt getur í ýmsum tilfellum haft töluverða þýðingu og í sambandi við það vil jeg benda á, að fyrir þinginu liggja nú lög um breytingar og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs, og að samkvæmt 1. gr. þeirra laga má því að eins veita lán til þurrabúða- og grasbýlakaupa, að þurrabúðirnar og grasbýlin sjeu utan kaupstaðanna eða kauptúnanna, svo að hversu mörg grasbýli, sem kynnu að koma upp á jörð, sem þingið hefur löggilt þannig, þá gæti ekki komið til mála, að slík grasbýli gætu fengið lán úr sjóðnum.

Jeg get því ekki sjeð annað, en að nauðsyn beri til að ákvarða verzlunarlóðirnar, og mjer er kunnugt um, að mjög víða hefur það ekki verið gjört; jeg vil nefna sem dæmi Þingevri í Dýrafirði; það er gamall verzlunarstaður, en þar eru engin takmörk um verzlunarlóðir; þó get jeg ekki sjeð, að nefnd geti nokkuð gjört í þessum löggildingarmálum; mjer finnst rjettast, að slík mál gangi í gegn nefndarlaust, en aptur felli jeg mig vel við það, að þingið veiti stjórnarráðinu heimild til þess að takmarka verzlunarlóðir.

Ráðherrann: Jeg vil benda á það, að sú nefnd, sem sett yrði í þetta mál, gæti einmitt búið til frumv. í þessa átt. Jeg get ekki sjeð, að það sje nein töf að setja nefnd í málið; þvert á móti; það er meiri töf að ræða þetta hjer svo mikið, sem gjört hefur verið. Jeg vil svara báttv. þm. Snæf. því, að ef nefndin hefði verið kosin þegar í upphafi málsins, þá hefði það getað sparað nokkuð af þeim tíma, sem nú hefur farið í umræður um þetta. En jeg vona, að þessum tíma sje ekki fleygt í sjóinn, heldur verði af honum góður árangur, ef nefnd er sett.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr, með 22 : 1 atkv.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd með 16 : 4 atk.

Kosningu hlutu: Hermann Jónasson með 11 atkv., Jóhannes Ólafsson með 10 atkv. og Árni Jónsson með 10 atkv. Björn Kristjánsson og Lárus H. Bjarnason fengu 9 atkv. hvor.

Í nefndinni var Hermann Jónasson kosinn formaður og Árni Jónsson skrifari og framsm.

Sjá II. A. IX. (A 179)

III. Löggilding Maríuhafnar.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Maríuhöfn í Kjósarsýslu (A 70) til 1. umr.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Þetta frumv. er fram komið að vilja Kjósarbúa. Jeg get gefið þær upplýsingar um þennan stað, að höfnin er einhver hin bezta á Suðurlandi. og líkur eru til, að þar rísi upp allmikill verzlunarstaður með tímanum. Staðurinn er vel settur og aðdýpi mikið.

Þingið hefur áður verið mótfallið því, að alltof margir verzlunarstaðir yrðu löggiltir, af ótta fyrir því, að útlend ábyrgðarfjelög biðu tjón við, að ókunn skip sigldu inn á varasamar hafnir, þar sem þeim væri hætta búin. Því fer fjarri, að ástæða sje til að taka tillit til útlendra ábyrgðarfjelaga í þessu sambandi, því þau taka ekki hið minnsta tillit til, hvort höfnin er löggilt eða ekki, eins og jeg hef opt áður tekið fram hjer í deildinni.

Jeg álít rjett, að löggilda hafnir, þegar fram á það er farið; þess vegna er jeg vanur því, að greiða atkvæði með öllum löggildingum. Vona, að hin hv. deild verði mjer samdóma í því, að heppilegast sje, að hafa allt sem frjálslegast í þessum efnum. Tíminn á að skera úr, hvaða verzlunarstaðir verði hentugastir.

Jeg vona, að þetta frumv. verði samþ. af hinni háttv. deild.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 24 atkv. gegn 1.

A 14. fundi Nd., þriðjudaginn 18. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 70).

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvk.): Jeg get ekki setið lengur orðalaust, þegar jeg sje hv. þm. standa upp í hóp til þess að samþ. nýjar löggildingar, sem mjer virðast hver annari ónauðsynlegri, og mjer liggur við að segja vitlausari. Jeg hef opt furðað mig á því, hve þingmenn eru viljugir til að löggilda hverja smávík, en þó hefur mig furðað það mest á þessu þingi, þar sem búið er að kjósa nefnd í skatta- og tollamálin, og það liggur fyrir að auka tekjur landssjóðs líklega með tollum.

Hver maður getur sjeð, að með föstum sköttum er ekki hægt að auka nægilega tekjur landssjóðs; að auka tollana verður það eina tiltækilega, annað hvort með hækkun þessara tolla, sem nú eru, eða með nýjum tollum. En auðsjeð er, að þessar mörgu löggildingar gjöra tollheimtuna því erfiðari, sem þeim er meir fjölgað. Það verður á endanum því sem næst ómögulegt eða ákaflega kostnaðarsamt, að hafa eptirlit með öllum þessum á seinni árum löggiltu kaupstaðarholum.

Ef menn búast við að hafa sjerstaka tollþjóna til að innheimta tollana, þá verður kostnaðurinn þeim mun meiri, sem löggiltu víkunum fjölgar. En ef menn búast við að hafa enga sjerstaka tollgæzlu, heldur trúa kaupmönnum fyrir framtalinu, eins og hingað til, þá er það varhugavert, þegar tollar hækka enn þá meira, svo mestallar tekjur landssjóðs hvíla á tollum. Það er öllum kunnugt, hvernig það gengur með framtal bænda og lausafjárskattinn, og það er nokkuð djarft að skoða landsmenn þá, sem eru í verzlunarstjett, engla, eða með öðru hugarfari en þá, sem stunda landbúnað. Mjer hefur fundizt þessi stefna þingsins hættuleg fyrir landssjóð, og eptir því, sem útlitið er nú, enn þá skaðlegri en nokkru sinni áður.

Hjer liggur nú fyrir frumv. um að löggilda Mariuhöfn; hvernig á nú t. d. sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem býr í Hafnarfirði, að geta litið eptir tolltekjunum þar sjálfur? Hann verður að fá til þess sjerstakan umboðsmann. Það er opt ekki svo auðvelt að fá góða ráðsmenn, sem trúa má eins og sjálfum sjer.

Jeg skil ekki, hvaða hag þingmenn sjá í því fyrir landsmenn nje landssjóð, að löggilda allan þennan sæg af verzlunarstöðum; á þessu þingi á að löggilda 6 hafnleysur til viðbótar því, sem komið er áður.

Þar sem ein kaupstaðarhola er sett niður í hverja vík, þar verður engin verzlunarkeppni, og það sem verra er, þá eru þar vanalega efnalitlir menn, sem ekki geta birgt sig með nauðsynjavöru, heldur selja munaðarvöru og kramvörn, sem þeir helzt geta grætt á. Sönnun fyrir þessu eru smáverzlanirnar bæði hjer í Reykjavík og út um landið, sem lítið hafa annað að selja, en munaðarvörur og glingur.

Þess er líka að gæta, að ný flutningafæri eru að komast á fót með mótorbátunum, sem víða er farið að nota, svo nú verður hægra en áður að ná að sjer varningi; þeir gjöra flutninga á fjörðum og flóum landsins ljettari og tíðari en áður.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þessar löggildingar; jeg hef alltaf verið á móti þeim og álít, eins og nú er ástatt, að þingmenn ættu að sitja kyrrir fyrir þessum mörgu löggildingum og segja: »hingað og ekki lengra«, að minnsta kosti þangað til tollmál vor eru komin í fast horf.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Það er ekkert nýtt að heyra þær mótbárur, sem háttv. 1. þm. Rvk. (Tr. G.) flutti fram, og hef jeg alls ekkert á móti því, þó aðrir hafi skoðanir ólíkar mínum. En í þessu máli hef jeg alveg gagnstæða skoðun við þær, sem háttv. þm. hjelt fram, og held jeg, að fleiri sjeu með sama marki brenndir.

Háttv. þm. gat þess, að því fleiri og smærri sem verzlunarstaðirnir yrðu, því dýrari mundu vörurnar verða, sökum þess, að afskekktir smákaupmenn stæðu allra manna bezt að vígi með að selja vörur sínar dýrt. Ennfremur sagði hann, að smáverzlanirnar, t. d. í Reykjavík, seldu dýrara en hinar stærri.

Jeg vil taka það fram, að því minni tálmanir, sem lagðar eru á leið verzlunarinnar, því betur standa kaupmenn sig við að selja vörurnar ódýrt, og með því að löggilda fleiri verzlunarstaði, er stytt kaupstaðarleið margra manna, svo þeir standa sig betur við að kaupa vöruna, enda þótt hún væri seld lítið eitt dýrari en á öðrum stað, sem liggur lengra burtu.

Það er ekki rjett, að smáverzlanir hjer í Reykjavík geti selt dýrara en stærri verzlanir, þær mundu alls ekki þrífast, ef þær seldu dýrara, og þar sem hann tók fram, að mótorbátum væri að fjölga, styður það að því, að ómögulegt verði að selja vörur mjög dýrt á smáu verzlunarstöðunum.

Aðalástæðan, sem þm. færði fram, var sú, að erfitt væri að hafa eptirlit með tollskyldum vörum og innheimta tolla á svo mörgum stöðum, ef farið yrði að löggilda hverja vík landsins. Því vil jeg svara þannig, að ekki sje annað en hafa umboðsmenn á hverjum stað, þar sem aðal tollheimtumennirnir ekki ná til og er það í þessu tilfelli mjög auðvelt.

Jeg hef ekki heyrt þess getið, að sýslumaðurinn, sem hlut á að máli,

sje neitt hræddur við þetta. Enda stendur svo á þar, að þar er ágætur maður, Þórður Guðmundsson á Hálsi, rjett við hendina (*Tryggvi Gunnarsson:* Verður hann þar ætíð?) Jeg gjöri ráð fyrir, að góðir menn komi í hans stað, þegar þar að kemur, því þarna hafa jafnan verið mætir menn, og það kemur enginn skussi til að búa á Hálsi, enda eru margir myndarmenn í Kjós.

Jeg hef um mörg ár flutt vörur til Maríuhafnar og ætíð haft sjerstök skiphleðsluskjöl þangað, þegar skip hafa komið frá útlöndum, sem sýslumaður hefur veitt móttöku. Sama hafa fleiri gjört, og veit jeg ekki annað en það gangi vel, og þurfi engum vandræðum að valda.

Enda þótt staður sje löggiltur, er enganveginn víst, að hann verði notaður sem verzlunarstaður. Því allt er undir því komið, hvernig hann reynist. Reynist staðurinn óhentugur, leggst hann niður aptur, og hvað gjörir það svo til? Alls ekkert. Það er tíminn og reynslan, sem verður að leiða gildi hvers staðar í ljós. Og hversvegna skyldum vjer leggja höpt á það, að menn afli sjer nytsamrar reynslu og þekkingar um þetta eins og annað? Jeg álít, að slíkt eigi ekki, alls ekki, að hepta.

Þess vegna leyfi jeg mjer að halda þessu máli fast fram, því jeg sje ekkert verulegt á móti því, og vona jeg, að háttv. þingd. samþykki þetta frumv.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 17 gegn 1 atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 20 gegn 1 atkv.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til 3. umr. (A 70).

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til þeirrar nefndar, sem hefur löggilding verzlunarstaða til meðferðar, og að þessari umræðu sje frestað.

Samþykkt í e. hlj.

Sjá II. A. IX (A 179).

IV. Löggilding Syðra-Skógarness.

Á 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí, kóm frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Syðra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi innan Snæfellsness- og Hnappadalssyslu (A. 72) til 1. umr.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg þarf ekki að vera margorður, úr því að sett hefur verið nefnd í þessi mál, en jeg tek það upp aptur, að það er óhæfilegt, að tefja tímann eins og gjört hefur verið.

Jeg vil leiða athygli hæstv. forseta að því, að það er prentvilla í fyrirsögn frumv., Syðra-Skógnarnes fyrir Syðra-Skógarnes. (*Forseti:* Það hefur þegar verið leiðrjett).

Hnappadalssýslu er svo í sveit komið, að þaðan er mjög erfitt að sækja til kaupstaða, hvort heldur farið er til Stykkishólms eða Borgarness, yfir fjall til Stykkishólms, en 2 óbrúaðar ár til Borgarness, og höfn sú, sem löggilt var þar 1895, Stakkhamar í Miklaholtshrepp, er allsendis ómöguleg höfn.

Aptur á móti er góð höfn í Syðra-Skógarnesi.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að beiðast dálítillar skýringar hjá háttv. flutningsmanni (L. H. B.). Í fyrirsögn frumv. stendur: »Syðra-Skógarnes í Miklaholtshreppi innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu«. Nú veit jeg, að Syðra-Skógarnes í Miklaholtshreppi er í Hnappadalssýslu, en þar sem það Skógarnes, sem frumv. ræðir um, er bæði í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þá getur það ekki verið Skógarnes í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu, en sje hjer átt við Skógarnes í Miklaholtshreppi, þá getur það ekki verið í Snæfellsnessýslu.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Það þarf engrar skýringar við; jeg ætlaði, að enda háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) vissi, að sýslan heitir Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Hnappadalssýsla er á kortinu greinilega afmörkuð. Nes það, sem hjer ræðir um, hlýtur að vera á sýslumörkum, þannig, að nokkur hluti þess liggi í hvorri sýslunni, ef það er rjett, sem stendur í fyrirsögninni, að það sje í báðum sýslunum. En sje það ekki og hjer sje átt við Syðra-Skógarnes í Miklaholtshreppi, þá ætti hinn háttv. flutningsmaður að breyta svo fyrirsögninni, að vit yrði í henni, og það sæist skýrt, hvar staður þessi væri.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg vil leyfa mjer, að stinga upp á því, að þessu frumv. sje vísað til sömu nefndar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

Málinu vísað til nefndarinnar í málinu um löggilding verzlunarstaða í e. hlj.

Sjá II. A. IX. (A. 179).

V. Lögilding Látra í Aðalvík.

Á 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar að Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu (A. 96) til umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg ímynda mjer, að jeg þurfi ekki að vera margorður um þetta frumv., þar sem beiðni um löggildingu þessa, undirskrifuð af mörgum Aðalvíkingum, hefur legið frammi á lestrarsalnum.

Jeg skal geta þess, að Látralag — svo nefnist höfnin — er ágætt skipalægi; »Skálholt« leggst þar jafnan, er það kemur til Aðalvíkur, og útlend og innlend fiskiskip leita þar inn hópum saman, þegar óveður er úti fyrir, og hefur það mjög opt sýnt sig, að þar er sannkölluð lífhöfn.

Jeg skal og bæta því við, að vottorð frá nokkrum skipstjórum liggja frammi á lestrarsalnum, sem sýna, að þar er ágætur botn.

Jeg vil enn fremur geta þess, að skömmu fyrir þingið átti jeg tal við menn, sem þess voru fýsandi, að höfnin yrði löggilt, og leizt þeim heppilegt, að sú ákvörðun væri gjörð um takmörk verzlunarsvæðisins, að

það næði frá Grjótodda að Nestá, og skal jeg í þessu efni taka það fram, að jeg er algjörlega sammála hæstv. ráðherra um það, að nauðsynlegt sje, að takmörk verzlunarlóðarinnar sje ákveðin í frumv. um löggildingar verzlunarstaða. Því að með löggildingunni er lögð kvöð á jörðina, þar sem menn geta fengið þar útmældar lóðir til verzlunarreksturs án samþykkis jarðareiganda. Þess vegna er það mjög heppilegt, að vita, hvað löggilt er, og hvað ekki. Það er t. d. ekki gott, að tekinn sje bezti parturinn úr túni jarðareigandans og gjörður að verzlunarlóð.

Þar sem nú þetta frumv. er laust við þessa agnúa, sem hin frumv. hafa, sje jeg ekki ástæðu til þess, að því sje vísað til nefndarinnar.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Þó að frumv. hafi ekki sömu agnúa, og hin frumv., þá held jeg, að það sje rjettara, að vísa því til nefndarinnar. *(Skúli Thoroddsen*: Hvað er unnið við það). Jeg þekki ekki málið og jeg get trúað, að svo sje um fleiri þingmenn.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykkt að vísa því til nefndarinnar í málinu um löggilding verzlunarstaða með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Einar Þórðarson,
Jón Magnússon,	Guðl. Guðmundss.,
Björn Bjarnarson,	Jóhannes Ólafsson,
Björn Kristjánsson,	Lárus H. Bjarnas.,
Eggert Pálsson,	Magnús Andrjess,,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Briem,
Hannes Hafstein,	Ólafur Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Skúli Thoroddsen,
Herm. Jónasson,	Stef. St., 2. þm. Eyf.,
Jón Jónsson,	Stef. St., 2. þm. Skgf.
Ólafur Thorlacius,	Þórh. Bjarnarson.
Tr. Gunnarsson.	

Sjá II. A. IX. (A. 179).

VI. Löggilding Gerðaleirs.

Á 14. fundi Nd., þriðjudaginn 48. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Gerðaleir í Gullbringusýslu (A. 29) til 1. umr.

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg vona, að þetta frumv. fái góðan byr hjer í hinni háttv. deild, eins og það fjekk í hitt eð fyrra, þegar það kom fram. Það var þá samþykkt með öllum atkv. móti einu. Það stendur nú svo já, að þarna er komin stór verzlun, sem síðasta ár hefur gjört hjer um bil 100,000 kr. umsetningu, og hefur verið lagt mikið kapp á að fá verzlunarstaðinn löggiltan. En frumv. fjell í Ed. í hitt eð fyrra, því menn voru ekki vissir um nema lögreglustjóri væri á móti því. En nú mælir sýslumaðurinn í Hafnarfirði fastlega með því; jeg hef leitað álits hans um málið, og vil jeg með leyfi forseta lesa upp kafla úr brjefi frá honum, dags. 14. júlí 1905, svo hljóðandi:

»Í þessu sambandi má einnig geta þess, að það er ekki með öllu þýðingarlaust fyrir landssjóðinn, að fá Gerða löggilta, því þar í grennd við eru þrjár þjóðjarðir, sem án efa mundu stíga í verði, ef löggilding fæst«.

Hann telur aðalástæðuna fyrir lög-

gildingunni þá, að framleiðsla sje svo mikil í Garði, og hafi farið svo mjög vaxandi hin síðari árin.

Hann tekur fram, að með tilliti til sóttvarna sje ekkert því til fyrirstöðu. Það muni þá verða skipuð sóttvarnarnefnd, og mundi hann fá umboðsmann til að veita henni forstöðu.

Hann er, sem sagt, frumv. meðmæltur yfir höfuð, og jeg vona, að það verði samþ. eins og aðrar löggildingar. Jeg fer svo ekki um þetta fleirum orðum, en læt mjer nægja, að óska þess, að frumv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí, kom frumv, til 2. umr. (A 79).

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til 3. umr., og síðan vísað til nefndarinnar, sem hefur til meðferðar löggilding verzlunarstaða.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 3. umr. með 20 atkv.

Vísað til nefndarinnar í málinu um löggilding verzlunarstaða.

Sjá II. A IX. (A 179).

VII. Löggilding Ólafsfjarðar.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Ólafsfirði í Eyjafjarðarsýslu (A 109) til 1. umr.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg vona, að þessu frumv. verði vel tekið eins og öðrum samskonar frumv. Málið er komið fram eptir óskum bænda í Ólafsfirði, þó að jeg fyrir sjerstök atvik sje svo óheppinn, að hafa ekki frá þeim undirskrifaða bænarskrá í höndum, eins og sumir aðrir flutnm., er slík mál flytja. Aðalástæðan fyrir því, að þetta frumv. kemur fram, er sú mikla fjarlægð sveitarinnar frá verzlunarstað, og þar af leiðandi mjög miklir erfiðleikar á verzlunarviðskiptum manna. Undanfarið hafa Ólafsfirðingar rekið verzlun sína að miklu leyti á Akureyri og Siglufirði, en til Akureyrar er sem næst 6 mílna sjóleið, og til Siglufjarðar, að jeg hygg, um 4 mílur, og liggur sú leið útí opnu hafi og því margopt mjög hættuleg.

Að vísu hefur í Ólafsfirði verið nokkur verzlun um síðustu undanfarin ár, en bæði hefur hún verið ófullnægjandi og fyrir utan alla nauðsynlega samkeppni, því verzlunin hefur að eins verið ein; þetta hefur orðið til þess, að menn hafa opt heldur leitað til hinna fjarlægari verzlunarstaða, þótt þeir erfiðleikar sjeu miklir.

Annars er það að segja um Ólafsfjörð, að þar er ágætt fiskipláss, og sveitin mjög grösug; einnig hefur þinghús hreppsins verið byggt á þeirri væntanlegu verzlunarlóð, og barnaskóli verið haldinn þar um nokkra undanfarna vetur, og má þetta teljast því til mikilla meðmæla, að staðurinn sje löggiltur, enda er þar þegar myndað talsvert fjölmennt sjóþorp.

Dýpið á höfninni er 7—12 faðmar,

og eru þar engar grynningar nje sker að óttast; höfnin liggur vel fyrir öllum áttum nema fyrir norðanátt; það virðist því hættulaust, að láta þennan stað öðlast löggilding.

Jeg orðlengi svo ekki þetta meira, en óska að eins, að það verði látið ganga til 2. umr. og verði vísað til þeirrar nefndar, sem hefur löggildingamálið til meðferðar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 19 atkv., og vísað til nefndarinnar í málinu um löggilding verzlunarstaða.

Sjá II. A. IX. (A 179).

VIII. Löggilding Holtsóss.

Á 20. fundi Nd., þriðjudaginn 25. júli, kom frumv. til laga um löggilding verzlunarstaðar við Holtsós undir Eyjafjöllum (A 148) til 1. umr.

Flutningsmaður Eggert Pálsson (1. þingm. Rangv.) Jeg skal ekki vera langorður um þetta frumv., enda mun þess ekki þurfa, því að þessi löggildingarfrumv. eru þinginu ekkert nýnæmi. Jeg skal að eins geta þess, að orsökin til þess, að frumv. þetta kom fram, er sú, að á þingmálafundi á Seljalandi kom fram ósk um þetta, og auk þess hafa einstakir menn undir Eyjafjöllum farið þess á leit við mig, að bera upp á þinginu frumv. til löggildingar á Holtsós. Jeg ímynda mjer, að þessir menn hugsi sjer eitthvert lítilfjörlegt gagn að því.

Eins og kunnugt er, eru hafnirnar í Rangárvallasýslu ekki til þess fallnar, að haldnar verði um þær langar lofræður, en jeg vil þó gefa hinni háttv. deild hugmynd um, hvernig ós þessum er háttað.

Holtsós er eins konar stöðuvatn; falla í hann allar ár undir Eyjafjöllum nema Skógaá, auk þess sem mikill hluti Markarfljóts rennur í hann á stundum. Fyrir framan ósinn er sandrif og í gegnum rif þetta er sá eiginlegi ós; það væri hugsanlegt, að hann mætti dýpka með »Muddermaskine« í framtíðinni, þótt ekki verði við því búizt í bráð.

Það hefur án efa vakað fyrir mönnum með að fá löggilding á þessum stað, að hægra væri að fá »spekúlanta« þangað, og það hefur komið fyrir, að skip hafa komið þangað, jafnvel gufuskip hafa affermt sig þar. Færi nú svo, að greiðari samgöngur kæmust á milli lands og Vestmannaeyja, gæti þessi löggilding, ef til vill, haft töluverða þýðingu, með því að kaupmenn gætu þá sett þar upp sumarverzlun við ósinn.

Jeg vil ekki fjölyrða um þetta meira; jeg vona, að þingið taki þessu frumv. eins vel og öðrum samskonar frumv. Jeg sting upp á, að því sje vísað til nefndarinnar í löggildingarmálinu, eptir að því hefur verið vísað til 2. umr.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til nefndarinnar um löggilding verzlunarstaða.

Sjá II. A. IX (A 179).

IX. Áfengissala á skipum.

Á 13. fundi Nd., mánudaginnn 17. júlí, kom frumv. til laga um veiting áfengra drykkja á skipum á Íslandi (A 80) til 1. umr.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snf.): Þetta frv. er fram komið af því, að menn eru ekki ánægðir með það fyrirkomulag, sem er, en fyrirkomulagið er nú það, að þeir, sem veitingu áfengis hafa á hendi á mannflutningaskipum, eru undanþegnir öllum gjöldum til landssjóðs, og selja þó mikið af áfengi, einkum á höfnum, ekki að eins farþegum, heldur líka aðkomumönnum. Þessir útlendu veitingamenn, hvort heldur það eru brytarnir eða fjelögin, sem eiga skipin, greiða engan skatt og enga tolla, nema ef til vill nokkurn toll á strandferðaskipunum, því strandferðaskipin geta naumast byrgt sig svo að vorinu, að þau þurfi ekki að fá nýjar byrgðir frá útlöndum, sem þá, ef til vill stundum, eru fluttar á land og þá tollaðar. En hitt mun þó tíðara, að þau fái hinar nýju byrgðir frá millilandaskipunum, og að þeim sje skipað beint yfir í strandferðaskipin, án þess þær komi á land.

Það er nú því minni ástæða til að veita mannflutningaskipunum þessi hlunnindi, sem það hefur sýnt sig, að matur og annar viðurgjörningur er minni og lakari á skipum »Sameinaða gufuskipafjelagsins« — og það fjelag gjörir flest skipin út, — síðan styrkurinn til þess var færður úr 50,000 kr. upp í 75,000 kr., og það tókst sjálft á hendur matsölu og veitingar. Þetta skatta- og tollfrelsi er því óviðfelldnara, sem enginn vafi er á því, að innlendir menn yrðu bæði að greiða skatta og tolla af sömu atvinnu, ef þeir yrðu að hafa hana á hendi.

En það er líka önnur hlið á þessu máli, en fjárhagsatriðið; það er hin siðferðislega hlið málsins. Strandferðaskipin eru að miklu leyti orðin að nokkurskonar »fljótandi knæpum«, eins og jeg kastaði fram á þingi 1901, og allir þekkja lifið á slíkum stöðum.

Sumum þeirra manna, sem stemma vilja stigu fyrir áfengisnautninni, væri ef til vill skapi næst, að banna brytunum á skipum þessum, að veita nokkurn dropa af áfengi, meðan þau væru í landhelgi hjer við land, en jeg efast um, að því banni yrði fylgt í framkvæmdinni, því skipin sigla sumpart innan og sumpart utan landhelgi, og yrði þá að banna mönnum að neyta vins annað augnablikið, en leyfa það hitt augnablikið.

Okkur kom því saman um, að einskorða lögin við veitingar á höfnum, enda væntum við, að á þann hátt megi stemma stigu fyrir ósið þeim, sem orðinn er svo almennur víða um land, að menn, sem ekki eiga kost á, að fá áfengi í landi. eins og t. d. á kauptúnum þeim, þar sem vínsalan er afnumin, — fari út á skip og fái vini sína eða jafnvel ókunnuga menn til að kaupa fyrir sig vín, og sitji svo að drykkju, opt og tíðum fram á nótt til mikils ónæðis fyrir farþega. En það má vel vera, að ekki þyrfti að fara svona langt, til að ná tilgangi þessum. Það má vera, að honum yrði náð með því, að banna vínveitingar á skipum *utan* máltíða, og jeg skal fúslega játa, að það er töluvert hart fyrir þá, sem kunna með vín að fara, að mega hvorki fá sjer glas af öli eða rauðvíni með mat nje bjóða borðgesti sínum það, en það voru sumir af flutnm. frumv. hræddir um, að hægra væri að fara í kringum

lögin, ef máltíðir væru undanskildar; þeir óttuðust, að Bakkusar vinir kynnu þá að sitja nokkuð lengur undir borðum en ella. Jeg er ekki svo hræddur um það, en mjer var hinsvegar ekkert kappsmál að halda í öl eða vín með mat. Og skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en að eins mælast til þess, að frumv. verði sýndur sá sómi, að það fái að ganga til 2. umr.

Ráðherrann: Jeg er algjörlega samdóma hinum háttv. flutningsm. (L. H. B.) í því, að það sje óhæfilegt, að skipin sjeu nokkurskonar fljótandi veitingahús hjer á höfnunum. Slíkt á ekki að líðast, enda er það óheimilt eptir gildandi lögum, og mun, sem betur fer, vera meira og meira að leggjast niður, að selt sje áfengi öðrum en farþegum. En að koma í veg fyrir það, að farþegar á skipi, sem verða að skoðast sem heimamenn þar, meðan þeir hafa ekki lokið fyrirætlaðri ferð, hafi um hönd áfengisnautn með mat eða utan máltíða, álít jeg ekki framkvæmanlegt, og heldur ekki rjett fyrir löggjöfina að blanda sjer í slíkt. Þótt að orði kveðnu væri bannað, að veita (ɔ: selja) farþegum nokkuð slíkt á höfnum, mætti fara í kringum slíkt á ýmsan hátt. Bæði er hægt, eins og nú þegar tíðkast, að láta merkja sjer flöskur áður en á höfn kemur, og eins hitt, að hafa áfengi með sjer úr landi, eða kaupa það utan hafna og geyma það í herbergi sínu á skipinu. Jeg hef orðið var við, að talsverður drykkjuskapur á strandferðaskipunum, sem mest ber á og mestan skaða gjörir á þriðja farþegarými eða í »lestinni«, sem kallað er, stafar af því, að menn hafa keypt vínið í landi og flutt það með sjer um borð.

Jeg get ekki sjeð, að lög þau, sem hjer er um að ræða, geti komið í veg fyrir slíkan drykkjuskap.

Auk þess eru ýmsir formlegir agnúar á þessu frumv., sem jeg hirði ekki að fara út í nú, sem gjöra það að mínu áliti ótækt; eptirlit með framkvæmdinni væri og ómögulegt, og tilraunir til þess að framfylgja lögunum, t. d. að banna útlendum farþegum að drekka öl með mat á höfnum, gætu orðið mjög afkáralegar.

Jeg er enganveginn á móti tilgangi þessa frumv., en núgildandi lög ættu að vera nægileg til að ná því marki; jeg álít ekki rjett, að setja lög, sem fyrirsjáanlega yrðu ekki til annars en að fara í kringum þau og brjóta þau, enda er óviðkunnanlegt að banna, að hjer sje látið í tje það, sem leyft er um víða veröld. Þessum athugasemdum vil jeg leyfa mjer að skjóta til háttv. framsm.

Flutningsmaðnr Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vildi leyfa mjer af veikum mætti að svara nokkrum af athugasemdum þeim, er hæstv. ráðherra gjörði við frumvarpið.

Það má vel vera, að jeg hafi nokkrum sinnum notað orðið »neyta« í stað »veita«, en það hefur þá komið til af því, að jeg held, að í framkvæmdinni fari þetta optast saman. Hæstv. ráðherra sagði, að það væri algengt, að menn keyptu áfengi í landi og flyttu með sjer um borð. Jeg veit engin dæmi þess um menn, sem fara í skipin á höfnum til að staupa sig. Enda væri slíkt svo ótrúleg krókaleið, að lítil ástæða virðist til þess, að hún sje opt notuð. Það getur átt við menn, sem ætla að fara með skipunum, en mun þó vera fremur fátítt.

Hæstv. ráðherra sagði enn fremur, að bann okkar væri skerðing á persónulegu frelsi manna, og það er að vísu rjett. En jeg leyfi mjer að spyrja:

Er það ekki líka skerðing á persónulegu frelsi manna, að þeir fái ekki að sofa í ró og næði í þeim rúmum, sem þeir hafa keypt fullu verði, sökum drykkjusvalls og hávaða annara manna?

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri engin ástæða til að semja ný lög um þetta efni. Jeg veit, að það eru að vísu til lög, er banna brytunum að selja öðrum en farþegum vín inni á höfnum. En það eru engin lög til, sem geta komið í veg fyrir þá kringumferð laganna, sem notuð er allvíða á þessum strandferðaskipum. Það er sem sje altítt, að menn, sem koma um borð úr landi, fái farþega skipsins til að kaupa áfengi þar fyrir sig. Og lítur þá svo út, sem farþegarnir gefi, þó að það sjeu landgestirnir, sem borga. Undir þennan leka vildum við setja með þessum lögum. Og það held jeg að okkur ur lánist.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 22. samhlj. atkv.

Á 16. fundi Nd., fimmtudaginn 20. júlí, kom frumv. til 2. umr. (A 80).

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): 1. flutnm. þessa frumv. gjörði ljósa grein fyrir því við 1. umr., af hvaða ástæðum frumv. sje fram borið, og þarf jeg ekki að taka það upp aptur, enda er málið nú til 2. umr. Hins vegar ætla jeg að leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildarm. á því, að ákvæðin í 1. gr. frumv. eru að rjettu lagi viðauki við lög 11. nóv. 1899, og gætu því lögin vel heitið viðaukalög við þau lög.

Í lögunum um verzlun og veitingar áfengra drykkja frá 1899 eru aðallega tvö viðfangsefni, sem sje *verzlun* og *veiting* áfengis. Að því er verzlunina snertir, þá eru í þeim lögum ákvæði um verzlun bæði á landi og sjó. Á landi kostar verzlunarleyfið 500 kr. á ári, en á skipum eru kostirnir mun harðari, því að þar verður að borga 600 kr. fyrir leyfið, og gildir það þó að eins fyrir eina verzlunarferð.

Þegar til veitingaákvæðisins kemur, er bersýnileg gloppa í núgildandi lögum. Ákvæðin um vínveitingar á landi, eru miklu strangari en ákvæðin um verzlun með áfenga drykki, því að til veitingaleyfis útheimtist samþykki almennings, sveitarfjelaga og amtmanns; verzlunarleyfi eru miklu auðfengnari. Meinið er nú, að ekki er til í gildandi lögum eitt einasta ákvæði um veitingar áfengra drykkja á skipum, hvorki á höfnum nje annarstaðar. Það er gloppan. Frumv. það, sem hjer liggur fyrir, vill bæta úr þessari vöntun, því allir eru samdóma um, að þessi gloppa í lögunum hafi haft slæmar afleiðingar. Hitt er annað mál, á hvern hátt bezt megi bæta úr þessum bresti, og mjer hefur skilizt, að sumir háttv. þm. sjeu ekki ánægðir með það, sem frumv. fer fram á, sjerstaklega í 2. gr., er felur í sjer hegningarákvæðin fyrir brot gegn lögunum. Jeg leyfi mjer því, að stinga upp á 3 manna nefnd til þess, að íhuga þetta mál.

ATKVGR.: Samþ. með 22 samhlj. atkv. að kjósa 3 manna nefnd.

Kosningu hlutu:

Guðmundur Björnsson með 20 atkv.
Jón Magnússon — 13 —
Magnús Andrjesson — 13 —

Guðlaugur Guðmundsson fjekk 5 atkv., aðrir færri.

Í nefndinni var Magnús Andrjesson kosinn formaður og Guðmundur Björnsson skrifari og framsögumaður.

2. umr. frestað.

Á 27. fundi Nd., fimmtudaginn 3. ágúst, kom frumv. til framhalds 2. umr. (A 80,189).

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Það var tekið fram við 1. umr., að þetta frumv. feldi í sjer ákvæði, sem væru viðauki við núgildandi lög um áfengisveitingar frá 11. nóv. 1899.

Nefndin hefur vandlega athugað frv. og borið það saman við lögin frá 11. nóv. 1899; og hefur hún komizt að þeirri niðurstöðu, að það hljóti að hafa vakað fyrir þeim, sem sömdu og samþykktu þau lög, að brytar ættu ekki að hafa meiri rjett til að veita áfengi, en gestgjafar hjer á landi. Þó vantar bein ákvæði um vínveitingar á skipum í þessi lög, og úr því á þetta frv. að bæta. Nefndin álítur sanngjarnt, að gjöra brytum og gestgjöfum alveg jafnhátt undir höfði í þessu tilliti, og frá því sjónarmiði hefur hún gjört nokkrar breyt.till. við frumv., sem þó eru alls ekki efnisbreytingar. Nefndin áleit sjálfsagt, að bannið næði til allra skipa á höfnum vorum, að undanteknum skemmtiskipum. Og hið sama virðist hafa vakað fyrir þeim, sem sömdu frumv., þar sem þar er ákveðið, að bannið skuli ná til allra skipa, sem ferðast eptir fyrirfram ákveðnum áætlunum, ekki annars. En þess ber að gæta, að mörg skemmtiskip fara eptirfyrirfram ákveðnum áætlunum, svo nefndinni þótti vissara að taka þetta skýrara fram. Ákvæðunum um sektir vill nefndin fá breytt, og fer fram á, að þau verði höfð lík og þau eru í gildandi lögum. Jeg fjölyrði ekki meira um þetta, en vona, að breytingum nefndarinnar verði vel tekið, og frumv. nái fram að ganga.

Ráðherrannn: Jeg get ekki enn sannfærzt um það, að þetta frv. geti haft nokkra verulega þýðingu eða sje líklegt til að verða að gagni.

Jeg sje ekki annað, en að þeir, sem með skipum fara, geti búið svo um hnútana, að þeir hafi vín eptir vild eins fyrir þessum lögum. Þeir geta geymt vínið í herbergjum sínum, eða skrifað nafn sitt á flöskumiðann og látið svo geyma flöskurnar fyrir sig, eins og jeg hef áður tekið fram.

En það er ekki að eins það, að lögin eru þýðingarlaus, heldur eru ýms atriði í frumv. mjög svo varhugaverð. Það er ætlazt til, að skipstjórar og útgjörðarmenn hafi heimild til að veita vín um borð á höfnum, en engir aðrir, sem þó eiga heima á skipunum alveg eins og hinir. Þetta veldur misrjetti og er næsta órjettlátt. Eða því skildi ekki maskinumeistari eða hver annar skipsmaður mega veita gestum sínum vín heima hjá sjer á skipinu, alveg eins og skipstjórinn?

Það er ákveðið í frumv., að allt áfengi hjá þeim, sem brýtur ákvæði laganna, skuli gjört upptækt, og að brytinn beri ábyrgð á veitingum þjóna sinna. Nú hafa brytarnir opt undir höndum allan vínforða skipsins, stundum eiga þeir allt sjálfir, en stundum ekki nema sumt af honum. Ef það kæmi fyrir, að einhver þjónn seldi áfengi í trássi við brytann, og það kæmist upp, þá ætti samkvæmt þessum lögum, auk þess að straffa saklausan mann, að gjöra allan vínforða skipsins upptækan, þar á meðal annara saklausra manna eign, en slíkt er mjög óeðlilegt og ranglátt, og sje jeg ekki að það geti staðizt.

Jeg veit, að meiningin með þessu frumv. er góð, og viðurkenni jeg, að það á ekki að líðast, að hafa skipin fyrir knæpur fyrir almenning. En það er innanhandar, að banna þessa óhæfu,

eptir núgildandi lögum, og væri rjettara að skerpa þau og tryggja betur eptirlitið, en að setja ný lög, sem óneitanlega eru ófrjálsleg, ósanngjörn og svara þar að auki alls ekki tilgangi sínum.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2, þm. Rvk), Hæstv. ráðh. taldi þau vandkvæði á þessu frumv., að það kæmi ekki að tilætluðum notum og væri ranglátt. Þessu vil jeg leyfa mjer að svara með því, að benda á, að það er fullkomið samræmi milli þessa frumv. og laga þeirra, sem gilda um áfengisveitingar á landi. Og verði því þannig fyrir komið, að samskonar lög gilda á sjó og landi, sje jeg ekki ástæðu til að ætla að frekar verði farið í kringum þau á skipunum, en í veitingahúsunum, og jafn sanngjörn hljóta þau að vera á hvorttveggja stöðunum. Að vísu veit jeg það, að farið er í kringum þessi lög á landi, en þrátt fyrir það hafa þau komið að miklum notum, og það er full ástæða til að búast við, að hjer verði þau einnig til stór mikils gagns.

Hæstv. ráðh. tók það fram, að ranglátt væri að veita að eins skipstjórum og útgjörðarmönnum heimild til að veita gestum sínum inni á höfnum, og væri vel vert að taka til athugunar, hvort ekki væri rjett, að veita öllum yfirmönnum á skipunum þessa heimild. Um aðra getur ekki verið að ræða.

Viðvíkjandi því, að ekki sje rjett, að láta brytana bera ábyrgð á gjörðum þjóna sinna í þessum tilfellum, þá gilda alveg samskonar ákvæði um gestgjafa á veitingahúsum. Jeg veit ekki betur, en að þeir verði að bera ábyrgð á því, ef þjónar þeirra veita ólöglega áfenga drykki. Annars vil jeg skjóta því undir dóm þeirra, sem lög kunna hjer í deildinni, hvort þetta sje ekki rjett skilið. En sje þetta rjett, þá er það jafnrjett bæði á sjó og landi.

Í 15. gr. núgildandi laga er það tekið fram, að allt áfengi sje upptækt hjá þeim, sem í annað sinn gjörir sig sekan í óleyfilegum veitingum, og gildir það fyrir alla veitingamenn og kaupmenn. Og kæmi slíkt fyrir kaupmenn, gæti sá áfengisforði, sem upptækur yrði hjá honum, orðið miklu meiri en hjá nokkrum bryta.

Vegna þessa álít jeg lögin alls ekkert ósanngjörn, og sje enga hættu við að samþykkja þau.

Ráðherrann: Háttv. framsm. heldur því fram, að þessi lög sjeu í samræmi við þau lög, sem gilda um áfengisveitingar á landi, en það get jeg ómögulega sjeð. Þau lög gilda um áfengi, sem látið er af hendi fyrir borgun, en þessi lög eiga að gilda um áfengi, sem veitt er ókeypis. Væri það ekki meiningin, að banna almennt að hafa um hönd eða »traktera« á áfengi, þá væri meiningarlaus undantekningin viðvíkjandi útgjörðarmanni eða skipstjóra, að þeir megi »veita gestum sínum«, eins og kveðið er að orði. Því það getur þó ekki verið meiningin, að útgörðarmaður eða skipstjóri meigi »veita« í »tekniskum« skilningi, fyrir borgun. En lög, sem banna almennt að »traktera« á víni, eru ekki til hjer á landi eða í nokkru öðru landi. Þau eru undantekning frá öllum lögum, sem til eru í heiminum, og jeg er viss um, að þau gætu ekki komið að notum.

Að því, er snertir hegningarábyrgð brytans á gjörðum þjóna sinna, þá er jeg ekki eiginlega á móti því, að mögulegt sje, að setja í lög eitthvert slíkt ákvæði. En jeg álít, að hegningin gæti orðið óeðlilega þung og komið ranglega niður eptir þessu frumv. Það er ætíð órjettlátt, að hengja bakarann í stað smiðsins og á að gjöra sem minnst

að sliku. Og væri það fullsannað, að bryti hefði gjört allt, sem í hans valdi stóð til þess, að afstýra brotum af hálfu þjóna sinna, þá væri það stórkostlegt ranglæti, brot á móti guðs og manna lögum, að hegna veslings brytanum með stóru fjártjóni fyrir það, að þjónn hans óhlýðnaðist skipunum hans.

Framsögumaður Guðm. Björnsson (2. þm. Rv.): Viðvíkjandi því, að þessi lög sjeu ný og dæmalaus, þar sem þau takmarka ókeypis veitingar, þá vil jeg geta þess, að í núgildandi lögum eru ákvæði, sem einnig takmarka ókeypis-veitingar. Til að sanna það, vil jeg með leyfi háttv. forseta lesa upp einn staflið úr 11. gr. laganna frá 11. nóv. 1899. Hann hljóðar svo:

»Ólöglegar veitingar eru taldar: »*ókeypis veitingar* áfengra drykkja í verzlunarhúsum eða í sambandi við verzlunaratvinnu yfir höfuð að tala«. Þarna er þá lagt hapt á ókeypis veitingar.

Hitt atriðið, að rangt sje að láta brytann bera ábyrgð á gjörðum þjóna sinna, hvernig sem á stendur, er að vísu býsna strangt. En ef brytinn ætti ávallt að geta haft það sjer til afsökunar, að hann »vissi ekki um það«, eða hefði ekki skipað það; ef honum undir þessu yfirskyni ætti að líðast að að láta þjóna sína alltaf bera fullt fangið af flöskum til manna, sem koma úr landi um borð á hverja höfn, þá yrðu lögin til lítils gagns. Þess vegna tel jeg óhjákvæmilegt, að láta brytann bera ábyrgðina, enda er það vanalegt, að húsbændur beri ábyrgð á gjörðum hjúa sinna.

Ráðherrann: Kaupmönnum hefur aldrei verið bannað að veita áfengi í sínum eigin heimahúsum. En í verzlunarhúsunum er þeim bannað að gjöra það, og yfir höfuð »í sambandi við verzlunaratvinnu«. Þetta ákvæði er sett til þess að fyrirbyggja, að venjulegt vínsöluleyfi sje notað ólöglega sem veitingaleyfi. Það er sett til þess að fyrirbyggja »staupagiafirnar« svo kölluðu, sem opt ekki eru neinar *gjafir* heldur einatt beita til góðs gróða fyrir kaupmanninn. Þar er því um alveg sjerstakt lagaákvæði að ræða, sem ekki snertir hið minnsta þetta mál, sem hjer liggur fyrir, og er langt frá því, að vera almennt forboð móti því að neyta eða veita gesti sínum glas af víni eða öli.

ATKVÆÐAGR.: 1. breyt.till. (184) við 1. gr. samþ. með 15:3 atkv.

1. gr. fallin.

2. breyt.till. (189) við 2. gr. samþ. með 14:1 atkv.

2. gr. fallin.

3. gr. frumv. óbreytt samþ. með 14 atkv.

Breyt.till. við fyrirsögn frumv. (189) samþ. með 14 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 atkv.

Á 29. fundi Nd. laugardaginn 5. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A. 243).

Engar umræður urðu um málið.

ATKVGR.: Frumv. samþ. með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eptir óglögga atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Hannes Hafstein,
Jón Magnússon,	Hannes Þorsteinss.,
Björn Bjarnarson,	Herm. Jónasson,
Björn Kristjánsson,	Jóh. Ólafsson,
Eggert Pálsson,	Jón Jónsson,
Einar Þórðarson,	Pjetur Jónsson,
Guðl. Guðmundss.,	Stef. Stef., þm. Skf.,
Guðm. Björnsson,	Tr. Gunnarsson.
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	

Skúli Thoroddsen,
Stef. Stef., þm. Eyf.
Þórh. Bjarnarson.

Magnús Andrjesson var ekki viðstaddur.

Frumv. afgreitt til forseta Ed.

Á 30. fundi Ed., þriðjudaginn 8. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 298).

Ráðherrann: Það getur vist fáum blandazt hugur um, að lög þessi muni verða *gagnslaus*. Hitt er aptur vafasamt, hvort þau eru *meinlaus*.

Eins og 1. gr. er orðuð má fá það út úr henni, að skipstjórum sje veitt ókeypis áfengissöluleyfi, því það hlýtur að mega skilja orðið »veita« eins á báðum stöðum í greininni, sjerstaklega þar sem ekki er meira en 1 lína á milli. Á fyrri staðnum á það þó auðvitað að þýða selja, og svo var það útlistað í Nd., en á seinni staðnum líklega gefa. En þá er hugsunarvilla í þessari mótsetning eða undantekning: »Þó er útgjörðarmanni« o. s. frv. Því sje ekki bannað, að hafa vínföng um hönd ókeypis, til hvers er þá að taka það fram um útgjörðarmann og skipstjóra, að þeir megi það.

Þá finnst mjer og galli á 2. gr. Mjer þykir sem sje allt of háar sektir lagðar þar við litlu broti. Ef t. d. þjónn bryta skipsins selur í óleyfi hans, við skulum segja $^1/_2$ bjór, þá á brytinn það í vændum, að allt áfengi, sem hann hefur undir hendi, sem opt getur verið mikill skipsforði, verði gjört upptækt; getur slíkt opt orðið óþægilegt fyrir stóra skipshöfn, þegar um lengri tíma er að ræða; jeg vona, að allir sjái, að þetta er ekki rjettlátt. Þótt nú bætt væri úr agnúanum, sem er á 1. gr., með því að fella burtu síðari setninguna, þá væri ákvæðið samt þýðingarlaust, því mjer blandast ekki hugur um, að það væri lafhægt, að fara í kring um lögin, og engin tök á, að framfylgja ákvæðinu, að minnsta kosti ekki að því, er snertir útlend eða innlend vöruflutningaskip og fiskiskip. Á farþegaskipunum væri auðvitað meiri líkindi til uppljóstarmanna. En þó efast jeg ekki um, að fundnir yrðu vegir, sem enginn uppljóstarmaður gæti haft á. Þeir t. d., sem vanir eru að drekka öl með mat, og kunna því illa, að geta ekki gjört það, þegar skip liggur á höfnum sem annarsstaðar, þeir gætu þá beðið um að setja öl inn í berbergi sín áður en inn á höfn er komið, og getur þá enginn bannað þeim að neyta þess er inn er komið, nema svo væri ákveðið, að alls ekki mætti hafa vín um hönd á höfnum inni, en slíkt ákvæði mundi bæði þykja miður frjálslegt, enda ómögulegt að framfylgja því.

Af þessu, sem jeg nú hef tekið fram, álít jeg frumv. þannig lagað, að bezt sje að fella það nú þegar.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg skal fúslega játa, að gallar sjeu á þessu frumv., en af því það er hjer til 1. umr., finnst mjer ekki rjett að taka þá nú þegar til umræðu, enda eru þeir eigi meiri en svo, að nefnd gæti auðveldlega lagað þá, og væri því mjög misráðið að fella frumv. nú þegar við 1. umr.

Það eru nú orðin stór svæði á landinu, sem ekkert áfengi er selt á, og þykir það sem eðlilegt er hart, að útlendingar skuli geta rekið þar þá atvinnu borgunarlaust, sem Íslendingum er bannað að reka fyrir borgun, auk þess sem það dregur úr hinum góðu áhrifum, sem takmörkun áfengisnautnarinnar hefur óneitanlega í för með sjer. Jeg vil því leyfa mjer að stinga uppá 3 manna nefnd, til að athuga frv.

Ráðherrann: Jeg get ekki verið samdóma háttv. þm. N.-Múl. um, að útlendingar geti hjer rekið þá atvinnu, sem Íslendingi sje bönnuð. Íslenzkir brytar á íslenzkum farþegaskipum mundu hafa alveg sama rjett í þessu efni eins og útlendir brytar á útlendum skipum. Þótt brytar á skipum megi láta farþegum í tje það, sem þeir þarfnast, hvort heldur er nú matur eða vín, þá er ekki hægt, að draga út úr því neitt misrjetti fyrir menn á landi, því kringumstæður eru allt aðrar þar, og öðrum lögum háðar.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg verð að segja, að jeg er mjög á móti frumv.; jeg álít, að þetta verði aldrei annað en pappírsgagn. Þvingunarlög um þetta efni eru til ills eins; þau lög, sem að eins eru til á pappírnum og allt af er farið í kringum, eru ekki til annars en að veikla rjettlætistilfinning og löghlýðni þjóðarinnar og »demóralísera« hana. Jeg held yfirleitt, að stefna sú, er ráðið hefur áfengislöggjöfinni, sje mjög óheppileg. Reynslan hefur sýnt, að því strangari lög sem sett eru um áfengissölu, því meira siðspillandi áhrif hafa þau, að minnsta kosti er það alkunnugt hjer í Reykjavík, að hægt er að fá keypta áfenga drykki út um allan bæ, beint ofan í lög, án þess þó að lögreglustjóri geti haft hendur í hári þeirra, er selja. Jeg vil að eins leyfa mjer að nefna eitt dæmi. Það er opt á sunnudögum, að hermönnum af danska herskipinu er lofað í land; menn þessir koma í land ódrukknir, en er þeir fara aptur á kvöldin, eru þeir orðnir, margir hverjir, dauðadrukknir. Það er víst, að þeir hafa ekkert vín með sjer í land, og eigi síður hitt, að þeir fá ekki vín á þeim stöðum, sem veitingaleyfi hafa. Menn þeir, sem veita þeim veitingahúsum forstöðu, finna meir en svo til ábyrgðar þeirrar, sem á þeim hvílir, að þeir vilji selja á sunnudögum. Nei, mennirnir fá vínið á hinum og þessum leyniknæpum út um bæinn, sem ekkert gjalda til landssjóðs; af þessu stafar meiri siðspilling, en þótt veitingarnar væru opinberar. Lögin mundu að minni hyggju einungis verða til að gjöra illt verra. Eins og nú stendur, eru til lög, sem banna að brúka skipin sem fljótandi veitingakrá, og oss er nær að framfylgja þeim lögum, sem vjer höfum, heldur en að vera að setja ný lög, sem ómögulegt er að framfylgja. Það má búast við, að því hærri sem sektirnar eru ákveðnar, því meir verði farið í kring um lögin. Í annan stað er það hart fyrir farþega, að mega ekki fá vín með mat á höfnum, að minnsta kosti mundi útlendingum þykja það, og ekki mundi það verða til að auka »tourista«straum til landsins, ef hann á að teljast æskilegur. Jeg mun ekki greiða frumv. atkv. mitt.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Mjer virðast háttv. flutningsm. þessa frumv. hafa ýmislegt til síns máls, en hins vegar verður því ekki neitað, að varhugavert er, að samþykkja það í þessari mynd; þessi lagaákvæði eru t. d. nokkuð hörð. Jeg skal því leyfa mjer að styðja tillögu háttv. 1. þm. N.-Múl. (J. J.) um, að nefnd verði skipuð í málið. Mjer finnst þetta vera sjálfsögð kurteisi við flutningsm., enda gæti svo nefndin ef til vill fundið einhverja heppilegri takmörkun á þessari sölu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skal játa það, að þessu frumv. er í mörgu ábótavant, en hins vegar álít jeg þörf á lögum, sem ganga í líka átt og frumv. Jeg get því ómögulega verið því samþykkur, að rjett sje að skera frumv. niður við 1. umr. Jeg

skal ekki neita því, að mig furðaði nokkuð á ræðu hæstv. ráðh. Hann, sem vanalega er svo skýr og sjálfum sjer samkvæmur, hefur virkilega brugðið frá þeirri reglu í þetta sinn. Hæstv. ráðh. hjelt því fram, að óhæfilegt væri að leyfa útlendingum að reka þá atvinnu, sem innlendir menn ekki mættu reka. En hjer er einmitt að ræða um það tilfelli, að útlendingar, brytarnir á þessum skipum, reka atvinnu, sem innlendir menn ekki mega reka án stórra útgjalda. Það er ekki hægt að skoða þessi farþegaskip öðruvísi en gistihús. Brytarnir mega selja sínum föstu gestum áfengi, en það mega þeir ekki, sem hafa gistihús á landi, án þess að greiða stórfje í landssjóð. Jeg sje nú enga ástæðu til þess, að brytarnir sjeu látnir sleppa við öll gjöld, og vildi því óska, að það mál og fleira þessu viðvíkjandi verði nákvæmlega athugað. Jeg styð það því eindregið, að nefnd verði skipuð í þetta mál.

Ráðherrann: Jeg þakka háttv. 4. kgk. þm. fyrir komplímentin«, en ákúrur þær, sem fylgdu með, get jeg ekki kannast við að sjeu á rökum byggðar, Það er algjörlega óhugsandi, að hægt sje að komast í veg fyrir, að farið verði í kringum svona lög. Eins og nú stendur, þá er ekki bannað að flytja vín heim til sín, og neyta þess. Eins mundi líka mega taka með sjer vín um borð og drekka það þar. Það er ekki rjett að tala hjer um atvinnu, sem hægt sje að leggja gjald á, þó vín sje haft á skipunum, sem flestir farþegar hafa getað fengið. Þetta er internationál venja, og mundi vist útlendum farþegjum þykja skrítið, ef ætti að fara að vernda heilsu þeirra á þennan hátt, þegar skipin koma á löggiltar hafnir. Jeg hef auðvitað ekki neitt á móti, að nefnd sje sett í málið, en jeg sje ekki, að hægt sje að búa til lög um þetta efni, sem komi að nokkru haldi. Hver mundi t. d. geta girt fyrir, að maskínumenn, stýrimenn eða aðrir, sem sjerstök herbergi hafa í skipum, sem þeir eru á, gefi kunningjum sínum bjór o. s. frv. Jeg held, að svona lög mundu aðeins verða til að búa til mörg lagabrot, sem enginn sinnti að neinu.

Sigurður Jensson (þm. Barðst.): Jeg skal leyfa mjer að styðja þá uppástungu, að nefnd verði skipuð í þessu máli. Þetta mál er mörgum mikið áhugamál, og mörgum finnst það alveg gagnstætt löggjöfinni um áfengissölu, að á þessum skipum skuli áfengi vera selt næstum takmarkalaust. Mig furðar á, að háttv. 3. kgk. þm., skuli halda því fram, að löggjöfin hjá oss um þessi efni hafi haft slæm og siðspillandi áhrif. Þar sem mjer er kunnugt, þá hefur hún verið til stórbóta, þar sem áfengissalan hefur hætt alveg svo víða. En það er þá líka eðlilegt, að menn sjeu óánægðir með það, að tilgangi laganna sje spillt með því að þessar fljótandi knæpur fara um og selja áfengi á stöðum, þar sem kaupmönnum er bannað að gjöra það. Jeg skal játa, að þessu frumv. er að mörgu leyti ábótavant, en jeg vænti, að það megi laga það þannig, að það geti komið að miklum notum.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal taka það fram, að jeg talaði sjerstaklega með þeirri reynslu fyrir augum, sem fengin er hjer í Reykjavík, og það voru einkum veitingarnar, sem jeg átti við. Jeg hef heyrt úr ótal áttum, að hjer í bænum sje alltaf að skjóta upp fleiri og fleiri leynikrám. Jeg veit líka, að einstakir menn upp til sveita panta sjer feiknin öll af áfengi og selja það svo í laumi. Í einni

sýslu veit jeg fyrir víst, að mikil brögð eru að þessu. Yfirhöfuð að tala leikur vafi á því, hve mikið gagn lög gjöri í þessu efni. Í Bandaríkjunum var fyrir nokkrum árum skipuð nefnd til að rannsaka þessi efni, og sátu í henni ágætustu menn, og hún komst að þeirri niðurstöðu, að þvingunarlög þau, sem sett höfðu verið til að sporna við áfengisnautn, hefðu að eins verið til ills eins. Það, sem hefur minnkað drykkjuskapinn, er siðferðislegur þungi bindindishreyfingarinnar. Hana þarf að styrkja, en þvingunarlög koma að engu gagni.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Viðvíkjandi þessu frumv. er það spursmálið, hvort samræmi er á milli ákvæðanna, sem gilda á landi, og þeirra, sem eiga að gilda á höfnum, þeirra sem gilda gagnvart Íslendingum og þeirra sem gilda gagnvart útlendingum, og um þetta verð jeg að segja, að mjer fannst hinn hæstv. ráðh. eigi komast úr þeirri mótsögn, sem hann, eins og jeg gat um í síðustu ræðu minni, komst í. Því verður heldur með engu móti neitað, að útlendingar mega á skipum selja gestum sínum, en Íslendingar mega það eigi á landi, enda þótt gestgjafar sjeu, nema þeir hafi hið sjerstaka leyfi til þess. Þetta er ranglátt. *(Ráðherrann:* Þá er það svo líka í öllum öðrum löndum). Nei. Jeg hef verið á skipum, þar sem hverri smugu, er vín gat haft að geyma, var lokað, strax og kom í landhelgi, og jeg hef verið á ferð með járnbrautarlestum, þar sem slíkt hið sama hefur verið gjört, meðan lestin fór yfir vissa landshluta, og hvernig getur þá hæstv. ráðh. sagt, að hið sama gildi allstaðar um þetta efni og hjer. Þetta er misrjetti milli landshlutanna og útlendinga, og jeg sje enga ástæðu til þess, að láta við svo búið standa, því að jeg sje heldur eigi, að það sje ókleyft. Jeg sje marga vegu til þess að ráða bót á þessu, þótt jeg nú eigi vilji mæla með neinu sjerstaklegu.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg játa, að þetta frumv. er eigi eins og það bezt gæti verið, en til svars upp á spurningu háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) verð jeg að svara því, að jeg þekki ekkert dæmi upp á það, er hann spurði um. Og þar sem háttv. sami þm. sagði, að jafn mikið væri drukkið nú og áður en reynt var að draga úr vínsölunni, verð jeg að neita, að það sje rjett. Jeg hef eigi álit á að semja þvingunarlög, og held eigi, að þau gjöri mikið gagn, en jeg þykist þess fullviss, að fækkun sölustaðanna gjöri stórmikið gagn í þessu efni, og þar sem skipin auka tölu þeirra staða, finnst mjer sjálfsagt að banna þessar knæpur á þeim, það er bæði nauðsynlegt og gagnlegt.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 atkv.: 5 að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr. og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Ólafsson,	Björn M. Ólsen,
Ágúst Flygenring,	Guðj. Guðlaugsson,
Eiríkur Briem,	Gutt. Vigfússon.
Jóh. Jóhannesson,	Jón Jakobsson,
Sig. Jensson,	Þórarinn Jónsson,
Sig. Stefánsson,	
Þorgr. Þórðarson.	

Till. um að skipa 3 manna nefnd til að íhuga málið, samþ. með 8 atkv. gegn 2 og í nefndina kosnir:

Ágúst Flygenring með 5 atkv.,
Jóhannes Jóhannesson með 5 atkv.,
Jón Jakobsson 5 atkv.

Í nefndinni var Jón Jakobsson kosinn formaður, Jóhannes Jóhannesson skrifari og Ágúst Flygenring framsm.

A 49. fundi Ed., mánudaginn 28. á-

gúst, kom frumv. til 2. umr. (A 298, 587).

Framsögumaður meiri hlutans Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg verð fyrst að biðja hina háttv. deild velvirðingar á, að svo lengi hefur dregizt að koma með frumv. þetta frá nefndinni. Það stafar sumpart af því, að það hefur verið annríki mikið hjer í deildinni nú upp á síðkastið, og svo af því, að nefndin hefur ekki getað orðið sammála um frumv. í heild sinni. Jeg get verið stuttorður, þar sem bæði hefur komið greinilegt nefndarálit frá Nd. og líka frá meiri hlutanum hjer í deildinni. Mönnum er því mál þetta kunnugt. Meiri hluta nefndarinnar fannst það nauðsynlegt, að stemma stigu fyrir áfengisveitingum á skipum á höfnum inni, þar sem brytar skipanna álíta sjer þær heimilar, þótt eigi hafi þeir veitingaleyfi. Vjer álítum, að það stafi margt illt af þeim. Verkafólk, sem fer með skipunum, eyðir opt miklu af kaupi sínu í áfengi, þegar það fer með strandskipunum. Líka koma þessar áfengisveitingar á stað allmiklu svalli og drykkjuskap í þeim kauptúnum og stöðum, sem áfengissala er bönnuð í. Fólk streymir um borð og verður þá sjaldnast skotaskuld úr, að ná sjer í vín, annaðhvort með því að láta farþegja kaupa það fyrir sig, eða þá að leysa farseðil til næstu hafnar. Við þessu er illt að sporna, eins og nú er; meiri hluti nefndarinnar álítur því, að ef frumv. þetta verði að lögum, muni það koma að góðu haldi í þessa átt. Vjer höfum að eins komið með fáar breyt.till. Frumv. var gott, eins og það kom úr Nd.; að eins þótti oss óviðfelldin setningaskipun í 1. gr. Þar var skipstjóra gefið nokkurs konar »prívilegium« til að veita áfenga drykki; vjer höfum nú lagað þetta svo, að engar veitingar áfengra drykkja megi eiga sjer stað *fyrir borgun*.

2. breyt.till. lýtur að því, að bryti beri ekki ábyrgð á veitingum þjóna sinna, ef það sannast, að hann hafi bannað þær, eða reynt að afstýra þeim. Oss þótti, eins og ákvæðið er í frumv., það alltof strangt.

3. breyt.till. er um, að sektarfje skuli renna til þeirrar sveitar, sem brotið er framið í. Það er í samræmi við áfengislögin frá 11. nóv. 1899.

4. breyt.till. er um, að bæta við fyrirsögnina orðunum: »á Íslandi«. Oss þótti rjettara, að það væri tekið fram.

Jeg ætla svo ekki að eyða fleiri orðum um þetta mál, þingtiminn er orðinn svo áliðinn, að lítil von er um, að það nái fram að ganga.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Eins og framsm. tók fram, hef jeg ekki getað orðið meiri hluta nefndarinnar samferða í þessu máli.

Þegar þetta frumv. kom hingað í deildina, var tíminn orðinn svo naumur, og annríki svo mikið, að það gat naumast með breytingum komizt þvingunarlaust við þingsköpin gegnum þingið. Nokkrir hafa borið mjer það á brýn, að það væri mjer að kenna, að frumv. hefur tafizt svona lengi, en það er ekki satt. Þegar þetta frumv. kom í nefnd, var hjer mikið að gjöra, fjárlögin stóðu sem hæst, og við nefndarmenn höfðum allir ærið að starfa; hjeldum samt nokkra fundi, en gátum ekki orðið á eitt sáttir, jeg vildi þó fyrst sjá nefndarálit meiri hlutans, áður en jeg skrifaði mitt ágreiningsatkv., og beið þess vegna eptir því, en hafði svo engan tíma til að skrifa minni hluta álit, þegar til kom.

Þegar háttv. deild hjer um daginn vildi ekki veita undanþágu fyrir þetta frumv. frá þingsköpunum, tók jeg það

svo, að deildin vildi þar með fella málið; að öðrum kosti var engin meining í, að neita þessu frumv. um þau hlunnindi, sem deildin var svo óspör á við önnur frumv.

Jeg get með sanni sagt, að álit mitt á þessu máli er enn hið sama, sem jeg hef áður látið í ljósi fyrir nokkrum árum á þjóðhátíð Reykjavíkur fyrir um 4,000 manns, nefnilegn, að jeg álít öll þvingunarlög í þessu efni með öllu árangurslaus, og miklu fremur til að spilla en bæta. Eins og bindindishreyfingin er góð og blessunarrík, meðan henni er framfylgt án ofstækis, með skynsemi og í kærleika á frjálsan hátt, jafn óhollar verða opt afleiðingar hennar, þegar á að þvinga menn til bindindissemi með lögum. Sjerhver maður hefur víst friðað svið, sem honum er illa við að aðrir brjótist inn á. Menn vilja einir ráða, hvernig þeir klæðast og hvað þeir jeta og drekka, eins og þeir t. d. vilja hafa hugsunarfrelsi. Jeg get ekki betur sjeð, en að, ef á að fara að leggja höpt á eitthvað af þessu, þá verði það jafnan til þess, að egna menn einmitt til að gjöra það, sem bannað er. Þetta er einkenni mannlegrar náttúru, að henni er sárt um, og líður eigi árásir á vjebönd hins persónulega frelsis. Öll lagahöpt innan privatlífs einstaklingsins eru, og hafa jafnan verið fremur til siðspillingar en til siðbóta. Þetta er það, sem jeg hef að athuga við þetta mál í heild sinni. Sjálft frumv. álít jeg þannig lagað, að frágangssök sje, að samþ. það. Það gengur allt of nærri persónulegu frelsi manna. Menn mega ekki samkvæmt frumv., þótt farþegar sjeu, fá á höfnum inni, það, sem þeir geta keypt fyrir utan höfnina; ef menn verða veðurtepptir á höfnum, geta þeir t. d. ekki fengið öl eða rauðvin með matnum á sama skipinu, þar sem þeir, ef til vill, hafa neytt þess marga daga samfleytt, alla leið frá útlöndum. Jeg veit, að mörgum löndum vorum mundi þykja þetta hart, hvað þá heldur útlendingum, sem fæstir eru vanir þess konar firrum. Í 2. gr. er það tekið fram, að ákvæði þessi nái ekki til skemmtiskipa. Mjer er spurn. Hvað er þá skemmtiskip? Heyrir skip, sem að eins flytur póst, undir þetta ákvæði? Mundu menn telja t. d. »Botníu« skemmtiskip, ef hún flytti nokkur »collis« af vörum auk farþega?

Framsm. (Ág. Flyg.) játar það sjálfur, að erfitt sje að sjá um, að eigi verði farið í kring um lög þessi, og er það rjett. Við höfum líka lög um líkt efni frá 1899, og öllum kemur saman um, að farið sje í kringum þau. Samkvæmt þeim lögum má eigi veita öðrum en farþegum áfengi á höfnum, og þótt því ákvæði yrði nú bætt við, áð eigi heldur mætti veita farþegum, þá hygg jeg það þýðingarlitið, því að þá mundu þeir farþegar, sem annars vilja hafa vín, fá það til sín inn í »kojurnar« áður en komið væri inn á hafnirnar, og neyta þess engu að síður, og ef þeir ættu von á gestum, mundu þeir sjá fyrir þeim á sama hátt. Vínnautn mundi því lítið minnka við þetta.

Áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að fyrir þinginu liggur erindi frá nefnd, sem kosin var af sýslunefnd Húnavatnssýslu, til þess að sýna, hvernig byr þesskonar lög fá hjá landsmönnum. Nefnd þessi lætur í ljósi óánægju sína yfir lögunum frá 1899, þar sem þau gefa einstökum mönnum einkaleyfi til þess að selja áfengi, sem jafnan verða ríkustu kaupmennirnir, og jafnframt kvartar nefndin um, hversu slæmar og óvandaðar þær vörur sjeu, sem kaupmenn þessir selji. Með leyfi

hins hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp nokkrar línur úr erindi nefndar þessarar. Þar stendur:

»Samkvæmt þessu er það því álit vort, að áðurnefnd lög frá 11. nóv. 1899 hafi alls eigi á nokkurn hátt náð tilgangi sínum, að því er þetta hjerað að minnsta kosti snertir, og yfir höfuð þar sem við þekkjum til, og kemur því til álita, hvernig helzt sje tækilegast að koma þessu máli í betra horf«.

Með öðrum orðum, nefnd þessi álítur, að lögin frá 1899 sjeu að engu gagni, og enn ver mundi þó fara með þessi lög, ef frumv. yrði samþykkt, þar sem það fer fram á, að leggja svo óeðlileg bönd á farþega.

Að endingu vil jeg svo óska. að háttv. deild felli heldur þetta frumv., ef henni er það á móti skapi, eins og jeg hef ástæðu til að halda, eptir neitun hennar að dæma um þingskapaundanþáguna, en fara ekki í kringum það eins og köttur í kringum heitt soð, með því að láta það sofna í deildinni eða daga þar uppi.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þgskj. 587 við 1. gr. frumv. samþ. með 10 atkv. gegn 2.

1. gr frumv. svo breytt samþ. með 7 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ág. Flygenring,	Björn M. Olsen,
Guðj. Guðlaugsson,	Jón Ólafsson,
Jóh. Jóhannesson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Jensson,	Gutt. Vigfússon,
Sig. Stefánsson,	Jón Jakobsson,
Valtýr Guðmundss,	Þórarinn Jónsson,
Þorgr. Þórðarson,	

2. breyt.till. á þgskj. 587 við 2. gr. frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. breyt.till á þgskj. 587 við 2. gr. frumv. samþ. með 7 atkv. gegn 1.

2. gr, svo breytt samþ. með 7 atkv. gegn 3.

3. gr. frv. samþ. með 7 atkv. gegn 3.

4. breyt.till. á þgskj. 587 við fyrirsögn frumv. samþ. með 8 atkv. gegn 4.

Fyrirsögn frumv. svo breytt samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 7 atkv. gegn 5.

X. Gjafsóknir.

A.

Á 17. fundi Nd., föstudaginn 21. júlí, kom frumv. til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir til 1. umr. (A 81).

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Af því þetta mál hefur svo opt verið rætt hjer á þinginu, sje jeg enga ástæðu til að fara um það mörgum orðum. Það hefur opt verið samþykkt í þessari deild, og seinast 1901. 1902 var það á hinn bóginn borið fram í Ed., og var þá fellt með 6 : 5 atkv.

Frá þjóðinni hafa opt komið til þingsins óskir um það, að gjafsóknarrjettur embættismanna yrði úr lögum numinn. Og þó að ekki hafi komið fram beinar áskoranir um það frá mörgum þingmálafundum að þessu sinni, þá er enginn vafi á því, að sömu óskirnar lifa enn hjá þjóðinni.

Því verður og ekki neitað, að þessi sjerrjettindi embættismannanna eru mjög óeðlileg, því í raun og veru er engin ástæða til að vernda mannorð

þeirra á þennan hátt, frekar en aðra borgara þjóðfjelagsins.

Það er og óeðlilegt, að embættismenn geti fengið yfirboðara sína til þess, að skipa sjer að fara í mál, ef þeir telja virðingu sinni misboðið, enda þótt yfirboðurum þeirra hafi alls ekki þótt ástæða til slíkrar ráðstöfunar. En dæmi eru til þess, að embættismenn hafa farið þess á leit við yfirboðara sína, svo að þeir gætu fengið gjafsókn, þar sem gjafsóknarveitingin er bundin því skilyrði, að embættismanninum hafi verið skipað að höfða málið.

Hjer er því farið fram á, að afnema þessa skipunarheimild, svo að slíkum ójöfnuði verði ekki eptirleiðis við komið á kostnað landsins.

En það er ekki kostnaður landssjóðs, sem er aðalatriðið í þessu máli, heldur hitt, að gjafsóknarrjettur embættismanna skapar misrjetti og ójöfnuð í þjóðfjelaginu.

Gjafsóknarrjetturinn getur reynzt og hefur reynzt, hættulegt vopn í höndum ófrjálslyndrar og hlutdrægrar stjórnar, því hún getur misbeitt honum mjög tilfinnanlega, ef henni svo sýnist, enda er það ekki dæmalaust, að gjafsókn hefur verið látin koma í stað rannsóknar í málum embættismanna, sem kærðir hafa verið, og hafa orðið vopn í hendi ranglætisins, til að þagga niður rjettlátar kærur, þar sem sönnunarskyldan er örðugri í einkamálum og greiðari gatan til að finna sannleikann, ef opinber rannsókn fer fram.

Jeg býst við, að menn segi, að embættismenn verði opt að mæta ýmsum árásum sökum stöðu sinnar, og því sje það sanngjarnt og nauðsynlegt, að þeir njóti þessara sjerrjettinda; en kærur og aðdróttanir geta dunið yfir í hvaða stöðu sem menn eru, einmitt sakir hinnar sjerstöku lífsstöðu manna; þannig getur það t. d. vel komið fyrir, að verzlunarstjórar verða fyrir ærumeiðandi aðdróttunum, vegna stöðu sinnar, en þó mundi enginn halda því fram, að eigandi verzlunarinnar ætti að veita honum gjafsókn í máli, sem út af því risi.

Flestir meðlimir þjóðfjelagsins verða að sætta sig við það, sem stöðu þeirra fylgir, og embættismönnum ætti ekki að vera það ofvaxið, frekar en öðrum, enda eðlilegt og sanngjarnt, að allir borgarar þjóðfjelagsins sjeu jafnt settir í þessum efnum.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en vona, að háttv. deild samþ. frumv., þar sem þingið hefur svo opt um það fjallað áður.

Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jafnvel þó þetta mál hafi opt verið til meðferðar í deildinni og þó aldrei muni hafa verið sett nefnd til að íhuga það, þá held jeg samt, að rjett væri að setja nú nefnd til þess, að taka þetta frumv. til athugunar, og gæti þá komið til greina, hve viðtæk þessi lög eigi að vera, hvort að ástæða þyki til að afnema gjafsóknir hjá fleirum en embættismönnum, t. d. fyrir kirkjur og sveitarstjórnarvöld, eða hvort undantekning megi gjöra gagnvart embættismönnum í einstaka tilfellum, t. d. ef dómari er meiðyrtur sem dómari eða við dómarastörf. Þetta þyrfti að koma til athugunar í nefnd. Jeg gjöri því að tillögu minni, að kosin verði 5 manna nefnd, eptir að búið er að vísa málinu til 2. umr.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg vil ekki beint setja mig á móti því, að nefnd verði kosin, til að íhuga þetta mál, þó að jeg álíti þess ekki brýna þörf; en þar sem vakið hefur verið máls á því, að ástæða kynni einnig að vera til þess, að takmarka gjafsóknarrjett kirkna og sveitarfjelaga, þá er ekkert á móti því, að

nefnd sje gefinn kostur á, að láta álit sitt uppi um gjafsóknir í öðrum tilfellum, en þeim, sem frumv. talar um.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að kjósa nefnd í málið og 5 manna nefnd samþ. án atkvgr.

Eptir ósk þessara þingmanna:

Skúla Thoroddsens, Guðlaugs Guðmundssonar, Björns Bjarnarsonar, Ólafs Ólafssonar, Magnúsar Andrjessonar, Ólafs Briems, Einars Þórðarsonar, Ólafs Thorlacíusar, Stefáns Stefánssonar 2. þm. Skgf., fór fram hlutfallskosning og hlutu kosningu:

Skúli Thoroddsen,
Hannes Þorsteinsson,
Magnús Kristjánsson.

Þá fór fram óbundin kosnirg á 2 mönnum í nefndina, og náði þá kosningu

Lárus H. Bjarnason með 13 atkv.

Hermann Jónasson fjekk 12 atkv., aðrir færri. Fór þá fram óbundin kosning um 1 mann í nefndina, og var þá kosinn

Hermann Jónasson með 12 atkv., en greidd atkv. voru í þetta sinn að eins 21. Ólafur Ólafsson fjekk 7 atkv., Ólafur Briem 2 atkv.

Í nefndinni var Hannes Þorsteinsson kosinn formaður, Magnús Kristjánsson skrifari og Lárus H. Bjarnason frsm.

Á 45. fundi Nd., fimmtudag 24. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 80, 435).

Málið var tekið út af dagskrá, áður en umræður byrjuðu.

B.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til laga um gjafsóknir til 1. umr. (A 438).

Framsögumaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hygg, að þetta mál sje eitt á meðal þeirra, sem ofmikið er gjört úr. Venjulega gengur gjafsóknin ekki út á annað en að leysa menn undan ýmsum smáútgjöldum. En þótt ekki sje nú meira um að vera, mun þó vera talsverð óánægja í landinu út úr gjafsóknunum, og það á ef til vill sjerstaklega rót sína að rekja til þess, að ólögfróðir menn hafa stundum fyrirskipað málshöfðunina, en gjafsóknarlögin hinsvegar skilin svo, að veita skuli gjafsókn, er málssókn væri skipuð.

Biskup og landlæknir hafa t. d. vald til að skipa undirmönnum sinum að fara í mál. Og það þarf ekki að fara langt til að finna dæmi þess, að betur hefði verið heima setið. Nú er t. d. mál á döfinni, sem kostað hefur landssjóð líklega um 700 kr. En það þyrfti ekki að afnema gjafsóknir embættismanna til að kippa þessu í lag. Það þyrfti ekki annað en að fá stjórnarráðinu einu það vald. Annars ætla jeg ekki að halda í gjafsóknirnar. Þvert á móti. Fyrir mjer mega þær fara veg allrar veraldar. Jeg hef ekki brúkað þær.

Nú geta snauðir menn, kirkjur, spítalar, fátækrastofnanir og embættismenn gjört sjer von um gjafsóknir, þegar lögákveðin skilyrði eru fyrir hendi.

Nefndin vill fella 2. og 3. flokkinn burtu, nema hvað dómurum er haldið, en aptur á móti halda gjafsóknarrjetti snauðra manna.

Hinsvegar leggur nefndin til, að mönnum, sem kynnu að verða fyrir áreitni af hendi dómara sinna og því verða að fá setudómara, verði veitt gjafsókn, og er það gjört sakir jafnrjettis milli dómara, sem meiddur er,

og manna, sem dómarinn kynni að meiða. Að öðru leyti eru ekki gjörðar neinar breytingar á gildandi lögum.

Þm. N.-Ísf. (Sk. Th,) gjörði ágreiningsatkv. í nefndinni, en því þarf jeg engu að svara að svo stöddu, enda býst jeg við, að hann gjöri grein fyrir því, ef honum þykir það nokkru skipta.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 20 samhlj. atkv.

XI. Meiðyrðamál embættismanna.

Á 45. fundi Nd., fimtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til laga um breyting á 10. gr. tilskipunar 27. sept. 1799 um takmörkun prentfrelsis (A 439) til 1. umr.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason (þm, Snæf.): Um þetta mál er ekkert sjerstakt að segja; það er lítið annað en orðabreyting frá frumv. háttv. þm. N.-Ísf., nema hvað landsstjórninni er áskilinn rjettur til að heimta, að dómarar landsins hreinsi sig af ærumeiðandi sakargiptum, og það er svo sjálfsagður hlutur, að það mun ekki þurfa að verja.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

XII. Aðflutningsbann á áfengi.

Á 26. fundi Nd., þriðjudaginn 1. ágúst, kom frumv. til laga um aðflutningsbann á áfengi (A 108) til 1. umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.); Mjer kæmi það ekki á óvart, þó að þessa dags yrði minnzt síðar meir, einungis fyrir þá sök, að það er nú í fyrsta sinn, að mál þetta er borið fram á alþingi. Þegar litið er á starfsemi þeirra manna, sem vilja vinna að því, að bæta hag þjóðanna, þá er hún einkum falin í tvennu: að efla atvinnuvegi þjóðfjelagsins, gjöra mönnum sem auðveldast að afla sjer nauðsynja lífsins, og því næst, að vernda líf manna og heilbrigði, svo að þeir geti lifað sem lengst í landinu og notið gæða lífsins. Að hinu síðara beinist einmitt frumv. það, sem nú er lagt fyrir þingið. Spyrji menn að því, hvað mannlífinu sje mest til meins, hvað það sje, sem oftast glatar heilsu manna og lífi, þá er svarið nú allstaðar hið sama, að það sje berklaveikin. En sje spurt að því, hvað henni gangi næst, þá virðist svo sem allar menntaðar þjóðir sjeu að verða á einu máli um, að það sje áfengisnautnin. Jeg ætla ekki hjer að fara að gjöra grein fyrir öllu því böli, sem af áfengisnautn stafar; því að hverjum manni á þessu landi á að vera það kunnugt. Jeg vil líta á annað; ef einhver tilkynnti, að hann hefði fundið

örugt ráð til þess að útrýma til fulls berklaveikinni, hversu mikið mundu menn ekki vilja leggja í sölurnar til þess að ná því marki, til þess að hlíta því ráði. Í þessu frumv. er nú farið fram á að losa þjóðina við annað stærsta átumein hennar, það böl, sem stafar af áfengisnautninni. Menn kunna nú að vísu að spyrja, hversvegna menn hafi ekki þegar losað sig við áfengisnautnina, úr því hún er svo mikið böl; þar til er því að svara, að þegar hefur mikið verið gjört í þá átt, og þá ekki sízt hjer á Íslandi; er það okkur til mikils sóma. Í annan stað er þess að geta, að aðal-ástæðan fyrir því, að áfengisnautninni er ekki þegar útrýmt, er sú, að svo stuttur tími er liðinn, síðan menn fóru að vakna til umhugsunar um þetta mál, og alþýða manna er ekki enn komin í fullan skilning um, hvað um er að ræða. Svo eru menn og fremur ófúsir á að losa sig við þetta böl. Það aðgreinir þetta þjóðarmein frá öllum öðrum, að menn hirða ekki um að losna við það; þessvegna álíta menn bannið gegn sölu eða aðflutningi áfengis brot á persónulegu frelsi. En jeg vil vekja athygli manna á því, að flest lagaboð eru brot á persónulegu frelsi, að svo miklu leyti sem þau flest á einhvern hátt takmarka sjálfræði manna. En þau lög, sem heilt þjóðfjelag óskar eptir, þau geta þó ekki talizt brot á frelsi. Svo langt er nú bindindishreyfingin komin hjer á landi, svo margir vilja nú stemma til fulls stigu fyrir áfengisnautninni, að tími virðist til þess kominn að taka þetta mál til íhugunar. Málið hefur verið rætt á mannfundum víðsvegar um land, meðal annars á þingmálafundum, síðast nú í vor. Af 50 þingmálafundum, sem haldnir voru í vor, hefur það verið tekið til umr. á 30 fundum og á 20 af þeim er beint farið fram á aðflutningsbann á áfengi.

Jeg held því fram, að þinginu sje skylt að íhuga málið, þar sem það er svo mikilsvert og hefur svo mikið þjóðarfylgi; leyfi jeg mjer að stinga upp á, að því verði vísað til. 2. umr. og síðan kosin 5 manna nefnd í það.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg játa, að þetta er mikilsvarðandi mál, sem snertir alla þjóðina, og þjóðin hefur látið til sín heyra í því. En hvað viðtækar þær raddir eru, er ekki gott að segja. Það hefur alltaf vakað fyrir mjer, að það yrði á margt að líta, áður en að þetta yrði leitt í lög, og æskilegt væri þegar aðflutningsbannið er komið á, að það yrði vel haldið. Jeg vildi óska, að það yrði ekki aðeins í orði, heldur einnig á borði. Við höfum það orðtak »að fara í kringum lögin«, en jeg held, að fá lög mundu fremur vekja freistingu til að fara í kringum þau, en þessi. Þetta er nú önnur hlið, og jeg vil ekki segja aðalhlið málsins, en hún er sú, að hjer er einnig um tekjumissi að ræða fyrir landssjóð. Virðist mjer því rjettast að vísa máli þessu til nefndar þeirrar, sem sett var til að íhuga skatta- og tollmál landsins.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Jeg skal ekki lengja umræðurnar, en jeg verð þó að taka það fram, að jeg get ómögulega fallizt á, að vísa mali þessu til skattanefndarinnar; þó jeg raunar verði að játa, að það á einn bóginn snerti skattamál landsins, þá er það þó á hinn bóginn svo óskylt þeim, að mjer finnst það eðlilegt og sjálfsagt, að vísa því til sjerstakrar nefndar. Jeg skal þó taka það fram jafnframt, að mjer er það alls ekkert kappsmál, að áhugamenn og stuðningsmenn þessa máls sjeu kosnir í nefndina. Jeg kýs

enda fremur, að mótstöðumenn þess fái þar sæti, svo að þeir geti bent á annmarkana, en þó jafnframt kynnt sjer það sem bezt. Það hefur sýnt sig, að þetta mál hefur þann eiginleika, að hver, sem fer að vinna að því, verður líka vinur þess.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2 umr. í e. hlj.

Kosnir voru í nefndina:

Guðmundur Björnsson, Árni Jónsson og Guðlaugur Guðmundsson.

Þá höfðu 3 þm. fengið jöfn atkvæði, og var þá dregið um, hver frá skyldi ganga, og var Ólafur Briem dreginn út, en kosningu hlutu:

Magnús Andrjesson og Tryggvi Gunnarsson.

Í nefndinni var Guðlaugur Guðmundsson kosinn formaður, en Guðmundur Björnsson skrifari og framsm.

Frumv. var ekki tekið til frekari meðferðar á þinginu, sjá nefndarálit A 575.

XIII. Peningalotterí.

Á 41. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til laga um stofnun peningalotterís á Íslandi (A 214) til 1. umr.

Flutningsmaður Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vona, að það þurfi ekki að verða langar umræður um þetta frumv., og skal geta þess, að jeg flyt það að eins fyrir beiðni merks manns, sem ekki á sæti hjer á þinginu. Jeg tók það að mjer að eins vegna þess, að enginn annar þm. fjekkst til þess. Get jeg ekki sagt, að jeg sje málinu kunnugur og fylgi því frumv. ekki með neinu kappi. Jeg vildi að eins stuðla að því, að maðurinn gæti fengið að vita álit alþingis um málið.

Eins og kunnugt er, hafa fjórir menn óskað eptir því, að fá leyfi til þess að stofna peningalotterí hjer á landi, eru 2 íslenzkir og 2 danskir.

Frá mínu sjónarmiði hef jeg enga sjerstaka ástæðu til að mæla fram með frumv., en skjólstæðingur minn sagði mjer sínar ástæður, og vil jeg bera þær hjer fram. Hann hjelt því fram, að Íslendingar væru ekki svo fáir farnir að draga í útlendum lotteríum, og það mundi fara í vöxt eptir því, sem samgöngurnar greiddust, og ekki sízt, þegar hraðskeytasamhandið væri á komið. Nú er það kunnugt, að ríkissjóðirnir hafa tekjur af þessum stofnunum, og áleit hann því, að landssjóður mundi geta haft einhverjar tekjur af þessu, enda væri hann verðugri þess, að njóta góðs af spilamennsku Íslendinga, en erlendir ríkissjóðir.

Þetta var aðalástæða hans og einnig til þess, að jeg gjörðist flutnm. frumv.

Hæstv. ráðh. hefur skýrt mjer frá, að hann hafi jafnvel verið að hugsa um að koma með frumv. um »lotterí« inn á þingið, en horfið frá því af ástæðum, sem hann mun gjöra grein fyrir við umræður um frumv.

Jeg vona, að þetta mál verði tekið til íhugunar, þó seint sje fram borið, og leyfi jeg mjer að leggja það til, að kosin sje þriggja manna nefnd í það, svo það verði athugað svo vel, sem auðið er. Þykist jeg svo hafa fullnægt skyldu minni gagnvart manni

þeim, er vildi koma frumv. fyrir þingið, og sje jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að sinni, en fel það háttv. deild til sanngjarnrar meðferðar.

Guðlaugur Guðmuudsson (þm.V.-Sk.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að þessu máli sje vísað til skattanefndarinnar.

ATKVGR.: Málinu vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Málinu vísað til skattanefndarinnar með 15 atkv.

Frá skattanefndinni kom ekkert álit um málið.

XIV. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 29. fundi Nd., laugardaginnn 5. ágúst, kom frumv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum (A 325) til 1. umr,

Flutningsmaður Magnús Kristjánsson (þm. Ak.): Aðalbreytingin frá núgildandi lögum, sem felst í þessu frv., er innifalin í 1. gr., og er sú, að þeir útlendingar, sem fiskiveiðar stunda hjer við land og koma með afla sinn inn á hafnir, greiði af honum sama útflutningsgjald og innlendir menn gjöra, ef skip er afgreitt frá höfn hjer á landi. Önnur breytingin er sú, að koma í eina heild öllum þeim mörgu ákvæðum, sem um slík mál eru áður til. Fyrri breytingin sýnist mjer bæði rjettlát og þýðingarmikil, en sú seinni finnst mjer sjálfsagður hægðarauki.

Það er óhætt að fullyrða, að einn þáttur af starfsemi þingsins sje sá, að útvega landinu tekjur til að standast útgjöldin og í annan stað til þess að styrkja ýms framfarafyrirtæki. En þegar talað er um, að auka tekjur landsins, þá rekur jafnan að því sama, að afleiðingin er sú, að auka verður skatta og álögur landsmanna.

Aðalástæðan fyrir þessu frumv. er því mest sú, að flutningsmenn þess líta svo á, að hjer sje fær vegur til þess að auka tekjur landsins, án þess að leggja nýjar álögur á landsmenn. Það er og eðlilegt, að þeim mönnum, sem fiskiveiðar stunda, þyki það hart, að þurfa að greiða útflutningsgjald af vörum þeim, sem þeir framleiða úr sjónum með mikilli fyrirhöfn og tilkostnaði, en horfa upp á það, að útlendingar fari hjer allra sinna ferða í þeim efnum, án þess að gjalda nokkuð af því, sem þeir flytja út.

Það getur nú hugsazt, að mönnum þyki þetta enginn verulegur tekjuauki fyrir landssjóð, en það má og verður að taka tillit til þess, að árlega aukast stórum fiskiveiðar útlendinga hjer við land; t. d. voru hjer við land á síðastliðnu sumri á annað hundrað fiskiskip frá Noregi, sem fiskuðu ýmist með reknetum eða hringnótum og fengu á annað hundrað þúsund tunnur, og var að vísu greiddur dálitill tollur af því af aflanum, sem flutt var á flutningaskipum, en þó var auðvitað mest flutt út tolllaust. Það, sem út var flutt af þessum afla, mun hafa verið nálægt 75 þús. tunnur, og hefði þá útflutningsgjald af því numið 15 þús. kr., og þó að það sje að vísu

ekki mikil upphæð, þá er þó rjett, að taka það með.

Mjer finnst að öðru leyti ekki rjett, að frakknesk fiskiskip, sem losa í flutningaskip, er Frakkar senda hingað, skuli ekki greiða útflutningsgjald af því, sem út er flutt með þessum skipum. Frakkar veiða að meðaltali um 80 þús. skippund hjer við land, og sje nú gjört ráð fyrir, að þeir sendi hjer um bil $^1/_3$ af aflanum heim með flutningaskipum, yrði útflutningsgjald af því um 9 þús. kr. Og það eru ekki einungis þessar tvær þjóðir, sem jeg hef nefnt, heldur margar þjóðir Norðurálfunnar, sem fiskiveiðar stunda hjer við land, og gætu því af því orðið töluverðar tekjur. Það er eitt enn, sem mjer finnst tillit takandi til, nefnilega, að það er mjög óviðkunnanlegt, að vjer Íslendingar skulum ekki vera færir um að framfylgja þeim lögum, sem gilda í landinu, jafnt gagnvart útlendingum og innlendum mönnum.

Mjer þykir svo ekki ástæða til, að fjölyrða meira um málið við þessa umr., en þó þingið kynni að finna einhver vandkvæði á því, að afgreiða málið á þessu þingi, þá er jeg þó fullviss um það, að ekki líður á löngu, áður þingið tekur það til rækilegrar íhugunar, og jeg er líka viss um, að málið nær fram að ganga áður langt um líður.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði, þegar umræðunni er lokið, vísað til nefndarinnar í skatta- og tollmálum.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til skatta- og tollmálanefndarinnar.

Frá skattanefndinni kom ekkert álit um málið.

XV. Námulög.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, kom frumv. til námulaga (A. 454) til 1. umr.

Björn Kristjánsson stakk upp á 3 manna nefnd.

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nefndin samþykkt með 15 atkv.

Þriggja manna nefnd samþykkt og í hana kosnir:

Þórhallur Bjarnarson með 18 atkv.
Björn Kristjánsson — 15 —

Með því að enginn annar fjekk nógu mörg atkv., var kosningin ítrekuð, og þá kosinn

Jón Magnússon með 16 atkv.

Í nefndinni var Jón Magnússon kosinn formaður og Þórhallur Bjarnarson skrifari.

Sjá nefndarálit A. 626.

Frumv. kom ekki eptir það á dagskrá.

XVI. Lausamenn og þurrabúðarmenn.

Á 44. fundi Nd., miðvikudaginn 23. ágúst, kom frumv. til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn (A. 466) til 1. umr.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Aðal-breyting sú á gildandi lögum, sem þetta frumv. fer fram á, er sú hin sama, sem fólgin var í frv. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), því er rjett í þessu var tekið aptur. Meiri hluti nefndar þeirrar, er kosin var til þess, að íhuga það frumv., var með öllu samdóma háttv. flutningsmanni þess um það, að það færi í bága við skoðanir nútímans, væri jafnvel brot á móti viðurkenndum mannrjettindum, að sveitarstjórnir gætu meinað hjerlendum fullveðja mönnum, að setjast að hvar á landi, sem þeir vildu, og hafa þar ofan af fyrir sjer á löglegan hátt. Það er víst viðurkennt víðast hvar annarsstaðar, að hverjum manni eigi að vera frjálst, að leita sjer atvinnu, hvar sem honum sýnist innan vjebanda þjóðfjelags þess, sem hann á heima í. Allar takmarkanir á þessu eru því óeðlilegar. Meiri hluti nefndarinnar telur því rjett, eins og frumv. háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fer fram á, að afnuminn sje rjettur hreppsnefnda og bæjarstjórna til að synja um eða veita húsmennskuleyfi, en áleit á hinn bóginn, að um leið og þessi rjettur væri afnuminn, að setja þyrfti einhver ákvæði um viðurkenning á því, að maður væri seztur að í húsmennsku, svo að ekki væri hægt, að skjóta sjer undan lögskyldum með því, að segjast vera í húsmennsku eða þurrabúð, og þess vegna er hið nýja frumv. fram komið, því nefndin vildi heimta eitthvert form fyrir því, að maður sezt í húsmennsku. En þegar svo var komið, þótti nefndinni rjett, að setja öll ákvæði um húsmennsku og lausamennsku saman í eitt.

Eins og komið hefur fram, hefur nefndin ekki orðið sammála að öllu leyti; sumir tóku heldur dauft í það, að sinna málinu að svo stöddu, en jeg og ef til vill annar maður í nefndinni er þeirrar skoðunar, að hjer sje um svo sjálfsagðan rjett all-margra manna í þjóðfjelaginu, — væntanlegra húsmanna — að ræða, að ekki sje rjett, að draga það, að viðurkenna hann. Það getur að vísu ekki orðið á þessu þingi, en það má ekki líða á löngu, áður en rjettindi þessi verða viðurkennd.

Jeg er fyllilega samdóma því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði um þetta við 1. umr. frumv. þess, sem tekið var aptur, og skal jeg því ekki fara frekari orðum um málið að svo komnu máli.

Eggert Pálsson (1. þm. Rangv.): Eins og háttv. þingdeildarm. sjá (á þskj. 465), hef jeg skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og skal jeg leyfa mjer, að gjöra grein fyrir í fám orðum, hvernig á því stendur. Auðvitað á ekki þessi fyrirvari við frumv. í heild sinni, því mikið af því eru upptekningar úr eldri lögum, og það er að því leyti gott og þægilegt, að hafa nú allt það, er lýtur að húsmennsku og þurrabúð, á einum stað. Meiri hluti frumv. er því rjettur og hagkvæmur. En það er aðallega eitt nýmæli í 13. gr., sem er breytiug á lögum 12. jan. 1888 um skilyrði, sem húsmenn og þurrabúðarmenn verða að uppfylla, áður en þeir fái ábúðarsetursleyfi. Þess er krafizt í lögum þessum, að þeir hafi í höndum vottorð tveggja skilríkra manna um, að þeir sjeu menn reglusamir, og að eignir þeirra sjeu að minnsta kosti 400 kr.

virði. Þetta er nú numið burt með hinu nýja ákvæði, 13. gr. Í sjálfu sjer væri það æskilegt og gott, ef það gæti verið eins og kveðið er á um í greininni. En ef það yrði ofan á í fátækralögunum, að 10 ára sveitfestis-ákvæðinu verði haldið áfram, þá er að minni hyggju ekki enn kominn tími til þess, að breyta þessu. En ef sveitfestistíminn hefði verið styttur, þá hefði jeg getað verið með þessu. Mitt atkvæði er því í þessu atriði bundið við þau úrslit, sem fátækralögin fá; ef sveitfestistíminn verður styttur, er jeg með þessu ákvæði. Ástæðan til þessa er sú, að aðstreymið að sjónum er eins og allir vita mikið, og sje nú 10 ára takmarkinu haldið áfram, geta þeir húsmenn eða þurrabúðarmenn, er að sjónum flytja hlaðið niður ómegð á þeim 9 árum, sem þeir fá leyfi til að vera þar, en eru svo fluttir heim aptur í landsveitirnar með alla ómegð sína. Sje sveitfestistíminn aptur á móti styttur í 1, 2 eða 5 ár, fá þeir ekki tíma til þess, að hlaða niður jafnmikilli ómegð og bagginn fyrir framfærsluhreppinn verður því ekki jafnþungur.

Eins og nú stendur, greiði jeg því að vísu atkvæði með frumv., en það má búast við, að ef 10 ára sveitfestistímanum verður haldið, að jeg greiði síðar atkvæði á móti frumvarpsgreininni.

Jóhannes Ólafsson (þm. V.-Ísf.): Annar þeirra nefndarmanna, sem skrifaði undir nefndarálitið, hefur nú gjört grein fyrir ástæðum sínum, en það stendur nú svo undarlega á, að þó fyrirvarinn hjá báðum sje sprottinn af 13. gr., þá er sín ástæðan til þess hjá hvorum. Jeg er nú hinn fyrirvara-maðurinn. Jeg get ekki verið með frumv., ef þau skilyrði verða sett, að hreppsnefndirnar hafi engin ráð til þess, að forða hreppunum fyrir því, að óreiðumenn jafnt og aðrir setjist að í þeim. 13. gr. er svo stýluð, að það er eins og köttur fari í kringum heitan soðbolla. Í greininni stendur, að innflytjandi verði að tilkynna hreppstjóra það 8 mánuðum áður, að hann ætli að setjast að í hreppnum. En þetta er að eins málamyndar-tilkynning, sem ekki hefur neina þýðingu. Það hefði verið nær, að hann hefði mátt koma, hve nær sem hann vildi tilkynningarlaust, úr því ekki er hægt að hepta komu hans lagalega. En það má þó hepta hana á annan hátt, því í flestum sveitarfjelögum er hreppsnefndin í svo miklu samræmi við hreppsbúa, að þeir geta tekið höndum saman um það, að taka ekki við manni þeim, er þeir kæra sig ekki um, með því, allir sem einn, að varna honum húsmennsku hjá sjer. Það er víðast hvar tekið svo mikið tillit til sveitarstjórnarinnar, að hreppsbúar fara ekki að taka vandræðamenn inn í hreppsfjelagið, svo örðugleikarnir á innflutningi verða í rauninni jafnmiklir og áður. Hitt hefði nú verið hreinna, að hafa þetta eins og það áður hefur verið, að hreppstjórinn að öllu yfirveguðu gæfi mönnum leyfið til að flytja í hreppinn, heldur en að heimila þeim, að synda svona inn í skugga.

Jeg get því ekki verið með greininni, og þar af leiðandi heldur ekki með frumv., þó það sje stór kostur við frumv., að það tekur saman öll laga-ákvæði um búsetu lausamanna og húsmanna.

Framsögumaður Jón Magnússon (þm. Vestm.): Háttv. þm. V.-Ísf. (Jóh. Ól.) sagði, að í framkvæmdinni mundi þetta frumv. koma að litlu haldi fyrir þá, sem vildu setjast að í einhverri sveit, því að sveitarstjórn mundi geta

varnað þeim að setjast að í húsmennsku eins fyrir því, þótt hún hefði ekki það vald að lögum. En jeg skil ekki, hvernig hreppsnefndirnar ættu að geta þetta. Frumv. gjörir ráð fyrir, að húsmaðurinn, áður en hann tilkynnir hreppstjóra nokkuð um það, að hann ætli að setjast að í hreppnum, sje búinn að fá leyfi einhvers hreppsbúa til, að setjast að hjá honum, sje búinn að útvega sjer samastað hjá honum, og hafi gjört samninga við hann um það. En þá get jeg ekki skilið, hvernig hreppsnefndirnar eiga að fara að geta girt fyrir það, að maðurinn setjist að, þegar tilkynningin kemur til hreppstjóra um, að hann samkvæmt þessu leyfi húsráðandans ætli að flytja inn. Það yrði þá að vera með því móti, að neyða húsráðanda til, að ganga á gjörða samninga, en sem betur fer, er það ekki svo greitt aðgöngu. Annars er enginn mögulegleiki fyrir hreppsnefndina, að hindra það. Svo móthára háttv. þingdeildarm. verður æði lítilsverð. Annars skal jeg ekki deila um gildi frumv. Það getur vel verið, að hægt sje, að finna einhverja aðra heppilegri aðferð við viðurkenning húsmennsku, en nefndin fann nú ekki í svip aðra betri.

ATKVGR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 20 atkv.

XVII. Sölutollur af bitterum.

Á 24. fundi Ed., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til laga um sölutoll af bitterum og patentlyfum í glösum, flöskum eða öskjum (A. 202) til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er svo með þetta frumv., að það er komið fram til þess, að bitterar með tolli komist eigi undan því gjaldi, sem á þeim hvílir að lögum. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þegar upplag það var þrotið, sem flutt hafði verið til landsins áður en bitterlögin síðustu öðluðust gildi, þá var hann settur upp um 1 krónu flaskan, án þess þó, að landssjóður fengi hækkunina, heldur sá er bitterinn býr til; meina jeg þetta einkum til þess manns, sem býr til »Kínalífselixírinn«, því að hann hefur farið þannig að, að hann hefur bækistöð sína á Austfjörðum, borgar engan toll undir því yfirvarpi, að bitter þessi sje eigi innfluttur undir nýju tolllögunum, en tekur þó af landsmönnum 1 kr. meira fyrir flöskuna en áður. Engum mun blandast hugur um, að rjett sje að tolla þessa bittera, og þá verður eigi annað sjeð, en heppilegast sje, að velja þann veginn, sem tryggastur er, til þess að fá tolla þessa í landssjóð, og sá vegur hygg jeg að sje sá að nota frímerki eins og farið er fram á í frumv. Þessi aðferð er mikið brúkuð erlendis og hefur þann kost, að hver og einn getur sjeð, hvort svik eru í tafli eða eigi. En í frumv. þessu er farið fram á, að hafa þessa aðferð við fleira en bittera, nefnilega allskonar patentlyf í glösum, flöskum eða öskjum, en það getur verið spursmál, hvort það er rjett eða heppilegt, og jeg býst við, að margir mundu því meðmæltir að láta það að eins ná til bittera. Vegna þessa vil jeg leyfa mjer

að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, að þessari umr. lokinni. Málið er eigi svo viðfangsmikið, að eigi nægji 3 manna nefnd.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Með því að jeg er einn af flutningsm. þessa frumv., þá vil jeg taka það fram, að þegar jeg las frumv. og skrifaði nafn mitt undir það, hafði jeg ýmislegt við það að athuga. Jeg skrifaði undir aðallega af því, að mjer þótti það mjög eðlilegt, ef landssjóður gæti unnið það upp með sölutolli af bitterum, er hann fer á mis við, af því að farið er í kring um gildandi tolllög. En hins vegar fannst mjer rjett, að láta sölutollinn ekki ná til annara lyfja en bittera. Jeg er því meðmæltur að kjósa nefnd, einnig vegna 3. og 4. gr. frumv., sem mjer finnst talsvert að athuga við, en annars vil jeg eigi við þessa umr. fara út í hin einstöku gr. þess.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Þetta frumv., sem fer fram á að tolla bittera og patentlyf í glösum, flöskum og öskjum, álít jeg að ýmsu leyti varhugavert sökum þess, að mörg af þessum lyfjum eru mjög nauðsynleg læknismeðul og eru optast nær fyrst patentlyf og því dýrari en ella mundi. Frumv. fer fram á að leggja 1 kr. toll á hvert glas eða öskju af þessum meðulum og gjöra þannig engan mun á því, hvort meðalið er gagnlegt, nauðsynlegt og mjög mikilsvarðandi fyrir lækna og sjúklinga landsins, eða það er gagnslaust eða skaðlegt og að eins til þess að narra peninga út úr fáfróðri alþýðu. Þetta álít jeg algjörlega rangt, og það sje mikill ábyrgðarhluti fyrir háttv. deild, að láta slíkt frumv. fara frá sjer. Ef háttv. flutningsm. hefðu vitað, að mörg ágæt læknislyf eru fyrst patentlyf og afardýr, þá mundi þeim ekki hafa komið til hugar, að leggja 1 kr. toll á hvert glas eða öskju af slíkum meðulum; þau ern sannarlega nógu dýr fyrir því.

Mjer finnst engin vanþörf á, að frumv. þetta verði skoðað niður í kjölinn í nefnd, og jeg hygg, að hún hafi þar nóg að gjöra, ef hún ætlar að gjöra frumv. svo úr garði, að hægt verði að samþykkja það.

Jón Ólafsson (4 kgk. þm.): Jeg tók það einmitt fram, að jeg vildi hafa nefnd sökum þess, að mjer var ekki grunlaust um, að margir mundu að eins vilja láta þetta ná til bitteranna, enda kom það á daginn, hvað snertir háttv. þm. A.-Skf. (Þorgr. Þ.), og svo mun vera um fleiri.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykkt að kjósa 3 manna nefnd til að íhuga málið.

Kosningu hlutu:

Jón Ólafsson með 9 atkv.
Ágúst Flygenring — 9 —
Jóh. Jóhannesson — 8 —

Í nefndinni var Jón Ólafsson kosinn formaður og Ágúst Flygenring skrifari og framsögumaður.

Á 36. fundi Ed., þriðjudaginn 15. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 202, 365, 375).

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Fyrir 20 árum var byrjað að innflytja hjer bittertegundir, er náðu bráðlega mikilli útbreiðslu, enda var ekki tilsparað með skrumauglýsingum og vottorðum að gylla þetta »úniversallyf«.

Upphaflega var það ein bittertegund, »Brama-lífselixír«, sem fyrst mun hafa flutzt hingað um 1882, en svo liðu ekki allmörg ár þangað til annar bættist við, sem var þá látinn heita »Kína-lífselixír«; bittertegundir þessar náðu á stuttum

tíma feykilegri útbreiðslu, þrátt fyrir mótmæli og aðvaranir lækna; það fór hjer sem optar, að fólk trúir betur skrumi og ósannindum, ef það er sagt 10 sinnum, heldur en sannleikanum 1 sinni. Sem sagt, bitterinn náði feykna útbreiðslu, og það hefur verið keypt af honum fyrir fleiri tugi þúsunda kr.; já miklu meira en maður skyldi ímynda sjer. Gegn þessum ósóma var landið alveg varnarlaust, þar til tolllögin komu; með tollinum átti að vera dregið úr innflutningi þessara bittera og jafnframt fengnar nokkrar tekjur í landssjóð; en viti menn, tolllögin náðu alls ekki tilgangi sínum í þessu atriði; bitterinn slapp við tollinn og engu minna var selt af honum, en áður. Kaupmenn birgðu sig upp af þessum varningi til langs tíma áður en lögin öðluðust gildi, meðan á staðfestingunni stóð, og þegar þessar feykna birgðir voru uppseldar, þá gjörir »fabrikantinn« sjer lítið fyrir, og setur á laggirnar hjer á landi bitterverksmiðju; þannig sleppur hann við allan toll af bitternum, nema af þessari ögn af spritti, sem í honum er. Þetta er því verra, sem bitter þessi er mjög skaðlegur fyrir heilsu manna, og ætti því helzt að vera bönnuð sala á honum; í einu nágrannalandi voru er algjörlega bannað, að selja þessa bittera, nema eptir læknis skipun.

Það var upprunalega einning flutningsmanna frumv., að láta það ná til ýmsra annara »arkana«, en sökum þess, að vjer gátum ekki vel greint hin skaðlegu frá þeim meinlausu, nje fundið hlutfallslega rjettláta tolla, auk þess sem nokkur hinna svokölluðu »patentlyfja« kunna að teljast til nauðsynlegra læknismeðala, þá tók nefndin þau ekki með, heldur leggur það til, að þeim sje sleppt. En frumv. nær til allra bittera, sem ganga undir nafninu »patentlyf«. Nefndin vill leggja það eindregið til, að háttv. deild samþykki frumv. með þessari og nokkrum öðrum smábreytingum, sem jeg skal reyna að skýra nákvæmar.

1. breyt.till. við 1. gr. er gjörð til þess, að ekki þyrfti að breyta þessum lögum, þótt lögum um aðflutningsgjald af bitterum yrði breytt, en nefndin telur rjett, að sölutollur sje jafn aðflutningsgjaldi á hvaða tíma sem er.

2. breyt.till. við 1. gr. er að eins orðabreyting og þarf engrar skýringar við.

3. breyt.till. um, að 2. gr. falli burtu, er byggð á því, að ekki gat álitizt neitt tryggara að halda henni; nefndin leggur því til, að hún falli burtu.

4. og 5. breyt.till. við 3. gr. eru að eins lítilfjörlegar orðabreytingar, engar efnisbreytingar.

6. breyt.till. við 3. gr. er að eins gjörð til þess, að laga málið; við vorum svo heppnir að njóta aðstoðar lögfræðings, og gat hann bent okkur á, að þetta væri ekki lögfræðislega orðað í frumv.

7. breyt.till. við 5. gr. er að eins afleiðing af flutningi 3. gr.

Að því er 8. breyt.till. snertir, þá vil jeg taka fram, að nefndin áleit rjett, að láta gilda sömu hegningarákvæði um fölsun tollfrímerkja, eins og gilda um fölsun seðla og peninga; glæpirnir eru líkir í eðli sínu, og engi ástæða til að gjöra greinarmun á þeim.

9., 10. og 11. breyt.till. við 4. gr. eru að eins orðabreytingar eða afleiðingar af öðrum breyt.till.; það virðist því ekki þurfa að skýra þær frekar.

12. breyt.till. gengur út á, að stjórnin annist tilbúning og sölu tollfrímerkjanna, og sjái um reikningsskil fyrir tollinum; nefndin fann engan

veg heppilegri og áleit þessu hins vegar bezt borgið hjá stjórnarráðinu.

Að 6. gr, falli burtu, er bara afleiðing af 1. breyt.till.

13. breyt.till. um fyrirsögnina er sjálfsögð eptir 1. breyt.till.

Jeg held, að jeg hafi þá tekið fram hið helzta, sem jeg vildi sagt hafa, og vona, að háttv. deild taki frumv. og breyt.till. með velvild og lofi frumv. fram að ganga; það verður að játa, að það er til bóta frá því, sem er, þó öll »arkana« kæmu ekki með; menn verða að gæta að því, að enn þá geta komið fram frægir bitterar, máske miklu frægari en hinir nú algengu, og nær þá frumv. þetta til þeirra. Þó ekki sje hægt að búast við miklum árangri af þessu eina frumv., þá vona jeg, að með tímanum, ef þessari stefnu með sölutoll yrði fylgt, mætti hafa hönd í hári ýmsra fleiri vörutegunda, sem tollaðar eru nú, t. d. vindlum, brjóstsykri o. fl., sem unnið er í landinu til litils gagns fyrir þjóðina eða landið, sízt til svo mikils gagns, að landssjóður eigi fyrir þann innlenda iðnað að hafa stór-tekjumissi, með því að fara á mis við hinn ákveðua toll, o: innflutningsgjaldið af þessum vörum.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg skal játa það, að mjer lýst mun betur á frumv. nú, en þegar jeg undirskrifaði það sem einn af flutningsmönnunum, og er jeg þakklátur hv. nefnd fyrir það starf, sem hún hefur lagt í frumv. Mjer þykir að eins þau ákvæði frumv., sem eiga að tryggja það, að allir bitterar verði tollaðir, vera dálitið varhugaverð; það er ætlazt til, að tollheimtumaður límí frímerkin á glösin; jeg er mjög hræddur um það, að þetta gjöri honum mikið ómak, og illt verði að fylgja þessu í framkvæmdinni; annars skal jeg leyfa mjer að skjóta því hjer inn í, að jeg hefði álitið rjettara, að það hefði verið tekið fram berum orðum, hver væri tollheimtumaður; að minni hyggju hefði verið rjettara að nefna hreinlega sýslumann (bæjarfógeta) eða lögreglustjóra; raunar er sýslumaður, lögreglustjóri og tollheimtumaður nú ætíð sami maðurinn, en þetta getur vel breytzt innan skamms.

Jeg held, að vel mætti koma álímingunni fyrir á annan hátt, en með því að fela hana tollheimtumanni (lögreglustjóra); það mætti láta verksmiðjueigendur og kaupmenn sjálfa líma frímerkin á flöskurnar, og leggja við mjög háa sekt, ef brotið væri, og bitterinn seldur án frímerkja eða með brúkuðum frímerkjum. Mjer er nær að halda, að það væri ekki svo hætt við því, að menn vanræktu að líma frímerkin á eða svikjust undan tolli á þann hátt. ef einungis sektirnar væru hafðar nægilega háar; þær þyrftu að vera svo háar, að allur gróði kaupmannsins eða verksmiðjueigandans af tollsvikunum hyrfi ekki að eins af þeim vörum, sem hann væri í það og það skipti að svíkja undan tolli, heldur einnig allur arður hans um lengri tíma, t. d. heilt ár eða svo.

Jeg fyrir mitt leyti kann ekki við þau hegningarákvæði, sem nefndin vill beita eptir frumv.; það er í ósamræmi við tolllögin að hegna með fangelsi upp á vatn og brauð eða jafnvel betrunarhússvinnu, fyrir að losa tollfrímerki eða nota brúkuð frímerki.

Þetta er þó ekki neitt annað en venjuleg tollsvik, og ætti svipuð refsing að eiga við hjer, eins og á við um skakkt framtal á tollvörum eða almenn tollsvik.

Jeg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki laga þetta við 3. umr. Auk þess vil jeg benda á það,

að í 3, gr. stendur, að það sje glæpur að losa frímerkið, og að það varði fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvinnu; hjer er orðalagið óviðfelldið; það er ekki vant í lögum að segja beint, að það og það sje glæpur, heldur felst það í því hegningarákvæði, sem við brotinu er lagt; enn fremur finnst mjer alls ekki rjett, að miða glæpinn við að losa frímerkið, heldur ætti að miða hann við að nota það ólöglega. Lögreglustjóri hefur ýms meðul til að komast fyrir tollsvik, þótt svo hart sje ekki gengið að mönnum; hann getur t. d. látið kaupa hjá þeim, sem hann grunar, og ef hann þá fær bitterinn ófrímerktan, þá liggur kaupmaðurinn á verkum sínum.

Ákvæðin um það, að lögreglustjóri (tollheimtumaður) skuli frímerkja allar birgðir kaupmanna, þegar lögin öðlast gildi, held jeg að verði ekki heldur sjerlega »praktiskt«; það mun reynast mjög erfitt fyrir tollheimtumanninn og jafnvel sumstaðar alveg ómögulegt. Kaupmenn gætu fengið tollfrímerkin hjá lögreglustjóra og frímerkt bitterinn sjálfir; það er ekki svo mjög hætt við svikum, ef háar sektir liggja við. Það er að eins talað um kaupmenn í þessu sambandi, en mjer skilst, að eins nauðsynlegt sje, að rannsaka birgðir verksmiðjanna.

Jeg vil svo að eins benda nefndinni á, að orðalagið í niðurlagi 4. gr. virðist vera óheppilegt, þar sem stendur, að aðflutningstollur »greiðist með tollfrímerkjum«; það liggur næst að skilja það svo, sem kaupmenn eigi að afhenda lögreglustjóra frímerkin; það getur þó varla verið meiningin; jeg vil skjóta því til nefndarinnar, að laga þetta við 3. umr. Eins og jeg þegar hef tekið fram, álít jeg heppilegra og vildi óska, að háttv. nefnd gæti aðhyllzt, að lagðar væru þungar sektir við sjerhverju broti, er upp kæmist, og að kaupmenn og verksmiðjueigendur væru sjálfir látnir tollfrímerkja bitterinn.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg er þeim háttv. þingdm. þakklátur, sem hafa tekið þessu frumv. og breyt.till. nefndarinnar vel. Viðvíkjandi breyt.till. við 1. gr., er gengur út á að nema »patentlyf« í burtu úr frumv., þá var það af því nefndin treysti sjer ekki til að halda því, vegna þess að erfitt mundi að búa svo um hnútana sem dygði. Líka er sú breyting á því nú, að tollheimtumenn eru losaðir við að líma frímerkin á. Þetta gjörðum vjer til að koma því í samræmi við annað frumv., sem vjer sömdum seinna um vindlatoll.

Jeg get ekki verið samdóma háttv. sessunaut mínum um, að það væri minni sök á, ef tollfrímerki væri losað án þess að farið væri í ilátið, heldur en það væri gjört í þeim tilgangi að fara í það, því það er ekki minni sök á að búa til falska peninga heldur en að gefa þá út. Ef frímerkið losnar af vangá, þá er kaupmanninum það í lófa lagið, að rífa það og gjöra ónýtt, en refsing verður að liggja við fyrir að losa það af. Vjer verðum sjerstaklega að halda fast við þetta, af því vjer göngum út frá því, að »fabrikurnar« selji. Viðvíkjandi 4. gr., að tollheimtumaður skuli setja ókeypis tollfrímerki á birgðir, sem eru við nýár, nefndin sá ekki ástæðu til að láta borga toll af því, sem er óselt við næsta nýár.

Annars verður þessi tollgreiðsla eins og þegar borgað er undir brjef með póstum. Kaupmaðurinn fær tollfrímerki hjá tollheimtumanni og límir þau svo á hjá sjer. Viðvíkjandi því

sem háttv. 3. kgk. þm. talaði um, að betra mundi að hafa háar sektir í stað fangelsis, þá held jeg það sje álitamál. Refsingin á að vera þannig löguð, að hún aptri mönnum frá að drýgja brotið, og margir mundu heldur vilja borga nokkuð háar sektir heldur en að sitja í fangelsi og verða ef til vill fyrir töluverðu atvinnutjóni. Að því, er ákvæðið í 4. gr. áhrærir, var nefndin á því, að tollheimtumaður límdi frímerkin á í fyrsta sinn, nefnilega næsta ár. Háttv. 3. kgk. þm. talaði um, að betra mundi að setja »sýslumenn« eða »bæjarfógeta«, en þetta var með ásettu ráði gjört af nefndinni, því það mun vera í ráði að sú breyting verði á tollheimtu, að hún verði fengin í hendur hreppstjórum; ef svo verður, þarf ekki að breyta lögum þessum. Þar sem talað er hjer um tollheimtumann, þá er átt við lögskipaðan tollheimtumann.

Ráðherrann: Jeg heyrði ekki tillögu háttv. 3. kgk., en eptir sem mjer skilst, hefur hún verið í þá átt, að banna að selja öðruvísi en með álímdum tollfrímerkjum, bæði það sem er innflutt og hjer á landi tilbúið. Kaupmaðurinn ætti þá að borga toll við viðtökuna, fá tollfrímerki, sem kvittun fyrir gjaldinu og sjá sjálfur um áliming frímerkjanna. Þetta mundi »simplificera« lögin mikið og gjöra þau styttri. Viðvíkjandi hegningu fyrir brot gegn lögum þessum, verð jeg að álíta, að engin ástæða sje til að hafa hana aðra en fyrir sömu tollsvik. Brotið er sama eðlis, hvort heldur það er innifalið í að svíkjast undan tollfrímerkjareglunum, eða svíkja toll á annan hátt. Jeg er mjög hræddur um, að vandræði yrðu með þær birgðir, sem þegar eru til í landinu, því það þyrfti ekki einungis að rannsaka hjá verksmiðjunum heldur einnig hjá einstökum mönnum, en það yrði lítt framkvæmanlegt.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg get vel verið á því, að hægt mundi vera að »simplificera« lögin meira, en úr því sem komið er, álít jeg þó bezt, að samþ. frv., eins og það nú liggur fyrir. Hvað það snertir, að ekki sje rjett, að leggja toll á þær birgðir, sem þegar eru í landinu, þá get jeg ekki verið þeirrar skoðunar, þar sem aldrei hefur verið greiddur 1 eyris tollur af þessum 2 skrumbittertegundum, heldur verið farið með þær inn í landið kringum lögin. Kaupmenn birgðu sig svo vel upp áður, eða um það leyti, er lögin öðluðust gildi, og er það var þrotið, bjuggu þeir bitterinn til hjer í landinu; landssjóður hefur því aldrei haft nokkuð af tolltekjum þaðan að segja. Ágóðinn, eða rjettara tollurinn, hefur lent í vasa kaupmannanna. Hvað erfiðleikana með eptirlitið snertir, þá getur lögreglustjóri notið aðstoðar hreppstjóra með það. Annars hvílir ómakið á kaupmönnum með álíming frímerkja framvegis; þeir mega ekki selja bitterinn ótollfrímerktan. Hvað það snertir, að frímerkin verði losuð af, þá er það sama og hver önnur tollsvik, og virðist því, að hegning fyrir það eigi að vera söm og fyrir t. d. að selja ófrímerkt, það er líkt eins og í lögunum um friðun æðarfugla; sekt fyrir að hirða dauðan fugl er jafnhá sektinni fyrir að skjóta. Það verður því að álítast það sama, að losa tollfrímerki af íláti, án þess að frímerkið rifni, sem að drýgja tollsvik. Sá sem slíkt gjörir, fer varla að skýra frá, hvað hann hafi hugsað, er hann framdi verknaðinn. Tilgangurinn að losa tollfrímerki af — ná því óskemmdu, — getur ekki verið nema sá einn, að gjöra tilraun til að drýgja tollsvik. Jeg verð

að halda fast við, að þótt það mætti færa lög þessi í einfaldari búning, en þau nú eru í, þá sje þó bezt eins og stendur að samþykkja frumv.

Björn M. Olsen (3. kgk. þm.): Mjer finnst eðlilegast, að refsing fyrir þau tollsvik, sem hjer er um að ræða, sje fólgin í svo háum sektum, að seljendur sjái sjer ekki hag í að fara í kringum lögin móts við það, sem þeir eiga á hættu, ef brot kemst upp. Jeg vil því leggja mjög háar sektir við brotum, og um leið, eins og í núgildandi lögum, hækkun á þeim tolli, sem dreginn er undan. Tollsvik eru auðvitað gjörð til að draga sjer fje, og því á að láta refsinguna ganga út yfir pyngjuna. Jeg vildi því hafa háar sektir, t. d. 1,000 kr. lægstar, svo hinn seki missi ekki einungis arð af því, sem hann flytur inn í það skiptið, er upp um hann kemst, heldur að hann tapi arði margra ára. Það gladdi mig að heyra, að hæstv. ráðh. var mjer samdóma; að eins þótti mjer eitt, að hann skyldi ekki minnast á, hvort hann teldi hagfellt að hafa óvanalega háar sektir.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (365) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (365) við 1. gr. samþ. í e. hlj. 1. gr. svo breytt samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (365), 2. gr. falli burt samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (365) við 3. gr. (2. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (365) við 3. gr. (2. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. breyt.till. (365) við 3. gr. (2. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. gr. (2. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. (365) við 5. gr. (3. gr.) samþ. í e. hlj,

5. gr. (3. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.

8. breyt.till.: ný 4. gr. samþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (365) við 4. gr. (5. gr.) samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (365) við 4. gr. (5. gr.) samþ. í e. hlj.

11. breyt.till. (365) við 4. gr. (5. gr.) samþ. í e. hlj.

4. gr. (5. gr.) svo breytt samþ. í e. hlj.

12. breyt.till. (365) í stað 6. gr., komi ný gr. samþ. í e. hlj.

Viðaukatill. (375) við 6. gr. samþ. í e. hlj.

7. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

13. Breyt.till. (365) við fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi Ed., fimmtudaginn 17. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 428, 433).

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skal geta þess, að breyt.till. þær, er hjer liggja fyrir, eru í þá átt, sem hæstv. ráðh. benti á við 2. umr. Jeg vona nú, að málið sje komið í það form, sem menn vildu.

Forseti: Nefndin hefur komið fram með frumv., að miklu leyti nýtt (428), í stað þess, að tilgreina sjerstaklega þær breytingar, sem hún gjörir á frv. eins og það var samþykkt við 2. umr. Jeg skal samt láta það gott heita í þetta skipti, að slík aðferð hefur verið viðhöfð, og hef jeg haft fyrir því með samanburði á frumv., eins og það liggur fyrir frá 2. umr., og þskj. 428, að tilgreina þær breyt.till. nefndarinnar, sem felast í þessu þskj., svo atkvæðagreiðsla geti farið fram.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (428), að í stað 1. gr. komi ný gr., samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (428), að í stað 2. gr. komi ný gr., samþ. í e. hlj.

3. breyt.till. (428), að í stað 3. gr. komi ný gr. samþ. í e. hlj.

4. breyt.till. (428), að 4. gr. verði 5. gr., samþ. án atkvgr.

5. breyt.till. (428) við 5. gr., sem verði 4. gr., að milli orðanna: »skal

tollheimtumaður« og »setja ókeypis« komi: »eða umboðsmaður hans sá, er hann til þess skipar«, samþ. í e. hlj.

6. breyt.till. (428), við 5. gr., að í stað orðanna: »bitterum« komi: »tjeðum bitterum«, og að á eptir orðinu: »kaupmenn« komi: »lyfsalar eða eða læknar«, samþ. með 10 shlj. atkv.

7. breyt.till. (428) við 5. gr., að í stað orðanna: »þeim er aðflutningstollur hefur þegar verið af greiddur« komi: »sem aðflutningsgjald hefur þegar verið af greitt«, samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. (428) við 5. gr., að síðasta málsgrein falli burt, sþ. í e. hlj.

9. breyt.till. (428), að ný gr. (7) bætist við, svohljóðandi:

»Með brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál«, samþ. í e. hlj.

10. breyt.till. (428), að 7. gr. frumv. verði 8. gr., samþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í einu hlj., og afgreitt til forseta Nd.

Í Nd. kom frumv. (A 460) ekki á dagsskrá.

XVIII. Tollgeymsla.

Á 21. fundi Ed., mánudaginn 31. júlí, kom frumv. til laga um tollgeymslu og tollgreiðslufrest (A 213) til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Frumv. þetta er borið fram til þess, að gjöra nokkra bót á tollgreiðslulögunum. Eptir núgildandi lögum er það leyfilegt kaupmönnum, að láta helming tollsins bíða þangað til síðar, en það getur verið mjög óþægilegt fyrir þá að láta helming tollsins í peningum þegar í stað, og frumv. þetta fer því fram á, að ráða bót á þessu, enda er þess því meiri þörf, sem viðskipti aukast meir og meir, eins og þegar er orðið og útlit er fyrir að verði. Það er líklegt, að Reykjavík verði meir og meir upplagsstaður fyrir landið, og þá er hart fyrir kaupmenn, að þurfa að borga helming tollsins þegar í stað, svo mikill sem hann getur orðið. Það mundi því verða miklu hagkvæmara fyrir þá, að fá vörurnar smátt og smátt frá útlöndum, einkum þar sem hægt er að láta vörur bíða tolllaust í fríhöfninni í Kaupmannahöfn. Þetta væri eigi heppilegt, og jeg vona, að háttv. þm. sjái, að það er sanngjarnt, sem farið er fram á í þessu frumv. Jeg álít, að bezt væri, að gefa frest með greiðslu á öllum tollum. Rjett væri að geta þess í frumv., að tollgreiðslulögin núverandi breytast, ef það skyldi komast í gegn, en þetta má laga með breyt.till.

Jeg vil svo að endingu leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til nefndarinnar í bittertollsmálinu.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frumv. vísað til nefndarinnar í bittertollsmálinu í e. hlj.

Á 30. fundi Ed., þriðjudaginn 8. ágúst, kom frv. til 2. umr. (A 213, 277).

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Eins og hið stutta nefndarálit ber með sjer, hefur nefndin, sem kosin var til þess að íhuga þetta frv., komið sjer saman um það, að frv. hefði mjög gagnleg ákvæði inni að halda, og hefur lagt til að samþ. það, og tekið fram ástæður fyrir því.

Með ákvæðum frumv. þessa er efnalitlum innlendum kaupmönnum gjört mögulegt, að birgja sig upp með vörur og gjörður kostur á að hagnýta sjer lágt verð á tollvörum í útlöndum,

Þar af leiðir, að vörur þessar verða að jafnaði með lægra verði en ella.

Eins og nú hagar til, er efnaminni kaupmönnum fyrirmunað að birgja sig upp með tollvörur, en það eru flestir íslenzkir kaupmenn; ríkir útlendir kaupmenn hafa ráð á því, að liggja með vörurnar, og geta því beðið þangað til þeir geta selt þær og rennur því allur ágóði til þeirra. Það er því mikil rjettarbót fyrir hina innlendu kaupmannastjett, ef þessi lög öðlast gildi.

Alþingi á að kosta kapps um, að hlynna að hinni innlendu verzlunarstjett á allan hátt, einkum þegar það er útgjaldalaust fyrir landssjóð, og einskis rjetti er hallað við það. Hinir útlendu kaupmenn hugsa ekki um annað, en að safna hjer svo miklu fje, sem þeim er unnt og flytja þeir það allt til útlanda; þeir nota landið okkar og verzlunarstaði þess eins og fiskiver eru notuð af þeim, er búa utan hjeraðs; þeir flytja allan fenginn heim til sín og skilja ekkert eptir, þegar þeir fara. Hjerað það eða verzlunarstaður, er hinir útlendu kaupmenn hafa rekið atvinnu sína í, hefur vanalega ekkert gagn af veru þeirra, og landið í heild sinni því minna; þeir gjöra ekkert til þess að bindast fyrir framfarir eða hlynna að hjeraðinu eða kauptúninu, þar sem þeir reka verzlun sína, og þegar þeir fara, getur maður sagt, að þeir láti ekki stein yfir steini standa; jafnvel eru þess dæmi, að húsin, sem þeir hafa rekið verzlun í, eru tekin burt.

Breyt.till. þær, sem nefndin hefur gjört, eru ekki miklar, en miða til þess að gjöra frumv. aðgengilegra.

1. breyt.till. fer fram á það. að aptan við 1. gr. komi svo hljóðandi setning:

»Tollheimtumaður skal rannsaka, hve miklar tollvörur látnar eru í geymslu, og ber eiganda að greiða toll af þeim öllum, jafnvel þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sjer stað«.

Þessu stingur nefndin upp á til þess, að landssjóður missi ekki neins í við geymsluna.

2. breyt.till. er við 2. gr. og fer fram á, að í staðinn fyrir »25% hærra tollgjald en ella hefði verið« komi: »tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið«. Við álítum sem sje, að þau tilfelli kynnu að vera hugsanleg, að kaupmenn sæju sjer hag í að raska tollinnsiglum eða fara í húsið, þó hann yrði að borga 25% hærra tollgjald en ella, og höfum þessvegna viljað færa tollgjaldið upp úr 25% í 100% til þess að koma í veg fyrir að slík freisting væri hugsanleg.

3. breyt.till. fer fram á, að á eptir 3. gr. komi ný grein um að tollheimtumaður geti, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum. Þetta er gjört vegna lögreglustjóra eða bæjarfógeta þeirra, sem mikið hafa að starfa, að þeir geti látið umboðsmenn sína leysa þessi störf af hendi, og sömuleiðis þar, sem svo er á statt, að verzlunarstaðir eru fleiri en 1 í sömu sýslu, til þess að losna við ferðalög.

4. breyt.till. fer fram á, að nema úr gildi tollgreiðslulög 22. maí 1890, sökum þess, að þeim er með lögum þessum ofaukið, enda hafa þau aldrei náð tilgangi sínum, þau hafa verið dauður, ófrjálslegur bókstafur, sem aldrei hefur að notum komið.

5. breyt.till. fer fram á, að breyta fyrirsögn frumv. þannig, að í stað »tollgeymsla« komi: »tollvörugeymsla« og er það að eins til að taka þetta skýrara fram, hvað átt er við.

Jeg hef svo ekki fleira að segja að svo stöddu, en vona, að hin háttv. deild samþ. frumv. með þeim breytingum, sem nefndin stingur upp á.

Þorgrímur Þórðarson (þm. A.-Sk.): Það er að eins eitt atriði, sem jeg vildi fá upplýsingu um hjá hinni háttv. nefnd.

Hvernig fer með tollgreiðsluna, ef vörugeymsluhúsið brennur með öllu saman, þegar búið væri að fylla það með hinum tollskyldu vörum?

Á landssjóður þá að missa tollinn af öllum þessum vörum og bíða þennan mikla skaða fyrir það eitt, að tollgreiðanda er veitt sú ívilnun með tollgreiðsluna, að þurfa ekki að greiða tollinn fyr en um leið og hann smám saman tekur hinar tollskyldu vörur úr húsinu?

Eptir núgildandi lögum ber að greiða tollinn undir eins og hinar tollskyldu vörur eru komnar þar á þá höfn, sem á að afferma þær.

Mjer virðist full ástæða til þess, að nefndin athugi þetta atriði nákvæmlega, og að ákvæði um það yrði sett í frumv., því að húsbrunar eru svo tíðir hjer á landi, og víða lítil tæki í kauptúnum til að slökkva húsbruna eða verja vörugeymsluhús, ef að hús brenna nálægt þeim.

Jeg þarf ekki annað en minna á húsbrunann mikla á Akureyri og Húsavík fyrir nokkrum árum.

Tollgreiðandi ætti að vera skyldugur til þess, að vátryggja allar hinar tollskyldu vörur.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Mjer er ánægja, að svara fyrirspurn hins háttv. þingm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.). Jeg gleymdi að taka það fram, að tollgreiðsla hlýtur að sjálfsögðu að falla niður, ef að vörubirgðirnar brenna, á meðan þær eru í geymslu. Landssjóður missir ekki neins við, sökum þess, að kaupmaður þarf að kaupa vörur í skarðið, eða aðrir kaupmenn, sem því nemur, er brann.

En hitt væri ranglátt, að láta landssjóð græða á því, að kaupmenn yrðu fyrir stórtjóni.

Ráðherrann: Það er önnur fyrirspurn, sem jeg vildi gjöra til hinnar háttv. nefndar. Er það meiningin, að vörur geti geymzt í þessum vörugeymsluhúsum svo lengi sem vill? Ef hjer er ekkert tímatakmark sett, þá getur það komið fyrir, að aldrei verði borgaður tollur af rýrnun þeirri, sem gjört er ráð fyrir í frumvarpinu. Jeg sje ekki, að hægt sje, að komast hjá því, að setja eitthvert tímatakmark um það, hve nær tollurinn skuli í síðasta lagi greiddur.

Það *verður* að krefjast þess, að kaupmenn sjeu búnir að taka vörurnar, og gjalda toll af þeim innan einhvers ákveðins tíma.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Viðvíkjandi því, sem hinn hæstv. ráðherra tók fram, þá kom þetta atriði til íhugunar í nefndinni. En hinn háttv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), sem sæti átti í nefndinni, og er tollheimtumaður, áleit, að þetta atriði gæti ekki verið neitt viðsjárvert, sökum þess, að lögreglustjóri hefur leyfi til þess, að aðgæta vörubirgðirnar, hve nær sem honum þurfa þykir, enda er engin hætta á því, að kaupmenn láti vörurnar liggja lengur í vörugeymsluhúsi, en bráðnauðsynlegt er, því þeir reyna, að koma vörunni eins fljótt út eins og mögulegt er. Þeim þykir ekkert gaman að því, að liggja með það »kapital«, sem liggur í vörubirgðunum, rentulaust, lengur en þörf er á.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) spurði um, þá svaraði háttv. framsm. (Á. F.) því alveg rjett. Það er auðsætt, að landssjóður missir einskis tolls í við það, að vörurnar brenna, því þá þurfa kaupmenn að kaupa í skarðið. En það er ekki rjett, að láta borga toll af þeim vörum, sem

eigi er eytt. Enda miðast tollurinn við »konsúmptiónina«, en ekki við innflutninginn.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg held, að fyrirspurn háttv. þm. A.-Sk. (Þorgr. Þ.) hafi verið óþörf; því að svarið felst í breyt.till. nefndarinnar við 1. gr.; þar stendur, að eigandi skuli greiða toll af vörunum, »þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sjer stað«. Þetta skil jeg svo, að ef breyt.-till. nær fram að ganga, verði eigandi að borga toll af vörum, sem brenna í hans vörzlum, því að bruni er líka rýrnun, ɔ: rýrnun niður í ekki neitt. Auk þess getur brunnið nokkur hluti vörubirgðanna, og verður það þá enn ljósara, að bruni er rýrnun.

Jeg get alls ekki verið samdóma hinum háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) um það, að tollurinn miðist við neyzluna en ekki við innflutninginn. Tollurinn er fallinn á, þegar varan er komin inn í landið. Ef það er tilætlunin, að breyta eða víkja frá gildandi lögum í þessu efni, þá ætti það að koma skýrt fram í lögunum.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg mótmæli því, að það hafi ekki verið meiningin, að vörurnar væru ótollaðar meðan þær væru í tollgeymslunni. Fari svo, að eldur eyði vörunum, þá er engin ástæða til þess, að láta landssjóð ábatast á annara tjóni, og þá er tilgangur frumv. eyðilagður, því tilgangur frumv. var sá, að gjöra efnaminni innlendum kaupmönnum kost á því, að sæta tækifæriskaupum á tollvörum. Þetta finnst mjer ekki nema sanngjarnt og rjett, að hlynna að íslenzkri verzlunarstjett, þegar það er ekki eyris útlát fyrir landssjóð.

Þess vegna þykir mjer það kynlegt, að menn skuli hafa nokkuð á móti því, en þó öllu kynlegra, að skilja ekki jafn auðvelt mál sem þetta.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.). Jeg sje á orðum flutningsm., að jeg hef alveg misskilið frumv. Jeg leit svo á, að fresturinn á tollgreiðslu væri aðalatriðið, sem hjer er um að ræða; en eptir því, sem jeg heyri nú, þá er hjer allt annað, sem átt er við, og að hjer er að ræða um breyting á »princípi« fyrir því, af hverju toll skuli greiða. Jeg hef skoðað frumv. svo sem ekki væri nein breyting á því gjörð, hvenær og hvaða vörur gjaldskyldan fellur á, að hjer væri að eins að ræða um frest á borgun og að vörurnar skuli þrátt fyrir frestinn á tollgreiðslunni, vera í ábyrgð kaupmanna eptir sem áður. Það er aðgætandi, að hjer er um allt annað ástand að ræða en það, sem á sjer stað á »frílager« og frihöfnum erlendis, því að þar eru vörurnar undir umsjón hins opinbera, þar fellur tollskyldan fyrst á, þegar vörurnar eru afhentar úr umsjón hins opinbera; en hjer er alls ekki um opinbera geymslu að ræða. Yfir höfuð get jeg ekki fellt mig við frumv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, þar sem það er svo óljóst, og þegar jeg lít á þá breyt.till., sem nefndin hefur stungið upp á við 1. gr., nfl. að tollheimtumaður skuli rannsaka, hve miklar tollvörur látnar eru í geymslu, og að eiganda beri að greiða toll af þeim öllum. jafnvel þótt svo reynist, að rýrnun hafi síðar átt sjer stað, þá virðist mjer þetta staðfesta þann skilning á frumv., að tollskyldan sje bundin við, að vörurnar eru fluttar í land, og að þá sjeu þær upp frá því á ábyrgð eiganda.

Sem sagt, get jeg ekki fellt mig við frumv. í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir í, og finnst mjer ástæða til að

komið væri fram með breyt.till. um þessi ágreiningsatriði til 3. umr., enda heyrðist mjer háttv. framsm. ekki vera því mótfallinn. Að öðrum kosti mun jeg ekki geta gefið frumv. atkv. mitt.

Ráðherrann: Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að það skiptir ekki máli, hvernig þessu er fyrirkomið annarsstaðar. Eins og háttv. 2. kgk. þm. tók fram, þá er eptir okkar tolllögum tollgjaldið fallið á vöruna, þegar skipið hefur hafnað sig. Hjer er eins og jeg hef tekið fram alveg nauðsynlegt, að sett sje eitthvert taknmark fyrir þeim tíma, sem greiðslan megi dragast lengst, því að annars getur þessi viðbót nefndarinnar við 1. grein með engu móti staðizt. Jeg er samdóma háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) um það, að ef varan brennur, þá eigi eigandi að greiða tollinn samt sem áður. Það er allt öðru máli að gegna um vörugeymslu í frihöfn eða þar sem er »frílager«, því að þar skoðast vörurnar ekki innfluttar fyr en þær eru teknar út úr frihöfninni eða »frílagerinu«. Til þess að frihafnarákvæði gæti átt við í þessu frumv., þyrfti allt önnur lög og allt annan undirbúning en þann, sem hjer liggur fyrir.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Þar sem háttv. 3. kgk. þm. og hæstv. ráðh. tóku það fram, að til rýrnunar á vörunum heyrði líka það tjón, sem hlytist af eldsvoða, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að það var alls ekki meining nefndarinnar. Það kom einmitt til tals í nefndinni, að ef vörurnar brynnu, þá væri órjettlátt, að eigandi þyrfti að gjalda toll af þeim samt sem áður. Nefndin gekk út frá því, að ef hjer kæmust á vörugeymsluhús, þá mundu kaupmenn ekki vilja taka ábyrgð á tollinum, meðan vörurnar væru í tollhúsinu, enda gat nefndin ekki sjeð, að það væri neitt rjettlæti eða sanngirni í að ætlast til þess. Að geta lagt þann skilning í orðið rýrnun, að það geti átt við þær skemmdir á vörunum, sem hljótast af eldsvoða, er mjer ómögulegt að skilja, enda mundi nefndin hefa tekið það beinlínis fram, ef hún hefði ætlazt til þess, að ákvæðið ætti að skiljast svo, en það höfum við ekki gjört. Viðvíkjandi fyrirspurn hæstv. ráðh. um frestinn, þá var það meining nefndarinnar, að ekki væri hægt að setja neitt fastákveðið tímatakmark fyrir tollvörueigendur um það, hvenær þeir skuli vera búnir að taka vörurnar út. Það leiðir af sjálfu sjer, að það langar engan kaupmann til þess að eiga tollvörur geymdar lengur en nauðsyn krefur eða til þess þar með að fá sem lengstan tollgreiðslufrest: Allir reyna að selja vörur sínar sem fyrst. Ef menn endilega vilja binda tollskylduna við þann tíma, sem vörunum er skipað á land, þá erum við komnir að því sama, sem er í gildandi lögum frá 22. maí 1890, sem verið er að fara fram á að nema úr gildi með þessum lögum.

Kosturinn við þessi lög er sá, að kaupmenn geta tekið vörurnar út eptir hendinni, og gjöri jeg ráð fyrir, að það yrði ekki misbrúkað, þar sem tollheimtumaður hefur í höndum tollvöruskrána og vottorð kaupmanns fyrir því, sem út væri tekið; þar að auki persónulega vissu fyrir hvað látið hefur verið í geymslu; sje jeg því ekki ástæðu til að óttast, að neitt þyrfti að misfarast eða að landssjóður tapaði neinu nema ef vörurnar brynnu; en þá get jeg heldur ekki sjeð, að landssjóður þyrfti að skaðast á því, vegna þess, að kaupmaðurinn eða einhverjir aðrir yrðu að bæta það upp, með því að panta annað eins í staðinn fyrir það, sem brann. Neyzlan í

landinu á þessum vörum getur ekki minnkað neitt við það, þó einhversstaðar brenni eitthvað af þeim. Það er óhugsandi, að láta það verða happ fyrir landssjóð, sem er skaði fyrir einstaka menn; landssjóður á ekki að lifa á höppum, sem eru einstökum mönnum til tjóns.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Mjer finnast umræðurnar um þetta mál vera farnar að ganga nokkuð mikið út í hött, því að hvorki háttv. framsm. nje háttv. 4. kgk. þingm. (J. Ól.) hafa bent á nein ákvæði í þessu frumv., sem færu fram á, að nema úr gildi hin núverandi lagaákvæði um, að tollskyldan sje áfallin frá þeim tíma, er skipið hefur hafnað sig með hinar tollskyldu vörur. Það verður að setja inn í þessi lög bein ákvæði um, að sú grein í hinum núgildandi lögum, sem kveður á um þetta atriði, sje úr lögum numin og annað komið í staðinn, ef það er meiningin, en það stendur hvergi í frumv. Jeg verð líka að benda á, að það er ekkert happ eða þægindi í því fyrir kaupmenn, að hafa rjett til að geyma þessar vörur óákveðinn tíma. Fáir mundu geyma þær lengur en 1—2 ár. Jeg fyrir mitt leyti held, að það væri nægilegt, að fresturinn væri ákveðinn til eins árs. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún ekki mundi vilja koma fram með breyt.till. um, að tollvörugeymslufresturinn væri til eins árs og alls ekki lengri, því að það er aðgætandi, að það er æfinlega töluvert rentutap fyrir þá kaupmenn, sem flytja mikið upp af þessum vörum, að liggja lengi með þær óseldar. Ef það er meiningin með frumv., sem jeg nú reyndar hvergi get fundið í því, að það sje skaði landssjóðs, ef vörurnar brenna, þá er jeg alveg á móti því. Landssjóður á eptir gildandi lögum heimting á tolli af öllum slíkum vörum undir eins og þær koma inn í landið. Það verður þó að minnsta kosti að setja í lögin ákvæði, er breyti þessum lögum, ef það á að vera landssjóðs skaði, ef vörurnar brenna, eins og mjer virtist háttv. framsm. vilja halda fram sem meiningu nefndarinnar, en það ákvæði stendur hvergi. Þar að auki er jeg hræddur um, ef sú regla væri látin gilda, að hún gæti orðið misbrúkuð, og að menn gætu tekið af vörunum smátt og smátt, og svo einn góðan veðurdag kveykt í öllu saman. Háttv. framsm. getur ekki neitað því, að eins og frumv. nú er orðað, þá getur það gefið tilefni ttl þess, að slíkt geti átt sjer stað.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að gjöra þá athugasemd út af ræðu hæstv. ráðherra, og háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.), að í frumv. þessu er ekki farið fram á breytingu á því, hvenær tollurinn falli í gjaldaga. Í 4. breyt.ttill. nefndarinnar við frumv. er stungið upp á, að lög þessi komi í stað laga um tollgreiðslu 22. maí 1890. Tilvísun í tollögunum frá 8. nóv. 1901, 4. gr., til nefndra laga er enn í gildi með þeirri breytingu, að þetta frumv. komi í stað þeirra, svo að tollurinn fellur ekki í gjalddaga fyr en vörurnar eru teknar út úr tollvöruhúsinu.

En það er rjett athugað, að nefndin hefur ekki sett neitt ákvæði í frv. viðvíkjandi tolli á vörum, sem brynnu; nefndin ætlaðist ekki til, að kaupmenn borguðu toll af þeim vörum, því að hún sá ekki ástæðu til að íþyngja kaupmönnum með því að greiða ábyrgðargjald einnig af tollinum af þeim, og áleit, að landssjóður ætti

ekki að græða á því, þó að einstakir menn yrðu fyrir óhöppum. Nefndinni fannst nægilega hart gengið að kaupmönnum, með því að gjöra þeim að skyldu að leggja til fulltryggilega útbúið hús undir vörurnar, þótt þeim ekki væri einnig íþyngt með vátryggingargjaldi af tollinum auk vörunnar sjálfrar. Það hefði ef til vill verið ástæða til að setja inn í frumv. ákvæði um, hversu lengi vörurnar mættu vera í geymslu, eins og hæstv. ráðherra benti á, en nefndin gat þó ekki sjeð, að það væri beinlínis nauðsynlegt, því að ef tíminn væri ákveðinn mjög stuttur, þá kæmu lögin ekki að tilætluðum notum, en ef tíminn væri ákveðinn mjög langur, þá mundi ákvæðið verða tilgangslaust, því kaupmenn munu ekki liggja mjög lengi með vörur í tollgeymslu, þótt þeir ættu kost á því.

Jeg sje alls enga ástæðu til að vera á móti þessu frumv., eins og það nú liggur fyrir. Það miðar til þess að ljetta undir fyrir innlendum, efnalitlum kaupmönnum og gjöra þeim hægra fyrir að hagnýta sjer lágt verð á tollvörum í útlöndum og birgja sig upp með þeim, og gjörir þeim auðveldara að keppa við útlendu kaupmennina, sem efnaðri eru. Meining nefndarinnar var sú, að styðja með þessum lögum innlenda verzlunarstjett, og skil jeg ekki, að neinn geti verið á móti því, að frumv., sem gengur í þá átt, verði að lögum.

Lög þau, sem nú eru í gildi um tollvörugeymslu, eru þýðingarlaus í þessu efni, og sjest það bezt á því, að þau hafa aldrei verið notuð.

Jeg vil þess vegna leyfa mjer að mælast til þess, að frumv. verði samþ. með þeim breytingum, sem nefndin hefur stungið upp á.

Ráðherrann: Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), vildi hnekkja þeirri sögu minni, og háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.), að tollur væri áfallinn þegar skipið, sem vörurnar flytur, hefði hafnað sig, eða vörurnar væru fluttar í land; hann vildi hrekja það með því, að tolllögin vísuðu til laga 22. maí 1890, um tollgreiðslu, viðvíkjandi þessu atriði, en eptir 4. breyt.till. nefndarinnar ætti þetta frumv. að koma í stað tollgreiðslulaganna.

En það er misskilningur, að lögin um tollgreiðslu frá 22. maí 1890 gjöri nokkra breytingu á þeim, því ákvæði í tolllögunum, sem hjer er um að ræða. Tollgreiðslulögin veita að eins undir vissum kringumstæðum eða með vissum skilyrðum greiðslufrest á helmingi tollsins í 3 mánuði *eptir* að tollurinn er á fallinn, sbr. orð laganna: »kaupmaður, sem tolli á að svara, getur *komizt hjá að greiða* meira en helming« o. s. frv. (*Jóhannes Jóhannesson:* Jeg meinti kemur til útborgunar; það er að eins orðamunur). Nei, það er ekki að eins orðamunur; það hefur t. d. þá þýðingu, að ef tollurinn væri ekki áfallinn fyr en varan væri tekin út úr geymsluhúsinu, þá ætti að greiða tollinn samkvæmt þeim tolllögum, er þá væru í gildi, en annars á vitanlega að greiða toll samkvæmt þeim tolllögum, er gilda þegar tollvaran er flutt í land. Það stendur líka beint í lagagreininni: »Vörur þessar eru *veð* fyrir eptirstöðvum tollsins«. Hvernig ætti við að heimta *veð*, væri engin skuld, og hvernig getur verið skuld, nema tollurinn sje áfallinn?

Það virðist og næsta ónátturlegt, að tollvaran sje að nokkru leyti geymd á ábyrgð landssjóðs eptir að tollurinn er áfallinn.

Það hefur litla þýðingu í þessu máli, að vitna til »fríhafna« og »frílagra« erlendis, því það þyrfti, eins og jeg tók

skirt fram áðan, allt annan undirbúning og allt aðra löggjöf, en þá, sem hjer liggur fyrir, til þess að líku væri saman að jafna.

Jeg heyrði ekki háttv. þm. (Jóh. Jóh.) færa nein rök fyrir því, hvernig viðbót háttv. nefndar við 1. gr. frumv. gæti staðizt, ef vörueigandi vær aldrei skyldur til þess að taka allt út úr geymsluhúsinu.

Jeg fæ ekki betur sjeð, en að hægt væri eptir þessu, að draga í það óendanlega að borga tollinn fyrir það, sem rýrnað hefur, með því að geyma að taka út einhverja ögn af því, sem í tollgeymslu var sett.

Það dugar ekki að slá því út, að þeir, sem ekki geta fellt sig við þessi ákvæði, vilji ekki styðja hina inulendu kaupmannastjett; jeg efast ekki um það, að tilgangur háttv. flutningsmanna er góður, en eins lítið efast jeg um, að háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) vill stuðla til þess af fremsta megni, að sem flestir af kaupmönnum vorum væru innlendir. Við viljum það, vona jeg, allir.

En þegar við erum að gefa lög, sem eiga að miða til þess, að styrkja innlenda kaupmenn, þá verðum við fyrst og fremst að gæta þess, að lagaákvæðin, sem við erum að búa til, geti staðizt.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Það var ekki meining nefndarinnar, að breyta gildandi reglum um það, eptir hvaða tolllögum tollurinn ætti að greiðast; það er bara orðamunur; það var auðvitað meining okkar, að tollurinn yrði greiddur eptir þeim tolllögum, er giltu þegar varan er flutt á land, og það verður engin breyting á því við þessi lög.

Jeg gjörði ráð fyrir, að allir mundu skilja það, að hjer er að eins að ræða um borgunarfrest.

Þegar nú lögreglustjóri hefur í höndum vöruskrá eða tollskrá yfir þær vörur, sem eru látnar í geymsluhúsið, og eigandi varanna svarar til rýrnunar, sem á þeim kynni að verða í geymslunni, þá fæ jeg ekki betur sjeð, en að landssjóður geti engan skaða liðið; vörueigandi verður ætíð að greiða toll af öllum vörunum, nema ef varan brennur; bruninn hef jeg hugsað mjer að yrði sannaður á venjulegan hátt, með brunaprófi fyrir rjetti., og eins og háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) tók fram, þá hefur lögreglustjóri heimild til þess að rannsaka vörugeymsluhúsið, þegar hann finnur ástæðu til þess, t. d. ef grunur ljeki á því, að farið hefði verið í húsið án hans vitundar.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) tók fram, að þetta fyrirkomulag gæti leitt menn til glæpa, þá sje jeg alls ekki, að það liggi nær hjer en svo víða annarsstaðar, og má háttv. þm. vita það, að ómögulegt er að fyrirbyggja glæpi meðan nokkur lög eru til, sem banna hitt og þetta.

Ráðherrann: Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) hjelt því fram í fyrri ræðu sinni, að engin hætta yrði á því, að kaupmenn geymdu vörur sínar í það óendanlega eða nokkurn verulegan tíma í geymsluhúsunum; jeg vil benda á, að slíkt getur einmitt komið fyrir; t. d. hefur einhver kaupmaður lagt í tollgeymslubúsið 1,000 pd. af tóbaki; nú verður það af einhverjum orsökum óseljanlegt; er þá ekki sjálfsagt að hann láti það liggja kyrt í tollgeymslunni til þess að sleppa við að greiða tollinn? Jú, það er svo sem auðvitað.

Einnig er algjörlega ómögulegt eptir frumv., að neyða kaupmanninn nokkurntíma til að gjöra grein fyrir rýrnuninni; hann þarf ekki annað en að skilja eitthvað lítilfjörlegt eptir af hverju »partíi«, t. d. 1 pd. af sykri, 1

pt. af vínanda, til þess að sleppa við að gjöra upp við tollheimtumann; hann getur sagt: »Jeg á eptir af vörunum«; á þennan hátt yrði alveg ómögulegt að hafa nokkra reglu á tollreikningum eða skilagreinum fyrir tollvörum, þar sem það yrði ókleyft að botna í margra ára listum yfir tollvöru og tollvöruleifar.

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að nefndin mun ekki ófús að gjöra breytingar, ef þær verða ekki til ills fyrir aðaltilgang frumv. Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. sagði, skal jeg leyfa mjer að geta þess, að það er kaupmönnum sjálfum í hag að liggja ekki lengi með vörubirgðir sínar. Ef kaupmaður ætti t. d. 100 pd. af tóbaki, sem skemmst hefði og mætti álíta ónýtt, þá mundi hann engu að síður reyna að koma því út, þó ekki væri nema jafnvel fyrir 50—75 aura pundið; eitthvað svipað því er tollurinn mundi nema, því sjaldan skemmist varan svo mjög, að hún sje með öllu óútgengileg. Viðvíkjandi því, sem háttv. 3. kgk, þm. (B. M. Ó.) sagði, að menn mundu af ásettu ráði kveykja í hjá sjer, þá er því til að svara, að aldrei verður fyrir slíkt girt með lögum, alveg eins og að ekki verður fyrir það girt, að tollsvik eigi sjer stað. Eins og jeg tók fram áður, mun nefndin fús á að taka breytingum á frumv. og vildi jeg því að málinu yrði frestað.

Forseti: Jeg sje enga ástæðu til að fresta málinu, þar sem koma má með breyt.till. við 3. umr.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (277) við 1. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

1. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 7 : 1 atkv.

2. breyt.till, (277) við 2. gr. samþ, með 8 samhlj. atkv.

2. gr. með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. breyt.til. (277), að á eptir 3. gr. komi ný 4. gr., samþ. með 8 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (277), að eptir 4. gr. komi ný 5. gr., samþ. með 7 samhlj. atkv.

5. breyt.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin með áorðinni breytingu samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Á 33. fundi Ed., föstudaginn 11. ágúst. kom frumv. til 3. umr. (A 332, 350).

Framsögumaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Við 2. umr. þessa máls komu fram mjög sterkar raddir um, að breytingar þyrfti að gjöra á frumv. Nefndin hjelt, að það gæti ef til vill orðið frumv. að fótakefli, ef eigi væri farið fram á breytingar og þess vegna hefur nefndin komið með breyt,till. á þgskj, 350, um takmörkun á tollgreiðslufrestinum og ábyrgðarskyldu tollgreiðanda. Þó þessar breytingar sjeu ekki beinlínis með vilja nefndarinnar, þá vonast hún samt eptir, að með þeim sje frumv. borgið.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (350) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (350) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt samþ, í heild sinni og afgreitt til forseta Nd.

Í Nd. komst frv. aldrei á dagskrá.

XIX. Vindlatollur.

A 35. fundi Ed., mánudaginn 14. ágúst, kom frumv. til laga um vindlatoll (A. 366) til 1. umr.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Þetta frumv. er komið fram til þess, að reyna að fyrirbyggja, að landið eptir 30% tollhækkunina missi allan toll af vindlum. Ef svo færi, þá mundi landið missa allmiklar tekjur, en hins vegar sje jeg ekki, að þeim vindlagjörðarmönnum, sem hjer eru, sje gjörður nokkur órjettur. Vindlagjörð er ekki rekin nema af 3 mönnum hjer í landinu, og jeg ímynda mjer, að allir, sem þekkja nokkuð til þessa atvinnuvegs, hljóti að játa, að engin sjerstök ástæða sje til þess, að vernda hann fremur en aðra atvinnuvegi. Ef maður t. d. tekur tillit til fólksins, sem vinnur að þessari atvinnugrein, þá mundi maður virkilega ekki hafa mikla löngun til þess, að styrkja hana, því bæði er vinnan feykilega óholl, og þar að auki sjerlega illa borguð, ekki nema 20—35 kr. á mánuði. Og fyrir þetta á fólkið að sjá sjer fyrir húsnæði, fæði og klæðum. Jeg held það væri nokkuð hollara og betra fyrir stúlkur, að fara upp til sveita og vera vinnukonur þar. Mjer sýnist vera fullkomin ástæða til þess, að láta landssjóðinn hafa nokkurn arð af þessum atvinnuvegi, því áreiðanlegt er það, að hann hefur borgað sig vel, þannig veit jeg, að ein verksmiðjan hefur haft 5 þúsund krónur í hreinar tekjur.

Vjer höfum álitið, að 1 pd. af tóbaki mundi fara í 1 pd. af vindlum, en þetta er ekki rjett, því eptir seinni nákvæmari upplýsingum höfum vjer komizt að því, að $1^1/_2$ pd. af tóbaki muni þurfa í 1 pd. af vindlum. Það verður að taka tillit til þessarar skekkju, þannig, að afslátturinn verði 35% í staðinn fyrir 25%.

Jeg býst við því, að breyt.till. komi fram í þessa átt.

Að því er 5. gr. snertir, þá þarf að laga málfærið á henni.

Jeg vona, að allir sjái, að frumv. þetta er borið fram í góðum tilgangi til þess, að auka tekjur landssjóðsins. Jeg get ekki sjeð, að það stríði á móti neinum sanngirniskröfum, en hitt skal jeg glaður játa, að jeg sje enga ástæðu til, að vernda hvorki þessa grein eða aðra með verndartollum.

Ráðherrann: Jeg viðurkenni, að tilefnið sje rjett til þessa frumvarps; það er nú sem stendur allt of mikill munur á tollinum á tóbaki og á vindlatollinum, og að því rekur, að sá mismunur verði gjörður minni. Eins og nú er verður vindlatollurinn hreint og beint ástæðulaus verndartollur fyrir innlenda vindlagjörð, sem ekki á sjer nein skilyrði hjer á landi, að öðru leyti. Sú vindlagjörð, sem hjer er nú, er ekkert annað en útúrkrókur til þess, að komast hjá því, að greiða landssjóði þann háa vindlatoll, sem nú er í lögum, og hafa vindla samt á lögmætan hátt. En annað mál er það, að mjer sýnist þetta frumv. ekki þannig úr garði gjört, að hentugt nje mögulegt sje, að gjöra það að lögum eins og það er nú. Sjerstaklega vil jeg benda á, að erfiðleikarnir við tollgæzluna mundu verða afar-miklir; það mundi verða ókleyft fyrir löggreglustjóra, að athuga hvern kassa. — Þau toll-atriði, sem hjer er um að ræða, koma vafalaust til álits og breytinga á næsta þingi. En nú er ekki tími til þess, að fara út í einstakar toll-breytingar. Jeg held, að það væri langt um heppilegra í bráðina, að lög-

gjafarvaldið legði *skatt* á innlenda vindlagjörð. Verksmiðjurnar ættu að vera skyldaðar til þess, að gefa upp t. d. við ársfjórðungaskipti, hve mikið þær hefðu látið frá »fabrikkunni« af vindlum hinn umliðna ársfjórðung, og borga svo vissan framleiðsluskatt af hundraði. Meðan svona fáar eru verksmiðjurnar, er ekki hætta á röngum skýrslum; þeim heiðursmönnum, sem eiga þær 2—3 verksmiðjur, sem nú eru, er vel trúandi til, að skýra rjett frá, og áður nýjar »fabrikkur« koma, koma ný tolllög. En auk þess á að vera hægt, að »kontrollera« nokkurn veginn, hvort verksmiðjurnar gæfu rjett upp eða ekki, því allt af er hægt að fá að sjá það, hve mikið af tóbaksblöðum þær fá frá útlandinu. Mjer virðist fullkomin ástæða til að athuga þetta mál í nefnd.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil benda á, að það er hægt, að sjá af »manifestunum«, hvað margir kassar eru fluttir inn. Jeg get ekki sjeð, að þetta eptirlit yrði svo afar erfitt, enda vill svo til, að einn af meðflutningsmönnum mínum er tollheimtumaður, og hann álítur engan veginn, að þetta eptirlit sje ókleyft.

Jeg hef komið með viðaukatillögu á þgskj. 376 um, að innheimtulaun á þessu gjaldi yrðu söm og á aðflutningsgjaldi; þegar tekið er tillit til þess, að tollheimtumaður fær góða borgun fyrir ómak sitt, þá get jeg ekki skilið, að honum sje of vaxið, að hafa þessa frimerkingu á hendi. Mjer lízt satt að segja ekki vel á það, að lagður sje tollur á innlenda vindla eptir framtali eins og hæstv. ráðherra stakk upp á. Vjer þekkjum vel hvernig það gengur með tíundina o. s. frv. Slík skatta-»objekt« hafa aldrei reynzt vel.

Jeg fæ heldur ekki sjeð, að það sje rjett hjá hæstv. ráðherra, að hægt sje að »kontrollera«, að ekki sjeu viðhöfð tollsvik, því þó hægt sje að vita um það, hvað mikið er flutt inn í landið af »raastof«, þá má brúka það til fjárböðunar og ýmislegs annars.

Hæstv. ráðherra áleit, að óþarfi væri, að hækka tollinn úr 50 aurum. Jeg get ekki verið á sama máli um það; annars skyldi maður halda, að stjórnin mætti gleðjast yfir því, að fá fje í landssjóðinn, en það lítur ekki út fyrir það.

Annars var það eiginlega stjórnarinnar verk, að koma fram með þetta frumv., en við vildum ljetta dálítið á henni, af því að við vissum, að hún hefur ærið margt annað að starfa.

Ráðherrann: Eins og jeg hef tekið fram, veit jeg, að tilgangurinn með þessu frumv. er góður, og er því fjarri því, að jeg kunni háttv. flutningsmönnum nokkra óþökk fyrir að hafa komið fram með það. Þvert á móti! Þegar stjórnarráðið hafði til undirbúnings tollhækkunarfrumv., kom það til orða, að skeyta inn í það ákvæðum um framleiðsluskatt á innlendum vindlum, og ástæðan fyrir því, að það var ekki gjört, var ekki sú, að það væri ekki viðurkennt, að breyta þyrfti hlutfallinu milli tóbakstolls og vindlatolls á einhvern hátt, eða jafna það upp, heldur hitt, að þetta þótti dálítið hjáleitt því frumv., en hins vegar ekki um svo mikið fje að ræða, að það tæki því, að búa til sjerstök lög um þetta, fyr en öll tolllöggjöfin væri endurskoðuð.

Jeg játa það, að landssjóðnum veitir ekki af þeim tekjuauka, sem þetta frumv. mundi hafa í för með sjer, þó hann verði að vísu miklu minna, en háttv. flutningsm. virðast gjöra ráð

fyrir. En mjer virðist frumv. enn svo ábótavant í ýmsum formatriðum, að það sje mjög varhugavert, að gjöra það að lögum, eins og það er. Jeg sje ekki, að hjá því verði komizt, að skipa nefnd til að íhuga frumv. og gjöra á því nauðsynlegar breytingar, ef það á að geta haft nokkra framgangsvon. Verði nefnd ekki skipuð í þessari deild, þá er jeg viss um, að hún verður skipuð í háttv. Nd., og þá kann tíminn að verða naumur fyrir frumv. á þessu þingi.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg hef hugsað mjer, að kaupmaðurinn kæmi til lögreglustjóra og keypti frímerki hjá honum og setti svo sjálfur frímerkin á kassana. Með þessu móti sje jeg ekki, að tollgæzlan yrði mjög erfið fyrir lögreglustjóra. Jeg get ekki verið því meðmæltur, að nefnd sje sett í málið í þessari deild, því nú er orðið svo áliðið þingtímans, að með því lagi mundi málið ekki komast í gegnum þingið. Jeg álít, að nægilegt sje, að málið verði íhugað af nefnd í háttv. Nd. Jeg skal játa það, að frumv. er ekki eins vandað, og æskilegt væri, en jeg sje ekki, að neinir þeir gallar sjeu á því, að þingdeildin geti ekki vel staðið sig við að samþykkja það.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það hefur rjettilega verið tekið fram, að töluvert rusl muni ganga úr tóbakinu, en það mundi fást gottgjört, en þrátt fyrir það álít jeg, að afslátturinn megi ekki vera minni en 33%. Jeg álít, að það sje rjett, að spara nefnd í málinu í þessari deild, því jeg tel vist, að nefnd muni vera skipuð í það í háttv. Nd. Jeg vjek að því, að orðalagið á 5. gr. hefði ekki verið heppilegt, en jeg skal geta þess, að það er sniðið eptir tollfrumv. í bitteramálinu, sem stjórnin hafði hjá sjer í 5 daga, án þess að gjöra nokkra athugasemd við það. Jeg skal enn fremur geta þess, að nefndin hefur álitið, að nauðsynlegt væri, að vissar stærðir væru á kössunum. Það mætti t. d. hafa 4 ákveðnar tegundir. Með þessu yrði tolleptirlitið ljettara. Annars ímynda jeg mjer, að tollheimtumennirnir hafi ekkert á móti því, að hafa þessa tollgæzlu, þegar þeir fá hæfilega borgun fyrir hana.

Jeg skal enn einu sinni leggja áherzlu á það, að mjer virðist engin ástæða til að skipa nefnd í málið í þessari deild; háttv. deildarmenn geta alveg eins komið sjer saman um breyt. till. við okkur flutningsmenn, ef þeim virðist þörf á því, en hins vegar tel jeg vist, að nefnd muni verða skipuð í málið í háttv. Nd.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er því mótfallinn, að láta þetta mál fara lítt karrað frá deildinni, og án þess, að það sje skoðað í nefnd, því þá er það því nær gefið, að því verður breytt í Nd., og af því leiðir rekstur á málinu milli deildanna. Hæstv. ráðh. skaut því fram, að heppilegast mundi, að skatta vindlagjörð í landinu, og jeg vil taka tillit til þeirrar tillögu. Jeg álít bezt, og vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til nefndarinnar í bittertollsmálinu, og svo gæti hún aptur borið sig saman við hæstv. ráðh. og lokið starfi sínu á skömmum tíma.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil að eins geta þess, að nefndin í bittertollsmálinu er eigi lengur til, því hún hefur lokið starfi sínu og er þar með uppleyst. Jeg fæ heldur eigi sjeð annað, en að flutningsmenn frumv. geti alveg eins borið sig saman við hæstv. ráðh. og nefnd

og af þeirri ástæðu einni er því gjörsamlega óþarft að hafa nefnd.

Ráðherrann: Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að það er eigi fullkomlega rjett, sem háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) sagði viðvíkjandi því, að *jeg* hefði haft *bittertollsfrumv.* til athugunar í 5 daga, og ekkert haft við það að athuga. Jeg hafði persónulega ekki tíma til að taka til endurskoðunar uppkast það, sem hann fjekk mjer, og var honum kunnugt um, að það var þegar afhent stjórnarráðsskrifstofunni til athugunar. Þegar jeg spurði eptir því þar nokkrum dögum síðar, var mjer sagt, að háttv. flutningsm. (J. Ó.) hefði tekið það þaðan aptur. Þeir menn í stjórnarráðinu, sem höfðu kynnt sjer frumv., sögðu um það, að það mundi naumast byggt á heppilegum reglum, og varla mögulegt annað, en að breyta því frá rótum, ef fara ætti að taka þetta atriði toll-laganna út úr nú. En annars er ekki rjett að miða þetta vindlafrumv. alveg við bittertollsfrumv. Jeg er hálfhræddur um, að háttv. Nd. muni komast að líkri niðurstöðu um þetta frumv. eins og stjórnarráðsskrifstofan, og verði því mótfallin að taka þennan eina lið út úr toll-löggjöfinni og byggja hann upp á allt annari aðferð, á allt öðrum »princípum« gagnólíkum þeim, sem öll toll-löggjöfin annars byggist á. Jeg vil endurtaka það, að ef framleiðsluskattur yrði lagður til bráðabirgða á innlenda vindlagjörð, og þeim, sem búa til vindlana, gjört að skyldu, að gefa upp, hversu mikið þeir hefðu látið úti af vindlum, þá mundi alls ekki vera hætta á framtalssvikum eins og nú á stendur, með því að það eru svo valinkunnir menn, sem hjer eiga hlut að máli; enda má, eins og jeg tók áður fram, hafa hliðsjón af hinu innflutta tóbaki, og það getur varla munað miklu.

Slík lög, um skatt af vindla-»fabrikatíón«, mundu enn geta komizt fram á þessu þingi, og ekki mæta þeirri mótspyrnu, sem þetta frumv. hlýtur að mæta vegna þeirrar *nýstárlegu* aðferðar, sem það byggir á.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vil geta þess, að jeg vissi eigi annað, en að hæstv. ráðh. hefði athugað bittertollsfrumv. Því að jeg tók það hjá landritara, og spurði hann, hvort nokkuð væri út á það að setja, en hann kvað svo eigi vera. Viðvíkjandi frumv. því, sem hjer liggur fyrir, verð jeg að segja það, að jeg efast um, að kviðbogi sá, sem hæstv. ráðh. ber fyrir því, að frumv. verði fellt í háttv. Nd., sje á rökum byggður, því að jeg hygg, að margir þar muni vera frumv. meðmæltir. Jeg er þakklátur fyrir það, að mega eiga von á leiðbeiningum hæstv. ráðh., og vona svo, að háttv. deild lofi frumv, að ganga í gegn.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Tillagan um að vísa málinu til nefndarinnar í bittertollsmálinu felld með 9:2 atkv.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A. 366, 376).

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það var talað svo mikið um þetta mál við 1. umr., að eigi mun þörf á að fara mörgum orðum um það nú, en jeg verð þó að geta þess, að eigi var tími til þess, að koma fram með breyt.till. nú við 2. umr., eins og talað var um að gjöra við 1. umr. málsins, en jeg lofa því, að breyt.till. þessar komi við 3. umr., og vona, að hv. deild lofi frumv., að ganga til 3. umr. í því trausti, að frumv. verði lagað til 3. umr. Jeg skal ennfremur leyfa mjer

að geta þess, að mjer hefur borizt brjef frá 18 helztu kaupmönnum hjer í bæ, þar sem þeir láta þá ósk í ljósi, að frumv. þetta verði að lögum nú á þessu þingi.

Ráðherrann: Jeg verð að halda því fram, sem jeg hef sagt áður, að mjer finnst betra, að leggja í bráðina skatt á innlenda vindlagjörð, en hafa þá aðferð, sem frumv. þetta ætlast til. Lög um skatt á innlendri vindlagjörð mundu ganga greiðlega gegn um þingið, en jeg efast um, að þessi lagabálkur geti orðið að lögum á þessu þingi.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg skil eigi, hvernig hæstv. ráðh. getur haldið, að nýtt frumv. nái heldur að komast gegnum þingið, en þetta frumv., sem nú er til 2. umr.

ATKVGR.; 1.—9. gr. frumv. samþ. hver um sig með 8 samhljóða atkv.

Viðaukatill. við 10. gr. frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

10. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

11.—12, gr. frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 442, 446, 461, 464).

Ágúst Flygenring (5. kgk.): Frumv. hefur verið vel tekið, en þar sem raddir hafa komið fram um það við 2. umr., að refsingarákvæðið væri ekki rjett, þá er það nú lagfært, enda hefur lögfræðingur, sem er einn flutningsmanna, fært frumv. að því leyti í þann búning, er telja má lögfræðislega rjettan. Frumv. liggur hjer nú fyrir aukið og endurbætt með breyt.till. Eins og það er nú, hef jeg ekki getað fundið, að það væri með nokkru móti hægt að mótmæla því, því allir hafa viðurkennt, að sú stefna, sem það hefur, sje rjett. Það sem einkum hefur verið fært sem ástæða móti því, er það, að óhentugra fyrirkomulag væri að selja vindla með tollfrímerkjum, heldur en að leggja skatt á vindlagjörðina. Jeg verð nú samt að líta svo á, að landssjóði sje betur borgið með þessu fyrirkomulagi, og að það sje það lang-»praktiskasta«. Þá hefur líka verið talað um, að þetta sje gjört til þess að íþyngja innlendum iðnaði. Sú ásökun til okkar flutnm. er heimskuleg. Okkar tilgangur er að eins sá, að láta ekki landssjóð framvegis fara á mis við þær tekjur, sem honum bera. Það er auðvitað annað mál, að það á ekki að íþyngja innlendum iðnaði, en mjer finnst heldur engin ástæða til að vera að styrkja vindlagjörð fremur en aðrar iðngreinir. Þessi vindlagjörð, er nú á sjer stað í landinu, er óbeinlínis styrkt. Af útlendum vindlum er hjer tollur, sem fer hækkandi um 30% í ár með hinum nýja tollauka. Með því er sama sem bannaður innflutningur á þeim, að minnsta kosti til verzlunar. Þetta er það, er vjer flutnm. þessa frumv. viljum koma í veg fyrir. En ef mönnum virðist, að styrkja eigi þennan iðnað, þá mætti gjöra það á sama hátt og smjörbúin, láta hann hafa sjerstakan styrk. Aptur á móti höfum vjer viljað afnema allan toll af tóbaki, sem ætlað er til vindlagjörðar, því að þá mundi þessi iðnaður standa fullkomlega jafnfætis samskonar iðnaði í öðrum löndum, og verksmiðjurnar gætu tekið upp samkeppnina við útlendar verksmiðjur. Tóbaksblöð hjer yrðu þá ekkert dýrari en í Noregi og Danmörku, og öll vinna hjer ódýrari en þar, svo vindlarnir yrðu

eða gætu orðið, þar af leiðandi, nokkuð ódýrari, en hinir útlendu. Jeg vona, að frumv. nái fram að ganga; það er í alla staði frjálslegt, allir viðurkenna: að stefna þess er nauðsynleg og rjettlát, og að það muni auka tekjur landssjóðs að mun.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg er hlynntur stefnu frumv. og þykir rjett, að verksmiðjurnar gjaldi eitthvað í landssjóð, en jeg held, að frumv. sje ekki svo úr garði gjört, að rjett sje að samþykkja það, eins og það nú liggur fyrir, enda þótt jeg játi, að það er aðgengilegra nú en áður. Jeg vil beina þeirri spurningu til háttv. framsm. viðvíkjandi 1. gr. frumv., hvort það sje meiningin, að borga eins mikið og fyrir 100 af vindlum, þótt þeir sjeu 25 eða 50, eða hvort þá á að borga tiltölulega við heildina 100 af færri vindlum. Um þetta stendur ekkert í frumv. En jeg ímynda mjer eptir meiningu frumv., að ætlazt sje til, að borgað sje eptir rjettri tiltölu. Þegar jeg sje 4. gr. og tek þgskj. 464, þá hætti jeg að skilja; fyrst stendur á þessu þgskj., að það sje frá nefndinni, en hvaða nefnd? Það hefur engin nefnd verið sett í málið. En þegar maður nú aðgætir þessa breyt.till., þá stendur þar skýring á hvað sje »en gros« eða »heildsala«. En sú skýring er algjörlega á móti þeirri þýðingu, sem almennt er lögð í orðið.

Ef breyt.till. kæmist að, verður 4. gr. þannig orðuð: »Upp frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, má ekki selja tóbaksvindla í heildsölu (en gros) hjer á landi nema í kössum eða öðrum þeim ílátum, sem auðvelt er að tollfrímerkja«. En nú er það eptir breyt.-till. talin heildsala, er vindlar eru seldir í íláti eða kassa.

Það er þá sama sem sagt væri, að »ekki mætti selja vindla í íláti eða kassa *nema* í íláti eða kassa«! Þetta verður beinlínis hlægilegt. Svo er annað, sem er ófært og það er hegningarákvæðið. Að opna tollfrímerkt ílát án þess að rífa frímerki virðist ekki saknæmara, en að losa tollfrímerki af íláti órifið. En þó eru helmingi hærri sektir lagðar við hinu fyrra. Jeg sje ekki, að neinsstaðar í frumv. eða breyt.till. sje bannað, að selja lausa vindla, og get ekki betur sjeð, en að kaupmenn muni geta selt lausa vindla alveg ótollaða, ef frumv. verður samþ. í þessu formi, og farið þannig í kring um lögin. Jeg skil ekki, hvernig á að líma tollfrímerkið á lausa vindla. Hugsa flutningsmenn sjer, að það sje gjört með því að líma á þá »magabelti«?

Þetta frumv. er því svo varhugavert, að annaðhvort verður að fella það eða taka það út af dagskrá. Það var leitt, að eigi var tekin til greina till. hins hæstv. ráðh. um að leggja heldur skatt á verksmiðjurnar. Það hefði verið miklu heppilegra.

Flutningsmaður Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg get ekki að því gjört, að mjer fannst háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) lesa eins og skollinn les biblíuna, þegar hann var að lesa upp 4. gr. frumv. Þegar svona er lesið, er hægt að finna út hvað sem maður vill.

Hinn háttv. sessunautur minn hjelt því fram, að eptir frumv. mætti selja 1 og 1 vindil vítalaust, en þó verksmiðjurnar selji einn og einn vindil, þá getur það aldrei numið miklu, og í annan stað er alls ómögulegt að girða fyrir það með lögum. Hluturinn er, að á næsta fjárhagstímabili kemur enginn tollur af vindlum í landssjóð, ef frumv, þetta verður eigi að lögum, því það borgar sig eigi, að panta vindla frá útlöndum til þess að keppa við

innlenda vindla. Mjer heyrðist háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) vera þessu meðmæltur, en þetta er eini vegurinn, því hann hefur ekki komið fram með neitt frumvarp til þess, að bæta landssjóði tekjumissinn, sem af því leiðir, og nú er orðið of seint að koma með nýtt frumv.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að því er snertir 4. gr. frumv., að jeg skil, eigi annað, en verði breyt.till. samþ., þá megi selja svo mikið sem vill af vindlum, sem ekki eru í ílátum, því um það eru engin ákvæði í frumv. Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ó.) minntist ekkert á misrjetti það, sem kemur fram í hegningarákvæðum breyt.till. við 5. gr., og verð jeg að taka það svo, sem hann viðurkenni, að það sje ranglátt. Yfir höfuð að tala held jeg, að það sje minnkun fyrir deildina að láta frv. fara frá sjer svona úr garði gjört.

Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg vildi benda háttv. 3. kgk. þm. (B. M. Ó.) á, að þegar átti að ákveða hugtakið heildsala, þá urðu flutnm. að fara eptir því, sem þeim sjálfum leizt heppilegast, enda eru engin lagaákvæði til um það. Við getum eigi álitið, að mikið yrði selt af vindlum umbúðalaust. Sektarákvæðin eru gjörð með ráði góðs lögfræðings og sje jeg enga ástæðu til að halda því fram, að þau sjeu ranglát. Jeg vil leggja til, að þessi lög sjeu samþ. sökum þess, að í þeim felst mikil rjettarbót.

ATKVGR.: 1. breyt.till. á þskj. 446 við 1. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.

2. breyt.till. á þskj. 446, viðauki við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. breyt.till. á þskj. 446 við 3. gr. samþ. með 9 atkv.

Breyt.till. á þskj. 464 við 4. gr. samþ. með 6 atkv. gegn 2.

4. breyt.till. á þskj. 446 við 4. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Viðaukatill. á þskj. 461 við 5. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

5. Breyt.till. á þskj. 446 við 5. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

6. breyt.till. á þskj. 446 við 6. gr. samþ. í e. hlj.

7. breyt.till. á þskj. 446 við 7. gr. er verður 6. gr., samþ. í e. hlj.

8. breyt.till. á þskj. 446 við 8. gr., er verður 7. gr.: 1. liður: »eða umboðsmaður hans, er hann til þess skipar« samþ. með 9 samhlj. atkv.; 2. liður: »að frádregnum 33%« til enda gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

9. Breyt.till. á þskj. 446 við 9. gr., sem verður 8. gr., samþ. með 7 samhlj, atkv.

10. breyt.till. á þskj. 446 við 10. gr., sem verður 9. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

11. breyt.till. á þskj. 446 við 11. gr., sem verður 10. gr., samþ. með 9 samhlj. atkv.

Ný 11. gr. á þskj. 446 samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 7 atkv. gegn 1, og verður sent forseta Nd.

Á 42. fundi Nd., mánudaginn 21. ágúst, fjekk forseti frá þingmönnum í deildinni svolátandi skjal:

»Við undirritaðir þm. í nd. alþ. óskum, að frumv. til laga um sölutoll á vindlum verði tekið inn á dagskrá á morgun, 22. ágúst.

Alþingi 21. ágúst 1905.

Björn Bjarnarson, Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem, Einar Þórðarson,
Olafur Thorlacius, Ólafur Ólafsson,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.

Hermann Jónasson, Björn Kristjánsson, Tryggvi Gunnarsson, L. H. Bjarnason«.

Á næsta fundi daginn eptir, tók forseti það fram viðvíkjandi tjeðri áskorun, að ekkert frumv. lægi nú fyrir deildinni, er hjeti frv. til laga um sölutoll á vindlum; en ef átt væri við frumv. til laga um vindlatoll, þá gæti ekki komið til mála, að taka það inn á dagskrá í dag, þar sem því hefði ekki verið útbýtt meðal deildarmanna fyr en á þessum fundi, og þannig ekki verið komið til deildarinnar, þegar áskorunin var samin.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst, fjekk forseti svo látandi brjef frá nokkrum þingdm.:

»Við undirskrifaðir þm. nd. alþ. óskum, að frumv. til laga um vindlatoll verði tekið á dagskrá deildarinnar föstudaginn 25. ágúst.

Björn Bjarnarson, Ólafur Ólafsson, Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., Jóhannes Ólafsson, Hannes Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Einar Þórðarson, Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.«

Forseti bar þessa áskorun undir atkv., og var hún samþ. með 16 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Björn Bjarnarson,	Árni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Jón Magnússon,
Einar Þórðarson,	Eggert Pálsson,
Hannes Hafstein,	Guðl. Guðmundss.,
Hermann Jónasson,	Jón Jónsson,
Jóh. Ólafsson,	Magnús Kristjánss.,
Lárus H. Bjarnason,	Tr. Gunnarsson.
Magnús Andrjess.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
Þórh. Bjarnarson.	

Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf. greiddi ekki atkv. og telst með meiri hlutanum.

Samkvæmt þessu var frumv. bætt við á dagskrána sem síðasta máli, en þegar 8 mál á dagskránni voru rædd, var fundi slitið eptir ósk fjárlaganefndarinnar, og 4 seinustu málin tekin út af dagskrá.

Á 47. fundi Nd., laugardaginn 26. ágúst, kom frumv. til 1. umr. (A 501).

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Úr því að forseti ýtir mjer upp, verð jeg að taka til máls, þar sem þm. Dal. er ekki við.

Þetta frumv. er þá loks komið til umr. hjer eptir megnan mótbyr og mikið þóf. Frv. fer óneitanlega í rjetta átt, hvað sem um það verður sagt að öðru leyti. Það miðar til þess að auka tekjur landssjóðs og mundi auk þess girða fyrir þá rýrnun í tolli af aðfluttum vindlum, sem búast má við að leiði af nýju tolllögunum.

En það eru jafn óneitanlega töluverðir gallar á því, sjerstaklega er 1. gr. gallagripur, enda hafði jeg hugsað mjer, að koma fram með breyt.till. um að fella hana burtu, og um að leggja vissa upphæð, t. d. $1^1/_2$ eyri á hvern vindil, en nú þýðir ekki að fást um það. Þingtíminn er á þrotum.

Úr því að jeg stóð upp, þá get jeg ekki varizt þess, að láta í ljósi undrun mína yfir áskorunarskjali þeirra D. Thomsens konsúls og Gunnars Einarssonar kaupmanns til þingsins. Jeg er hissa á því, að nokkur skyldi fást til þess að undirskrifa jafn óviðurkvæmilega orðað skjal. Sjerstaklega er jeg hissa á Gunnari Einarssyni, jafn gætnum og

prúðum manni. Það er gefið í skyn í niðurlagi þessa erindis, að þingið sjái ekki sóma sinn, og að það kunni að vera ástæða til að efast um rjettlætistilfinningu þess. Óvanaleg ummæli í bónarbrjefi til löggjafarþings.

Þingtíminn er nú bráðum þrotinn. Því þarf ekki að hugsa til að koma frumv. fram, en jeg vil þó láta sýna frumv. þann sóma, að vísa því til nefndar, og ætti þá líklega helzt að vísa því til skattanefndarinnar.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 16 atkv.

Þvínæst vísað til skattanefndarinnar með 15 atkv.

XX. Fasteignarrjettindi útlendinga.

Á 38. fundi Ed., miðvikudaginn 16. ágúst, kom frumv. til laga um fasteignarrjettindi erlendra manna á Íslandi (A 392) til 1. umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Þetta frumv. er komið fram af þeirri ástæðu, að hjer á landi eru ýmist fasteignir eða ítaksrjettur á slíkum eignum, sem eru í höndum útlendinga; eru sumar af þeim ekkert notaðar, og virðist sumum þeirra jafnvel alveg gleymt af eigendum, þar sem þess konar eignir hafa um mörg undanfarin ár legið ónotaðar, og að því er jeg held ekki hafðar á boðstólum til sölu heldur. Jeg þekki dæmi um fasteign hjer á landi, sem enginn notar og vafasamt nú orðið, hver hana á.

Nú sjer hver maður, að það er skaði fyrir landið, að þessar eignir liggja ónotaðar, getur það staðið framfarafyrirtækjum fyrir þrifum og ósanngjarnt, að enginn geti haft þeirra not, en ef þær falla aptur til landssjóðs eða landsmanna, þá er trygging fyrir, að þær verði heldur notaðar. Trygging þessi er sem sje ekki eingöngu fólgin í því, er frumv. gjörir ráð fyrir, að eignar- eða umráðarjetturinn falli endilega aptur til landsmanna, heldur yrði reynslan sú, að útlendingar, heldur en láta taka af sjer, mundu gjöra ítrekaða tilraun til að hagnýta sjer rjett sinn, eða að öðrum kosti selja hann öðrum, sem þá mundu gjöra eitthvað. Það, sem því frumv. þetta á að koma í veg fyrir, er það, að útlendingar eigi hjer ónotaðar eignir um lengri tíma. Eptir frv. eiga eignir og ítaksrjettindi að fyrnast á 20 árum; getur það auðvitað verið álitamál, hvort þessi tími er hæfilega langur; jeg fyrir mitt leyti verð að álíta, að hann sje nógu langur, og mundi jafnvel eigi vera ófús á að stytta hann, ef jeg fengi fylgi til þess. Eptir því, sem jeg þegar hef tekið fram, er tilgangur frumv. eigi sá, að ná eignum undan útlendingum, heldur miklu fremur sá, að knýja þá til þess, að nota eignir þær, er þeir eiga hjer á landi. Yrðu lögin til þess, er að mínu áliti tilganginum náð. Þegar útlendingar kaupa hjer eignir eða ítaksrjettindi, fá þeir þau vanalega með lágu verði, af því að þeir ætla sjer þá að reka einhverja atvinnu, er seljandi býst við að geta notið einhvers góðs af, en opt misheppnast fyrsta tilraunin og þeir hætta þá við allt saman. Með því nú, að þeir hafa gefið lítið fyrir rjettindi þessi, þá munar þá því nær ekkert um að láta þau ónotuð og leggja því ekkert

kapp á að selja þau; getur þá að síðustu farið svo, að vafi sje á hver er rjettur eigandi eða ítakshafi. Væri það nú leitt í lög, að eignarrjettur og ítaksrjettur fyrntist eptir ákveðið árabil, mundu þeir, eins og jeg hef tekið fram áður, annað hvort nota þessi rjettindi sín eða gjöra sjer far um að selja þau. Eins og frumv. ber með sjer, er greinarmunur gjörður á eign og erfðafestu annars vegar og ítaksrjetti hins vegar. Gjörir frumv. ráð fyrir, að ítaks- eða afnotarjettur hverfi aptur til landeiganda, en eignar- og erfðafesturjettur til landssjóðs. Sumum mun ef til vill finnast þetta frumv. ganga nokkuð nærri eignarrjettinum, en jeg fæ eigi sjeð, að þetta sjeu strangari ákvæði, en ákvæðin um fyrning skulda og kröfurjettinda, sem nú er verið að leiða í lög. Verði þetta eigi lögleitt nú eða bráðlega, er það skaði fyrir landið; það er skaði fyrir landið segi jeg, að hjer skuli liggja eignir eða afnotarjettindi, sem menn fyrir mörgum árum hafa fleygt frá sjer fyrir lítilræði og orðið svo óheppnir með söluna, að hún hefur lent í höndum ónytjunga eða ráðlausra útlendinga; það er skaði fyrir landið ef við svo búið á að standa um aldur og æfi. Vona jeg því, að þetta litla frumv nái fram að ganga og háttv. deild lofi því að ganga greiðlega í gegn.

Ráðherrann: Jeg sá eigi frumv. þetta fyr en nú fyrir nokkrum mínútum og hef því engan tíma haft til þess að athuga það, en eptir því, sem jeg lít á í fljótu bragði, tel jeg vafasamt, hvort það getur orðið að lögum, því að fyrning á sjer að eins stað á »obligatoriskum« rjettindum, en að láta eignarrjettinn fyrnast mundi þykja nýstárlegt. Annað mál er, að eignarrjettindi og erfðarjettindi geti tapazt fyrir hefðarvinnslu annara. Að gjöra þannig mun á útlendum mönnum og innlendum, að útlendingar missi *löglega fengin rjettindi* undir *öðrum* skilyrðum en innlendir menn, væri naumast affarasælt. Allt annað mál er, að setja einhverjar skorður við því, að útlendingar *eignist* fasteignarrjettindi hjer á landi.

Á þinginu 1901 var fellt frumv. um það í þessa átt að takmarka aðgang útlendinga til þess að eignast fasteignir hjer, af því að hætt þótti við, að slík ákvæði felldi fasteignir í verði, og tel jeg eigi ólíklegt, að svo mundi fara einnig um þetta frumv.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Það getur verið, að frumv. þetta sje að einhverju leyti athugavert, en jeg skal þó leyfa mjer að nefna dæmi upp á, að það getur verið nauðsynlegt og gagnlegt.

Fyrir nokkrum árum tók útlent fjelag fossa hjer á landi á leigu; mjer er eigi kunnugt um, hversu margir þeir voru, en jeg hygg, að þeir hafi eigi verið mjög fáir; hafði fjelag þetta prentuð eyðublöð undir samningana og skilmálarnir voru þeir, að eigi átti að borga neitt eptir fossana, fyr en þeir væru notaðir; annars mun leigan hafa verið ákveðin nokkuð há, 3% af verði jarðarinnar eða þar um bil. Nú er það hugsanlegt, að fossar þessir verði eigi notaðir af fjelaginu í marga mannsaldra, en það er þó útilokað, að nokkur annar gefi notað þá, og leiga engin greidd; því virðist ástæða til fyrir löggjafarvaldið að taka þetta til íhugunar, því fremur, sem það er eigi ómögulegt, að fjelag þetta hafi hugsað sjer að nota að eins suma af fossum þessum, en viljað sjá fyrir því, að eigi væri hægt að nota hina. Mjer er eigi kunnugt um, hvort fjelag þetta er til enn þá.

Ráðherrann: Það er ótrúlegt, að nokkrir sjeu svo grunnhyggnir að gjöra svona samninga út í bláinn, en fyrst hinn háttv. þm. segir það, þá dettur

mjer auðvitað eigi í hug, að efast um það. Það er mjög efasamt, hvort slíkt yrði ekki skoðað sem hreinn »contractus diabolicus«, sem naumast gæti notið rjettarverndar. En ef það er meiningin að fyrirbyggja þannig lagaða samninga, þá lægi beinast við að setja skýlaust lagaákvæði um, að slíkir samningar væru ógildir.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Jeg er þakklátur háttv. 2. kgk. þm. (E. B.) fyrir hinar góðu undirtektir hans undir þetta frumv. Jeg skal leyfa mjer að nefna dæmi eins og hann. Útlendingar keyptu náma í Reykjanessfjallgarðinum fyrir mörgum árum og byrjuðu að vinna að þeim, en allt misheppnaðist. Það misheppnaðist þeim, sem von var, því öll þeirra stjórn og störf við þennan námarekstur var svo hörmulega ráðlausleg og amlóðaleg, að þess munu varla nokkur dæmi. Þessir námar hafa svo gengið kaupum og sölum fram og aptur á Englandi, og nú eru menn í vafa með, hver á þá og ómögulegt með skjölum að sanna eiguarrjett á þeim. Það mun nýlega hafa verið farið fram á það, að fá þær keyptar af öðru útlendu fjelagi, en sá kaupskapur hefur víst strandað á því, að enginn gat þá sýnt skýlausan eignarrjett á þeim. Ef þessi lög hefðu verið til á þeim tíma, þá væru nú þessir námar eign landsjóðs að öllum líkindum, eða öllu heldur einhvers, sem hefði keypt þá til notkunar. Jeg gæti nefnt fleiri dæmi þessu lík, sem sýna fullt eins vel og þetta, að hjer er bráðnauðsynlegt að taka í taumana, en hirði eigi að gjöra það að þessu sinni, því jeg vona, að frumv. nái fram að ganga.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 7 samhlj. atkv.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst, kom frumv. til 2. umr. (A 392, 471).

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það eru breyt.till. á þgskj. 471, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast ofurlítið á.

Helzta breytingin er við 1. gr., nefnilega, að í staðinn fyrir orðin: »erlendir menn« komi: »útanríkismenn«, það er að segja, að þetta frumv. um fasteignarrjettindi nái ekki til annara en þeirra, sem eru þegnar annars ríkis. Það var tekið fram við 1. umr. þessa máls, að ákvæði frumv., eins og það er orðað, komi nokkuð hart niður á Dönum gagnvart Íslendingum, þar sem þeir eru þegnar sama ríkis, og þess vegna var þessu breytt í þá átt, sem hjer er farið fram á. Aðrar verulegar breytingar höfum vjer ekki farið fram á að gjöra á frumv., nema að því leyti, sem við með breytingunni á orðum 2. gr. vildum taka skýrar fram, hvernig eignarrjetturinn eigi að falla aptur til landssjóðs eða landeiganda; hinar aðrar breytingar eru ekki nema orðabreytingar, sem standa í sambandi við breytinguna á 1. gr.

Mjer heyrðist frumv. þessu vera svo vel tekið í þessari hv. deild við 1. umr., og þar sem ekki voru hafin nein veruleg mótmæli móti því, þá álít jeg ekki, að það þurfi að lengja umræðurnar þess vegna um það nú.

ATKVGR.: 1. breyt.till. (471) við 1. gr. samþ. í einu hlj.

2. breyt.till (471) við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (471) við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (471) við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

1, gr. svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. breyt.till. (471) við 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. frumv. þar með fallin.

6. breyt.till. (471) við 3. gr. samþ. án atkvgr.

3. grein svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

7. breyt.till. (471/ við fyrirsögnina samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin svo breytt samþ. með 10 samhlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Á 43. fundi Ed., þriðjudaginn 22. ágúst, kom frumv. til 3. umr. (A 502).

Enginn tók til máls.

Frumv. samþ. í einu hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Í neðri deild alþingis kom frumv, ekki á dagskrá.

III. Þingsályktunartillögur,

A. Samþykktar.

I. Hraðskeytamálið.

Á 3. fundi Nd., þriðjudaginn 3. júlí, var lögð fram tillaga til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga hraðskeytamálið (A 41); flutningsmenn: Magnús Andrjesson og Ólafur Briem, og á 5. fundi fimmtudaginn 6. s. m. var lögð fram breyt.till. (A 95) við þessa tillögu frá Pjetri Jónssyni, Guðmundi Björnssyni, Jóni Jónssyni og Árna Jónssyni.

Á 5. fundi, fimtudaginn 6. júlí, kom til umræðu, hvernig ræða skyldi tillöguna.

Forseti: Jeg hygg, að ein umr. sje nægileg og hafi engir háttv. deildarmenn neitt á móti því, álít jeg það samþykkt, án atkvæða.

Enginn mælti á mótt, og var þannig samþykkt að hafa eina umr. um tillöguna.

Á 7. fundi Nd.. mánudaginn 10. júlí kom þingsályktunartill. til einnar umr (A 41, 45).

Flutningsmaður Magnús Andrjesson (þm. Mýr.): Síðan það varð kunnugt, að til stæði að leggja frjettaþráð frá útlöndum til Austfjarða og þaðan um Akureyri til Reykjavíkur, hefur það orðið áhyggjuefni alþýðu hjer á landi. Í skjótu áliti sýnist það undarlegt, þar sem þjóðin hafði um mörg undanfarin ár látið í ljósi ríka ósk eptir hraðskeytasambandi hjer, alþingi hvað eptir annað ýtt undir stjórnina að be ast ötullega fyrir því og á þrennum síðustu fjárlögum veitt til þess stórfje. Árin liðu eitt eptir annað án þess að stjórninni tækist að hrinda málinu áleiðis, þangað til hún á næstliðnu hausti fjekk til þess fyrir sjerstakt atvik tækifæri, sem hún eptir því, sem á undan var komið, gat ekki látið ónotað. Hún greip tækifærið, og þannig myndaðist milli hennar og Stóra Norræna ritsímafjelagsins samningur, sem er kunnur orðinn, um að það leggi þráð frá Hjaltlandi til Austfjarða gegn 35,000 kr. árgjaldi í 20 ár úr landssjóði — auk tillags frá Danmörku — en vjer landsíma frá Austfjörðum um Akureyri til Reykjavíkur með 300,000 kr. styrk frá fjelaginu.

Þegar þannig var komið og útlit var orðið til þess, að margra ára ósk þjóðarinnar ætlaði að uppfyllast, brá svo við, eins og jeg áður drap á, að þjóðin eins og vaknaði af draumi og tók nú að hugleiða, hvílík sú ósk hefði verið, hvað hún væri nú eiginlega að leggja út í, hvaða byrði hún nú væri eiginlega að leggja á sig. Nú spyrja menn almennt sjálfa sig og hver annan: Erum vjer ekki nú að leggja út í ófæru, sem vjer komumst eigi fram úr? Mun ekki kostnaður við lagning landsímans fara langar leiðir fram yfir áætlun? Mun ekki flutningur á efni innanlands verða næstum ókleyfur? Mun ekki hann og annað verk við uppsetning símans taka of mikið vinnuafl frá búnaðinum bæði til sjávar og sveita? Mun ekki síminn, ef hann kemst upp, sífelldlega verða að slitna, svo að sambandið stöðvist þrátt og iðulega? Mun ekki, þegar hann slitn-

ar, opt verða litt mögulegt um langan tíma að bæta hann, t. d. á fjöllum uppi og öræfum, á vetrardag? Mun, í einu orði sagt, kostnaður og lagning og viðhald símans ekki verða oss of vaxinn, óbærilegur?

Þannig spyrja menn með áhyggjufullum huga, og þótt óskandi væri, að þessi umhugsun hefði vaknað fyr, áður en stjórnin var knúð til framkvæmda í málinu, þá getur þingið samt ekki látið sig hana engu skipta. Það verður að rannsaka vandlega, hvort þessi almenni ótti er á rökum byggður eða eigi, og reyna til að færa mönnum heim sanninn í því efni.

Í rauninni er það og eðlilegt, að alþýða láti sjer þetta mál ekki í ljettu rúmi liggja. Því að svo mikið er henni ljóst, að hjer er að ræða um stórkostlegra fyrirtæki, en nokkru sinni áður hefur verið ráðizt í hjer á landi. Hjer er að ræða um stofnun, sem er afar dýr eptir efnum vorum og fólksfjölda, og skiptir miklu, að allt sje þar vel lagt niður, til þess að henni geti að einu leytinu orðið svo haganlega fyrirkomið, að hún verði að sem mestum og almennustum notum, og þó að hinu leytinu ekki dýrari en nauðsyn krefur. Af því að vjer höfum svo að segja enga reynslu um neitt, sem að þessari stofnun lýtur, en fjárútlátin til hennar velta ekki einungis á tugum þúsunda, heldur hundruðum þúsunda króna, þá þarf í tæka tið að athuga, hvort þau hundruð þúsunda eru ekki of mörg, til þess að vjer fáum undir þeim risið.

Jeg veit nú að vísu, að stjórnin hefur útvegað áætlun um þetta allt frá mönnum, sem eru fróðir í þeim sökum. En þótt jeg telji víst, að þeim mönnum sje vel trúandi, að því er sum atriði snertir, til þess að fara nærri um kostnaðinn við þau, þá eru aptur önnur atriði, sem jeg gæti hugsað að aðrir, bændur hjer á landi, væru nærfærnari um, og á jeg þar sjerstaklega við flutning á efni innanlands og verk við uppsetning símans. Þætti mjer vel skipast, ef áætlun og reynsla yrðu þar eitthvað í áttina samhljóða.

Svo er nú komið nýtt atriði til sögunnar í þessu máli, þar sem nafnfrægt þýzkt leipturskeytafjelag hefur nú síðustu dagana boðizt til að koma hjer upp loptritun milli Íslands og Noregs og allra fjögra kaupstaðanna innanlands, allt fyrir 660,000 kr. Þingið getur ekki komizt hjá að taka þetta atriði með til athugunar, þegar það fjallar um hraðskeytamálið. Það þarf að bera saman verð, kosti og galla þessa nýja tilboðs, við verð, kosti og galla ritsímasamningsins, vega hvað móti öðru. og íhuga hver áhrif þetta eða önnur síðari atvik eigi að hafa á úrslit málsins.

Allt þetta og margt og margt fleira í þessu máli, sem hjer verður ekki talið, er svo umfangsmikið, vandasamt og margbrotið, að ekki hæfir annað en að fela sjerstakri nefnd á hendur að starfa að því, að íhuga það, og láta svo uppí tillögu sína um, hvað nú muni eptir öllum atvikum vera ráðlegast að gjöra í þessu máli,

Og skyldi niðurstaðan hjá nefndinni verða sú, að síðari tilboð sjeu aðgengilegri en samningurinn, þá kæmi næst til athugunar, hvernig það mætti verða á sómasamlegan hátt og án þess að sýna rangsleitni eða skort á mannúð, að ritsímasamningurinn við norræna ritsímafjelagið þyrfti ekki að verða því til fyrirstöðu, að vjer gætum sætt hinum beztu og vægustu kjörum, sem kostur er á að fá.

Tillaga þessi miðar þannig til þess, að allt, sem lýtur að þessu stórmikilvæga máli, verði sem bezt skoðað frá

öllum hliðum, og allt lagt vel niður, svo að á hvern hátt, sem kann að verða lagt út í fyrirtæki þetta, þá sje þingi og þjóð vel ljóst, á hverju sje von, hvað verið sje að gjöra. Því að eins getur verið von um, að ekkert í því efni komi á óvart. og að vjer þurfum ekki síðar að vakna við vondan draum.

Til þess að koma í veg fyrir misskilning. skal jeg taka það fram, að að tillaga þessi um nefndarkosning, til að íhuga hraðskeytamálið, felur ekki í sjer frá hálfu okkar flutningsmanna neina aðdróttun til ráðherrans, ekki neina tortryggni eða efasemd um það, að hann hafi unnið að máli þessu með bezla vilja. og gjört það eitt í því, er hann hugði rjett vera og heillavænlegt fyrir þjóðina. En það er næstum óhugsanlegt, að nokkur sá samningur hefði verið gjörður, hvort heldur af þessum ráðherra eða öðrum um jafnstórkostlegt fyrirtæki sem þetta. að það hefði ekki verið sjálfsögð skylda þingsins að skipa sjerstaka nefnd, til þess að íhuga hann. áður en lagt væri fyrir fullt og allt út í fyrirtæki. sem eins og fyrri er sagt, veltur á stórfje og getur á ýmsan hátt haft stórmikla þýðing fyrir fjárhag, sjálfstæði og allan hag þjóðarinnar.

Jeg óska því og vona, ða allir, sem hjer eiga hlut að mali, geti orðið samtaka um að íhuga og ræða málið í eindrægni og með friðsemi, leita að hinu rjetta og heillavænlegasta í því og taka svo það ráð, er öllum gegnir bezt.

Breytingartillagan fer fram á orðabreyting, sem við flutningsmennirnir höfum ekkert á móti.

Að svo mæltu legg jeg tillögu þessa á vald deildarinnar, og vona að henni verði vel tekið.

Ráðherrann: Jeg hafði að vísu búizt við, að fjárlaganefndin fengi mál þetta til meðferðar, því útgjöldin til landsímalagningarinnar eru tekin upp í fjárlögin. En ef þingið kýs það fremur að setja sjerstaka nefnd í málið, hef jeg ekkert á móti því; jeg skal enda játa, að það geti verið heppilegt, þar sem sjálfsagt síðar koma fram ýms smáatriði viðvíkjandi fyrirkomulaginu á starfrækslu landsíma o. fl., sem fjárlaganefndin naumast hefði tíma til að fjalla um. Jeg er því þess vegna meðmæltur, að sjerstök nefnd verði sett í ritsímamálið.

ATKVGR.: Breyt.till. á þskj. 45 var samþ. með 23 atkv.

Þessir 9 þingmenn óskuðu, að nefndin yrði kosin með hlutfallskosningu:

Skúli Thóroddsen, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Ólafur Ólafsson, Einar Þórðarson, Guðlaugur Guðmundsson, Magnús Andrjesson, Ólafur Thorlacíus, Jóhannes Ólafsson, Ólafur Briem.

Var svo gjört, og hlutu þessir kosningu:

Skúli Thoroddsen,
Guðmundur Björnsson,
Björn Kristjánsson,
Árni Jónsson,
Björn Bjarnarson,
Jón Jónsson,
Guðlaugur Guðmundsson.

Nefndarálit á þskj. 340.

II. Skatta- og tollmál.

A. Í Neðri deild.

Á 9. fundi Nd., miðvikudaginn 12. júli, var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skatta- og tollmál (A 68). Flutningsmenn: Guðlaugur Guðmundsson, Árni Jónsson, Ólafur Briem, Jón Magnússon, og á 10. fundi, daginn eptir, var eptir uppástungu forseta ákveðið. að hafa eina umræðu um þessa tillögu.

Á 11. fundi Nd., föstudaginn 14. júli, kom tillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson (þingm. V.-Sk.): Jeg skal vera stuttorður um tillögu þá, sem hjer liggur fyrir, því að ekki er ástæða til að flytja hjer langan fyrirlestur um það, hvernig menn álíta heppilegast að skatta- og tollmálum landsins verði skipað. Jeg hygg, að menn sjeu sammála um, að brýna nauðsyn beri til, að endurskoða og gjöra gagngjörða breytingu á þeirri löggjöf. Af hinum *beinu sköttum*, er hvíla á þjóðinni, koma sumir mjög ójettlátlega niður, og um suma má segja það, að kostnaður við innheimtu þeirra jetur upp eins mikið eða meira, en skattinum nemur. Þetta á sjerstaklega við um *lausafjárskattinn*. Svo er og um fleiri af þessum sköttum, að ýmislegt er athugavert við þá. Jeg skal benda á *húsaskattinn*, vg mætti jafnvel taka tekjuskattinn með. Húsaskatturinn fer eptir virðingarverði húsa *að frádregnum veðskuldum* þeim, sem hvíla á eignunum. Nú er svo komið víða, að meiri eða minni veðskuldir hvíla á húseignum í landinu, og þær veðskuldir eiga að mestu leyti bankarnir, landssjóður og aðrir opinberir sjóðir, sem enga skatta borga til landsjóðs. Þannig hverfur landssjóðnum mikið af hinum verðmætasta tekjustofni í landinu. Hið sama kemur fram við *tekjuskatt* af jarðeignatekjum, en af húsleigum er, eins og kunnugt er. ekki goldinn tekjuskattur.

Þá eru hinir *óbeinu skattar*, tollarnir. Það hefur opt verið talað um breytingu á þeim, annaðhvort að fjölga tollstofnum, eða hækka tollinn á nokkrum þeim, er nú eru. Um það eru mjög skiptar skoðanir, hvort heppilegra er.

En hitt verða allir að játa, að eitthvað verður að gjöra til að auka tekjurnar, ef þeirri stefnu á að fylgja framvegis, að landssjóður annist og hafi á hendi fjárgreiðslur til framfarafyrirtækja landsins, sem allt af fara sífjölgandi. Með þessum vaxandi kröfum um fjárframlög úr landssjóði er það fyrirsjáanlegt, að tekjuupphæð sú, sem landssjóður á von á af tekjustofnum þeim, er hann nú hefur, muni reynast lítil. Þá er um annaðhvort að gjöra, að draga saman seglin eða auka tekjur landssjóðs. Jeg býst ekki við, að þjóðin almennt sætti sig við, að landssjóður hætti að styrkja almenn framfaramál; þvert á móti, kröfurnar vaxa hratt og þá verður þjóðin líka að taka hinum sjálfsögðu afleiðingum. Það er því brýn nauðsyn á, að finna aðra rjettlátari og hagfelldari skipun tollmálanna, sem verði landsmönnum miður tilfinnanleg og landssjóði arðvænlegri en sú, sem nú er.

Það eru nú komnar upp í landinu ýmsar verðmætar atvinnugreinir og hlutir, sem ekki liggur skattur á. Jeg vil nefna t. d. túnrækt í kaupstöðum og kringum þá. Við kaupstaðina eru óðum að myndast tún og býli, er gefa

af sjer mun meira, en meðaljarðir til sveita, og verðmæti þeirra svarar jafnmörgum þúsundum eins og hundruðum áður.

Jeg gæti nefnt ýmislegt fleira, en sleppi því að svo komnu. Jeg álít það vera hlutverk nefndarinnar. Jeg gjöri líka ráð fyrir, að stjórnin hafi haft með höndum einhvern undirbúning undir þetta mál. Jeg efast ekki um, að hún verði fús á að láta nefndinni í tje þann undirbúning, og væntanlega getur þá nefndin sjeð, hvaða stefnu stjórnin hefur hugsað sjer í þessu máli, því hún er auðvitað við því búin, að mál þetta beri að garði. Sje stjórnin búin að taka ákveðna stefnu í málinu, er það nauðsynlegt, að það komi fram nú, svo að þingið geti látið uppi álit sitt, og sýnt afstöðu sína gagnvart till. stjórnarinnar. Með þessu yrði það þegar opinbert, hvernig málið horfir við og við fáum 2 ár til að ræða það. Þá verður líka ómögulegt að segja, að þessu sje dembt inn á þjóðina, eins og t. d. tollhækkuninni. Og þó málið verði ekki útkljáð á þinginu 1907, og ekki fyr en á þinginu 1909 eptir að nýjar kosningar hafa farið fram, þá er bezt, að það komi sem fyrst fyrir almenningssjónir.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að geta þess, að nokkrir þingdm. hafa komið sjer saman um að bera fram breyt.till. um að kjósa 7 manna nefnd, í stað 5 manna, í málið, en það hefur láðst að prenta breyt.till., og leyfi jeg mjer því að fara fram á, að nefndarkosningunni verði frestað.

Guðlaugur Guðmundsson gat þess, að hann hafði ekkert á móti því.

ATKVGR.: Samþ. var með öllum þorra atk., að fresta umr. og kosningu nefndarinnar.

Á 12. fundi Nd., laugardaginn 15. júlí, kom tillagan til framhalds einnar umr. (A 68, 89).

Ráðherrann: Tillaga sú, sem hjer liggur fyrir um skipun á þingnefnd til þess að íhuga og láta uppi álit um skattamál og tollmál landsins, er í fullu samræmi við aðferð þá, er notuð var á þingi 1875. Þá var skipuð nefnd til að undirbúa skattamálið fyrir væntanlega milliþinganefnd, er sett yrði til að taka það til frekari meðferðar, og kom þingnefndin fram með drög og tillögur, sem milliþinganefndin og síðan stjórn og þing lagði til grundvallar 1877. Tillaga þessi er einnig í samræmi við það, sem jeg áður hef haft tækifæri til að láta í ljósi hjer í deildinni, þegar tollmálið var til umr., og er jeg till. því að öllu leyti samþykkur. Jeg hef gengið út frá, að nefnd yrði sett til að íhuga skatta- og tollamál landsins ekki að eins í Nd., heldur og einnig í Ed., og að nefndirnar vinni saman. Vonast jeg til, að nefndirnar leyfi mjer að taka þátt í fundum sínum, og þótt jeg ekki búizt við, að það leiði til endilegrar niðurstöðu, þá ætti þó það að vinnast, að í þinglokin væri nær undirstöðu, sem byggt gæti orðið ofaná til næsta þings, svo að tími þingsins þyrfti sem minnst að fara til spillis í forgefins umræður um fyrsta undirstöðuatriðið, en þingið gæti varið kröptum sínum til þess að byggja upp á grundvelli, sem *meiri hlutinn* getur orðið ásáttur um.

Háttv. framsm. gat þess, að stjórnin hefði líklega haft einhvern undirbúning með þetta mál, og er það satt, að það hefur verið tekið til íhugunar. En undirbúningur stjórnarinnar er ekki svo langt kominn, að jeg nú vilji »formúlera« ákveðnar tillögur frá stjórnarinnar hendi að svo stöddu, en auðvitað mun jeg fá væntanlegri nefnd í hend-

ur þær athugasemdir, sem skrifaðar hafa verið, og getur hún af því sjeð, hvað fyrir stjórninni vakir í skattamálinu. Jeg skal því nú láta mjer nægja að gjöra nokkrar athugasemdir um málið á víð og dreif.

Við mál þetta eru einkum tvö atriði, sem fyrst þurfa athugunar við:

1. Hvað þarf að sjá landssjóði fyrir miklum tekjum til að standast gjöld þau, sem á honum hvíla, og fullnægja kröfum þeim, sem til hans er gjörðar?

2. Á hvern hátt á að fá þessar tekjur, þannig að gjöldin komi ekki að eins sem jafnast og rjettlátast, heldur og sem minnst tilfinnanlega niður, og innheimtan verði sem einföldust og kostnaðarminnst?

Viðvíkjandi fyrra atriðinu er það orðið ljóst, að tekjurnar, sem tilfalla landssjóði eptir gildandi lögum, eru engan veginn nægar til þess að fullnægja þeim kröfum, sem með rjettu má gjöra til hins opinbera sjóðs, til styrktar og eflingar framförum í landinu, og að þessar kröfur aukast ár frá ári, auk þess sem farið er að gjöra meira og meira að því, að koma ýmsum gjöldum, sem eru »*kommúnal*« eðlis, á landssjóðinn.

Árið 1902 voru útgjöldin 900,000 kr.
— 1903 — —— 940,000 —
— 1904 — —— 1,105,000 —

og nú má búast við því, að þau verði enn meira á 2. miljón kr., og engin líkindi eru til, að þau fari minnkandi.

Það er því bersýnilegt, að tekjur landssjóðs mega í næstu framtíð ekki vera minni en ellefu til tólf hundruð þúsund kr. á ári, eða 22—24 hundruð þúsund kr. á fjárhagstímabilinu, ef nokkuð verulegt á til framfara að vinna.

Eptir útlendum mælikvarða eru það nú ekki stórvægilegar árstekjur fyrir heilt þjóðfjelag, 1,200,000 kr. á ári; það er miklu minna, en stöndugir Englendingar og Ameríkumenn hafa í ársrentur af eignum sínum; en þetta skiptir auðvitað engu í þessu sambandi. Í þessu efni er ekki hægt að vitna til annara þjóða eða bera oss saman við þær, því að gjaldþol þeirra flestra er miklum mun meira en vort. Jeg vil þó leyfa mjer að koma með nokkur dæmi, er sýna, hve miklu meiri skattar og gjöld liggja á einstaklingum annara þjoða en oss. Í Danmörku nema ríkisgjöldin að meðaltali 30 kr. á hvert nef. Í Englandi 40 kr., í Þýzkalandi 45 kr. og í Frakklandi 65 kr. En þó að tekjur landssjóðs Íslands væru miðaðar við 1,200,000 kr. útgjöld á ári, þá kemur að eins hjer um bil 15 kr. á hvert mannsbarn að meðaltali. Nú er þess að gæta, að allt þetta fje þurfum við ekki að borga sem álögur. Úr ríkissjóði Dana fáum við árlega 60,000 kr.; þetta tillag, að viðbættum tekjum af viðlagasjóði og eignum landssjóðs o. fl., nemur nálega 140,000 kr. og þá er eptir kringum 1 miljón, sem þó er ekki heldur allt saman álögur. Frá þessari upphæð má enn draga tekjur af póstferðum, frímerkjum, aukatekjum, sektum o. fl., sem með tilliti til vaxandi tekna af vitum, skipagjöldum, hraðskeytasamböndum o. fl., mun mega telja allt að því 130 þús. kr. á ári.

Þá eru eptir c. 870 þúsundir, sem fá verður með sköttum og tollum, er samsvara liðlega 10 kr. skatti að meðaltali á mann. Eptir núgildandi lögum má telja. að skattar og tollar (ábúðar- og lausafjárskattur, húsaskattur, tekjuskattur, aðflutningsgjald og útflutningsgjald) nemi hjer um bil 610 þús. kr. samtals á ári. Hækkunin á sköttum og tollum

þyrfti því að nema allt að 260 þús. kr. á ári, eða allt að 43 af hundraði. Má af því marka, að bráðabirgðauppfærsla á aðflutningsgjaldinu, þessir 30%, sem svo mikið hefur verið talað um. er ekki um skör fram.

Þá kemur hitt höfuðatriðið til athugunar:

Hvernig á nú að ná þessum tekjum inn? Á að ná þeim inn með aukning beinna skatta eða óbeinna skatta eða hvorutveggja?

Jeg álít, að ekki þurfi mörgum blöðum um það að fletta, að allsendis ómögulegt er að ná neinu verulegu af þessu með beinum sköttum. Það mundi verða allt of tilfinnanlegt og erfitt í innheimtu, en af því leiðir ekki, að slá megi stryki yfir endurskoðun beinna skatta. Það er nauðsynleg barlest hverju landi, að hafa einhverja fasta skatta; þeim einum getur löggjafarvaldið ráðið, hvernig þeir koma niður eptir efnum manna, og þeir eru viss gjaldstofn. En tollarnir eru óvissir og geta opt brugðizt. Þegar núgildandi skattalög voru farin að verka 1880, þá voru föstu skattarnir 16% af tekjum landsins, en nú eptir 20 ár eru föstu skattarnir ekki orðnir nema 7% af landstekjunum.

Þetta sýnir, að sú stefna þingsins að undanförnu, að auka tekjurnar með tollum en ekki með sköttum, hefur þegar alveg raskað því hlutfalli, sem sett var milli þessara tveggja tekjulinda, þegar núgildandi skattalög voru samin.

Ef menn vildu nú láta sama hlutfallið halda sjer eins og á árinu 1880, þá er eitt af þrennu um að velja, að hækka gömlu skattana, eða að láta gömlu skattana halda sjer og bæta nýjum við, eða þá loks að sleppa gömlu sköttunum, og leita að nýjum og hentugri skattgrundvelli, er geti gefið meiri tekjur, og komið rjettlátar niður.

Þó að núgildandi skattalög, sem öll eru ein samanhangandi heild, væru góð á sínum tíma og vel hugsuð, þá dylst þó ekki, að þau eru afardýr og erfið í framkvæmdinni í samanburði við þær tekjur, sem þær gefa í aðra hönd.

Til þess að ná þeim liðugum 40 þús. kr. á ári, sem ábúðar- og lausafjár-skatturinn gefur af sjer, þarf að halda tvö framtalsþing í hverjum hreppi landsins á ári, telja fram allt fje, semja verðlagsskrár, leggja í tíund, framkvæma erfiða og smásmuglega reikninga, og loks kalla alla gjaldendur saman til manntalsþinga á vori hverju. Ef reiknaður væri til daglauna og peninga allur sá tími, sem fer í þessi þing og fundi um land allt, þá væri það ekki óálitleg viðbót við skattinn. Mjer er nær að halda, að það kosti í verunni miklu meira árlega, að ná skattinum, heldur en skattinum nemur. Tekjuskatturinn, sem ekki gefur af sjer nema 16,000 kr. á ári á öllu landinu, kostar skattanefnd í hverjum hreppi með tilheyrandi skattanefndarfundum, yfirskattanefndir og allmikið ómak, þar sem draga þarf þinglesnar veðskuldir frá fasteignatekjum og útgjöld frá atvinnutekjum. Sífelldar meira og minna skakkar tilkynningar um skattskyldar eignir milli skattanefndanna, meira og minna skökk tekjuframtöl og enn þá fjarstæðari tekjuáætlanir. Það er vissulega eptirtektarvert, að þrátt fyrir það, hve mjög atvinnuvegir hafa farið batnandi síðari árin, verzlun og tekjur aukizt, þá hefur þó tekjuskatturinn ekkert aukizt síðan 1880—81. Þvert á móti var hann fyrir tveim árum síðan minni en þá. Þetta sýnir, að ekki er allt með felldu,

enda mun það sanni næst, að tekjuskatturinn er opt mestmegnis viðbótarskattur fyrir þá, sem hafa einhverjar fastar tekjur að lifa á, laun eða fast starfskaup, þótt tekjur þeirra yfirleitt sjeu miklu minni en fjölda margra, sem alls engan tekjuskatt greiða.

Þá er húsaskatturinn ekki heldur allt. Vegna þess, að hjer er í eðli sínu um tekjuskatt að ræða — tekjur af húseign —, er svo ákveðið í lögunum, að draga skuli þinglesnar veðskuldir frá virðingarverðinu áður en skattur er á lagður. Með því að draga að láta aflýsa skuldum, sem einhvern tíma hafa á húsi hvílt, þá geta menn þannig hliðrað sjer hjá skattinum ár eptir ár. Þar að auki hafa húsaskattslögin þann galla, að lóðirnar eru ekki metnar með húsunum, en eins og nú er orðið, er lóðin opt eins dýr eins og húsið sjálft, en þó ekki hægt að ná neinum sköttum af henni.

Það væri því líklegast rjettast, að hverfa sem fyrst frá þessum úreltu skattalögum, og reyna að finna eitthvað handhægara og rjettmætara. Annarsstaðar er grunnskattur og fasteignarskattur tíðkaður, og er mjög eðlilegur og öruggur skattgrundvöllur. Vjer höfum engan slíkan skatt til landssjóðs; tekjuskatturinn af fasteign er ekki grunnskattur, er hvíli á verði jarðanna, heldur hvílir hann á afgjaldinu að frádregnum útgjöldum og vöxtum af veðskuldum. Eini fasteignarskatturinn, sem hjer er, er lóðargjald í kaupstöðum. Það virðist nú vera tiltækilegast, að athuga fyrst af öllu, hvort ekki mundi hentugt, að innleiða hjer almennan fasteignarskatt, er hvíli á eigendum, og væri miðaður við virðingarverð allra fasteigna, bæði jarðeigna og húseigna á landinu. Virðingar yrðu að fara fram með tilteknu millibili, t. d. á 5 ára fresti eða 10 ára fresti, og ætti helzt að hnýta við þeirri ákvörðun, er skatturinn hækkaði við hækkandi lántökuvirðingar. Það mundi koma í veg fyrir, að þær virðingar væru eins misjafnar og nú gjörist, þar sem menn mundu hafa minni hag af því, ef þær væru hærri en rjett er.

En þó þessi vegur væri tekinn, þá mundi að eins tiltölulega lítið, af þeim tekjuauka, sem þarf, fást með skatti á fasteignarverðið. Það eru tollarnir, sem aðallega verður að byggja á, eptir því, sem hjer til hagar, þó margt og misjafnt megi frá hagfræðislegu sjónarmiði segja um rjettlæti og notagildi tollanna.

Þegar til þess kemur, að hækka tollana, þá álít jeg alveg nauðsynlegt, að halda sig við sem allra fæstar vörutegundir. Ef farið er að tolla fleira, en nú er tollað, þá verður innheimtan of dýr og eptirlitið óframkvæmanlegt. Hækkun á núverandi tollum álít jeg því notasælasta. En það er margt í núverandi toll-álagning, sem stendur til bóta, þannig er allt of mikill munur á tolli af vindlum og tolli af tóbaki, á tolli af ýmsum vintegundum o. s. frv.

Loks mætti enn hugsa sjer almennt tollgjald, gjald á alla verzlun og vöruinnflutning, sem jeg veit, að sumir háttv. þm., sjerstaklega háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefur verið að hugsa um og vakið máls á; þótt slíkt gjald hafi mikla annmarka, þá má þó vera, að finna megi form fyrir því, sem viðunanlegt væri. Um það meðal annars ætti hin væntanlega nefnd að hugsa.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni, en að eins leyfa mjer, að mæla fram með nefndarkosningunni.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg á þá breyt.till., að í nefndina sjeu

kosnir 7 menn í stað 5. Mjer er það að vísu ekkert kappsmál, en af því, að hjer er um svo mikið mál að ræða, þá finnst mjer ekki veita af fulltrúum af sem flestum stjettum í nefndina, og því er hægra að koma fram, sjeu 7 menn í nefndinni en sjeu þeir 5.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg finn enga ástæðu til þess, að fara mörgum orðum um þetta mál, að þessu sinni.

Jeg skal lýsa því yfir, að jeg hef ekkert á móti breyt.till. um, að í stað 5 manna, er sæti eigi í nefndinni, sjeu kosnir 7, því að það er einmitt heppilegt, að sem flestar stjettir og sem flestar skoðanir komist þar að.

Að því, er snertir skattana, þá er það vitanlegt, að óbein gjöld eru vinsælli, þótt þau sjeu í raun og veru þjóðinni dýrari sökum milliliðanna. Það er aðallega þetta, sem þarf að athuga: 1) hverjar eru þarfir landssjóðs? 2) hvernig verður þeim þörfum fullnægt? Og þá koma eðlilega fram þær spurningar, hvort nóg sje, að breyta því skattakerfi, sem nú er, eða hvort ekki þurfi að finna nýja álögustofna, og þá hverja.

Það er vitaskuld fasteignin í landinu, sem fyrst verður fyrir sem aðal-undirstaða hinna beinu skatta. Þessi grundvallarstofn er húseignir, jarðeignir og skip, og lágt reiknað mundi hann nema 20—22 miljónum króna, sem sje 12—14 miljónir króna í húsum og skipum, og 6—8 miljónir króna í jörðum; þar með teldist eigi lausafje; því væri rjettast að sleppa. Jeg tel það sjálfsagt, að leggja skatt á þennan stofn, en að öðru leyti yrðu þarfir landssjóðs fylltar upp með óbeinum sköttum. Jeg tel ekki með smá-tekjugreinar, eins og leyfisbrjefagjöld, aukatekjur og þess háttar; þeirra gætir lítið.

Að fjölga mjög tollstofnum, tel jeg varhugavert vegna innheimtunnar. Það, sem aðallega verður að hafa fyrir augum, er þetta tvennt: 1) gjöldin verða að koma rjettlátlega niður, og 2) innheimtan má ekki vera margbrotin nje kostnaðarsöm.

Með þessum fáu athugasamdum, þá óska jeg, að 7 manna nefnd sje kosin í málið.

Breyt.till. á (þgskj. 89) um að kjósa 7 manna nefnd samþ. með 22 atkv.

Tillagan var samþykkt í e. hlj.

Þessir þingdeildarmenn óskuðu hlutfallskosningar við nefndarkosninguna:

Skúli Thoroddsen, Ólafur Ólafsson, Guðlaugur Guðmundsson, Magnús Andrjesson, Einar Þórðarson, Ólafur Thorlacius, Björn Kristjánsson, Jón Jónsson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.

Kosningu hlutu:

Eggert Pálsson,
Hermann Jónasson,
Jón Jónsson (þm. Seyðf.),
Jóhannes Ólafsson,
Lárus H. Bjarnasou,
Pjetur Jónsson og
Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.).

Í nefndinni var Lárus H. Bjarnason kosinn formaður og Jón Jónsson skrifari.

B. Í efri deild.

Á 19. fundi Ed., þriðjudaginn 25. júlí, var lögð fram og útbýtt tillaga til þingsályktunar (A. 160) um að fela nefnd að íhuga skattamál landsins, flutningsmenn: Björn M. Ólsen, Ágúst Flygenring og Guðjón Guðlaugsson, og á næsta fundi, daginn eptir, var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um málið.

Á 21. fundi deildarinnar, fimmtudaginn 27. júlí., kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Jeg held það sje óhætt að fullyrða, að nauðsyn ber til að endurskoða skattamál landsins, Kröfur landsmanna til þings og stjórnar um aukin fjárframlög til ýmsra framfarafyrirtækja verða ár frá ári hærri og hærri, af þessu leiðir, að útgjöldin hækka, en tekjurnar ekki að sama skapi; við þetta kemur svo fram tekjuhalli. Jeg ímynda mjer, að allir sjái, að þetta búskaparlag dugar ekki lengur, það verður að komast á meiri jöfnuður á milli tekna og gjalda. Í bráðina hefur verið reynt, að ráða bót á þessu með hækkun á aðflutningsgjaldi, sem samþykkt var á þessu þingi. Stjórnin hefur lýst því yfir, að þetta væri að eins til bráðabyrgða, enda mun það hafa ráðið atkv. margra af þeim háttv. þingm., er greiddu atkvæði með því, að þeir skoðuðn frumv. sem bráðabirgðaráðstöfun, er ekki ætti að gilda lengur en til loka næsta fjárhagstímabils. Stjórnin hefur ennfremur lýst yfir því, að hún ætli sjer að undirbúa skattamál landsins undir næsta þing, og að hún mundi þá leggja frumvarp þess efnis fyrir þingið. Hún óskar leiðbeiningar þingsins, og er ekki nema sjálfsagt að láta henni þær í tje. Í neðri deild hefur þegar verið skipuð nefnd í þetta mál, til að leiðbeina stjórninni, hvaða leið skyldi fylgja. Jeg tel sjálfsagt, að háttv. Ed. vilji líka láta í ljósi álit sitt um þetta. Hjer í deildinni hefur þegar verið skipuð fjármálanefnd, en nú eru fjármál og skattamál svo skyld, að mjer finnst sjálfsagt að fela það sömu nefnd. Jeg vona, að þetta verði samþ. greiðlega.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg er algjörlega samdóma um, að taka þurfi til íhugunar skattamál landsins; aptur á hinn bóginn álít jeg ekki rjett, að nefnd sje skipuð hjer í deildinni og því síður, að málinu sje vísað til fjármálanefndarinnar. Þetta er svo vandamikið mál og þarfnast svo mikils undirbúnings, að það væri eðlilegast, að stjórnin undirbyggi það, hún gæti þá fengið aðstoð, annað hvort einstakra manna, er hún sjálf kysi sjer, eða þá milliþinganefndar, sem engin vanþörf væri á að skipa. Þingmenn hafa svo mikið að gjöra, að þeir mundu engu fá afkastað; þeir geta ekki myndað sjer ákveðna skoðun um málið, og það yrði þá til skaða fyrir málið, að þeir færu að setja þær fram, þar sem þær ef til vill væru byggðar í lausu lopti. Nd. hefur sett sjerstaka nefnd í málið; fjármálanefndin hjer í deildinni hefur svo mikið að starfa, þar sem hún á sínum tíma mun eiga að taka við fjárlögunum, að þess mun engin leið, að hún geti komizt yfir að athuga skattamálin.

Jeg vil því mæla á móti því, að nefnd verði sett í málið, og sjerstaklega, að fjármálanefndinni væri falið það; meðferð hennar á málinu yrði aldrei annað en kák.

Ráðherrann: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að það er fullkomlega í samræmi við það, sem gjört var 1875, að skipa nefnd í þetta mál, hún var þá skipuð til að slá föstu, í hvaða aðalátt væntanleg milliþinganefnd skyldi ganga. Nefndarálit kom svo fram í þinglok, og í því eru aðaldrættirnir í núverandi skattalöggjöf landsins, svo sem tekjuskatturinn, áburðarskatturinn og húsaskatturinn. Nefndarálitið var svo rætt á þingfundi og fjellst meiri hlutinn á það. Milliþinganefndin fjellst og á þennan grundvöll, og byggði starf sitt á honum. Stjórnin aðhylltist tillögur milliþinganefndarinnar að mestu leyti, og voru frumv. síðan samþykkt

1877 því nær óbreytt. Nú stendur nokkuð líkt á og 1875; hin gamla skattalöggjöf er orðin úrelt, og mun það heppilegast, að nema alla núverandi fasta skattalöggjöf úr gildi. Nefnd sú, er skipuð hefur verið í málið í Nd., hefur hugsað sjer að aðhyllast nýjan grundvöll fyrir fastan skatt. Ef það gæti komið í ljós fyrir þinglokin, að meiri hluti þingsins gæti aðhyllzt vissa, tiltekna undirstöðudrætti, þá gæti málið fengið miklu betri, itarlegri og árangursvænlegri undirbúning til næsta þings en ella, bæði hjá stjórn og þjóð.

Jeg finn ekki ástæðu til að endurtaka hjer í deildinni það, sem jeg hef sagt í Nd., viðvíkjandi máli þessu; það er tilgangslaust, að ganga mikið inn á einstök atriði, *áður* nefndirnar hafa starfað. Hjer er að eins um það að ræða, hvort nefnd skuli setja, og verð jeg eindregið að mæla með því.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Jeg verð að vera á sama máli og hv. þm. G.-K. (V.G.), að æskilegt væri, að skattalöggjöfin yrði endurskoðuð sem fyrst, og hins vegar að enginn tími sje nú orðinn til þessa hjer í deildinni. Þetta hefði átt að koma fram í þingbyrjun; nú er deildin svo önnum kafin, að hún gæti ekki einu sinni komið með aðaldrættina í því máli.

Hinn hæstv. ráðherra tók það fram, að árið 1875 hefði verið kosin nefnd til þessa sama, en þá var hún sett strax í þingbyrjun, þar eð þetta þótti svo mikilvægt mál. Nú er sem sagt orðinn allt of lítill tími til þess; slík nefnd mundi ekki geta starfað nema örlítinn tíma að þessu vandamáli, og er það allsendis gagnslaust, sjerstaklega ef fara ætti fram eins gagngjörð breyting á skattalöggjöf vorri, eins og hæstv. ráðh. benti á. Jeg verð því að álíta það tóman gamanleik, að vísa því til fjármálanefndarinnar; hún mun eiga að taka fjárlögin til meðferðar, að því er mjer er frekast kunnugt, en nú er það vanalega ekki meira en 1 vika, sem nefnd sú hefur þau til íhugunar, og sjá þá allir, að enginn tími muni vera afgangs. Jeg fyrir mitt leyti verð að játa, að jeg er ekki svo mikill verkmaður, að jeg geti komið með nokkrar tillögur í skattamálinu á svo stuttum tíma. Jeg get ekki verið á því, að setja milliþinganefnd í málið. Það má ekki binda sig við venju undanfarinna ára í því efni; áður höfum vjer átt að eiga við erlenda og ókunnuga stjórn, nú aptur á móti horfir þetta allt öðruvísi við, er hún er komin inn í landið og á að vera kunnug öllu því, er að þessu máli lýtur og áhugasöm fyrir þjóðmálum vorum. Það er sjálfsögð skylda hverrar stjórnar í þingfrjálsu landi að vinna að undirbúningi þingmálanna, benda á, hve mikið fje hún þurfi til þeirra útgjalda, er hún telur nauðsynleg, og hvernig eigi að ná því.

Stjórn sú, er vjer nú höfum fengið, er svo vel mennt, að henni er vorkunarlaust að undirbúa bæði þetta og önnur þjóðmál undir meðferð þingsins. Eins og jeg hef tekið fram, munu menn tregir á að kjósa milliþinganefnd bæði í þetta mál og önnur, þetta er verk stjórnarinnar, og að vísa þessu máli til fjármálanefndarinnar álít jeg með öllu gagnslaust.

Ráðherrann: Það er síður en svo, að jeg vilji mæla stjórnarráðið undan þeim störfum, sem það getur af hendi innt. Hvað undirbúning þessa máls snertir, þá álít jeg, að nú megi komast af án þess að skipa milliþinganefnd, eins og áður hefur gjört verið. En þingnefndir finnst mjer aptur á móti enginn óþarfi að skipa. Stjórnin mundi ljetta undir með þeirri nefnd, með því að leggja fyrir hana undirbúning þann, er hún þegar hefur haft. Það

hafa þegar verið búin til drög að frumvarpsuppköstum viðvíkjandi skattalagabreytingu sem enn þá eru ekki svo fullkomin, að jeg vilji fylgja þeim fram í öllum greinum. Allir þm. hafa íhugað skattamál landsins svo mikið, að þeir geta gjört sjer nokkurveginn í hugarlund án langrar umhugsunar, hvort þeir mundu geta aðhyllzt undirstöðuatriðin í þessum drögum, svo að það sæist, hvort erfiði og tími er í það leggjandi, að byggja ítarlegan undirbúning á þessum grundvelli.

Háttv. þm. Ísfjk. gjörði mikið úr því, að þingtíminn væri allt að því hálfnaður og þess vegna enginn tími fyrir nefnd að starfa. Í tilefni af því vil jeg leyfa mjer að benda á, að nefndin í Nd. hefur nú þegar starfað í $^1/_2$ mánuð, og ímynda jeg mjer, að heppilegast væri, að Ed. nefndin rynni saman við hana. Jeg sje því ekki betur, en að nægur tími sje enn til að skipa nefnd þessa.

Flutningsmaður Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Hæstv. ráðh. hefur þegar svarað nokkru af mótbárum þeim, sem fram hafa komið frá tveimur háttv. þm., og þarf jeg því ekki að fara frekara út í það. Háttv. þm. G.-K. gjörði mikið úr því, hve fjármálanefndin ætti annríkt. Þetta held jeg sje naumast rjett; hún mun ekki hafa svo mikið að gjöra, nú sem stendur, þangað til fjárlögin koma hingað upp í deildina. Þetta er þó ekki aðalástæðan til þess, að jeg vil láta vísa málinu til þessarar nefndar, heldur hitt, að í henni sitja menn af báðum flokkum. Við skipun nefndarinnar í Nd. var enginn kosinn af mótflokki stjórnarinnar, þrátt fyrir viðhafðar hlutfallskosningar. Þetta var auðsjáanlega með vilja gjört af hinum heiðraða andófsflokki. Hann gjörði »skrúfu«, lagði niður vinnuna og neitaði að starfa að því með okkur hinum, að finna stefnu þá, er fylgja skuli í skattamálinu. Vjer viljum ekki missa viturlegar till. þessara góðu manna, enda bezt að málið sje skoðað frá sem flestum hliðum. Þetta er önnur aðalástæðan fyrir því, að jeg vil, að þessu máli sje vísað til fjármálanefndarinnar. Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vona að það verði samþ.

ATKVGR.: Þegar hjer var komið umr., kom fram till. um að hætta þeim, og var hún samþ.

Málinu vísað til fjármálanefndarinnar með 7 atkv. móti 6.

III. Bankaútibú á Seyðisfirði.

Á 30. fundi Nd., mánudaginn 7. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um, að landsbankinn stofni útibú á Seyðisfirði (A 292), flutningsmenn: Jón Jónsson, Einar Þórðarson og Ólafur Thorlacius, og á 32. fundi sömu deildar, miðvikudaginn 9. ágúst, var samþykkt eptir uppástungu forseta að hafa eina umræðu um þingsályktunartillöguna.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom tillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg skal ekki tefja mjög tímann með að flytja þessa till. Málið er ofur einfalt og þarf ekki mikillar útskýringar við. Það ákvæði er í bankalögunum, að bankinn skuli stofna útibú í kaupstöðum landsins svo fljótt sem unnt er. Þessu hefur áður verið

hreyft á þingi, en það hefur dregizt nokkuð lengi, að Landsbankinn fullnægði þessum skyldum. Það hafa komið beiðnir og kröfur um þetta, og nú hefur landsbankinn stofnað útibú á Akureyri og Ísafirði, en á Seyðisfirði er þetta enn ógjört. Á þingmálafundi sem haldinn var í maímánuði, var samþykkt að skora á þingið, að hlutast til um, að þessu væri ekki lengur slegið á frest; það er almennur vilji á Seyðisfirði að fá þessu framgengt. Jeg get ekki sjeð hvaða ástæðu bankinn getur haft til þess að setja ekki útibú þar.

Því hefur opt og einatt verið barið við, að bankann vantaði fje. En eptir minni ætlun þarf ekki svo mikið fje til að setja útibúið á stofn, og jeg get ekki skilið, að það af þeirri ástæðu sje bankanum of vaxið. Það er full þörf á, að þetta verði gjört, og þó að Reykjavikurblöðin tali mikið um, að við búum úti á landshornum, þá á Seyðisfjörður fullan rjett á þessu.

Íslandsbanki hefur nú ekki alls fyrir löngu stofnað útibú á Seyðisfirði, og einmitt við það hafa menn enn betur sjeð, hve mikil þörf er á því, að Landsbankinn einnig stofni útibú. Þegar menn eru komnir á þetta og þegar þar við bætist, að það heyrist, að Landsbankinn sje sá banki, sem menn aðhyllast meira, þá vildu menn ekki gjarnan verða út undan. Ef útibú væri stofnað, mundi það auðvitað kosta Landsbankann nokkuð, en kostnaðurinn þyrfti þó ekki að vera stór. Bankinn getur komið að góðum notum, þó að hann sje ekki opinn á hverjum degi, og það muudi vera alveg nægilegt, að hafa einn mann yfir honum og allur kostnaðurinn þyrfti þá ekki að fara mikið fram úr 1500—2000 kr. á ári.

Þegar Landsbankinn kynokaði sjer við að verða við þessari kröfu áður, þá var að eins ein ástæða, sem mjer fannst verulegur veigur í, borin fyrir því, að þessu væri ekki hægt að koma í verk. það var fjarlægðin og telegrafleysið. Þetta var nú ef til vill gild ástæða þá, en nú vonumst við eptir telegraf, svo að þá fellur þessi ástæða. Jeg vonast eptir, að tillagan fái góðan byr í háttv. deild og mjer þætti vænt um, ef jeg fengi góð svör.

Tryggvi Gunnarsson (1. þm. Rvík.): Jeg tel það sóma fyrir bankann, að þessi tillaga er komin fram.

En peningaforði landsbankans er því miður af mjög skornum skammti enn þá eins og fyrri, en samt get jeg sagt það háttv. þm. Seyðf. (J. J.), að bankastjórnin lítur með velvilja á þessa kröfu, og þykir það sómi fyrir landsbankann, að Seyðfirðingar vilja fá útibú frá honum austur, þrátt fyrir nýfengið útibú stóra hlutafjelagsbankans. Bankastjórnin mundi fúslega verða við þessari áskoran, ef að peningarnir væru til skipta. En nú er svo ástatt, að landsbankinn hefur stofnað 2 útibú, annað á Eyjafirði og hitt á Ísafirði. Til útibúsins á Eyjafirði er búið að láta um 400 þúsund krónur, en til útibúsins á Ísafirði tæp 100,000 kr. Þess utan hefur bankinn fast bundið í bankavaxtabrjefum yfir 400 þúsund krónur, og 200 þúsund kr. í konungl. ríkisskuldabrjefum til tryggingar veðdeildinni. Hjer er því svo mikið fje bundið, auk bankalánanna, að ekki er hægt að setja í útbú á Seyðisfirði annað en sparisjóðsfje. En það er ekki ráðlegt fyrir landsbankann, að senda austur á land það fje, sem fólk hefur lagt inn til bráðabirgða í bankann til þess, að taka það aptur, þegar það þarf.

Háttv. flutningsm. (J. J.) áætlaði kostnaðinn um 2,000 kr., en jeg efast um, að það sje nægilegt, en það er

ekki aðalatriðið, hvort kostnaðurinn er 1,000 kr, meiri eða minni, heldur hitt, að hafa nóga peninga handa útibúinu. Það er gagnslítið fyrir menn á Austurlandi, þó annað útibú sje sett þar á stofn til, ef það hefur svo lítið fje, að það geti ekki bætt að mun úr peningavandræðum þar.

Það er óskemmtilegt, þegar ekki er nægilegt fje fyrir hendi, að fá svo allt af óskir frá útibúunum um meiri peninga. Ástæðan fyrir því, að þessu verður ekki framgengt, er fjeleysi, en ekki viljaleysi. Það hafa ekki að eins komið óskir um útibú frá Seyðisfirði; jeg hef líka fengið brjef sama efnis frá mönnum á Sauðárkrók og öðrum ónefndum stað á Austurlandi.

En þótt svo sje, að óskir um stofnun útibúa hafi komið úr ýmsum áttum, þá álít jeg, að fyrst verði þó að stofna útibú á Seyðisfirði. Bankastjórnin er fús til þess, þegar hún sjer nokkur ráð. Ef Landsbankinn getur t. d. selt svo mikið af bankavaxtabrjefum. að sæmilegt fje verði fyrir hendi, þá er sjálfsagt, að bankinn fullnægi lagaákvæðunum, að útibú á Seyðisfirði sje stofnað.

Jón Jónsson (þm. Seyðfjk.): Það er ekki álitlegt, að stofna útibú á Seyðisfirði, eptir því, sem háttv. 1. þingm. Rvk. (Tr. G.) segist frá. En jeg gjöri mjer von um, að betur rætist úr. Þetta var stöðugt viðkvæðið fyr meir, þegar stofna átti útibú á Akureyri og Ísafirði, að fje væri eigi til. En jeg á bágt með að skilja það, að það veitist verra nú að stofna það á Seyðisfirði, en áður á Ísafirði og Akureyri. Íslandsbanki hefur líka stofnað útibú á öllum þessum stöðum,

Annars er þýðingarlítið að tala um þetta; það dugir ekki að deila við dómarann; en jeg vona, að það komi ljóslega fram við atkvæðagreiðsluna, að háttv. þingm. vilji unna oss Austfirðingum jafnrjettis.

Jeg skal þó geta þess, að það var eitt, sem gladdi mig í ræðu háttv. 1. þm. Rvk., það sem sje, að hann taldi ekki vonlaust, að við fengjum útibúið, ef bankavaxtabrjefin seldust. Jeg legg þó ekki eins mikið upp úr því og hann, því jeg býst við, að þó að seldist fyrir um 300—400 þús. kr. af bankavaxtabrjefum, þá mundi því samt verða frestað og barið við fjeleysi, eins og áður.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Í þessari tillögu er gengið út frá því, að landsstjórnin geti skipað bankastjórninni að setja upp útibú, en í 9. gr. bankalaganna stendur: »svo fljótt sem auðið er«. Þetta virðist mjer benda til þess, að landsstjórnin geti ekki þröngvað bankastjórninni til þess, ef hún telur það ekki fært.

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 15 samhlj. atkv. og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

IV. Verndun fornmenja.

Á 33. fundi Nd., fimmtudaginn 10. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um verndun fornmenja í landinu (A 361), flutnm. Hannes Þorsteinsson, og á 36. fundi deildarinnar, mánudaginn 14. ágúst, var samþ., eptir uppástungu forseta, að hafa eina umr. um þingsályktunartillöguna.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutnm. Hannes Þorsteinsson (1. þm. Árn.): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að hafa mörg orð um þessa till.; andmæli munu ekki koma fram gegn henni, það væri þá, að mönnum þætti hún koma helzt til seint, en þar til liggja þau svör, að betra er seint en aldrei, og jeg vona, að land vort sje enn eigi svo autt og rúið að fornum dýrgripum, að till. þessi geti eigi enn að haldi komið.

Vegna þess, hve mál þetta er mikilsvert, vil jeg geta þess, af hverju till. er sprottin. Í sambandi við það vil jeg taka það fram, að hjer á Norðurlöndum að minnsta kosti fóru menn miklu síðar að safna fornmenjum en handritum; það byrjar ekki fyr en á 18. öld. Þá er Árni Magnússon ferðaðist hjer um í byrjun 18. aldar og safnaði handritum, er þess ekki getið, að hann hafi safnað forngripum; það hefur að minnsta kosti kveðið mjög lítið að því. Í tilskipun frá 2. marz 1737 er tekið fram, að »Dannefæ«, fje fundið í jörðu, sje konungseign og skuli sendast rentukammerinu, og í kgl. augl. 7. ágúst 1752 er þetta árjettað um gamla peninga o. fl., er í jörðu finnist, en af hákonunglegri mildi áttu menn þó að fá fulla borgun fyrir þetta fje. Þó vita menn ekki til, að neitt af fornmenjum hjeðan af landi hafi verið sent til Danmerkur síðari hluta 18. aldar, eða að minnsta kosti kvað mjög lítið að því. Það kemst fyrst alvarleg breyting á þetta mál 1807. Þá skipaði konungur með brjefi 22. maí 1807 sjerstaka nefnd til þess að safna forngripum og fá skýrslur um þá; voru í nefnd þessari margir merkir menn, þar á meðal komst síðar í hana landi vor, Finnur prófessor Magnússon. Fyrstu 10 árin starfaði nefnd þessi lítið, enda áttu Danir um þau ár í ófriði og höfðu öðru að sinna, svo að framkvæmdir nefndarinnar urðu því litlar. Það er eiginlega ekki fyr en 1817, að hún tekur til starfa. 5. apríl 1817 sendi hún út umburðarbrjef allítarlegt til ýmsra embættismanna á Íslandi, og er það prentað í Lovs. for Isl. VII. 658—661. Í því er beðið um skýrslur um fornaldarleifar hjer á landi, t. d. um hauga, stóra steina og einkennilega, rúnasteina, grettistök, forna þingstaði, rústir, uppgröpt úr jörðu, gamlar myntir, bílæti, reykelsis- og vígsluvatnsker o. s. frv.

19. apríl 1817 kom út kancellíbrjef til amtmanna á Íslandi eptir áskorun fornleifanefndarinnar, (Lovs. for Isl. VII. 669-671); þar segir, að *engir fornir skrautgripir: myndir, altaristöflur, liksteinar o. s. frv. kirkjum tilheyrandi, megi hvorki seljast nje eyðileggjast án leyfis stiptamtmanns og biskups.* Eiginlega er þetta ákvæði enn í gildi, því að því hefur ekki breytt verið, svo að jeg viti, en því hefur ekki verið fylgt sjerlega rækilega í framkvæmdinni. Margt hefur verið selt án leyfis, og engar ráðstafanir hafa verið gjörðar af hendi landsstjórnarinnar í þessu efni til að hindra þessa óleyfilegu sölu eða kirknarán, sem kalla

mætti, enda má það merkilegt heita, að ekkert lagaákvæði skuli vera til um þetta, annað en þetta gamla kancellíbrjef, en slík brjef hafa ekki verið mikið í hávegum höfð hjer á landi á síðari tímum.

Forngripasafnið er eina safnið, sem útlendum mönnum þykir vert að skoða hjer á landi, og það hefur bjargað mörgum góðum munum frá tortimingu, en þó má færa ýms dæmi því til sönnunar, að einmitt margir hinir sjaldgæfustu og dýrustu munir hafa af hirðuleysi og trassaskap farið út úr landinu, bæði áður en Forngripasafnið var stofnað, og líka *eptir* stofnun þess 1863, jafn vel á allra síðustu árum. Jeg vil t. d. nefna einn forngrip, af því að mjer er sjerstaklega kunnugt um forlög hans, en líkt mun hafa farið um fleiri. Þegar jeg var að rannsaka landsskjalasafnið fyrir 10—12 árum, rakst jeg á brjef um brikina miklu, en svo er sumstaðar kölluð altarisbrík úr Skálholtsdómkirkju, vanalega kennd við Ögmund biskup Pálsson og því kölluð Ögmundarbrík; það var hollenzk smíð, einkar haglega gjörð, með upphleyptum logagylltum myndum, afarstór, og er sennilegast, að Ögmundur biskup hafi fengið hana til kirkjunnar.

Finnur biskup segir um hana í kirkjusögu sinni: Ingens deaurata et pretiosa tabula. Það er á íslenzku: ákaflega stór, gyllt dýrindistafla. Á henni voru 9 myndir helgra manna úthöggnar í hálfri líkamsstærð og allar gylltar.

Þegar dómkirkjan brann 1526, var henni bjargað, og gátu tvær konur borið hana út úr kirkjunni; þótti það furðuverk. Brikin var í Skálholti, til þess er stóllinn var lagður niður 1796, þá átti hún að rjettu lagi að fara til dómkirkjunnar í Reykjavík, en komst ekki lengra en til Eyrarbakka, hvernig sem á því hefur staðið. Þar lá hún um 20 ár í salthúsi og var höfð til þess að hengja á slátur og krof. 31. marz 1817 skoraði fornleifanefndin á stiptamtmann og biskup að grennslast eptir, hvað orðið sje um brikina. En þá var hún orðin svo skemmd, að engin tiltök voru, að Reykjavíkurdómkirkja gæti notað hana. Bauð þá stiptamtmaður prófastinum í Árnesþingi að senda hana út 1819; var þá ekki eptir af henni nema brot, gegnsósa af saltlegi og raka, höfuðin dottin af sumum myndunum, handleggir brotnir o. s. frv. Þetta var svo sent út, en þegar nefndin fjekk brikina, varð hún mjög óánægð, þótti ekkert í hana varið, af því að hún var orðin svo gjörskemmd og gyllingin að mestu farin. Nefndin varð að borga 8 ríkisdali í flutningsgjald fyrir, og þótti henni þeim peningum illa varið. Brotin eru enn á forngripasafni Dana.

Jeg gæti nefnt fleiri dæmi en þetta um illa meðferð forngripa og flutning þeirra út úr landinu. Árin frá 1817—1863 er mikið flutt út af forngripum. Þá var flutt út Valþjófstaðarhurðin nafnkennda. Hurð þessi er skurðverk merkilegt, mjög gamalt, eigi yngra en frá 13. öld. Hún var boðin safni Dana 1846 fyrir hlægilega lítið verð og kom þangað 1851. Eptirlíking af henni er að vísu til á forngripasafninu, og er hún betri en ekki neitt, en vitanlega ekki mikils virði í samanburði við forngripinn.

Það varð mikil bót á þessu, þegar Forngripasafnið var stofnað 1863; það hefur bjargað mörgum góðum gripum. En þó hefur síðan verið fargað mörgum góðum grip, og margt tortímzt. Stjórnin hefur ekkert gjört til þess að varna því. Jeg veit dæmi til þess, að prestar hafa alveg upp á sitt eindæmi selt muni kirkna, þrátt fyrir það þó að hið fyrnefnda kancellíbrjef

banni það. Sömuleiðis er að segja um bændur, sem átt hafa kirkjur; þeir hafa þótzt eiga allt »inventarium« kirkjunnar, ef þeir hafa átt kirkjuna, en það er mikill misskilningur. Þeir hafa ekki heimild til þess frekar en prestarnir.

Nú upp á síðkastið er það einkum eitt »privatsafn« íslenzkra forngripa, sem tiðrætt hefur orðið um og óánægju hefur valdið, og ekki að ófyrirsynju. Það er safn Jóns Vídalíns konsúls og frúar hans. Mönnum var það ekki fullkunnugt fyr en í sumar á sýningunni í Tívolí, hversu safn þetta var mikið og fágætt í sinni röð. Þá opnuðust á mönnum augun. Jeg vil með leyfi hins hæstv. forseta lesa upp skýrslu konsúlsfrúarinnar um þetta safn; hún hefur verið í dönsknm blöðum og er birt í 31. bl. »Þjóðólfs«. Frúin kemst þar svo að orði:

»Jeg hefi búið 14 sumur á Íslandi og safnað af mesta kappi allan þann tíma. Jeg hef komizt yfir um 150 gripi og eru þeir sýndir. Þar er útskorin altaristafla frá kirkju, sem nú er lögð niður, í nánd við Sauðárkrók; gömul altaristafla úr kirkju á Suðurlandi; frá Þingeyrum á jeg þrjár fagrar ljósakrónur og mjög haglega útskornar myndir af Kristi og postulunum. Svo á jeg stórt safn af altariskaleikum og þar á meðal einn frá 1487. Á fætinum, sem settur er gimsteinum, eru sýnd ýms atriði úr píningarsögunni. Það er gjöf frá páfa til Grundarkirkju í Eyjafirði. Mesta fjölda á jeg af tóbaksdósum og baukum. Enn fremur á jeg silfurbúinn staf, sem átt hefur Jón biskup Vídalín. En prjedikunarstóllinn, sem jeg á, mun þó vera fágætasti gripurinn af því öllu. Hann hefur Guðbrandur biskup Þorlákssson skorið út 1594. Biblíu hans á jeg líka. Hún er kjörgripur«.

Af þessu má sjá, að þetta er ekki ómerkilegt safn. Auðvitað hafa gripirnir verið keyptir fyrir talsvert verð sumir hverjir, en margir munu hafa farið litlu verði og auðvitað í heimildarleysi landsstjórnarinnar optast nær. En konsúll Vídalín og frú hans verða ekki áfelld fyrir það, þótt þau söfnuðu þessum gripum, úr því að þau gátu fengið þá. Það var eðlilegt, að þau legðu sig í líma til þess. Það eru engin tök á að ná safni þessu aptur, nema kaupa það, ef það fæst, en það mundi verða harla dýrt. Jeg hef heyrt suma spá því, að það mundi ef til vill verða »testamenterað« landinu, en það er valt að byggja á því.

Það var einmitt þessi vídalínska sýning, sem vakti menn til umhugsunar. Íslenzkir stúdentar í Khöfn sendu áskorun til þingsins, er legið hefur frammi á lestrarsalnum, og gengur hún í líka átt og þessi tillaga, sem jeg hef flutt.

Jeg vil taka það fram, að þessi tillaga mín á ekki eingöngu við lausa gripi, heldur og fastar menjar t. d. legsteina og önnur minningarmörk frá liðnum öldum, sem erfitt getur verið að flytja á söfn. Það hefur verið farið mjög illa með legsteina hjer á landi og það mjög fallega legsteina. Venjulegast eru þeir hafðir í stjettir frá sáluhliði til kirkjudyra. Jeg get nefnt þess dæmi. Í Bræðratungu í Biskupstungum voru mjög fallegir legsteinar yfir Hákon sýslumann Gíslason (son Gísla lögmanns Hákonarsonar) og Jarðþrúði dóttur hans, f. k. Magnúsar Sigurðssonar í Bræðratungu. Þá er jeg kom þar síðast fyrir hjer um bil 25 árum, voru þessir steinar í kirkjustjett milli sáluhliðs og kirkjudyra og teknir allmjög að skemmast Á Stokkseyri hafa og verið 3 legsteinar, er myndað hafa tröppur upp í

kirkjuna, og var einn þeirra að minnsta kosti stórskemmdur, er jeg sá hann síðast. Einn þessara legsteina er yfir Bjarna Markússon, bróður Stokkseyrar-Dísu, er var stúdent og druknaði ungur 1679.

En það tjáir ekki að ásaka landsmenn um þetta; þeir hafa enga bendingu fengið um, að verndun fornmenja væri nauðsynleg, eða að það væri neitt óviðurkvæmilegt við það, að sparka legsteina í sundur í stjettum. Það hefur bara verið talið til skrauts að hafa þá þar, og enginn á því að hneyxlast, úr því að yfirvöldin ljetu það viðgangast.

En nú er hver síðastur að kippa þessu í lag. Það þarf bæði að reisa skorður við sölu forngripa út úr landinu og varðveita frá tortímingu þær menjar, sem vjer enn höfum. Ætlast jeg til, að landsstjórnin sendi nú þegar próföstum og prestum o. fl. umburðarbrjef, er gefi bráðabirgðarreglur um, hvernig eigi að fara með fornmenjar. Svo undirbýr hún t. d. í samráði við Fornleifafjelagsstjórnina lagafrumvarp til næsta þings um þetta efni, og mætti hafa þar til hliðsjónar umburðarbrjefið frá 5. apríl 1817, er jeg áður gat um. Það er að vísu ekki hægt að banna privatmönnum, að selja sína eign, en það má skylda menn til þess að bjóða gripina fyrst forngripasafninu.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa tillögu. Jeg treysti stjórninni til að ráða bót á því, sem fyrri stjórnir hafa vanrækt, og gjöri nú alvarlegar ráðstafanir til þess að sporna gegn því, að landið verði rúið frekar að forngripum en orðið er, því að það er oss til smánar, hversu vjer höfum verið andvaralausir í þessu efni og ekki hafizt handa fyrir löngu til að knýja stjórn vora til meiri röggsemi og afskiptasemi. Og fel jeg svo mál þetta landsstjórninni til skynsamlegra og skjótra framkvæmda.

ATKVGR.: Tillagan samþ. í einu hljóði.

Tillagan afgreidd til forseta Ed.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 23. ágúst, var þingsályktunartillagan lögð fram og henni útbýtt þar í deildinni, og á næsta fundi daginn eptir, var eptir uppástungu forseta samþykkt að hafa eina umr. um tillöguna.

Á 46. fundi deildarinnar, föstudaginn 25. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu og var samþykkt umræðulaust með 12 samhlj. atkv., og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

V. Ábúðarlöggjöfin.

Á 27. fundi Ed., föstudaginn 4. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um endurskoðun ábúðarlöggjafarinnar (A 267), flutningsmaður Sigurður Stefánsson, og á næsta fundi daginn eptir var eptir uppástungu forseta samþykkt að hafa eina umr. um málið.

Á 29. fundi Ed., mánudaginn 7. ágúst kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Eins og kunnugt er, fer till. þessi fram á að endurskoða ábúðarlöggjöfina, og eru þá aðallega höfð fyrir augum lögin frá 12. jan. 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða. Þegar maður fer að athuga sögu þessara laga, þá er það fyrst, að ekki leið á löngu eptir að lög þessi voru gefin, að menn tóku að finna ýmsa galla á þeim, og eptir því, sem þau hafa orðið eldri, hafa þær raddir orðið háværari hjá þjóðinni, er telja þau í ýmsum mikilvægum atriðum óhagkvæm og enda mjög ranglát, hvort sem litið er á lögin sjálf eða framkvæmd þeirra. Einkum gildir þetta um tvö þýðingarmikil atriði laganna, ákvæðin um hús á leigujörðum og jarðabætur leiguliða. Ákvæði þessi eru þannig löguð, að þeir, sem þekkja framkvæmd þeirra, verða að fallast á, að þau sjeu algjörlega ósamboðin nútímanum.

Þetta er heldur ekki að undra, þegar litið er til þess, hvaðan annað þessara meginatriða laganna er komið.

Eins og kunnugt er, var það ákveðið í fornlögum vorum, að landsdrottinn skyldi eiga öll nauðsynleg hús á leigujörðum sínum og ábyrgjast fyrning þeirra, en leiguliðinn átti að ábyrgjast húsin fyrir öllum skemmdum og hrörnun, er leiddi af hirðuleysi hans eða vangá. Þessi lög giltu hjer á landi allan þjóðveldistímann og fram á 16. öld, en þá komust allar klaustraeignir, eða hinar núverandi þjóðjarðir í hendur Danakonunungs, og þá urðu þau illu umskipti á högum leiguliða, sem og flestra hjer á landi, að jarðarhúsum og viðhaldi þeirra og fyrningu var dembt á leiguliðana. Þeir áttu að byggja þau, halda þeim við og ábyrgjast fyrningu þeirra, allt á sinn kostnað: er þetta lögleitt með tilskipun 8. maí 1591 og 29. nóv. 1622. Af þessum breytingum leiddi margt illt fyrir búnaðinn, í stað velhúsaðra bæja komu kofar og hreysi, og eptir því sem stundir liðu fram, urðu húsakynni á leigujörðum svo aum, að þau máttu teljast lítt hæf til íbúðar fyrir menn eða skepnur.

Alþingi hafði ekki fyr fengið löggjafarvald, en það tók landbúnaðarlöggjöfina, og þá ekki sízt þetta atriði til rækilegrar athugunar. Á fyrsta löggjafarþinginu 1875, var skipuð milliþinganefnd til að endurskoða landbúnaðarlöggjöfina; í tillögum sínum ræður nefndin eindregið til að hverfa að mestu leyti aptur til fornlaga vorra um hús á leigujörðum, sem sje það, að jörð hverri skyldi fylgja nægileg ákveðin hús fyrir alla áhöfn, er álíta mætti að jörðinn gæti framfleytt; var þetta stórmikil rjettarbót frá því, sem verið hafði. Stjórnin var milliþinganefndinni samdóma um þetta atriði, en þó undarlegt megi virðast, komst þingið að þeirri niðurstöðu, eptir langa rekistefnu um málið, að halda öllu í sama horfinu að því er snerti hús á leigujörðum, og þannig voru ákvæðin um þetta lögleidd á ný með lögunum 12. jan. 1884.

Í 6. gr. þessara laga segir:

»Fylgja skulu jörðu nauðsynleg hús þau er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu húsa fer eptir jarðarmagni og því, sem venja er í hverri sveit eptir mati úttektarmanna«.

Greinin byrjar vel með því að segja, að jörðu hverri skulu fylgja nauðsynleg hús, en hvað verður svo úr þessu fallega ákvæði, þegar hitt ákvæðið bætist við, »er henni hafa áður fylgt« og svo hitt að stærð jarðarhúsanna fari eptir því, sem venja er til í hverri sveit. Með báðum þessum ákvæðum greinarinnar, er að engu gjört ákvæð-

ið um þessi »nauðsynlegu jarðarhús«; greinin rífur það niður með öðru ákvæðinu, sem hún þykist vilja byggja upp með hinu. Húsin hjeldust eptir sem áður í sama hörmulega ástandinu og venjan var, með öðrum orðum, lögin halda að mestu sama ástandinu, sem tilskipanirnar frá 1591 og 1622 mynduðu, svo skaðvænlegt sem það var fyrir alla húsagjörð á leigujörðum. Leigujarðir e. u því þann dag í dag taldar leigufærar, þótt þeim fylgi enginn kofi, sem inn í er skríðandi fyrir menn eða skepnur, og landsdrottinn tekur fulla leigu eptir jörðina þrátt fyrir þetta.

Það verður þó sannarlega að teljast fyrsta skilyrði fyrir því, að jörð sje í leigufæru standi, að henni fylgi þau hús, sem bráðnauðsynleg eru til þess, að búið verði á henni. En við hverju verða svo leiguliðar að taka? Víðast hvar fylgir hús, sem nefnt er baðstofa; en hvernig er þetta hús eptir gildandi lögum og venjunni, er lögin miða við? Gólflaust, loftlaust, þiljalaust, rúmstæðalaust, með öðrum orðum: engin spíta í þeim nema stoðir og árepti, hús, sem engri skepnu er líft í. Sama er að mestu leyti að segja um önnur hús, sem nefnd eru jarðarhús. Um peningshús er víðast hvar alls ekki að tala, nema einhverja mjög auma kofa fyrir lömbin undan kvígildisánum. Sumstaðar er það jafnvel svo slæmt, að alls ekki fylgir nokkur baðstofumynd. Til þess nú, að geta lifað í þessum svonefndu jarðarhúsum verður leiguliðinn að leggja ærið fje í að bæta þau; ofanálagið, sem hann fær eptir mati úttektarmanna, hrekkur ekkert í flestum tilfellum. En hvað gjörir nú leiguliðinn með þessum endurbótum? Hann eyðir eignum sínum til þess að gjöra annars manns jörð leigufæra, og í raun og veru án þess, að hann hafi minnstu tryggingu fyrir því, að hann fái kostnað sinn endurborgaðan. Þó hann breikki, hækki og þilji kofana, sem hann tók við, og gjöri þá að viðunandi mannahíbýlum, þá getur hann átt á hættu að fá litla sem enga borgun hjá landsdrottni, er hann fer frá jörðinni. Landsdrottinn getur sagt sem svo við hann: »Það var reyndar mikið fallega gjört af þjer að breikka baðstofuna, þilja hana, setja alla þessa glerglugga í hana, og rúmstæði; en þetta kemur mjer ekkert við, jeg skila húsunum í því ástandi sem þau voru, þegar þú tókst við jörðinni, og hvorki vil nje þarf að borga þjer einn eyri fyrir allar þínar endurbætur. En svo er áreptið og stoðirnar, sem þú tókst við farnar að feiskjast og ofan á það verður að leggja og það verður þú að borga«. Við þetta verður aumingja leiguliðinn að sætta sig og annaðhvort verður hann að rífa og taka með sjer efni það, er hann hefur lagt til endurbóta húsanna, eða selja það viðtakenda eptir opt alveg vitlausu mati úttektarmanna. Í báðum tilfellum bíður hann tjón af að hafa endurbætt jarðarhúsin. Svo eru nú öll önnur hús, sem leiguliði á á jörðinni; hann verður annaðhvort að selja þau viðtakanda eptir mati, sem miðað er við niðurrif húsanna eða þá flytja viðina burt og fá ekkert fyrir fyrirhöfn sína við að koma húsunum upp. Getur nú heyrzt öllu meira ranglæti í viðskiptum manna á milli? og þetta ranglæti, þetta eignarán er löghelgað með þessum ábúðarlögum vorum.

Líkt er með fyrninguna á jarðarhúsum; hve vel sem leiguliði fer með jarðarhúsin, þá safnar hann stöðugt skuldum meðan hann á að áhyrgjast fyrninguna og það er ekki einu sinni nein trygging fyrir, að þessi skuld sje greidd af þeim, sem lengst notar húsin; fyrningin getur lent þyngst á manni, sem

að eins hefur búið fá ár á jörðinni, sem tekið hefur við með litlu sem engu ofanálagi, af því að hrörnun húsanna var lítt merkjanleg, er hann tók við þeim, en kemur svo allt í einu í ljós í ábúð hans, þótt honum verði engin sök þar á gefin.

Hvernig sem litið er á þessi ákvæði ábúðarlaganna, þá ber að sama brunni með það, að húsabætur leiguliða eru hjer um bil rjettlausar, og af þessu leiðir, að fæstir leiguliðar vilja nokkru til þeirra kosta, þeim er það að mestu leyti tapað fje, og afleiðingin verður sú, að húsagjörð á allflestum leigujörðum verður aflagi og ómynd og lögin eru þannig þröskuldur fyrir framförum í þessari grein og til stórtjóns fyrir landið og þjóðina. Líkt má segja um ákvæði laganna um jarðabætur leiguliða; að vísu gjöra þær leiguliðanum mögulegt, að fá þær að einhverju leyti endurgoldnar af landsdrottni, en leiðin til þess er svo erfið og krókótt, að fæstum leiguliðum hefur hingað til þótt fært að fara hana, og þeir annaðhvort látið vera að gjöra jarðabætur, sem er tíðast, eða þá gjört það á sinn kostnað án endurgjalds af landsdrottni.

Á báðum þessum þjóðmeinum mætti ráða bót með breytingu á lögunum 12. jan. 1884 í þá átt, að jörðu hverri skuli fylgja öll nauðsynleg hús í leigufæru standi fyrir alla áhöfn jarðarinnar, og að landsdrottinn ætti húsin og ábyrgðist fyrningu þeirra, auðvitað ætti leiguliði að svara til allra skemmda á húsum, er orsakaðist af hirðuleysi eða vangá hans; eins væri og sanngjarnt, að landsdrottinn væri að lögum skyldur, að endurgjalda leiguliða að einhverju leyti kostnað þann, er leiguliði leggur í jarðabætur, og aðgangurinn að þessu endurgjaldi væri ekki eins torveldur og nú er.

Umbóta í þessa átt væntu menn af milliþinganefndinni í landbúnaðarmálinu, sem að margra áliti var einkum skipuð til að endurskoða ábúðarlöggjöfina. Það varð því mörgum ærin vonbrigði, er nefndin lýsti því yfir, að hún hefði ekki sjeð sjer fært að taka lögin frá 12. jan. 1884 til meðferðar; það skal að vísu játað, að það er allmikið vandaverk, að skipa með lögum sambandinu milli landsdrottins og leiguliða, en næg ástæða getur það ekki verið til þess, að láta enn um óákveðinn tíma við svo búið standa með hið hróplega ranglæti og afarkosti, er leiguliðar eiga við að búa samkvæmt lögum þessum; það er lífsnauðsyn fyrir landbúnað vorn, að koma svo sem auðið er í veg fyrir, að landsdrottnar geti haft jarðir sínar að fjeþúfum, án þess að gjöra sjálfir nokkuð til að styðja að góðri meðferð þeirra og þar með ræktun landsins í heild sinni. Þetta er því alvarlegra mál, þegar þess er gætt, hve leiguábúðin er mikil í landinu. Eptir skýrslu milliþinganefndarinnar eru um 2,600 jarðir einstakra manna í leiguábúð og ábúendur á þeim um 3,000, þessar jarðir eru nær því helmingi fleiri en opinberu jarðeignirnar. Milliþinganefndin vill nú bæta úr, bæði þessum og öðrum meinum leiguábúðarinnar, með því að auka sjálfsábúðina í landinu með þjóðjarðasölu, forkaupsrjetti leiguliða, þinglýsing byggingabrjefa o. fl. En hvað sem segja má um þessi ráð að öðru leyti, þá munu þau reynast ærið seinvirk til þessara umbóta, auk þess sem þau ná lítið til einstakra manna eigna, en það eru einmitt leiguliðarnir á bændajörðunum, sem verst eru farnir; þeir eiga margir hverjir við hreina afarkosti að búa, því að það eitt virðist vaka fyrir landsdrottni, að hafa sem mest upp úr jörðum sínum, en gjöra þeim sem minnst til góðs.

Það mætti tala miklu meira um þetta mál, en jeg hygg, að þetta, sem jeg hef nú sagt, nægi til þess að sýna, að full nauðsyn sje á, að endurskoða þessa löggjöf vora, og að hin háttv. deild greiði því tillögu þessari atkv. sitt.

Eiríkur Briem (2. kgk. þm.): Jeg er auðvitað samdóma háttv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) um, að það er mjög þýðingarmikið mál, sem hjer liggur fyrir, en frá löggjafarinnar hlið er mjög torvelt að gjöra svo við þessu, að gott sje. Aðalástæðan fyrir því, að ástandið í þessu efni er eins og það er, er fátækt landsins. Það játa allir, að það er gott að hafa góð húsakynni, en það er nú einu sinni svo, að þeir, sem fátækir eru og því geta borgað minna, verða að sætta sig við verri húsakynni; kemur það einkum fram í kaupstöðunum, og ef eigendur hafa hús sín mjög vel útbúin, verða þeir auðvitað að krefjast hærri leigu, en eiga þá jafnframt á hættu, að eigi leigist.

Eptirgjöldin á jörðum á landinu eru allt annað en há; sjest það bezt þegar gjaldið er liðað í sundur fyrir hús, tún, engi, haga o. fl., og það svo borið saman við húsaleigu í kaupstöðum; þá kemur það í ljós, að leiga þar eptir 2—3 herbergi er eins mikil og eptirgjald eptir meðaljörð í sveit. Það er líka mjög örðugt fyrir löggjöfina, að setja fastar og heppilegar reglur um það, sem eptir eðli sínu er á því sviði, sem samningar eru náttúrlegastir um. Jeg skal taka það fram, að það samband, sem er milli leiguliða annarsvegar og landsdrottna hinsvegar, er allt annað en gott eða heppilegt, en það verður aldrei að fullu bætt, meðan leiguliði og landeigandi er eigi hið sama, með öðrum orðum, svo lengi sem menn búa eigi á sjálfseign, eru sjálfseignabændur. Lög um þetta efni mundu ef til vill nokkuð geta bætt, en það hefur mest að segja, að hugsunarháttur landsmanna hneigist í þessa átt. Í Danmörku var um 1840 hjer um bil jafnmikið af leiguliðum og nú er hjer, en nú eru um 97% af bændum þar sjálfseignarbændur; hygg jeg, að þessi framför stafi mest af því, að þjóðin sjálf er orðin þess fullviss, hversu mikils vert það er, að hver og einn eigi þann blett er hann býr á, og þetta á eflaust eigi hvað minnstan þátt í, að búnaður Dana stendur á eins háu stigi og hann stendur. Endurskoðun á ábúðarlöggjöfinni er auðvitað í sjálfu sjer mjög góð og þörf, en jeg held, að nú sje eigi rjetti tíminn til þess. Það var nýlega sett milliþinganefnd í landbúnaðarmálum og undir verksvið þeirrar nefndar heyrði náttúrlega ábúðarlöggjöfin ásamt mörgu fleiru, en hún treysti sjer eigi til þess, að koma fram með frumv. beint um þetta efni, sem mundi geta haft veruleg bætandi áhrif í þssu tilliti, enda hygg jeg bezt að bíða nokkuð enn, og sjá hverju fram vindur, því að eins og menn vita, er landbúnaðurinn nú heldur að lifna við, enda hefur hann verið mjög örðugur, sem bezt sjest af því, að landssjóður hefur orðið að leggja mikið fje fram til eflingar honum, enda eru sumir farnir að líta til þess öfundaraugum. Breyting í þessu efni mundi því hafa mikla erfiðleika í för með sjer, og eptirsókn landsdrottna er optast eins mikil, til þess að fá leigendur á jarðir sínar og leigjanda að fá þær leigðar eða jafnvel meiri. Jarðeigendur eru í vandræðum með að fá jarðirnar leigðar og geta það stundum jafnvel alls eigi, svo að jarðirnar leggjast í eyði. Þegar þessu er þannig varið, er það eigi heppilegt að gjöra breytingu nú. Að mínu áliti er bezt, að sjá fyrst árangurinn af lögum þeim um þjóðjarða-

sölu, forkaupsrjett leiguliða o. fl., sem nú eru á leiðinni gegn um þingið og bíða þess, að betri tímar komi, að því er snertir verð jarða, því að það hefur mikla þýðingu í þessu máli, en meðan verðið er svo lágt, er það varhugavert, að auka byrðar landsdrottna, gæti það orðið til þess, að flestir vildu losna við það að eiga jarðir, en það gæti aptur leitt til þess, að þær fjellu í verði. Svo er og það, að jarðir byggjast ef til vill síður, ef hert er á byggingarskilmálunum, því að þegar landsdrottni eru lagðar fleiri byrðar á herðar, verður hann að heimta meira af landsetum sínum. Af þessum ástæðum álít jeg því eigi, að nú sje sá rjetti tími til endurskoðunar ábúðarlöggjafarinnar.

Flutningsmaður Sigurður Stefanssou (þm. Ísfjk.): Það hefur verið óafvitandi, ef jeg hef sagt, að landskuldir væru of háar hjer á landi, og jeg skal taka það skýrt fram, að eptir mínu áliti eru þær lágar, og þótt þær hækki nokkuð, sem jeg tel sjálfsagt, ef landsdrottnar kostuðu meiru til húsa á leigujörðum sínum, er jeg sannfærður um, að jarðirnar mundu byggjast engu að síður, því að leiguliðar eru eigi svo skyni skroppnir, að þeir sjái eigi, að það er tilvinnandi, að borga meira, ef þeir fá betur hýsta bæi o. s. frv. með leigujörðum sínum, og hafa minni kostnað og ábyrgð á þeim.

Það er rjett, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) sagði, að hjer er fyrst og fremst um samningamál að ræða, en það eitt er eigi nóg, til þess að hreyfa eigi þessu máli, bæta eigi eptir föngum þetta átumein þjóðfjelagsins. Það sem háttv. sami þm. sagði um sjálfsábúðir í Danmörku er einnig rjett, en Danir höfðu áður með tilskipun frá 1787 leitt það í lög, að landsdrottnar skyldu borga leiguliðum endurbætur á jarðarhúsum, og þetta boð var endurtekið um 1860. Þeir hafa hjer sem annarsstaðar orðið á undan okkur, og þetta ákvæði hefði fyrir löngu átt að vera lögleitt hjer á landi.

Jeg fæ eigi sjeð, að nú sje óhentugur tími til að endurskoða ábúðarlöggjöf landsins, enda þótt milliþinganefndin í landbúnaðarmálum hafi reynt að sletta þessum nýju bótum á þetta gamla fat, ábúðarlög vor, með frumv. um sölu þjóðjarða. Þótt það frumv. kunni að fækka leiguliðum á þjóðjörðum, þá eru fleiri landsdrottnar til á landinu, er jarðir leigja, og hvað þá snertir, fæst, eins og jeg þegar hef tekið fram, lítil bót með frumv. milliþinganefndarinnar, en það eru leiguliðar bændajarðanna, sem verst eru farnir; þeir eiga við mesta afarkosti að búa allra leiguliða landsins. Það er því þörf á endurskoðun engu að síður, og jeg fæ að minnsta kosti með engu móti sjeð, að það geti spillt, þótt stjórnin athugi málið, og komi fram með tillögur sínar; það þarf eigi að samþykkja þær, ef þinginu gezt eigi að þeim, en málið er sannarlega þess vert, að það sje athugað og rætt sem vandlegast, og get jeg ekki vorkennt stjórninni, eins vel og hún nú er mönnuð, að inna þetta verk af hendi. Jeg hygg, að allir hljóti að játa, að löggjöfin í þessu efni er mjög slæm, og því á þá eigi að reyna að endurbæta hana, bæta eptir föngum úr þessu ranglæti og þjóðarböli?

Mjer finnst sjálfsagt að gjöra það, og jeg er viss um, að það mundi verulega styðja að sjálfsábúð í landinu, ef landsdrottnar hefðu meiri skyldur í þessu efni en nú er. Þeir yrðu þá meiru til að kosta, til þess að hafa jarðir sínar í leigufæru standi, og það

gæti gjört þá fúsari á að selja þær. Þessi endurskoðun getur því orðið til að flýta fyrir sjálfsábúðinni, sem háttv. 2. kgk. þm. (E. Br.) væntir svo mikils af.

ATKVGR.: Till. samþ. með 8 atkv. gegn 4, og afgreidd til forseta Nd.

Á 31. fundi Nd., þriðjudaginn 8. ágúst, var þingsályktunartill. (A 315) lögð fram og henni útbýtt þar í deildinni, og á 34. fundi, þriðjudaginn 22. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþ. að hafa eina umr. um ályktunina.

A 46. fundi Nd. föstudaginn 25. ágúst, kom þingsályktunartill. til einnar umr.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg vil mæla með því, að till. þessi verði samþ. eins og í háttv. Ed.

Í ástæðum milliþinganefndarinnar í landbúnaðarmálinu og þá sjerstaklega í athugasemdunum um frumv. til breytingar á Ræktunarsjóðslögunum var sýnt fram á, hversvegna nefndin hleypti sjer ekki út í endurskoðun ábúðarlaganna frá 12. jan 1884, og reyndi heldur að finna önnur meðul til bóta á leiguliðaábúðinni. Þó nefndin treysti sjer ekki til að halda út í breytingar á þessum lögum, er það síður en svo, að hún hafi á móti því, að stjórnin fjalli um þetta mál og íhugi, hvað fært sje að gjöra. Jeg veit það fyrir, að þegar stjórnin tekur þetta verkefni, muni hún, eins og nefndin, finna til örðugleikanna, sem á því eru. Einna skýrast vakti það fyrir milliþinganefndinni, að þvingunarákvæði í garð landsdrottna yrðu til þess að fella jarðirnar í verði. Einna næst sjálfum ábúðarlögunum var frumv. milliþinganefndarinnar um þinglýsing byggingarbrjefa, sem stjórnin hefur ekki tekið upp, og nefndinni var heldur ekki neitt kappsmál um.

Jeg hefði kosið, að þingsályktunartill. hefði verið yfirgripsmeiri, og skal jeg í því efni vísa til athugasemdanna hjá milliþinganefndinni í landbúnaðarmálum við frumv. hennar um afnám nýbýlalaganna. Á því svæði, sem þar er um að ræða, verður verkefni fyrir löggjöfina, um fjölgun grasbýla og hlunnindi fyrir þau, og um sundurskipting jarða og sjerúthlutun ræktunarsvæða til sambýlismanna á jörðu o. fl.

Ákvæðið um, að þetta verði lagt fyrir þingið 1907, er töluvert hæpið. Það er efamál, hvort verk, sem þarf jafnmikinn undirbúning, getur þá verið leitt til lykta. En sjálfsagt gæti eitthvað orðið lagt fyrir þingið næsta af því, sem þetta mál snertir. Þess vegna sá jeg ekki ástæðu til að koma fram með breyt.till. við þingsályktunartill.

Ráðherrann: Eins og háttv. þm. Borgf. (Þ. B.) gat um, er það ekkert áhlaupaverk að endurskoða þessa löggjöf, svo árangur sje að. Jeg veit, að það var margra meining, þegar milliþinganefndin var sett, að starf hennar ætti einkanlega að beinast í þessa áttina, og nefndin hefur líka lagt áherzlu á það, þó að hinsvegar of tæpur tími og mörg önnur störf hafi gjört það að verkum, að hún hefur eigi getað lokið við það. Jeg álít, að það sje engin ástæða til að bregða nefndinni um, að hún hafi gjört minna en til var ætlazt; þvert á móti má það öllum augljóst vera, að hún hefur ekki sparað krapta sína og unnið bæði mikið, gott og þarft verk. En eins og jeg sagði, tekur þetta mjög mikinn tíma, því það þarf að grennslast nákvæmlega eptir reynslu og óskum þjóðarinnar í þessu efni, svo þó að stjórnin taki það að sjer, þá er ekki hægt að lofa, að mál-

ið verði tilbúið fyrir þing 1907. Jeg hefði fyrir mitt leyti kunnað betur við, að svo hefði verið tekið til í þingsályktunartill., að stjórnin skyldi gjöra grein fyrir málinu svo fljótt, sem því yrði að komið og föng væru á; en ef því er lýst yfir, að ekki sje meint að málið skuli vera full-undirbúið fyrir þing 1907, þá kemur það í sama stað niður.

ATKVGR.: Till. samþ. með 20 atkv. og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

VI. Arspróf í menntaskólanum.

A. Í neðri deild.

Á 40. fundi Nd., laugardaginn 19. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um árspróf í hinum almenna menntaskóla í Reykjavík (A 486), flutningsmaður Skúli Thoroddsen, og á 43. fundi sömu deildar, þriðjudaginn 22. ágúst, var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um málið.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ís.): Í reglugjörð þeirri fyrir hinn almenna menntaskóla, sem nýlega er komin út, eru ákvæði mjög óljós um það, hvort piltar fái að taka árspróf, ef þeir ekki hafa verið í skólanum næsta vetur á undan. Auðvitað nær þetta í bráðina að eins til þeirra pilta, sem síðastliðið vor gengu inn í 1. bekk, en færist svo upp eptir bekkjunum, eptir því sem hin nýja reglugjörð gengur í gildi. Á hinn bóginn efa jeg ekki, að gamla reglugjörðin standi óhögguð, að því er snertir þá bekki skólans, þar sem enn er farið eptir þeirri reglugjörð. Eptir hinni nýju reglugjörð skilst mjer, að enginn geti tekið árspróf, sem ekki hefur verið í skóla næsta vetur á undan. Það hefur ef til vill vakað fyrir þeim, sem þessa reglugjörð sömdu, að þetta væri skólanum heppilegast; en ef það hefur verið meiningin, að útiloka pilta frá að taka árspróf, ef þeir eigi hafa lesið í skólanum, þá álít jeg það illa farið.

Það er ekki alllítill kostnaður fyrir menn, sem eiga heima hingað og þangað út um land, að halda pilta í skóla hjer í Reykjavík. Það kostar ekki minna en 4—500 kr. á hverju skólaári, og þess vegna er það eðlilegt, að ýmsir, sem tök hafa á því, vilji heldur láta syni sína lesa heima, því það er miklu hægra fyrir foreldra eða aðstandendur piltanna, að gefa þeim fæði og klæði heima, en að kosta þá í Reykjavík. Sömuleiðis er farið að tíðkast, einkanlega að því er snertir pilta í efri bekkjunum, að þeir koma sjer fyrir á veturna, og hafa ofan af fyrir sjer með kennslu, auk þess að þeir lesa sjálfir. Það getur einnig opt komið fyrir, að piltur veikist síðari part sumars, og sje ekki fær um að sitja í skóla að vetrinum, og er það þá hart, að hann skuli ekki geta tekið árspróf, jafnvel þó að hann geti

stundað nám sitt þannig utan skóla, að hann sje fær til þess. Menn kynnu nú að svara á þá leið, að þeir gætu þó gengið undir gagnfræðapróf og lærdómspróf, en það er langt um örðugra, því að sá, sem undir annaðhvort þeirra prófa gengur, verður að gefa upp til prófsins allt, sem lesið hefur verið í skólanum á undan í gagnfræða- eða lærdómsdeildinni. Það er líka miklu skemmtilegra fyrir aðstandendur piltanna, að piltarnir geti tekið próf árlega; þeir vita þá, hvað þeim líður og hverjum framförum þeir taka, en annars er allt í óvissu um það. Og þegar nú námsstyrkur við skólann er minnkaður um helming, svo að helmingi minni líkur eru til, að piltar fái námsstyrk, en áður, þá getur þetta fyrirkomulag, að piltum ekki er heimilað að taka árspróf, gjört fátækum piltum alveg ómögulegt, að ná stúdentsprófi, og þá verður hinn almenni menntaskóli í raun og veru að eins fyrir Reykjavík, og þá sem efnaðir eru.

Það má og geta þess, að síðustu árin hefur brytt á allmiklu ólagi í skólanum, sem gjörir það að verkum, að margir vilja koma sjer hjá að senda pilta sína í þann eld, því að það er vitanlegt, að góðir og óspilltir piltar geta leiðzt út í margt misjafnt, ef þeir koma í soll innan um miður vel agaða pilta.

Jeg held, að það sje því mjög almenn ósk hjer á landi, að ársprófunum verði hagað alveg eins og verið hefur, og það er ekki að eins almenn ósk, heldur álít jeg það brýna nauðsyn, að það verði haft svo. Jeg vona, að hæstv. ráðh. taki vel í þessa tillögu, og hlutist því til um, að gjörðar verði nauðsynlegar breytingar á reglugjörðinni í þessu efni.

Ráðherrann: Eins og háttv. flutningsmaður tillögunnar tók fram, þá er það meiningin, að aðallega verði ekki tekið á móti nýjum lærisveinum í skólann nema við inntökupróf og próf upp úr gagnfræðadeildinni. Það var nefnilega litið svo á, að árspróf þar fyrir utan hefðu enga þýðingu aðra en þá, að slá því föstu, hvort lærisveinar skyldu tækir í efri bekk, að þau með öðrum orðum væru að eins innanskólastig, sem ekki hefðu neina þýðingu sem þekkingarskírteini út á við.

Þeir sem að samningi reglugjörðarinnar unnu, komust að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið hættulegt fyrir »diciplín« í skólanum, ef nýir og óþekktir piltar bætast í skólann á miðri leið, og ekki síður hitt, ef að piltar geta hlaupið úr skóla, þegar þeim sýnist, án þess að missa rjett til þess, að ganga undir próf að vorinu, eins og skólabræður þeirra aðrir, sem samvizkusamlega sækja kennslustundir sínar.

Jeg get ekki skilið, hvað piltar utan af landi, sem lesa utanskóla, vinna við það, að gjöra sjer langa ferð hingað til Reykjavíkur til þess, að taka próf, sem ekki veita þeim nein rjettindi; það skyldi vera það, að aðstandendur gætu gjört sjer glöggari hugmynd um þroskastig þeirra. En það er ekki nóg til þess, að vega upp á móti þeim skaða, sem slík breyting, sem hjer er farið fram á, gæti haft í för með sjer. Jeg get því ekki sagt annað, en ef að háttv. deild samþykkir þingsál.till., að þá mun stjórnin leita sjer upplýsinga hjá þeim mönnum, sem ætla má, að hafi bezt vit og sjerþekkingu á þessu máli, t. d. kennurum skólans, en jeg get ekki fyrir fram lýst því yfir, að stjórnin gjöri breytingar á reglugjörð skólans.

Hjer verður að fara eingöngu eptir því, sem álíta verður, að í raun og

veru sje hið bezta fyrir upprennandi menntalýð þessa lands.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvík.): Jeg er því meðmæltur, að háttv. deild samþykki þessa tillögu. Jeg lít sömu augum á þetta mál og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), því jeg álít, að það verði ódýrara fyrir pilta, að komast áfram, og svo hef jeg líka sjerstakar ástæður til, að mæla með þessari tillögu. Jeg hef verið læknir skólans í mörg ár, og jeg veit, að það hefur opt komið fram, að piltar hafa veikzt, svo að þeir ekki hafa getað verið í skólanum, og það hefur opt komið fyrir, að jeg sem læknir skólans hef ráðlagt þeim, að fara úr skóla, og þá væri hart, ef þeir ekki mættu taka vorpróf.

Jeg skal taka til dæmis einn sjúkdóm, sem því miður hefur all-mikið gjört vart við sig í skólanum, það er brjóstveikin; jeg hef opt ráðið brjóstveikum piltum, að fara úr skóla bæði sjálfra þeirra og skólans vegna. En mjer finnst það hart, ef þeim er svo meinað, að taka próf að vorinu. Jeg er þess vegna með því, að þessi tillaga verði tekin til greina. En jeg tek þetta fram hjer af því, að jeg býst ekki við því, að mín verði leitað, þó þessu verði breytt, því mín var ekki leitað áður, þegar reglugjörðin var samin.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg vildi að eins leyfa mjer að víkja einni spurningu til hins hæstv. ráðherra, nefnilega þeirri, hvort reglugjörð skólans sje svo varið, að það sje útilokað, að piltar geti gengið inn í hvaða bekk, sem vera skal. Mjer hefur skilizt á umræðunum, að ekki væri heimilt fyrir nýja pilta, að taka próf nema til 1. bekkjar auk gagnfræðaprófs og stúdentsprófs. En spurning mín er þá sú, að ef piltur ætlar að setjast í 2. eða 3. bekk, hvort honum þá er það ekki heimilt.

Ráðherrann: Jeg skal svara háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) því, að svo er til ætlazt, að piltar komi ekki í skólann nema í fyrsta og fjórða bekk, en þó verða gjörðar undantekningar frá því. Jeg get ekki enn skilið, hvaða hag piltar, sem ekki ætla að vera í skólanum, hafa af því, að taka árspróf. En þar á móti gæti jeg skilið, að þeir piltar, sem ætla að setjast í 2. eða 3. bekk, hefðu gagn af því, og því mun stjórnin ekki vera mótfallin.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Af því að mjer er kunnugt um, hvernig þetta ákvæði er komið inn í reglugjörðina fyrir menntaskólann, — því jeg var viðriðinn undirbúning hennar, ásamt Guðmundi Finnbogasyni meistara — þá skal jeg leyfa mjer að gjöra dálitla skýringu. Við Guðmundur meistari töluðum um þetta atriði fram og aptur, og komumst að þeirri niðurstöðu, að leggja til, að piltum væri ekki veitt innganga nema í 1. og 4. bekk, sökum þess, að hugsun okkar var sú, að kennslan í skólanum yrði ein »harmónisk« heild. Það getur verið, að sumum háttv. þingm. finnist þetta kynlegt, eins og þeir líta á ástandið í skólanum nú, en það ætti þá að vera takmarkið, sem skólinn keppti að. Svo töldum við óheppilegt fyrir agann í skólanum, að piltar gætu hvenær sem vildi farið úr skólanum og í hann svo aptur. En hitt, að piltar, sem sökum veikinda yrðu að fara úr skólanum um stund, væru útilokaðir frá, að taka árspróf, kom okkur aldrei til hugar. Það vakti þar á móti fyrir okkur, að menn, sem ekki ætluðu að nota skólann að öðru leyti, ættu ekki að fá að taka árspróf með lærisveinum skólans. Árspróf yrði líka öðru vísi fyrir þá, sem í skólanum eru, en fyrir þá, sem koma nýir, því að eptir nýju reglugjörðinni verður tekið tillit

til þess, hvernig piltarnir hafa staðið sig næsta vetur á undan.

Það getur hugsazt, að óheppilegt sje, sjerstaklega fyrir pilta, sem ætla að ganga í 2. eða 5. bekk, ættu virkilega að fara í skólann, að fá ekki, að taka inntökupróf til þeirra bekkja, og það væri kannske ástæða til, að breyta reglugjörðinni í þá átt, að slíkt leyfi væri fyrst um sinn gefið undir vissum kringumstæðum.

Þar sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að piltar, sem læsu utan skóla, og tækju 4. bekkjar próf, þyrftu við prófið, að gefa upp allt það, sem lesið er í 4 neðri bekkjunum, og að slíkt væri óheppilegt, þá get jeg verið honum samdóma um það, en jeg held, að auðvelt væri, að komast hjá því, því það mætti haga því svo, að þeir gæfu jafn-mikið upp og bekkjarsveinar, og þá væri fallin burt sú ástæða til breytingar á reglugjörðinni.

Nú þóttumst við Guðmundur Finnbogason að vísu vita, að óskað yrði eptir því, að einstöku piltar, einkum þeir, er komnir væru yfir venjulegan skóla-aldur, gætu hlaupið yfir einn eða tvo bekki í neðri deild hins almenna menntaskóla eða gagnfræðaskóla, er samsvaraði þeirri deild, og byggðum við á því, að það gæti tekizt á þann hátt, að pilturinn gengi á Akureyrarskólann, sem við hugðum að mundi, áður en langt um liði, fá þá skipun, að hann jafn-gilti gagnfræðadeildinni í hinum almenna menntaskóla í Reykjavík.

Töldum við ekki eins mikið áhorfsmál, að veita þannig frjálsari aðgang að Akureyrarskólanum, því að hann sækja yfirleitt miklu þroskaðri piltar en þeir, er sækja menntaskólann.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg er öldungis á sömu skoðun og háttv. flutningsm. og háttv. 2. þm. Rvk., því jeg álít, að það væri sjálfsagt, að leyfa piltum að ganga undir árspróf nær, sem þeir vildu. Jeg sje enga ástæðu til þess, að breyta þessu frá því, sem áður var, því það getur opt staðið svo á, að það sje stór kostur fyrir menn, að geta verið utanskóla, og mega svo ganga undir próf, nær sem vera skal. Það er áreiðanlegt, að margir af beztu mönnum íslenzku þjóðarinnar hafa verið af fátæku fólki komnir og hafa komið sjer áfram einmitt með því, að vera utan skóla við og við og vinna fyrir sjer.

Jeg held satt að segja, að kennslan í lærða skólanum sje ekki á hærra stigi en svo, að menn geti víða fengið eins góðan undirbúning. En hitt er eðlilegt, að foreldrar eða aðstandendur pilta, sem læsu utan skóla, vilji, að þeir sýni það og sanni, að þeir taki nokkrum framförum; og það gjöra þeir einmitt með ársprófunum. Jeg heyrði, að hæstv. ráðherra sagði, að skólinn væri ekki til í þeim tilgangi, að piltar, sem læsu utan skóla, tækju árspróf við hann; en jeg vil minna á það, að skólinn er til landsmanna vegna, en landsmenn ekki skólans vegna, og hvað er þá eðlilegra en það, að þeir menn, sem að menntaveginn ganga, eigi kost á því, að sýna þroskaskeið sitt, nær sem þeir vilja, einmitt við þennan skóla.

Það væri líka á aðra hlið lítið um það að tala, þó þetta ákvæði væri í reglugjörðinni, að enginn utanskólapiltur mætti taka árspróf, ef allt væri með felldu í skólanum, og ef foreldrar og aðstandendur piltanna gætu álitið, að piltunum væri vel borgið í skólanum. Jeg ætla ekki í þetta sinn að lýsa ólaginu í skólanum, það er þjóðkunnara en að því þurfi að lýsa, og jeg vil óska, að skólinn taki miklum framförum til bata, en eins og nú horfir við, er piltum miklu betur borgið að vera

utanskóla. Jeg vil taka dæmi þessu til skýringar; ef uppistand verður í skólanum, þá er mjög eðlilegt, að góður faðir vilji draga drenginn sinn út úr eldinum; en þá er það líka hastarlegt, að drengnum skuli refsað með því að meina honum að ganga undir árspróf. Jeg óska, að skólinn og kennslan þar gæti verið »harmónisk« heild, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) komst að orði, en því miður er skólinn ekki orðinn það enn. En þó skólinn væri »harmónisk« heild, þá get jeg ekki sjeð, að hún þyrfti að raskast, þó að einhverjir piltar læsu utanskóla.

Mjer hefur stundum fundizt, sem ástandið væri á þá leið, að piltarnir væru til fyrir skólann, en skólinn ekki fyrir piltana, en þetta er forn skoðun, sem ekki er holl.

Mjer þykir alveg sjálfsagt, að háttv. deild samþykki tillöguna, og að hæstv. stjórn hlutist til um, að þessu ákvæði reglugjörðarinnar verði breytt. Þó þessu verði breytt, þá er engu spillt fyrir skólann, en mjög mikið bætt fyrir piltana.

Ráðherrann: Mjer skildist á háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.), að hann hjeldi, að eptir reglugjörðinni væri piltum, sem lesa utanskóla, meinað að taka öll próf við skólann. En svo er ekki, þeir hafa leyfi til að taka árspróf 4. bekkjar og burtfararpróf. (*Ólafur Ólafsson*: En ekki árspróf). Jeg get ekki skilið, að ársprófin geti haft neina verulega þýðingu fyrir þá pilta, sem ekkert eru annars við skólann riðnir. Háttv. 2. þm. Árn. sagði, að honum fyndist sú skoðun vera uppi, að piltarnir væru fyrir skólann, en skólinn ekki fyrir pitana. Þvert á móti, skólinn er fyrir skólasveinana, og stendur þeim opinn, og í hann eru þeir allir velkomnir, sem skólareglum vilja fylgja. En skólinn er ekki fyrir þá, sem ekki vilja nýta tilsögn hans. Hann er menntastofnun, en ekki prófstofnun fyrir æskulýð landsins. Það hefur komið fram, og mun koma fram, að það los við skólann, sem meir og meir er að tíðkast, og hefur því miður um of verið þolað, er skaðræði, sem er undirrót margs þess, sem illa hefur farið í skólanum.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Jeg álít, að þó piltar, sem taka inntökupróf í skólann, lesi síðan utanskóla og fái að taka árspróf á hverju vori, þá geti skólinn alveg eins komið að notum fyrir landsmenn, og mjer finnst það ekki vera nokkur meining að setja slagbranda og bindandi ákvæði, sem gjöra mönnum erfiðara fyrir að komast í gegnum skólann. Fjárhagsins vegna er það ljettara fyrir marga fátæka pilta, að lesa heima eitt og eitt ár og vinna um leið fyrir sjer, og jeg get ekki sjeð, að það sje neitt ógagn fyrir skólann, en það er mikið gagn fyrir þá pilta, sem annars ekki geta gengið menntaveginn. Enginn góður kennari mundi heldur telja á sig þá fyrirhöfn að prófa utanskólasveina. Jeg held því enn fram, að skólinn er ekki fyrir piltana, ef slagbrandur er settur fyrir og þeim varnað að taka skólaprófin.

Hæstv. ráðh. hefur aðra skoðun á þessu, en jeg held minni og læt ekki af henni.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Hæstv. ráðh. gat þess, að ef þessi till. yrði samþ., þá mundi hann leita álits hjá kennurum skólans um þessa breytingu, og mjer skildist, að eptir því ætlaði hæstv. ráðh. að haga sjer. En ef á að fara þá leiðina, þá finnst mjer, að skólinn sje orðinn nokkurskonar ríki í ríkinu. Ef þessi till. verður samþ., þá fæ jeg ekki sjeð annað, en að stjórnin eigi að haga sjer eptir henni. Sum-

ir kennararnir eru líka mótfallnir þessari breytingu, og þess vegna er það ekki í samræmi við þingsályktunartill., ef farið verður eptir þeirra ráðum.

Háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) hefur glögglega tekið fram ýmislegt af því, sem mælir með till. Að eins vil jeg geta þess, að það kemur ekki svo sjaldan fyrir, að piltum er vísað burt úr skólanum á miðju ári fyrir litlar sakir, og er þeim þá meinað að taka árspróf. Það er og ein nýjungin í nýju reglugjörðinni, að öðruvísi aga er farið að beita í skólanum, en áður var, og að mínu áliti mjög óheppilegum. Piltar eru nú meðhöndlaðir eins og krakkar, og mun þetta vera sniðið eptir því, sem til er hagað í dönskum skólum; en slíkur agi á alls ekki við lundarfar hinnar íslenzku þjóðar. Það er mjög eðlilegt, að þjóð, eins og Íslendingar, geti ekki eins vel beygt sig fyrir þessum aga, eins og þær þjóðir, sem hafa í lögum hervarnarskyldu, er kennir þeim að lúta skilyrðislaust boði og banni allra, sem yfirboðara nafn bera. Það er líka lítil meining í því, að leggja svo stranga hegningu við þýðingarlausum drengjapörum, að burtrekstri sje beitt hlíðarlaust.

Í gamla daga var það talin stór viðburður, ef slíkt kom fyrir; í minni skólatíð kom það víst að eins einu sinni fyrir, að pilti væri vikið úr skóla, og þótti mikil býsn; þá voru menn ekki reknir, nema þeir hefðu fengið tvær stórar brennivínsnótur. En nú er þessari refsingu beitt út af smávegis drengjapörum, sem opt vilja bera við hjá fjörugum drengjum.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að það væri ekki meiningin að útiloka þá pilta frá árspróf, sem hefðu fatlazt frá kennslu sakir vanheilsu; en það er ekkert ákveðið um þetta í núgildandi reglugjörð, og eigi að gjöra undantekningu frá reglugjörðinni í þessum tilfellum, þá má eins gjöra það í öðrum.

Sá maður, sem hefur aðstoðað stjórnina í menntamálum, hefur og lýst því yfir á prenti, að það væri meining stjórnarinnar, að koma því svo fyrir, að utanskólapiltar gætu fengið að taka árspróf. Hvernig stendur á þessari yfirlýsingu? Jeg hefði ekki komið með þessa tillögu, ef jeg hefði ekki heyrt dálítinn vafa á því, að stjórnin mundi kippa þessu í lag.

Háttv. þm. N.-Þing. (P. J.) gat þess, að það væri óheppilegt, að meina piltum, að setjast í hvaða bekk, sem þeir vilja, og sem þeir hafa kunnáttu til að setjast í, og jeg er því fyllilega samdóma. En ef það er rjett, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) tók fram, að menn mundu verða tilhliðrunarsamari við þá pilta, sem vildu setjast í aðra bekki en 1. bekk, t. d. 2. og 5. bekk, þá finnst mjer háttv. þm. Vestm. vera kominn nokkuð nærri minni tillögu. Jeg get annars ekki sjeð, hvað getur verið á móti því, að leyfa utanskólapiltum að taka árspróf við hinn almenna menntaskóla, og ekki ætti það að geta aukið kennurunum neina verulega byrði, að prófa piltana. Það eina, sem gæti verið til fyrirstöðu, er það, að eptir reglugjörðinni á einnig að miða »prófkarakter« við »meðalkarakter« piltanna yfir veturinn; þetta er auðvitað ekki hægt að gjöra, þegar utanskólasveinar eiga í hlut, en þetta ákvæði finnst mjer vera mjög óeðlilegt »fimbulfamb«, sem ætti að nema burtu.

Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um tillöguna, en vænti þess, að háttv. deild samþykki hana, og sjái, hve æskilegt það er, að utanskólapiltar verði þessara rjettinda aðnjótandi.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Sem skólamaður vil jeg leyfa mjer að skjóta þeirri almennu aths. til háttv.

deildar, að það er alltaf nokkuð varhugavert fyrir þingið, að vera afskiptasamt af innri högum skólanna. Ef jeg gjörði háttv. þm. það samvizkuspursmál, hve margir þeirra hefðu kynnt sjer þá nýju reglugjörð menntaskólans, þá held jeg, að það að eins yrði örlítið brot, sem gæti svarað því játandi.

Jeg vil og skýra frá því, að mjer er kunnugt um, að viðkomandi skólastjóri hefur ekki enn haft tækifæri til að láta uppi álit sitt um tillöguna, en jeg veit, að hann er henni mjög svo mótfallinn.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vill hafa það fram með þessari till., að piltar geti tekið öll próf við hinn almenna menntaskóla án þess nokkurn tíma að hafa setið á skólabekkjunum. En með þessu móti gengur tillagan allt of langt; því þetta væri brot á móti allri skólahugmynd og hvað væri þá orðið um skólann? Mætti þá eins leggja hann niður og hafa bara prófnefnd hjer. Það er svo margt, sem piltarnir geta ekki lært eins vel eða fengið eins góða kennslu í annarsstaðar. Hvar geta þeir t. d. fengið eins góða kennslu í teikningu (*Ólafur Ólafsson:* Allstaðar). Í leikfimi? *Ólafur Ólafsson:* Allstaðar), í söng? (*Ólafur Ólafsson:* Allstaðar). Nei. Háttv. 2. þm. Árn. (Ól. Ól.) hefur ekki rjett fyrir sjer í þessu. Hitt finnst mjer aptur sjálfgefið, að stjórnarráðið gefi einstöku piltum undanþágu, þegar sjerstaklega stendur á, t. d., að piltur, sem ekki getur setið í skólanum vegna vanheilsu, fái leyfi til að ganga undir ársprófin; en jeg get ómögulega gengið að því, að það væri gjört að algildri reglu, að piltar taki ársprófin og komi hvergi nærri skólanum að öðru leyti

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vjek að því, að ýmislegt færi aflaga við stjórn skólans og einkanlega hefði skólaaginn, sem nú er, spillandi áhrif á lærisveinana; væri að því er mjer skildist allt of strangur. Það er rjett og satt, að opt er betra, að skólastjórnir loki augum fyrir smáyfirsjónum, sem sprottnar eru af gáskafjöri og unggæðingsskap, og forðast verður í þeim efnum að gjöra stórt úr smáu. Jeg held annars, að jeg sje fullt eins vel kunnugur ástandinu í hinum almenna menntaskóla og háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), og það, sem er nú einna varhugaverðast við skólann, það er agaleysi. Piltar gjöra það sem þeir ætla sjer, koma og fara úr kennslustundum, hvenær sem þeim sýnist (*Ólafur Ólafsson:* Heyr, alveg rjett lýst).

Jeg vil í þessu sambandi alvarlega vekja athygli þings og stjórnar á því, að hinn almenni menntaskóli batnar ekki fyr en hann er gjörður að heimavistarskóla. (*Ólafur Ólafsson:* Rjett). Piltar utan af landi þurfa að hafa bústað og borðhald í skólanum, eiga þar beinlínis heimili, og piltum mundi þá jafnframt verða skólavistin stórum ódýrari en nú. Jeg get ekki varizt þeirri hugsun, að ýmislegt af ólaginu, sem nú er á skólanum, stafi af niðurlagningu heimavistanna, þó að þær væru ljelegar og skólinn ekki nema til hálfs heimili pilta. Slíkan heimavistarskóla vil jeg fá upp einhversstaðar nokkuð utan við sjálfan bæinn á vel rúmu svæði, þar sem hann gæti búið að sínu og fyrir sig. Það má gjöra sjer mikið fje úr gömlu skólaeigninni eða nota hana til annara landsþarfa, og byggingarkostnaðurinn marg borgast landsmönnum við ljettinn á skólavist nemenda.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að

gjöra grein fyrir minu persónulegu atkvæði í þessu máli. Jeg hygg, að menn sjeu svo kunnugir minni afstöðu, að menn gangi að því vísu, hvernig það fellur. Jeg tel það mjög illa farið, ef þessi tillaga ekki verður tekin til greina. Hinn háttv. þm. Borgf. sagði, að ef þessi heimild væri veitt, þá væri skólinn »búinn að vera«. En hvað sannar það? Ekkert annað en það, að hann ætti þá að »vera búinn að vera«. Það er enginn vafi á því, að ef þessi stofnun væri í góðu lagi, mundu allir sætta sig við, að hafa sína syni í skólanum; því að svona stofnun hefur svo miklu betri skilyrði fyrir því, að gefa sínum nemendum andlegan þroska. En ef hún er ekki í góðu lagi, þá er ekki til nokkur sóttnæmari gróðrarstía fyrir lesti og ódyggðir. Það er satt, að þessi tillaga er sprottin af óhug á skólanum, eins og hann nú er. En það er þó nauðsynlegt að veita þessa heimild, því það má ekki kúga þá, sem hafa rökstuddan óhug á skólanum, til þess að senda syni sína þangað.

Annars gladdi það mig, að heyra hinn háttv. þm. Borgf. tala í alvöru um sama efni í dag, og jeg talaði um í gær, og það gladdi mig sömuleiðis, að heyra hann tjá sig samdóma því, sem jeg sagði á þingi 1903 um að koma upp heimavistarskóla utan við Reykjavík. Jeg álít, að það sje einasti vegurinn til þess að skólinn geti komizt í viðunanlegt horf.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það er víst alveg rjett hjá háttv. þm. V.-Sk., að þessi tillaga er sprottin af óhug. Og það er víst ekki beinlínis af því, að menn sjeu óánægðir með þetta reglugjörðarákvæði, heldur af hinu, að vera neyddir til að hafa piltana í skólanum. En það er ekki rjett, að blanda þessu saman; reglugjörðin getur verið góð, þó að skólinn sje slæmur. Jeg álít, að þetta ákvæði sje »princípielt« rjett. Skólinn er fyrir nemendurna og vill vera það á þann hátt, sem hann álítur heppilegast. Hvaða tryggingu hefur skólinn fyrir því, að utanskólapiltur, sem tekur þar próf, hafi nauðsynlegan andlegan þroska? Prófin geta ekki sýnt það. Þau eru einkum til þess að sýna þekkingu nemendans út á við. En kennararnir eiga að vita um hana próflaust. Jeg get ekki fallizt á það, að skólinn eigi að vera að halda próf yfir mönnum, sem koma einhversstaðar og einhversstaðar að. Þá er skólinn ekki lengur skóli heldur prófstofnun.

Þeir, sem halda þessu fram, ættu heldur að stinga upp á því, að loka skólanum um nokkur ár. Það væri »princípielt« rjett, þó það kannske þyki nokkuð »radikalt«. En það er ekkert annað læknismeðal til, sem dugar. Það verða að koma að skólanum nýir menn með nýjar hugsanir, ef hann á að eiga sjer viðreisnar von. Og þá væri náttúrlega rjett, að hann yrði settur upp aptur í einhverju nýju formi, t. d. sem heimavistarskóli, eins og hinn háttv. þm. hjelt fram að væri bezt.

Jeg get ekki fellt mig við þessa tillögu, eins og hún liggur fyrir. Mjer finnst hún veita allt of víða heimild. Hitt er auðvitað sjálfsagt, að mönnum verði leyft að taka próf, þegar eitthvað sjerstaklega stendur á, t. d. ef pilti væri vísað úr skólanum fyrir einhvern næman sjúkdóm. Það gæti ekki komið til mála, að honum svo á eptir yrði neitað um að taka próf.

Jeg skal játa það, að þegar jeg sá þessa þingsályktunartillögu fyrst, þá hjelt jeg naumast, að jeg mundi geta greitt atkv. á móti henni, vegna þess ástands, sem nú er í skólanum. En

jeg verð þó að gjöra það, því jeg vil ekki, að skólinn sje gjörður að próf-stofnum.

Jeg get ekki gengið fram hjá því, sem einn háttv. þm. sagði, að ákvæðin í reglugjörðinni um aga, »væru mjög óheppileg!« Jeg verð alveg að mót-mæla því. Jeg álít, að ákvæði þessi sjeu hin heppilegustu.

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að það væri hart, að reka menn úr skólanum fyrir litlar sakir, og meina mönnum svo að taka próf. En það er ekki reglugjörðinni samkvæmt, að menn sjeu reknir fyrir litlar sakir. Það stendur aðeins, að það megi reka menn, ef þeir, þrátt fyrir ítrekaðar á-minningar, fremji alvarleg brot. En eins og háttv. þm. Borgf. (Þórh. B.) komst að orði, verða kennararnir opt að loka augunum fyrir smá-yfirsjónum og æskubrekum. En það er alveg ó-fært. að láta skólann vera að dragast ár eptir ár með pilta, sem í hegðun sinni ekki gæta velsæmis, ekki geta beygt sig undir reglur þær, sem skól-inn setur.

Í Möðruvallaskólanum eru aga-ákvæðin þau sömu og hjer. Menn eru vingjarnlega áminntir af skóla-stjóra og kennurum, eins og þeir væru vinir þeirra eða bræður, og piltunum er sýnt fram á, að ef þeir ekki geti uppfyllt kröfur skólans, geti þeir ekki haldið áfram að vera þar. Ef þetta væri gjört hjer, þá myndi betur fara. (*Guðl. Guðmundsson:* Ef! Ef!). Reglu-gjörðin gefur ekki tilefni til neins annars. (*Guðl. Guðmundsson*: Reglu-gjörðin er eins og hrátt skinn). Nei, en ef kennararnir eru ekki starfi sínu svo vaxnir, að þeir geti gjört greinar-mun á verulegum yfirsjónum og smá-brekum, þá er illa farið og einkis góðs að vænta.

Það eru þessi ákvæði um agann í skólanum, sem hinn háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) minntist á og taldi óheppi-leg, sem jeg sjerstaklega stóð upp til að svara. Jeg álít, að það sjeu ein-hver heppilegustu ákvæðin í allri reglu-gjörðinni.

ATKVGR.: Till. samþ. með 14 atkv. móti 10, að viðhöfðu nafnakalli eptir óljósa atkvæðagreiðslu og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Jón Magnússon,
Björn Bjarnarson,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánsson,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Þórðarson,	Herm. Jónasson,
Guðl. Guðmundss.,	Lárus H. Bjarnas.,
Guðm. Björnsson,	Magnús Kristjánss.,
Jóh. Ólafsson,	Pjetur Jónsson,
Jón Jónsson,	Stef. Stef., þm. Skf.,
Magnús Andrjesson,	Tr. Gunnarsson,
Ólafur Briem,	Þórh. Bjarnarson.
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacíus,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stef., þm. Eyf.	

Afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

B. Í efri deild.

Á 47. fundi Ed., laugardaginn 26. ágúst, var lögð fram og útbýtt till. til þingsályktunar um árspróf í hinum almenna menntaskóla í Reykjavík (A 69), flutningsmenn Sigurður Sefáns-son, Sigurður Jensson, Þórarinn Jóns-son og Guðjón Guðlaugsson, og á næsta fundi mánudaginn 28. ágúst, var samþykkt eptir uppástungu for-seta, að hafa eina umræðu um málið.

Á 50. fundi Ed., þriðjudaginn 29. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Þessi þingsályktunartillaga, sem jeg og nokkrir aðrir erum flutningsmenn að, er samhljóða þeirri, sem samþykkt var fyrir nokkrum dögum í háttv. Nd., og gengur út á það, að skora á ráðh. Íslands, að hlutast til um það, að utanskóla námssveinum og námsmeyjum verði gefinn kostur á, að ganga undir árspróf þau, sem haldin eru í hiuum almenna menntaskóla í Reykjavík.

Það sem tillaga þessi fer fram á, hefur verið leyft í 9 eða 10 ár við latínuskólann og hefur aldrei borið á, að það væri honum til hnekkis, svo að því leyti er engin ástæða til þessarar breytingar. En samkvæmt nýju reglugjörðinni fyrir þessa stofnun frá 9. sept. 1904 verður þessi venja að leggjast niður, því að ef henni er beitt eptir bókstafnum, þá er það úti lokað, að utanskólasveinar geti tekið árspróf við hinn almenna menntaskóla. Það getur vel verið, að þessi breyting sje rjettmæt frá sjónarmiði skólans, en jeg er henni samt mótfallinn, því að það liggur í augum uppi, að það er illt fyrir þá, sem lesa utan skóla, að geta eigi tekið próf árlega við hinn almenna menntaskóla; þeim verður námið miklu erfiðara og kostnaðarmeira, þegar þeir þurfa að lesa undir allan fyrri eða síðari hluta burtfararprófs í einu. En þá munu menn segja, að við því sje þá það ráð, að námsmenn fari í skólann, en eins og nú er ástatt, gjörir enginn það að gamni sínu. Jeg ætla eigi að fara að gefa stofnun þessari þann vitnisburð, sem hún fjekk í háttv. Nd.; og eigi taka það upp aptur, sem þar var sagt, en jeg vil segja það, að þær ófögru sögur, sem ganga af þessari stofnun, eru eigi einungis á ferð hjer í þingsölunum heldur úti um allt land, og þótt jeg eigi vilji segja, að menn úti um land hafi, nú orðið, andstyggð á þessari stofnun, þá eru þeir þó hræddir við hana, og það er af neyð, ef menn senda sonu sína eða vandamenn í hana.

Þetta ástand er sorglegt, en því miður tjáir eigi að mæla á móti því. En hvers vegna á þá að halda fast við þetta ákvæði í hinni nýju reglugjörð, hvers vegna á að neyða menn til þess að láta börn sín í skólann, til þess að eiga það á hættu, að spilla bæði tímanlegri og andlegri velferð þeirra? Landsmenn þora eigi að senda sonu sína í skólann, það er hættuspil fyrir þá og sjálfa þá, og þess vegna er full nauðsyn á, að stjórnin liðki svo um þetta ákvæði, að þeim, sem óttast þetta, sje mögulegt að láta börn sín lesa utan skóla, Það er hart og illt fyrir fátæka nemendur, að verða að gangast undir það, að taka ekkert próf fyr en burtfararpróf.

Jeg hygg, að eigi muni þurfa að fara um þetta mörgum orðum, því að allir munu skilja, að þetta er órjett; hjer er nauðsyn á breytingu og fáist hún eigi, væri það álitamál, hvort eigi væri bezt að loka skólanum um stundarsakir, til þess að sótthreinsa hann frá þeirri andlegu pest, sem er þar. Í stað þess að vera ungum námsmönnum heilnæmur undirbúningur undir lífið, er hann nú gróðrarstöð þess, sem jeg eigi vil nefna hjer. Hjer er hætta á ferðum; það er hætt við, að landsmenn sjái sig neydda til þess að hætta við að láta sonu sína í þennan skóla, og til hvers á þá að nota hann, ef ekki einusinni má hafa hann sem prófstofnun?

Jeg vona því til svo mikillar sanngirni af háttv. deild, að hún vilji hafa sömu reglu og áður, og vilji lofa nem-

endum að taka árspróf við skólann eins og áður.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg get vorkennt hinum háttv. flutningsmönnum það, að þeir hafa komið fram með þingsályktunartillögu þessa, en annað mál er, hvort jeg er þeim samdóma. Jeg vorkenni þeim það af því, að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að álit skólans er eigi glæsilegt úti um landið. En hins vegar verð jeg sem kunnugur maður að segja það, að jeg held, að orðrómurinn sje hjer nokkuð ýktur. Fyrir mína reynslu get jeg sagt það, að jeg kenndi í þessum skóla næst-erfiðasta »fagið« í næst-efsta bekk skólans, 8 piltum 9 tíma á viku síðastliðið skólaár, og hafði eigi af öðru að segja en stillingu, siðprýði og hlýðni hjá þeim, svo að ef sagt er, að óhlýðni og strákskapur riki allstaðar í skólanum, þá er það eigi satt, því að minnsta kosti þessi bekkur var laus við slíkt, að því er jeg þekkti til.

Þegar jeg nú athuga þessa tillögu, þá get jeg eigi verið henni meðmæltur, því að jeg hygg, að hún fari að nokkru leyti í öfuga átt við það, sem háttv. flutningsmenn munu ætlast til, þar sem hún með því að útvega mönnum rjett til að taka árspróf, þótt utanskóla sjeu, gefur þeim jafnframt undir fótinn að nota eigi skólann til annars en sem prófstofnun, þennan skóla, sem við hjer á þingi ætlum á hverju ári mjög mikinn styrk af almannafje. og jeg verð að geta þess, að jeg álít það eigi til að bæta siðferðið í skólanum, ef hver og einn óhlutvandur drengur, sem ef til vill mörgum sinnum hefur verið staðinn að óhlýðni og jafnvel að prakkaraskap, ef sá hinn sami getur komið til hinna sömu kennara, sem hann áður hefur sýnt þvermóðsku og þráa, og heimtað með sjálfsskyldu að þeir prófi sig. Þetta yrði sannarlega ekki til þess að bæta andann í skólanum.

Jeg held heldur ekki, að það sje svo heppilegt fyrir námið, eins og viðgengizt hefur hin síðari árin, að piltar, sem ekki hafa verið í skólanum, sjeu látnir fá aðgang að árságum skólans, því undir venjulegum kringumstæðum er langt um meiri trygging fyrir því, að kennararnir viti, hvað piltunum líður með nám sitt, þegar þeir hafa verið í skólanum allt skólaárið, heldur en þegar þeir að eins koma til þess að taka prófið. Að því er undirbúning undir árságið snertir, þá getur hver sagt sjer það sjálfur, að kennarar skólans, sem hafa gjört kennslu að lífsstarfi sínu, og eru miklu færari um að undirbúa piltana, en einhver og einhver, sem býðst til að kenna skólapiltum, einkum þar sem vitanlegt er. að það eru stundum piltar máski einum eða tveimur bekkjum ofar en lærisveinninn, sem hafa þessa kennslu á hendi. Enn fremur má að þessu finna það, að þótt piltur standist árspróf, þá er ekki víst, að hann hafi skilyrðin fyrir inntökuprófi. Af þessum ástæðum verð jeg að greiða atkvæði mitt á móti þingsályktunartillögunni á þgskj. 601.

Ráðherrann: Jeg skal vera stuttorður, því háttv. varaforseti (J. Jak.) hefur tekið margt fram af því, sem jeg ætlaði að taka fram.

Það virðist svo, sem háttv. flutnm. þingsál. standi í þeirri meiningu, að reglugjörðin banni öllum nema lærisveinum skólans, að taka próf við skólann; þetta er ekki svo; það er heimilt þeim, sem uppfylla þau venjulegu skilyrði, að ganga undir eiginleg próf skólans, burtfararprófin. Spurningin er að eins sú, hvort leyfa eigi

utanskólasveinum almennt, sem ekki standa í neinu föstu sambandi við skólann, að ganga undir vorprófin, þau próf, sem ekki hafa neina þýðingu út á við, eru skilyrði fyrir að flytjast bekk úr bekk.

Jeg get að visu skilið, að það hefur nokkra þýðingu fyrir aðstandendur piltanna, að fá á þennan hátt að vita, hvort piltarnir hafa numið nokkuð, og hvort þeir fylgjast með; en fyrir það eitt get jeg ekki sjeð, að rjett sje að gjöra hinn almenna menntaskóla að prófstofnun fyrir óviðkomandi menn. Skólinn er menntastofnun fyrir þá, sem nota vilja fræðslu hans, og í þeirri fræðslu verður að vera eitthvert samanhengi. Það er hjáleitt ætlunarverk slíks skóla, að kenna ekki, heldur að eins setja einhverja lausa stimpla á annara manna lærisveina. En þetta er ekki aðalástæðan fyrir því, að jeg er á móti þessari þingsál.

Háttv. flutnm. (Sig. St.) fór mörgum hörðum orðum um agaleysi í skólanum og ástandið í honum, og kvað það hafa vakið andstyggð og hræðslu hjá þjóðinni. Þó að þessar lýsingar á skólanum sjeu afarmikið orðum auknar, og ekkert vit í að slá um sig með slíkum heljar-stóryrðum eins og sumir álíta nú við eiga að því, er skólann snertir, þá er því ekki að neita, að agi og hlýðni hafa alls ekki verið í eins góðu lagi í skólanum síðast undanfarin ár, eins og skyldi, og brytt hefur á óhæfilegum sjálfbyrgingsanda, mótþróa eða óbeit á fastri skólareglu og ókurteisi við kennara, þó það sje sannast að segja, að þetta hefur aðallega átt sjer stað hjá tiltölulega fáum unglingum, sem hafa svo teygt aðra með sjer, en meginþorri piltanna hvorki verið betri nje verri en gjörist.

En eptir samhuga áliti þeirra, sem bezt þekkja til, er mjög sennilegt, að agaleysi það, eða virðingarleysi fyrir föstum skólareglum, sem átt hefur sjer stað í skólanum, stafi aðallega eða að minnsta kosti meðfram af því, að það, sem þessi þingsályktun nú vill framknýja á ný, hefur til skamms tíma viðgengizt allt of mikið, nefnilega að piltar stökkvi úr skólanum og lesi utanskóla, alveg eptir eigin geðþótta, og haldi samt óskertum rjetti til þess að koma og ganga undir árspröf skólans þegar þeim þóknast, eins og hinir, sem kyrrir eru, njóta fræðslu skólans og undirgangast skólareglur.

Piltar, sem hlaupa úr skóla, ekki af neinni sjerstakri ástæðu, heldur að eins af því, að þeir nenna ekki að undirgangast aga og reglur skólans, og sem halda svo áfram að umgangast þá, sem eru í skólanum, sem þeir skoða sem fjelaga sína; þessir »ólöglegu lausamenn« meðal námspiltanna kvað hafa eyðilagt agann í skólanum meira, en nokkuð annað. Þeir slarkast áfram í tómu »frelsi og fögnuði«, eða svo finnst hinum, sem í skólanum eru og ekki geta leikið eins lausum hala, og missa einskis í af skólapiltarjettindum. Það er mjög skiljanlegt, að dæmi þessara »lausamanna«, þegar skólapiltarnir sjá, að þeim helzt þetta uppi, hafi mjög spillandi áhrif; það fer að þykja nokkurs konar virðing að þessari einurð, að fara og koma alveg eptir því, sem þeim sjálfum þóknast, og aðrir taka upp sama siðinn, eða eitthvað í áttina. Jeg er viss um, að háttv. flutnm. hafa ekki litið á málið frá þessari hlið; ef svo væri, þá skil jeg ekki í því, að þeir hefðu farið þess á flot, að láta þingið knýja stjórnina til að taka burtu þau ákvæði í reglugjörð skólans, sem einmitt eru sett þar til þess að loka einni uppsprettunni að agaleysinu, og heimta að aptur sjeu settar í hana einmitt þær reglur, sem kunnugum kemur saman

um, að hafi verið til að auka hvað mest það, sem flutnm. þingsályktunartillögunnar þykjast með henni vilja vernda óspillta pilta frá.

Auðvitað eru ástæðurnar fyrir agaleysinu og uppreistarandanum fleiri en þessi. Blöðin sum hafa líka átt mikinn þátt í því, að æsa piltana upp og leiða þá afvega; þau hafa sum hver blásið drjúgum að kolunum með sínum afar vitlausu og óheppilegu undirtektum undir ýms atvik í skólanum, sumpart, eða ef til vill í þeim beina tilgangi, að vekja mótþróa eða »oppósitión« þar eins og annarsstaðar.

En útaf fyrir sig geta blöð þessi þó ekki til langframa spillt skólanum; ástandið lagast fljótt, ef ekki er spillt fyrir umbótatilraunum með óviturlegum og röngum afskiptum óviðkomandi manna.

Jeg fyrir mitt leyti álít ekki lítið varhugavert fyrir þingið, að blanda sjer í þetta mál; það er algjörlega »pædagógiskt« spursmál, og ætti að vera fyrir utan þingsalinn; þingið ætti sízt að verða til þess að stuðla að agaleysi skólans, og allra sízt þeir menn, sem fara svo hörðum og ómjúkum orðum um drengina.

Það er ekki minnsta hætta á því, að ekki verði sýnd tilhliðrunarsemi, og að fá megi undanþágur frá reglugjörðinni, leyfi til utanskólalesturs, þegar einhverjar sennilegar ástæður eru til þess, en hitt álít jeg óheppilegt, að gjöra það að algildri reglu, að hver óviðkomandi, aðvífandi lausingi eigi heimtingu á því að ganga undir árspróf skólans.

Jeg vil taka það beinlínis fram, að þeir, sem ekki geta sótt skólann sökum sjúkdóms, eða þeir, sem fátæktar vegna eða af einhverjum sjerstökum ástæðum fá leyfi til að fara úr skólanum og dvelja til sveita, fá að ganga undir hvaða próf skólans sem er.

Það er því aðeins að ræða um, að útiloka þá, sem að ástæðulausu hlaupa úr skólanum, en setjast samt að hjer í Reykjavík og með umgangi sínum við pilta skólans eyðileggja agann í skólanum og hafa ill áhrif á reglu og háttsemi piltanna.

Jeg vona því fastlega, að þeir háttv. deildarmenn, sem unna hinum alm. menntaskóla og vilja góð þrif hans, felli þessa þingsályktunartill.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Háttv. varaforseti (J. Jak.) kvaðst vorkenna okkur flutnm. þessarar till., að við hefðum komið með hana; satt að segja þakka jeg honum ekkert fyrir það.

Hann sagði ennfremur, að ástandið í skólanum væri mjög orðum aukið; mjer er sama, hvort það er orðum aukið eða ekki, af öllum þeim orðasveim, er um hann gengur, mun allt of mikið satt vera og það er alveg nægilegt fyrir okkur, að vita það, og þjóðin trúir miklu af honum. Jeg er hræddur um, þó háttv. varaforseti (J. Jak.) gefi skólanum siðferðisvottorð, að þjóðin trúi ekki þessu vottorði hans; hann mætti víst endurtaka það nokkrum sinnum til þess, háttv. varaforseti.

Jeg hafði athugað öll þau atriði, sem hæstv. ráðherra og háttv. varaforseti kváðu mæla á móti þingsál.till.; þeir kváðu, að till. gengi í gagnstæða átt við það, sem flutnm. ætluðust til að hún gengi. Þessu verð jeg algjörlega að neita. Það að skólastjórnin víki piltum burtu fyrir strákapör og óskammfeilni, er ekki nema skylda hennar, og eiga þeir piltar vissulega ekki betra skilið, en að fá aldrei að ganga undir nokkurt próf skólans; það eru því ekki þeir, sem þingið vill

neyða stjórnina til að sýna tilhliðrunarsemi eða neina miskun. En sú harka, sem beita þarf við þessa snáða, á ekki að koma niður á piltum, sem aldrei hafa í skólanum verið, heldur lifað fyrir utan Reykjavík; það er rangt að láta þessa pilta verða fyrir sömu hörku; foreldrar þeirra hafa ekki þorað að senda þá til skólans, já jafnvel ekki til Reykjavíkur sökum þess ordróms, sem af hvorutveggju fer; er það þá ekki rangt gegn þessum unglingum og foreldrum þeirra, að meina þeim aðgang undir árspróf skólans, og þar með torvelda fyrir þeim menntaveginn.

Ef þessum piltum og þeim, sem líkt stendur á fyrir, væri leyft að taka árspróf við skólann, þá mundu margir sveitapiltar að eins koma til Reykjavíkur til þess að taka ársprófin.

Það eru aðeins óróaseggirnir, sem eiga að útilokast frá skólanum með öllu og prófum hans; en það á heldur ekki að ganga lengra. Það dugar ekki, að koma með þá mótbárn, að skólinn eigi ekki að vera aðeins prófstofnun; því neitar enginn, að kennarar skólans sjeu öðrum færari til skólakennslu og til að undirbúa piltana undir prófin, en það er heldur enginn að biðja þá að »favera« utanskólapiltunum; þeir þurfa alls ekki að vera mildari við utanskólanemendur en hina; ef þeim finnst þeir of illa undirbúnir, þá geta þeir »rejícerað« þá: ef það skeður á rjettlátann hátt og með jafnrjetti við nemendur skólans; þá er ekkert til þess að segja.

Eins og jeg tók fram, eru það mjög margir út um landið, sem þora ekki að senda pilta sína á skólann, já jafnvel ekki til Reykjavíkur; það eru einmitt þessir nemendur, sem flutnm. þingsál. vilja forða frá því að ganga í skólann, og vjer viljum ekki, að harka sú, sem beitt er og einmitt má og á að beita við óróaseggina, komi niður á alveg saklausum, að hinir saklausu gjaldi hinna seku; það er þetta, sem flutnm. þingsál. vilja, og það er ekki til neins að vera að koma með þær mótbárur, að við höfum ekki gjört okkur fyllilega ljóst, hvað við værum að gjöra; það er verið að halda því fram, að hinn almenni menntaskóli eigi ekki að vera prófstofnun; en því vil jeg svara þannig, að geti hinn almenni menntaskóli ekki fullnægt þeim allra sjálfsögðustu kröfum, er gjöra verður til hvers almennilegs skóla, þá álít jeg rjettara að loka honum nokkurn tíma, og nota hann að eins sem prófstofnun fyrir utanskólanemendur.

Jeg skal ekki fara út í að leita að orsökunum að óstandi því, sem verið hefur og enn er í þessari menntastofnun; vjer verðum að taka hann eins og hann er, og eigum að reyna að laga hann; jeg vona fastlega, að þingið, þó þingsál.till. þessi verði samþ., auki ekki eða stuðli að ástandinu, heldur hnekki því, og jeg vona, að stjórn landsins og skólans gjöri sitt til að koma honum í betra horf.

Það kann vel að vera, að varhugavert sje fyrir þingið, að blanda sjer í »pædagógisk« atriði, eins og hæstv. ráðh. benti á, en það er knúð til þess, það má til að gjöra það; það, sem blöð hafa sagt um skólann, kemur till. þessari ekkert við; en jeg álít, að blöðin sjeu í sínum fyllsta rjetti, þegar þau víta það, sem vítavert er í skólanum. Eða hvað er það þá, sem blöðin hafa rjett til að minnast á, ef þau hafa ekki rjett til að minnast á þá menntastofnun, sem á að undirbúa æskulýðinn undir hin þýðingarmestu, vandasömustu og göfugustu störf þjóðfjelagsins. Það gladdi mig að heyra yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að öll sanngirni

yrði sýnd, að því er undanþágur frá reglugjörðinni snertir. En það er ekki nóg, þótt hæstv. ráðh. vilji sýna sanngirni; hann mun vera í þessu tilliti, þótt hann hafi æðsta úrskurðarvald í málum skólans, tilneyddur að fara, að minna eða meira leyti, eptir till. annara. En samt gleður það mig að heyra, að hæstv. ráðh. vill ekki beita hart lagabókstafnum í þessu atriði, heldur taka tillit til sjerstakra atvika, er fyrir kunna að koma.

Að öðru leyti vil jeg láta háttv. deild ráða því, hvort hún fellir till. þessa, en óneitanlega mundi það gleðja mig, ef hún yrði samþ., og stofnun þessi næði að blómgast og þróast, og uppfyllti betur skyldur sínar sem aðalmenntastofnun landsins, en hún gjörir nú. Og jeg er svo viss um það, að ráðið til að endurbæta og endurreisa, ef svo mætti að orði komast, þessa mikilsverðu stofnun, er ekki það, að láta hörku og harðræði koma niður á al-saklausum með hinum seku, eða rjettara láta hina saklausu gjalda þeirra seku.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Jeg vil geta þess, að háttv. flutnm. (Sig. St.) hafði ekki rjett eptir orð mín; jeg gaf ekki, hvorki öllum skólanum siðferðisvottorð nje anuað vottorð, heldur að eins piltunum, sem jeg kenndi; jeg get gjarnan tekið það fram, að jeg gæti ekki gefið slíkt vottorð, eptir þeim orðasveim, sem gekk um ýmsa bekki skólans; jeg vildi að eins minnast á þetta til þess, að sýna, að ekki væri rjett að hafa alla pilta undir sama númerinu í þessu tilliti; að alþýða manna trúi ekki vottorði mínu, það get jeg ekki að gjört; jeg get ekki gefið henni trúna; jeg get að eins gefið vottorð um það, sem jeg veit að rjett er og satt í þessu efni; þjóðin ræður svo sjálf, hvort hún trúir því eða ekki.

Háttv. flutnm. (Sig. St.) sagði, að alþýðan þyrði ekki að láta börn sín í skólann, en aðsóknin síðastliðið vor virðist ekki staðfesta þessa fullyrðing þm., því nú hafa 20 piltar sótt um inntöku og von á mörgum fleiri, svo að skólastjóri hefur jafnvel látið í veðri vaka, að skipta þyrfti 1. bekk í 2 deildir; þetta bendir alls ekki á það, að menn þori ekki að láta börn sín í skólann; það er öðru nær.

Háttv. flutnm. tók enn fremur fram, að meiningin væri ekki með þingsál.-till., að hlífa óróaseggjunum; það er leiðinlegt, að það skuli þá ekki standa í till., því »góð meining enga gjörir stoð;« það verður að taka till., eins og hún liggur fyrir; þar er öllum heimilaður aðgangur að ársprófum skólans, jafnt óróaseggjunum sem öðrum; það dugar lítið, þótt meiningin sje góð hjá háttv. flutnm., ef till. sjálf fer fram á allt annað, og þveröfugt við það, sem hann meinar.

Ráðherrann: Jeg skil ekkert í því hjá háttv. flutningsm. (Sig. St.), að hann er að tala um hörku, sem beitt sje við saklausa, jafnt og seka; þessi ummæli eiga sjer alls engan stað. Hjer er um reglugjörðaratriði að ræða, sem naumast er komið til framkvæmda enn, og þar sem jeg hef tekið fram, að öll tilhliðrunarsemi verði sýnd, þar sem það á við, þá finn jeg ekki, að saklausir sjeu látnir gjalda hinna seku í neinu tillití.

Háttv. varaforseti (J. Jak.) hefur tekið það fram, að það er ekki nóg, að meina gott með till., það verður að koma fram í ákvæðum hennar.

Þeir piltar, sem eru hættulegir fyrir skólann, eru ekki þeir, sem vikið er úr skóla, heldur einmitt þeir, sem fara úr skóla að ástæðulausu, að eins af leti eða agaleysi, eða eru teknir úr

skóla án verulegra orsaka. Umgangur þessara pilta við skólasveinana er mjög hættulegur, og það eru þeir, sem ekki eiga að eiga sjálfsagðan rjett á því, að ganga undir vorprófin eins og þeir hefðu fylgt skólareglum og setið í kennslutímum; jeg álít nauðsynlegt, að skólinn geti útilokað þessa pilta, og þar sem háttv. flutningsm. hefur lýst svo tilgangi till., að sveitapiltar, sem ekki geta notað skólakennsluna af einhverjum ástæðum, geti fengið að taka árspróf in, þá finnst mjer, að hann geti látið sjer nægja með yfirlýsingu mína um það, að öll hæfileg og forsvaranleg tillhliðrunarsemi verði sýnd í þessu efni.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg ætla að greiða atkv. á móti þessari þingsál.-till. Þó vil jeg taka það fram, að jeg get fallizt á það fyllilega, að ástandið í hinum almenna menntaskóla sje ekki sjerlega gott; sjerstaklega vil jeg taka fram, að í vetur hefur ástandið verið bágborið; það hefur aldrei verið nærri því eins vont; en nú minnast blöðin ekki á það, fremur en allt sje þar sem glæsilegast; en áður voru þau öll á lopti yfir hverju einu smáatriði, sem miður fór í skólanum; þetta kom ekki til af því, að þau álitu það til góðs fyrir skólann, að gjöra málefni hans að blaðamáli, heldur af því, að einstöku ritstjórar og fjárhaldsmenn notuðu viðburði í skólanum sem pólitísk æsinganúmer.

Jeg held, að ástandið í skólanum hafi verið iskyggilegra síðastliðið ár, en nokkru sinni áður, og allir vita víst, hvernig stendur á því, að sum blöðin hafa ekki hreyft við því nú. Jeg skal líka taka það fram í sambandi við þetta, að sum ákvæði í reglugjörðinni eru sjerlega óheppileg. T. d. ákvæði um að ef einhver piltur er áminntur tvisvar og svo einhver kennari heimtar, að hann sje rekinn, þá verður að víkja honum burtu. Nú hefur það sýnt sig, að áminningin hefur verið gefin fyrir allra mestu smámuni. Nýbakaðir kennarar, sem eru þverir í höfðinu, hafa gjört ótrúlegustu smámuni að burtrekstrarefni, t. d. að hugsa sjer, að piltur, sem sakir lasleika hefur fengið leyfi skólastjóra til að sitja við ofninn, skuli vera rekinn, af því hann stendur fast á þessum rjetti sínum. Jeg álít rjett, að taka þetta fram hjer, en í blöðunum álít jeg ekki að það eigi heima.

Í sambandi við þetta skal jeg grípa tækifærið, og minnast á það einasta vítaverða, sem mjer virðist stjórnin hafa gjört. Jeg á við veitingu kennaraembættisins við latínuskólann. Það hefur áður verið siður, að kennaraembættin hafa ekki verið veitt nema að viðkomandi hafi verið reyndur í að minnsta kosti 1 ár. Eptir 6 vikur er einn af kennurum lærða skólans innstilltur til að verða fastur kennari. Þetta virtist mjer með öllu ástæðulaust, og jeg er sannfærður um, að það hefur haft óheppileg áhrif fyrir skólann. Jeg hef ekki lagt í vanda minn að finna að gjörðum stjórnarinnar, nema þess sje þörf; jeg vænti því, að hún taki til greina þessa aðfinnslu, sem er fullkomlega á rökum byggð.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): H. varaforseti sagði, að aðsóknin að skólanum væri meiri en jeg gjörði orð á. Jeg veit ekki, hvað margir af þessum 20 hafa verið úr sveitunum, og hvað margir hjeðan úr Reykjavík. En segjum nú svo, að meiri hluti þeirra hafi verið úr Reykjavík, þá finnst mjer það satt að segja ekki geta talizt mikil aðsókn utan af landinu. Jeg get fullvissað háttv. þm. um, að það eru ótalmargir, sem ekki þora að senda syni sína hingað í skólann, enda munu víst flestir játa, að margt sje bogið við hann og þurfi að lagast. Það gladdi

mig, að hæstv. ráðh. tók það aptur fram í ræðu sinni, að ekki ætti að beita hörku við þá, sem ekkert hefðu til saka unnið, heldur gæta þar allrar sanngirni. Þetta virðist mjer benda á, hvað mikil sanngirni liggur til grundvallar fyrir þessari þingsályktunartillögu okkar, og jeg sje alls enga ástæðu til að taka hana aptur. Ræða hins háttv. 4. kgk. (J. Ó.) og lýsing hans á skólanum sannfærði mig ennþá meira um rjettmæti tillögunnar. Hvort ámæli hans í garð hæstv. ráðh. hafa verið á fullum rökum byggð, það skal jeg ekki dæma um, en óviðkunnanlegt þótti mjer, að háttv. 4. kgk. (J. Ó.) skildi koma með þessi ámæli, er hæstv. ráðh. var genginn af fundi, og það þykist jeg viss um, að hæstv. ráðherra hafi ekki vísvitandi viljað gjöra neitt skólanum til tjóns.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta meira.

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 7 atkv. gegn 4 og afgreidd til stjórnarinnar sem ályktun frá alþingi.

VII. Læknishjeraðaskipunin.

Á 43. fundi Nd., þriðjudaginn 22. ágúst, var lögð fram og útbýtt þingsályktunartillögu um læknishjeraðaskipunina (A 525), flutningsmaður Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf., og á 45. fundi deildarinnar fimmtudaginn 24. ágúst var eptir uppástungu forseta samþ. að hafa eina umr. um málið.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst, kom tillagan til einnar umr.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Það er ekki þörf á að fara mörgum orðum um þetta mál. Jeg skal að eins taka það fram, að það sem jeg sjerstaklega hafði fyrir augum með þessari tillögu, var breyting sú á læknishjeraðaskipuninni, sem hin háttv. deild hafði til meðferðar og jeg var flutnm. að. En það lagafrumv. fjell hjer í hinni háttv. deild við 3. umr. með 12 atkv. móti 12, að eins fyrir þá hending, að einn háttv. þm. var ekki viðlátinn í því augnabliki, er atkvgr. fór fram, og fyrir þetta atvik má stór hluti læknishjeraðsins, sem hjer átti hlut að máli, búa við erfið og mjög ósanngjörn kjör, hvað læknishjálp snertir, um ótiltekinn tíma. Þegar þetta frumv. var til umræðu, voru ýmsar mótbárur færðar fram, sem í mínum augum voru þess eðlis, að til þeirra væri einasta gripið til að fella frumv. ef mögulegt væri, en alls ekki að mikið væri á þeim að byggja. En nú þegar svona fór með þessa breytingu, þá þótti mjer rjett að orða tillöguna svo, að hún gripi jafnframt til annara samskonar óska, er fram hafa komið hjer á þinginu, sem hafa verið felldar eður eigi geta orðið nægilega ræddar vegna tímaleysis. Jeg lít því svo á, að nauðsynlegt sje, að landsstjórnin taki málið til meðferðar og leggi þær væntanlegu breytingar fyrir næsta þing, er hún hyggur hagkvæmar.

Jeg skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vona að eins, að till. verði samþ.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg tel það sjálfsagt, að þessi till. verði samþ., og jeg vildi sem viðbót við það, sem háttv. flutnm. tilfærði, drepa á eitt atriði, sem snertir mitt kjördæmi. Allur innri hluti Hvalfjarðarstrandar frá Ferstiklu, heyrir til Kjósarlæknishjeraði. En nú er læknir þess hjeraðs búsettur í Hafnarfirði, og líkur til, að svo haldist áfram, og sjá það allir, hvaða fjarstæða það er, að ætla mönnum af Hvalfjarðarströnd, að sækja lækni suður í Hafnarfjörð. Það bætir auðvitað úr skák, að læknirinn á Skipaskaga sinnir öllum beiðnum þaðan, þegar hann mögulega getur, en hann hefur enga skyldu til þess.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg álít, að það sje ekki rjett, að samþ. þessa till.; aðalorsökin til þess, að hún er komin fram, er sú, að frumv. um breytingu á læknaskipuninni við Eyjafjörð, var fellt hjer í deildinni. Flutningsmaður þess hafði heitið því, að sækja málið til þess ítrasta, og nú er sjón sögu ríkari. En það, sem jeg hef á móti till., er þetta, að jeg álít, að stjórnin hafi margt nauðsynlegra að vinna en að vera að pæla í þessu til næsta þings, þar sem annarsvegar er á það að líta, að læknaskipunarlögin eru mjög ung, og hins vegar, að sjálfsagt má gjöra ráð fyrir mjög miklum útgjöldum fyrir landssjóð, ef breytt verður lögunum verulega; er jeg viss um, að háttv. þm. munu verða varir við það á næsta þingi, ef þessi till. fær fram að ganga.

Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.): Jeg sje ekki ástæðu til, að svara hinum háttv. þm. Sfjk. (J. J.), því mjer skyldist sem í orðum hans lægi að eins endurtekning á fyrri framkomu hans í þessu máli, en jeg vil biðja hinn hæstv. forseta um, að heimta menn inn í þingsalinn til þess að greiða atkvæði.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.)): Má jeg óska þess, að nafnakall verði viðhaft.

ATKVGR.: Till. samþ. með 17 atkv. gegn 3, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Herm. Jónasson,
Jón Magnússon,	Jón Jónsson,
Björn Kristjánsson,	St. Stef., þm. Skgf.
Eggert Pálsson,	
Guðl. Guðmundss.,	
Guðm. Björnsson,	
Hannes Þorsteinss.,	
Jóh. Ólafsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Briem,	
Ólafur Ólafsson,	
Ólafur Thorlacius,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. St., 2. þm. Eyf.,	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Björn Bjarnarson og Pjetur Jónsson greiddu eigi atkv. og teljast með meiri hlutanum.

Afgreidd til stjórnarinnar sem ályktun frá alþingi.

VIII. Aðflutningsbann gegn áfengi.

Á 45. fundi Nd., fimmtudagiun 24. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar frá nefndinni um aðflutningsgjald af áfengi (A. 574), og á næsta fundi, daginn eptir, var eptir uppástungu forseta samþykkt, að hafa eina umræðu um málið; á sama fundi var útbýtt breyt.till. frá Pjetri Jónssyni og Jóni Jónssyni (A. 635).

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Framsögumaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk): Þingsályktunartillaga þessi fer fram á, að grennslazt sje eptir skoðun þjóðarinnar á þessu máli, sem borið var fram í sumar hjer í deildinni í frumvarpsformi. Það er kunnugt orðið, að það er ríkt áhugamál þjóðarinnar, að útrýma áfenginu. Að þessu hafa unnið bæði ýms fjelög og einstakir menn nú um mörg ár. Þing og stjórn hefur einnig styrkt þessa starfsemi með fjárframlögum og ýmsum lagasetningum. Menn kunna nú að segja, og jeg býst við, að það verði sagt, að ekki sje ástæða til, að leita atkvæða þjóðarinuar fremur um þetta mál, en svo mörg önnur mál. En þetta mál er alveg sjerstaklegs eðlis. Höfuð-mótbáran á móti aðflutningsbanninu hefur verið sú, að það sje brot á móti persónulegu frelsi manna. En það liggur í augum uppi, að ef þjóðin samþykkir það með miklum meiri hluta atkvæða, þá getur það ekki talizt brot á persónulegu frelsi. Fyrir komandi kynslóðir, sem hvorki hafa sjeð nje vanizt áfengi, þá getur það alls ekki talizt brot á frelsi manna.

Og með þessum og fleiri ráðstöfunum í líka átt er gagn *framtíðarinnar* haft fyrir augum. Einnig má vekja athygli á því, að með því, að leita atkvæða þjóðarinnar um þetta mál, þá er fengin miklu meiri trygging fyrir því, að lögin verði haldin.

Það er allstaðar talið bezt við eiga, að alþýða manna hafi úrskurðarvald í þessum málum. Dæmi þessa get jeg mörg bent á, bæði í norskum lögum, í Ameríku, á Nýja Sjálandi og í núgildandi lögum hjá oss. Jeg hygg, að ekki verði með rjettu haft á móti því, að þjóðin segi álit sitt um málið. Það mætti ef til vill segja, að tíminn til þess sje eigi kominn; þjóðin ekki búin undir, að kveða upp þennan úrskurð. Til þess er því að svara, að þetta mál hefur verið rætt og skýrt fyrir alþýðu manna hjer á landi betur en flest önnur framfaramál. Flestir þingmálafundir í vor munu t. d. hafa tekið það til meðferðar. Af 50 þingmálafundum voru 20 samþykkir aðflutningsbanni. Þetta sýnir ljóslega, að aðflutningsbann er orðið ríkt í huga þjóðarinnar. Og því er það fullkomlega tímabært fyrir þingið, að grennslast eptir vilja þjóðarinnar. En það á, eins og nefndin, sem hafði frv. um aðflutningsbann til meðferðar, hefur tekið fram í áliti sínu, þá fyrst að verða að lögum, þegar mikill meiri hluti þjóðarinnar er orðinn því fylgjandi.

Á þskj. 635 hefur komið fram breyt.-till. um það, að atkvæðagreiðslan skuli ekki fram fara fyrir næsta þing, heldur við næstu kosningar til alþingis. Nefndin hefur ekki haft tíma til þess, að bera sig saman um breyt.till., því að hún kom svo seint fram, ekki fyr en rjett áður en þingfundur byrjaði í dag.

Jeg hygg, að nefndin sje ekki mótfallin breyt.till. Það er henni ekki aðal-atriðið, hvort þetta er gjört ári fyr eða síðar, að eins að það verði gjört.

Jeg tel svo ekki þörf á, að fara fleiri orðum um þessa tillögu; málið er orðið svo margrætt, er svo lifandi í huga hvers manns, að telja má víst, að allir háttv. þingmenn hafi þegar ákveðið afstöðu sína og atkvæði.

ATKV.GR.: Breyt.till. (635) samþ. með 15 atkv.

Tillagan með áorðinni breytingu samþykkt með 18 atkv., og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

IX. Landsbókahlöðu byggingarnefnd.

A. Í neðri deild.

Á 45. fundi Nd., fimmtudaginn 24. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar frá nefndinni í byggingarsjóðsmálinu (A 576) um bókasafnsbyggingarnefnd, og á næsta fundi daginn eptir var ákveðið, eptir uppástungu forseta, að hafa eina umræðu um málið.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Þórhallur Bjarnarson (þingm. Borgf.): Tillega þessi frá byggingarsjóðsnefndinni fer fram á, að kosin sje þriggja manna nefnd af þingmönnum til þess að vera landsstjórninni til leiðbeiningar og aðstoðar við væntanlega bókasafnsbyggingu og breytingu á alþingishúsinu. Tillagan er sniðin eptir tillögu, sem samþykkt var á þingi 1879, þegar ráðið var að reisa alþingishúsið, og er hún komin fram í samræmi við ósk stjórnarinnar. Samhljóða tillögu hefur verið útbýtt í dag í Ed., og er þá meiningin, að þessir þrír menn verði kosnir í sameinuðu þingi.

Nefndin ætlast til þess, að forstöðunefnd Landsbókasafnsins og forstöðumenn annara safna, sem eiga að fá rúm í safnahúsinu, verði spurðir til ráða, og þeim gefinn kostur á að láta í ljósi tillögur sínar og bendingar um, hvernig söfnunum verði haganlegast fyrir komið.

Nefndin ætlast tit, að þessir þrír menn vinni ókeypis eins og alþingishússbyggingarnefndin gjörði á sinum tíma. Það er ekki ætlazt til, að þeir verji meiri tíma til þessa en svo, að þeir geti tekið þetta að sjer sem ólaunaðan heiðurspóst.

Fleira hygg jeg ekki þörf á að taka fram um þessa tillögu.

Árni Jónsson (þingm. N.-Þing.): Það er að eins lítil fyrirspurn, sem jeg vildi gjöra um það, hvernig kjósa ætti eða »skipa«. eins og að orði er kveðið í till., þessa þriggja manna nefnd, hvort kjósa eigi hana í sameinuðu þingi, því að í háttv. Ed. er líka komin fram tillaga um þetta. (*Þórhallur Bjarnarson:* Jeg tók það fram, að sameinað þing ætti að kjósa nefndina).

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 14 atkv.

B. Í efri deild.

Á 49. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar (A 636) frá nefndinni í byggingarsjóðsmálinu um bókasafnsbyggingarnefnd, og á sama fundi var með afbrigðum frá þingsköpunum ákveðið eptir uppástungu forseta að hafa eina umræðu um málið.

Á 50. fundi Ed., daginn eptir, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Þessi tillaga er orðuð eins og tillaga um sama efni, sem var samþ. í háttv. Nd. Vjer höfum stungið upp á, að þriggja manna nefnd yrði kosin til aðstoðar stjórninni í undirbúningi safnahússbyggingarinnar og breyting alþingishússins. Þetta er ekki eins dæmi, að svona nefndir sjeu skipaðar. Þannig var kosin 5 manna nefnd til aðstoðar stjórninni, þegar þinghúsið var byggt. Jeg vona, að háttv. deild gjöri þessari tillögu sömu skil, sem háttv. Nd., og samþykki hana, því að öðrum kosti verður eigi mögulegt að framkvæma hana, með því að kosning nefndarinnar verður fram að fara í sameinuðu þingi.

ATKVGR.: Tillagan samþ. með 12 samhlj. atkv.

Á 5. fundi Sþ., þriðjudaginn 29. ágúst, voru kosnir 3 menn, landsstjórninni til aðstoðar við væntanlega safnabyggingu og breyting á þinghúsinu.

Kosningu hlutu:
Tryggvi Gunnarsson með 24 atkv.
Guðmundur Björnsson með 23 atkv.
Jón Jakobsson með 22 atkv.

X. Fjármálanefnd efri deildar.

Á 12. fundi Ed., mánudaginn 17. júlí, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar (A 102) um að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins; flutningsmenn Jón Jakobsson og Valtýr Guðmundsson, og á næsta fundi daginn eptir var eptir uppástungu forseta ákveðið að hafa eina umræðu um málið.

Á 14. fundi Ed., miðvikudaginn 19. júlí, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Jón Jakobsson (2. þm. Húnv.): Af því að mitt nafn, ásamt nafni háttv. 2. þm G.-K. (V. G.) stendur undir till., vil jeg leyfa mjer að mæla nokkur orð með henni, en hún mun þó mæla bezt með sjer sjálf. Efni till. er það, að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga fjármál landsins. Háttv. deild mun vera það kunnugt, að Ed. hefur vanalega svo lítinn tíma til þess að íhuga fjármálin, að jeg tel það í raun og veru alveg ómögulegt fyrir hana að athuga þau til hlítar og á þann hátt, sem ætti að vera, og til þess að bæta úr þeim tímaskorti er þessi till. fram komin. Fjármálin hafa í mínum augum ætíð verið aðalatriðið í löggjöf landsins. Það er meginatriði fyrir landssjóð að forðast skuldir, og hins vegar hafa það sem nauðsynlegast er

til framfara og endurbóta þessu landi. Fjárlögin koma venjulega eigi úr Nd., fyr en undir miðjan ágústmánuð, verða svo að liggja frammi hinn lögskipaða tíma, svo að fjárlaganefndin hefur stundum eigi nema 4—5 virka daga til þess að athuga þau. Á þeim tíma er alveg ómögulegt að yfirvega allan þann aragrúa af fjárbænum, er alþingi berast; hefur fjárlaganefnd Ed. því opt orðið að leiða hjá sjer að athuga þær fjárbænir, er Nd. hefur sleppt. Nú stendur auk þess sjerstaklega á. Nú kemur til álita, hvort eigi skuli gjörð stór breyting á samgöngumálum landsins; væri undarlegt að gjöra það án þess, að annar hluti þingsins hefði haft tóm til að athuga það nákvæmlega. Vjer þurfum því sjerstaka nefnd til að athuga fjármálin hjer í deildinni. Verði það gjört, mun ef til vill nokkur samvinna komast á milli nefndanna og þar með hverfa sá rígur, sem hefur verið milli deildanna út af fjármálunum; var síðasta þing sorglegur vottur þess, hversu óheppilegur sá rígur er, þar sem önnur deildin kostaði kapps um, að láta eigi stein yfir steini standa af því, er hin deildin hafði gjört til sparnaðar í útgjöldunum, og meina jeg það til háttv. Nd. Jeg vil svo eigi tala meira að sinni, en vil geyma mjer rjett til þess að taka aptur til máls, ef mótmæli koma fram. Ennfremur vil jeg leyfa mjer að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið, þegar lokið er umr.

ATKVGR.: Samþykkt var í e. hlj. að kjósa 5 manna nefnd til að íhuga málið. Eptirtaldir 5 þingdeildarmenn óskuðu hlutfallskosningar við nefndarkosninguna, sem sje þeir: Sigurður Jensson, Valtýr Guðmundsson, Jóhannes Jóhannesson, Sigurður Stefánsson og Þorgrímur Þórðarson.

Kosningu hlutu:

Jón Jakobsson,
Valtýr Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,
Guttormur Vigfússon.

XI. Námsstyrkur við háskólann.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar (A 587) um námsstyrk íslenzkra stúdenta við háskólann, flutningmenn: Þórhallur Bjarnarson, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf. og Guðmundur Björnsson, og á næsta fundi, daginn eptir, var eptir uppástungu forseta ákveðið að hafa eina umr. um málið.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Á þinginu 1895 flutti jeg ásamt nokkrum öðrum þm. þingsályktunartillögu hjer í deildinni líks efnis og þessa. Hún fór fram á það, að fá námsstyrkum íslenzkra stúdenta fækkað að mun, en veittur væri að sama skapi styrkur af fje háskólans til kandídata frá embættaskólunum á Íslandi, er þess eru sjerstaklega makleg-ir, til þess að dvelja að minnsta kosti árlangt við háskólann, og færa sjer

kennslu hans í nyt, til að fullkomnast í námsgreinum sínum.

Sú tillaga var samþykkt, en fjekk daufar undirtektir hjá stjórninni, og það var talið varúðarvert að gefa háskólanum undir fótinn að minnka námsstyrkinn, sem nú er veittur öllum Íslendingum, sem háskólann sækja, hafi þeir að eins náð 2. einkunn frá lærða skólanum.

Jeg hefði ekki komið fram með þessa tillögu nú á þingi, hefði ekki hæstv. ráðh. á fjárlaganefndarfundi skýrt frá því, að mikils megandi prófessor í Kaupmannahöfn, sem stendur nærri stjórn háskólans, hefði talað við sig um, að þess mundi sennilega kostur, að eitthvað af því fje, sem nú er veitt til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, gæti komið undir yfirráð landsstjórnarinnar, og gætu þá íslenzkir stúdentar orðið þess fjár aðnjótandi hjer, eða á öðrum háskólum. Við þennan ádrátt er nú tillagan miðuð.

Jeg hygg, að um 50 íslenzkir stúdentar muni stunda nám við háskólann sem stendur, eða enda fleiri, en það mun samróma skoðun, að straumur íslenzkra stúdenta til háskólans sje helzt til mikill, og að það muni vera fremur gott að takmarka hann; þurfi bæði að hlynna betur að vorum eigin æðri menntastofnunum, og vorir menn þurfa víðar að fara um heiminn. Það koma fram á hverju þingi umsóknir um fje til að stúdera annarsstaðar en í Höfn, sem ástæða væri að sinna, og embættaskólar vorir veita svo litinn námsstyrk móts við námsstyrkinn í Höfn, sem nemur góðum 700 kr. á mann árlega. Prestaskólinn hjer nýtur dálítils styrks af »Kommúnitetinu«, 600 kr. árlega; læknaskólinn hefur þar á móti engan styrk þaðan, og þegar lagaskólinn kemur, þá verður þörfin enn þá meiri.

Vjer flutnm. gjörðum oss far um að hafa till. sem rýmsta. Það er síður en svo, að vjer viljum sleppa því, sem var aðalkrafan á þinginu 1895, að efnilegir kandídatar frá embættaskólunum hjer heima fái styrk til námsdvalar erlendis tvö misseri eða um lengri tíma. Á þinginu 1895 voru rækilegar umr. um málið, og þá sýnt fram á, hver þörf væri á þessu og að námsmönnum vorum mundi það hollara yfirleitt, en að »sigla« hópum saman strax upp úr stúdentsprófinu. Jeg vil taka það beinlínis fram, að það er eigi tilgangur vor flutnm. með þessu, að ljetta byrðinni af landssjóði, að gjöra embættaskóla vora ríflega úr garði.

Jeg hef verið að velta fyrir mjer, hvort þetta gæti verið nokkur áhætta, eða rjettarmissir, og það eina, sem hægt væri við þetta að athuga, er það, að ef miðað væri við aðsókn að háskólanum um undanfarin ár, og þar af leiðandi tekin einhver ákveðin og bundin tala til námsstyrks í Höfn, þá stæði sú tala óbreytt, þó að stúdentatala vor jykist við væntanlega mannfjölgun í landinu, og þá stæðum við ver að vígi. En á móti því er aptur að segja, að stjórn háskólans og löggjafarvaldið danska getur hvort sem er bundið styrkinn við einhverja vissa tölu, þyki aðsóknin of mikil hjeðan, og látið ekkert í staðinn; og svo er bersýnilegt, að með þessari breytingu minnkar stórum aðsókn stúdenta hjeðan til algjörðs embættisnáms við Hafnar-háskóla.

Það kynni nú að koma sú mótbára fram, að hjer er að eins farið fram á þingsályktun í Nd. Vitaskuld er ekki um neina fjárveiting að ræða, en mál þetta er þó all-þýðingarmikið. En eins og tillagan er orðuð, þá er hjer að

eins verið að leita hófanna, og það tekur mikinn tíma, að bera það undir og ræða það bæði við yfirstjórn háskólans og kennslumálaráðaneytið danska.

Ráðherra Íslands skýrir svo frá því á þinginu 1907, hvernig tekið hefur verið í málið, og biður þá allt fullnaðarúrslita til þess tíma. Frá því sjónarmiði er það ekkert viðsjárvert, þó tillagan fari að eins frá annari deildinni.

Ráðherrann: Háttv. formælandi till. hefur tekið flest fram af því, sem jeg vildi hafa sagt, svo jeg hef litlu við að bæta. Jeg skal þó geta þess, að sá háskólakennari, sem jeg átti tal við, tók það fram, að hann talaði við mig sem privatmaður og hefði ekkert umboð hvorki frá »Kommunitets« stjórninni nje öðrum, en hann sagðist vita, að það væru margir á sömu skoðun og hann af þeim, sem atkv. ættu í málinu. Hann gat þess, að töluverð óánægja væri meðal danskra menntamanna yfir því, hve mikinn hluta Íslendingar fengju af »Kommunitetinu«, ekki af því, að þeir gætu ekki unnað Íslendingum þess styrks eins og öðrum, heldur af því, að þeim væri ekki gjört jafnt undir höfði eins og öðrum. Af dönskum stúdentum er það heimtað, að þeir hafi ágæt próf, sýni sjerstaka ástundun og námshæfileika og þó fá þeir ekki styrkinn fyr en á 2. og 3. ári. En Íslendingar fá styrkinn strax, hafi þeir að eins hlotið 2. einkunn frá lærða skólanum í Rvk., og mönnum finnst þeir ekki nota styrkinn sem skyldi, þegar til þess er litið, hve fáir Íslendingar leiða nám sitt til lykta við háskólann. Á síðustu 10 árum hafa 87 ísl. stúdentar siglt til háskólans og fengið Garðstyrk; af þeim hafa einir 32 lokið námi, 17 eru enn við nám, 29 hafa farið burt aptur án þess að taka próf, 5 hafa dáið og 4 var ekki búið að fá neinar upplýsingar um, þegar skýrslan var samin, en jeg hef frjett síðan, að það megi óhætt bæta þeim við tölu þeirra, sem ekki hafa tekið próf, svo þeir verða þá 33, sem hafa ekki tekið próf, en að eins 32, sem lokið hafa námi sínu. Þetta stingur æði mikið í augun gagnvart þeim dönsku stúdentum, sem verða styrksins aðnjótandi, því þeir ljúka allflestir námi sínu og optast nær með bezta vitnisburði. Þessi mikilsvirti háskólakennari, sem jeg átti tal við, sem er öllu þessu vel kunnugur og er Íslendingum mjög hlynntur og kær, sagðist vera hræddur um, að að því kynni að reka, og það von bráðar, að fram komi till. um, að takmarka styrkinn til þeirra, sem hefðu forgangsrjett að honum, þannig að meiri jafnaður kæmist á. Það væri því ef til vill affarasælast og hagvænlegast fyrir Íslendinga, að fyrirbyggja allt of mikla skerðingu á aðgangi Íslendinga að styrknum, með því að leita samninga meðan tími er til og óbreytt ákvæði um forgangsrjett þeirra. Samningarnir ættu að fara í þá átt, að slá fastri einhverri árlegri upphæð, sem ganga ætti til Íslendinga af óskiptu, og ætti að miða þá upphæð t. d. við meðaltölu þeirra stúdenta, sem komið hafa hjeðan til háskólans á einhverju tilteknu árabili.

Þessi mikilsvirti háskólakennari var því fyrir sitt leyti meðmæltur, að upphæð þessi væri sett landsstjórninni til umráða, því að með því móti væri hægast að vinsa þá úr, sem helzt ættu skilið að fá styrkinn námshæfileika sinna og efnahags síns vegna, ef styrknum væri úthlutað eptir tillögum þeirra kennara, sem þekki piltana og hafa haft þá undir höndum.

Það yrði ekki svo lítil upphæð, sem landið þannig fengi til námsstyrksveit-

inga á ári hverju. Ef tekið er meðaltal af þeim, sem notið hafa Garðstyrks á síðustu 10 árum, þá verða það að meðaltali 8—9 á ári; 4—5 árin síðustu hafa þeir að meðaltali verið 10, og taki maður 3 síðustu árin, verða þeir milli 11 og 12. Segjum, að það yrði nú í nánustu framtíð að meðaltali 12 á ári, sem sigldu til háskólans og við það yrði miðað, þá mundi styrkurinn nema 33,600 kr., því hver nemandi fær 480 kr. styrk auk 240 kr. húsaleigustyrks eða 720 kr. á ári í 4 ár. Setjum svo, að þeir fái að meðaltali 700 kr., þá verður það samtals fyrir 12 nemendur í 4 ár 33,600 kr.; jafnvel þó það yrði nú ekki öll þessi upphæð, sem sett yrði ísl. stjórninni til umráða, þá drægi það talsvert til þess að styrkja efnilega ísl. stúdenta til náms.

Mjer dylst engan veginn, að það er mögulegt, að aðsóknin að háskólanum aukist fram úr þessum 12, svo að enn hærri upphæð að öllu óbreyttu tilfjelli ísl. stúdentum, svo framarlega sem þar að lútandi reglur og ákvæði hjeldust óbreytt, en það atriði, að við höfum ekki neitt atkvæði um, hvort reglurnar fyrir styrkveitingum haldast áfram óbreyttar, því það heyrir undir löggjafarvald alríkisins, gjörir það að verkum, að það gæti þó ef til vill verið heppilegt, að sæta nú góðum samningskjörum, ef bjóðast, sem gæti tryggt það, að vjer yrðum aldrei lakar settir í framtíðinni, en vjer erum nú »*de facto*«.

Háttv. formælandi þessarar tillögu sagði, að hann byggist ekki við, að neitt yrði útkljáð um þetta til næsta þings, en ef það skyldi koma fyrir, ef fyrirspurn kæmi frá dönsku stjórninni eða öðrum, sem hjer eiga hlut að máli, um það, hvort vjer vildum hlíta 12 manna tölunni, þá væri mjer kært að heyra álit háttv. þingdm. um, hverju svara ætti. Jeg er samdóma háttv. formælanda tillögunnar um, að það væri rjett, að ganga inn á þá takmörkun, og að ef þau yrðu úrslitin, væri það æskilegt og gott. En eitt af því, sem þá yrði jafnframt að taka til greina, væri það, að styrkur þessi væri ekki bundinn við nám við háskólann í Kaupmannahöfn eða aðra erlenda háskóla, heldur mætti og veita hann til þess að stunda nám við innlendar menntastofnanir. Jeg er sannfærður um, að það yrði hin mesta og bezta lyftistöng undir hinar æðri menntastofnanir vorar.

Hvort auðið verður að fá þessu framgengt, skal jeg ekkert um segja en jeg hygg, að það sje ekki með öllu ómögulegt, og fengist það, þá ætti hitt að fást, að styrknum megi einnig verja til utanfarar handa efnilegum kandídötum.

Jeg er þakklátur háttv. formælanda tillögunnar, að hann gaf mjer tækifæri til þess að skýra frá þessu, og vona, að háttv. þingdm. láti í ljósi álit sitt.

Einar Þórðarson (2. þm. N.-Múl.): Jeg ætla að eins að gjöra svo litla athugasemd. Jeg er samdóma háttv. flutningsmanni tillögunnar um það, að það væri mjög æskilegt, ef landsstjórnin gæti fengið yfirráð yfir þessu fje, og gæti varið því til styrktar íslenzkum námsmönnum, hvar sem hún vildi, þannig, að nám íslenzkra stúdenta væri ekki bundið við háskólann í Kaupmannahöfn. En jeg vildi þó vekja máls á einu, að þar sem hjer er um danskt fje að ræða, sem eptir því, sem hæstv. ráðherra sagði, á að ráðstafast af ríkisþinginu danska, sæmir oss ekki að verða fyrstir til að beiðast þeirra ráðstafana. Það hefur verið vítt að maklegleikum, að vjer Íslendingar höfum verið of gjarnir á,

að sækja styrk til útlanda til innlendra fyrirtækja. Í sambandi við það vildi jeg nú benda á, hvort það sje í samræmi við það sjálfstæði, sem vjer viljum hafa, að *byrja* á þessum málaleitunum. Allt öðru máli væri að gegna, ef tillagan um þetta kæmi fram frá danskri hlið og spurning um, hvort ætti að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er; þá ætti stjórn Íslands að sjálfsögðu að vera á verði. En mjer finnst það særa mína tilfinningu og sjálfstæði þjóðarinnar, að íslenzka stjórnin fari að leita samninga við dönsku stjórnina um þetta. Mjer finnst það dálítið á betlileiðinni. Það var þessi hlið málsins, sem jeg vildi benda á,

Ráðherrann: Jeg get ómögulega verið samdóma þingm. (E. Þ.) um, að við værum á nokkurri betlileið, þó íslenzka stjórnin grennslaðist eitthvað eptir þessu; þvert á móti, við höfum »testamentariskan« rjett á styrknum, svo að það þarf lagabreytingu til þess að taka hann af okkur. Það mætti miklu heldur segja, að við vildum verða við óskum Dana með því að takmarka styrkinn, af því við værum of stoltir til að taka brauðið frá munni fátækra danskra stúdenta og beita þá misrjetti, og að við viljum ekki troða okkur inn í danskar námsstofnanir. Það má miklu fremur leggja þann skilning í þetta. Það er þess vegna svo fjarri því, að það sje niðurlægjandi fyrir okkur, að hefja máls á þessu, að það má miklu heldur álítast drengilegt tilboð.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skagf.): Ef jeg hefði sama skilning á þessu máli og háttv. þm. N.-Múl. (E. Þ.), þá mundi jeg vera alveg mótfallinn þessari tillögu.

En það er svo fjarri því, að þetta geti orðið til þess, að draga úr sjálfstæði voru, heldur þvert á móti. Það mundi einmitt auka sjálfstæðistilfinning vora, og það veitir sannarlega ekki af því.

Það er neyðarúrræði, að vera bundinn við Dani á þann hátt, sem við erum nú í þessu efni, því meðan menn njóta þessa ríflega styrks við Kaupmannahafnarháskólann, þá erum við næstum því neyddir til þess, að sækja alla okkar æðri menntun til Danmerkur. Væri nú þessu breytt svo, að námsmenn vorir ættu kost á, að fá styrk til að lesa við hvaða háskóla, sem þeir helzt vildu, þá mundi það hafa mikla þýðingu fyrir allt okkar andlega líf. Við mundum þá fá holla og sterka strauma andlegs lífs inn í þjóðlíf vort, og þá miklu margbreyttari og kröptugri en við höfum áður átt að venjast, og getum búizt við, meðan við sækjum allt til Dana.

Eins og hæstv. ráðherra tók fram, þá þurfum við alls ekki að biðja Dani um styrk; við höfum fullan rjett til hans. En það er ekkert á móti því, að við leyfum Dönum að gjalda hann á annan hátt en verið hefur, ekki sízt þegar það yrði okkur hagkvæmara. Við getum vel sleppt rjetti vorum til styrks við Kaupmannahafnarháskóla gegn því, að við fáum þóknun fyrir það, og því fje gætum við svo varið til að styðja menntun ungmenna vorra, hvort sem við vildum heldur utanlands eða innan.

Í þessu finn jeg ekkert særandi, hvorki fyrir mig nje þjóð vora. Það er að eins afsölun rjettar og heimting á endurgjaldi fyrir hana.

ATKVGR.: Tillagan á þgskj. 587 samþykkt með 16 atkv. gegn 2, og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

XII. Ritsími til Ísafjarðar.

Á 48. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um undirbúning ritsímalagningar til Ísafjarðar, flutningsmenn: Ágúst Flygenring. Guðjón Guðlaugsson og Jón Ólafsson, og með afbrigðum frá þingsköpunum var eptir uppástungu forseta samþykkt ein umr.

A 48. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, kom þingsályktunartillagan (A 634, 640) til einnar umr.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, kom jeg ásamt háttv. þm. Ísfjk. (St. St.) og háttv. þm. Strand. (Guðj. G.), fram með breyt.till. við 3. umr. fjárlaganna þess efnis, að 125 þúsund krónur yrðu veittar síðara árið á fjárhagstímabilinu til málþráðarsambands og ritsímalagningar milli Staðar í Hrútafirði og Ísafjarðarkaupstaðar. Þessi breyt.till. var samþykkt hjer í deildinni, en þegar fjárlögin komu til einnar umr. í háttv. Nd., var breyt.till. okkar felld þar. Jeg skal taka það fram, að það var ekki meining okkar með þessari fjárveitingu, að það ætti að hvíla nein skylda á landsstjórninni til þess að láta leggja þessa símalínu árið 1907, heldur var það aðallega meining okkar með till., að því væri slegið föstu, að þessi lína til Ísafjarðar gengi fyrir öllum öðrum, eptir að búið væri að leggja aðallínuna frá Seyðisfirði til Reykjavíkur. Þar sem við ekki höfum getað fengið þessa fjárveitingu samþykkta, þá höfum við nú tekið það ráð, að skora á landsstjórnina að láta mæla upp landsímaleiðina frá Stað í Hrútafirði um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, bæði nyrðri leiðina og líka syðri leiðina um Barðastrandarsýslu, og hafa til á næsta þingi áætlanir yfir kostnað við þær; við leggjum aðallega áherzlu á, að línan frá Stað í Hrútafirði um Steingrímsfjörð eigi að ganga fyrir öllum öðrum símalagningum á næsta fjárhagstímabili; hvað sem landsímalagningu um Dalasýslu líður, og þó að tillaga okkar fari fram á, að skora á stjórnina að láta mæla upp líka syðri leiðina um Barðastrandarsýslu, þá er það aukalína, en hitt leggjum við aðaláherzluna á, að lögð verði lína um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, með því að það er bæði stytzta og hægasta leiðin, sem hægt er að leggja línuna til Ísafjarðar. Okkur þótti öruggara, að koma fram með þingsályktunartill. í þessu skyni, til þess að það væri tekið skýrt fram og því væri slegið föstu, að þessi símalagning eigi að ganga fyrir öllum öðrum, meðfram með tilliti til þess, að við vitum, að töluverður áhugi muni vera í þá átt. að láta byrja á öðrum línum á undan þessari línu. Jeg vona, að háttv. þingdm. geti fallizt á þessa till. okkar, og þætti mjer vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi lýsa skoðun sinni á þessu máli.

Ráðherrann: Það hefur alltaf verið meining stjórnarinnar, að næsta línan sem lögð verður, eptir að búið er að leggja aðallínuna frá Seyðisfirði til Reykjavíkur, verði aukalínan til Ísafjarðar, og hafa verið gjörðar ráðstafanir til þess að útvega aukastaura til þessarar línu. Jeg álít ekki vanþörf á, að rannsaka nákvæmlega leiðina áður en línan er lögð. því að hjer er ekki um minna en 3 línur að velja og getur vel verið, að verkfræðingurinn ráði til að línan verði lögð lengri leiðina, en í öllu falli verður línan lögð um Steingrímsfjörð eða þar í nánd. Stefnan kemur ekki í bága við »Barðastrandarleiðina«, ef ekki er hugsað um Dala-

sýslu, en það er mjög nauðsynlegt vegna fiskiveiðanna, að Steingrímsfjörður sje í sambandinu. Mjer þykir vænt um, að þessi till. er komin fram, og álít jeg heppilegt, að stjórninni sje gefin heimild til að undirbúa línulagninguna með því að panta staura og annað efni, sem á þarf að halda, í tíma.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Jeg hef leyft mjer, að koma fram með breyt.till. við þessa þingsál.till. í þá átt, að orðin »um Steingrímsfjörð« falli í burt á báðum stöðum í till.; það er talið sjálfsagt af öllum þm., að þessi lína til Ísafjarðar gangi fyrir öllum öðrum, og hæstv. ráðh. er á sömu skoðun; jeg held því, að till. sje eiginlega alveg óþörf. Jeg ætla ekki að fara að þrátta um það, hvaða leið sje heppilegast að velja til þess að leggja þessa línu, en þar sem till. fer fram á, að láta rannsaka og mæla upp leiðina, þá finnst mjer ekki rjett, að setja neinar skorður eða takmarkanir um það fyrirfram, því að þegar þessi rannsókn er fram farin, þá verður auðvitað valin sú leið, sem heppilegust þykir, samkvæmt uppmælingunni. Jeg held ekki, að það sje rjett af þessari háttv. deild, að láta uppi neitt álit um leiðina fyrirfram, nema það sje meiningin að binda atkv. deildarinnar fyrirfram. Meiningin með því að láta rannsaka leiðina fyrir þessa línu hlýtur þó að vera sú, að finna þá leið, sem er hentugust og velja svo eptir á, en það hefur litla þýðingu, að lýsa yfir áliti sínu nú, áður en málið er rannsakað. Ef jeg ætti endilega að segja mitt álit um þetta mál, þá get jeg að eins sagt það, að jeg álít, að álman eigi heldur að liggja um byggðir en óbyggðir og öræfi, en að heldur beri að leggja línuna, þar sem flestir hafa gagn af henni, enda þótt það kostaði dálitið meira. Það er aðallega vegna Ísafjarðar að þessi símaálma er álitin nauðsynleg; en það er aðgætandi, að á Vestfjörðum eru margir fleiri verzlunarstaðir, og þótt þeir hver um sig hafi færri íbúa en Ísafjörður, þá hafa þeir þó allir til samans fleiri íbúa, þess vegna væri nauðsynlegt, að álman næði til þeirra staða alveg eins og til Ísafjarðar.

Meining mín með þessari breyt.till. er að eins sú, að deildin láti ekki álit sitt í ljós um leiðina fyrir línuna fyr en leiðin hefur verið fullkomlega rannsökuð. Jeg vona, að þessi breyt.till. mín sje svo meinlaus, að deildin geti greitt atkv. með henni; jeg get ekki sjeð, að hún spilli tillögunni.

Guðjón Guðlaugsson (þm. Strand.): Hæstv. ráðh. hefur þegar gefið svar viðvíkjandi þessu máli og er jeg honum þakklátur fyrir það, enda vissi jeg, að þetta var meining hans í þessu efni, en hins vegar hefði mjer þótt bezt, að deildin hefði ekki komið fram með þessa till. án þess að ákveða vissa fjárupphæð á fjárlögunum til þessa augnamiðs.

Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 640 frá háttv. þm. Barðstr. þess efnis, að fella burt það ákvæði till., að línan verði lögð um Steingrímsfjörð, þá verð jeg að líta svo á, að sú till. sje eigi á nægum rökum byggð, og jeg er sannfærður um, að háttv. þm. Barðstr. hefur ekki komið fram með þessa breyt.till. vegna þess, að hann langaði til að spilla fyrir þessu máli, heldur muni till. vera byggð á ókunnugleik háttv. þm. Ef um það væri að ræða, að Steingrímsfjörður væri úr vegi og að það hefði aukakostnað í för með sjer að leggja línuna um þann fjörð, eða ef hægt væri að benda á annan heppilegri stað til þess að leggja línuna um, þá gæti þessi breyt.lill. átt við; en þar sem jeg gjöri ráð fyrir, að háttv. þm. hafi kynnt sjer afstöðu línunnar við alla staðhætti, þá skil jeg ekki, að hon-

um geti blandazt hugur um, að heppilegast sje, að leggja línuna þar sem leiðin er stytzt og lagningin hefur minnstan kostnað í för með sjer. En nú hagar einmitt svo til, að ekki er hægt að finna aðra styttri leið en þessa fyrir þráðinn, og því síður er mögulegt, að finna heppilegra pláss, en einmitt Steingrímsfjörð til þess að leggja þráðinn um. Þar er sem sje landslagi svo háttað, að þar eru að eins sljettar grundir og lágir hálsar meðfram firðinum, og þarf því aldrei að óttast nein snjóflóð þar. Þar að auki er þess að gæta, að í Steingrímsfirði er kaupstaður, sem er sóttur af öllum kringum fjörðinn, og þar að auki á línan að liggja um austasta hluta Barðastrandarsýslu, sem er kjördæmi háttv. þm., og til þess að þráðurinn næði til þeirra, sem þar búa, þyrfti hann að liggja um Steingrímsfjörð. Jeg veit, að stjórninni hefur komið til hugar, að leggja línuna um Dalasýslu, og þar sem þá þyrfti að leggja »kabel« yfir Gilsfjörð, þá hljóta allir að skilja, að þar sem það er mörgum sinnum dýrara að leggja »kabel« en landsíma, þá mundi það verða svo miklu meiri kostnaður að leggja símann þá leið, að það borgaði sig að hafa línuna yfir Laxárdalsheiði. Línan hlyti að liggja um lítinn spotta af Barðastrandarsýslu, Geiradal og Reykhólasveit innanverða.

Þessir hreppar skipta við Seingrímsfjörð og hafa alla sína aðdrætti þaðan; en viðvíkjandi því, hvort leggja ætti línuna til Arnarfjarðar og Patreksfjarðar, þá kemur það ekki þessu máli við, því að þótt línan sje lögð um Austur-Barðastrandarsýslu, þá koma Steingrímsfjarðarheiði og Þorskafjarðarheiði saman á kafla, og þá þarf ekki annað en leggja línuna ögn meira til vesturs; um línuna um vesturfjallgarðinn þarf jeg ekki að tala, því að hún kemur ekki þessu máli við, en hins vegar ólíklegt að línan verði lögð yfir öræfi fram.

Að því er flutning á staurunum snertir, þá veit jeg, að hann mundi verða dýrari á þessu svæði en allstaðar annarsstaðar, t. d. á Möðrudalsöræfum, og jeg er sannfærður um, að enginn vildi taka að sjer, að flytja staurana fyrir 6 krónur; frá Borðeyri til Steingrímsfjarðar mundi það ekki kosta meira en 2—3 kr. fyrir staurinn, þar sem þeir yrðu fluttir eptir heiði, sem hægt er ganga á 2 tímum að vetrarlagi og svo er það, sem eptir er leiðarinnar, á sljettu. Hjer er því ekki um annað að tala en að hafa línuna þar sem landslagið er hentugast og kostnaðarminnst að leggja hana. Jeg get ekki skilið, að háttv. þm. Barðstr. hafi athugað þetta mál nógu nákvæmlega. Annars virðist ekki stór hætta á því, þó línan væri ákveðin um Steingrímsfjörð, því það gæti aldrei skoðast bindandi öðru vísi en svo, að eitthvert samband yrði að vera við Steingrímsfjörð. Jeg fyrir mitt leyti er algjörlega sannfærður um, að höfuðlínan hlýtur að liggja um Steingrímsfjörð, ef hreppapólitíkin er ekki látin ráða alltof miklu. Af því jeg gjöri ekki ráð fyrir, að breyt.till., sem jeg gjörði við fjárlögin, verði samþ., þá verð jeg að leggja áherzlu á tillöguna.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Mjer finnst þingsályktunartillagan á þingskj. 640 vera alveg óþörf. Í 12. gr. D. 4. 1. er búið að veita fje til að rannsaka leiðina, svo jeg sje enga ástæðu til að semja sjerstaka áskorun til stjórnarinnar um að gjöra það, sem búið er að fela henni á fjárlögunum. Mjer finnst það vera alveg sama og lýsa vantrausti á stjórninni, að hún muni þverskallast við að framkvæma þetta ákvæði fjárlaganna. Jeg skal annars lýsa því yfir, að mjer skilst, að línan hljóti að liggja um Steingríms-

fjörð, en mjer finnst sjálfsagt að láta stjórnina og hennar ráðanauta hafa óbundnar hendur til að rannsaka hvaða leið muni heppilegust. Jeg vildi að eins taka þetta fram til þess að gjöra grein fyrir atkvæði mínu.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg vildi leyfa mjer að taka það fram, að jeg held, að tillaga háttv. þm. Barðstr. sje byggð á misskilningi. Jeg sje heldur ekki þó stjórninni hafi verið veitt fje til þessarar rannsóknar, að ekki megi koma með till., sem gefi bendingar um, hvaða leiðir munu vera heppilegastar; jeg fyrir mitt leyti álít mjög nauðsynlegt, að línan liggi um Steingrímsfjörð vegna ýmislegra athugana. Það er líka heppilegt, að báðar leiðirnar verði rannsakaðar. Jeg sje því ekkert á móti till. þm. Strand.

Sigurður Jensson (þm. Barðstr.): Háttv. þm. Strand. bar mjer á brýn, að jeg hefði ekki athugað málið nákvæmlega og að jeg væri ókunnugur. Jeg skal fúslega játa, að jeg er ókunnugur, og hef heldur ekki athugað málið svo rækilega, að jeg geti nú þegar sagt með vissu hver leiðin er bezt, og hvað kosti að leggja símann hverja leið, en þetta mega víst hinir flutningsmennirnir líka segja, því annars mundi þessi till. ekki hafa verið borin fram um að rannsaka leiðina. Það sem jeg berst fyrir, er einmitt það, að ekkert verði ákveðið um leiðina, hvorki Steingrímsfjörður eða annað. Það er svo langt frá því, að jeg tali vegna kjördæmis míns; jeg vildi að eins leiðrjetta þingsályktunartillöguna. Eins og jeg hef lagt til, að henni yrði breytt, þá bindur hún hvorki þing nje stjórn. Það verður hægt, að velja þá leiðina, sem rannsóknin bendir á að sje heppilegust.

ATVKGR.: Breyt.till. á þgskj. 640 felld með 7 atkv. gegn 4.

Tillagan samþ. með 9 atkv. gegn 2 og afgreidd til ráðherrans sem ályktun frá alþingi.

XIII. Biskupsembættið.

Á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um biskupsembættið (A 585); flutningsmaður Lárus H. Bjarnason.

Á 48. fundi deildarinnar, mánudaginn 28. ágúst, skyldi ákveða, hvernig ræða ætti tillöguna.

Forseti: Jeg álít, að ein umr. sje nægileg.

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á tveimur umr.

ATKVGR.: Uppástunga um tvær umr. felld.

Ein umr. samþ. með 13 atkv.

Á 49. fundi Nd., þriðjudaginn 29. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg flutti hjer á þingi 1903 ásamt öðrum frumv. um sameining biskups- og lektorsembættisins, og það fjekk mjög góðan byr hjer í deildinni; það var samþ. með öllum atkv. móti tveimur, eða að minnsta kosti voru að eins 2 atkv móti því. En frumv. lauk í háttv. Ed. með rökstuddri

dagskrá. Síðan hefur milliþinganefndin í kirkjumálum haft það til meðferðar. Jeg hygg, að þetta mál hafi töluverðan byr hjá þjóðinni, enda sparar það landssjóði töluvert fje, 4,500 kr. árlega, auk eptirlauna, og þess er sannarlega þörf, þegar allt af er verið að búa til ný embætti og nýjar sýslanir. Jeg get heldur ekki sjeð annað, en að það megi vel fara, að sameina embættin. Stiptsyfirvöldin eru nú lögð niður, og störf biskupsins þar lögð undir stjórnarráðið, og þannig mikið minni störf en áður. Forstöðumaður prestaskólans hefur ekki nema eitthvað 11—12 tíma á viku við skólann og hefur þó víst alltaf haft mun færri tíma þangað til núverandi lektor tók við. Það er því enginn vafi á því, að hann gæti annazt þau störf, sem biskupinn hefur nú. Mjer finnst það líka eiga mjög vel við, að biskupinn og forstöðumaður prestaskólans, æðsti prestur landsins og æðsti kennari presta þess, sje einn maður, enda er landlæknirinn jafnframt forstöðumaður læknaskólans. Jeg vona því, að tillagan fái líkan byr og frumv. fjekk 1903.

ATKVGR.: Till. samþ. 15 atkv. gegn 6.

XIV. Námur.

Á 50. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um námur (A. 644), flutningsmaður Ágúst Flygenring. Forseti leitaði samþykkis deildarinnar til, að tillagan mætti takast á dagskrá næsta dag, og veitti deildin ásamt ráðherra leyfi til þeirra afbrigða frá þingsköpunum.

Samþykkt var, að ein umræða skyldi vera um málið.

A 51. fundi Ed., þriðjudaginn 29. ágúst, kom þingsályktunartillagan til einnar umræðu.

Flutningsmaður Ágúst Flygenring (5. kgk. þm.): Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að á síðasta vetri fannst málmur í jörð hjer í nánd við Reykjavík, og þótt eigi sje hægt að segja, hversu mikill hann er, og jarðfræðingar hafi haldið því fram, að eigi muni geta verið um neina málma að ræða hjer á landi, sem tilvinnandi væri að grafa eptir, þá er þó ekki óhugsandi, að talsverð framtíð verði af námagrepti og málmar finnist víðar hjer á landi. En jafnframt því, ef að málmar finnast í jörðu, þá vaknar sú spurning, hver þá eigi. Um þetta atriði vantar algjörlega lög; frumv. það, sem fyrir þinginu hefur verið í sumar, náði eigi fram að ganga sökum tímaskorts, enda þurfa slík lög mikillar og góðrar athugunar við. Í nefnd þeirri, sem kosin var í háttv. Nd., var rætt um tvær aðal-stefnur viðvíkjandi eignarrjetti náma. Sú var önnur, að það stæði næst íslenzkri rjettarmeðvitund, að jarðeigendur eigi námana, en hin, að landið eigi að hafa umráð og eignarrjett á þeim. Mjer finnst rjett, að þingið láti uppi álit sitt í þessu máli til leiðbeiningar fyrir stjórnina til bráðabirgða, því það má búast við

því, að einhverjir landeigendur leiti upplýsinga hjá henni, til þess að tryggja rjett sinn, áður en þeir hleypa sjer í þann kostnað, að leita að málmum í landareign sinni.

Enn fremur má búast við því, að ef sá skilningur, sem tillaga mín fer fram á, verður samþykktur af þessari háttv. deild, þá verður það hvöt fyrir menn, að leita að málmum í landi sínu, í stað þess, ef stjórnin hefði hinn skilninginn, að þá mundi enginn privatmaður fara að verja fje sínu til slíkra rannsókna, og þar með engin gangskör gjörð að því, að reyna að hagnýta sjer þá fjársjóðu, sem fólgnir kunna að vera í landareignum þeirra. Þó nú þessi skilningur, sem tillaga mín fer fram á, verði ofan á, þá er því ekki þar með slegið sem föstu um aldur og æfi, og þingið getur breytt því með lögum, þegar því lízt; enda munu lögin um þetta efni, sem nú daga uppi, verða samþykkt á næsta þingi.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Jeg álít þessa tillögu meinlausa en þarflausa. Hún er byggð á því, að engin lög sjeu til um þetta efni, en það er eigi rjett, því að í Jónsbók stendur, að landeigandi eigi öll gögn og gæði í jörðu og á. Það gjörir að vísu ekkert til, þó þingið árjetti þetta frekar, en það er þarflaust, því stjórnin mundi ekki geta gengið fram hjá þessum fornu ákvæðum Jónsbókar.

ATKVGR.: Till. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgreidd til ráðherra sem ályktun frá alþingi.

Um leið og forseti, að umræðunum um framangreinda ályktun loknum, sleit fundi, ávarpaði hann þingdeildarmenn þannig:

Forseti: Þegar deildin í þetta skipti er að ljúka störfum sínum, þá get jeg ekki látið hjá líða, að þakka hinum háttv. meðdeildarmönnum mínum fyrir góða samvinnu í sumar, og óska jeg, að vjer hittumst hjer, ef Guð lofar, allir heilir á hófi, þegar Alþingi á næst að koma saman, að 2 árum liðnum.

Að endingu óska jeg yður öllum góðrar ferðar og farsællar heimkomu.

Því næst var gjörðabók fyrir þennan fund lesin, samþykkt og staðfest.

B. Vísað á bug eða felldar.

I. Skipunarbrjef ráðherrans.

A. I neðri deild.

A 15. fundi Nd., miðvikudaginn 19. júlí, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um undirskript undir skipunarbrjef Íslandsráðherrans (A120), flutnm: Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf., Einar Þórðarson, Ólafur Ólafsson, Ólafur Briem, Björn Kristjánsson, Ólafur Thorlacius, og á 19. fundi sömu deildar, mánudaginn 24. júlí, var ákveðið eptir uppástungu forseta að hafa eina umr. um þingsályktunartillöguna.

Á 43. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 22. ágúst, kom þingsályktunartill. til einnar umræðu.

Forseti skýrði frá, að sjer hefði borizt svo látandi brjef:

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háttv. herra forseti, að jeg hef í hyggju að bera fram till. til rökstuddrar dagskrár út af till. til þingsályktunar um undirskript undir skipunarbrjef Íslandsráðherrans.

Alþingi 22. ágúst 1905.

Lárus H. Bjarnason,
þm. Snæf.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt og komið hefur til tals, kom mönnum á óvart um skipun ráðh. Íslands, að skipunarbrjef hans var undirskrifað af danska forsætisráðherranum, manni, sem engum er kunnugt um að hafi neitt atkv. um sjermál Íslands.

Síðan Íslendingar fóru að vakna og krefjast þjóðrjettinda hefur þeim alltaf verið um það hugað, að fá landsrjettindi sín viðurkennd.

Árangurinn af fyrri stjórnarbaráttu Íslendinga, er háð var undir forustu *Jóns* sáluga *Sigurðssonar*, þm. Ísfirðinga, er öllum betur vakti og glæddi þjóðernis- og sjálfstæðis-tilfinningar þjóðar vorrar, hefur orðið sá, að Danir viðurkenndu það með stöðulögunum frá 2. jan. 1871, að þó að Ísland væri »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«, hefði það þó *sjerstök landsrjettindi*, og síðan hefur stjórnarskráin frá 5. jan 1874 ákveðið, að í þeim málum, sem eru íslenzk sjermál samkvæmt stöðulögunum, hefði landið »löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«.

En enda þótt þessi viðurkenning væri fengin, hefur þess þó gætt mjög lítið, þar sem framkvæmd stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874 hefur, þvert á móti vonum manna, verið þannig háttað, að dómsmálaráðherra Dana var jafnframt skírður Íslandsráðherra, og meðferð íslenzkra sjermála hagað að öllu leyti sem meðferð aldanskra mála, í ríkisráði Dana.

Þessu ástandi kunnu Íslendingar illa, sem von var, og því hófst síðari stjórnarskrárbaráttan, og var aðaláherzlan þá lögð á það, að losa íslenzk sjermál undan áhrifum danska ríkisráðsins. Takmarki þessu reyndu menn fyrst að ná á þann hátt, að halda fram landsstjórafyrirkomulaginu, því að fengist það, að sjermálastjórn Íslands væri falin hjerlendum landsstjóra og ráðherrum. er bæru ábyrgð gagnvart alþingi, þá var afskiptum ríkisráðsins af sjermálum vorum að sjálfsögðu lokið.

En er þessar stjórnbótakröfur Íslendinga strönduðu á sí-endurteknu afsvari Danastjórnar, er taldi þær riða bág við eining ríkisins, og er mönnum varð það æ ljósara og ljósara, hve mjög stjórnarástandið stæði verklegum framförum hjer á landi fyrir þrifum, hófst sú stefna á alþingi árið 1897, að láta aðal-ágreiningsatriðið, spurninguna um það, hvort sjermál Íslands skyldu borin fram í ríkisráði, liggja milli hluta. Eptir skoðun Íslendinga fór þessi meðferð sjermála vorra í ríkisráði í bága við stjórnarskrána, og þeirri skoðun vorri gátum vjer þá, eptir sem áður, fram fylgt, er vjer sæjum oss það fært, þar sem þau ákvæði stjórnarskrárinnar, er hjer að lutu, áttu að standa óbreytt.

En gegn þessari stefnu reis sami flokkurinn, er núverandi stjórn vor styðst við, og taldi það mestu óhæfu, að taka ekki upp í stjórnarskrána skýrt ákvæði þess efnis, að *sjermál Íslands mætti ekki bera fram í ríkisráði*, og þjóðin varð þá svo hrifin af því, hvernig þessi flokkur hjelt fram rjetti hennar gegn útlenda valdinu, að hún veitti honum fylgi sitt við kosningarnar 1902 og 1903, og hóf hann þannig til valdanna.

Það var því sízt að furða, þó að

þinginu, og núverandi stjórnarflokki sjerstaklega, þætti súrt í broti, er Alberti lagði fyrir alþingi stjórnarskrárfrumvarp sitt, þar sem tekið var upp ákvæði um það, að *sjermál Íslands skyldu borin upp fyrir konungi í ríkisráði*; en þingið sætti sig þó við þetta, með þeirri skýringu, að hjer væri að eins um form að ræða, því að einhversstaðar yrðu málin að berast upp fyrir konungi, og mætti þá eins vel gjöra það í ríkisráðinu, sem annarsstaðar. Á þetta lagði þáverandi framsm. stjórnarskrárnefndar neðri deildar 1903, núverandi ráðherra vor, sjersaka áherzlu. Hann sagði þá, meðal annars:

»Vjer samþ. orð frumv., eins og þau liggja fyrir, og beinast liggur við að skilja þau, og mótmælum því, að frekara sje lagt í orðin, en þau sjálf segja.

Vjer samþykkjum það ákvæði, að ráðherrann beri upp fyrir konungi í ríkisráði mál þau, er hann hefur að flytja, af því að vjer sjáum ekki, að annað fyrirkomulag á flutningi málanna sje hentugra. En vjer samþ. *ekki* þar með, að aðrir ráðgjafar skuli hafa nokkurt atkv. um sjermál Íslands!! . . . Enginn annar en hann (Íslandsráðherrann) hefur rjett til að búa þau mál undir úrskurð konungs, og enginn annar en hann getur tekið ákvörðun um þau ásamt konungi«. (Alþ.tíð. 1903. B. bls. 10. og 11.).

Í samræmi við þetta tók stjórnarskrárnefn neðri deildar 1903 það skýrt fram í áliti sínu, að hún gengi að því vísu, að ráðherra Íslands yrði skipaður með undirskript Íslandsráðherra, og núverandi ráðherra vor tók það enn fremur fram, að ef konungur staðfesti frumv., án þess að lýsa sig þessum skilningi alþingis ósamþykkan, væri hann gildur, en spurningin ella óútkljáð, þar sem tvo parta löggjafarvaldsins greindi þá á.

En þessi vilji þingsins, þetta skilyrði fyrir samþykkt málsins af þess hálfu, *var að engu haft*, er ráðherra Íslands var skipaður með undirskript danska forsætisráðherrans. — *Þingræðisreglan var brotin í sama augnabliki, sem hún átti að skapast*, því að það er ekki nóg, ef um þingræði er að tala, að ráðherrann sje úr meiri hlutanum, ef hann er í ósamræmi við þennan meiri hluta þingsins í aðalmálunum, eins og ráðherrann tjáði sig, er hann tók móti þannig lagaðri skipun þvert á móti yfirlýsingum sjálfs sín og skilyrði alþingis.

Og það var ekki nóg með það, að þingræðisreglan væri brotin, heldur var og *landsrjettindum vorum troðkað*, því að hvar er heimild danska forsætisráðherrans til að hafa afskipti af sjermálum Íslands? Í stjórnarskrá vorri finnst hún ekki, því að þar stendur, að landið hafi »löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig«, en það hefur það ekki, ef danskur ráðherra á atkvæði um sjermál vor. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar stendur einnig: »Konungur hefur hið æðsta vald yfir hinum sjerstaklegu málefnum Íslands . . . og lætur ráðherra Íslands framkvæma það«. Það er því Íslandsráðherrann, en enginn annar, sem getur framkvæmt æðsta valdið með konungi, svo að gilt sje, og á það auðvitað ekki hvað sízt við um mikilvægasta sjermálið, skipun Íslandsráðherrans.

Að halda því fram, eins og gjört hefur verið, að ráðherra Íslands sje jafnframt ráðherra fyrir alríkismál (sameiginlegu málin), og sem slíkur skipaður af danska forsætisráðherranum, er ekki rjett, því að eptir stjórnarskránni er ráðherra Íslands að eins

sjermálaráðherra Íslands, og má ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi; getur því ekki jafnframt verið danskur ríkisráðherra.

Sama fjarstæðan er það einnig, að undirskript danska forsætisráðherrans sje viðurkenning þess, að ráðherra Íslands hafi þá »formellu« eiginleika, er gjöri hann hæfan til þess, að mæta í ríkisráðinu. Hvar stendur það skrifað?

En þegar vjer nú höfum sjeð, að hvergi finnst einn stafur í stjórnarskipunarlögum vorum, er heimili forsætisráðherra Dana afskipti af sjermálum vorum, þá er næst að athuga, *hvaða þýðingu þetta hefur fyrir þjóðfjelag vort,* því að það er vitaskuld, að sje þetta að eins þýðingarlaust form, þá er lítið umtal um það gjörandi. En það er einmitt það, að hjer er um afarþýðingarmikið mál að ræða, svo þýðingarmikið, að *það er í raun og veru broslegt, að vera að tala um þingræði hjer á landi,* ef forsætisráðherra Dana ræður því, hver sjermálaráðherra Íslands er, því að hver segir oss, að hann fari nokkuð eptir vilja alþingis í því efni? En sje undirskript hans talin nauðsynleg, er um skipun íslenzka sjermálaráðherrans ræðir, þá leiðir þar af, að konungurinn er bundinn við undirskript hans, og getur eigi skipað annan, en forsætisráðherrann vill vera láta. Og gagnvart alþingi ber forsætisráðherra Dana alls enga ábyrgð, svo að þingið hefur engin tök á honum.

Það segir sig sjálft, að hafi forsætisráðherra Dana vald til þess að ráða því, hver skipaður er sjermálaráðherra Íslands, getur hann og vikið honum frá, er honum sýnist.

Að ráðherra tslands eigi var látinn fara frá, er ráðaneytisskiptin urðu í Danmörku síðastliðinn vetur, sannar eigi hið gagnstæða, en sýnir að eins það, að forsætisráðherra Dana hefur þá, í þessu einstaka tilfelli, eigi þótt ástæða til þess að neyta þessa rjettar, er hann þykist hafa, enda má og ætla, að eigi komi til þess, er dönsku stjórninni líkar vel við ráðherra Íslands og framkomu hans frá dönsku sjónarmiði. En valdið þykist hann hafa! það sýnir undirskript hans undir skipunarbrjef Íslandsráðherra, og ætíð við búið, að því verði beitt, ef nokkru þykir skipta, t. d. ef dönsku stjórninni gætist lítt að skoðunum þeim, er ráðherra Íslands fylgir fram.

Í kveðju konungs til alþingis í byrjun þessa þings, þar sem segir, að málameðferð danska ríkisþingsins hafi nú ekki lengur áhrif á það, hvern konungur taki sjer sem ráðherra Íslands, felst og engin trygging, að því er framtíðina snertir, *því að þar stendur ekkert um það, að dönsku ráðherrarnir* hafi eigi slík áhrif, enda sýnir undirskript danska forsætisráðherrans undir skipunarbrjefið, að *hann* þykist hafa ráðin í þessu efni.

Það er því ljóst, að í undirskript danska forsætisráðherrans undir skipunarbrjef Íslandsráðherra felst *hættuleg árás á þjóðfrelsi vort og þingræði.*

Danastjórn hefur á þennan hátt smeygt inn litla fingrinum, og því er það skylda vor að mótmæla þegar, og vera á verði, svo að danskir valdhafar taki sjer eigi atkvæði um sjermál vor. Í sambandi hjer við, vil jeg beina þeirri fyrirspurn til ráðherrans, hvort það er rjett, sem flogið hefur fyrir, að forsætisráðherrann hafi nýskeð beint þeim tilmælum til ráðherra Íslands, að hann sendi dönsku »Fiskeriinspektionen« til álita frumv., er snerta fiskiveiðar, áður en þau sjeu borin fyrir alþingi? Sje svo, virðist það benda á, að forsætisráðherrann þykist eiga

meira en minna yfir ráðherra Íslands að segja.

Af þingmálafundum þeim, er haldnir voru á síðastliðnu vori, er það ljóst, að þjóðin hefur sjeð, að hjer var um hættulega árás á rjettindi lands vors að ræða, því af 37 þingmálafundum, sem um mál þetta hafa fjallað, hafa 28 krafizt þess, að alþingi mótmælti þessari aðferð. Hið sama sýnir og bændafundurinn 1. ágúst, þar sem »undirskriptarmálið« var annað aðalmálið, er sá fundur fjallaði um, og í sömu átt fara allar þær mörgu áskoranir, er þinginu hafa borizt þessa síðustu dagana.

Nú er spurningin: Hvað ætlar þingið að gjöra? Ætlar það að standa við fyrri yfirlýsingar sínar? Ætlar það að halda fast við skilning og skilyrði alþingis 1903? Eða ætlar það að sætta sig við það, að rjettindum landsins sje traðkað og vilji alþingis vettugi virtur?

Vjer flutningsmenn þingsályktunartill. höfum gjört oss far um að orða hana sem vægast, og trúum eigi öðru, en að hver þjóðkjörinn þm. telji sjer skylt að greiða henni atkv. með ljúfu geði. Þar er ekkert sakast um orðinn hlut, engin ásökun til nokkurs manns, en því einu fylgt fram með alvöru og festu, sem oss virðist sönn nauðsyn þjóðarinnar krefja.

Gagnvart útlenda valdinu hlýtur hlutverk alþingis að vera í því fólgið, að halda fast við fengin rjettindi, stillilega og alvarlega, og láta ekkert færi ónotað til þess, að reyna að þoka merkjalínunni æ lengra og lengra út á við, og auka vald alþingis og rjettindi þjóðarinnar.

Og hvað sem líður ágreiningi vorum hjer innanlands, þá ættum vjer að hafa það hugfast, að reyna að standa jafnan sem einn maður út á við.

Sjerstaklega er það mikilsvert fyrir fámenna og litla þjóð, að hún fylgist að sem einn maður í slíku máli, því að eins með því móti getur hún vænzt að koma nokkru áleiðis. En ef vjer látum ögra oss til þess að hverfa frá málstað vorum, þá er það vissasti vegurinn til þess, að vjer glötum þjóðerni voru og þjóðarrjettindum algjörlega.

Ráðherrann: Jeg ætla ekki að fara í kappræðu við háttv. þm. N.-Ísf. út af þessu máli, og því ætla jeg ekki að svara einstökum atriðum í ræðu hans; það kunna aðrir háttv. þingdm. að gjöra; en jeg ætla að eins að segja nokkur orð um útnefning mína og þau helztu atriði, sem hreyft hefur verið út af henni.

Þingsályktunartill. sú, sem hjer liggur fyrir, segir, að það *eitt* sje samkvæmt stjórnarskrá Íslands, að ráðh. Íslands skrifi sjálfur undir útnefningarskirteini sitt. Samkvæmt því ætti öll önnur aðferð að vera stjórnarskrárbrot. En nú hafa allir undanfarnir ráðgjafar Íslands síðan 1874 verið skipaðir á þennan hátt. Þá er tvennt til, að framið hafi verið stjórnarskrárbrot við hverja einustu útnefningu hinna fyrri ráðgjafa, eða að eitthvað sje í hinni nýju stjórnarskrárbreytingu, sem fyrirskipi annað en gamla stjórnarskráin í þessu efni. Stjórnarskrárbreytingin 3. okt. 1903 breytir ekki í neinu afstöðu Íslands gagnvart konungsríkinu. »Staða Íslands í ríkinu«, er hin sama og áður. Hjer ætti því að vera um sí-endurtekin stjórnarskrárbrot að ræða síðan 1874. En þá er merkilegt, að engum skuli hafa dottið það í hug fyr en nú!

Athugum þetta nánar. Er nokkuð það í hinum nýju stjórnarskipunarlögum vorum frá 3. okt. 1903, er fyrirskipi aðra reglu um útnefning Íslandsráðherra, en áður hefur verið fylgt?

Þessu verður að svara neitandi. Stjórnarskrárbreytingin gjörir, eins og jeg þegar hef tekið fram, alls enga breytingu á afstöðu Íslands gagnvart alríkinu. Stjórnarbótin snertir að eins hið innra fyrirkomulag í þeim málum, sem eptir stöðulögunum og stjórnarskránni eru sjerstök málefni Íslands, — hún er í rauninni ekki annað en frekari uppfylling eða framkvæmd á þeim ummælum í 1. gr. stjórnarskrárinnar 1874, að í öllum málum, sem varða Ísland sjerstaklega, skuli landið hafa löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig.

Þó að ráðherra sá — dómsmálaráðherra Dana—,sem að undanförnu hefur haft á hendi ráðherradóm fyrir Ísland, hafi verið danskur ráðgjafi, og sem slíkur fengið skipun sína sem dómsmálaráðh. meðundirskrifaða af forsætisráðh., leiðir engan veginn þar af, að skipun hans sem Íslandsráðh. hefði þurft að vera eins úr garði gjörð. Honum hefði meira að segja verið innanhandar, *ef* stjórnarskrá Íslands hefði útheimt það, að útbúa handa sjálfum sjer sjerstakt skipunarbrjef sem Íslandsráðherra.

En þetta hefur aldrei verið gjört, og sje því nú um stjórnarskrárbrot að ræða, þá er það ekkert nýtt, — þá hefur stjórnarskráin verið brotin á sama hátt í hvert einasta skipti, sem Íslandsráðh. hefur verið útnefndur.

Er þá nokkuð það fyrirskipað í stjórnarskránni fyr eða síðar, er gjöri það nauðsynlegt, að Íslandsráðh. meðundirskrifi sjálfur útnefning sína? Nei, hvorki í hinum gömlu nje nýju stjórnarskipunarlögum er neitt ákvæði um útnefning ráðh., það er yfir höfuð alls ekkert fyrirskipað í stjórnskipunarlögum vorum um það, hvað útheimtist til þess, að stjórnarathöfn konungs sje talin gild og ráðgjafinn beri ábyrgð á athöfn sinni. Það er ekkert í íslenzkum stjórnarskipunarlögum, er gjörir það nauðsynlegt, að ráðgjafi Íslands skuli fá nokkurt *skriflegt útnefningarskirteini.* Kvaðning konungs getur orðið gild án þess, ef ráðgjafinn að eins verður við henni og tekst embættið á hendur.

Það er því, lagalega sjeð, algjörlega rangt í þingsályktunartillögunni, að það *eitt* sje samkvæmt stjórnarskránni, að Íslandsráðherra skrifi nafn sitt með konungi á útnefningarskjalið.

Þá er að athuga, hvort aðrar ástæður gjörðu það form nauðsynlegt?

Eins og kunnugt er, er í nefndaráliti stjórnarskrárnefndarinnar í Nd. 1903 tekið fram, að nefndin vænti þess, að Íslandsráðherrann undirskrifi með konungi útnefning Íslandsráðh., og út af því er öll þrætan um þetta mál risin. En hver, sem athugar samband það, sem orð þessi standa í, hlýtur að kannast við, að þetta kemur *ekki* fram sem skilyrði fyrir því, að vjer þiggjum stjórnarbótina, heldur sem ályktun af því, sem nefndin tilfærir viðvíkjandi sjerstöðu ráðherrans í ríkisráðinu, eða öllu heldur ósk, sem látin er í ljósi.

Það, sem nefndin leggur alla áherzlu á, er hún ræður til að samþykkja ríkisráðssetuna, er *sjerstaða* Íslandsráðherra, að mál þau, sem hann flytur fyrir konung samkvæmt stjórnarskrá vorri, sjeu ekki háð atkv. annara ráðgjafa og að hann sje ekki háður stjórnarskiptum í Danmörku, og þar af leiðandi *þingræði* Íslendinga. Nefndin leit svo á, að ráðherrann mundi fremur verða laus við að fylgjast með ráðgjöfunum dönsku, þegar stjórnarskipti yrðu í Danmörku, ef Íslandsráðh. væri útnefndur á annan hátt en ráðh. Dana, og væri þá þegar með útnefningunni slegið föstu, að hann

stæði fyrir utan ráðaueytið danska. Þetta átti því að eins að vera *vegur* til þess að tryggja þingræðið og ytri vottur um sjerstöðuna. En þar með er engan veginn sagt, að þetta væri *eini* vegurinn, og að annar vegur gæti ekki verið jafn tryggilegur.

Svo framarlega sem þetta tvennt, sjerstaða Íslandsráðherra og sjálfstæði hans gagnvart ráðherraskiptum og »pólitískum« straumbreytingum í Danmörku, varð tryggt á annan hátt, þá þurfti þessa forms ekki við í því skyni.

Nú kom það í ljós við skipun núverandi ráðh., að annar samningsaðilinn, sem vjer höfðum átt við að semja um stjórnarskrárbreytinguna og áttum undir högg að sækja við um skipun hinnar fyrstu innlendu stjórnar, vildi unna oss alls þess, er laut að þeirri sjerstöðu ráðherrans, sem alþingi gekk út frá að hann ætti að hafa, og lofaði, að hann skyldi verða óháður stjórnarskiptum í Danmörku, en vildi *ekki* ganga að því að breyta hinu gamla formi um meðundirskript forsætisráðh. Formi þessu var haldið föstu sem merki þess, að stjórnarskrárbreytingin hefði *ekki haft* í för með sjer breytingu á stöðu Íslands í ríkinu, hefði ekki *losað* um *ríkisheildina* eins og sumir hægrimenn í Danmörku, sem svo lengi höfðu synjað oss allrar stjórnarbótar, mundu vilja núa hinni nýju vinstrimannastjórn um nasir, heldur væri ríkið *eitt* og *óskipt* eptir sem áður. Forminu fjekkst því ekki breytt, því var haldið föstu gagnvart hrakspám apturhaldsmanna um, að hin nýja frjálslynda stjórn Dana hefði gengið of langt í því að veita oss heimastjórn og þar .með teflt ríkiseiningunni í tvísýnu.

Nú er það ómótmælanlegt, að þó Ísland hafi *stjórn sjermála sinna* alveg út af fyrir sig, þá er það ekki sjerstakt ríki. Það er ríkishluti með sjerstökum landsrjettindum. Jafnvel þótt sjermálaráðh. beri sjálfur ábyrgð á skipun sinni gagnvart Íslandi, ábyrgð á því, að hann fullnægi öllum skilyrðum, sem sett eru fyrir þeirri stöðu í stjórnarskránni, þá er engan veginn útilokað, að rjett sje, að annar geti borið ábyrgð á skipun hans *gagnvart alríkinu*. Það getur á engan hátt skert lögtryggð rjettindi og stjórnarfarslegt sjalfstæði Íslands. Það væri miklu athugaverðara fyrir sjálfstjórn og þingræði á Íslandi, ef þing Dana ætti að geta dregið sjermálaráðh. Íslands til ábyrgðar fyrir ríkisrjetti með ákæru um að hann fullnægi ekki þessu skilyrði, sem ríkið hlýtur að eiga rjett á að heimta, að sá maður fullnægi, sem sæti á í ráði ríkisins, meðan ríkið er *eitt* og *óskipt*. En fyrir sakir meðundirskriptar sinnar undir útnefningarskjalið ber forsætisráðh þessa »formellu« ábyrgð gagnvart ríkisþinginu.

Mjög mikið af því, ef ekki mest allt það, sem sagt hefur verið móti stjórninni í hinu svo nefnda »undirskriptarmáli«, byggist á óljósum skoðunum um, að staða Íslands í ríkinu sje önnur, en hún er í raun og veru.

En ekki hvað sízt í slíkum sökum verður að ganga út frá því ástandi, sem er, og miða við það, en ekki byggja dóma sína og ályktanir á tilfinningum, kreddum og »postulötum« um það, sem *ekki* er. Þeir álíta nú hentugt í svipinn, stjórnfjendurnir, að skella skuldinni á mig fyrir gjörðir undanfarinna alda. En jeg þori óhræddur að bíða dóms framtíðarinnar um það, hvort jeg hef unnið að því, að skerða eða takmarka landsrjettindi Íslands eða giört það, sem í mínu valdi stóð, til þess að tryggja sjálfstæði þess og hagsmuni eptir því, sem föng voru á.

Jeg *gat* ekki, hafði engin vopn í hendi til þess, að koma fram *þeirri* ósk stjórnarskrárnefndarinnar, að Íslandsráðgjafinn, Albertí, skrifaði á hornið á tilkynningunni til mín um útnefning mína til stöðu þeirrar, sem konungurinn *hafði* falið mjer munnlega. Auðvitað hefði jeg getað hafnað stöðunni, en við það vannst ekkert að því, er þetta atriði snertir. Það hefðu engin vandræði úr því orðið að fá annan ráðgjafa, sem ef til vill hefði látið sjer engu annara en jeg um, að tryggja Íslendingum það, sem var mergurinn málsins í ósk þingnefndarinnar. Jeg áleit því rjett, að gjöra þetta ekki að nýju þrætuefni, og ljet þetta gott heita, af því að jeg vissi:

1) *að* það var ráðherra Íslands, sem gjört hafði og framkvæmt allt, er laut að hinni nýju ráðgjafaskipun, þar á meðal fylgt mjer á konungsfund, og sem Íslandsráðherra verið við hlið konungs, er hann samþykkti kjörið.

2) *að* undirskript forsætisráðherrans undir útnefningarskjalið átti að eins að vera tákn um það, sem ekki varð mótmælt að lögum, og þar að auki kom fram eingöngu sem skrifstofuafgreiðsla eptir á.

3) *að* meðundirskript forsætisráðherrans hafði alls engin áhrif á sjerstöðu mína sem Íslandsráðgjafa, hvorki í ríkisráðinu nje á annan hátt, þar sem því þegar var slegið föstu, að sjermál Íslands væru eigi borin fram á ráðgjafafundum, sem annars koma í staðinn fyrir umræðurnar í ríkisráðinu.

4) *að* þeim kröfum um sjálfstæði Íslandsráðherrans við ráðherraskipti í Danmörku, sem þingnefnd Nd. í stjórnarskrármálinu byggði ósk sína á, yrði fullnægt samt sem áður og engu síður, eins og síðan er framkomið við ráðaneytisskiptin í vetur og í kveðju konungs til alþingis, og

5. *að* hver sá, sem kvaddur væri til ráðgjafa fyrir sjermál Íslands, eptir að hin nýju stjórnarskipunarlög væru í gildi gengin, eða hjeldi áfram því embætti eptir þann tíma, hlyti að bera sjálfur stjórnarfarslega ábyrgð á skipun sinni gagnvart alþingi Íslendinga.

Jeg áleit óforsvaranlegt gagnvart meiri hluta þings og þjóðar, að láta þetta formsatriði verða því til fyrirstöðu, að fylgt væri þingræðisreglunni við útnefning fyrsta heimastjórnarráðgjafa.

Meira hef jeg eiginlega ekki að segja. Má vel vera, að tímarnir og skoðanir manna breytist svo, að það verði auðsótt mál, að fá þessu formi breytt síðar, þó það væri með öllu ófáanlegt í ársbyrjun 1904. Það er þegar bersýnilegt, að í efninu er ekki lögð mikil áherzla á þetta af alríkisstjórninni, þar sem því, eins og stjórnarskiptin í vetur eð var sýndu, er ekki haldið fram, að útnefningarskírteini Íslandsráðherra skuli vera meðundirskrifað af forsætisráðherra þeim, er situr að völdum. Eins og kunnugt er, er mitt skjal meðundirritað af *fyrverandi* forsætisráðherra, en ekki þeim núverandi. En annars er hinu haldið fram í öllum löndum með þingbundinnni konungsstjórn, að fari forsætisráðherrann frá völdum, fara frá allir þeir ráðgjafar, sem útnefndir eru með hans meðundirskript.

Jeg skal ekkert um það segja, hvernig þetta kann að verða. Getur vel verið, að ósk þingnefndarinnar 1903 fáist einhvern tíma uppfyllt, einnig að forminu til; í efninu er það þegar unnið, sem farið var fram á. En eitt er víst, og það er það, að þeir menn, sem láta sjer annast um, að þessu

formi verði breytt, ættu ekki að vera að hreyfa því í ótíma opinberlega, og þar með ef til vill koma inn stífni í málið. Hjer vinnst ekkert með illu, heldur að eins með lipurð og lempni.

Jeg hef til þessa ekki vanrækt neitt tækifæri til þess að gjöra ljóst fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, á hverju þingnefndin byggði ósk sína, og hvað vakir fyrir þeim skynbærari mönnum, sem óska breytinga í þessu efni. Og mun jeg halda því áfram.

Hið eina rjetta af þeim, sem vilja málinu vel, er því að leiða hjá sjer stóryrðin í bráð og láta þetta formsatriði liggja milli hluta.

Rjettindum landsins viljum vjer allir halda óskertum, hver sem skoðun vor kann að vera á þessu máli.

Forseta var afhent og las hann upp svo hljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár frá þm Snæf., Lárusi H. Bjarnason (A. 526).

»Með skírskotun til þess, að í fenginni reynslu við síðustu ráðaneytisskipti í Danmörku og í kveðju konungs til alþingis í sumar felst full viðurkenning um þingræði og um sjerstöðu ráðherra Íslands, og með þeirri yfirlýsingu, að ráðherrann ber að sjálfsögðu fulla stjórnskipulega ábyrgð á útnefningu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg held, að þetta mál sje eitt af þeim málum, sem hefur verið rætt og ritað um meira af kappi en röksemdum. Eins og allir vita, er þetta mál orðið til út af einni setningu í nefndaráliti stjórnarskrárnefndarinnar í Nd. 1903, og af því að jeg var einn af þeim, sem sat í nefndinni og enda kom setningunni inn í nefndarálitið, vil jeg fara nokkrum orðum um málið, og þá byrja með því að lesa setninguna upp. Hún hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

»Hann (ráðherrann) verður laus við flokkaskiptingar og stjórnarskipti í Danmörku, en stendur og fellur með fylgi því, sem hann hefur á alþingi og á Íslandi, *enda göngum vjer að því vísu*, að hann verði skipaður af konunginum með undirskript ráðgjafans fyrir Ísland«.

Strax þegar þessu máli var hreyft, var setningin lögð þannig út, að undirskript Íslandsráðherra undir útnefningarbrjefið væri *beint skilyrði* fyrir því, að konungur samþykkti stjórnarskrárbreytinguna. Hún er lögð svona út af manni, sem flestum fremur ætti að skilja íslenzkt mál og manna síst ætti að rangfæra orð annara. En það er í sjálfu sjer ómögulegt, að útnefningarformið gæti verið skilyrði fyrir samþykkt stjórnarskrárbreytingarinnar, því að samþykkt stjórnarskrárbreytingarinnar varð að ganga nokkrum mánuðum á undan útnefningu ráðherrans. Það sjest líka bezt á stjórnarskrárnefndarálitinu sjálfu, að það er tilhæfulaus útlegging, að segja, að undirskriptin hafi átt að vera skilyrði fyrir staðfesting stjórnarskrárinnar. Það er ekki annað en *ósk* eða spá um, hvernig útnefningunni ætti að haga, »enda göngum vjer að því vísu« getur ekki þýtt annað, en »vjer þykjumst líka vita« eða »vjer búumst líka við«. Og það er eitthvað annað en skilyrði.

Þá hefur því verið haldið fram, að ráðherra Íslands væri skipaður samkvæmt grundvallarlögunum dönsku, en það nær heldur engri átt, enda get jeg því til sönnunar vitnað í orð þess manns, er þessu heldur fram, og það meira að segja í orð hans í sömu grein. Hann segir í sömu andránni, að Danir hefðu getað látið það eptir okkur að

útnefna ráðherrann með sjálfs hans undirskript eða formanns hans; það hefði *ekki* verið neitt brot á lögum þessum, því að þessi skipunaraðferð væri *að eins »tóm venja, er engin lög styðst við«*. Og það er alveg rjett.

Það er hvergi talað um skipun Íslandsráðherra í grundvallarlögunum, enda er það líka ómögulegt, því að grundvallarlögin eru frá 1866, en Íslandsráðherra varð fyrst til 1874 og heimastjórnarráðherrann ekki fyr en 1904. Það er enda óliklegt, að grundvallarlöggjafana hafi órað fyrir því, að vjer mundum eignast sjerstakan ráðherra.

Ráðherra Íslands er áreiðanlega skipaður eptir stjórnarskranni. Það er eins víst og það er víst, að landsyfirrjetturinn er skipaður eptir tilskipun 11. júlí 1800, og landsbankinn stofnaður eptir lögum 18. sept. 1885. Svona er þá undirstaða mótstöðumannanna og yfirbyggingin er eptir því. Þá hefur því verið haldið fram, að ráðherra Íslands hefði öll einkenni danskra ráðherra, en það er jafnfjarstætt og hitt. Danskir ráðherrar eru búsettir í aðsetursstað konungs, þeir eiga sæti í ríkisþinginu, þjóðþingið ákærir þá, en ríkisrjettur dæmir þá, og þeir fá laun sín úr ríkissjóði. En ráðherra Íslands er búsettur í Reykjavík, á sæti á alþingi, alþingi ákærir hann, hæstirjettur eða landsdómur dæmir hann, og hann fær laun sín úr landssjóði.

Og að því, er snertir fullyrðing sama manns um algjört ósjálfstæði ráðherrans, er nóg að benda til ráðaneytisskiptanna í Danmörku og kveðju konungs til alþingis. *Sjerstaða* hans er sýnd og sönnuð með ólýginni reynslunni. Því er beint lýst yfir í boðskap konungs til alþingis, að »pólitiskir« straumar í Danmörku hafi engin áhrif á sjerstöðu ráðherra Íslands. Og það er fengin sönnun fyrir meiru en sjerstöðu hans. Konungskveðjan lofar okkur, ef ekki beinlínis þá óbeinlínis, *fullu þingræði*, staðfestir með öðrum orðum álit stjórnarskrárnefndarinnar í Nd. 1903. Það var mergurinn málsins fyrir nefndinni, eins og sjest á orðunum, sem jeg las upp áðan. Óskin um, að útnefning ráðherrans færi fram með undirskript Íslands ráðherrans, var tekin upp í því trausti, að danska stjórnin mundi láta þetta eptir oss, úr því hún veitti okkur innlenda stjórn, og af því bjuggust menn á hinn bóginn við að mundi leiða, að andófið móti okkar ungu sjálfstjórn mundi dofna, er allir sæju, að ráðherrann færi öðruvísi á stað en dönsku ráðherrarnir; hitt kom engum til hugar að undirskript Íslandsráðherra sjálfs ætti að vera *skilyrði fyrir að þiggja heimastjórn*; það hefði verið tekið upp í sjálft frumvarpið, ef það hefði átt að vera skilyrði, eins og það var t. d. gjört að skilyrði, að ráðherrann talaði íslenzka tungu, hefði ekki annað embætti á hendi o. s. frv. Það var ekki minnzt einu orði á þetta atriði í nefndinni, og það var ekki orðað hjer í deildinni. Mjer er til efs, að nokkur hafi tekið eptir því fyr en vitnaðist um undirskript forsætisráðherrans. Þá varð það allt í einu að »stórpólitisku« númeri.

Hjer er heldur ekki um stjórnarskrárbrot að ræða, eins og andstæðingar vorir halda fram, því þó leitað væri með logandi ljósi um alla stjórnarskrána, þá skal hvergi vera hægt að finna eitt orð, er segi af eða á um útnefninguna eða undirskriptina. Jeg fullyrði, að undirskript er þar hvergi nefnd á nafn. Og sama máli er að gegna um ráðherraábyrgðarlögin.

Hjer má líka geta þess, að ríkisráðið er nú ekki lengur sjereign Dana, ekki fremur sjereign þeirra en hæstirjettur. Hæstirjettur er sameign okkar við Dani eptir stöðulögunum, en ríkisráðið er sameign okkar við Dani eptir nýju stjórnarskrárviðbótinni, sem allir þingmenn, að 1 undanskildum, þar á meðal háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) greiddu jákvæði. Og sje svo, er forseti ríkisráðsins, forsætisráðherrann, líka sameiginlegur.

En hvernig stendur þá á því, að jafnmikið veður hefur orðið út af þessu: »Það er »pólitik með í spilinu« Nota flest í nauðum skal. Tilgangurinn hefur auðsjáanlega verið sá, að sundra heimastjórnarflokknum. Það er mýmargt, sem bendir til þess, t. d. hátterni blaðanna og enda flutningur málsins hjer á þingi. Ef hugur fylgdi máli, ef andstæðingar vorir álitu, að hjer væri um stjórnarskrárbrot að ræða, eins og þingsályktunartillagan ber með sjer, þá ættu þeir annaðhvort að ákæra Alberti fyrir útnefninguna eða Hannes Hafstein fyrir að takast stöðuna á hendur eða þá að minnsta kosti lýsa vantrausti sínu á honum. En það er öðru nær. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lýsti því þvert á móti yfir, þegar ritsímaumræðurnar stóðu hjer í deildinni, að vildi ráðherrann hætta við ritsímann sinn, þá væri mótflokkurinn fús á að gefa ráðherranum traustsyfirlýsingu.

En þó að tilgangurinn muni hafa verið þessi, þá er það samt vel skiljanlegt, að margur góður drengur hefur slæðzt í förina með. Það er opt svo, meðan menn eru ungir, að tilfinningarnar ráða meira en röksemdir og rólegar yfirveganir, enda er hviðan enn viðkvæm hjá mörgum gagnvart Dönum. Blöðin hafa líka, sum hver, þyrlað upp meira ryki en svo út af þessu, að heimtandi sje af almenningi, að hann geti strax blásið því frá sjer. En nú er allur ótti ástæðulaus, því að reynslan, sem við höfum fengið, hefur skorið úr.

Það sem jeg hef helzt á móti þingsályktunartill. er það, að hún svo gott, sem lýsir því yfir, að hjer hafi verið framið stjórnarskrárbrot með því að segja að *það eitt* sje í samræmi við stjórnarskrána, að ráðherrann skrifi sjálfur undir útnefningu sína. Út úr þessum orðum *verður* ekki annað dregið en hjer sje um stjórnarskrárbrot að ræða. En eins og jeg gat um áður, er ekki minnzt á það í stjórnarskránni, hvernig skuli útnefna ráðherrann, nje yfir höfuð að tala þess getið, að ráðherrann undirskrifi með konungi. Þetta kemur heldur ekki vel heim við niðurlag till. sjálfrar, sem lætur sjer nægja að skora á ráðherrann að kippa þessu í lag. Væri hjer um stjórnarskrárbrot að ræða, ætti að fara allt aðra leið. Þá ætti að ákæra ráðherrann. Minna gæti ekkert gagn gjört. Till. er ekkert annað en selbiti í vasann, og gæti þó komið á stað nýrri baráttu við dönsku stjórnina, ef hún yrði samþ., því að vitanlega yrði ráðherrann þá að sækja það fast, að till. gengi fram, en nú veit maður, að því er ekki að heilsa í bráð, og þá væri eldurinn aptur kveiktur, en það væri oflitil eldkveikja eptir þeirri reynslu, sem fengin er, og með það fyrir augum, hve margar lífsnauðsynlegar þarfir kalla til vor heima fyrir.

Meir hlutinn getur því ekki verið með till. og það því síður, sem till. líklega aðallega stefnir að því, að láta stórsjó blaðanna út af undirskriptinni þó ekki verða að tómri froðu.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um till. til hinnar rökstuddu dagskrár.

Það, sem einkum hefur valdið því,

að undirskriptin hefur skotið sumum skelk í bringu utan mótflokks vors, er vafalaust ótti manna fyrir því, að ráðherrann yrði að lúta útlendum pólitískum straumum, enda hefði þingræði voru þá verið stofnað í voða. En nú er reynsla fengin fyrir því, að þessi hræðsla er ekki á rökum byggð. bæði með ráðaneytisskiptunum í Danmörku í ársbyrjun og með kveðju konungs í þingbyrjun. Og meira til. Kveðja konungs er heitorð um *þingræði* oss til handa. Það er fengin full *viðurkenning konungs fyrir sjerstöðu ráðherrans*, fengin viðurkenning hans fyrir *þingræði* hjer á landi. Þess vegna er konungs-kveðjan »stórpólitiskt« skjal, sem ætti að vera öllum góðum Íslendingum reglulegt fagnaðarerindi, umfram allt þinginu og þá ekki síst stjórnarskrárnefndinni frá 1903, því að kveðja konungs hefur látið vonir nefndarinnar fyllilega rætast, vonir hennar um, að ráðherrann yrði óháður út á við, en stæði og fjelli með því fylgi, sem hann hefði hjá þingi og þjóð. Því til sönnunar skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa kafla úr kveðjunni upp úr gjörðabók þingsins:

»Hin nýja skipun hefur í för með sjer mikla breyting á allri stöðu alþingis, og leggur því á herðar aukna ábyrgð, nú er *málameðferð ríkisþingsins hefur eigi nein áhrif á ákvörðun mína um það, hvort ráðherraskipti eigi að verða á Íslandi*, eins og þegar er fram komið við ráðaneytisskiptin í byrjun þessa árs.

Það er von mín, *að alþingi skilji þessa nýju ábyrgð sína*, og að það ásamt yður í eindrægni og gætni vinni að hagsæld Íslands«.

Og til enn frekari árjettingar höfum vjer fengið full lagatök á ráðherranum, ráðherraábyrgðarlögin frá 1903, sem líklega eru öllum lögum um það efni strangari, og lögin um stofnun landsdóms, sem nú eru á ferðinni. Ráðherrann ber hjer eptir, bæði samkvæmt stjórnarskránni og ábyrgðarlögunum *fulla ábyrgð* ekki að eins á því, sem hann gjörir heldur líka á því, sem hann lætur ógjört. Hann ber þannig fulla ábyrgð á *útnefningu sinni*, hvort sem hann eða aðrir skrifa undir útnefningarskjalið, bara með því að taka við embættinu. Og það er mergurinn málsins.

Um þýðingu undirskriptarinnar sjálfrar er aptur á móti ekkert sagt í dagskránni. Það er opið spursmál hjer eptir, sem hingað til, hve mikið eða lítið má eða á að leggja í hana. Hver maður getur hjer eptir sem hingað til skilið hana á þann veg, sem hann vill, enda á það svo að vera, því að hún er samkvæmt fenginni reynslu ekki þess verð, að við förum að leggja út í nýja »pólitíska« styrjöld hennar vegna. Annað mál væri, að *nota færi* til að fá henni hagað eptir óskum nefndarinnar 1903.

Að svo mæltu vík jeg nokkrum orðum að ýmsum atriðum í ræðu háttv. þm. N,-Ísf.

Háttv. þm. N.-Ísf. sagði, að flokkur sá, sem nú væri í meiri hluta hjer á þingi, hefði haft allt aðrar skoðanir á ríkisráðsspurningunni áður, en það er rangt. Heimastjórnarflokkurinn varð fyrst til 1901, og hefur allt fram á þennan dag hvorki látið velþóknun eða vanþóknun í ljósi yfir ríkisráðskenningunum gömlu. Hann hefur samþ. ríkisráðsákvæðið rjett eins og mótflokkurinn, en heldur ekki meira.

Þá talaði háttv. þm. N.-Ísf. mikið um að þingræðinu væri misboðið, sjálfstæði vort lítilsvirt og landsrjettindum vorum traðkað með undirskript forsætisráðherrans. En þó að þetta sjeu karlmannleg orð, þá eru það samt

ekki annað en orð, meira að segja innantóm orð, eða sleggjudómar.

Háttv. þm. sagði enn fremur, að konungur væri hjeðan af bundinn við ráðleggingar forsætisráðherrans, þegar skipa ætti ráðherra fyrir Ísland, og þannig yrði þingræði tómur hjegómi. En það er heldur ekki rjett, enda veit þm. það fullt eins vel og jeg, að Alberti hafði allan undirbúning um útnefningu ráðherra vors. Forsætisráðherrann átti þar engan hlut að máli. Hann lagði að eins til nafnið á brjefið. Og svo ber þess að gæta, að þó svo væri ákveðið með lögum, að Íslandsráðherra ætti sjálfur að skrifa undir skipunarbrjefið, þá væri samt alveg ómögulegt, að girða fyrir það, að forsætisráðherrann og enda hver sem vera vill, legði konungi ráð um útnefninguna, enda má benda á, að forsætisráðherrann, sem nú er, hefur engin afskipti haft af setu ráðherrans. Ráðherra vor sat einn kyr, þegar ráðaneytisskiptin urðu í vetur.

Háttv. þm. sagði líka, að kveðja konungs til alþingis væri alveg einskis verð, en um það þarf ekki að deila við læsa menn. Hún segir berum orðum, að dönsk »pólitik« hafi engin áhrif á stjórn vora, og heitir oss óbeinlínis ef ekki beinlínis fullu þingræði. Og það á að vera einskisvert!

Háttv. þm. sagði, að Danir væru hjer auðsjáanlega að pota fram litla fingrinum til að koma seinna að allri hendinni, eða jafnvel öllum skrokknum, og þeir væru að byrja að ráðast á þjóðerni vort. En þetta er ekkert annað en sleggjudómur eða getsök, sem kastað er fram til að hún gangi í fólkið. Og hvað skyldu lagaákvæði eða rjettarvenjur hjálpa oss, ef Danir sætu á svikráðum við oss. Þeir eru sterkari en vjer, þó að þeir sjeu ekki sterkir. Þeir geta auðvitað sótt okkur með oddi og egg, ef þeim býður svo við að horfa. Við höfum ekkert herlið til að mæta þeim með. Og eins geta þeir brotið lög á okkur. En það er engin ástæða til að væna þá um það nú. Og það er meira að segja stórkostlega óhyggilegt frá »pólitísku« sjónarmiði að ala á óvildinni milli þjóðanna, því að við eigum eptir að sækja margt undir þá enn, t. d. betri strandvörn, að jeg ekki segi landvörn, samþykki til afnáms hæstarjettar sem dómstóls í íslenzkum málum o. fl.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að þjóðin hafi tekið svo eindrægnislega í þetta mál, þá held jeg, að hann gjöri of mikið úr því. Þetta hefur nánast verið blaðamál, og þjóðin fer, — án þess að jeg vilji að nokkru leyti fara að gjöra lítið úr hennar vilja, — nokkuð mikið eptir því, sem hún heyrir. Það er ekki nema eðlilegt, því þetta er mál, sem almenningur ekki getur haft rökstudda skoðun um. Og fundir þeir, sem sent hafa hingað áskoranir, hafa auðvitað verið mest eða eingöngu sóttir af samskoðunarmönnum, svo þeir geta ekki sýnt neinn *þjóðar*vilja í þessu efni. Eða mundi »bændafundurinn« svo kallaði hafa orðið jafn fjölsóttur, ef það hefði ekki verið breitt út, að meiri hlutinn væri að fjefletta þjóðina með tollálögum og fjáraustri í sam. gufuskipafjelagið.

Háttv. þm. kastaði þeirri spurningu fram, hvort þingið ætlaði að fella sig við undirskriptar-aðferðina, sem hann kallaði stjórnarskrárbrot, og fella sína vægu tillögu. Það er óþarft að spá nokkru um hvað deildin muni gjöra. Það kemur bráðum fram Jeg vona þó, að hún samþ. dagskrána, en felli tillöguna. Með því er undirskriptaraðferðin alls ekki samþ. Það er ekkert um hana sagt; en vitanlega væri þá kveðin niður fullyrðing mótflokksins um, að hjer sje um stjórnarskrár-

brot að ræða, og það væri fullkomlega maklegt.

Ráðherrann: Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. N.-Ísf., sem mjer láðist að svara. Hann spurði, hvort það væri rjett, sem flogið hefði fyrir, að jeg hefði fengið brjef frá forsætisráðherranum, þar sem hann hefði *lagt fyrir mig (Skúli Thoroddsen:* mælzt til) nei, lagt fyrir mig, sagði háttv. þm., hvernig sem hann vill snúa því á eptir, að senda fiskiveiða-»inspektíóninni« til álita frumv., er snertu fiskiveiðar, áður en þau sjeu borin upp fyrir alþingi, og ljet hann drýgindalega yfir því, að þetta virtist benda á, að forsætisráðherrann þættist hafa svo og svo mikið yfir ráðherra Íslands að segja. Ekki þurfti hann að spyrja af því, að hann vissi ekki fullvel, hvað satt er í þessu, sem hann var að spyrja um, því jeg hef sjálfur sýnt honum brjef það, sem dylgjurnar lúta að. En fyrst hann spyr, þá skal jeg segja honum, að ekki er neinn flugufótur fyrir því, er hann vill gefa í skyn að í brjefinu liggi. Aðalefni brjefsins er að skýra frá þeirri ósk fjárlaganefndarinnar á þjóðþingi Dana, að alþingi fallist á að láta hluta af botnvörpungasektum og öðrum tekjum af aðgjörðum fiskiveiðaeptirlits-skipsins hjer við land renna í ríkissjóð; en í sambandi við þetta notar ráðherrann, sem auk forsætis í ráðaneyti konungs, hefur með höndum yfirstjórn flotamálanna, er fiskiveiðaeptirlitið hjer við land lýtur undir, tækifærið til þess að leiða athygli að því*, hvort ekki mundi heppilegt, er um nýmæli í fiskiveiðalöggjöfinni er að ræða, að bera sig saman við forstjóra eptirlitsskipsins, til þess að honum gæfist kostur á að láta uppi álit sitt um, hvort nokkuð mundi vera því til fyrirstöðu að framfylgja þeim ákvæðum, sem óskað væri að setja og undir hann mundi bera að fylgja fram.

Að þetta sje nokkurt valdboð til Íslandsstjórnar, er fjarstæða. Það er að eins kurteysleg spurning um það, hvort þetta mundi ekki vera hentugt. Það er og sannast að segja, að íslenzka stjórnin hefur ekki orðið vör við, að forsætisráðherrann, nje aðrir danskir ráðherrar hafi viljað hlutast til um sjermál Íslands þessi misseri, nema þá til þess samkvæmt beiðni okkar, að gjöra okkur greiða, eða hlaupa undir bagga í einu eða öðru, sem stjórn Íslands hefur farið fram á. Til þess hafa þeir verið boðnir og búnir, t. d. í fiskiveiðamálum o. fl., og eiga fyrir það þökk skilið, en ekki dylgjur og getsakir.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Það er í rauninni fátt, sem jeg þarf að segja viðvíkjandi þessu máli, er hjer liggur fyrir, því eins og vitanlegt er, stend jeg fyrir utan þá flokka, sem hafa gjört þetta mál að kapps- og æsingamáli. Mál þetta verður að skoða frá tveim hliðum, frá lagalegu og frá »pólitísku« sjónarmiði. Jeg skal fyrst víkja nokkrum orðum að þeirri lagalegu hlið. Jeg tek það fram um tillöguna á þingskjali 120, að það er lögfræðisleg villa, sem í tillögunni stendur, að *það eitt* sje rjett, að ráðherrann sje skipaður með undirskript sjálfs hans eða fráfarandi Íslands ráðherra. Það stendur hvergi í okkar stjórnarskrá, að okkar ráðherra þurfi að *undirskrifa* ályktun konungs til þess, að ábyrgðin falli á hann. Það er danskt grundvallarlaga-ákvæði, en ekkert slíkt finnst í okkar stjórnarskrá. Það er lögfræðisleg villa segi jeg, og það er firra, að flytja slíkt hjer

*) »Sluttelig benytter man denne Lejlighed til at henlede Opmærksomheden paa, om« o. s. frv.

á þinginu, því að ef þetta væri samþykkt, væri þar með takmörkuð ábyrgð ráðherrans við þær ályktanir, er hann hefur *skrifað undir*, þingið afsalar sjer með þessu þeim rjetti, að geta komið fram ábyrgð á hendur honum í öðrum tilfellum.

Það er vitaskuld, að þetta getur ekki skoðast sem lítilvægt mál, þó að sumir ekki hafi viljað gjöra mikið úr því. Frá lögfræðislegri hlið *getur* það haft þá þýðingu, að forsætisráðherrann setji »veto«. Hann getur sett okkur stólinn fyrir dyrnar, og neitað að skrifa undir skipun þessa manns, sem þingið helzt vildi hafa. En jafnvel frá »theoretisku« sjónarmiði er þó engin hætta á ferðum, því allt af verður einhver að taka að sjer að vera Íslandsráðherra. Hann ber svo ábyrgðina á skipun sinni gagnvart alþingi, sem strax getur velt honum úr sessi og kært hann. Jeg tala auðvitað um venjulegt »pólitiskt« ástand, venjulegar deilur milli þings og stjórnar. Þingið hefur allt af rjett til, að kæra þann, sem við skipuninni tekur, ef að hann er í ósamræmi við þingið eða meiri hluta þess. Hjer er því engin veruleg hætta.

Annað, sem tekið hefur verið fram, er það, að forsætisráðherrann geti sett Íslandsráðherra af; það getur hann ekki, nema annar Íslandsráðherra taki með honum þátt í þeirri gjörð, og að honum verður þingið að halda sjer. Slíkt ástand væri hugsanlegt, en í raun og veru er engin hætta á því, að það komi fyrir; það getur því að eins komið fyrir, að megnar æsingar sjeu í landinu, en það vonar maður að ekki komi fyrir. Flestir hugsandi menn í landinu munu vera farnir að sjá, að slíkt er ekki hyggileg »pólitík«, og að við vinnum ekkert með því, að steyta hnefana; okkar landi og málsstað gögnum við bezt með rjettsýni og gætni; svo hefur það verið í hinni undanförnu baráttu, enda hefur unnizt meiri umbót á stjórnarhögunum hjá okkur á síðustu árum, en hjá nokkurri annari þjóð á jafn skömmum tíma. Það er engin ástæða til, að væna alríkisstjórnina þess, að af hennar hendi sje ekki stjórnarbótin nýja samþykkt með einlægum hug. Það er mín sannfæring, að það sje gjört í góðri meiningu, og þá er ekki hætt við því, að slíkar »júrídiskar« spurningar verði að »pólitiskum« bareflum í höndum Dana. Þessi fastheldni þeirra við undirskript forsætisráðherrans er »pólitísk« kredda, eins og svo margar aðrar »pólitískar« kreddur, sem við höfum átt að berjast við, og sem hverfur með tímanum, og er sjálfsagt hægra að ryðja úr vegi en mörgum öðrum.

Frá lagalegu sjónarmiði virðist mjer þess vegna, sem röksemdirnar hjá þeim, sem mæla á móti, sjeu nokkuð ljettar, og frá »pólitísku« sjónarmiði eða »praktískt« skoðað, er hjer alls engin hætta á ferðum, hvorki fyrir sjerstöðu okkar nje þingræði. Og þó að það væri sett lagaákvæði um þetta, hvaða trygging hefðum við í þeim úr því að við ekki höfum afl til, að fylgja lögunum fram með vopnum, ef þau eru brotin?

Það er engin ástæða til þess, að gjöra úr þessu blástur eða storm. Það er rjett, að þingið sýni sína afstöðu í málinu, en að gjöra þetta að »pólitísku« áflogamáli og blása upp úr því æsingar meðal þjóðarinnar, það er misráðið.

Það hefur komið fram í ræðum hinna háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) og N.-Ísf. (Sk. Th.), að þetta væri flokkamál. Háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) sagði það vera fundið upp til þess, að sundra heimastjórnarflokknum, og það kom einnig nokkuð sviplíkt fram í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

En það er talsverður ábyrgðarhluti, að gjöra svona mál að æsingamáli, og reyna á allar lundir til, eins og flokkarnir gjöra hver um sig, að snúa við öllum röksemdum í því, til þess að rugla hugsun manna og skynsemi; slíkt mál ætti að sækja svo hreint og drengilega frá báðum hliðum, sem framast er mögulegt, og menn ættu sem mest að varast, að kasta eldi inn í slíkt mál. Hún er orðin óþolandi átumein þessi heiptúðuga »flokkapólitik«. Hún spillir málum hjer á þingum, og gjörir þjóðinni á þann veg stórtjón. Hún eyðileggur hugsunarhátt þjóðarinnar og kveikir hatur og úlfúð um landið meðal góðra manna. Ofstækin er frá báðum hliðum orðin svo svæsin og æsingarnar svo samvizkulausar, að við erum að leggja inn á braut, sem er þjóðfrelsi voru hættuleg, og getur, ef þessu heldur áfram, í framtíð orðið hættulegri, en menn ímynda sjer nú, stórum hættulegri, en þetta undirskriptarmál. Það er ódrengileg aðferð, að halla hverju máli, skýra að eins frá ástæðum á aðra hliðina en rangfæra ástæður mótstöðumannanna til þess, að geta gjört þær að bareflum á þá persónulega. Þetta hefur verið mikið tíðkað á síðari árum, helzt síðan 1897, og fer nú óðum versnandi; þá var hafin sterk æsing á móti stjórnarskrármálinu, og þá var beitt ýmsum vopnum, sem hver ærlegur maður skirrist við að taka sjer í hönd; nú eru æsingarnar byrjaðar frá hinni hliðinni og hálfu verri. Allflest þýðingarmikil mál eru ekki skoðuð frá því sjónarmiði, hvað sje þjóð og landi fyrir beztu, heldur að eins frá því sjónarmiði, hvað sje flokkunum hvorum um sig til gagns eða hvernig bezt sje að rangsnúa þeim, hinum flokknum til áfellis.

Segjum nú svo, að það takist með slíkum æsingum, að steypa stjórninni — og það má það fyrir mjer, ekki skal jeg gráta hana, — og hinn flokkurinn tæki við stjórn landsins, þá byrjar sama orrahríðin á ný, og þannig áfram koll af kolli. Og svo heldur alþýðan, sem er hrekklaus og fljót til að taka tortryggingarnar trúanlegar, að á þingi og í stjórn sitji eintómir bófar. Þetta leiðir á endanum til þess, að við fáum spillt þing og óbrúkandi stjórn. Brautin er hál. Að koma á friði, svo hægt sje að ræða mál með rökum, að byggja út sorpkastinu og flokka-æsingunum, það held jeg að væri heiðarlegri og betri starfi en þetta, að reyna með hvaða vopni, sem hönd festir á, að rangfæra málin, sverta sína mótstöðumenn, og að halda fram gagni flokksins, framar en lands og þjóðar.

Það var eitt atriði hjá hinum hæstv. ráðh., sem jeg vildi minnast á. Hann sagði, að skipun Íslandsráðherra undir eldra stjórnarfyrirkomulaginu hefði verið framkvæmd með undirskript forsætisráðherra, og þessi síðasta skipun hefði verið framkvæmd eptir sömu reglu. Þetta er ekki rjett; lögin eru í þessu efni breytt, því áður bar ráðherrann að eins ábyrgð á stjórnarskrárbroti, en ekki á stjórnarathöfn. Nú ber hann líka ábyrgð á stjórnarathöfnum, en þetta er »stjórnarathöfn«. Jeg verð að segja það, að í raun og veru líkar mjer hvorug tillagan. Það hefði í dagskránni verið heppilegra, að afstaðan gagnvart því, sem fram hefur farið, hefði verið nokkuð skýrar mörkuð. En hún tekur þó það aðalatriði málsins fram, að Íslandsráðherra beri sjálfur ábyrgð á sinni eigin skipun gagnvart alþingi.

Jeg hallast þó heldur að dagskránni, þó að hún fari nokkuð skammt.

Hún nægir til þess, að láta sjá, að við viljum slá föstum okkar rjetti í þessu efni.

Að hjer sje traðkað þingræðinu er enganveginn á rökum byggt. Það má með meira sanni segja, að hjer hafi á síðasta mánuði verið reynt til þess að traðka rjettu þingræði með því að veikja traust þingsins og fótum troða vilja þess. Hatrinu, ofsanum og ofsóknunum hefur verið beint að þinginu, og landslýðurinn verið spanaður upp til að ráðast á þá stofnun, sem vera á vörður fyrir rjettindum þjóðarinnar og það með uppspunnum sakargiptum og rangfærslum. Slíkt getur orðið mjög hættulegt í framtíðinni eins og jeg hef bent á. Þingið á engan veginn að vera undirlægja stjórnarinnar, en það á heldur ekki að vera hvers manns hræriþvara, þeytispjald fyrir hverja eina stundaræsing, sem blásin er upp af flokksofstæki með ópum og gauragangi. Þingið á að sýna sjálfstæði á báðar vogir. Með því einu móti getur það varið rjett vorn í framtíðinni og því að eins stýrt málum vorum inn á rjetta og holla braut.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Það er komin fram till. til rökstuddrar dagskrár; og þykist jeg vita, að hana muni eiga að samþykkja hjer í deildinni, en tel það mjög vanráðið, og því vil jeg fara um hana nokkrum orðum, áður en gengið er til atkv.

Í dagskránni er slegið föstu, að það sje sýnt með ráðaneytisskiptunum í Danmörku síðastliðinn vetur, og felist í kveðju konungs til alþingis, að viðurkenning sje fengin fyrir sjerstöðu ráðherra Íslands, og fyrir þingræði hjer á landi; en þetta er ekki rjett. Eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, er alls ekki fengin nein reynsla, þótt forsætisráðherra þætti ekki ástæða til þess, að láta ráðherra Íslands víkja úr völdum, er ráðaneytisskiptin urðu í Danmörku í vetur. Það er heldur ekki rjett, að í konungskveðjunni felist það, sem dagskráin segir; í henni felst ekkert annað en það, að málameðferð danska ríkisþingsins hafi eigi framar áhrif á það, hver skipaður sje ráðherra Íslands: en það er *ekki* minnzt einu orði á það, að dönsku *ráðherrarnir* eigi ekki að hafa slík áhrif, enda höfum vjer það svart á hvítu, að danski forsætisráðherrann telur sig eiga að hafa slík áhrif, telur sig eiga að ráða því, hver ráðherra Íslands sje. En í hinni rökstuddu dagskrá er þessu ekki mótmælt með einu orði, heldur felst einmitt í henni, að sú aðferð sje góð og gild. Í samþykkt dagskrárinnar felst því rjettindaafsal.

Þm. Snæf. (L. H. B.) sagði, að ekki væri rjett að telja þetta stjórnarskrárbrot af því að skipun Íslandsráðherra væri ekki nefnd þar. En þetta er ekki rjett, því að stjórnarskráin segir það einmitt beinum orðum. Það er tekið fram í 1. gr., að í öllum þeim málum, sem varða Ísland sjerstaklega, hafi landið löggjöf sína og stjórn *út af fyrir sig*. Í 2. gr. stendur, að konungur hafi hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands og *láti ráðherra Íslands framkvæma það*. Þar er að vísu ekki tekið upp, hver þessi mál sjeu, en það liggur í hlutarins eðli, að skipun íslenzka sjermálaráðherrans, sem er æðsti íslenzki embættismaðurinn, er íslenzkt sjermál.

Þar sem seinni hluti dagskrárinnar talar um það, að ráðh. Íslands beri ábyrgð á skipun sinni, þá hefur alls ekki verið þráttað um það. Þessi hluti dagskrárinnar er því óþarfur; en fyrri hlutinn er aptur á móti mjög skaðlegur.

Þá vil jeg snúa mjer að einstökum

atriðum í ræðu hæstv. ráðh. og háttv. þm. V.-Sk., (Guðl. G.). Hvað viðvíkur ræðu þm. V.-Sk., þá var mjer það þegar áður kunnugt, að hann hafði sjerstöðu í þessu máli, eins og yfir höfuð í öllum málum, þar sem andstæðinga stjórnarinnar hefur greint á við stjórnina á þessu þingi. Vjer heyrðum það strax í þingbyrjun, að það væri ekki eitt einasta mál, sem oss, stjórnarandstæðingum, þótti máli skipta, að hann hefði ekki »sína sjerstöðu« í því máli, svo að það varð brátt ljóst, að hann átti ekki heima í flokki vorum, enda er hann nú eigi í honum lengur. Hann lagði áherzlu á það í ræðu sinni, að þótt forsætisráðh. skrifaði undir skipunarbrjef ráðherra Íslands, væri það ekkert hættulegt af því að Íslendingar gætu samt sem áður kært ráðh. Íslands. Það er mikið rjett, að alþingi getur kært hann. En hvernig býr Heimastjórnarflokkurinn þetta í garð? Jú, hann hefur búið þannig um hnútana með landsdómslögunum, sem afgreidd verða á þessu þingi, að heita má alveg ómögulegt, að koma fram ábyrgð á hendur ráðh., svo að það er sannarlega sízt ástæða til þess, að gjöra mikið úr lagalegu ábyrgðinni. Þm. V.-Sk. talaði um, að ekki ætti við, að steyta hnefana framan í Dani. Jeg tel það alls ekki eiga við, að tala um steytta hnefa, þótt alþingi samþykki svona vægilega orðaða þingsál.till., eins og vjer höfum borið fram. Það er ekki annað en það, sem alþingi er skylt að gjöra, til að fylgja fram ályktunum síðasta alþingis, og vernda landsrjettindin. Og þar sem hann talaði ennfremur um það, að vjer ættum ekki að væna Danastjórn ills, þá felst eigi í tillögunni nein slík aðdróttun til núverandi Danastjórnar. En hinu megum vjer alls ekki gleyma, að þar sem um stjórnarskrárákvæði ræðir, má maður eigi festa augun á neina sjerstaka stjórn, því að slík ákvæði hafa þýðingu fyrir kynslóðir kynslóða. Tíminn getur breytzt. Í Kópavogi forðum sagði höfuðsmaðurinn, að það, sem þar gjörðist, væri að eins form og hefði enga þýðingu, en það reyndist annað, þegar frá leið.

Háttv. þm. V.-Sk., talaði um firrur, æsingar o. s. frv., en slík ummæli eiga hjer alls ekki við. Bæði flutningsm. þingsályktunartill. og Landvarnarflokkurinn hafa að eins haldið skoðun sinni einarðlega fram, og það eru stórmálin sem eðlilega hljóta að skipta mönnum í flokka, og sannarlega eru undirskriptarmálið og ritsímamálið slík stórmál.

Jeg get því ekki annað sjeð, en að flokkaskipting sú, sem nú er, sje á heilbrigðum grundvelli byggð, og hjer á því alls ekki við, að vera að tala um æsingar, eða þviumlíkt. Öll ummæli háttv. þm. V.-Skf. (Guðl. G.) undir rós, um árásir á þingið, hafa og eigi við neitt að styðjast, nema ef vera skyldi veiklaða ímyndun þingmannsins sjálfs, og eru töluð út á þekju. En íslenzkir borgarar og bændur hafa fullan rjett til þess, að koma fram með vilja sinn, og snúa sjer til alþingis, enda er það þeirra hlutverk, að dæma gjörðir þingmanna sinna, og þá þm., sem lítilsvirða þjóðarviljann.

Þegar alþm. og aðrir eru að reyna að telja mönnum trú um, að undirskriptarmálið sje svo torskilið, að það sje eigi alþýðumanna, að dæma um það, þá er það ekki rjett. Þetta mál er svo einfalt mál, að hver alþýðumaður, og hver uppvaxandi maður, sem hefur heilbrigða greind, getur gjört sjer glöggva grein fyrir því. Það, að

danskur ráðh. tekur sjer vald til að eiga atkv. um sjermál vor, og þykist eiga að ráða skipun sjermálaráðherrans, sjer hver maður, að getur orðið sjálfstjórn vorri afarhættulegt; jeg spyr því eðlilega, á hvaða lagaákvæði þessi rjettur danska forsætisráðherrans sje byggður. Er hann byggður á stjórnarskrá vorri? Nei, þar stendur engin stafur um það, að hann hafi rjett til þess, heldur þvert á móti.

Ræðu hæstv. ráðh. er fáu að svara. Hann sagði, að hann hefði ekki getað hindrað undirskript forsætisráðherrans, og fór að öðru leyti fljótt yfir sögu. En þar sem honum fannst það afsökun, að fyrverandi ráðherra Íslands hefði undirbúið skipun sína, þá get jeg enga áherzlu á það lagt, því að undirskript forsætisráðherrans var það, sem þýðinguna hafði, og það, sem gaf skipuninni gildi. Að koma með annað eins og það, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) hjelt fram, að undirskript forsætisráðherrans gjörði ekkert til, af því að ekki væri hægt að stinga upp í eyru konungs, nje hindra, að hann ráðfæri sig við hvern, sem hann vildi, er barnaleg athugasemd. Veit jeg það vel, að ekki er hægt að meina ráðh. dönsku, að tala við konunginn, en að segja, að lög sjeu óþörf af því að það megi fara í kringum lögin, nær engri átt. Eptir sömu reglu ættum vjer ekki að kæra oss um að hafa nein lög.

Viðvíkjandi þeim ummælum háttv. þm. Snæf. um vilja þjóðarinnar, að menn færu að eins eptir því, sem þeir heyrðu, og þingmálafundir hefðu að eins verið sóttir af þeim, sem hefðu haft þessa sömu skoðun, eins og vjer andstæðingar stjórnarinnar, þá er til þess að svara: Hví sóttu skoðanabræður háttv. þm. Snæf. ekki fundina? Mun það ekki hafa verið af því, að það voru engir trúaðir á kenningar þær, sem blöð stjórnarinnar fluttu, og vildu því ekki verja þær opinberlega á fundum? Háttv. þm. Snæf. talaði einnig um það, að jeg hefði ekki sannað hitt og þetta, sem jeg bar fram, t. d. að þingviljanum hefði verið traðkað o. s. frv. En þetta er enganveginn rjett; jeg færði einmitt skýr rök að því, þar sem jeg sýndi fram á vilja alþingis 1903, og hversu illa stjórnarskránni hafði verið beitt, og sýndi fram á, hver ákvæði hennar hefðu verið brotin. Hvernig er hægt að færa fram ríkari rök? Þm. Snæf. sagði, að þar sem Ísl. ráðherra ekki gæti verið skipaður eptir grundvallarlögunum dönsku, þá hlyti hann að vera skipaður eptir stjórnarskránni. (*Lárus H. Bjarnason:* Nei). Jú, þm. sagði það. En jeg sýndi fram á hitt, að ef danski forsætisráðherrann þykist hafa rjett til að skipa Íslands ráðherra, þá hlyti hann að byggja þann ímyndaða rjett sinn að eins á grundvallarlögunum; en gildi þeirra hjer á landi getur enginn Íslendingur viðurkennt.

Ráðherrann sagði, að fylgt hefði verið sömu reglu eins og áður við skipun Íslandsráðgjafans. Þetta er rjett. En eins og háttv. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.) benti á, þá hefur staðið svo sjerstaklega á, að Íslandsráðherrann var jafnframt dómsmálaráðherra Dana og varð sem slíkur að vera skipaður af forsætisráðherranum. En nú breyttist þetta, þar sem ráðherra Íslands má nú ekki hafa annað ráðherraembætti á hendi. Vjer Íslendingar könnumst heldur ekki við, að sú aðferð, er beitt hafði verið, hefði verið rjett; heldur hjeldum vjer því ávallt fast fram, að það færi í bága við gömlu stjórnarskrána. Þetta var ólöglég venja, sem að sjálfsögðu ekki gat komið til mála að fylgt væri áfram, er fengin eru skýr stjórnarskrárákvæði

um það, að ráðherra Íslands ber ábyrgð á allri stjórnarathöfninni.

Þar sem ráðherrann gat þess, að ekki ætti að brydda á þessu í ótíma, heldur væri rjettara að fara hægt, þá er til þess að svara, að þegar rjettindi landsins eru fyrir borð borin, þá á að tala bæði í tíma og ótíma, og vjer eigum aldrei að þola, að rjettindum landsins sje traðkað, án þess að vjer mótmælum því öfluglega.

Í seinni ræðu hins hæstv. ráðherra minntist hann á þá ósk forsætisráðherrans, að frumv. þau, sem snertu fiskiveiðar við Ísland, væru send »Fiskeriinspektionen« til athugunar. En þótt sú málaleitun sje kurteislega orðuð, og í því formi, sem ráðherrann gat um, þá virðist mjer þetta þó benda nokkuð í þá átt, sem jeg tók fram.

Háttv. þingm. Snæf. (L. H. B.) benti á það, að ef vjer, sem berum fram þessa þingsályktunartillögu, hefðum trúað því, að hjer væri um stjórnarskrárbrot að ræða, þá mundum vjer hafa ákært ráðherrann. Þingm. Snæfellinga veit vel, að þótt vjer værum eins »illa þenkjandi«, eins og hann vill vera láta, þá var það þó fjarri oss, að reyna að koma fram ábyrgð á hendur ráðherranum. Þingið mun ekki beita henni fyr en í fulla hnefana. Og enda þótt vjer álítum þetta atriði þýðingarmikið, þá vorum vjer þó tilleiðanlegir til að trúa því, að þetta hefði ekki verið ásetningssynd ráðherrans í byrjun, heldur hefði honum að eins skotizt yfir þetta í gleymsku eða ógáti. En þetta hefur hann þó ekki viljað kannast við, heldur tekið á sig sökina; en það hefði verið hyggilegra af honum, að taka öðruvísi í málið, en hann hefur gjört, og reyna ekki að verja það með öllu móti, eins og hann gjörir og lætur blöð sín gjöra.

Þótt þingdeildinni takist að svæfa þetta mál hjer í dag, þá tekst það þó ekki til lengdar. Menn munu vaka um land allt. Ef Nd. samþykkir þessa rökstuddu dagskrá, ber það vott um þrekleysi, og skort á þori, til að rísa á móti útlendu valdi. Jeg treysti því sterklega, að þjóðin sætti sig ekki við þau úrslit, og að hún láti sjer ekki segjast, fyr en hún hefur fengið þau málalok, er samkvæm eru vilja hennar.

Áður en jeg lýk máli mínu, vil jeg að lokum geta þess, að þeir, sem talað hafa, hafa engin rök fært gegn því, að það hafi verið rangt, að forsætisráðherrann skrifaði undir skipunarbrjef Íslandsráðherrans. Ef þeir gætu bent á nokkra heimild til þess, mundu þeir gjöra það. En sökin er sú, að hún finnst hvergi, og því er það merkilegt, að menn skuli ekki vilja fylgja fram skýlausum rjetti Íslands, þar sem um jafnafarþýðingarmikið mál er að ræða. Og þótt þessi rjettur væri vafasamur — en því máli er hjer ekki að skipta — þá ættum vjer samt sem áður að framfylgja honum, krefjast fremur of mikils en of lítils Íslandi til handa.

Það eru hrein ósannindi hjá háttv. þingm. V.-Skaptf. (Guðl. G.), að þetta mát sje sprottið af æsingum, kappi og flokksofstæki; þetta er að eins sprottið af því, að það er skylda þingsins að verja rjettindi landsins og halda vörn fyrir þingræðinu.

Jeg skal svo eigi tala fleira um þetta mál, en legg eindregið á móti því, að þessi dagskrá verði samþykkt. Ef hún verður samþykkt, eigum vjer verra aðstöðu síðar, og getur húu því orðið þröskuldur í vegi í framtíðinni, svo að Íslendingum veiti þá enn örðugra að ná rjetti sínum, því að danska stjórnin getur þá skírskotað í þessa

rökstuddu dagskrá, sem vott um vilja alþingis.

Lárus H. Bjarnason (þm. Snæf.): Jeg hjó eptir því, að háttv. þm. V.-Sk. (G. G.) nefndi »búsetukredduna«. Hafi háttv. þm. kallað búsetuna því nafni frá dönsku sjónarmiði, þá er ef til vill ekkert á móti þessu orði að hafa, en hafi hann talað frá íslenzku sjónarmiði, kallað flutning stjórnarinnar inn í landið kreddu nafni, þá væru þau orð betur ótöluð.

Svo ætla jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. þm. N.-Ísf. Hann kvað það rangt, að þingræði væri slegið föstu hjer á landi. Það er þýðingarlaust að stæla um það. Jeg vitna aptur óhræddur í kveðju konungs, ráðaneytisskiptin í vetur og valið á ráðherra vorum 1. febrúar 1904. Jeg vona, að þessi rök reynist þyngri en fullyrðingar þm., alveg röksemdalausar.

Hann sagði að konungskveðjan segði ekkert annað, en að ríkisþingið ætti hjer eptir engin áhrif að hafa á ráðherravalið hjer á landi; þar fyrir gæti forsætisráðherrann haft það. En veit þm. þá ekki, að ríkisþingið ræður því, hver verður forsætisráðherra í Danmörku. Og eins og jeg tók fram áðan, hefur ólýgin reynzlan þegar sýnt, að forsætisráðherrann hefur engu ráðið um það, hver varð ráðh. vor, svo hræðsla þm. um framtíðina er ekki annað en myrkfælni, enda mun maðurinn vera óvanalega myrkhræddur.

Háttv. þm. sagði, að við, sem ætluðumst til, að þessi rökstudda dagskrá væri samþ., værum að gefa eptir af rjetti Íslendinga. En það nær ekki nokkurri átt, þegar af þeirri ástæðu, að það er ekki sagt af eða á um þýðingn undirskriptarinnar. Sú spurning stendur jafnt opin eptir sem áður.

Og viðvíkjandi sjermálatali háttv. þm., skal jeg að eins benda á það, að önnur sjermál eigum vjer ekki, en þau, sem nefnd eru í stöðulögunum. Það er annað mál, að óskandi væri að þau væru fleiri; jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að þau væru fleiri en þau eru, en það er sitthvað ósk og veruleikur.

Sami háttv. þm. gjörði og lítið úr landsdómnum; kvaðst ekki ætla, að mikið væri á honum byggjandi, og sagði, að meiri hlutinn hefði spillt frumv. með því að heimta $^4/_5$ í stað $^2/_3$ til dómsáfellingar. En þetta er ekki rjett. Meiri hlutinn hefur að vísu búið til bæði ráðh.-ábyrgðarlögin og landsdómslögin, sjer til sóma, vona jeg, en háttv. andstæðingar vorir hafa þar, sjer til sóma, fylgt oss að málum. Frumv. um landsdóm var t. d. nýlega samþ. í Ed., og þá sjerstaklega greitt atkv. um $^4/_5$ og $^2/_3$, og atkv. fjellu svo, að 10 vildu hafa $^4/_5$, þar á meðal einn af aðalmönnum mótflokksins, háttv. þm. N.-Múl. (J. J.), en að eins 3 vildu $^2/_3$, enda fer því svo fjarri, að hjer sje um nokkurt nýmæli að ræða, að það er allstaðar áskilið um kviðdóma, að allir verði að vera samdóma, til þess að dómur geti fallið á ákærða.

Út af Danasleikjuskapnum, sem andstæðingum vorum þykir svo mætilegt að núa oss um nasir, skal jeg hiklaust lýsa því yfir fyrir mig persónulega, að jeg get prýðisvel lifað *með* Dönum, en *undir* þeim hvorki vil jeg lifa nje get jeg lifað. Og eins og nú er komið, álít jeg, að við sjeum fyllilega settir á bekk með Dönum, en alls ekki undir þeim. »Pólitik« er tafl eða samningur. Þar á skynsemin að ráða öllu, en tilfinningin engu. Það er hvorttveggja jafn mikil firra að steyta hnefann og fleygja sjer flötum.

Það var hreinn óþarfi af háttv. þm. N.-Ísf., að vera að fara til Kópavogs til þess að sýna, hvað óheilindi geta komizt langt. Það þarf ekki að fara

lengra en í tollmálið og gufuskipamálið núna fyrir skemmstu. Það var breitt út um borg og bý, að meiri hlutinn hefði lagt 30 aura toll á hvert kaffi- og sykurpund, og haft tugi þúsunda af landssjóði til handa sameinaða gufuskipafjelaginu, vitanlega móti betri vitund. Því að allir vita, að tollurinn var að eins hækkaður um 3 aura á kaffinu og $1^1/_2$ á sykrinu, og að meiri hlutinn sparaði landssjóði 45,000 kr. á ári með nýja samningnum við sameinaða gufuskipafjelagið.

Háttv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að þjóðin færi *að eins* eptir því, sem hún heyrði; þetta er ekki rjett, því jeg sagði að þjóðin færi *nokkuð* eptir því, sem hún heyrði, og hver okkar gjörir það ekki?

Þá sagði sami háttv. þm., að jeg hefði sagt, að þeir kjósendur, sem fylgja meiri hlutanum að málum, hefðu haldið sjer til baka frá þingmálafundum, og spurði af hverju það stafaði. Jeg veit, að sumstaðar hefur það verið af því, að þeir ekki hafa átt kost á að sækja fundina. Jeg veit að minnsta kosti dæmi þess. Mjer var t. d. nýlega boðaður fundur, en af því að jeg var þá að embættisverki, varð það að samkomulagi að halda fundinn daginn eptir. Við bárum klukkurnar okkar saman, og ákváðum fundinn kl. 7 morguninn eptir. Svo fór jeg að loknu embættisverki heim, en þegar jeg var að hátta, sendi formaður fundarins mjer brjeflega tilkynningu um það, að þeir hefðu því miður orðið að halda fundinn strax. — Þessu líkum aðförum gæti hafa verið beitt viðar.

Annars fannst mjer mest af ræðu háttv. þm. N.-Ísf. vera það, sem lögfræðingar kalla »petitio principii«. Mjer fannst hann, með öðrum orðum, slá föstu sem alveg sönnuðu því, sem hann átti að sanna, en með þannig lagaðri aðferð sannfærir maður ekki hugsandi menn, og það vill svo til, að það er töluvert til af þeim mönnum hjer á landi, ekkert síður til sveita en í kaupstöðunum.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): Það er næstum því óþarfi fyrir mig og alla úr minni hlutanum að standa upp, því háttv. þm. N.-Ísf. hefur þegar lýst afstöðu flokksins til þessa máls, og það svo rækilega, að litlu þarf þar við að bæta. Jeg stend því ekki upp til þess að taka upp aptur það, sem hann hefur sagt, heldur til þess að beiðast skýringar á þeim skilningi, sem menn leggja í þessa rökstuddu dagskrá, sjerstaklega í sambandi við orð hins hæstv. ráðh. Jeg get nefnilega ekki betur sjeð, en dagskrá þessi feli ekki í sjer neina yfirlýsingu um það, að nokkuð sje athugavert við það, að forsætisráðgjafinn danski undirskrifi skipunarbrjef ráðherra Íslands, og jeg sje ekki, að nein ósk felist í dagskránni um það, að slíkt komi ekki fyrir eptirleiðis. En sje þessi skilningur minn rjettur, þá er mjer spurn: Hvað þykist þá meiri hlutinn vinna við þessa dagskrá? Mjer finnst hún með öllu þýðingarlaus. — Jeg hef heyrt það á mörgum mönnum úr meiri hlutanum, að þeir litu svo á, sem það ætti að reyna að koma í veg fyrir að skipun ráðherra Íslands yrði hagað svona framvegis, því þeim fyndist það óviðfelldið, þó það kynni að vera að það færi ekki í bága við stjórnarskrána. En því vilja þeir þá ekki gjöra neitt til þess að afstýra því, að þetta verði að fastri venju.

Háttv. þm. Snæf. sagði, að hv. þm. N.-Ísf. hefði ekki fært rök að því, að þetta færi í bága við stjórnarskrána; því hann leiddi skýr rök að því, að ákvæðið í 2. gr. stjórnarskrárinnar um að konungur hefði hið æðsta vald yfir hinum sjerstöku málefnum Íslands og

ljeti ráðherra Íslands framkvæma það, væri beinlínis brotið með þessari aðferð. En þm. Snæf. vildi ekki kalla skipun ráðherrans sjermál. En sje það rjett, þá hlýtur hún að vera sameiginlegt mál, því þriðji flokkur mála er ekki til, að minnsta kosti ekki svo jeg viti. — En sje þetta sameiginlegt mál, sem jeg fyrir mitt leyti mótmæli, þá ætti ráðherrann að vera skipaður eptir dönskum lögum og dönskum stjórnarvenjum, og sjá allir hve heppilegt er að halda slíku fram og hve samrýmanlegt það er sjálfstæðis- og sjerstöðuhugsjónum vorum.

Háttv. þm. Snæf. sagði enn fremur, að auðsjeð væri, að okkur væri ekki alvara með að telja þetta stjórnarskrárbrot. En jeg segi fyrir mig, að mjer hefur verið þetta mesta alvörumál frá því er jeg heyrði það fyrst, því mjer fannst þegar, að það kæmi í bága við skilniug síðasta þings á stjórnarskránni. Þá var því haldið fram, að ráðherrann hefði fullkomna sjerstöðu. Danskir ráðherrar gætu ekki haft nein áhrif á sjermál vor, enda mundi þeim ekki til hugar koma að skipta sjer neitt af þeim. Það hefur verið tekið fram opt áður, að svo framarlega sem það yrði álitið sjálfsagt, að forsætisráðherrann danski undirritaði skipunarbrjef ráðherra Íslands, þá gæti svo farið, að hann neitaði að undirrita skipunarbrjefið þegar honum rjeði svo við að horfa og þar með komið í veg fyrir, að vjer fengjum þann ráðherra, sem vjer vildum. Ef undirskript forsætisráðherrans hefði ekki einmitt þessa þýðingu í augum Dana, þá þýðingu, að Danir hefðu með þessu »eptirlit með því, hver er Íslandsráðherra«, eins og hæstv. ráðh. komst að orði hjer fyrir skemmstu, þá ætti að vera hægt að fá þessu breytt, Dönum ætti þá ekki að vera fast í hendi með þetta, sje það eins og fullyrt hefur verið að eins meinlaust form. En það lítur út fyrir, að danska stjórnin líti svo á, að þetta sje *meira en form* og sje að því leyti á sama máli og vjer minni hlutinn. — Vjer lítum svo á, að í þessu felist skerðing á sjálfstæði voru og að þetta geti gjört þingræði vort að engu, og því álítum vjer það skyldu vora að mótmæla því kröptuglega.

Jeg álít nú ekki til neins að ræða þetta frekar, því jeg býst við, að hjer fari sem optar á þessu þingi, að það hafi lítinn árangur í bráð, þó minni hlutinn berjist fyrir því, sem honum finnst rjett vera. En sárt er, að sjá meiri hluta þingsins með ráðherrann í broddi fylkingar skorast undan því, að mótmæla því, sem gjört getur sjálfstæði vort og sjerstöðu í ríkinu að engu.

Þegar jeg því stend upp nú, þá er það til að mótmæla því, sem fram hefur farið síðan, og til þess að lýsa því yfir, að mjer finnst það ekki rjett áframhald af málinu eins og það þá var samþykkt.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Afstaða mín í þessu máli er öðruvísi en annara manna, að því leyti að jeg hef enga fortíð í málinu.

Jeg hef litið svo á, að bezti og mesti fengurinn í stjórnarbót vorri væri *þingræði*, það óritaða ákvæði, að stjórn landsins skuli jafnan vera í samræmi við meiri hluta þingsins, — fara frá, ef hún lendir í minni hluta.

Þetta kom mjög ljóslega fram á síðasta þingi, og var þess valdandi, að þau orð, sem háttv. þm. Snæf. (L. H. B.) las upp, voru sett í nefndarálitið. Menn gjörðu sjer von um, að þetta hnoss, þingræðið, mundi fást *með* stjórnarskránni; í sjálfri stjórnarskránni stendur hvergi, að hjer skuli vera »parlamentarísk« stjórn, hjer skuli vera þingræði. Í sambandi við þessar von-

ir um fullt þingræði bjuggust menn við því, að Íslandsráðherra mundi sjálfur verða látinn skrifa undir skipunarbrjef sitt.

Jeg vil taka það fram strax, að *aðalatriðið* var og er *þingræði*; en undirskriptin aðeins form út á við, sem alldrei hefur neitt að segja, ef þingræðið helst, og því ætti sízt að gleyma, að þingræðið *getur* glatazt, hvernig sem undirskriptinni er háttað.

Þegar forsætisráðh. danski undirskrifaði skipunarbrjefið með konungi, þá vöknuðu menn til umhugsunar og sumir óttuðust, að nú væri úti um allt þingræði, og að allar vonir um það mundu bregðast. Ýmsir menn töldu það víst, að hvenær sem stjórnarskipti yrðu í Danmörku, hlyti ráðh. Íslands einnig að fara frá, og að vel gæti svo farið, að sá maður væri skipaður Íslandsráðh., sem ekki hefði fylgi meiri hluta þingsins. Við aukakosningarnar síðastliðið haust horfði málið þannig við, og var það eitthvert hið mesta deilumál á undan þeim kosningum. Annarsvegar stóðu þeir, sem álitu, að öllu væri óhætt, álitu, að þingræðið mundi haldast, að ráðh. Íslands mundi ekki fara frá með dönskum ráðherrum, og að sá maður mundi aldrei verða skipaður ráðh., er ekki hefði fylgi meiri hlutans á þingi.

En hinsvegar stóðu þeir, sem töldu alla von úti um þingræði framvegis. Síðan hefur margt gjörzt í þessu máli. Fyrst og fremst eru grýlurnar um, að ráðh. Íslands verði að víkja úr embætti með danska ráðaneytinu, ef það sækir um lausn. Fyrst og fremst eru þær grýlur að engu orðnar.

Í öðru lagi hefur þinginu borizt kveðja frá Hans Hátign konunginum, og tel jeg óneitanlega meira vert um orð þess manns, en um orð þeirra manna hjer á landi. er hæst hafa látið út af undirskriptinni. Í konungskveðjunni er gefið í skyn, að þingið beri framvegis ábyrgð á stjórnarfari landsins, og verða þau orð ekki skilin á annan hátt, en hjer á landi skuli jafnan vera meiri hluta stjórn.

Háttv. 2. þm. Skgf. (St. St.) gjörði þá fyrirspurn til meiri hlutans, hver meiningin væri með hinni rökstuddu dagskrá. Meiningin er sú bæði fyrir mjer og öðrum, að ef deilt er um það, hvernig skilja beri orð, ákvæði eða viðburði, er snerta afstöðu Íslands í ríkisheildinni, þá eigum við Íslendingar jafnan að halda fram þeim skilningi, sem oss er mest í vil. Með þessari rökstuddu dagskrá er haldið fram þeim skilningi á aðferðinni við stjórnarskiptin síðustu í Danmörku og kveðju konungs til alþ., að *þingræðisreglum skuli fylgja, þegar stjórnarskipti verða hjer á landi.* Það er ófagurt athæfi að »prókúrera« *á móti* hagsmunum þjóðar sinnar, en það gjöra þeir menn, sem halda því fram, að með uudirskript forsætisráðherrans sje úti um þingræði hjer á landi, að vjer sjeum komnir undir grundvallarlög Dana, og að Danir hafi ötl stjórnarskipti hjer á landi í höndum sjer. Að leggja þann skilning í »pólitíska« viðburði, þann skilning, sem landinu er verstur, það virðist mjer ekki bera vott um einlæga ættjarðarást; það er í mínum augum líkara landráðum en landvörn.

Dagskránni er þannig háttað, að spurningin um undirskriptina er jafn opin eptir sem áður. Það er opt hyggilegt, opt nauðsynlegt að fara gætilega í stjórnarfarsdeilum.

Jeg vil nefna eitt dæmi því til skýringar. Þegar núverandi háttv. 2. þm. G.-K. (V. G.) flutti frumv. um

breyting á stjórnarskránni, þar sem farið var fram á, að skipaður væri sjerstakur ráðh. fyrir Ísland, þá var þess látið ógetið, hvort ráðh. skyldi bera upp íslenzk mál í ríkisráðinu.

Það áleit jeg vel ráðið og mundi eins og margir aðrir hafa kosið, að orðin »í ríkisráði« hefðu ekki komizt að.

Með hinni rökstuddu dagskrá er engan veginn viðurkennt, að vjer föllum frá ósk vorri um, að fá þessu breytt; með henni er einungis lýst yfir því, hvern skilning *vjer* leggjum í stjórnarskiptin og kveðju konungs til alþingis; jeg held því fram, að skilningur vor á þessu tvennu sje hollari þjóðarsjálfstæði voru, en þær skoðanir, sem minni hlutinn hefur látið í ljósi.

Frá þm. V.-Sk. (Guðl. G.) kom svo hljóðandi breyt.till. við till. til rökstuddrar dagskrár; »Á eptir stjórnskipulega ábyrgð« bætist: »fyrir alþingi.

ATKVGR.: Breyt.till. var samþ. með 16 samhlj. atkv.

Rökstudd dagskrá þannig breytt sþ. með 16 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli eptir ósk þessara þm.: Skúla Thoroddsens, Ólafs Briem, Einars Þórðarsonar, Björns Kristjánssonar, Ólafs Ólafssonar og Ólafs Thorlacius og sögðu:

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson	Magnús Andrjess.,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Ólafur Thorlacius,
Hannes Þorsteinss.	Skúli Thoroddsen,
Hermann Jónass.,	St. Stef. 2. þm. Skgf.
Jóhannes Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnas.,	
Magnús Kristjánss.,	
Pjetur Jónsson,	
St. Stef., 2. þm. Eyf.	
Tryggvi Gunnarss.,	
Þórh. Bjarnarson.,	

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv.

Till. þar með fallin.

B. Í efri deild.

Á 41. fundi Ed., laugardaginn 19. ágúst, var lögð fram og útbýtt till. til þingsályktunar um undirskript undir skipunarbrjef Íslandsráðherra (A 473), flutningsmenn: Jóhannes Jóhannesson, Sigurður Jensson, Sigurður Stefánsson, Valtýr Guðmundsson og Þorgrímur Þórðarson, og á 43. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 22. ágúst, var ákveðið eptir uppástungu forseta, að hafa eina umr. um málið.

Á 49. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, kom þingsál.till. til einnar umr.

Flutningsmaður Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Þegar það varð hljóðbært nokkru eptir stjórnarskiptin, að forsætisráðherra Dana hefði skrifað með Hans Hátign konunginum undir skipunarbrjef ráðherra vors, kom það mjög flatt upp á þjóðina.

Það hafði verið talið sjálfsagt, að Íslandsráðherrann, annaðhvort sá, er frá fór, eða sá, er við tók, mundi »kontrasignera« skipunina, og sú skoðun hafði verið tekin skýrt fram *í áliti* nefndar þeirrar, sem neðri deild alþingis setti í stjórnarskrármálið 1903 og sem hæstv. ráðherra var skrifari og framsögumaður í. Þar er meðal annars tekið fram, að konungur geti eptir beinum ákvæðum frumv., ekki falið *neinum öðrum* en ráðherra Íslands einum, að framkvæma neitt af því æðsta valdi, sem honum ber í löggjöf og landsstjórn Íslands eptir

stjórnarskrá þess«. Á öðrum stað í nefndarálitinu standa þessi orð um Íslandsráðherrann: »Hann verður skipaður eptir stjórnarskrá Íslands« og enn á þriðja staðnum: »enda göngum vjer að því vísu, að hann (þ. e. Íslandsráðherrann) verði skipaður af konunginum með undirskript ráðgjafans fyrir Ísland«.

Það er nú óhætt að fullyrða, að báðar deildir alþingis 1903, og þeir af landsmönnum, sem höfðu gjört sjer ljósa grein fyrir þessu atriði, voru nefndinni fyllilega samdóma þá, enda skal jeg leitast við að sýna og sanna, að skoðun hennar í málinu var og er keiprjett.

Samkvæmt stöðulögunum og stjórnarskrá vorri eru eigi nema 2 flokkar þeirra mála, er Ísland varða, nefnilega almennu málin eða sameiginlegu og hin sjerstaklegu mál eða sjermálin. Hvert það málefni, sem Ísland varðar, verður því að teljast til annars hvors þessara flokka. Allt skraf um það, að til sjeu mál, sem hvorki sjeu sameiginleg mál eða sjermál, hvorki fugl eða fiskur, heldur sambland beggja flokka eða nokkurs konar viðrini, er því marklaust hjal, sem engan stuðning hefur í gildandi lögum, heldur er þvert ofan í stöðulögin og stjórnarskrána, og er kastað fram til þess að reyna að dylja sannleikann í þessu efni fyrir þjóðinni.

Þá virðist það eigi vandasamt, að skera úr því, til hvers þessara tveggja flokka skipun ráðherrans fyrir sjermál Íslands eigi að teljast. Ráðherra Íslands er íslenzkur embættismaður, búsettur á Íslandi, launaður af landssjóði, og svarar innan skamms til saka fyrir embættisrekstur sinn fyrir alinnlendum dómstóli eptir íslenzkum lögum. Það er vitaskuld hvergi tekið fram með berum orðum, að skipun hans sje sjermál, en það liggur í hlutarins eðli, og jeg hef hvergi heyrt eða sjeð því haldið fram, að hún væri sameiginlegt mál. Þvert á móti fullyrðir stjórnarskrárnefndin í neðri deild 1903, sem auk hæstv. ráðherra var skipuð lögfræðingunum Skúla Thoroddsen, þm. N.-Ísf., Lárusi Bjarnasyni, þm. Snæf. og Guðlaugi Guðmundssyni, þm. V.-Sk., með rjettu, að skipunin sje sjermál, þar sem hún segir, að ráðherrann verði skipaður eptir stjórnarskrá Íslands, *því hún nær, eins og allir vita, að eins til sjermála þess einna.*

Þar sem því nú er slegið föstu, að skipun Íslandsráðherrans sje sjermál, þá verður eigi erfitt að sanna, að þar mega ekki aðrir koma nærri en Hans Hátign konungurinn og ráðherra hans fyrir sjermál Íslands. Eptir 2. gr. stjórnarskrárinnar hefur konungur hið æðsta vald yfir öllum sjermálefnum Íslands og lætur ráðherra Íslands framkvæma það. Það er því fyllilega rjett, sem bæði er tekið fram í ástæðunum fyrir stjórnarskrárfrumvarpinu 1902 og í áliti stjórnarskrárnefndarinnar í neðri deild 1903, að það geti »auðvitað ekki komið til mála, að nokkur hinna ráðgjafanna fari að skipta sjer af neinu því, sem er sjerstaklegt mál Íslands«, og þó hefur því miður önnur orðið reyndin á nú þegar, þar sem forsætisráðherra Dana hefur »kontrasignerað« skipunarbrjef hins fyrsta heimastjórnarráðherra vors.

Því hefur nú verið haldið fram, að stjórnarskrárbreytingin frá 3. október 1903 hafi enga breytingu gjört í þessu efni, og að skipun sjermálaráðherra Íslands hafi verið sjermál síðan stjórnarskráin frá 5. janúar 1874 gekk í gildi, og hafi forsætisráðherrann þó

»kontrasignerað« skipanir þessar til þessa.

Þetta er í sjálfu sjer rjett og satt. En hins er að gæta, að meðan við höfðum eigi nema brot úr dönskum ráðherra, sem við höfðum alls engin tök á, mátti oss á sama standa, hver »autoriserаði« þetta brot, og var því engin furða, þótt vjer færum ekki að hefja baráttu um það eitt út af fyrir sig. Öðru máli er að gegna nú, er vjer höfum fengið sjerstakan þingræðisráðherra, sem eigi má hafa annað ráðherraembætti á hendi, verður að tala og rita íslenzka tungu, vera búsettur í landinu, mæta á alþingi og bera ábyrgð gagnvart því á sjerhverri stjórnarathöfn fyrir innlendum dómstóli og eptir íslenzkum lögum.

Á þessum ráðherra höfum vjer tök og það er lífsspursmál fyrir oss, að það hafi eigi aðrir en vjer og Hans Hátign konungurinn.

Þá hefur því og verið haldið fram, að »kontrasignatúr« forsætisráðherrans danska væri að eins form eitt, sem enga þýðingu hefði.

Ráðherrann bæri sjálfur ábyrgð á skipuninni gagnvart alþingi, og væri að öllu leyti óháður Dönum.

Við þessa kenningu er ýmislegt að athuga.

Það má nú fyrst og fremst eigi gjöra of lítið úr forminu.

Í ýmsum tilfellum er formið allt.

Engin erfðaskrá, sem vefengd er, getur t. a. m. verið gild nema forminu sje fylgt og svo er um ýmsa samninga o. fl.

En því er nú miður, að hjer er um meira en form að ræða.

Því er játað af þeim mönnum, sem þessari kenningu halda fram, að það sje nauðsynlegt alríkisins vegna, að forsætisráðherrann hafi hönd í bagga með því, hver verður Íslandsráðherra. Það er látið heita svo, að hann verði að hafa það vegna þess að hann beri ábyrgð á því gagnvart löggjafarþingi alríkisins, að þessi ráðherra sem aðrir fullnægi ýmsum skilyrðum, sem sett eru fyrir að hafa á hendi ráðherraembætti í ríkinu.

Í þessu liggur bein viðurkenning fyrir því, að hjer sje um meira en form að ræða.

Ef þessi kenning væri rjett, leiddi hún til þess, að eigi gæti annar orðið ráðherra en sá, sem væri dönsku stjórninni geðfelldur, *en oss getur einmitt riðið allt á því.* að sá *maður verði skipaður í þetta embætti, sem eigi er of leiðitamur við dönsku stjórnina og hún því kann að líta hornauga til.*

Það er ekki hætt við því, að danska forsætisráðherranum mundi verða skotaskuld úr því, að finna aðrar ástæður fyrir sig að bera að yfirskyni til þess að setja sig á móti því og hindra það, að slíkur maður yrði ráðherra vor, ef því yrði slegið föstu með venjunni, að undirskript hans undir skipunina væri nauðsynleg til þess að hún væri gild.

En sem betur fer er kenningin ekki rjett. Ráðherra Íslands er fyrst og fremst íslenzkur embættismaður og verður því að fullnægja öllum þeim skilyrðum öðrum en faglærdómi, sem sett eru fyrir því að geta komizt í embætti á Íslandi, en þau eru hin sömu og sett eru fyrir því að geta fengið embætti í Danmörku, að kröfunni um kunnáttu í íslenzkri tungu viðbættri. Jeg get því ekki sjeð, að það geti komið fyrir, að Íslandsráðherrann fullnægi ekki þeim skilyrðum öllum, sem sett eru fyrir því að hafa á hendi ráðherraembætti í Danmörku, og er því allt eptirlit með því að hálfu Dana allsendis ónauðsynlegt.

Það er rjett, að Íslandsráðherrann

ber ábyrgð gagnvart alþingi á skipun sinni, þótt annar ráðherra undirskrifi hana með konungi.

En það er oss ekki nóg. Það sem er *aðalatriðið* í þessu máli, er það, *að sá maður verði ráðherra vor, sem meiri hluti þingsins, sem er í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar, vill, og að hann sitji að völdum meðan hann hefur traust þess meiri hluta, hversu sem samkomulagi hans við dönsku stjórnina kann að vera varið.*

En hætt er við, að þessu verði ekki að fagna, ef forsætisráðherra Dana heldur áfram að undirskrifa skipun Íslandsráðherrans með konungi. Þá mun verða litið svo á, að sá, sem í raun og veru veitti honum völdin, geti einnig svipt hann þeim aptur.

Ráðaneytisskiptin í Danmörku í vetur sanna síður en svo hið gagnstæða; þau sanna eigi annnað og meira en að Íslandsráðherrann **þarf** *eigi að fara frá* þótt stjórnarskipti verði í Danmörku, *ef bæði hinni fráfarandi stjórn og nýju stjórninni líkar við manninn.* Þá sannar konungskveðjan til þingsins heldur ekkert í þessa átt. Í henni er því heitið, að málameðferð ríkisþingsins skuli ekki hafa áhrif á stöðu ráðherra vors, en *í henni er ekki nokkurt fyrirheit um það, að ríkisráðið* (ɔ: ráðherrarnir dönsku og þá sjerstaklega forsætisráðherrann) *skuli eigi hafa áhrif á stöðu ráðherra vors.*

En það liggur í augum uppi, hvílíkur háski landsrjettindum vorum og sjálfstæði voru væri af því búinn, ef danska stjórnin gæti látið hvern Íslandsráðherra af öðrum fara frá, er henni líkaði eigi við, og dembt þeim á eptirlaun úr landssjóði. Mundi nokkurt meðal í hendi hennar geta verið betur fallið til þess, að kenna oss sanna auðmýkt og undirgefni undir vilja Dana.

Það er með þetta fyrir augum, að flokkur sá, sem jeg tilheyri, getur með engu móti sætt sig við það, að sú venja komist á, að forsætisráðherra Dana skrifi með konungi undir skipunarbrjef ráðherra vors, og hefur tekið hið svonefnda »undirskriptarmál« upp á stefnuskrá sína sem eitt af aðalmálunum.

Það er til þess, að reyna að koma í veg fyrir, að þetta verði venja, að hann hefur borið upp þessa þingsál.-till. í báðum deildum.

Því hefur verið kastað fram, að vjer gjörðum það til þess, að reyna að koma ráðherranum í klípu og flæma hann úr sessi.

Ekkert getur verið fjarstæðara og jeg mótmæli því svo kröptuglega, sem jeg get fyrir hönd flutningsmanna till.

Það þarf ekki annað en að líta á þingsál.till. til þess, að sannfæra sig um, að jeg fer hjer með rjett mál. Hún ber það með sjer, að flokkurinn vill sætta sig við orðinn hlut, ekki sakast um fortíðina. Hún er borin upp vegna framtíðarinnar til þess, að reyna að vernda landsrjettindi vor og sjálfstæði.

Hún lýsir með mjög hógværum orðum skoðun flokksins, og að því er jeg vona allrar deildarinnar og mikils meiri hluta þjóðarinnar á þessu atriði, og fer fram á, að ráðherrann gjöri sitt til, að þetta komi ekki fyrir optar. Hún heimtar ekki neitt »positivt resúltat« meðan núverandi ráðherra er í þeirri stöðu, en í henni felst áskorun til hans, ef hann í lifanda lífi skyldi láta af embætti, um, að mæla með því og gjöra sitt til, að hann eða eptirmaður hans undirskrifi skipun næstkomandi ráðherra.

Þá felst loks í till. — og á það legg jeg eigi litla aherzlu — alvarleg áminning og jafnframt viðvörun til ráðherra

síðari tíma um, að láta eigi skipa sig með undirskript forsætisráðherra Dana, ef annars er nokkur kostur.

Oss er það ljóst, að vjer eigum í þessu máli við ofurefli að etja, ef að Danir halda fast við skilning sinn á málinu, og að vjer verðum að vinna með lempni og lipurð, en ekki með þverhöfðaskap. Þess vegna er till. eins hógværlega orðuð og hún er, og allir hljóta að viðurkenna.

En áríðandi er, að halda málinu vakandi, og láta einkis tækifæris ófreistað til þess, að leiða það til lykta á happasælan hátt fyrir þjóðina.

Með þessum orðum leyfi jeg mjer að mæla með því, að till. á þgskj. 473 verði samþykkt.

Ráðherrann: Stjórnarfarsleg sjerstaða Íslandsráðherra er komin svo greinilega fram og henni hefur verið slegið svo rækilega fastri við síðustu stjórnarskipti í Danmörku í vetur, að jeg skil ekki, hvað háttv. andstæðingum getur gengið til, að vera að fitja upp á þessu atriði aptur og aptur. Alveg samhljóða tillaga eins og þessi, sem nú liggur fyrir hjer, hefur nýlega verið rækilega rædd í háttv. Nd., og ekki verið tekin til greina þar.

Jeg sje því ekki ástæðu til þess, að fara nú aptur, að fjölyrða um þetta mál, en læt mjer nægja, að vísa til svara minna í Nd. um þetta efni bæði við framhald fyrstu umræðu í fjárlögunum, og við umræðuna um þingsályktunartillöguna.

Þar hefi jeg ljóst tekið fram skoðun mína á þessu máli, og hefi engu frekara þar við að bæta.

Þá hafði komið frá Birni M. Ólsen svo hljóðandi rökstudd dagskrá (A. 645).

»Með skírskotun til þess, að í fenginni reynslu við síðustu ráðaneytisskipti í Danmörku og í kveðju konungsins til alþingis í sumar felst full viðurkenning um þingræði og um sjerstöðu ráðherra Íslands, og með þeirri yfirlýsingu, að ráðherrann ber að sjálfsögðu fulla stjórnskipulega ábyrgð á útnefningu sinni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Valtýr Guðmundsson (2. þm. G.-K.): Jeg mótmæli því, að þessi rökstudda dagskrá sje borin undir atkvæði, þar sem eigi hefur verið í tæka tíð lýst yfir frá forsetastól, að hún hafi verið afhent forseta fyrir fram.

Forseti: Samkvæmt þingsköpunum þarf jeg ekki að gjöra það.

Þegar hjer var komið umræðunum, kom fram tillaga um, að hætta þeim frá þessum 5 þingmönnum:

Jóni Ólafssyni, Birni M. Ólsen, Eiríki Briem, Ágúst Flygenring og Guttormi Vigfússyni, og var hún samþykkt með 7 samhlj. atkv.

Gengu þá þessir 5 þingdeildarmenn af fundi:

Jóh. Jóhannesson, Sigurður Jensson, Sigurður Stefánsson, Valtýr Guðmundsson og Þorgrímur Þórðarson og komu eigi aptur fyr en atkvæðagreiðslan í þessu máli var um garð gengin.

ATKVGR.: Samþykkt var síðan áður nefnd rökstudd dagskrá (A. 645) frá 3. kgk. þm. Birni M. Ólsen með 6 samhlj. atkv.

Tillagan var þar með fallin.

II. Námur.

Á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, var lögð fram og útbýtt tillögu til þingsályktunar um námur (A 639), flutningsmenn: Guðmundur Björnsson, Lárus H. Bjarnason og Árni Jónsson. Á sama fundi voru samþykkt þau afbrigði frá þingsköpunum, að samþykkt var, eptir uppástungu forseta, að hafa skyldi eina umræðu um málið.

Á 49. fundi Nd., miðvikudaginn 29. ágúst kom þingsályktunartillagan til einnar umr.

Flutningsmaður Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Þessi till. er af sömu rótum runnin og frumv. til námulaga, sem legið hefur fyrir þinginu, en ekki orðið afgreitt. Tilefnið til hennar er það, að hjer hafa fundizt málmar í jörð. Menn hafa áður haldið, að þeir væru ekki til, en það hefur nú sýnt sig, að sú ætlan er ekki rjett. Nefndarálitið ber það með sjer, að í íslenzkum lögum eru engin ákvæði um eignarrjett á málmum í jörð; það virðist því geta leikið nokkur vafi á því, hvort landeigandi eigi þá, eða landið. En þó að engin ákvæði sjeu til um þetta, þá er mjer óhætt að fullyrða, að hjer er svo litið á, að landeigandi eigi námur, sem eru í hans landareign. Þessi skoðun er rík hjá þjóðinni frá elztu tímum. Það þarf ekki annað en að minnast á ákvæðið í Jónsbók um fólgið fje. Þar er svo ákveðið að finnandi skuli eiga $^1/_3$ af því, en landeigandi hitt. Og þá virðist það liggja enn þá nær, að landeigandi eigi náma í sinni landareign. Það má og benda á ýmislegt, sem sýnir það, að stjórnin lítur svo á, sem landeigendur eigi námur í landareign sinni. Landið hefur t. d. keypt part af Silfurbergsnámunum fyrir austan, sem það ekki átti, það keypti og brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu. Þá hefur líka komið fram hjer á þingi sú skoðun, að námurjetturinn heyrði jörðinni til. Og þó að menn viti, að í öðrum löndum eigi ríkin námana, þá kemur það af því, að einvaldskonungar hafa í gamla daga sölsað þennan rjett undir sig með ofbeldi og yfirgangi. Það getur ekki komið til mála að alþingi eða stjórn fari að beita slíku ofbeldi.

Það er af því, að þessi námulög ekki eru afgreidd frá þinginu, að jeg hef leyft mjer að koma fram með þessa þingsályktunartill., svo að hún geti orðið til þess að fyrirbyggja allan vata, en jeg skal ekki fjölyrða um þetta. Jeg ímynda mjer, að það verði lítill ágreiningur um þetta mál, og vona að till. verði samþykkt.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Jeg var fyrsti flutningsmaður að frumv. til námulaga, en var eigi viðstaddur, er málið var tekið fyrir og nefnd skipuð í það, og átti því eigi kost á að tala fyrir því. Nefndin hefur látið uppi álit sitt um málið, og þó að við tveir flutningsm. værum í nefndinni, fer álitið í töluvert aðra átt en frumv. Frumv. var einkum sniðið eptir norskum og þýzkum námulögum, en nefndin hefur hallazt að enskri löggjöf, að námurjetturinn tilheyri landeiganda. Frumv. sjálft getur eigi komið til meðferðar úr þessu, og engin niðurstaða verður fengin á þessu þingi, sem á megi byggja, sem varla er heldur að búast við um svo lítt hugsað mál.

Þessi þingsál.till. er í samræmi við bendingarnar í nefndarálitinu, og er nefndin till. meðmælt.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg skal taka það fram, að jeg tel það vanhugsað, að afsala landssjóði, að órannsökuðu máli, rjetti, sem í framtíðinni gæti orðið tekjugrein fyrir hann. Jeg tel rjettara, að látá dómstólana skera úr því, heldur en að þingið sje að kveða upp dóm um það umhugsunarlaust. Jeg mun því greiða atkvæði á móti tillögunni.

Ráðherrann: Jeg held, að hjer sje fremur að ræða um löggjafarspursmál, heldur en dómsmálefni. Það eru víst engin ákvæði um þetta efni í gildandi íslenzkum lögum. En þau lagaákvæði, sem helzt mætti draga ályktanir af um þetta efni, munu ganga í þá áttina, að landeigandi eigi námarjettinn. Yfir höfuð mun það nær íslenzkri rjettarmeðvitund og íslenzkum löggjafaranda fyr og síðar, að þessi rjettindi fylgi jarðeignum. Ef jeg man rjett, stendur það í 6. kapítula landabrigðabálks Jónsbókar, að jörðu eigi að fylgja »fje þat allt, sem þar kann at finnast *í jörðu og á*«, og ef svo er um dánarfje, því skyldi þá ekki miklu fremur sama regla gilda um ónuminn málm.

Jeg er því meðmæltur þessari till., þó að mjer að vísu engan veginn dyljist, að það getur verið hentugt, að landið hafi að minnsta kosti hönd í bagga, svo að námar verði ekki útlendingum að bráð eptirlitslaust.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Jeg skal ekki halda langa ræðu um þetta mál. Jeg stend upp til þess, að lýsa því yfir, að jeg mun greiða atkv. á móti till. Jeg skal ekkert fara inn á efni till., hvort skilningur hennar sje heppilegur og rjettur. En jeg vil beina þeirri spurningu til háttv. þingdm., hvort þeim þyki ekki viðurhlutamikið, að neyta löggjafarvaldsins á þann hátt, að gefa bindandi yfirlýsingu í svo mei kilegu máli eptir svo stuttan undirbúning.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.): Jeg er alveg samdóma háttv. þm. Sfjk. Jeg byggi þá skoðun mína á því, að þetta mál hefur komið svo seint fram, að þingmenn hafa ekki getað búið sig undir. Jeg býst við, að á næsta þingi komi fram frumv. til laga um námur, og þá væri illt, ef þingið hefði bundið sig við einhverja vissa stefnu. Jeg get því ekki greitt atkv. með tillögunni.

Guðmundur Björnsson (2. þm. Rvk.): Nokkrir háttv. þm. hafa hreyft andmælum gegn þessari till. af þeirri ástæðu, að þeir eru í vafa. En þeir hljóta að geta skilið, að þeir, sem ekki eru í vafa, greiði atkv. með till. Fyrir mjer er enginn vafi á um það, að landeigandi hefur eignarrjett á þeim málmum, sem finnast í landi hans, og þó að dómstólarnir gæfu annan úrskurð, mundi jeg telja það ranglátan dóm. En að löggjafarvaldið fari með ofbeldi og yfirgangi að sölsa undir sig þennan rjett, því á jeg bágt með að trúa; jeg býst við, að flestir hafi komizt að sömu niðurstöðu sem jeg, og munu greiða atkv. með þessari till.

ATKVGR.: Till. felld með 12 atkv. gegn 11, að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvgr.

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Bjarnarson,
Jón Magnússon,	Eggert Pálsson,
Björn Kristjánss.,	Einar Þórðarson,
Guðm. Björnsson,	Guðl. Guðmundss.,
Jóhannes Ólafason,	Hannes Þorsteinss.,
L. H. Bjarnason,	Herm. Jónasson,
Magnús Kristjánss.,	Jón Jónsson,
Ólafur Ólafsson,	Magnús Andrjess.,
Skúli Thoroddsen,	Ólafur Briem,
Tryggvi Gunnarss.	Ólafur Thorlacius,
Þórh. Bjarnarson.	St. Stef., 2. þm. Eyf.,
	St. Stef., 2. þm. Skf.

Pjetur Jónsson ekki viðstaddur.

IV. Fyrirspurnir.

A. Í Efri deild.

Á 10. fundi Ed., fimmtudaginn 13. júlí, var lögð fram og útbýtt »fyrirspurn til ráðh. út af aðdróttun í stjórnarblaðinu Reykjavik um mútur í hraðskeytamálinu« (A 75); flutnm. Sigurður Stefánsson, Jóhannes Jóhannesson, Valtýr Guðmundsson, Sigurður Jensson, Þorgrímur Þórðarson, og á næsta fundi, laugardaginn 15. júlí, var samþykkt í einu hljóði, að fyrirspurnin mætti fá framgang.

Á 18. fundi Ed., mánudaginn 24. júlí, var fyrirspurnin borin upp og henni svarað.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Þessi fyrirspurn er að vísu ekkert stórmál, en af því að hún er svo nátengd hinu stærsta máli, sem nú er á dagskrá hjá þjóðinni, og aðdróttun sú, sem um er að ræða í fyrirspurninni, hefur komið fram í blaði, sem öll ástæða er til að halda, að standi stjórninni nærri í skoðunum, þá virtist mjer og meðflutningsmönnum mínum ástæða til að koma fram með þessa fyrirspurn.

Ritsímamálið er svo mikilfenglegt mál, að mjer virðist ekki undarlegt þó að um það sjeu skiptar skoðanir og menn vilji ekki fara að neinu óðslega, áður en málið er rannsakað og skoðað frá öllum hliðum, og vilji sæta þeim beztu kjörum, sem unnt er að fá.

Um langan tíma höfum vjer Íslendingar átt í höggi við útlenda og ókunnuga stjórn, sem eigi hefur viljað láta að óskum vorum í stærstu þjóðmálum vorum. Deilurnar milli þings og stjórnar eru því gamlar, og opt hafa þessar deilur verið næsta harðar. Jeg hef fylgzt með í landsmálum nú um meira en fjórðung aldar, og þrátt fyrir það þó hinar »pólitísku« öldur hafi risið hátt, þá hefur æru og mannorði þeirra manna, sem tekið hafa þátt í deilunum alltaf verið haldið fyrir utan málið. Inn á það svið hefur hvorki stjórn nje þjóð álitið sjer leyfilegt að fara, því varla er það teljandi, að piltur nokkur hafði fyrir mörgum árum ljótan munnsöfnuð um æðstu stjórn landsins, og varð fyrir það að hröklast af landi burt.

Samkvæmt þessari undanfarandi reynslu í hinum »pólitísku« deilum vorum, þá hafa hvorugir flokkarnir, hvorki stjórn nje þjóð, látið sjer sæma það að eigna hinum óheiðarlegar hvatir, hversu hörð sem baráttan að öðru leyti opt hefur verið milli stjórnar og þjóðar.

Engin stjórn getur búizt við því, að ekki verði skiptar skoðanir um gjörðir hennar, og sú stjórn, sem býst við, að allir segi já og amen til allra gjörða hennar, gjörir sjer allt of háar hugmyndir um sjálfa sig.

Í þessu stærsta máli, sem nokkurn tíma hefur verið á dagskrá þingsins, ritsímamálinu, er ekki nema eðlilegt að skiptar sjeu skoðanir manna, en eins er það óeðlilegt, óheiðarlegt og vansæmandi, að eigna þennan skoðunarmun óhreinum og óheiðarlegum hvötum. Jeg vona, að það sjeu engir þeir misindismenn hvorki með stjórninni nje móti, að þeir fylgi ekki sannfæringu sinni eins í þessu máli sem öðrum. En svona aðdróttun, að þm. taki mútur, eins og stóð í blaðinu »Reykjavík«, hefur aldrei áður nokkur stjórn leyft sjer að slá fram.

Meðan vjer áttum í höggi við útlenda stjórn, og að því oss opt fannst, órjettláta stjórn, var aldrei af hennar hálfu svo ógeðslegum vopnum beitt gegn mótstöðumönnum hennar. Og það væri illa farið, ef stjórnarbreytingin hefði það meðal annars í för með sjer, að slíkt færi að tíðkast í »pólitískum« ágreiningsmálum.

»Heimastjórnin« okkar má eigi furða sig allt of mjög á því, þó allir hlaupi ekki upp til handa og fóta með lófaklappi yfir öllum hennar gjörðum; hún verður að sætta sig við það, þótt fulltrúar þjóðarinnar flani ekki hugsunarlítið út í allt, sem hún vill vera láta, og hún eða hennar menn hafa alls ekkert leyfi til að bregða mótstöðumönnum sínum um jafn svívirðilegar hvatir, eins og hjer er gjört.

Hjer stendur nú svo á, að í einhverju hinu stærsta máli, sem hingaðtil hefur verið á dagskrá þjóðarinnar, eru 2 andvígir flokkar, þetta er sannarlega ekkert tiltökumál. Hjer er um svo afarmikil fjárútlát að ræða fyrir þjóðina, að fulltrúar hennar verða, og eiga, að fara varlega í sakirnar, gæta þess vel, að reisa þjóðinni ekki hurðarás um öxl, með þeim fjárútlátum, sem hún ekki fær risið undir. Jeg játa það, að jeg og ýmsir af meðflokksmönnum mínum hika við þann gífurlega kostnað, sem af ritsímanum leiðir, og vilja hugsa sig vel um og rannsaka málið ítarlega, áður en þeir greiða atkv. um það, og þótt vjer nú sjeum í minni hluta hjer á þingi, þá er meiri hluti þjóðarinnar okkur fylgjandi. Þegar svona er ástatt, þá er það óneitanlega nokkuð hart, er þm. fylgja sinni eigin sannfæringu og vilja kjósenda sinna, að fá það í andlitið, að afskipti þeirra af málinu stjórnist af mútugjöfum.

Þetta er 1. ástæðan til þess að koma fram með fyrirspurnina, 2. ástæðan er sú, að aðdróttun þessi stóð í blaði, sem almenningur telur málgagn stjórnarinnar; málgagn sannsöglinnar — kallar það sig sjálft, en sú yfirskript sæmir fremur illa slíku efni, sem þessi mútugrein er.

Mjer dettur að vísu ekki í hug, að halda, að ráðh. eigi hjer beinan hlut að máli. En mjer finnst leiðinlegt fyrir stjórnina að vera bendluð nokkuð við þann óþverra, sem í blaði þessu stendur, enda getur það spillt málstað hennar, þótt hann kunni að vera góður, og eigi er ólíklegt, að margir telji þann málstað miður góðan, sem þarfnast þess, að svona djúpt sje seilzt niður í saurinn til að verja hann.

Jeg ætla ekki að þreyta menn lengur, en vænti svars hins hæstv. ráðh.

Ráðherrann: »Ekki spyr þú af því þú vitir ekki«, datt mjer í hug, þegar jeg sá fyrirspurn þessa, og ræða háttv. flutnm. sýnir, að hjer liggur annað á bak við en það, að fá skýrslu eða svar. Það er nokkuð nýstárleg meðferð á tíma þingsins og fremur furðuleg »pólitík«, að draga slíkar utanþings orðahnippingar inn í þingsalinn, og hefur mikils þótt við þurfa, til að varpa yfir sig sakleysisblæjunni í þessu máli.

Fyrst hin háttv. þingdeild hefur með atkv. sínum leyft, að þessi fyrirspurn sje borin upp fyrir mjer, þá skal jeg, af virðingu fyrir þingdeildinni, svara henni, en svar mitt er mjög stutt.

Það er fullkomið rangnefni, að nefna blaðið »Reykjavík« »stjórnarblað«, því að stjórnin hefur ekki neina hönd í bagga með ritstjórn þess, og ræður engu um það, hvað í því stendur, þó að blaðið, eins og önnur blöð, sem *vilja vita* hvað satt er, áður en þau skýra frá, geti fengið upplýsingar um »fakta«, sem stjórnin getur skýrt frá. Í þeirri »fyrirspurn« í blaðinu, sem

þetta veður mun vera gjört út af, á stjórnin engan þátt í hvorki beinlínis nje óbeinlínis, og getur ekkert vitað um og enga ábyrgð borið á efni spurningar nje svars.

Að því er snertir stefnu blaðsins »Reykjavik« og stjórnmálaskoðanir þess, er mjer persónulega kunnugt um, að ritstjórinn hefur þann samning við hlutaíjelag það, sem á blaðið, að hann hafi alveg óbundnar hendur í því tilliti, og það auðvitað þá eins í hraðskeytamálinu sem öðrum málum.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er fyrirspurn þessi ekki borin fram í því skyni, að fá hjá ráðherranum nokkurt svar upp á hana, sem hver maður gat ekki gefið sjer fyrirfram; enda játaði flutnm. þetta berum orðum. En til hvers er hún þá borin upp? Auðvitað til þess eins að veita flutnm. færi á að svala sjer dálítið á mjer með því að segja undir vernd þinghelginnar nokkur orð, sem einurð þeirra var óþægilegt að segja utanþings, þar sem ábyrgð fylgir orðum manna.

Mjer þykir það mikill sómi fyrir mig, að þeir hafa valið þennan veg. Það er vottur þess, að óaldarflokkur sá utan þings, sem fyrirspurn þessa hefur samið og sett á stað, sá óaldarflokkur, sem um hríð virðist ekki hafa haft annað markmið, en að breiða út um landið í málgögnum sínum ósvífnustu lygar um málefni landsins til að spilla framgangi helztu velferðarmála þess, og svivirða og rægja landsins beztu og þörfustu menn — það er vottur þess, að þessi óaldarflokkur telur mig verið hafa sjer manna óþarfastan.

Fyrirspurninni er þannig í *forminu* beint til ráðherrans, en í verunni til mín. Jeg get því ekki látið vera að vikja fáorðlega að því, hve gjörsamlega *ástæðulaus* fyrirspurnin að öðru leyti er, og hve illa hún situr á flokki, sem á þau ein málgögn, sem gjört hafa sig sek í svo megnum og ósæmilegum aðdróttunum og ósannindum um bæði ráðherrann og flestalla eða alla meira eða minna málsmetandi menn, sem ekki vilja fylgja þeim flokki blint í árásum hans og ofsóknum gegn stjórninni og þeim flokki, er hún styðst við.

Fyrst verð jeg að taka fram, að í blaðinu »Reykjavík«, sem jeg er ritstjóri að, hefur engum manni verið borið á brýn að hafa þegið *mútur*.

Blaðinu barst fyrirspurn frá heiðvirðum bæjarmanni, sem trúði á orðasveim þann, sem þar er getið, þann orðasveim, er jeg hafði heyrt, og jeg er viss um að hver einasti hjer viðstaddur hafði heyrt. Hvorki hann nje jeg leit svo á, að hjer væri um neinar mútur að ræða. Hvorki gat það álitist múta til Marcónifjelagsins, að það fengi 9,000 krónur, ef tilraunum þess til að fá haggað hinum fullgjörða ritsímasamningi, heppnuðust, heldur að eins sem bætur að meira eða minna leyti fyrir kostnað þann, er fjelagið hefði af tilraunum þessum.

Alveg eins ef samningar tækjust, var það eðlilegt, að fjelagið, sem ekki að eins græddi við það fje beinlínis heldur álit, sem hlaut að vera því margfalt meira virði, en allur fjárgróði; það var eðlilegt, segi jeg, að fjelagið þá bætti þeim *flokki*, sem svo mikið hefur lagt í sölurnar, allan þann kostnað, sem flokkurinn hefur haft við að senda út menn hjeðan og til útlanda, og að útvega 3 tilboð — þótt eitt hafi aldrei komið fram — Parísartilboðið — og fá menn frá 2 fjelögum upp hingað, og auk þess við að útbreiða svo mikinn róg og lygi í almenning með 5 horblöðum, sem munu vera ámóta þurft-

arfrek eins og horbeljur Faraós. Og nú er mælt, að flokkur þessi sje að senda út 32 rógboða um allar sveitir Íslands. Það er dýrt, að reyna að blinda heila þjóð með rógi og lygum. Það getur opt kostað nokkuð, að útbreiða sannleikann, en vonandi er, að það reynist þó enn dýrara að útbreiða lygina.

En úr því að flokkur manna leggur það heiðarlega(!) starf fyrir sig, þá getur enginn virt honum það til *mútu*þágu, þó hann reyni að afla sjer fjár með samningi, sem að öllu leyti líkist mest veðmálum við hestaveðreiðar, þar sem ámóta upphæðum og þetta er dags daglega hætt fyrir kapp eitt.

Engum getur dottið í hug, að slíkt sje múta. Engum dettur í hug, að forsprakkar flokksins ætli að hagnýta í *sínar* »prívat«-þarfir einn eyri af slíku fje, heldur til flokksþarfa.

Jeg fyrir mitt leyti sje ekkert beinlínis ósennilegt við orðasveim þennan, nema upphæðina 200,000 kr., enda kvisaðist brátt á eptir, að það mundi vera einar af þessum venjulegu ýkjum; sama upphæðin, sem um var samið, hafi að eins verið 50,000 kr., og það verð jeg fyrir mitt leyti að játa að sje miklu sennilegra.

Engum manni, hvorki mjer nje öðrum, getur til hugar komið, að hjer sje um nokkra mútu að ræða. Fyrirspyrjendunum dettur það ekki í hug sjálfum; því að annars hefðu þeir auðvitað lögsótt mig til ábyrgðar. Eða dettur nokkrum manni í hug, að þeir hefðu haft sjerlega löngun til að hlífa mjer við því, *ef* jeg hefði unnið það til saka að bera þeim mútuþágu á brýn?

Engum getur verið það ljósara, en flutnm. þessarar fáránlegu fyrirspurnar, að sú aðdróttun til mín, sem í henni er fram borin, er ástæðulaus með öllu og gjörð þvert á móti betri vitund.

Flutnm., sem ljezt skilja hin meinlausu orð »Reykjavíkur« sem mútuaðdróttun, þóttist beina orðum sínum til ráðherrans, af því að þessi ummæli »stóðu í því blaði, sem þau stóðu í«, og kallar í fyrirsögn fyrirspurnarinnar blaðið »Reykjavík« stjórnarblað. Einnig þessi ummæli eru af fyrirspyrjendunum höfð gegn betri vitund. Flest allir af þeim eru áskrifendur »Reykjavíkur« og vita, hvað í henni stendur. Þess hefur opt verið getið þar, að hverri stefnu, sem blaðið fylgir, þá er það jafnan *óháð* öllum í »pólitík«. Og það eru ekki ritstjórnarinnar orð ein. Það hefur í einu tbl. verið prentuð orðrjett úr samningi stjórnarnefndar blaðsins við ritstjórann þessi klausa, sem tekur af öll tvímæli: »Svo er til ætlað, að blaðið fylgi sömu óháðu stefnu í »pólitík« sem hingað til. Að öðru leyti ræður ritstjórinn að öllu leyti einn ritstjórn blaðsins«.

Þá talaði flutningsmaður um það, að í flokkadeilunum hjer hefði þó »æra og mannorð verið friðheilagt til þessa«.

Er nú þetta satt?

Nei, það er að eins *hálfur* sannleikur, og hann ekki flokki og málgögnum spyrjandans í vil.

Frá *vorri* hendi hefur þetta friðheilagt verið. En hvernig hefur það verið af hendi flokks og málgagna fyrirspyrjandans? Hafa ekki ritstjórar aðalmálgagna þeirra fengið hvern dóminn á sig á fætur öðrum fyrir *æru*meiðingar? »Reykjavík« hefur engan slíkan dóm fengið.

Hvernig situr þá slík fyrirspurn á flokki, sem í málgögnum sínum ber mótstöðumönnum sínum allar óhæfur á brýn? Hafa ekki aðalmálgögn

þeirra hjer t. d. borið ráðherranum á brýn athöfn, sem almenningur hlaut að skilja svo, sem að honum væri dróttað hreinum og beinum brjefastuldi?

Hefur ekki einn af fyrirspyrjendum (2. þm. G.-K.) borið honum á brýn í dönskum blöðum, að hann hafi gefið út »próvisoríum« (bráðabirgðafjárlög) þótt allir viti, og þingmaðurinn manna bezt, að enginn flugufótur sje fyrir því, og borið honum á brýn fjárbrúkun úr landssjóði í heimildarleysi þings. (*Valtýr Guðmundsson:* Já, það er líka satt!) Nei, það er líka vísvitandi lygi.

Hafa ekki »málgögn lyginnar« og flokksblöð fyrirspyrjendanna hjer borið ráðherranum á brýn, að hann láti hagsmuni Íslands lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum danskra auðmanna? Er það ekki þunnlega grímuklædd aðdróttun um mútur?

Hafa ekki þessi sömu málgögn skýrlega gefið í skyn um oss, konungkjörna þingmenn, að vjer höfum fyrirfram bundið atkvæði vor stjórninni? Og þetta væri þó sá glæpur af oss, sem samvizkulausir menn einir gætu drýgt. Hvað mig snertir persónulega — hafa ekki þessi sömu málgögn. »Ísafold« og »Fjallkonan« aptur og aptur kallað mig «kaupamann« og »leigutól«? Og sjá ekki allir, hver ærumeiðandi aðdróttun liggur í því? Jeg hef að vísu ekki álitið slík illmæli svaraverð; jeg hef þótzt hafa ráð á að fyrirlíta þau, af því að jeg á að baki mjer ekki svo allstuttan æfiferil, og hef góða samvizku af því, að í augum þeirra, sem hann þekkja, geti slík ummæli ekki unnið mjer mein.

Ef mótpartar mínir hefðu jafngóða samvizku, þá hefðu þeir ekki stokkið upp alveg tilefnislaust af ummælum þeim, sem þessi fyrirspurn er af sprottin og engu óheiðarlegu dróttar að þeim.

En — veit hundur hvað jetið hefur. Þetta verður flutningsmaður að flytja þeim, sem hann sendu á stað, sem kvittun fyrir orð hans áðan um »óheiðarlegan«, »vansæmandi« »svívirðilegt« (jeg skrifaði orðin samstundis upp eptir honum). Þegar jeg sá þessa fyrirspurn fyrst, furðaði mig á henni.

Mig furðaði þó ekki á *efni* hennar, af því að jeg vissi *uppruna* hennar, vissi, að hún var upp runnin — ekki meðal alþingismanna, ekki meðal flutningsmanna hennar, heldur — meðal óaldarflokks *þess utan þings*, sem orðinn er alræmdur af málgögnum sínum, þessum fyrirlitlegu málgögnum, sem eru orðin þjóðræmd fyrir samvizkuleysi, bligðunarlausa ósvifni og sannleikshatur. En það, sem mig furðaði á, var það, að sjá á fyrirspurninni nöfn þeirra virðulegu flutningsmanna, manna, sem jeg þekki, *suma*, að minnsta kosti, sem samvizkusama og vandaða menn.

Á þessu furðaði mig og furðar enn. Auðvitað var mjer það þegar ljóst, að það hlyti að stafa af einhverjum þekkingarbresti eða hugsunarglöpum, að þeir höfðu leiðzt til að ljá nöfn sín á þennan óþverra.

Jeg segi *óþverra* — því að hvaða nafn annað verður því gefið, að drótta því að ráðherra Íslands, þeim manni, sem skipar stöðu sína samkvæmt eindregnu trausti meiri hluta þings og þjóðar og nýtur óskiptrar virðingar og trausts hvers manns, jafnt pólitískra andstæðinga sem annara, fyrir persónulegan drengskap og ráðvendni — að drótta því, segi jeg, að honum, að hann sje eða *geti* verið valdur að því eða samþykkur því, að andstæðing-

um á þingi sje borin á brýn mútuþægni eða mútuþága.

Mjer hefur verið sagt, og jeg er viss um, að það er rjett hermt, eptir einum af flytjendum þessarar fyrirspurnar í annari þingdeildinni, einum af samvizkusömustu mönnum, einum af þeim, sem mig furðar mest á að sjá við hana riðinn, að hann hafi sagt, að hann hafi leiðzt til að láta nafn sitt á hana af því, að fyrirspurnin yrði svo upp borin og í því einu skyni, að veita ráðherranum kærkomið færi til að bera af sjer alla hluttöku í ósæmilegu athæfi.

En hjer kemur fram það, sem jeg áðan kallaði hugsunarglöp, og vil jeg *vona*, að jeg megi heimfæra það til *allra* flutningsmannanna — vona það þingsins, þjóðarinnar og sjálfra þeirra vegna.

Þeir hafa ekki sjeð, þeim hefur ekki skilizt í svip, að fyrirspurnin til ráðherrans felur í sjer svívirðilega aðdróttun til *hans*, þá aðdróttun, að hann sje maður, sem hugsanlegt, eða jafnvel líklegt, sje, að gæti hafa verið valdur að því, hvatamaður þess eða samþykkjandi, að einhverjum þingmönnum væri borið á brýn að hafa þegið mútur.

Þetta er ástæða til þess, að mjer virðist það brýn og ótvíræð skylda þingdeildarinnar að skilja við þessa ógeðslegu fyrirspurn með einhverri rökstuddri dagskrá.

Og jeg vona, já, jeg vildi mega vera viss um, að hinir virðulegu fyrirspyrjendur sjálfir, noti þann eina veg, sem þeim er vansalaus í þessu máli, þann, að sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu og greiði ekki atkvæði á móti henni, ef hún kemur fram.

Sigurður Stefánsson (þm. Ísfjk.): Það lítur út fyrir, að þessi fyrirspurn hafi snortið háttv. 4. kgk. þm. (J. Ól.) óþægilegar en hæstv. ráðh., því að hann (ráðh.) svaraði fyrirspurninni með kurteysi og stillingu, en það var ekki því að heilsa með háttv. 4. kgk. þm. Hæstv. ráðh. svaraði, eins og jeg raunar bjóst við, að hann ætti hvorki beinan eða óbeinan þátt í eða neina vitund um þá aðdróttun, sem stendur í 34. tbl. Reykjavíkur, og að því leyti var svar hans fullnægjandi; en jeg er samt ekki allskostar ánægður með svar hans að öðru leyti. Hæstv. ráðh. sagði, að hann hefði engin afskipti af þessu blaði, og að það væri honum óháð að öllu leyti. Það getur nú máske vel verið, að svo sje, en mjer finnst samt sem áður ástæða til að ætla, að þetta blað sje öðrum fremur blað stjórnarinnar, og styð jeg þessa skoðun mína við sögu þessa blaðs. Jeg ætla mjer nú ekki hjer að fara að rekja sögu þess, en að eins geta þess, að það er kunnugt, að hæstv. ráðh. og flokkur hans lagði mikið kapp á, að ná blaði þessu á sitt vald, og til þess gjörðist bæði hann sjálfur og flokksmenn hans hluthafar í þessu blaði, og sem hluthafi í blaðinu hefur ráðh. siðferðislega ábyrgð á því, sem stendur í því blaði, sem hann sjálfur er með í að gefa út. Hinsvegar er jeg sannfærður um, að ef þetta blað heldur áfram þessum upptekna hætti að ausa mótstöðumenn stjórnarinnar auri og bera lognar sakargiptir á þá, þá muni hæstv. ráðh. álíta sig neyddan til að lýsa því yfir, að hann sje alveg laus við »sannsöglinnar málgagn«, selja hluti sína í því og frábiðja sjer öll afskipti og öll mök við það og ábyrgðarmenn þess. Jeg þekki hann svo vel sem heiðvirðan mann, að jeg er viss um, að hann telur sig knúðan til að gjöra þetta fyr eða síðar.

Það var auðvitað skemmtilegt fyrir okkur, sem höfum komið með þessa

fyrirspurn, að heyra alla þessa romsu frá ritstjóra Reykjavíkur, en hvað hann sjálfan snertir, þá get jeg sagt honum, að oss stendur í raun og veru á sama, hvað hann segir um oss, og þegar jeg fyrst las þessa svívirðilegu aðdróttun í »málgagni sannsöglinnar«, þá datt mjer sannast að segja í hug máltækið: »Svo skal leiðan forsmá að ansa honum engu«, og annar maður sagði við mig um mútugrein þessa, það sem Jón gamli Þorláksson kvað forðum:

«Vondra last ei veldur smán,
en vondra lof er heiðurs rán«.

Háttv. 4. kgk. þm. (J. Ól.) vildi reyna að klóra yfir það, að þessi umrædda grein í »Reykjavík« væri aðdróttun um mútur; en hversu mikið sem hann reynir að klóra yfir það, og þótt hann með öllu móti reyni að fara í kring um það eins og kisa kring um heitan soðpott, þá getur hann ekki sannfært nokkurn mann um, að þetta, sem hjer ræðir um, sje ekki aðdróttun um mútur. Hann var að hafa ýmislegt eptir okkar flokks blöðum og gjöra mikið veður út af því, hvernig þau hefðu hagað sjer, og skal jeg ekki bera hönd fyrir höfuð þeim, það geta þau sjálf; en mjer er ekki kunnugt um, að neinn af okkar þingflokki hafi nein minnstu ráð yfir neinu af þeim blöðum, og þess vegna var sá kafli í ræðu háttv. þm. alveg óþarfur. Ef hann gæti sannað, að nokkur af okkar flokksmönnum væri hluthafi í nokkru af þeim blöðum, eða gefi þau út, eins og vitanlegt er um stjórnina að því, er kemur til blaðs hans, þá væri allt öðru máli að gegna; en úr því að hann ekki getur sannað það, þá er allt það, sem hann sagði, tómt ryk til þess, að slá í augu manna. Þetta veit háttv. þm. að er alveg satt.

Háttv. þm. var að telja upp ýmisleg ósæmileg orð, sem okkar flokks blöð hefðu við haft um hann; en úr því að hann fór að minnast á það, þá liggur ekki fjarri að minna hann á ýmisleg miður vel valin orð í hans eigin blaði, um blöð andstæðinga hans, svo sem: »Málgögn lyginnar«, o. s. frv. og svo til þess að kóróna þetta allt saman segist *hann* sjálfur vera óvinur lyginnar, hver trúir nú? Háttv. 4. kgk. þm. hefur opt tekið það fram og lýst því yfir áður, að blað hans sje ekki stjórnarblað; það kannast jeg fyllilega við; en því optar sem hann lýsir því yfir, og því fastar sem hann reynir að berja þetta inn í fólkið, því síður leggur nokkur lifandi maður trúnað á það. Þetta er álit þjóðarinnar á sannsögli blaðsins.

Jeg og minn flokkur erum ekki þeir fyrstu, sem þessi virðulegi blaðstjóri hefur ausið auri, heldur eru það, eins og kunnugt er, yfir höfuð beztu menn þjóðarinnar, bæði lífs og liðnir; fyrir hvað er »heiðarlegi lífsferillinn« hans kunnugastur?

Jeg skammast mín ekkert fyrir að hafa komið með þessa fyrirspurn, enda þótt bæði jeg og aðrir, sem skrifuðum nöfn okkar undir hana, hefðum helzt óskað að vera lausir við að þurfa að gjöra það; en sorglegt ástand er það í hverju landi, er jafn svívirðilegum sakargiptum er blandað inn í »pólitiskar« deilur, og það af þeim mönnum, sem næst standa stjórn landsins, þess vegna höfum við komið fram með þessa fyrirspurn að vjer vildum láta þjóðina sjá, að okkar flokkur vildi ekki láta slíkri ósvinnu ómótmælt. — Hvað blöð okkar flokks segja um andstæðinga sína, það er ekki á ábyrgð flokksins, en þótt blöðum þess flokks sje flett frá einu til annars, þá finnst ekki ein einasta lína í þeim eins ógeðsleg og þessi umrædda mútu-grein í 34. tölublaði Reykjavíkur.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Það er alls ekki rjett hermt af þm. Ísf., að nokkur »pólitiskur« flokkur hafi lagt undir sig blaðið »Reykjavík«; það eru andstæðingar stjórnarinnar, sem eiga mest í því; þannig hefur 1. þm. G.-K (B. Kr.) jafnt siðferðislega ábyrgð á því, sem í blaðinu stendur, eins og hver annar eigandi blaðsins.

Þar sem háttv. þm. Ísf. tók það fram, að engir af hans flokki væru hluthafar í blöðum þess flokks, þá skal jeg ekkert um það segja; jeg þekki það ekki; en ef háttv. þm. ekki sýnir mjer og sannar, að svo sje, þá trúi jeg því ekki. En máske hann vilji synja fyrir það með eiði? Þeir, sem muna eptir skýrslu hans, þá er »Þjóðvilja«-prentsmiðju þrotabúið vestra var gjört upp, vita, að háttv. þm. hefur æfingu í að vinna eið, eða gefa skýrslu undir eiðs-tilboð. Annars get jeg ekki fengið af mjer að svara illyrðum þm. til mín. Mjer þótti sómi að þeim, sem að hverju svívirðingarorði í minn garð, sem frá hans munni kemur.

Forseti bar því næst upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá, sem var borin fram af Birni M. Ólsen, Jóni Jakobssyni og Eiríki Briem: (A 186).

Með því að þingd., eptir að hafa heyrt svar ráðherrans, telur þessa fyrirspurn með öllu ástæðulausa, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni.

ATKVGR.: Hin rökstudda dagskrá samþ. með 8: 4 atkv.

B. Í Neðri deild.

Á 10. fundi Nd., fimmtudaginn 13. júlí, var lögð fram og útbýtt »fyrirspurn til ráðherrans út af aðdróttun í stjórnarblaðinu Reykjavík um mútur í hraðskeytamálinu« (A 74), flutningsmenn: Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Einar Þórðarson, Ólafur Briem og Stefán Stefánsson 2. þm. Skgf., og á 13. fundi deildarinnar, mánudaginn 17. júlí, var leyft með 22 samhlj. atkv., að fyrirspurnin mætti fá framgang.

Á 23. fundi Nd., föstudaginn 18. júlí, skyldi bera fyrirspurnina upp og svara henni.

Ólafur Ólafsson (2. þm. Árn.): Vjer, sem erum flutnm. að fyrirspurn þessari, höfum heyrt svar hæstv. ráðherra í Ed., þar sem hann lýsti yfir því, að aðdróttunin um mútur í blaðinu »Reykjavík« væri framkomin án hans vitundar og án hans vilja; og þar sem vjer ekki búumst við, að svarið verði á annan veg hjer en þar, þá lýsi jeg því yfir, að vjer að svo vöxnu máli tökum fyrirspurnina aptur.

V. Innanþingsmálefni.

A. Í Neðri deild.

1.

Prentun þingskjala og alþingistíðinda.

Á 6. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí, áður en tekið var til dagskrár, skýrði *forseti* frá því, að forsetar þingsins hefðu samið við Gutenbergsprentsmiðju um prentun þingskjalanna og alþingistíðindanna.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Er þetta gjört, að undangengnu undirboði?

Forseti: Nei.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Þá leyfi jeg mjer, að lýsa því yfir, að jeg álít þetta ekki rjetta aðferð. En hvernig líður nefndinni, sem sett var til að rannsaka kjörbrjefin úr Suður-Múlasýslu?

Forseti: Að vísu er þessi nefnd sett af sameinuðu þingi, og hefði þessi fyrirspurn því átt að koma fram þar, en af því jeg er formaður nefndarinnar, skal jeg svara háttv. þingmanni því, að nefndin starfar af alefli og hefur með höndum fjölda skjala, sem enn eru ólesin, og ekki hefur verið tími til að skoða. Þegar við erum búnir að skoða þessi skjöl, skal jeg lofa háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) því, að starfað verði af kappi, svo hann fái sem fyrst að vita álit nefndarinnar.

2.

Gjörðabókin.

a.

Þegar gjörðabók á 7. fundi Nd., laugardaginn 8. júlí, hafði verið lesin upp, og *forseti* hafði spurt um, hvort nokkur hefði nokkuð að athuga við það, sem bókað hefði verið, stóð upp

Ólafur Ólafsson (1. þm. Árn.) og mælti: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að í gjörðabókinni hafa ekki verið bókaðar tvær fyrirspurnir, er hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) lagði fyrir forseta í gær.

Forseti: Það voru að eins fyrirspurnir, er ekki snertu dagskrá fundarins.

Ólafur Ólafsson (1. þm. Árn.): Jeg álít, að það, sem á fundinum er gjört, eigi að koma í gjörðabók, hvort sem það stendur á dagskrá eða ekki. Til sönnunar því, vil jeg geta þess, að allt, sem forseti hefur deildinni að flytja, jafnvel birting óverulegrar breyt.till. og fleira er bókað, þótt það sje fyrir utan dagskrá, og því þá ekki líka svar forseta upp á fyrirspurnir?

Forseti: Er háttv. þm. ekki nóg, að það birtist í þingtíðindunum?

Ólafur Ólafsson (1. þm. Árn.): Jeg held hinu fram af því, að það er rjett og ætti að vera regla.

Forseti: Það er venja, að slíkt birtist í alþingistíðindunum, en ekki í gjörðabókinni. Jeg vil annars gefa þingmönnum kost á því, að láta í ljósi álit þeirra um málið.

Árni Jónsson (þm. N.-Þing.): Jeg er algjörlega sammála forseta. Það er venja, að fyrirspurnir, sem þessar, eru birtar í alþingistíðindunum, en gjörðabókin er að eins ágrip, þar sem slíkar fyrirspurnir eða umræður eiga ekki heima.

Forseti: Þá vil jeg láta greiða atkvæði um þetta mikilvæga (!) mál. Vil jeg biðja þá hv. þingmenn, sem vilja, að þetta sje ekki bókað, segja já, en hina nei.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Væri ekki rjettast, að bera þetta upp sem spurning til þingdeildarinnar: Á gjörðabókin að standa óbreytt?

Forseti: Sem vill; jeg vil þá biðja þá háttv. þm., sem vilja, að gjörðabókin sje óbreytt, að segja já, en hina nei.

ATKVGR.: Samþykkt með nafnakalli með 17 : 7 atkv., að gjörðabókin skyldi vera óbreytt, og sögðu

Já:	*Nei:*
Árni Jónsson,	Björn Kristjánsson,
Jón Magnússon,	Einar Þórðarson,
Björn Bjarnarson,	Magnús Andrjesson,
Eggert Pálsson,	Ólafur Briem,
Guðl. Guðmundss.,	Ólafur Ólafsson,
Guðm. Björnsson,	Skúli Thoroddsen,
Hannes Hafstein,	Stef. Stef. 2. þm. Skf.
Hannes Þorsteinss..	
Hermann Jónasson,	
Jóh. Ólafsson,	
Jón Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Kristjánss.,	
Ólafur Thorlacíus,	
Stef. Stef. 2. þm. Eyf.	
Tr. Gunnarsson,	
Þórh. Bjarnarson.	

Forseti: A atkvæðagreiðsla þessi að færast í gjörðabók? (Margir þingmenn: Já, sjálfsagt).

Jón Magnússon (þm. Vestm.): Jeg bað forseta um að bera upp þessa spurningu. Jeg álít, að þetta sje gjörð, og eigi því að færast inn í gjörðabók. Annars er mál þetta svo ómerkilegt, að naumast er vert, að vera að þrátta um það.

Stefán Stefánsson (2. þm. Skf.): Það er bezt að forseti ráði.

Var gjörðabókin síðan staðfest.

b.

Eptir að gjörðabók síðasta fundar var lesin upp á 9. fundi Nd., miðvikudaginn 12. júlí, gjörði

Stefán Stefánsson (2. þm. Skgf.): þá athugasemd, að þess ekki væri getið í gjörðabókinni, að forseti hefði á síðasta fundi neitað flutningsmanni breyt.till. minni hlutans við tollmálin um að taka til máls í 3. sinn, og áleit, að því ætti að bæta inn í gjörðabókina.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg álít, að skylt sje að geta í gjörðabókinni um allt, sem á fundi gjörist, og í þessu tilfelli er það engan veginn þýðingarlaust, að þess sje getið, að forseti hafi brugðið út af gamalli þingvenju, er hann neitaði þingmanni að taka til máls í þriðja skipti, þó að hann væri flutningsmaður breyt.till., þar sem þingsköpin hafa áður verið skilin á þann hátt, að flutningsm. hafi sama rjett til að taka til máls. sem framsögumaður.

Forseti: Jeg vil þá bera undir atkv. hinnar háttv. þingdeildar, hvort aths. um þetta eigi að bæta inn í gjörðabókina.

Þórhallur Bjarnarson (þm. Borgf.): Það hefur að vísu ekki svo sjaldan viðgengizt, að flutningsmanni hefur verið leyft að tala optar en tvisvar í sama máli, en það er undanþága, sem er á valdi forseta í hverju einstöku tilfelli.

Forseti: Flutn.m. nefndrar breyt.till. voru 3 og hefðu þá líklega allir átt að fá leyfi til að tala svo opt, sem þeir vildu, en það álít jeg alls ekki rjett.

Annars vil jeg nú bera þetta undir atkv. deildarinnar.

Skúli Thoroddsen (þm. N.-Ísf.): Jeg hef beðið mjer hljóðs, og þykist hafa rjett til þess að taka til máls samkv. þingsköpunum, áður en gengið er til atkv. (*Forseti*: Þetta mál er ekki á dagskrá).

Háttv. þm. Borgf. tók það fram, að hann teldi það eigi þingvenju, þó að það hefði stöku sinnum verið leyft, að flutn.m. tæki optar en tvisvar til máls við sömu umr.; en jeg er eigi á sama

máli, sem hann, í þessu efni. Annars er þetta atriði eigi umtalsefnið hjer, heldur hitt, að vjer krefjumst þess, að þessa úrskurðar forseta sje getið í gjörðabókinni og á því teljum vjer oss eiga fyllstu heimtingu.

Pjetur Jónsson (þm. S.-Þing.): Jeg álít úrskurð forseta með öllu rjettan, en þó mun jeg greiða atkv. með því, að þetta verði fært inn í gjörðabókina svo að þetta sjáist síðar meir.

Ráðherrann: Þó að frams.m. hafi rjett til að taka optar en tvisvar til máls, og sami rjettur sje látinn ná til flutningsmanna að frumv., get jeg engan veginn sjeð, að þar af leiði, að flutn.m. breyt.till. hafi sama rjett; það gæti orðið æði umsvifamikið, t. d. við fjárlagaumr., ef hver, sem breyt.till. hefur, gæti talað um hana eins opt og hann vill. Mjer finnst því rjett, að taka algjörlega fyrir slík afbrigði, og hefur rjettur háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) vissulega ekki verið fyrir borð borinn í þessu efni.

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Jeg vil leyfa mjer, að gjöra stutta aths. viðvíkjandi »praxis« fyrri ára. Það hefur allopt komið fyrir, að flutn.m. að breyt.till. hefur verið leyft að tala þrisvar og hefur forseti þá alloptast tekið það fram, að hann leyfði það með samþ. deildarinnar, ef enginn mælti á móti því.

Sje farið eptir ströngustu ákvæðum þingskapanna, mun það aðeins vera frams.m. nefnda og meiri hluta nefnda, sem hafa þetta málfrelsi.

ATKVGR. Samþ. með 13 atkv. að bæta þessu inn í gjörðabókina.

3.

Þingræðurnar.

a.

Áður en tekið var til dagskrár á 48. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, tók til máls

Guðlaugur Guðmundsson (þm. V.-Sk.): Má jeg utan dagskrár gjöra stutta athugasemd, viðvíkjandi ræðunum, sem ekki er búið að leggja fram. Jeg vildi skjóta því til hinnar háttv. deildar, hvort ekki mætti senda fundina heim í hjeruð til leiðrjettingar. Það er ófært að senda þá óleiðrjetta til prentunar. Það hefur komið fyrir áður. Mjer hefur verið sagt af einum háttv. þm., að ræða, haldin á móti öðrum þm., hafi verið skeytt aptan við hans ræðu. Slíkt getur komið fyrir. Að okkar háttv. skrifurum ólöstuðum, kemur einstöku sinnum fyrir talsverður misskilningur hjá þeim. En það er ekki nema eðlilegt, því flestir þeirra eru nýir og óvanir þessu starfi. Jeg vil ekki fara að ásaka þá fyrir það, þó að nokkra af síðustu fundunum vanti. Þeir hafa haft mjög annríkt, og það er varla von á því, að þeir gjöri meira en þeir hafa gjört. En jeg vildi, eins og jeg sagði, skjóta þessu til deildarinnar, því þingmenn eru á förum þá og þegar, og geta ekki leiðrjett ræður sínar áður en þeir fara.

Forseti: Jeg skal geta þess, að þeir fundir, sem ekki eru lagðir fram, liggja í skúffunum inni á lestrarsalnum og þar geta þingmenn gengið að þeim og leiðrjett ræður sínar. Hitt finnst mjer vera ógjörningur að fara að senda fundina út um allt land. Hvenær ætti þá að prenta þá? En það er heldur engin ástæða til þess, því eins og jeg sagði, geta þm. gengið að þeim í skúffunum þarna inni.

Jón Jónsson (þm. Sfjk.): Hvernig stendur á því, að fundirnir ekki eru lagðir fram fyrst þeir liggja tilbúnir í skúffunum?

Forsetinn: Já, þeir eru kannske

ekki alveg tilbúnir, það er eitthvað smávegis, sem vantar að karra; en það er víst ekki það, sem neitt gjörir til.

b.

Áður en tekið var til dagskrár á 49. fundi Nd., þriðjudaginn 19. ágúst, tók til máls

Björn Kristjánsson (1. þm. G.-K.): Út af umtali því, sem varð í gær um leiðrjetting á ræðum þingmanna, vil jeg geta þess, að jeg hef ekki enn haft tækifæri til að leiðrjetta eina ræðu, sem jeg hjelt við 1. umr. fjárlaganna, sökum þess, að fundurinn eða rjettara sagt nokkur hluti hans, hefur alltaf verið einhversstaðar út í bæ, þegar jeg hef ætlað að fá hann.

Forseti: Jeg skal reyna að sjá til þess, að háttv. þingmenn, sem eiga heima hjer í Reykjavík, fái að líta yfir ræður sínar eptir þinglok.

1.

Lenging þingtímans

á 46. fundi Nd., föstudaginn 25. ágúst.

Forseti: Af því að í dag er liðinn sá tími, sem alþingi er ætlað að standa samkvæmt 5. gr. stjórnarskrárinnar, en ýms stórmál, ýms stjórnarfrumv., þar á meðal sjálft fjárlagafrumv., eru óútkljáð, leyfi jeg mjer að leita leyfis hæstv. ráðh. til þess, að alþingi megi enn eiga setu nokkra daga.

Ráðherrann: Samkvæmt því valdi, sem mjer er veitt af Hans Hátign konunginum, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að þingið standi fyrst um sinn til þriðjudags 29. þ. m.

B. Í Efri deild.

Atkvæðagreiðsla.

Á 50. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, síðdegis, áður en tekið var til dagskrár, tók til máls

Forseti: Jeg heyri, að það hafa verið gjörðar athugasemdir af nokkrum háttv. þingdm., viðvíkjandi því, hvort greidd hafi verið 6 eða 7 atkvæði með þeirri rökstuddu dagskrá, er samþykkt var hjer á fundinum í dag, og vildi jeg þess vegna gjarnan fá yfirlýsingu háttv. 6. kgk. þm. (Þórarins Jónssonar) um það, hvort hann hefur greitt atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá eða ekki.

Jón Ólafsson (4. kgk. þm.): Við þingmannaskrifararnir, sem töldum atkv., gátum ekki betur sjeð. en að háttv. 6. kgk. þm. stæði upp og greiddi atkv. með hinni rökstuddu dagskrá.

Þórarinn Jónsson (6. kgk. þm.): Jeg leyfi mjer að vitna það undir alla þá háttv. þingdm., sem voru hjer inni í deildinni í dag þegar atkvæðagreiðsla um hina rökstuddu dagskrá fór fram, að jeg var þá ekki í sæti mínu, heldur var jeg að ganga til sætis míns, eins og jeg líka tók skýrt fram í dag, að jeg væri í sæti mínu er atkvæðin voru talin, og hef jeg þess vegna ekki greitt atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá. Að vísu var jeg ekki algjörlega á móti henni, en hins vegar gat jeg ekki alls kostar fellt mig við hana vegna ákvæðis, er mjer þótti vanta í hana, og þess vegna greiddi jeg ekki atkvæði með henni. Jeg vil þess vegna krefjast þess, að háttv. forseti láti stryka atkvæði mitt með hinni rökstuddu dagskrá út úr gjörðabókinni.

Björn M. Ólsen (3. kgk. þm.): Sannleikurinn er sá, að þegar atkvæðagreiðsla um hina rökstuddu dagskrá átti að fara fram, var háttv. 6. kgk. þm. á gangi í deildinni, og gekk svo til sætis síns; þar staðnæmdist hann standandi meðan atkvæði voru greidd, og settist niður, um leið og aðrir þingmenn, sem upp höfðu staðið fyrir tillögunni, en seinna heyrðist mjer hann segja, að

hann hefði setið meðan á atkvæðagreiðslunni stóð. Nú vissum við þingmannaskrifararnir ekki, hvort það var meiningin, að háttv. 6. kgk. þm. hefði setið fyrir tillöguúni eða hvað hann meinti með því. að hann hefði »setið«, en við töldum, eins og eðlilegt var, háttv. 6. kgk. þm. með þeim, sem stóðu og greiddu atkv. með hinni rökstuddu dagskrá.

Jóhannes Jóhannesson (1. þm. N.-Múl.): Jeg vil leyfa mjer að mótmæla því, að háttv. 4. kgk. þm. greiði atkv. hjer í deildinni fyrir aðra en sjálfan sig.

Forseti: Hjermeð lýsi jeg því yfir, að jeg breyti þeim 7 atkv. í gjörðabókinni, sem talin voru greidd með hinni rökstuddu dagskrá í 6, samkvæmt yfirlýsingu háttv. 6. kgk. þm.

Með því að ritari gjörðabókar (4. kgk. þm. J. Ó.) stóð fast á því, að hann hefði horft á þm. standa við sæti sitt, er atkvæði voru greidd, neitaði hann að undirskrifa gjörðabókina með þeirri breytingu, er á henni var gjörð, og ritaði því hinn þingritarinn (3. kgk. þm. B. M. Ó.) undir gjörðabókina.

2.

Lenging þingtímans.

Á 45. fundi Ed., fimmtudaginn 24. ágúst, gat *forseti* þess, að hinn lögboðni þingtími væri útrunninn næsta dag, og leitaði leyfis *ráðherrans* um framlenging þingtímans. Kvaðst *ráðherrann* þá samkvæmt valdi því, sem honum væri gefið af Hans Hátign konunginum, lengja þingsetutímann fyrst um sinn til þriðjudags 29. þ. m.

VI. Kosningar.

A.

Í Sameinuðu þingi.

1.

Á 4. fundi Sþ., föstudaginn 18. ágúst, var samkvæmt lögum 14. september 1877 kosin nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna.

Var í einu hljóði samþykkt að kjósa 5 manna nefnd, og í hana kosnir:
Ólafur Briem með 31 atkv.,
Guðjón Guðlaugsson með 22 atkv.,
Guðlaugur Guðmundss. með 22 atkv.,
Guttormur Vigfússon með 21 atkv.,
Magnús Stephensen með 20 atkv.

2.

Á sama fundi var lagt fram, reikningur og skýrsla um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« (A 418, 427), og síðan kosnir þrír menn til að meta rit til verðlauna af »Gjöf Jóns Sigurðssonar«.

Kosnir voru:
Eiríkur Briem með 22 atkv.,
Björn M. Ólsen með 21 atkv.,
Þórhallur Bjarnarson með 19 atkv.

3.

Á 5. fundi Sþ., þriðjudaginn 29. ágúst, var kosinn yfirskoðunarmaður við landsbankann.

Endurkosinn var:

Jón Jakobsson, með 22 atkv.
7 atkvæðaseðlar voru auðir.

4.

Á sama fundi var kosinn safnahússbyggingarnefnd.

Kosnir voru:

Tr. Gunnarsson með 24 atkv.
Guðm. Björnsson með 23 atkv.
Jón Jakobsson með 22 atkv.

B.

Í Efri deild.

1.

Á 44. fundi Ed., miðvikudaginn 23. ágúst, var kosinn 2. gæzlustjóri Landsbankans til 4 næstu ára.

Kosinn var:

Kristján assessor Jónsson með 10 samhlj. atkv.
3 seðlar voru auðir.

2.

Á sama fundi var kosinn annar gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins til næstu 4 ára.

Kosinn var:

Júlíus amtmaður Havsteen með 7 atkv.
Jón assessor Jensson fjekk 5 atkv.
1 seðill var auður.

3.

Á 50. fundi Ed., mánudaginn 28. ágúst, var kosinn annar endurskoðandi landsreikninganna 1904 og 1905.

Kosinn var:

Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand. með 7 atkv.
Jón assessor Jensson fjekk 5 atkv., Lárus Halldórsson 1 atkv.

C.

Í Neðri deild.

1.

Á 38. fundi Nd., mánudaginn 28. ágúst, var kosinn annar gæzlustjóri Söfnunarsjóðsins.

Kosinn var:

Magnús Stephensen 2. þm., Rangv. með 13 atkv.
Jón assessor Jensson fjekk 8 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

2.

Á sama fundi var kosinn endurskoðandi landsreikninganna 1904 og 1905.

Kosinn var:

Hannes Þorsteinsson 1. þm. Árn., með 12 atkv.
Kristján assessor Jónsson fjekk 9 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

VII. Þinglok.

Á 5. fundi Sþ., þriðjudaginn 29. ágúst, þegar dagskrá var lokið, gat forseti þess, að hann hefði fengið brjef frá hinum 4. kgk. þm., Jóni Ólafssyni, þar sem hann tilkynnti, að hann hafi lagt niður umboð sitt sem konungkjörinn þingmaður.

Utan dagskrár var samþ. fyrir luktum dyrum:

»að fela ráðherranum að færa Hans Hátign konunginum allra þegnsamlegastar þakkir alþingis fyrir kveðjuorð hans og heillaóskir við þingsetningu, og jafn framt að flytja konungi vorum

hinar lotningarfyllstu og hugheilustu heillaóskir frá hinni íslenzku þjóð, sem ávallt mun geyma í heiðri og blessun minning vors ástsælasta konungs, sem um síðasta mannsaldur hefur ógleymanlega tengt sitt lofsæla nafn við allar hinar helztu og þýðingarmestu umbætur á löggjöf og *stjórnarfari* Íslands«.

Var þá gjört fundarhlje, og fundur settur aptur kl. 5¼ síðdegis.

Eptir að gjörðabók fundarins hafði verið lesin upp og samþykkt og útbýtt hafði verið yfirliti yfir mál þau, er verið höfðu til meðferðar á þinginu, ávarpaði *forseti* þingið á þessa leið:

Þetta er hið fyrsta alþingi, sem haldið hefur verið síðan vjer fengum hina nýju stjórnarbót. Þing og þjóð hefur fengið meira sjálfsforræði og frjálslegra stjórnarfyrirkomulag, en vjer höfum haft um mörg hundruð ár. En því auðvelldara, sem vjer eigum með að ráða ráðum vorum, því meira ríður á því, að vjer notum þessi rjettindi vor á rjettan hátt. Þetta er í fyrsta skipti, sem vjer höfum haft ráðherra vorn mitt á meðal vor á þinginu. Frá þessu þingi hafa verið afgreidd mörg og þýðingarmikil mál; um þau hafa verið og geta verið skiptar skoðanir; sumir háttv. þm. hafa verið óánægðir með þau úrsslit, er þau hafa fengið, sumir ánægðir, en það hygg jeg, að allir geti verið á eitt sáttir um, að samvinna hins hæstv. ráðherra hafi verið hin bezta, og að hann hafi sýnt hina mestu ljúfmennsku og lipurð, sem honum er lagið.

Enn fremur geta allir verið sammála um það, að óska þess, að gjörðir þingsins megi verða þjóð vorri og fósturjörðu til gæfu og blessunar.

Frekara hef jeg ekki að segja og lýsi hjer með gjörðum þingsins lokið.

Ráðherrann: Með því að hinn lögboðni þingtími er liðinn, og ekki liggja þau störf fyrir, að ástæða sje til, að lengja þingtímann frekar, en gjört hefur verið, þá lýsi jeg því hjer með yfir, samkvæmt því umboði, sem Hans Hátign konungurinn hefur gefið mjer, að þessu alþingi er slitið.

Þá stóð upp 1. þm. Rvk. (Tr. G.) og mælti: »Lengi lifi konungur vor Kristján hinn Níundi«, og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Síðan var gengið af þingi.